Landsnefndin fyrri
1770–1771

Den islandske Landkommission
1770–1771

DEN ISLANDSKE LANDKOMMISSION 1770–1771

I

BREVE FRA ALMUEN

REDAKTØRER

Hrefna Róbertsdóttir
Jóhanna Þ. Guðmundsdóttir

ISLANDS
NATIONALARKIV

I samarbejde med
Rigsarkivet og Islands Historiske Forening

Reykjavík 2016

LANDSNEFNDIN FYRRI 1770–1771

I

BRÉF FRÁ ALMENNINGI

RITSTJÓRAR

Hrefna Róbertsdóttir
Jóhanna Þ. Guðmundsdóttir

ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS

Í samstarfi við
Ríkisskjalasafn Danmerkur og Sögufélag

Reykjavík 2016

LANDSNEFNDIN FYRRI 1770–1771 I

Bréf frá almenningi

DEN ISLANDSKE LANDKOMMISSION 1770–1771 I

Breve fra almuen

RITSTJÓRAR · REDAKTØRER
Hrefna Róbertsdóttir og Jóhanna Þ. Guðmundsdóttir

ÚTGEFENDUR · UDGIVERE
Þjóðskjalasafn Íslands · *Islands Nationalarkiv*
í samvinnu við · *i samarbejde med*
Sögufélag · *Islands Historiske forening*
Ríkisskjalasafn Danmerkur · *Rigsarkivet*
Reykjavík 2016

SAMRÁÐSNEFND · SAMARBEJDSUDVALG
Hrefna Róbertsdóttir: Þjóðskjalasafn Íslands · *Islands Nationalarkiv*
Helgi Skúli Kjartansson: Sögufélag · *Islands Historiske forening*
Steen Ousager: Ríkisskjalasafn Danmerkur · *Rigsarkivet*

UPPSKRIFTIR SKJALA · TRANSSKRIBERING
Jóhanna Þ. Guðmundsdóttir

RÁÐGJÖF UM FRÁGANG FRUMTEXTA · SPROGLIG VEJLEDNING
Christina Folke Ax, Jóhannes Bjarni Sigtryggsson, Leon Jespersen

SAMLESTUR SKJALA · SAMMENLIGNING TEKST OG KILDER
Hrefna Róbertsdóttir, Jóhanna Þ. Guðmundsdóttir

PRÓFARKALESTUR · KORREKTURLÆSNING
Christina Folke Ax, Hrefna Róbertsdóttir,
Jóhanna Þ. Guðmundsdóttir, Jóhannes Bjarni Sigtryggsson, Leon Jespersen

ÞÝÐINGAR ÚR ÍSLENSKU · OVERSÆTTELSER FRA ISLANDSK
Christina Folke Ax, Skjal ehf. — Pétur Rasmussen

SKÝRINGAR OG SKRÁR · FORKLARINGER OG REGISTER
Christina Folke Ax, Hrefna Róbertsdóttir,
Jóhanna Þ. Guðmundsdóttir

UMBROT · LAYOUT
Egill Baldursson ehf.

HÖNNUN KÁPU · OMSLAG
Kría hönnunarstofa — Eva Hrönn Guðnadóttir

KORT · KORT
Benedikt Jónsson, Björk Ingimundardóttir, Egill Baldursson

PRENTUN · TRYKNING
Ednasprint Slóveníu

© Þjóðskjalasafn Íslands, Hrefna Róbertsdóttir, Jóhanna Þ. Guðmundsdóttir

Ritröð · *Serien*: ISBN 978-9979-876-25-0
I. ISBN 978-9979-876-26-7

Formáli

Þrisvar sinnum á 18. öld fólu dönsk stjórnvöld rannsóknarnefndum að kanna málefni Íslands, í öll skiptin í kjölfar harðæra og erfiðra aðstæðna. Nefndirnar höfðu það verkefni að rannsaka aðstæður á Íslandi og safna upplýsingum sem gætu orðið grundvöllur úrbóta í samfélaginu. Fyrsta rannsóknarnefndin, *Jarðabókarnefndin*, starfaði á árunum 1702–1714. Á þeim árum samdi hún jarðabók sem var sú fyrsta sem tók til allra bújarða og afbýla. Árin 1702 til 1703 lét hún taka manntal sem náði til allra íbúa. Sú heimild var tekin á lista UNESCO yfir minni heimsins, *Memory of the World* Register, árið 2013.

Hinar tvær nefndirnar hafa á Íslandi verið kallaðar *Landsnefndin fyrri 1770–1771* og *Landsnefndin síðari 1785–1787*. Báðar skildu eftir sig umfangsmikil skjalasöfn og báðar höfðu mikið að segja um hvernig mál þróuðust hér á landi í lok 18. aldar. Hún vann einstakt verk með því að safna skipulega grunnupplýsingum um landshagi og samfélag á Íslandi. Skjöl Landsnefndarinnar eru um 4200 handskrifaðar síður sem að mestu eru á dönsku. Þar er að finna skjöl og vinnugögn nefndarinnar sjálfrar, auk bréfa og greinargerða sem Íslendingar sendu nefndinni. Það sem gerir þessar heimildir einstakar eru bréf frá almenningi sem varpa ljósi á þeirra sýn á samfélagið.Í stuttu máli sagt eru þessar heimildir einstæðar og mjög mikilvægar fyrir rannsóknir á íslenskri og danskri sögu.

Skjalasafn Landsnefndarinnar var afhent Þjóðskjalasafni Íslands með skjalaskiptum milli Íslands og Danmerkur árið 1928. Þá afhentu Danir Íslendingum mikið magn skjala, einkum úr rentukammeri og danska kansellíinu, er varða sögu Íslands. Þessi höfðinglega afhending hefur allar götur síðan verið grundvöllur að rannsóknum sagnfræðinga á sögu Íslands á fyrri öldum. Sögufélag gaf út hluta af Landsnefndarskjölunum í tveimur bindum á árunum 1958 og 1961.

Árið 2012 lagði Þjóðskjalasafn Íslands fram áætlun um að halda áfram með útgáfuna með það fyrir augum að gefa út allt skjalasafnið. Áætlunin fól í sér að skjöl, sem þegar höfðu verið gefin út, yrðu endurútgefin í hinu nýja verkefni og þannig yrði allt gefið út með sömu aðferðum og skjölin gerð aðgengileg almenningi og fræðimönnum í einu lagi. Í framhaldinu var einnig ákveðið að útgáfan yrði bæði gefin út á prenti og með rafrænum hætti á netinu.

Með hliðsjón af því hversu lengi hefur verið beðið eftir því að heildarútgáfa Landsnefndarskjalanna liti dagsins ljós var ákveðið að leita samstarfs við aðra.

Lá þá beint við að snúa sér til Sögufélags og til danska Ríkisskjalasafnsins. Báðir aðilar sýndu þegar mikinn áhuga á að taka þátt í verkefninu, og er Asbjørn Hellum, ríkisskjalaverði í Danmörku, og Guðna Th. Jóhannessyni, dósent í sagnfræði og fyrrverandi forseta Sögufélags, þökkuð góð og árangursrík samvinna. Verkaskipting var ákveðin snemma árs 2014 og samkvæmt henni tekur Þjóðskjalasafn Íslands aðalábyrgð á útgáfunni og leiðir verkefnið. Í kjölfarið var samstarfsnefnd þessara aðila stofnuð. Í henni situr Hrefna Róbertsdóttir verkefnisstjóri fyrir hönd Þjóðskjalasafns, Steen Ousager, einn framkvæmdastjóra Ríkisskjalasafnsins, og Helgi Skúli Kjartansson prófessor fyrir Sögufélag.

Verkefnið er fjármagnað af samstarfsaðilunum þremur, með stuðningi frá Rannís, Letterstedtska félaginu og Augustinusar-sjóðnum, þar sem hinn síðastnefndi er aðalstyrktaraðili. Sjóðunum er þakkað þeirra mikilvæga framlag. Án þess hefði verkefnið ekki orðið að veruleika. Með því að gefa skjalasafnið út í sex binda útgáfu á dönsku og íslensku, jafnframt því að undirbúa útgáfu skjalanna á netinu, verður efnið gert aðgengilegt á þeim tveimur tungumálum sem skjölin voru skrifuð á. Áætlanir gera ráð fyrir að verkefninu ljúki á árinu 2018.

Hrefna Róbertsdóttir, doktor í sagnfræði og sviðsstjóri á Þjóðskjalasafni Íslands, átti frumkvæðið að verkefninu. Hún vinnur að því ásamt Jóhönnu Þ. Guðmundsdóttur, MA í sagnfræði og skjalaverði á Þjóðskjalasafni Íslands. Saman ritstýra þær útgáfunni. Ráðgjafar við ritstjórn danska textans eru Christina Folke Ax, doktor í sagnfræði og safnvörður við Þjóðminjasafn Danmerkur, og Leon Jespersen lic.phil. í sagnfræði og fræðimaður við Ríkisskjalasafnið í Kaupmannahöfn. Ráðgjafi við frágang íslenska textans er Jóhannes Bjarni Sigtryggsson, doktor í málfræði við Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum í Reykjavík.

Samráðsnefnd, samstarfsfólki, ráðgjöfum, umbrotsmanni, prentsmiðju og öllum öðrum sem stutt hafa verkefnið á einn eða annan veg er þakkað fyrir vönduð vinnubrögð. Að lokum er ritstjórum þakkað sérstaklega fyrir þeirra góða starf sem einkennst hefur af traustum faglegum vinnubrögðum. Von mín er að prentútgáfan og hin rafræna útgáfa á skjölum Landsnefndarinnar fyrri 1770–1771 verði til gagns fyrir rannsóknir á Íslandi og í Danmörku og styrki samstarfið milli þessara tveggja landa.

Reykjavík, 1. desember 2015
Eiríkur G. Guðmundsson
þjóðskjalavörður

Forord

Tre gange i 1700-tallet nedsatte den danske administration kommissioner til at undersøge forholdene i Island, hver gang efter dårlige tider med vanskelige forhold. Kommissionerne havde til opgave at undersøge Islands tilstand og indsamle oplysninger, som kunne danne grundlag for forbedringer af samfundsforholdene. Den første kommission, *Jordebogkommissionen,* arbejdede i perioden 1702–1714. I disse år udarbejdede den en jordebog, hvor alle bondegårde, afbyggersteder og husmandssteder blev beskrevet for første gang. Den fik også i 1703 lavet en fuldstændig folketælling, som i 2013 kom på UNESCO's liste, Memory of the World Register.

De to andre kommissioner er i Island blevet kaldt *Den Første Landkommission 1770–1771* og *Den Sidste Landkommission 1785–1787*. Begge efterlod en del dokumenter, og begge havde betydelig indflydelse på udviklingen i Island. Førstnævnte kommissionen udførte et enestående arbejde og indsamlede systematisk vigtige og grundlæggende oplysninger om samfundsforholdende i Island. De er bevaret i kommissionens arkiv, som omfatter circa 4200 håndskrevne sider, mest på dansk, i form af arbejdspapirer samt breve og redegørelser, som islændinge sendte til kommissionen. Det, som gør disse kilder unikke, er breve fra almuefolk, som viser deres syn på samfundet. Kort sagt er disse kilder ret enestående og meget værdifulde for forskning i Islands og i Danmarks historie.

Dokumenterne blev afleveret til Islands Nationalarkiv ved udveksling af dokumenter mellem Island og Danmark i 1928. Denne generøse aflevering har dannet grundlag for en stor del af den forskning i Islands historie, som islandske historikere efterfølgende har udført. Islands Historiske Forening (*Sögufélag*) udgav dele af Landkommissionens dokumenter i to bind i 1958 og 1961. Men det var kun en lille del af kommissionens arkiv.

I 2012 lagde Islands Nationalarkiv planer om at videreføre denne kildeudgivelse med det formål at få hele Landkommissionens arkiv udgivet. Planerne rummede ideer om, at de allerede udgivne dokumenter skulle inddrages i det nye projekt og genudgives sammen med resten af kommissionens arkiv. På den måde ville alt kildematerialet blive udgivet efter de samme principper og dermed samlet stå til rådighed for de historisk interesserede borgere og forskningen. Det blev også efterfølgende besluttet, at udgivelsen både skulle publiceres i papirform og elektronisk på nettet.

Med tanke på, hvor længe man har ventet på at få Landkommissionens dokumenter udgivet, var det fornuftigt at samle kræfterne og finde samarbejdspartnere. Det var mest naturligt at henvende sig til Islands Historiske Forening og til Rigsarkivet i Danmark. Begge viste fra begyndelsen stor interesse i at deltage i projektet. Rigsarkivar Asbjørn Hellum og docent Guðni Th. Jóhannesson, forhenværende præsident for Islands Historiske Forening, takkes for et godt og effektivt samarbejde. Arbejdsfordelingen blev aftalt tidligt 2014, og ifølge den har Islands Nationalarkiv hovedansvaret for udgivelsen, lige som det leder projektet. En samarbejdsgruppe blev nedsat. I den sidder projektleder Hrefna Róbertsdóttir fra Nationalarkivet, vicedirektør Steen Ousager fra Rigsarkivet og professor Helgi Skúli Kjartansson på vegne af Islands Historiske Forening.

Projektet finansieres af samarbejdspartnerne sammen med The Icelandic Centre for Research (*Rannís*), Letterstedska föreningen og Augustinus Fonden, som har været hovedsponsor. Fondene takkes for deres bistand. Uden dem ville projektet ikke kunne gennemføres. Ved at publicere kommissionens materiale i en seksbinds udgave på dansk og islandsk samt en elektronisk udgave på nettet bliver materialet dermed udgivet på de to sprog, som det er skrevet på. Ifølge planerne færdiggøres projektet i 2018.

Initiativet til projektet tog Hrefna Róbertsdóttir, doktor i historie og arkivchef på Islands Nationalarkiv. Hun arbejder sammen med arkivar Jóhanna Þ. Guðmundsdóttir, MA i historie. Sammen har de ansvaret som redaktører. Rådgivere ved redigering af den danske tekst er Christina Folke Ax, PhD i historie og museumsinspektør ved Nationalmuseets enhed for Landbokultur og Søfart i Danmark, og Leon Jespersen, lic.phil. i historie og seniorforsker ved Rigsarkivet i København. Rådgiver ved redigering af den islandske tekst er Jóhannes Bjarni Sigtryggsson, PhD i grammatik ved Det Arnamagnæanske Institut for islandske studier i Reykjavík.

Samarbejdsudvalget, medarbejdere, rådgivere, grafiker, trykkeri og alle andre, som har støttet projektet på en eller anden måde, skal have stor tak for god og professionel indsats. Sidst men ikke mindst rettes en stor tak til redaktørerne for deres gode arbejde, der er kendetegnet ved stor faglighed. Mit håb er, at udgivelsen og den elektroniske tilgængeliggørelse af *Den islandske Landkommission 1770–1771* vil være til gavn for forskningen i Island og Danmark og styrke samarbejdet mellem de to lande.

Reykjavík, den 1. december 2015

Eiríkur G. Guðmundsson
nationalarkivar

Efnisyfirlit

Inngangur 21

Ritreglur 37

Skrá yfir skjalasafn Landsnefndarinnar fyrri 49

Landsnefndin fyrri og verkefni hennar 77

Skjalasafn Landsnefndarinnar fyrri, bréfritarar, búseta og þjóðfélagsstaða 117

Tilskipun um Landsnefnd á Íslandi 15. maí 1770 165

GULLBRINGUSÝSLA

Fyrrverandi handverksmenn við Innréttingarnar skýra frá bágindum sínum 7.1.1771. Lit. M. N° 1 171

Franz Illugason fyrrverandi vefari við Innréttingarnar lýsir aðstæðum sínum 10.1.1771. Lit. M. N° 2 174

Oddur Hjaltalín og Níels Jónsson, hreppstjórar og lögréttumenn, skrifa um úrræði til hagsbóta fyrir land og þjóð 30.3. 1771. Lit. NN 180

Fimm menn á Seltjarnarnesi skrifa um byggingu leigujarða, kjör húsmanna og fleira 30.3.1771. Lit. PP 193

Starfsmenn við Innréttingarnar fjalla um ásigkomulag vefsmiðjanna og kjör sín 2.5.1771. Lit. VV 208

Þórður Sighvatsson og Jóhann Níelsson bændur skrifa um hreppstjórn og tolla 11.5.1771. Lit. YY. N° 3 221

Hreppstjórar og bændur á Álftanesi kvarta yfir versluninni í Hafnarfirði 1.2.1771. Lit. CC 227

Hreppstjórar og bændur í Hafnahreppi skýra frá hag hreppsins 12.7.1771. Lit. Jj. N° 3[a] 245

Hreppstjórar og bændur í Grindavík skrifa um kjör sín 6.5. 1771. Lit. Cc. N° 2[a] 251

Hjábúðarmenn í Grindavík skrifa um kjör sín 10.5.1771. Lit. Cc. N° 2[b] 261

Vernharður Rafnsson og Hallvarður Jónsson, hjáleigubændur í Krýsuvík, kvarta yfir kjörum sínum 1.6.1771. Lit. Hh. N° 2[a] 264

Hjáleigumenn í Krýsuvík skrifa um kjör sín 1.6.1771. Lit. Hh. N° 2[b] 270

„Íslands vesalingar“ skrifa um rétt sinn og stöðu í þjóðfélaginu 12.2.1771. Lit. Ss. N° 1 274

KJÓSARSÝSLA

Hreppstjórar í Mosfellssveit skrifa um hag sveitarinnar 7.5.1771. Lit. XX. N° 5 285

Kotungar á Kjalarnesi kvarta undan skipsáróðri og leigukúgildum 25.6.1771. [Lit. Jj. N° 3b] 302

Hreppstjórar í Kjósarhreppi skrifa um hag sveitarinnar 15.5. 1771. Lit. Aa. N° 5 304

BORGARFJARÐARSÝSLA

Bændur og hjáleigumenn á Akranesi skrifa um mannslán 11.10.1770. Lit. L 315

Hans J. Klingenberg á Krossi á Akranesi skrifar um réttarfar 9.4.1771. Lit. XX. N° 3 318

Hreppstjórar á Akranesi skrifa um sveitarþyngsli 11.5.1771. Lit. XX. N° 4 321

HÚNAVATNSSÝSLA

Einar Magnússon, umboðsmaður Miðfjarðarjarða, ritar álitsgerð um viðreisn landsins [án dags. 1771]. Lit. AA. N° 1 . . . 327

Ólafur Jónsson og Bjarni Guðbrandsson, hreppstjórar í Miðfirði, rita greinargerð sem þeir nefna „Íslands skaði og viðrétting“ [án dags. 1771]. Lit. AA. N° 2 361

Hreppstjórar og bændur í Vatnsdal skrifa um dauð leigukúgildi og bág kjör sín 5.5.1771. Lit. Oo. N° 4 381

Óundirritað bréf úr Vatnsdal um kjör fátækra bænda 16.6. 1771. Lit. Oo. N° 2 386

Sveinbjörn Þorláksson, bóndi á Gilá í Vatnsdal, skrifar um dauð leigukúgildi og erfiðleika sína vegna þess 30.3.1771. Lit. Oo. N° 3 393

Sigurður Þorláksson, hreppstjóri á Gunnsteinsstöðum í Langadal, fjallar um viðreisn landsins 25.6.1771. [Lit. Oo. N° 6] . 397

Guðmundur Jónsson, hreppstjóri á Spákonufelli, skrifar um bág kjör sín 1.6.1771. Lit. Oo. N° 5[a] 402

Guðmundur Björnsson, hreppstjóri í Höfnum á Skaga, kvartar yfir skipsáróðri 13.6.1771. Lit. Oo. N° 5[b] 405

„Konungsundirsátar“ í Húnavatnssýslu skrifa um fjárpestina, dauð kúgildi og fleira 26.6.1771. Lit. Rr. N° 13 410

SKAGAFJARÐARSÝSLA

Hreppstjórar í Skefilsstaðahreppi skýra frá hag sveitarinnar 4.5.1771. Lit. Pp. N° 3 415

Hreppstjórar í Sauðárhreppi rita álitsgerð um viðreisn landsins 10.4.1771. Lit. ZZ. N° 8 419

Laust blað um gjaftolla sem liggur með álitsgerð hreppstjóra Sauðárhepps. 435

Hreppstjórar og bændur í Reynistaðarhreppi skrifa um fátækt sína 4.6.1771. Lit. Pp. N° 5 436

Hreppstjórar í Seyluhreppi skrifa um hag sveitarinnar 15.4. 1771. Lit. ZZ. N° 6 439

Hreppstjórar og bændur í Lýtingsstaðahreppi skrifa um verslun 23.5.1771. Lit. Pp. N° 6 450

Þorleifur Claus Brynjólfsson, hreppstjóri í Akrahreppi, ritar álitsgerð um viðreisn landsins 14.3.1771. Lit. ZZ. N° 9 456

Laust blað um laun hreppstjóra sem liggur með álitsgerð hreppstjóra Akrahrepps 471

Laust blað um gjaftolla sem liggur með álitsgerð hreppstjóra Akrahrepps 472

Jón Ólafsson, hreppstjóri í Réttarholti, skýrir frá högum sínum 23.4.1771. Lit. ZZ. N° 4 476

Illugi Jónsson, bóndi á Bjarnastöðum, skýrir frá högum sínum 20.4.1771. Lit. ZZ. N° 3 480
Hreppstjórar og bændur í Hegranesi skýra frá högum sínum 8.4.1771. Lit. Pp. N° 2 483
Hreppstjórar og bændur í Viðvíkursveit fjalla um kjör sín 8.4.1771. Lit. ZZ. N° 2 489
Óundirritað bréf af Höfðaströnd um hag íbúanna 17.5.1771. Lit. Pp. N° 4 498
Hreppstjórar og bændur í Sléttuhlíð fjalla um leiðir til viðreisnar hreppnum 26.3.1771. Lit. Pp. N° 7 505
Hreppstjórar og bændur í Fljótum skrifa um hag sveitarinnar 20.4.1771. Lit. Pp. N° 8 512

EYJAFJARÐARSÝSLA

Bjarni Jónsson og Eiríkur Hallgrímsson, hreppstjórar í Skriðuhreppi, senda tillögur til úrbóta 8.4.1771. Lit. ZZ. N° 5 . . . 523
Jón Jónsson, bóndi á Efstalandi í Öxnadal, skýrir frá hag alþýðu og fátækt [án dags.] 1771. Lit. ZZ. N° 7 527
Hreppstjórar í Saurbæjarhreppi skrifa um mál sveitarinnar og koma með tillögur til úrbóta 29.6.1771. Lit. Qq. N° 3 535
Fjórir bændur í Saurbæjarhreppi skrifa um kúgildaþunga, landskuldir og fleira 18.6.1771. Lit. Qq. N° 4 540

ÞINGEYJARSÝSLA

Hreppstjórar og bændur á Svalbarðsströnd skrifa um leiðir til að styrkja fátækan almúga 25.5.1771. Lit. Rr. N° 9 547
Hreppstjórar í Grýtubakkahreppi senda úrbótatillögur 21.6. 1771. Lit. Rr. N° 8 550
Hreppstjórar og bændur í Hálshreppi senda tillögur sínar 29.6.1771. Lit. Rr. N° 7 553
Sigurður Oddsson og Tómas Jónsson, hreppstjórar í Bárðardal, skrifa um hag bænda 28.6.1771. Lit. Rr. N° 12 557
Hreppstjórar og bændur í Reykjadalshreppi skrifa um fátækt landsins 28.5.1771. Lit. Rr. N° 1 559
Jón Jónsson og Guðmundur Guðmundsson bændur í Aðaldal

fjalla um leiðir til úrbóta fyrir land og þjóð 7.6.1771. Lit. Rr. N° 2 565

Hreppstjórar í Mývatnssveit senda viðreisnartillögur 20.6. 1771. Lit. Rr. N° 10 568

Hreppstjórar og bændur í Húsavíkurhreppi senda viðreisnartillögur 25.6.1771. Lit. Rr. N° 3 571

Páll Arngrímsson og Grímur Stefánsson, hreppstjórar í Keldu-neshreppi, skýra frá sveitarþyngslum 14.6.1771. Lit. Rr. N° 5 575

Hreppstjórar í Presthólaþingi fjalla um leiðir til viðreisnar sveitinni 12.6.1771. Lit. Rr. N° 11 578

Hreppstjórar í Svalbarðshreppi senda tillögur sínar 16.6. 1771. Lit. Rr. N° 6 580

Hreppstjórar í Sauðanesþingsókn senda úrbótatillögur 17.6. 1771. Lit. Rr. N° 4 582

RANGÁRVALLASÝSLA

Bjarni Högnason, bóndi á Tjörnum við Eyjafjöll, sendir tillögur til viðreisnar landinu 3.12.1770. Lit. T. N° 2 587

Hreppstjórar og bændur í Landeyjum skrifa um fjárpestina, miklar skuldir og fleira sem hrjáir þá 23.5.1771. Lit. Gg. N° 5 590

Hreppstjórar og bændur í Fljótshlíð skrifa um leigukúgildi, fjárpestina og fleira sem hrjáir þá 22.5.1771. Lit. Gg. N° 6 598

Fylgiskjal með bréfi lit. Gg. N° 6. — Byggingarbréf fyrir Þverá í Fljótshlíð 22.12.1769 604

Fylgiskjal með bréfi lit. Gg. N° 6. — Byggingarbréf fyrir Arngeirsstöðum í Fljótshlíð 16.10.1770 606

ÁRNESSÝSLA

Hreppstjórar og bændur á jörðum Gaulverjabæjar- og Skálholtskirkna skrifa um kjör sín 1.5.1771. Lit. ZZ. N° 11[a] . 613

Bændur og hjáleigumenn á jörðum Gaulverjabæjarkirkju skrifa um kjör sín 3.6.1771. Lit. ZZ. N° 11[b] 619

Hreppstjórar og bændur í Stokkseyrarhreppi skrifa um skuldir sínar og bág kjör 8.7.1771. Lit. Hh. N° 4 625

Laust blað um leigukúgildi sem fylgir bréfi Stokkseyringa 630

Hjáleigubændur Stóru-Háeyrar á Eyrarbakka skýra frá högum sínum 18.5.1771. Lit. Cc. N° 1 631

Hreppstjórar og bændur í Sandvíkurhreppi skrifa um bágindi sveitarinnar 25.5.1771. Lit. Dd 635

Hreppstjórar og bændur í Hraungerðishreppi kvarta yfir leigukúgildum og slæmum kjörum 29.5.1771. Lit. Hh. N° 3 640

Hreppstjórar og bændur í Villingaholtshreppi skrifa um hag sveitarinnar 17.6.1771. Lit. Hh. N° 5 644

Hreppstjórar og bændur á Skeiðum skrifa um fjársýkina og bág kjör sín 22.5.1771. Lit. Ee. N° 2[a] 648

Hreppstjórar og bændur í Grímsnesi skrifa um bágindi sveitarinnar 25.5.1771. Lit. Ee. N° 2[b] 652

Hreppstjórar og bændur í Biskupstungum og Hreppum skrifa um skemmdir á jörðum og jarðaafgjöld [án dags.] 1771. Lit. YY. N° 2 658

Hreppstjórar og bændur í Ölfushreppi skýra frá hvað helst hafi orðið þeim til skaða 13.5.1771. Lit. Ee. N° 1 662

Ásgeir Jónsson og Beinteinn Ingimundarson, lögréttumenn í Þorlákshöfn, skýra frá hvað jörðin sé af sér gengin 15.5.1771. Lit. Ee. N° 3 667

ÓSTAÐSETT BRÉF

„Íslands fátæklingar“ skýra frá kjörum sínum 16.4.1771. Lit. SS 675

Óundirritað bréf þar sem óskað er eftir afnámi ýmissa tolla og kvaða [án dags. 1771]. Lit. Ss. N° 2 683

SKRÁR

Heimildir 693

Skammstafanaskrá 696

Hugtök og orðskýringar 700

Efnisorð 710

Mannanafnaskrá 724

Staðanafnaskrá 752

Útgefendur og greinahöfundar 763

Indhold

Indledning 29

Skrive- og redigeringsregler 42

Register over Landkommissionens arkiv 49

Landkommissionen 1770–1771 og dens arbejde 96

Landkommissionens arkiv, brevskriverne, hjemsted og sociale status 140

Forordning om en Landkommission på Island 15. maj 1770 . . . 167

GULLBRINGUSYSSEL

Forhenværende håndværkere ved De Nye Indretninger beretter om deres trange kår 7.1.1771. Lit. M. N° 1 171

Franz Illugason forhenværende væver ved De Nye Indretninger beskriver sine forhold 10.1.1771. Lit. M. N° 2 174

Oddur Hjaltalín og Níels Jónsson, repstyrere og lovrettemænd kommer med forslag til forbedring af kår for land og folk 30.3.1771. Lit. NN 180

Fem mænd på Seltjarnarnes skriver om fæste på lejejorder, husmændenes kår med mere 30.3.1771. Lit. PP 193

Ansatte ved De Nye Indretninger behandler væveriernes tilstand og deres egne kår 2.5.1771. Lit. VV 208

Bønderne Þórður Sighvatsson og Jóhann Níelsson skriver om repstyrerhvervet og afgifter 11.5.1771. Lit. YY. N° 3 . . . 221

Repstyrere og bønder på Álftanes klager over handelen i Hafnarfjörður 1.2.1771. Lit. CC 227

Repstyrere og bønder i Hafnarep redegør for reppens tilstand 12.7.1771. Lit. Jj. N° 3[a] 245

Repstyrere og bønder i Grindavík skriver om deres kår 6.5. 1771. Lit. Cc. N° 2[a] 251

Opsiddere i Grindavík skriver om deres kår 10.5.1771. Lit. Cc. N° 2[b] 261

Vernharður Rafnsson og Hallvarður Jónsson, afbyggere på Krýsuvík, klager over deres kår 1.6.1771. Lit. Hh. N° 2[a] . . 264

Afbyggere på Krýsuvík skriver om deres kår 1.6.1771. Lit. Hh. N° 2[b] 270

"Islands stakler" skriver om deres rettigheder og stilling i samfundet 12.2.1771. Lit. Ss. N° 1 274

KJÓSARSYSSEL

Repstyrere i Mosfellssveit skriver om områdets tilstand 7.5. 1771. Lit. XX. N° 5 285

Bolsmænd på Kjalarnes klager over hoveri på båd og lejekogilder 25.6.1771. [Lit. Jj. N° 3b] 302

Repstyrere i Kjósarrep skriver om områdets tilstand 15.5. 1771. Lit. Aa. N° 5 304

BORGARFJARÐARSYSSEL

Bønder og afbyggere på Akranes skriver om hoveri på båd 11.10.1770. Lit. L 315

Hans J. Klingenberg på Kross på Akranes skriver om retsvæsenet 9.4.1771. Lit. XX. N° 3 318

Repstyrere på Akranes skriver om byrder fra fattigvæsenet 11.5.1771. Lit. XX. N° 4 321

HÚNAVATNSSYSSEL

Einar Magnússon, kongens ombudsmand for Miðfjarðarjarðir, skriver beretning om genrejsning af landet [uden dato 1771]. Lit. AA. N° 1 327

Ólafur Jónsson og Bjarni Guðbrandsson, repstyrere i Miðfjörður, skriver en redegørelse for det, de benævner "Islands skade og oprejsning" [uden dato. 1771]. Lit. AA. N° 2 361

Repstyrere og bønder i Vatnsdalur skriver om døde lejekogilder og deres egne ringe kår 5.5.1771. Lit. Oo. N° 4 . . . 381

Brev uden underskrift fra Vatnsdalur om fattige bønders vilkår 16.6.1771. Lit. Oo. N° 2 386

Sveinbjörn Þorláksson, bonde på Gilá i Vatnsdalur, skriver om døde lejekogilder og sine vanskeligheder af den grund 30.3.1771. Lit. Oo. N° 3 393

Sigurður Þorláksson, repstyrer på Gunnsteinsstaðir i Langidalur, skriver om landets genrejsning 25.6.1771. [Lit. Oo. N° 6] 397

Guðmundur Jónsson, repstyrer på Spákonufell, skriver om sine hårde kår 1.6.1771. Lit. Oo. N° 5[a] 402

Guðmundur Björnsson, repstyrer i Hafnir på Skagi, klager over hoveri på båd 13.6.1771. Lit. Oo. N° 5[b] 405

"Kongens undersåtter" i Húnavatnssyssel skriver om fårepesten, døde lejekogilder med mere 26.6.1771. Lit. Rr. N° 13 410

SKAGAFJARÐARSÝSLA

Repstyrere i Skefilsstaðarep beskriver egnens tilstand 4.5. 1771. Lit. Pp. N° 3 415

Repstyrere i Sauðárrep skriver en redegørelse om genrejsning af landet 10.4.1771. Lit. ZZ. N° 8 419

Løs side om gavetold, som ligger sammen med redegørelsen fra repstyrerne i Sauðárrep 435

Repstyrere og bønder i Reynistaðarrep skriver om deres fattigdom 4.6.1771. Lit. Pp. N° 5 436

Repstyrere i Seylurep skriver om områdets tilstand 15.4.1771 Lit. ZZ. N° 6 439

Repstyrere og bønder i Lýtingsstaðarep skriver om handelen 23.5.1771. Lit. Pp. N° 6 450

Þorleifur Claus Brynjólfsson, repstyrer i Akrarep, skriver et forslag om genrejsning af landet 14.3.1771. Lit. ZZ. N° 9 456

Løs side om repstyrernes løn, som ligger sammen med forslaget fra repstyrerne i Akrarep 471

Løs side om gavetold, som ligger sammen med forslaget fra repstyrerne i Akrarep 472

Jón Ólafsson, repstyrer i Réttarholt, beskriver sine forhold 23.4.1771. Lit. ZZ. N° 4 476

Illugi Jónsson, bonde på Bjarnastaðir, beskriver sine forhold 20.4.1771. Lit. ZZ. N° 3 480

Repstyrere og bønder på Hegranes beskriver deres forhold 8.4.1771. Lit. Pp. N° 2 483

Repstyrere og bønder i Viðvíkursveit redegør for deres forhold 8.4.1771. Lit. ZZ. N° 2 489

Brev uden underskrift fra Höfðastrand om beboernes forhold 17.5.1771. Lit. Pp. N° 4 498

Repstyrere og bønder i Sléttuhlíð drøfter muligheder for genrejsning af reppen 26.3.1771. Lit. Pp. N° 7 505

Repstyrere og bønder i Fljót skriver om egnenes tilstand 20.4. 1771. Lit. Pp. N° 8 512

EYJAFJARÐARSYSSEL

Bjarni Jónsson og Eiríkur Hallgrímsson, repstyrere i Skriðurep, sender forslag til forbedringer 8.4.1771. Lit. ZZ. N° 5 . . 523

Jón Jónsson, bonde på Efstaland i Öxnadalur, beretter om almuens tilstand og fattigdom [uden dato] 1771. Lit. ZZ. N° 7 527

Repstyrere i Saurbæjarrep skriver om områdets forhold og fremsætter forslag til udbedringer 29.6.1771. Lit. Qq. N° 3 535

Fire bønder i Saurbæjarrep skriver om byrder fra kogilder, landskyld og andet 18.6.1771. Lit. Qq. N° 4 540

ÞINGEYJARSYSSEL

Repstyrere og bønder på Svalbarðsstrand skriver om veje til at støtte den fattige almue 25.5.1771. Lit. Rr. N° 9 547

Repstyrere i Grýtubakkarep sender forslag til forbedringer 21.6.1771. Lit. Rr. N° 8 550

Repstyrere og bønder i Hálsrep sender forslag til forbedringer 29.6.1771. Lit. Rr. N° 7 553

Sigurður Oddsson og Tómas Jónsson, repstyrere i Bárðardalur, skriver om bøndernes kår 28.6.1771. Lit. Rr. N° 12 . 557

Repstyrere og bønder i Reykjadalsrep skriver om landets fattigdom 28.5.1771. Lit. Rr. N° 1 559

Jón Jónsson og Guðmundur Guðmundsson, bønder i Aðal-

dalur, beretter om veje til forbedringer for land og folk 7.6. 1771. Lit. Rr. N° 2 565

Repstyrere i Mývatnssveit sender genrejsningsforslag 20.6. 1771. Lit. Rr. N° 10 568

Repstyrere og bønder i Húsavíkurrep sender genrejsningsforslag 25.6.1771. Lit. Rr. N° 3 571

Páll Arngrímsson og Grímur Stefánsson, repstyrere i Keldunesrep, forklarer om byrder fra fattigvæsenet 14.6.1771. Lit. Rr. N° 5 575

Repstyrere i Presthólatingsogn beretter om veje til at genrejse området 12.6.1771. Lit. Rr. N° 11 578

Repstyrere i Svalbarðsrep sender forslag til forbedringer 16.6.1771. Lit. Rr. N° 6 580

Repstyrere i Sauðanestingsogn sender forslag til forbedringer 17.6.1771. Lit. Rr. N° 4 582

RANGÁRVALLASYSSEL

Bjarni Högnason, bonde på Tjarnir ved Eyjafjöll, sender forslag til genrejsning af landet 3.12.1770. Lit. T. N° 2 587

Repstyrere og bønder fra Landeyjar skriver om fårepesten, stor gæld og andet, der plager dem 23.5.1771. Lit. Gg. N° 5 590

Repstyrere og bønder fra Fljótshlíð skriver om lejekogilder, fårepesten og andet, som plager dem 22.5.1771. Lit. Gg. N° 6 598

Bilag med brev lit. Gg. N° 6. — Fæstebrev for Þverá i Fljótshlíð 22.12.1769 604

Bilag med brev lit. Gg. N° 6. — Fæstebrev for Arngeirsstaðir i Fljótshlíð 16.10.1770 606

ÁRNESSYSSEL

Repstyrere og bønder på jorderne under Gaulverjabæjarkirke og Skálholtskirke skriver om deres kår 1.5.1771. Lit. ZZ. N° 11[a] 613

Bønder og afbyggere på jorderne under Gaulverjabæjarkirke skriver om deres kår 3.6.1771. Lit. ZZ. N° 11[b] 619

Repstyrere og bønder i Stokkseyrarrep skriver om deres gæld og ringe kår 8.7.1771. Lit. Hh. N° 4 625

Løs side om lejekogilder som bilag til brevet fra indbyggerne i Stokkseyri 630

Afbyggere på jorden Stóra-Háeyri på Eyrarbakki beretter om deres forhold 18.5.1771. Lit. Cc. N° 1 631

Repstyrere og bønder i Sandvíkurrep skriver om områdets trange kår 25.5.1771. Lit. Dd 635

Repstyrere og bønder i Hraungerðisrep klager over lejekogilder og ringe kår 29.5.1771. Lit. Hh. N° 3 640

Repstyrere og bønder i Villingaholtsrep skriver om egnens tilstand 17.6.1771. Lit. Hh. N° 5 644

Repstyrere og bønder på Skeið skriver om fåresygen og deres trange kår 22.5.1771. Lit. Ee. N° 2[a] 648

Repstyrere og bønder i Grímsnes skriver om områdets trange kår 25.5.1771. Lit. Ee. N° 2[b] 652

Repstyrere og bønder i Biskupstungur og Hreppar skriver om ødelæggelser på jorderne og jordafgifter [uden dato] 1771. Lit. YY. N° 2 658

Repstyrere og bønder i Ölfusrep skriver om, hvad der især er kommet dem til skade 13.5.1771. Lit. Ee. N° 1 662

Ásgeir Jónsson og Beinteinn Ingimundarson, lovrettemænd i Þorlákshöfn, forklarer, hvordan jorden er forringet 15.5. 1771. Lit. Ee. N° 3 667

BREVE UDEN STEDANGIVELSE

"Islands fattige" fortæller om deres kår 16.4.1771. Lit. SS . . 675

Brev uden underskrift hvor man ønsker afskaffelse af forskellige afgifter og hoveri [uden dato 1771]. Lit. Ss. N° 2 683

REGISTER

Kilder 693

Register over forkortelser 696

Ord- og begrebsforklaringer 704

Emneord 717

Personregister 724

Stednavneregister 752

Udgivere og forfattere til artikler 763

Inngangur

Fyrir meira en hálfri öld hófst löng vegferð, vinna við að gefa út skjöl Landsnefndarinnar fyrri 1770–1771, þegar Bergsteinn Jónsson síðar prófessor í sagnfræði við Háskóla Íslands bjó bréf frá nefndinni og nokkurra embættismanna til útgáfu á vegum Sögufélags. Út komu tvö bindi, hið fyrra árið 1958 og síðara 1961. Undirbúningur hélt áfram að útgáfu bréfa embættismanna, en óráðið var þá hversu mikinn hluta safnsins ætti að gefa út. Nokkrar atlögur voru síðar gerðar á vegum félagsins að frekari uppskriftum, en því verki lauk ekki. Hér er hafist handa að nýju og stendur til að gefa út heildarsafn skjala Landsnefndarinnar fyrri 1770–1771, bréf og skýrslur frá almenningi, prestum, sýslumönnum, lögmönnum og öðrum embættismönnum veraldlegrar og andlegrar stéttar, auk allra gagna Landsnefndarinnar sjálfrar. Unnið hefur verið að undirbúningi þessa verks frá árinu 2012 og gefur Þjóðskjalasafn Íslands bréfin út í samstarfi við Ríkisskjalasafnið í Danmörku og Sögufélag. Bréf sem áður höfðu verið gefin út verða endurútgefin í heildarsafninu.

SÖGULEGT GILDI

Í skjalasafni Landsnefndarinnar fyrri eru í heild um 4200 handritaðar síður, bréf, skýrslur og álit. Embættismenn landsins fengu sértækar spurningar, sem óskað var svara við, um allar hliðar samfélagsins á Íslandi, svo sem um fólksfjölda, kirkjuna, heilbrigðismál, verslun, handverk, landbúnað, sjávarútveg, samgöngur og margt fleira. Að auki var almenningur hvattur til að senda nefndinni sína sýn á landsins gagn og nauðsynjar að ógleymdum eigin aðstæðum.[1] Skjöl Landsnefndarinnar varpa ljósi bæði á sögu Íslands og Danmerkur og gefa einstæða

[1] Sjá grein Jóhönnu Þ. Guðmundsdóttur hér í ritinu: „Landsnefndin fyrri og verkefni hennar“, s. 80–89.

innsýn í landshætti um 1770. Dönskum stjórnvöldum þótti brýn ástæða til að útvega ítarlegar upplýsingar frá fleirum en embættismönnum til að fá glögga mynd af ástandi landsins.[1]

Útgáfan á skjölum Landsnefndarinnar fyrri getur því orðið mikilvæg fyrir rannsóknir, bæði í dönsku og íslensku samhengi. Áður hafa aðeins um 15% safnsins verið gefin út. Með heildarútgáfu skjalanna verður varpað ljósi á sýn allra bréfritara sem sendu skoðanir sínar til nefndarinnar, en ekki síður á starf Landsnefndarinnar sjálfrar. Hér eru birtar fundargerðir nefndarinnar, skýrslur, bréf og tillögur að reglugerðum og lögum, að ógleymdum öllum vinnugögnum hennar. Þessi skjöl varpa áhugaverðu ljósi á stjórnsýslu einveldisins í lok 18. aldar og á stöðu Íslands innan konungsríkisins.

Margt af því sem Landsnefndin fjallaði um er áhugavert, en það mikilvægasta er þó kannski að í skjölunum er að finna upplýsingar og dæmi víða að af landinu sem dýpka myndina af tímabilinu og aðstæðum í konungsríkinu. Á síðustu árum hafa fræðimenn líka beint sjónum sínum að fyrirbærum sem varpa ljósi á yfirþjóðleg tengsl milli svæða og landa, innan nýlenduríkja þessa tíma. Í þessu samhengi eru vinnugögn Landsnefndarinnar mikilvæg, bæði fyrir Danmörku og Ísland. Heimildirnar sýna ekki aðeins þversnið af ástandinu á Íslandi, heldur líka af því hvernig stjórnvöld í Danmörku reyndu að stýra sínu samsetta og víðfeðma ríki úr fjarlægð. Bréfin eru auk þess áhugaverðar heimildir fyrir málfræðinga, bæði vegna þess að þau gefa innsýn inn í tungumál almennings og embættismanna á fyrri tíð, og hvernig þeir Íslendingar sem þýddu eða skrifuðu á dönsku fóru að því að túlka eigin samtíma yfir á tungumál stjórnsýslunnar.

Þessar heimildir eru einstæðar í alþjóðlegu samhengi, þar sem ákveðið þversnið af íbúunum, þar með talinn almenningur, fékk tækifæri til að skýra út sínar eigin aðstæður og hvernig þeir vildu að hlutirnir breyttust. Alls skrifaði 631 maður undir bréf með nafni sínu, sem er um eitt og hálft prósent landsmanna á þessum tíma. Af þeim voru meira en 400 úr hópi almennings, þó svo að oft hafi margir skrifað saman undir bréf. Að auki bárust bréf frá flestöllum veraldlegum og kirkjulegum embættismönnum. Konur voru þó engar á meðal bréfrit-

[1] Harald Gustafsson, *Mellan kung och allmoge — ämbetsmän, beslutsprocess och inflytande på 1700-talets Island*. Acta Universitatis Stockholmiensis, Stockholm Studies in History 33. Stockholm 1985, s. 108–114.

ara.[1] Heildarfjöldi bréfa og skýrslna er 183. Auk þessara bréfa eru ítarleg gögn frá Landsnefndinni sjálfri sem hún vann, skýrslur sem fóru til konungs, og álit sem í sumum tilfellum leiddu til nýrra reglugerða og laga. Að lokum stóð nefndin að því að samin yrði ný landsaga- eða lögreglutilskipun fyrir Ísland og leitaði eftir áliti embættismanna á henni, sem og á hugmyndum um möguleikann á að aflétta einokun á Íslandi og taka upp frjálsa verslun út frá hugmyndum landfógetans þar um.

ÚTGÁFUSAGA OG GRUNNHUGMYND

Hugmyndin að baki þessari útgáfu er að allt skjalasafnið verði gert aðgengilegt, bæði innsend gögn til Landsnefndarinnar sem og það efni sem nefndin sjálf vann, formlegar greinargerðir og vinnugögn. Þegar útgefin skjöl verða endurútgefin í þessari útgáfu verða þau lesin saman að nýju við frumskjölin. Bækurnar verða sex talsins, auk vefbirtingar ljósmynda af frumskjölunum og uppskrifta þeirra.

Í fyrsta bindi eru bréf frá almenningi og í því næsta verða bréf presta og prófasta. Þriðja og fjórða bindið innihalda bréf sýslumanna, lögmanna, landlæknis og fleiri embættismanna auk veraldlegra og kirkjulegra háembættismanna. Í fimmta bindi verða formleg bréf, fundargerðir og skýrslur Landsnefndarinnar sjálfrar. Þessar uppskriftir liggja allar fyrir í frumuppskriftum. Sjötta bindið tengist einnig Landsnefndinni, en þar verða vinnugögn hennar, útdrættir og uppköst birt, en vinna við þau er ekki hafin. Fræðsluvefur með sögulegum upplýsingum um nefndina og sögulegt samhengi hennar verður búinn til, bæði á íslensku og á dönsku.

Fyrstu skjölin úr safni Landsnefndarinnar fyrri sem komu á prent birtust undir lok fimmta áratugar 20. aldar. Það var annars vegar greinargerð séra Þorsteins Péturssonar á Staðarbakka í Húnavatnssýslu sem birtist í sjálfsævisögu hans sem kom út árið 1947.[2] Hins vegar var það bréf sem undirritað var af Íslands fátæklingum og Þorkell Jóhannesson prófessor birti í *Andvara* árið 1948.[3] Sögufélagið hóf skipulega

[1] Sjá nánar grein Jóhönnu Þ. Guðmundsdóttur hér aftar: „Skjalasafn Landsnefndarinnar fyrri, bréfritarar, búseta og þjóðfélagsstaða“, s. 125–133.

[2] Þorsteinn Pétursson, *Sjálfsævisaga síra Þorsteins Péturssonar á Staðarbakka*. Haraldur Sigurðsson bjó til prentunar. Reykjavík 1947, s. 351–357.

[3] „Verkalýðsmál á Íslandi á ofanverðri 18. öld.“ Þorkell Jóhannesson bjó til pr. *Andvari. Tímarit Hins íslenzka Þjóðvinafélags*. 73 (1948), s. 87–91.

vinnu á sjötta áratugnum við uppskriftir og útgáfu á formlegum bréfum frá nefndinni ásamt skrifum háembættismanna og nokkurra sýslumanna. Bergsteinn Jónsson sá um þá útgáfu, en þegar Sögufélag tók upp þráðinn á níunda og tíunda áratugnum komu Árni Böðvarsson, Már Jónsson og Helgi Skúli Kjartansson að verkinu. Lá þá orðið fyrir annað eins af efni í frumuppskriftum eins og gefið hafði verið út áður. Í tengslum við þessa útgáfu hefur Sögufélag lagt sínar uppskriftir til verksins til frekari úrvinnslu. Vísindasjóður Íslands studdi Sögufélag við þessa vinnu á sínum tíma.[1]

Á árunum 2012–2014 fór verkefni tengt Landsnefndarskjölunum af stað að nýju í tengslum við rannsóknarverkefni Hrefnu Róbertsdóttur um þéttbýlishverfi og byggðamenningu á Íslandi á árnýöld. Það verkefni var bæði styrkt af Þjóðskjalasafni Íslands og Rannís.[2] Því tengt var að búa hluta af skjölum Landsnefndarinnar til prentunar. Kom Jóhanna Þ. Guðmundsdóttir þá til liðs við verkefnið og skrifaði á þeim þremur árum upp um helming skjalasafnsins eða ríflega 2000 síður af skjölum.

Þessar uppskriftir síðustu ára auk uppskrifta af skjölum frá Sögufélaginu eru stór hluti þess sem gefið verður út, og fyllir fimm af sex áætluðum bindum. Meginhluti frumskjalanna er á dönsku, eða um 85% safnsins. Flest bréfin sem bárust nefndinni voru skrifuð á dönsku, auk þess sem öll gögn nefndarinnar eru á dönsku. Þetta á þó ekki við um bréf frá almenningi og prestum. Flestir úr þeim hópi skrifuðu á íslensku. Meira en helmingur þeirra bréfa voru þýdd jafnóðum yfir á dönsku á vegum Landsnefndarinnar og liggja því fyrir í frumriti í tveimur útgáfum. Bréfin sem eingöngu voru til á íslensku, hafa nú verið þýdd fyrir þessa útgáfu yfir á nútímadönsku. Með þessu verður heildarskjalasafnið allt aðgengilegt á dönsku.

Titilsíður, inngangar, fræðilegar greinar, orðskýringar og skrár, verða einnig birt á dönsku og íslensku. Bréf á íslensku koma eingöngu

[1] Hrefna Róbertsdóttir, „Amtmaður og Íslands fátæklingar. Samfélagssýn í skjalasöfnum Landsnefndarinnar fyrri 1770–1771 og síðari 1785–1787“. *4. íslenska söguþingið 7.–10. júní 2012*. Reykjavík 2013. s. 9–12. *Vef*. http://hdl.handle.net/1946/15279

[2] Sjá upplýsingar um verkefnið á vef Ranníss: *Þéttbýlishverfi og byggðamenning á Íslandi á árnýöld*. Nr. 120679041 2012–2014. http://rannis.rhi.hi.is/AllocatedFunds/meirasida.php?a=rsj&b=120679041

fyrir í fyrstu tveimur bindunum, sem innihalda bréf frá almenningi og prestum, en öll skjöl frá embættismönnum og Landsnefndinni sjálfri, sem birt verða í seinni fjórum bindunum, eru eingöngu á dönsku. Ákveðið var að kalla nefndina sjálfa *den islandske Landkommission 1770–1771* á dönsku, til aðgreiningar frá öðrum nefndum í danska ríkinu á þessum tíma.[1] Myndir af skjölum úr safninu verða birtar í hverju bindi til að lesendur fái tilfinningu fyrir frumskjölunum. Vonandi eiga þessar heimildir eftir að stuðla enn frekar að auknum rannsóknum á tímabilinu og varpa nýju ljósi á 18. öldina.

BRÉF ALMENNINGS Í FYRSTA BINDI

Í fyrsta bindi útgáfunnar, sem hér kemur fyrir sjónir manna, eru birt bréf til Landsnefndarinnar frá almenningi. Í efnisyfirliti, sem bæði er á dönsku og íslensku, er að finna lista yfir öll bréfin. Þau eru samtals 74 talsins. Bréfunum er raðað í landfræðilega röð og er skipt í kafla eftir sýslum. Mörg bréfanna eiga sér töluverða efnislega samsvörun eftir landsvæðum. Það þótti því heppilegra að raða þeim svo, fremur en í tímaröð eða eftir auðkennisnúmeri í skjalaskrá Landsnefndarinnar. Byrjað er í Gullbringusýslu þar sem nefndarmenn höfðu aðsetur og haldið vestur og norður um land, síðan austur og suður fyrir og endað í Árnessýslu. Engin bréf bárust frá almenningi á Vestfjörðum né Austurlandi. Í lokin koma tvö bréf sem ekki hefur tekist að staðsetja með vissu. Innan hverrar sýslu er bréfunum raðað landfræðilega eins og framast var kostur. Kort af hverri sýslu eru birt við upphaf bréfa úr hverri sýslu um sig. Þar eru merktir inn hreppar og hreppamörk eins og þau voru í upphafi 18. aldar og er þar byggt á athugunum Bjarkar Ingimundardóttur sagnfræðings. Benedikt Jónsson útbjó grunnkortin eftir markalínum Bjarkar og Egill Baldursson hannaði útlit þeirra í bókinni.

Hvert bréf fær sína eigin kaflafyrirsögn, bæði á íslensku og dönsku, sem er lýsandi fyrir efni bréfsins og stöðu bréfritara. Dagsetning bréfs kemur fram í fyrirsögn ásamt svonefndu litranúmeri. Númeraraðirnar eru þrenns konar: Lit. A–Z, lit. AA–ZZ og lit. Aa–Zz, og lýsir innra

[1] Ákveðið var að skrifa heiti hennar á dönsku án *s*, en það er algengara form orðsins en með *s*, þ.e. Landkommissionen en ekki Landskommissionen.

skipulagi safnsins hjá nefndinni. Á eftir fyrirsögn eru tilgreindar ýmsar upplýsingar um viðkomandi bréf: núverandi skjalaskrárnúmer og vörslustaður, hvort innsigli sé að finna á bréfinu, og hvort komudagsetning sé skráð. Þar sem hana vantaði var fundargerðabók nefndarinnar fylgt, en öll innkomin bréf voru bókfærð í hana. Einnig eru tilgreindar allar áritanir á bréfunum sjálfum, þ.e. utanáskriftir og ýmsar merkingar sem skráðar hafa verið aftan á þau eða á spássíu. Hér er þess einnig getið ef bréf hafa birst áður. Christina Folke Ax þýddi þetta efni allt yfir á dönsku.

Þá kemur uppskrift bréfanna sjálfra og er sá háttur hafður á að fyrst er íslensk gerð þess birt og í framhaldi af henni danska þýðingin. Öll bréfin eru á íslensku fyrir utan eitt sem eingöngu er á dönsku en það er frá Hans J. Klingenberg, dönskum manni sem bjó hér á landi. Þegar danskar þýðingar lágu fyrir í skjalasafninu eru þær birtar hér. Ritari nefndarinnar, Eyjólfur Jónsson, þýddi bréfin þegar þau bárust nefndinni framan af veru nefndarinnar í landinu. Þau bréf sem bárust síðast, sumarið 1771, hefur ekki unnist tími til að þýða á sínum tíma. Þau voru þýdd nú í tengslum við útgáfuna yfir á nútímadönsku. Pétur Rasmussen skjalaþýðandi tók það verk að sér auk þess að þýða inngangsgreinarnar.

Jóhanna Þ. Guðmundsdóttir skrifaði upp öll bréfin sem birt eru í þessu bindi eftir frumskjölum og las fyrstu gerð saman við frumrit. Hrefna Róbertsdóttir samlas að því loknu öll bréfin við frumrit. Christina Folke Ax og Leon Jespersen lásu því næst danska hluta textans yfir með hliðsjón af frágangi og samræmingu og lásu eina próförk. Jóhannes Bjarni Sigtryggsson las íslenska hluta textans á sama hátt. Um margt var hliðsjón höfð af ritreglum yfirréttardóma Alþingis 1690–1710.[1] Nánar er gerð grein fyrir frágangi textans í sérstökum ritreglum sem birtar eru hér aftar í ritinu.[2] Jóhannes Bjarni Sigtryggsson var sérlegur ráðgjafi við mótun íslensku ritreglnanna og dönsku reglurnar voru unnar í samstarfi við Christina Folke Ax og Leon Jespersen. Sumar samræmingarreglur eiga aðeins við um annað tungumálið, en aðrar bæði við íslenska og danska textann. Christina Folke Ax og Jóhannes Bjarni Sigtryggsson lásu próförk að orðskiptingum á dönsku og íslensku. Hrefna Róbertsdóttir las aðrar prófarkir að bókinni.

[1] *Yfirrétturinn á Íslandi. Dómar og skjöl. I 1690–1710.* Björk Ingimundardóttir og Gísli Baldur Róbertsson sáu um útgáfuna. Reykjavík 2011, s. 19–25.

[2] Sjá ritreglur hér í bókinni, „Ritreglur“, s. 37–41.

Samhliða uppskrift skjalanna var safnið endurskráð og því umpakkað í sýrulausar umbúðir. Það var einnig allt myndað fyrir birtingu á vef. Jóhanna Þ. Guðmundsdóttir útbjó heildarskrá yfir safnið í tengslum við þessa vinnu þar sem fram koma ýmsar upplýsingar um skjölin; uppruna þeirra, skjalamörk, tungumál, stöðu bréfritara og fleira. Tafla þessi birtist framan við bréfin og er lykill að öllu skjalasafninu sem birt verður í öllum sex bindunum.[1]

Orðskýringar eru aftast í ritinu sem tengjast helstu þáttum sem fyrir koma í félagskerfi, búskaparháttum og landaurakerfi 18. aldar. Neðanmáls eru einnig stundum ákveðnar orðskýringar. Helstu fyrirbæri eru skýrð í fyrsta skipti sem þau koma fyrir og jafnframt í orðskýringarlista, en sjaldgæfari atriði eru eingöngu skýrð neðanmáls. Oft tengjast þau orðmyndum sem eru torskiljanlegar, bæði í íslenska og danska textanum. Danski frumtextinn er í flestum tilvikum skrifaður af Íslendingum, og oft koma þar fyrir orð með íslenskum uppruna sem eru jafnvel ekki til í dönsku máli, nema þá í þessari mállýsku hennar sem Íslendingar 18. aldar töluðu. Sama má segja um íslenska textann. Í honum koma fyrir hugtök af dönskum uppruna, sem ekki eru kunnugleg nútímalesendum. Christina Folke Ax skrifaði skýringar við danska textann og Jóhanna Þ. Guðmundsdóttir flestar íslensku skýringanna. Hrefna Róbertsdóttir tók þátt í þeirri vinnu, sem og ritstjórn þeirra. Helgi Skúli Kjartansson, Björk Ingimundardóttir og Leon Jespersen fóru gagnrýnum augum yfir skýringarnar, bættu við og komu með gagnlegar ábendingar. Áslaug Sverrisdóttir aðstoðaði við hugtakaskýringar tengdar ullarvinnu og vefnaði.

Skammstafanaskrá varð til samhliða uppskriftum textans og nutu ritstjórar aðstoðar Bjarkar Ingimundardóttur við frágang þeirra. Nokkrar skrár eru birtar í lok bókarinnar, sem Jóhanna Þ. Guðmundsdóttir tók saman. Þar er fyrst til að nefna almenna heimildaskrá, þar sem heimilda er getið sem almennt voru nýttar í tengslum við uppskriftir og frágang texta. Að öðru leyti eru fullar heimildavísanir neðanmáls eftir því sem við á. Efnisorðaskrá, mannanafnaskrá og staðarnafnaskrá nær bæði til bréfa, greina og skjalaskrár. Fræðilegar greinar verða birtar í hverju bindi útgáfunnar, einnig tvímála. Í þessu fyrsta bindi eru tvær greinar eftir Jóhönnu Þ. Guðmundsdóttur þar

[1] Sjá hér aftar í ritinu: „Skrá yfir skjalasafn Landsnefndarinnar fyrri“, s. 49–75.

sem hún annars vegar fjallar um skjalasafnið sem slíkt og hins vegar um störf Landsnefndarinnar sjálfrar, erindisbréf, starfshætti og ferðir um landið. Í síðari bindum verksins verða einnig birtar fræðilegar greinar þar sem tekið verður á ákveðnum þáttum, bæði í dönsku og íslensku samhengi, bæði um efni sem tengist innihaldi bréfanna sem og tungumálinu. Umbrot bókarinnar var í höndum Egils Baldurssonar og Eva Hrönn Guðnadóttir hannaði kápu. Mynd eftir einn nefndarmann Landsnefndarinnar, Þorkel Fjeldsted, prýðir kápuna, en hann gerði nokkrar vatnslitamyndir á ferðum sínum um landið.

Styrktaraðilum, og þá sérstaklega Augustinusarsjóðnum og Rannís, samstarfsmönnum í samráðsnefnd um útgáfuna, Steen Ousager og Helga Skúla Kjartanssyni og málfarsráðunautum og samstarfsmönnum beggja vegna Atlantsála, Christina Folke Ax, Leon Jespersen, Jóhannesi Bjarna Sigtryggssyni og Pétri Rasmussen er þakkað gott samstarf. Egill Baldursson og Eva Hrönn Guðnadóttir eiga þakkir skildar, auk starfsmanna Þjóðskjalasafns sem hafa stutt við bakið á ritstjórum með rökræðum og yfirlestri og er þeim öllum hér með þakkað. Meðal þeirra má nefna Benedikt Jónsson, Björk Ingimundardóttur, Brynju Björk Birgisdóttur, Gunnar Örn Hannesson, Gísla Baldur Róbertsson, Jón Torfason og Steinunni Steinþórsdóttur. Sérstakar þakkir fær Christina Folke Ax sem hefur tekið virkan þátt í mótun útgáfunnar og fylgst með framgangi hennar frá árinu 2012. Fyrri forsetar Sögufélags, Loftur Guttormsson, Anna Agnarsdóttir og Guðni Th. Jóhannesson, hafa sýnt verkefninu áhuga síðan farið var að vekja máls á því aftur í byrjun aldarinnar. Þau hafa ásamt ríkisskjalaverði Danmerkur, Asbjørn Hellum, lagt sín lóð á vogarskálarnar til að verkefnið yrði að veruleika. Við undirbúning og vinnslu þessa verks hefur Eiríkur G. Guðmundsson þjóðskjalavörður stutt dyggilega við það, tekið þátt í að vinna að fjármögnun verksins og hvatt ritstjóra til dáða. Kunnum við honum og öllum sem lagt hafa hönd á plóg miklar þakkir fyrir.

Ritstjórar

Indledning

For mere end et halvt århundrede siden begyndte en lang rejse; arbejdet med at udgive dokumenterne fra Landkommissionen 1770–1771, da senere professor i historie ved Islands Universitet, Bergsteinn Jónsson, for Islands Historiske Forening (*Sögufélag*) sørgede for udgivelsen af breve fra kommissionen og nogle embedsmænd. Der udkom to bind, det første i 1958 og det andet i 1961. Arbejdet med udgivelse af breve fra embedsmænd fortsatte, men man havde på det tidspunkt ikke besluttet hvor stor en del af samlingen, der skulle udgives. Hermed begynder udgivelsen igen, og det er meningen at udgive det fuldstændige korpus af dokumenter fra Landkommissionen, breve og redegørelser fra almuen, og verdslige og gejstlige embedsmænd, foruden Landkommissionens egne akter. Forberedelsen af dette projekt har været i gang siden 2012, og brevene udgives af Islands Nationalarkiv i samarbejde med Rigsarkivet i Danmark og Islands Historiske Forening. Breve, der er udgivet tidligere, bliver genudgivet i den samlede udgave.

HISTORISK VÆRDI

Arkivet efter Landkommissionen 1770–1771 består i alt af 4200 håndskrevne sider, breve, beretninger og indstillinger. Islands embedsmænd fik en række specifikke spørgsmål, som kommissionen ønskede besvaret, om alle dele af det islandske samfund. Det gjaldt fx befolkningstal, kirken, sundhedsforhold, handelen, håndværk, landbrug, fiskeri, trafik og meget andet. Desuden blev befolkningen opfordret til at indsende sin opfattelse af landets ve og vel til kommissionen ud over beskrivelse af sine egne forhold.[1] Landkommissionens dokumenter belyser både Islands og Danmarks historie og giver et enestående indblik i Islands

[1] Se Jóhanna Þ. Guðmundsdóttirs artikel i dette bind: "Landkommissionen 1770–1771 og dens arbejde", s. 99–109.

forhold omkring 1770. De danske myndigheder mente, at der var nødvendigt at skaffe udførlige oplysninger fra flere end landets embedsmænd for at få et klart billede af landets forhold.[1]

að láta lesa hana og auglýsa við allar kirkjur og þingstaði í landinu.[1] Kom það líka á daginn að almenningur þekkti þessa tilskipun ágætlega og vísuðu margir til hennar í bréfum sínum til Landsnefndarinnar. Í 74 bréfum, sem öll teljast til almenningsbréfa, er 30 sinnum vísað beint til „forordningar af dags. 15. maí 1770“ sem bréfritarar segjast ýmist hafa séð eða heyrt af.[2] Í einu bréfi, frá hreppstjórum og bændum í Fljótum í Skagafirði, fæst síðan staðfesting á því að tilskipunin hafi verið lesin upp við messu eins og til var ætlast en í því segir: „nefnd forordning er oss af predikunarstólum upplesin og síðan afsend.“[3] Í öðru bréfi, frá hreppstjórum og bændum í Sandvíkurhreppi í Árnessýslu, má svo finna dæmi þess að tilskipunin hafi ekki verið kynnt fyrir íbúunum. Bréfið skrifa þeir seint í maí 1771 og afsaka síðbúin skrif sín með því að þeir hafi beðið eftir að heyra nánar af „forordningunni um þá tilskikkuðu Commission,“ og bæta síðan við: „en hér kemur enn þá ekki eitt orð frá þessa lands höfðingjum þar um hvört almúginn á þar nokkuð til að segja, eður og hitt að þegja.“[4] Af háu hlutfalli þeirra sem vísa beint til tilskipunarinnar má þó ætla að almennt hafi verið vel staðið að því að kynna nefndina fyrir landsmönnum.

1 *Lovsamling for Island* III, s. 655 (neðanmálsgrein); *ÞÍ*. Rtk. B2/41–18. Bréf Gísla Magnússonar biskups til rentukammers, 18.9.1770. Gísli segist hafa fengið 656 eintök af tilskipuninni og kynnt hana í ræðustóli og dreift henni út meðal lærðra og leikra í biskupsdæminu. 650 eintök voru á íslensku og 6 á dönsku. Þetta gerir samtals 2.600 eintök á íslensku og 24 á dönsku. Sbr. *Nordatlanten og Troperne. Forvaltningshistoriske kilder fra Færøerne, Grønland, Island og Tropekolonierne*. Kilder til dansk forvaltningshistorie V. Red. Erik Nørr og Jesper Thomassen, København 2007, s. 221.

2 Af þessum 30 setja tveir inn ranga dagsetningu, þ.e. 1. maí 1770 í bréfi: *ÞÍ*. Rtk. D3/3–10. Hans J. Klingenberg á Krossi á Akranesi skrifar um réttarfar 9.4.1771. Lit. XX. N° 3 og 13. maí 1770 í bréfi: *ÞÍ*. Rtk. D3/4–37. Hreppstjórar og bændur í Landeyjum skrifa um fjárpestina, miklar skuldir og fleira sem hrjáir þá 23.5.1771. Lit. Gg. N° 5.

3 *ÞÍ*. Rtk. D3/5–33. Hreppstjórar og bændur í Fljótum skrifa um hag sveitarinnar 20.4.1771. Lit. Pp. N° 8; Harald Gustafsson, *Mellan kung och allmoge*, s. 114. Ekki hafa fundist heimildir fyrir því í dóma- og þingbókum sýslumanna að tilskipunin hafi verið lesin upp á manntalsþingum sem venja var með margar konunglegar tilskipanir. Það hefði þó ekki getað orðið fyrr en vorið 1771, manntalsþingin voru venjulega haldin að vori, og líklega verið fullseint því að nefndin var á förum þá um haustið.

4 *ÞÍ*. Rtk. D3/4–19. Hreppstjórar og bændur í Sandvíkurhreppi skrifa um bágindi sveitarinnar 25.5.1771. Lit. Dd.; Harald Gustafsson, *Mellan kung och allmoge*, s. 114.

ERINDISBRÉF LANDSNEFNDARINNAR

Verkefni Landsnefndarinnar eða þau málefni sem hún átti að rannsaka sérstaklega voru útlistuð ítarlega í erindisbréfi hennar sem gefið var út 22. maí 1770. Það var í 18 greinum og segir nákvæmlega fyrir um hver verkefnin skyldu vera og er því einkar mikilvæg heimild um starfsemi nefndarinnar auk þess að gefa góða innsýn í hvaða hugmyndir stjórnin hafði um framfarir á Íslandi. Þykir því rétt að birta útdrátt úr því hér.

Útdráttur úr erindisbréfi Landsnefndarinnar fyrri, 22. maí 1770.[1]

1. *Fólksfjöldi*. Nefndin skyldi kanna helstu orsakir þeirrar fólksfækkunar sem hafði átt sér stað í landinu frá byrjun aldarinnar og gera tillögur til úrbóta. Nefndarmenn skyldu sérstaklega skoða fjóra þætti:
   a) *Skipting stórra jarða* í fleiri minni til að auka framboð á jarðnæði.
   b) *Fjölgun húsmanna* til að draga úr vinnufólkshaldi.
   c) *Endurreisn eyðibýla og eyðibyggða*. Athuga með mögulega staði víðsvegar um landið sem höfðu verið í byggð fyrr á öldum. Eftirfarandi staðir voru tilgreindir sérstaklega: Langavatnsdalur, Geitland, innsti hluti Álftafjarðar á Snæfellsnesi, Reykjarfjörður á Ströndum, Strandir almennt, Hrafnkelsdalur og Möðrudalur.
   d) *Hvatning*. Gera tillögur um aðgerðir til að hvetja ungt fólk til uppbyggingar eyðibýla.

2. *Fjöldi lækna og ljósmæðra*. Nefndin skyldi athuga hve margra lærðra lækna og ljósmæðra landið þarfnaðist og hvar heppilegast væri að þeir/þær hefðu aðsetur.

3. *Fiskveiðar* og *fiskverkun*. Nefndin átti að kanna hvernig hægt væri að auka fiskveiðar og umbætur í fiskverkun. Í því augnamiði skyldi hún sérstaklega skoða:

[1] *Lovsamling for Island* III, s. 665–677. (Instruction for den islandske Landcommission, 22.5.1770). Sjá einnig: Jón Eiríksson, „Forspjall." Ólafur Olavius, *Ferðabók* I. *Landshagir í norðvestur-, norður- og norðaustursýslum Íslands 1775–1777, ásamt ritgerðum Ole Henckels um brennistein og brennisteinsnám og Christian Zieners um surtarbrand*. Steindór Steindórsson frá Hlöðum þýddi, Reykjavík 1964, s. 5–9. (Frumútgáfa í Kaupmannahöfn 1780); Bergsteinn Jónsson, „Inngangur", *Landsnefndin 1770–1771* I, s. 12–18; Harald Gustafsson, *Mellan kung och allmoge*, s. 104–106; Lýður Björnsson, „18. öldin", *Saga Íslands* VIII. Ritstj. Sigurður Líndal og Magnús Lyngdal Magnússon, Reykjavík 2006, s. 180–181; *Nordatlanten og Troperne*, s. 222–223.

a) *Fjöldi háseta á bát*. Athuga hvernig fækka mætti hásetum á hverjum bát en einhver brögð voru að því að fleiri hásetar væru á bát en stærð segði til um.
b) *Fjölgun báta*. Athuga hvernig hvetja mætti sjávarbændur til að fjölga bátum til að aðkomumenn skorti ekki skipsrúm á vertíð.
c) *Saltfiskverkun*, *Terraneuf-aðferð*. Kanna á hvaða höfnum heppilegast væri að taka upp Terraneuf-aðferð eða Nýfundnalandsaðferð við verkun saltfisks.
d) *Fólksekla í verstöðvum*. Athuga hvernig mætti stuðla að fjölgun sveitamanna í verstöðvum á sem hagkvæmastan hátt.
e) *Netaveiðar*. Athuga hvar hentugast væri að taka þorskanet í notkun.
f) *Lúðuveiðar* og *síldveiðar*. Athuga hvort ekki væri hægt að auka lúðuveiðar og taka upp síldveiðar.
g) *Laxveiðar*. Athuga hvort ekki mætti auka og efla laxveiðar í ám í Árnessýslu og Borgarfirði.
h) *Veiði í ám og vötnum*. Nefndin skyldi afla upplýsinga um veiðiár og vötn í landinu og koma með tillögur um hagnýtingu.
[i]) *Grænlandssiglingar*. Einnig skyldi nefndin kanna hvort ekki væri hægt að senda skip frá Íslandi til rannsókna á austurströnd Grænlands.

4. *Frjáls verslun*. Nefndarmenn skyldu athuga hvort tillögur Skúla Magnússonar landfógeta frá árinu 1767 um frjálsa verslun væru framkvæmanlegar en jafnframt tekið fram að engar breytingar yrðu gerðar á verslunarfyrirkomulaginu fyrr en samningur við Almenna verslunarfélagið rynni út árið 1784. Varðandi verslunarmálin skyldu þeir einkum skoða:
   a) *Nytsemi frjálsrar verslunar*. Þ.e. hvort frjáls verslun væri nytsamleg eða ekki.
   b) *Undirbúningsaðgerðir fyrir frjálsa verslun*. Gera tillögur um hvernig best væri að koma frjálsri verslun á fót og hvernig mætti undirbúa það sem best.
   c) *Hafnir fyrir stór skip og vetrarlægi*. Kanna skyldi hvar væru hentugar hafnir fyrir stór skip og vetrarlægi og hvort hægt væri að taka upp strandsiglingar. Eru 12 staðir tilgreindir sem athuga skyldi sérstaklega: Hvalfjarðareyri, Hvítárós í Borgarfirði, Straumfjörður á Mýrum, Bjarnarhöfn eða Kumbaravogur við Stykkishólm, Hraunhafnarós við Búðir, Eyvindará í Strandasýslu, Tálknafjörður, Patreksfjörður, Flatey á Breiðafirði, Raufarhöfn og Austfirðir allt til Dyrhólaeyjar.

5. *Kornmölun*, *kvarnasteinar*. Nefndin átti að kanna hagkvæmni þess að flytja inn ómalað korn og koma upp smáum kornmyllum í landinu á sama hátt og tíðkaðist í Noregi.

6. *Kornrækt og villt íslenskt korn.* Nefndin skyldi gera tillögur um aðferðir til að koma á fót kornrækt í landinu en allar fyrri tilraunir þóttu hafa mistekist. Einnig gera tillögur um hvort ekki mætti rækta og nýta innlenda villta kornið betur. Þá skyldi nefndin kanna hvernig bæta mætti almenna *jarðrækt* í landinu og gera tillögur um:
   a) *Garðhleðslur* og *þúfnasléttun*.
   b) *Áburðarnotkun* og *áveitur*.
   c) *Garðrækt*, bæði með erlendum og innlendum plöntum.
   d) *Kartöflurækt* og *rófnarækt*.
   e) *Tóbaksrækt*.
   f) *Skógrækt*.
   g) *Endurreisn seljabúskapar*.

7. *Búfjárrækt, nautgriparækt og fjárkláðinn.* Nefndin átti að rannsaka hvort ekki mætti auka og bæta kvikfjárrækt, sérstaklega nautgriparæktina og hvernig hægt væri að útrýma fjárkláðanum.

8. *Jarðabók*, *sala konungsjarða*. Nefndin skyldi fá hjá landfógeta fullkomna jarðabók yfir allar konungsjarðir í landinu og athuga hvort ráðlegt væri að selja þær. Þá skyldi hún gera tillögur um:
   a) Hvernig best væri að skipta jörðunum til sölu og hvernig hægt væri að gera bændum kleift að kaupa ábýlisjarðir sínar.
   b) Með hvaða skilmálum skyldi selja þær.
   c) Hvar best mundi vera að uppboð þeirra færu fram.

9. *Skipting landsins í tvö ömt.* Nefndin átti að gefa álit sitt á skiptingu landsins í tvö ömt sem þegar hafði verið ákveðin. Einkum skyldi hún útlista nánar:
   a) *Ákvæði um skiptinguna*. Skoða hvort væri þörf á ítarlegri ákvæðum um skiptinguna, s.s. hvaða sýslur tilheyrðu hvaða amti.
   b) *Búseta amtmanns* í Norður- og austuramti. Koma með tillögur um hvaða staður væri heppilegastur fyrir búsetu amtmanns.
   c) *Húsnæði amtmanns*. Athuga hvort sá staður þarfnaðist einhverra endurbóta.

10. *Landvarnir*. Nefndin átti að leggja fram tillögur um hvernig mætti koma upp eins konar varnarliði ungra manna víðs vegar um landið og fá þeim vopn í hendur vegna hugsanlegs yfirgangs sjóræningja.

11. *Innréttingarnar: vefsmiðjur, verkstæði, skinnaverkun, litun, kaðlagerð, smíði, handverk, vefnaður*. Nefndin skyldi rannsaka hag og ásigkomulag Innréttinganna og láta í ljósi álit sitt á hvort þær gætu talist gagnlegar

landinu. Einnig hvort ástæða væri til að koma upp fleiri slíkum vefsmiðjum víðar á landinu eða öðrum verkstæðum eins og til dæmis skinnaverkun, litun, kaðlagerð, smíði eða einhverju öðru handverki hagkvæmara en núverandi vefnaðaraðferð.

12. *Steinefni: málmar, steinkol, surtarbrandur, saltsuða.* Nefndarmenn skyldu spyrjast fyrir um og rannsaka hugsanleg steinefni og málma sem finnast kynnu í jörðu og senda sýnishorn til rentukammers. Sérstaklega eru nefnd steinkol og surtarbrandur. Einnig skyldu þeir kanna mögulega staði fyrir saltsuðu.

13. *Vegabætur: fjallvegir, sæluhús, brúagerð, ferjur, strandsiglingar.* 1. Nefndin skyldi kanna og yfirvega vegabætur sem hægt væri að ráðast í og leggja fram úrbótatillögur. Helst vagnfæra vegi milli konungsgarðsins á Bessastöðum, væntanlegs amtmannsbústaðar í Norður- og austuramti, biskupsstólanna og alþingisstaðarins við Öxará. Þá skyldi hún kanna hvort hægt væri að finna og taka upp á ný gamla fjallvegi eða þjóðleiðir frá fyrri öldum. Þessar leiðir eru tilgreindar sérstaklega: a) Vonarskarð og Bárðargata. b) Gömul leið að fjallabaki milli Alþingis og Fljótsdalshéraðs. c) Kjalvegur og Vatnahjalli milli Suður- og Norðurlands. d) Sprengisandsleið. e) Leið að fjallabaki úr eystri parti Skaftafellssýslu og syðsta hluta Múlasýslu til Langanes. Þá skyldi athuga hvort byggja þyrfti sæluhús á leiðunum, gera brýr eða koma upp ferjum. 2. Nefndin skyldi einnig kanna möguleika þess að hefja fólks- og vöruflutninga milli landshluta sjóleiðis og var heitið aðstoð frá konungi við að kenna Íslendingum siglingar og notkun áttavita.

14. *Launverslun.* Nefndin skyldi kynna sér launverslun landsmanna við erlenda fiskimenn og gera tillögur um hvernig mætti koma í veg fyrir hana.

15. *Önnur mál.* Nefndin átti einnig að gera úrbótatillögur um hvað eina annað sem þeim sýndist að mætti verða landinu til gagns og nytsemdar sem þeir yrðu áskynja um á ferðum sínum um landið.

16. *Verðlaunaveitingar.* Nefndarmenn skyldu gera áætlanir um hvernig best væri að koma tillögum þeirra um umbætur í framkvæmd, með beinum aðgerðum eða verðlaunaveitingum. Ef verðlaunaveitingar þættu ráðlegar þá skyldu þeir jafnframt gera tillögur um hvernig þeim skyldi hagað.

17. Hverjum nefndarmanni var heimilt að skila séráliti og fá það bókað í gerðabók nefndarinnar.

18. Að lokum voru nefndarmenn hvattir til samstöðu og þess vænst að þeir legðu sig eftir að eiga góða samvinnu við embættismenn á Íslandi sem og allan almenning í landinu.

Erindisbréfið er mjög yfirgripsmikið, eins og sjá má, og sýnir að Landsnefndin hefur átt að rannsaka flesta þætti íslensks atvinnu- og efnahagslífs og leggja fram tillögur til úrbóta um allt mögulegt sem kynni að verða landinu til gagns.

Samkvæmt bréfi rentukammers til nefndarmanna 23. maí 1770 bar þeim að auglýsa og kynna efni erindisbréfsins á Alþingi þá um sumarið.[1] Strax eftir komuna til landsins sendu nefndarmenn Ólafi Stephensen amtmanni afrit af skipunarbréfi sínu og erindisbréfinu og fólu honum sem æðsta embættismanni landsins að auglýsa það og kynna á Alþingi.[2] Engin sérstök auglýsing þess efnis hefur þó verið færð inn í Alþingisbókina 1770[3] en í bréfi Ólafs Stephensens amtmanns til allra sýslumanna, dags. 24. júlí 1770, minnir hann þá á að fylgja betur eftir ýmsum eldri tilskipunum konungs, sem stuðla eigi að bættum efnahag landsins, s.s. um byggingu eyðijarða, túnrækt, selstöður, korn- og kálrækt, silungsveiði, netaveiðar, vegabætur o.fl. Byggist efni þessa bréfs augljóslega að mestu á erindisbréfi nefndarinnar.[4] Nefndarmenn voru svo mættir til Alþingis ekki síðar en 13. júlí[5] og 20. júlí héldu þeir fund með þeim veraldlegu embættismönnum sem þá voru staddir á Alþingi þar sem allar greinar erindisbréfsins voru kynntar og ræddar.[6] Fátt í erindisbréfinu hefur átt að koma á óvart því að flest þau málefni, sem þar er fjallað um, höfðu verið í umræðunni árin og jafnvel áratugina

1 *Lovsamling for Island* III, s. 665. Þar vísað í bréfabók rentukammers. Litr. P, nr. 796.

2 Bergsteinn Jónsson, „Inngangur“, *Landsnefndin 1770–1771* I, s. 18; *Landsnefndin 1770–1771* I. *Bréf frá nefndinni og álitsgerðir embættismanna*. Sögurit 29. Bergsteinn Jónsson sá um útgáfu, Reykjavík 1958, s. 25–26. (Bréf nefndarinnar til Ólafs Stephensens amtmanns 6.7.1770. Lit. B. N° 7).

3 *Alþingisbækur Íslands* XV. 1766–1780. Gunnar Sveinsson sá um útgáfu, Reykjavík 1982, s. 195–224.

4 Sjá: *Alþingisbækur Íslands* XV, s. 210–215. (Bréf Ólafs Stephensens amtmanns til allra sýslumanna, dags. 24.7.1770 við Öxará); Jón Eiríksson, „Forspjall“, s. 9. Jón Eiríksson telur efni þessa bréfs að mestu byggt á erindisbréfi Landsnefndarinnar. Í bréfinu sjálfu er þó iðulega vísað til ýmissa eldri tilskipana um framfarir í landinu en aldrei til erindisbréfsins.

5 *ÞÍ*. Rtk. D3/1–12. Bréfabók Landsnefndarinnar fyrri 1770–1771. Bréf til rentukammers 26.7.1770. Lit. B. N° 17.

6 *Landsnefndin 1770–1771* I, s. 36–41. (Deliberations Protocol holden paa Öxeraae Alting den 20de Julii 1770. Lit. C). Á fundinn voru mættir 16 embættismenn: amtmaður, lögmaður sunnan og austan, varalögmaður sama umdæmis, 11 sýslumenn, einn lögsagnari og einn klausturhaldari.

á undan. Í riti Páls Vídalíns og Jóns Eiríkssonar, *Deo, regi, patriæ* frá 1768, er t.d. töluvert fjallað um frjálsa verslun, fólksfækkun í landinu, margs konar umbætur í fiskveiðum og landbúnaði og framtíð Innréttinganna.[1] Einungis eitt atriði erindisbréfsins er alveg nýtt í umræðunni á þessum tíma — hugmyndin um sölu jarðeigna konungs á Íslandi hafði ekki komið fram áður.[2]

Af svörum margra embættismanna má sjá að þeir hafa haft afrit erindisbréfsins við höndina.[3] Auk þess rituðu nefndarmenn öllum helstu embættismönnum landsins bréf og báðu um álit þeirra á einstökum atriðum erindisbréfsins, einkum þeim sem lutu sérstaklega að þeirra verksviði. T.d. var biskupum sérstaklega ætlað að fjalla um fólksfjölda í landinu og um kjör prestastéttarinnar[4] en lögmönnum um réttarfar og skiptingu landsins í tvö ömt.[5] Bjarni Pálsson landlæknir var sérstaklega spurður um barnadauða og beðinn að gera grein fyrir villtum íslenskum jurtum sem betur mætti nýta til manneldis svo einhver dæmi séu nefnd.[6] Almenningi var hins vegar ekki kynnt efni erindisbréfsins sérstaklega heldur látið nægja að kynna honum málið með tilskipuninni frá 15. maí 1770 þar sem hann var hvattur til að skrifa um hvað eina sem honum þætti ástæða til eins og áður segir. Þannig var embættismönnum fremur ætlað að svara ákveðnum spurningum en almenningur hafði alveg frjálsar hendur með það um hvað hann vildi skrifa. Með komu nefndarinnar hingað gafst almenningi í landinu því gott tækifæri til að koma skoðunum sínum á framfæri á hæstu stöðum án milligöngu innlendra embættismanna, s.s. sýslumanna, og hefur Harald Gustafsson leitt rök að því að túlka megi för nefndarinnar hingað til lands sem ákveðið vantraust á sýslumenn á Ís-

[1] Páll Vídalín og Jón Eiríksson, *Um viðreisn Íslands. Deo, regi, patriae.* 1699, 1768. Steindór Steindórsson frá Hlöðum þýddi, Reykjavík 1985. (Frumútgáfa í Sorø 1768); Harald Gustafsson, *Mellan kung och allmoge*, s. 106.

[2] Lýður Björnsson, „18. öldin“, *Saga Íslands* VIII, s. 181.

[3] Sjá t.d. greinargerð Finns Jónssonar biskups (lit. G. N° 2) en þar svarar hann hverri grein erindisbréfsins lið fyrir lið. *Landsnefndin 1770–1771* I, s. 73–106.

[4] *Landsnefndin 1770–1771* I, s. 26–28. (Bréf nefndarinnar til biskupanna, hvors í sínu lagi 10.7.1770. Lit. B. N° 10).

[5] *ÞÍ.* Rtk. D3/1–12. Bréfabók Landsnefndarinnar fyrri 1770–1771. Bréf til beggja lögmanna og varalögmanna 27.7.1770. Lit. B. N° 18.

[6] *ÞÍ.* Rtk. D3/1–12. Bréfabók Landsnefndarinnar fyrri 1770–1771. Bréf til Bjarna Pálssonar landlæknis 7.12.1770. Lit. B. N° 27.

landi en þeir höfðu áður einokað lýsingar á ástandi landsins gagnvart stjórnarskrifstofunum í Kaupmannahöfn.[1] Það má til sanns vegar færa þegar haft er í huga í hve stóru upplagi íslenskri útgáfu tilskipunarinnar 15. maí 1770 var dreift til biskupanna, þ.e. í 650 eintökum til hvors þeirra eins og fram hefur komið.

Vera kann að einhverjir meðal almennings og presta hafi svo getað kynnt sér efni erindisbréfsins hjá þeim embættismönnum sem voru með afrit þess í fórum sínum. Til dæmis áræddi séra Björn Halldórsson, prófastur í Sauðlauksdal, ekki að skrifa svar sitt til nefndarinnar fyrr en hann hafði séð erindisbréfið en það segist hann hafa fengið að sjá hjá mági sínum Magnúsi Ólafssyni varalögmanni.[2]

Ekki er vitað hver eða hverjir voru höfundar erindisbréfsins. Þó er vitað að Jón Eiríksson, þá prófessor við háskólann í Sorø, hefur fengið eitt uppkast að því til yfirlestrar sem hann skilaði til rentukammers með athugasemdum sínum 1. apríl 1770. Telur Harald Gustafsson að rekja megi ákvæðin um endurreisn eyðibýla, vetrarhafnir, surtarbrand og saltsuðu til Jóns en að öðru leyti hafi hann ekki komið að gerð þess.[3] Jóni hafði áður verið boðið sæti í nefndinni en hann afþakkaði.[4]

Auk erindisbréfsins gerði stjórnin nefndina út með afrit af 11 bréfum frá Íslendingum og kaupmönnum á Íslandi frá síðustu þremur árum. Er þar viðamest greinargerð Skúla Magnússonar landfógeta um frjálsa verslun, dags. 24. apríl 1767.[5] Hin bréfin fjalla flest um brennivínsinnflutning, fiskveiðar og veiðar erlendra þjóða hér við land, fjárpestina og landvarnir auk eins bréfs frá Jóni Grímssyni garðyrkjumanni um launamál hans.[6] Þessi mál hefur Landsnefndin væntanlega átt að gaumgæfa sérstaklega.

[1] Harald Gustafsson, *Mellan kung och allmoge*, s. 108–109; Hrefna Róbertsdóttir, „Amtmaður og Íslands fátæklingar. Samfélagssýn í skjalasöfnum Landsnefndarinnar fyrri 1770–1771 og síðari 1785–1787“, *4. íslenska söguþingið 7.–10. júní 2012*, s. 7–8. *Vef.* http://hdl.handle.net/1946/15279.

[2] *ÞÍ.* Rtk. D3/5–16. Séra Björn Halldórsson prófastur í Sauðlauksdal fjallar um sjúkdóma, húsaga og garðrækt 12.6.1771. Lit. Ll. N° 2.

[3] Harald Gustafsson, *Mellan kung och allmoge*, s. 106.

[4] Bréf til Hannesar Finnssonar í apríl 1770. *Merkir Íslendingar* IV. Þorkell Jóhannesson bjó til prentunar. Reykjavík 1950, s. 263.

[5] *ÞÍ.* Rtk. D3/1–1. Plan og Demonstration hvorleedes Island kan drive sin egen frie Handel 24.4.1767. Lit. A. N° 1.

[6] Afrit bréfanna eru í: *ÞÍ.* Stiftamt. III. 200. Lit. A. N° 2–11. Gert er ráð fyrir að þau

Nefndir af ýmsu tagi voru vel þekktar í danska ríkinu á þessum tíma. Sem dæmi má nefna *Kommissionen til landvæsenets forbedring* sem var stofnuð í Danmörku árið 1757 og starfaði til 1767. Sama ár, þ.e. 1767, var önnur nefnd fyrir allt ríkið stofnuð, kölluð *Generallandvæsens-kommissionen*.[1] Henni var svo breytt í *Generallandvæsens-kollegie* árið eftir og árið 1768 var svo stofnuð sérstök landsnefnd fyrir Slésvík-Holsetaland. Þessum nefndum var aðallega ætlað að fjalla um endurbætur í landbúnaðarmálum. Þær höfðu því ekki eins víðþætt verksvið og Landsnefndin fyrri sem send var til Íslands.[2] Erindisbréf hennar má miklu fremur skoðast sem eins konar allsherjaráætlun um viðreisn Íslands þar sem allir þræðir atvinnulífsins skyldu rannsakaðir gaumgæfilega lið fyrir lið og færðir í betra horf eftir því sem mögulegt væri.

FERÐIR NEFNDARINNAR UM LANDIÐ

Nefndarmenn komu til Íslands vorið 1770 og voru í landinu fram á haust 1771 eins og upphaflega stóð til. Þeir lögðu af stað frá Kaupmannahöfn 31. maí 1770 og tóku land í Hafnarfirði fjórum vikum síðar eða 27. júní.[3] Þaðan héldu þeir til Reykjavíkur þar sem aðsetur þeirra skyldi vera á meðan þeir dveldust í landinu. Upphaflega stóð til að þeir fengju inni í einhverju af húsum Almenna verslunarfélagsins en aðstaðan þar reyndist algerlega óviðunandi þegar til kom. Ólafur Stephensen amtmaður gekkst því strax fyrir því að þeim var útvegað betra húsnæði á Arnarhóli, í hinu nýbyggða tukthúsi sem verið var að leggja lokahönd á.[4] Strax eftir komuna til landsins hófu nefndarmenn

verði birt í síðari bindum þessarar útgáfu. Sjá einnig: Harald Gustafsson, *Mellan kung och allmoge*, s. 106.

1 Fridlev Skrubbeltrang, *Det danske landbosamfund 1500–1800*. København 1978, s. 273.

2 Harald Gustafsson, *Mellan kung och allmoge*, s. 107. Um breytingar og endurbætur á landbúnaði í Danmörku á þessum tíma, sjá: Ole Feldbæk, *Danmarks historie 9. Den lange fred 1700–1800*. Ed. Olaf Olsen, København 1990, s. 210, 250–254.

3 *ÞÍ*. Rtk. D3/8–17. Greinargerð Landsnefndarinnar fyrri um störf sín 12.11.1771. 2. B. J. Ref. N° 599; Harald Gustafsson, *Mellan kung och allmoge*, s. 109.

4 *ÞÍ*. Rtk. D3/1–12. Bréfabók Landsnefndarinnar fyrri 1770–1771. Bréf til rentukammers 26.7.1770. Lit. B. N° 17; Bergsteinn Jónsson, „Inngangur“, *Landsnefndin 1770–1771* I, s. 18.

að rita helstu embættismönnum landsins bréf, amtmanni, biskupum og sýslumönnum og óskuðu eftir áliti þeirra á ýmsum atriðum erindisbréfsins en fyrstu 10 bréfin í bréfabók nefndarinnar eru dagsett á Arnarhóli 30. júní til 10. júlí 1770.[1] Á þessum fyrstu dögum dvalar sinnar hér á landi gengu þeir einnig frá kaupum á 11 reiðhestum og 30 áburðarhestum til ferðalaga um landið.[2] Þeir lögðu síðan af stað til Alþingis á Þingvöllum 13. júlí og voru þar næstu tvær vikurnar meðan þinghald stóð yfir.[3] Þar hefur þeim gefist gott tækifæri til að kynna sig og hitta marga af embættismönnum landsins. Er þess m.a. getið að nefndin hafi haldið öllum þeim, sem voru á Alþingi þetta ár, „eitt veglegt gestaboð með hinni mestu rausn og yfirlæti".[4]

Eftir Alþingi lögðu þeir af stað í reisu sína um landið. 30. júlí héldu þeir til Borgarfjarðar og hafa gist a.m.k. eina nótt í Kalmanstungu en þar greiddu þeir einn ríkisdal og 12 skildinga fyrir hestabeit og annan viðgjörning.[5] 3. ágúst voru þeir svo komnir til Mælifells í Skagafirði og hafa því líklega farið um Arnarvatnsheiði og Stórasand en ferðalagið yfir „þessi eyðifjöll" segja þeir að hafi verið mjög erfitt. Leiðsögumaður þeirra lenti í mikilli lífshættu við að komast yfir Blöndu, ásamt þremur öðrum mönnum sem önnuðust farangur þeirra, þegar hestar þeirra þurftu að leggjast til sunds.[6] Í Skagafirði skiptu þeir leiðum: Andreas Holt og Thomas Windekilde fóru til Eyjafjarðar að skoða höfnina þar og nærliggjandi héruð en Þorkell Fjeldsted fór til Ólafsfjarðar og Siglufjarðar. Eyjólfur Jónsson ritari hélt sig á meðan á biskupssetrinu á Hólum við stjörnufræðiathuganir og fleira (sjá

1 *Landsnefndin 1770–1771* I, s. 25–28. (Bréf nefndarinnar til amtmanns og biskupanna. Lit. B. N° 1, 7, 10); *Landsnefndin 1770–1771* II. *Bréf frá nefndinni og svör sýslumanna*. Sögurit 29. Bergsteinn Jónsson sá um útgáfu, Reykjavík 1961, s. 9–23. (Bréf frá nefndinni til sýslumanna. Lit. B. N° 2–6, 8–9).

2 *ÞÍ*. Rtk. F/93–1. Reikningar Jarðabókarsjóðs 1770. N° 169. (Den kongelige Commissions Reise-Omkostninger udi Island pro Anno 1770 & 1771).

3 *ÞÍ*. Rtk. D3/1–12. Bréfabók Landsnefndarinnar fyrri 1770–1771. Bréf til rentukammers 26.7.1770. Lit. B. N° 17; D3/8–17. Greinargerð Landsnefndarinnar fyrri um störf sín 12.11.1771. 2. B. J. Ref. N° 599.

4 *Annálar 1400–1800* IV. Jón Jóhannesson sá um útgáfu, Reykjavík 1940–1948, s. 419. (Ketilsstaðaannáll).

5 *ÞÍ*. Rtk. F/93–1. Reikningar Jarðabókarsjóðs 1770. N° 169. (Den kongelige Commissions Reise-Omkostninger udi Island pro Anno 1770 & 1771).

6 *ÞÍ*. Rtk. D3/8–17. Greinargerð Landsnefndarinnar fyrri um störf sín 12.11.1771. 2. B. J. Ref. N° 599.



Mynd 1. *Ferðir Landsnefndarinnar fyrri um landið 1770–1771.*

mynd 1).[1] Á ferðum sínum um Norðurland hafa nefndarmenn m.a. haft stutta viðdvöl á Silfrastöðum í Skagafirði, Bakka í Öxnadal, Akureyri og Myrká í Hörgárdal en á öllum þessum stöðum greiddu þeir fyrir hestabeit og annan viðgjörning.[2]

Nefndarmenn söfnuðust aftur saman á Hólum einhvern tíma um eða rétt fyrir miðjan ágúst en 17. ágúst lögðu þeir af stað til baka suður á land, allir nema Eyjólfur ritari sem átti að dvelja áfram í tvær eða þrjár vikur á Hólum við stjörnufræðirannsóknir sínar.[3] Á bakaleiðinni fóru þeir um Þingeyrar og Grímstungu í Húnavatnssýslu, þaðan yfir Arnarvatnsheiði og aftur að Kalmanstungu í Borgarfirði.[4] Í tukt-

1 *ÞÍ*. Rtk. D3/1–12. Bréfabók Landsnefndarinnar fyrri 1770–1771. Bréf til rentukammers 16.8.1770. Lit. B. N° 19.

2 *ÞÍ*. Rtk. F/93–1. Reikningar Jarðabókarsjóðs 1770. N° 169. (Den kongelige Commissions Reise-Omkostninger udi Island pro Anno 1770 & 1771).

3 *ÞÍ*. Rtk. D3/1–12. Bréfabók Landsnefndarinnar fyrri 1770–1771. Bréf til rentukammers 16.8.1770. Lit. B. N° 19.

4 *ÞÍ*. Rtk. F/93–1. Reikningar Jarðabókarsjóðs 1770. N° 169. (Den kongelige Commissions Reise-Omkostninger udi Island pro Anno 1770 & 1771).

húsið á Arnarhóli voru þeir svo komnir aftur ekki síðar en 30. ágúst.[1] Upphaflega stóð til að þeir færu suður um byggðirnar vestanlands til að kynna sér þau héruð í leiðinni en fréttu á Þingeyrum að vegna mikilla og stöðugra rigninga á Suður- og Vesturlandi væru vegir orðnir torfærir vegna bleytu og aurs, einkum þar sem mikið væri um mýrlendi á leiðinni. Þeir ákváðu því að fara aftur yfir hálendið.[2] Um haustið gerðu þeir stutta ferð til Eyrarbakka, gamals vinnustaðar Windekildes. Í þeirri ferð könnuðu þeir m.a. aðstæður við Ölfusárós og borguðu tvo ríkisdali fyrir leigu á bát og aðstoð við könnunina.[3]

Í júní árið eftir, þ.e. 1771, fór nefndin síðan í stutta skoðunarferð til Krýsuvíkur og héldu nefndarmenn áfram austur á Eyrarbakka í framhaldinu. Á leiðinni komu þeir við á Hrauni í Ölfusi, geymdu hluta hestanna þar og fóru áfram yfir Ölfusá við Kotferju.[4] Ekki er ljóst hvenær þeir lögðu af stað en þeir voru komnir aftur til Reykjavíkur ekki síðar en 20. júní 1771.[5] Þetta sama sumar fór Fjeldsted svo einn síns liðs til Vestfjarða að kynna sér og rannsaka hitauppspretturnar á Reykhólum og á Reykjanesi við Ísafjarðardjúp vegna fyrirhugaðrar saltvinnslu. Upphaflega stóð til að þeir færu allir þrír vestur en Holt var orðinn lasinn þegar leggja átti af stað og varð því eftir í Reykjavík. Þegar komið var að Leirá, til Björns Markússonar lögmanns, kenndi Windekilde sér svo einhverra veikinda og ákvað að snúa við. Honum var fylgt frá Leirá til Akraness þaðan sem hann fór til baka með báti til Reykjavíkur. Fjeldsted hélt áfram ásamt fylgdarmanni sínum, Markúsi Magnússyni „þénara“ á Leirá.[6] Þaðan lögðu þeir af stað líklega 25. eða 26. júní, voru á Reykhólum 29. júní og á Reykjanesi við Ísa-

[1] Sbr. *ÞÍ*. Rtk. D3/1–12. Bréfabók Landsnefndarinnar fyrri 1770–1771. Bréf til Skúla Magnússonar landfógeta 30.8.1770 á Arnarhóli. Lit. B. N° 21.

[2] *ÞÍ*. Rtk. D3/1–12. Bréfabók Landsnefndarinnar fyrri 1770–1771. Bréf til rentukammers 22.9.1770. Lit. B. N° 24; D3/8–17. Greinargerð Landsnefndarinnar fyrri um störf sín 12.11.1771. 2. B. J. Ref. N° 599.

[3] *ÞÍ*. Rtk. F/93–1. Reikningar Jarðabókarsjóðs 1770. N° 169. (Den kongelige Commissions Reise-Omkostninger udi Island pro Anno 1770 & 1771).

[4] *ÞÍ*. Rtk. F/93–1. Reikningar Jarðabókarsjóðs 1770. N° 169. (Den kongelige Commissions Reise-Omkostninger udi Island pro Anno 1770 & 1771).

[5] Sést af bréfabók nefndarinnar: *ÞÍ*. Rtk. D3/1–12. Bréfabók Landsnefndarinnar fyrri 1770–1771. Bréf til Thodals stiftamtmanns 20.6.1771. Lit. B. N° 48–49.

[6] Markús þessi er sagður „þénari“ í Íslendingabók. *Vef*. www.islendingabok.is (skoðað í ágúst 2015).

fjarðardjúp 4. til 6. júlí.[1] Af ferðareikningi nefndarinnar má sjá helstu viðkomustaði þeirra á leiðinni en þeir borguðu m.a. fyrir hestabeit á Möðruvöllum í Kjós, Saurbæ á Hvalfjarðarströnd, ótilgreindum stað í Norðurárdal[2] og Ljárskógum við Hvammsfjörð. Á Kirkjubóli við Ísafjörð neitaði presturinn, séra Guðlaugur Sveinsson, að taka við nokkurri peningagreiðslu fyrir beit eða annan viðgjörning en þess í stað lét Fjeldsted nægja að greiða smávegis þjórfé eða „drikkepenge" til þjónustufólks prestsins.[3] Séra Guðlaugur aðstoðaði Fjeldsted einnig við athuganir á hverunum á Reykjanesi.[4] Þegar til baka var komið hefur Fjeldsted líklega haldið rakleiðis til Alþingis því af ferðareikningi nefndarinnar má sjá að hann hefur greitt 48 skildinga fyrir fylgd yfir Uxahryggi.[5] Holt og Windekilde hafa þá verið komnir til Alþingis sem sett hafði verið þann 4. júlí. Tíminn á Alþingi nýttist almenningi vel til að koma bréfum sínum til skila en stórum hluta þeirra bréfa sem nefndinni bárust var skilað á Alþingi þetta sumar. Eftir Alþingi fóru þeir í stutta ferð austur í Skálholt til Finns Jónssonar biskups en héldu að því búnu til baka til Reykjavíkur og hófu að undirbúa brottför af landinu. 30. júlí 1771 var haldið uppboð í Reykjavík þar sem allir hestar nefndarmanna voru boðnir upp ásamt búðunum sem þeir höfðu látið byggja upp á Þingvöllum og ýmsu fleira smálegu.[6] Nefndarmenn létu síðan úr höfn í Reykjavík 15. ágúst og tóku land rétt utan við Arendal í Noregi 17 dögum síðar eða 31. ágúst. Þar fór Holt í land og ákvað að ferðast landleiðina áfram til Kaupmannahafnar sökum sjóveiki sem mjög hafði hrjáð hann á leiðinni yfir hafið. Fjeldsted og

1 *ÞÍ.* Rtk. D3/6–6. Greinargerð Þorkels Fjeldsteds um jarðhitann á Reykhólum í Barðastrandarsýslu 29.6.1771. Lit. Vv. N° 1; D3/6–7. Greinargerð Þorkels Fjeldsteds um jarðhitann á Reykjanesi við Ísafjarðardjúp 6.7.1771. Lit. Vv. N° 2.

2 Norðurárdal í Dalasýslu segir í handriti. Líklega misskilningur og mun eiga að vera í Mýrasýslu.

3 *ÞÍ.* Rtk. F/93–1. Reikningar Jarðabókarsjóðs 1770. N° 169. (Den kongelige Commissions Reise-Omkostninger udi Island pro Anno 1770 & 1771).

4 *ÞÍ.* Rtk. D3/6–7. Greinargerð Þorkels Fjeldsteds um jarðhitann á Reykjanesi við Ísafjarðardjúp 6.7.1771. Lit. Vv. N° 2.

5 *ÞÍ.* Rtk. F/93–1. Reikningar Jarðabókarsjóðs 1770. N° 169. (Den kongelige Commissions Reise-Omkostninger udi Island pro Anno 1770 & 1771).

6 *ÞÍ.* Rtk. F/93–1. Reikningar Jarðabókarsjóðs 1770. N° 169. (Den kongelige Commissions Reise-Omkostninger udi Island pro Anno 1770 & 1771). Sub. N° 232. (Auctions Forretning 30.7.1771).

Windekilde héldu áfram sjóleiðina og voru komnir til Kaupmannahafnar 12. september.[1]

Koma nefndarinnar hingað til lands hefur áreiðanlega þótt sæta nokkrum tíðindum og er hennar víða getið í annálum.[2] Töluverð umsvif hafa einnig fylgt nefndinni. Fyrra sumarið réð hún fimm manns í fylgdarlið sitt um landið, ýmist í níu, tíu eða ellefu vikur hvern, auk tveggja drengja til ýmissa þjónustustarfa í sex vikur. Síðara sumarið voru fjórir ráðnir í fimm til sjö vikur auk eins drengs í átta vikur. Voru hér fremstir í flokki Guðmundur Þorláksson lestarmaður og Guðmundur Gíslason sem fylgdu nefndinni bæði sumrin ásamt drengnum Jóni Loftssyni. Aðrir í fylgdarliðinu sumarið 1770 voru Gunnar Eiríksson, Brynjólfur Jónsson, Ólafur Jónsson, Eyjólfur Jónsson studiosus og drengurinn Páll Árnason en sumarið 1771 Bjarni Önundarson og Markús Magnússon á Leirá sem fyrr er getið. A.m.k. 14 manns fengu greidda þóknun fyrir geymslu og fóðrun á einum eða fleiri af hestum nefndarinnar veturinn 1770–1771 auk þess sem nefndarmenn leigðu töluvert af hestum til viðbótar þeim sem þeir keyptu. Þá greiddu nefndarmenn ávallt fyrir hestabeit og allan viðgjörning á viðkomustöðum sínum. Auk þessa greiddu þeir fyrir fylgd á ýmsum styttri leiðum, aðstoð við járningar og sendiferðir milli Alþingis og Reykjavíkur svo dæmi séu nefnd.[3] Ferðareikningur nefndarinnar, sem hér hefur oft verið vísað til, er einstök heimild um ferðir hennar um landið og væri verðugt rannsóknarefni til nánari skoðunar á umsvifum hennar og samskiptum við landsmenn.[4]

[1] *ÞÍ*. Rtk. B3/1–14. Bréf A. Holts til rentukammers 7.9.1771 og bréf Fjeldsteds og Windekildes til rentukammers 14.9.1771; Harald Gustafsson, *Mellan kung och allmoge*, s. 111.

[2] *Annálar 1400–1800* IV, s. 419, 537, 619–620. (Ketilsstaðaannáll, Höskuldsstaðaannáll, Húnvetnskur annáll); *Annálar 1400–1800* V. Jón Jóhannesson, Þórhallur Vilmundarson og Guðrún Ása Grímsdóttir sáu um útgáfu, Reykjavík 1955–1988, s. 68–69, 150–151, 362. (Íslands árbók, Espihólsannáll, Vatnsfjarðarannáll yngsti); *Annálar 1400–1800* VI. Guðrún Ása Grímsdóttir sá um útgáfu, Reykjavík 1987, s. 164, 473. (Úr Djáknaannálum, Sauðlauksdalsannáll).

[3] *ÞÍ*. Rtk. F/93–1. Reikningar Jarðabókarsjóðs 1770. N° 169. (Den kongelige Commissions Reise-Omkostninger udi Island pro Anno 1770 & 1771).

[4] Þ.e.: *ÞÍ*. Rtk. F/93–1. Reikningar Jarðabókarsjóðs 1770. N° 169. (Den kongelige Commissions Reise-Omkostninger udi Island pro Anno 1770 & 1771).

ENGU SLEPPT

Með komu Landsnefndarinnar fyrri hingað til lands á árunum 1770–1771 má segja að stjórnvöld í Kaupmannahöfn hafi sýnt raunverulegan vilja til að kynna sér allar aðstæður í landinu sem best. Nefndin var vel kynnt fyrir landsmönnum og allir þjóðfélagshópar hvattir til að koma sjónarmiðum sínum á framfæri. Nefndin var að störfum hér á landi í rúmt ár og setti sig í samband bæði við embættismenn og almenning víða um land, einkum á Suðvesturlandi, þar sem nefndarmenn höfðu aðsetur, en einnig á Vesturlandi og Norðurlandi. Til Austurlands fór nefndin hins vegar aldrei. Almenningur þar hafði því lítið af nefndinni að segja og sá landshluti var í það heila tiltölulega afskiptur. Erindisbréf nefndarinnar var mjög ítarlegt þar sem allar hliðar íslensks atvinnulífs skyldu grandskoðaðar og á því vel við að enda hér á umsögn Jóns Eiríkssonar konferensráðs í rentukammeri þegar hann segir:

> Það er tilgangslaust að fjölyrða um efni þessa erindisbréfs. Hver maður, sem nokkuð skilur í því og þekkir eitthvað til íslenzkra staðhátta, sér greiðlega, að engu einasta atriði, sem nokkurt gildi hefur fyrir almenna velferð landsins, er sleppt.[1]

[1] Jón Eiríksson, „Forspjall“, s. 9.

JÓHANNA Þ. GUÐMUNDSDÓTTIR

Landkommissionen 1770–1771 og dens arbejde

Forskningsekspeditioner af forskellig art udsendt af de danske myndigheder var ikke ualmindelige i Island i 1700-tallet. De er udtryk for større interesse hos de styrende i Danmark for Island, og hvad der skete der, men formålet var også at undersøge både landets økonomi og natur foruden indbyggernes almene forhold. Her kan eksempelvis nævnes Árni Magnússons og Páll Vídalíns ekspedition og udarbejdelsen af Den Islandske Jordebog i begyndelsen af århundredet, Ludvig Harboes ekspedition 1741–1745, Niels Horrebows undersøgelser midt i århundredet og Eggert Ólafssons og Bjarni Pálssons ekspedition i 1750'erne.[1] I årene 1770–1771 kom der en kommission på tre medlemmer til Island, der senere blev kaldet den første Landkommission. Den har på mange måder en vis særstilling blandt de ekspeditioner, der blev sendt til Island i 1700-tallet. Nu lagde man større vægt på forskellige samfundsmæssige forhold end udforskninger af Islands natur, og kommissionens medlemmer havde et omfattende samarbejde med befolkningen. Embedsmænd i Island fik pålæg om at besvare bestemte spørgsmål om de fleste forhold i Islands erhvervsliv og økonomi, og samtidig blev alle landets indbyggere opfordret til at skrive til kommissionen. Her fik almuen derfor god lejlighed til at skrive til kongen og hans embedsmænd i Danmark direkte, altså uden indblanding fra lokale embedsmænd, fx sysselmændene, og give udtryk for deres mening om landets ledelse, genrejsning af erhvervslivet eller blot om, hvad der lå dem på hjerte. Man kan kun sige, at reaktionerne var

[1] Om de forskellige forskningsekspeditioner i Island i 1700-tallet se: Þorvaldur Thoroddsen, *Landfræðissaga Íslands* II–III. *Hugmyndir manna um Ísland, náttúruskoðun og rannsóknir fyrr og síðar*. Ritstj. Gísli Már Gíslason og Guttormur Sigbjarnarson, Reykjavík 2004–2005, II, s. 170–246; III, s. 18–71; Hrefna Róbertsdóttir, *Wool and Society. Manufacturing Policy, Economic Thought and Local Production in 18th-century Iceland*. Centrum för Danmarksstudier 21. Göteborg-Stockholm 2008, s. 144–149, 414–418.

gode; der indgik over hundrede breve fra almuen og præsterne i landet foruden en mængde rapporter og redegørelser fra sysselmændene og andre embedsmænd.

Der findes ikke mange kilder om folks holdninger i ældre tid, mindst af alt om almuens holdninger. Rapporter og breve sendt til kommissionen er derfor uvurderlige kilder om den islandske befolknings holdning til landets forhold på dette tidspunkt. I det følgene gives en kort redegørelse for Landkommissionen 1770–1771, dens nedsættelse, medlemmer, opgaver, der blev pålagt den at udføre, og rejser rundt i landet.

NEDSÆTTELSEN AF KOMMISSIONEN OG DENS MEDLEMMER

Det vides ikke, hvem der fik ideen til nedsættelsen af Landkommissionen 1770–1771, men de første kilder om, at der var planer om at sende en kongelig kommission til Island, er et brev fra Rentekammeret til Det Almindelige Handelskompagni den 13. januar 1770, hvor man anmoder om at reservere plads til kommissionens medlemmer på et af kompagniets skibe til Reykjavík samme forår. I et andet brev til Otto Thott i Det Danske Kancelli den 24. januar 1770 fremgår det, at man har besluttet, at stiftamtmanden skal have fast ophold i Island, for at han kan få bedre oversigt over landets tilstand, og at der er nedsat en kommission med samme formål. Således har der på et tidspunkt i januar 1770 foreligget en beslutning på højeste sted.[1] Landkommissionen blev nedsat formelt af kongen den 20. marts 1770.[2] Den skulle have tre medlemmer: "vice-raadmand" Andreas Holt fra Oslo, der var formand, lagmand på Færøerne Þorkell Fjeldsted og kancelliråd og tidligere købmand i Island Thomas Windekilde, og som dens sekretær udnævntes Eyjólfur Jónsson (Eyolver Johnsonius), kongelig astronom

[1] Harald Gustafsson, *Mellan kung och allmoge — ämbetsmän, beslutsprocess och inflytande på 1700-talets Island*. Acta Universitatis Stockholmiensis, Stockholm Studies in History 33. Stockholm 1985, s. 103. Se også: *ÞÍ*. Rtk. C/15–1. Rentekammerets brevbog 1766–1771, nr. 683 og 688.

[2] *Lovsamling for Island* III. 1749–1772. Samlet og udgivet af Oddgeir Stephensen og Jón Sigurðsson, København 1854, s. 639–640. (Commissorium til den islandske Landcommission, 20.3.1770).

i København. Formålet med kommissionen var at undersøge Islands forhold i almindelighed og fremlægge forslag til forbedringer af hvad som helst, der kunne være til gavn og nytte for landet, eller som det udtrykkes i kommissoriet: "ei alene undersöges samme Lands og dets Indbyggeres Tilstand, men endog bringes udi Forslag hvad som kan tjene til dets og deres almindelige Bedste og Opkomst."[1]

Kommissionens medlemmer skulle opholde sig godt et år i Island fra foråret 1770 til efteråret 1771, hvor de af egen erfaring skulle sætte sig ind i alle forhold. Deres løn blev fastsat; 400 rigsdaler til hver foruden rejser til og fra Island og tre rigsdaler per dag i diæter. Sekretærens løn var noget lavere; 350 rigsdaler, hvoraf 50 rigsdaler til indkøb af skrivematerialer, og to rigsdaler i diæter.[2] Kommissionen har derfor været yderst vellønnet.[3] Det vides ikke nøje, hvad der bestemte valget af medlemmer. Andreas Holt var en norsk købmandssøn, som i seks år havde rejst rundt i verden, inden han blev udnævnt til kommissionen. Han blev kancelliråd i 1770, men kaldes "vice-raadmand" i kommissoriet, og tilsyneladende var arbejdet for Landkommissionen det første skridt i hans offentlige karriere.[4] Þorkell Fjeldsted var islænding, men havde fået sin uddannelse og arbejdet i Danmark. Han tog juridisk embedseksamen i 1766 og fungerede som højesteretsadvokat i Danmark efter det. Han blev udnævnt til lagmand på Færøerne i 1769. Han er sikkert udpeget til kommissionen på grund af sit kendskab til Island og til sproget, foruden at han var velbevandret i dansk administration. Thomas Windekilde havde været købmand i Eyrarbakki i over 30 år, senest i 1764, og han er sikkert udpeget på grund af sit

1 *Lovsamling for Island* III, s. 639. (Commissorium til den islandske Landcommission, 20.3.1770).

2 *Lovsamling for Island* III, s. 641–642. (Kongelig Resolution ang. den islandske Landcommission, 27.3.1770).

3 Lønnen til hvert af medlemmerne svarede til lønnen til amtmand Ólafur Stephensen. Jf. *Lovsamling for Island* IV. 1773–1783. Samlet og udgivet af Oddgeir Stephensen og Jón Sigurðsson, København 1854, s. 714. (Kongelig Resolution ang. Inddelingen af Amterne i Island, 12.5.1783), hvor det fremgår, at Ólafur Stephensen har beholdt sin fulde embedsløn, 400 rigsdaler om året, da han afgav embedet som amtmand for Nord- og Østamtet i 1783.

4 Holger Ehrencron-Müller, *Forfatterlexikon omfattende Danmark, Norge og Island indtil 1814*. Bind IV. København 1927, s. 137–138. I årene 1773–1776 arbejdede Holt bl.a. i General-Landøkonomi- og Kommercekollegiet i København.

kendskab til handelsforhold, som var et af de store områder, som Landkommissionen skulle sætte sig ind i. Sekretæren, Eyjólfur Jónsson, var islænding som Þorkell Fjeldsted. Han havde taget teologisk embedseksamen fra Københavns Universitet i 1766 og havde derefter arbejdet med astronomiske observationer i Rundetårn i København.[1] Således har man lagt stor vægt på, at kommissionens medlemmer kendte noget til Island og kunne have kontakt med indbyggerne uden de store sproglige vanskeligheder, foruden at de kunne dansk og var godt inde i danske forhold. Andreas Holt må så ses som en særlig repræsentant for udefrakommende synspunkter.

FORORDNINGEN AF DEN 15. MAJ 1770

Kommissionen og dens påtænkte arbejde i Island blev bekendtgjort for Islands befolkning med en forordning af den 15. maj 1770.[2] Samtidig blev det bestemt, at Island skulle opdeles i to amter, og at stiftamtmanden skulle have fast ophold i Island, hvilket var et led i de forbedringer i administrationen, der fandt sted på dette tidspunkt. Forordningen blev udsendt både på dansk og islandsk, hvilket skete yderst sjældent, og det var et tegn på, at regeringen i Danmark har lagt stor vægt på at komme ud til befolkningen i Island og ikke blot til embedsmændene. I forordningen blev befolkningen opfordret til at bistå kommissionens medlemmer efter evne og tilkendegive alt, hvad de mente måtte være til gavn og nytte for landet, eller som der står i forordningen:

> Thi byde og befale Vi til den Ende hermed allernaadigst saavel Vore samtlige der paa Landet værende Betjente, som alle Andre, at gaae bemeldte Commissarier med al den Efterretning og Oplysning, som de til denne Commission behörig at fuldföre behöve og af dennem forlange, ufortövet og uden mindste Ophold til Haande; og hvad En eller Anden af Kjærlighed til Fædernelandet i saa Maade og udi anförte Öiemærke haver at bringe udi Forslag, dermed melder han sig ligeledes hos denne paa nogen

[1] Angående kommissionens medlemmer og deres udnævnelse, se: Bergsteinn Jónsson, "Inngangur", *Landsnefndin 1770–1771* I. *Bréf frá nefndinni og álitsgerðir embættismanna*. Sögurit 29. Bergsteinn Jónsson sá um útgáfu, Reykjavík 1958, s. 23–24; Harald Gustafsson, *Mellan kung och allmoge*, s. 103–104.

[2] *Lovsamling for Island* III, s. 654–658. (Forordning ang. den islandske Landcommission, Amts-Inddelingen m.v., 15.5.1770).

> Tid i Landet forblivende Commission, som tager samme udi behörig Betragtning.[1]

Der findes ingen kilder om, at forordningen er blevet oplæst på Altinget i sommeren 1770, hvilket ellers var sædvane for alle kongelige forordninger. Derimod blev den islandske udgave af den uddelt til begge biskopper, stiftamtmanden og amtmanden, 650 eksemplarer til hver af dem, og de blev anmodet om at lade den oplæse i alle kirker og tingsteder i landet og distribuere den.[2] Det viste sig også, at befolkningen kendte denne forordning udmærket, og mange har henvist til den i deres breve til Landkommissionen. I 74 breve, som alle regnes for breve fra almuen, henvises der 30 gange til "forordning af den 15. maj 1770", som brevskriverne siger, at de enten har set eller hørt om.[3] I ét brev fra repstyrere og bønder i Fljót i Skagafjörður fås bekræftet, at forordningen er blevet oplæst ved messen, som det var meningen, for der står: "nævnte forordning er blevet oplæst for os fra prædikestolen og derefter afsendt."[4] I et andet brev fra repstyrere og bønder i Sandvíkurrep i Árnessyssel er der så et eksempel på, at forordningen ikke er bekendtgjort for indbyggerne. Brevet skriver de sent i maj

[1] *Lovsamling for Island* III, s. 657. (Forordning ang. den islandske Landcommission, Amts-Inddelingen m.v., 15.5.1770).

[2] *Lovsamling for Island* III, s. 655 (fodnote); *ÞÍ*. Rtk. B2/41–18. Biskop Gísli Magnússons brev til Rentekammeret, den 18.9.1770. Gísli Magnússon siger, at han har fået 656 eksemplarer af forordningen, oplæst den på prædikestolen og uddelt den til lærde og læge i bispedømmet. 650 eksemplarer var på islandsk og 6 på dansk. Dette giver i alt 2.600 eksemplarer på islandsk og 24 på dansk. Jf. *Nordatlanten og Troperne. Forvaltningshistoriske kilder fra Færøerne, Grønland, Island og Tropekolonierne*. Kilder til dansk forvaltningshistorie V. Red. Erik Nørr og Jesper Thomassen, København 2007, s. 221.

[3] Af disse 30 angiver to en forkert dato, den 1. maj 1770: *ÞÍ*. Rtk. D3/3–10. Hans J. Klingenberg på Kross på Akranes skriver om retsvæsenet 9.4.1771. Lit. XX. N° 3, og den 13. maj 1770 i brevet: *ÞÍ*. Rtk. D3/4–37. Repstyrere og bønder fra Landeyjar skriver om fårepesten, stor gæld og andet, der plager dem 23.05.1771. Lit. Gg. N° 5.

[4] *ÞÍ*. Rtk. D3/5–33. Repstyrere og bønder i Fljót skriver om egnens tilstand 20.04.1771. Lit. Pp. N° 8; Harald Gustafsson, *Mellan kung och allmoge*, s. 114. Der er ikke fundet kilder i sysselmændenes doms- og tingprotokoller om, at forordningen er blevet oplæst på mandtalsting, som det var skik angående mange kongelige forordninger. Det kunne imidlertid ikke ske før i foråret 1771, fordi mandtalstingene normalt blev afholdt om foråret, og det havde nok været ret sent, for kommissionen rejste hjem samme efterår.

1771, og de undskylder, hvor sent de skriver, med, at de har ventet på at høre nærmere om "forordningen om den beskikkede Commission", og tilføjer så: "men her kommer enda ej et ord fra øvrighederne, om mand skal noget sige eller tie."[1] Af den høje andel af dem, der henviser direkte til forordningen, kan man dog udlede, at man i almindelighed har sørget godt for at præsentere kommissionen for Islands befolkning.

LANDKOMMISSIONENS INSTRUKS

Landkommissionens opgaver eller de forhold, som den specielt skulle undersøge, blev optalt omhyggeligt i dens instruks, som blev udsendt den 22. maj 1770. Den bestod af 18 punkter, og den foreskriver nøjagtigt, hvad der skulle være dens opgaver, og den er derfor en vigtig kilde om kommissionens arbejde, foruden at den giver god indsigt i, hvilke forestillinger regeringen havde om fremskridt i Island. Det må derfor være på sin plads at give en oversigt over den her.

Uddrag af Instruks til Landkommissionen den 22. maj 1770.[2]

1. *Folketal.* Kommissionen skulle undersøge de vigtigste årsager til den nedgang i folketal, der var sket i landet siden århundredets begyndelse, og fremsætte forslag til løsning. I den forbindelse skulle kommissionsmedlemmerne især undersøge fire forhold:
   a) *Store jorders opdeling* til flere mindre for at give et større udbud af jorder.
   b) *Udvidelse af antallet af husmænd* for at nedbringe antallet af tjenestefolk.

[1] *PÍ.* Rtk. D3/4–19. Repstyrere og bønder i Sandvíkurrep skriver om områdets trange kår 25.5.1771. Lit. Dd.; Harald Gustafsson, *Mellan kung och allmoge*, s. 114.

[2] *Lovsamling for Island* III, s. 665–677. (Instruction for den islandske Landcommission, 22.5.1770). Se også: Jón Eiríksson, "Forberedelse." Ólafur Olavius, *Oeconomisk Reise igiennem de nordvestlige, nordlige og nordostlige Kanter af Island […] tilligemed Ole Henchels Underretning om de Islandske Svovel-Miiner og Svovel-Raffinering, samt Vice-Markscheider Christian Zieners Beskrivelse over nogle Surterbrands-Fielde i Island. Første Deel,* København 1780, s. VII–XIV; Bergsteinn Jónsson, "Inngangur", *Landsnefndin 1770–1771* I, s. 12–18; Harald Gustafsson, *Mellan kung och allmoge*, s. 104–106; Lýður Björnsson, "18. öldin", *Saga Íslands* VIII. Ritstj. Sigurður Líndal og Magnús Lyngdal Magnússon, Reykjavík 2006, s. 180–181; *Nordatlanten og Troperne*, s. 222–223.

c) *Bebyggelse af ødegårde og øde bygdelag.* Undersøge mulige steder rundt om i landet, der havde været bebygget i tidligere tid. Følgende steder nævnes specielt: Langavatnsdalur, Geitland, den inderste del af Álftafjörður på Snæfellsnes, Reykjarfjörður på Strandir, Strandir i almindelighed, Hrafnkelsdalur og Möðrudalur.
d) *Opmuntring og lettelse.* Fremsætte forslag om indsatser for at opmuntre unge til at slå sig ned på ødegårde.

[3] *ÞÍ*. Rtk. F/93–1. Reikningar Jarðabókarsjóðs 1770. N° 169. (Den kongelige Commissions Reise-Omkostninger udi Island pro Anno 1770 & 1771). Nánar um reikninginn, sjá grein hér að framan: „Landsnefndin fyrri og verkefni hennar.“

frá honum séu á íslensku. Einungis eitt bréf frá almenningi er á dönsku en það er frá dönskum manni, sem búsettur var hér á landi, Hans J. Klingenberg á Krossi á Akranesi (lit. XX. N° 3). Margir prestar skrifuðu einnig á íslensku eða um tveir af hverjum þremur. (Nánar tilgreint í: „Skrá yfir skjalasafn Landsnefndarinnar fyrri“).

Mörg íslensku bréfin voru síðan þýdd jafnóðum á dönsku af Eyjólfi Jónssyni ritara og liggur þýðingin venjulega við hlið bréfsins í skjalasafninu og er bundin við það. Ekki hefur honum þó enst tími til að þýða þau öll en af 100 bréfum sem nefndin fékk á íslensku hafa 55 verið þýdd strax við viðtöku. Aðallega eru það bréf sem skilað var til nefndarinnar sumarið 1771 sem ekki voru þýdd. (Nánar tilgreint í: „Skrá yfir skjalasafn Landsnefndarinnar fyrri“).

Nokkur hluti skjalasafnsins hefur varðveist í afritum í skjalasafni stiftamtmanns og hefur Eyjólfur ritari væntanlega einnig séð um að afrita þessi bréf sem eru yfirleitt með innsigli hans eða a.m.k. staðfestingu hans á að rétt sé afritað. Á þetta bæði við um bréfabókina, fundargerðabókina og hluta innkominna bréfa sem nefndinni bárust á meðan hún var á Íslandi. Ekki hafa þó nærri öll bréfin verið afrituð eins og stóð til í upphafi. Þetta afsakar nefndin í bréfi til stiftamtmanns 15. ágúst 1771 með því að ekki hafi unnist tími til þess og bætir við að efni þeirra sé líka mikið endurtekning á því sem þegar hafi komið fram í öðrum bréfum.[1] Síðustu bréfin sem Eyjólfur þýðir og afritar eru 12 bréf úr Þingeyjarsýslu og eitt úr Húnavatnssýslu sem nefndin fékk afhent á Alþingi sumarið 1771. Þau eru einungis varðveitt í útdrætti en ekki þýdd og afrituð í heilu lagi eins og önnur bréf, sem líklega stafar af tímaþröng sem nefndin var komin í, því farið var að styttast í að hún færi af landi brott.

ÞJÓÐFÉLAGSSTAÐA BRÉFRITARA

Nefndinni bárust alls 183 bréf og greinargerðir sem skiptast þannig að 71 bréf má telja til embættismannabréfa að meðtöldum bréfum frá sýslumönnum,[2] tvö frá kaupmönnum, 36 frá próföstum og prestum og 74 frá almenningi (sjá töflu 2). Margir embættismenn, og sumir

[1] *ÞÍ.* Rtk. D3/1–12. Bréfabók Landsnefndarinnar fyrri 1770–1771. Bréf til Thodals stiftamtmanns 15.8.1771. Lit. B. N° 50.

[2] Vissulega voru sýslumenn einnig embættismenn en hér er iðulega fjallað um þá sem sérstakan hóp aðgreindan frá öðrum embættismönnum.

prestar, skrifuðu gjarnan þrjár til fjórar greinargerðir hver á meðan algengt var meðal almennings að hópur manna tæki sig saman, gjarnan 5 til 15 manns, og skrifaði eitt sameiginlegt bréf. Heildarfjöldi þeirra einstaklinga sem rituðu nafn sitt undir bréf til nefndarinnar var þannig mun meiri en bréfafjöldinn eða 631 maður sem er ríflega 1% þjóðarinnar á þeim tíma.[1] Þetta eru 29 embættismenn ásamt sýslumönnum, tveir kaupmenn, 47 prófastar og prestar og 553 almúgamenn. Níu bréfanna voru send inn nafnlaus og af flestum þeirra má ráða að hópur fólks hafi staðið að þeim. Hve margir til viðbótar þessum 631 það eru er að sjálfsögðu ekki hægt að vita.

Til þess að fá skýrari mynd af þjóðfélagsstöðu þeirra sem rituðu nefndinni hafa bréfin verið flokkuð í 12 mismunandi flokka eftir stöðu bréfritara (sbr. töflu 2) en einn bréfritari telst hér vera einstaklingur eða hópur manna án tillits til hve mörg bréf viðkomandi sendi eða hve margir skrifuðu undir bréfið. Óundirritað bréf telst einnig sem einn bréfritari.[2] Heildarfjöldi bréfritara var þannig 130, þ.e. 27 embætti- og sýslumenn, tveir kaupmenn, 27 prófastar og prestar og 74 almúgamenn. Bréfin voru svo að sjálfsögðu mjög mismunandi að lengd og er almenna reglan að embættismannabréfin eru mun meiri að vöxtum en bréf frá almenningi.[3] Þess ber að geta að öll bréfin eru frá körlum. Enginn fulltrúi kvenna er meðal bréfritara enda hafa þær fæstar haft skriftarkunnáttu á valdi sínu á þessum tíma. Í bréfunum koma því strangt til tekið ekki fram sjónarmið nema um helmings þjóðarinnar eða kannski varla það því að við nánari skoðun kemur í ljós að stór hluti bréfanna er frá hreppstjórum og betur stæðum bændum. Skal nú vikið að hverjum hópi bréfritara fyrir sig.

Af þessum 183 bréfum eru 44 frá embættismönnum. Þar af 37 bréf frá sex æðstu embættismönnum landsins en margir þeirra skrifuðu gjarnan þrjár til fjórar eða fleiri greinargerðir hver. Þetta eru þeir Ólafur Stephensen amtmaður, Finnur Jónsson Skálholtsbiskup, Gísli Magnús-

[1] Þetta eru töluvert fleiri en Harald Gustafsson taldi í sinni rannsókn en hann segir heildarfjölda undirritaðra nafna vera 576. Sjá: Harald Gustafsson, *Mellan kung och allmoge*, s. 116. Honum hafa væntanlega yfirsést nokkur bréf sem færð höfðu verið í bréfasafn rentukammers. Það skýrir þó ekki allan mismuninn.

[2] Gert á sama hátt og Harald Gustafsson, sjá: Harald Gustafsson, *Mellan kung och allmoge*, s. 115.

[3] Alls tæplega 1.700 síður frá embættismönnum á móti um 300 frá prestum og 330 frá almenningi, sbr. töflu 1.

Tafla 2. Fjöldi bréfa, undirskrifta og bréfritara eftir þjóðfélagsstöðu.

	Fjöldi bréfa	Fjöldi undirskrifta	Fjöldi bréfritara
Háembættismenn	37	6	6
Aðrir embættismenn	7	5	5
Sýslumenn og aðstoðarsýslumenn	27	18	16
Kaupmenn	2	2	2
Prófastar og prestar	36	47	27
Hreppstjórar	23	66	23
Hreppstjórar ásamt hópi bænda	27	396	27
Bændur	9	15	9
Bændur og hjáleigumenn	3	29	3
Hjáleigumenn	5	24	5
Handverksfólk	3	23	3
Óvíst	4	0	4
	183	**631**	**130**
Embættismenn og sýslumenn	71	29	27
Kaupmenn	2	2	2
Prófastar og prestar	36	47	27
Almenningur / allir aðrir	74	553	74
	183	**631**	**130**

Heimild: *ÞÍ*. Rtk. D3/1–D3/8. Skjöl Landsnefndarinnar fyrri 1770–1771. Sjá einnig: „Skrá yfir skjalasafn Landsnefndarinnar fyrri“ hér að framan.

son Hólabiskup, Skúli Magnússon landfógeti, Björn Markússon og Sveinn Sölvason lögmenn. Flest bréf skrifuðu Finnur Jónsson biskup, níu að tölu, og Sveinn Sölvason lögmaður, 10 talsins. Í blaðsíðum talið er hins vegar mest efni komið frá Skúla Magnússyni landfógeta eða 375 síður (tvær greinargerðir). Þar á eftir koma Magnús Ketilsson sýslumaður í Dalasýslu og Finnur biskup, hvor um sig með um 180 síður. Skrift Magnúsar er mjög smá og þétt og er hann á sínum 180 síðum heldur orðfleiri en Skúli fógeti á sínum 375 síðum. Þeir frændurnir eiga því heiðurinn af því að hafa sent mest efni til nefndarinnar.[1] Fimm aðrir

[1] Magnús var systursonur Skúla. Greinargerðir Skúla eru samtals um 53.400 orð og Magnúsar um 57.200.

embættismenn, þ.e. varalögmennirnir Magnús Ólafsson og Jón Ólafsson, Bjarni Pálsson landlæknir, Björn Jónsson lyfsali og Bjarni Jónsson rektor Skálholtsskóla, sendu samtals sjö bréf og greinargerðir. Frá 15 sýslumönnum ásamt þremur aðstoðarsýslumönnum bárust 27 lengri og styttri greinargerðir. Eftir standa fimm sýslumenn sem sendu ekki neitt frá sér, sem er nokkuð eftirtektarvert þar sem nefndin hafði sent þeim öllum ákveðna spurningalista og hvatt þá til að skrifa. Þetta voru þeir Páll Axelsson í Hnappadalssýslu, Davíð Scheving í Barðastrandarsýslu, Jón Snorrason í Skagafjarðarsýslu, Jón Helgason í Austur-Skaftafellssýslu og Sigurður Sigurðarson í Vestmannaeyjum sem þá var sérstök sýsla. Fulltrúar bréfritara úr kaupmannsstétt voru tveir, þeir Dines Jespersen, kaupmaður á Patreksfirði, og Hans Weinwitz fiskverkandi hjá versluninni á Bíldudal.

Prófastar og prestar sendu alls inn 36 bréf og greinargerðir. Sumir þeirra rituðu fleiri en eitt bréf eins og t.d. Árni Þórarinsson á Seltjarnarnesi sem ritaði tvær langar greinargerðir og eina minni auk skýrslu um fædda og dána í sókninni og Guðlaugur Þorgeirsson í Görðum á Álftanesi sem sendi inn tvær viðamiklar greinargerðir og skýrslu um fædda og dána. Aðrir, eins og t.d. prófastar og prestar í Múlasýslum, Skaftafellssýslum og Rangárvallasýslu, sendu margir saman eina greinargerð. Prófastarnir hafa væntanlega yfirleitt staðið fyrir þeim skrifum. Heildarfjöldi þeirra prófasta og presta sem stóðu að þessum 36 bréfum var þannig 47. Það er um fjórði hver prestur ef gert er ráð fyrir að um 190 prestaköll hafi verið í landinu á þessum tíma.[1] Tvö óundirrituð bréf eru talin með hér sem bæði eru á dönsku svo að bréfritarar hafa sýnilega verið lærðir menn.[2] Af efni annars þess er augljóst að það er ritað af presti, þ.e. fjallar mest um húsaga og kirkjuleg málefni en óvíst er hvar á landinu það er ritað (lit. T. N° 1). Af efni hins bréfsins má ráða að það sé ritað í Borgarfirði (án lit. nr. og án dags.). Það fjallar um kjör miðlungsstöndugra og fátækra bænda og því verður að teljast

[1] Árið 1748 töldust prestaköll í landinu vera 191. *Lovsamling for Island* II. 1721–1748. Samlet og udgivet af Oddgeir Stephensen og Jón Sigurðsson, København 1853, s. 701–712. (Specification paa alle Præstekalde og deres Revenüer paa Island, 1748); Björk Ingimundardóttir, Prestaköll, sóknir og prófastsdæmi á Íslandi. Handrit í eigu höfundar.

[2] *ÞÍ.* Rtk. D3/2–1. Óundirrituð álitsgerð um húsaga, brúðkaup og jarðarfarir ásamt fleiru [án dags.] 1770. Lit. T. N° 1; D3/6–12. Óundirritað bréf úr Borgarfirði um kjör alþýðu [án dags. 1770/1771]. Án lit. nr.

ósennilegt að sýslumaður eða annar embættismaður hafi ritað það. Varla er það ritað af almúgamanni vegna dönskunnar. Það væri þá eina dæmið í öllum skrifum til Landsnefndarinnar um að íslenskur almúgamaður hafi ritað á dönsku. Miklu sennilegra er að hér sé um að ræða prest sem lýsir kjörum alþýðunnar í sinni sveit.

Ljóst var í upphafi að hreppstjórar einir og sér hafa staðið að ritun a.m.k. níu bréfa en það má ráða bæði af undirskriftunum og bréfunum sjálfum, þ.e. það segir beinlínis í bréfunum að ritarar séu hreppstjórar í tilteknum hreppi. Við lestur bréfanna vaknaði strax sá grunur að bréf frá hreppstjórum væru mun fleiri en hér kemur fram og því var lagst í frekari athugun en yfirleitt koma ekki fram neinar upplýsingar um bréfritarana nema nöfnin ein og hvar bréfið var ritað. Nú eru heimildir um hreppstjóra á þessum tíma mjög takmarkaðar og var því farin sú leið að fletta dóma- og þingbókum sýslumanna og leitað að því hverjir hefðu verið þingvottar á manntalsþingum í viðkomandi þinghá árin 1769, 1770 og 1771 en ætla má að hreppstjórar hafi almennt valist til þingvotta. Það er þó ekki nærri alltaf augljóst af dóma- og þingbókunum sjálfum nema í dóma- og þingbók Guðmundar Runólfssonar, sýslumanns í Gullbringu- og Kjósarsýslu.[1] Því var einnig ráðist í að fletta upp öllum bréfriturunum í gagnagrunninum Íslendingabók og mátti þar stundum fá frekari staðfestingu á að viðkomandi hefði verið hreppstjóri.[2] Þingvottar voru átta á hverju þingi en hreppstjórar yfirleitt þrír til fimm í hverjum hreppi, þannig að þingvottarnir hafa líklega verið hreppstjórarnir ásamt einhverjum fleiri betri bændum. Er skemmst frá því að segja að mikil fylgni var hér á milli, þ.e. bréfritarar til Landsnefndarinnar fyrri voru mjög oft þingvottar á manntalsþingum árin 1769–1771. Sem dæmi má nefna að af 82 undirrituðum nöfnum á bréfum úr Skagafirði fundust 42 sem þingvottar á umræddum árum og af 182 undirskriftum á bréfum úr Árnessýslu fundust 83 þingvottar sömu ár.[3] Stundum má líka sjá í þingbókunum hvenær viðkomandi var skipaður hreppstjóri eða hvenær hann lét af hreppstjórn. Að þessari könnun lokinni má ætla að hreppstjórar hafi staðið að ritun a.m.k. 23

[1] Þar er tekið fram að viðkomandi þingvottur sé hreppstjóri, lögréttumaður, bóndi o.s.frv. *ÞÍ*. Sýsl. Gull. og Kjós. GA/4–1. Dóma- og þingbók 1763–1775.

[2] *Vef*. www.islendingabok.is.

[3] *ÞÍ*. Sýsl. Skag. GA/3–2. Dóma- og þingbók 1769–1783, s. 4–34, 89–143; *ÞÍ*. Sýsl. Árn. GA/11–1. Dóma- og þingbók 1767–1774, s. 95–105, 146–153, 164–175.

bréfa með 66 undirrituðum nöfnum (sbr. töflu 2). Oftast rita tveir til fimm menn nöfn sín undir bréfin sem öll fjalla um málefni viðkomandi sveitar eða hrepps. Önnur eru með persónulegri blæ þar sem menn ræða eigin vandræði fremur en sveitarinnar en reyndust eigi að síður vera frá hreppstjórum við nánari eftirgrennslan. Dæmi um þetta er bréf Jóns Ólafssonar í Réttarholti í Skagafirði (lit. ZZ. N° 4) sem fjallar mest um vandræði hans vegna fjárpestarinnar sem drepið hafði stóran hluta af bústofninum en landsdrottinn, sem var biskupsstólinn á Hólum, sýndi enga vægð við innheimtu afgjalda og leigugjalds þrátt fyrir það. Jón er sagður bóndi, hreppstjóri og smiður í Íslendingabók og var þingvottur á manntalsþingum að Ökrum í Blönduhlíð árin 1769–1771.[1] Sumir þeirra manna, sem hér koma fram, voru miklir efnamenn eins og t.d. Guðmundur Björnsson í Höfnum á Skaga (lit. Oo. N° 5[b]) sem sagður er hafa verið umsvifamikill efnamaður og kallaður Skagakóngur meðan hann bjó þar.[2] Hann var þingvottur á öllum manntalsþingum á Vindhæli árin 1769–1771.[3]

Þá eru mjög mörg bréfanna undirrituð af hópi manna, stundum úr heilu sveitunum. Mörg þessara bréfa eru rituð í nafni „þessa hrepps innbyggjenda“ eða „sveitarinnar innbúenda“ og fjalla um málefni viðkomandi sveitar. Ljóst er að hreppstjórar viðkomandi sveita hafa einnig komið að ritun þessara bréfa í langflestum tilvikum. Þessi bréf voru sett í flokkinn hreppstjórar ásamt hópi bænda. Þetta eru 27 bréf með samtals 396 undirskriftum. Flestar undirskriftir undir einu bréfi eru 37 frá bændum í Fljótshlíð í Rangárvallasýslu og 33 frá bændum í Landeyjum í sömu sýslu (lit. Gg. N° 5 og 6). Tvö bréf í þessum flokki eru nafnlaus, eitt „skrifað í Vatnsdal innan Húnavatnssýslu“ og annað „samþykkt af Höfðastrandarhrepps innbyggjendum“ (lit. Oo. N° 2 og lit. Pp. N° 4) en af efni bréfanna að dæma er langlíklegast að hreppstjórar ásamt ótilgreindum hópi bænda hafi staðið að þeim. Saman mynda bréf frá annars vegar hreppstjórum og hins vegar hreppstjórum

[1] *Vef*. www.islendingabok.is (skoðað í ágúst 2015); *ÞÍ*. Sýsl. Skag. GA/3–2. Dóma- og þingbók 1769–1783, s. 26, 99, 143.

[2] *Íslenzkar æviskrár frá landnámstímum til ársloka 1940*. V. bindi. Tínt hefir saman Páll Eggert Ólason, Reykjavík 1952, s. 334; Magnús Björnsson, „Hafnamenn á Skaga“, *Búsæld og barningur. Svipir og sagnir* IV. Reykjavík 1955, s. 126–128.

[3] *ÞÍ*. Sýsl. Hún. GA/4–1. Dóma- og þingbók 1760–1770, s. 302, 356; GA/4–2. Dóma- og þingbók 1770–1781, s. 23.

ásamt hópi bænda langstærstan hóp bréfritara, eða 50 bréf frá 462 einstaklingum. Athyglisvert er hve hreppstjórar bregðast vel við þessu tækifæri til að koma skoðunum sínum á framfæri við embættismenn konungs í ljósi þess að þeim var ekki ætlað neitt sérstakt hlutverk eða þeir hvattir opinberlega umfram aðra til að skrifa nefndinni. Greinilegt er að hreppstjórar hafa gjarnan litið á sig sem sjálfsagða talsmenn sveitanna við þetta tilefni. Góð viðbrögð hreppstjóra í Þingeyjarsýslu má hins vegar rekja til þess að aðstoðarsýslumaðurinn, Vigfús Jónsson, hafði skrifað þeim og hvatt þá til að skrifa nefndinni.[1]

Sér í hóp flokkast svo bréf frá óbreyttum bændum sem engar heimildir fundust um að hefðu gegnt hreppstjóraembætti og kallast sá hópur einfaldlega bændur. Er hér átt við bændur á lögbýlisjörðum en ekki hjáleigubændur. Frá þessum hópi bárust níu bréf undirrituð af 15 bændum. Yfirleitt eru þetta bréf frá einstaklingum eða bréf sem tveir til fjórir nafngreindir menn skrifa saman. Þau eru gjarnan með persónulegri blæ þar sem menn ræða kjör sín og aðstæður fremur en sveitarinnar allrar eða landsins. Sem dæmi má nefna bréf Hans J. Klingenbergs á Krossi á Akranesi en hann skrifar stutta en harðorða lýsingu á réttarfari í landinu en sjálfur stóð hann í töluverðu málaþrasi á þessum tíma vegna jarðarinnar Tungu í Andakíl.[2] Nokkrum árum áður hafði hann auk þess verið dæmdur fyrir illmælgi um Magnús Gíslason amtmann.[3]

Hjáleigubændur og „kotmenn“, eins og bréfritarar á Kjalarnesi kalla sig, hafa líka sína fulltrúa meðal bréfritara, þó að þeir séu mun

[1] *ÞÍ.* Rtk. D3/5, arkir 38–49. Tólf bréf frá hreppstjórum og bændum í Þingeyjarsýslu 25.5–29.6.1771. Lit. Rr. N° 1–12. Sjá einkum: Lit. N° 6–7, 9 og 12 sem öll vísa til þess að sýslumaður hafi hvatt bréfritara til að skrifa nefndinni. Vigfús Jónsson var aðstoðarmaður sýslumanns á þessum tíma en sinnti mörgum helstu sýsluverkum vegna veikinda sýslumannsins Jóns Benediktssonar. Bréfritararnir fjórir sem nefna Vigfús til sögunnar kalla hann hins vegar allir „hr. sýslumanninn“. Bréfabók sýslumannsins í Þingeyjarsýslu frá þessum tíma hefur ekki varðveist og því óvíst hvað fram kom í bréfi hans.

[2] *ÞÍ.* Rtk. D3/3–10. Hans J. Klingenberg á Krossi á Akranesi skrifar um réttarfar 9.4.1771. Lit. XX N° 3. Sjá einnig: *Alþingisbækur Íslands* XV. 1766–1780. Gunnar Sveinsson sá um útgáfu, Reykjavík 1982, s. 82–83, 121, 126–127, 231–236, 248–251.

[3] Það var árið 1761. Sjá: *Alþingisbækur Íslands* XIV. 1751–1765. Gunnar Sveinsson sá um útgáfu, Reykjavík 1977, s. 428–430, 444–445.

færri en hinir hærra settu, en frá þeim bárust fjögur bréf undirrituð af 24 einstaklingum auk eins bréfs frá „hjáleigumönnum Stóru-Háeyrar á Eyrarbakka“ sem er óundirritað. Í bréfinu sjálfu eru hins vegar efnislega talin upp 14 nöfn hjáleigumanna og fjögurra húsmanna. Þetta er eina bréfið í öllum skrifum til nefndarinnar þar sem nöfn kvenna verða sýnileg en tvær hjáleigukonur eru taldar upp þar, þær Ingveldur ekkja og Ólöf Bergsdóttir ekkja (lit. Cc. N° 1). Bréfið er hins vegar óundirritað og alveg óvíst að þær hafi komið að ritun þess. Öll fimm bréfin, sem hér um ræðir, eiga það síðan sammerkt að lýsa þröngum kosti hjáleigubænda gagnvart ábúandanum á heimajörðinni.

Þrjú dæmi má svo finna þess að bændur á lögbýlisjörðum og hjáleigumenn hafi skrifað bréf saman, alls 29 manns, en ekki reyndist alltaf unnt að finna út hver er hvað í þessum bréfum, þ.e. hvort viðkomandi var bóndi á lögbýli eða hjáleigu. Þetta eru fimm menn á Seltjarnarnesi (lit. PP), 15 manns á Akranesi (lit. L)[1] og níu manns á jörðum og hjáleigum Gaulverjabæjarkirkju (lit. ZZ. N° 11[b]). Eitthvað af þessu fólki kann jafnvel að hafa verið í húsmennsku þó að það komi ekki fram í bréfunum og finnist ekki í öðrum heimildum. Af handverksfólki sendu starfsmenn og fyrrverandi starfsmenn Innréttinganna í Reykjavík þrjú bréf með 23 undirrituðum nöfnum samtals (lit. M. N° 1 og 2, lit. VV).

Fjögur bréf til viðbótar voru send inn nafnlaus þannig að erfitt reyndist að skipa þeim í flokk eftir þjóðfélagsstöðu bréfritara en eru samt augljóslega rituð af almúgafólki. Þessi bréf voru sett í flokkinn óvíst. Ritarar eins bréfsins kalla sig „Íslands fátæklingar“ og er það líklega skrifað á Suðvesturlandi, sennilega af vinnufólki eða a.m.k. fyrir hönd þess. Þar er fjallað um kjör vinnuhjúa í landinu almennt og er þetta eina bréfið, sem nefndinni barst, sem beinlínis lýsir viðhorfum þeirrar stéttar.[2] Það er líka eina bréfið þar sem vottar aðeins fyrir sjónarmiðum kvenna þar sem kjörum vinnukvenna er lýst svo að þær þurfi að ganga að vefum sínum „berar og blóðugar á handleggjum“ í þröngum og köldum húsum. Annað bréfið er úr Gullbringusýslu, undirritað af „Íslands vesalingum“, þar sem mjög er deilt á réttarfarið og kvartað

[1] Um þessa 15 menn, sjá: Gunnlaugur Haraldsson, *Saga Akraness* II. *Átjánda öldin*. Akranes 2011, s. 154–155.

[2] *ÞÍ*. Rtk. D3/3–4. „Íslands fátæklingar“ skýra frá kjörum sínum 16.4.1771. Lit. SS. Sjá einnig: Hrefna Róbertsdóttir, „Amtmaður og Íslands fátæklingar“, s. 4–7.

undan valdníðslu sýslumanna (lit. Ss. N° 1). Þriðja bréfið er ritað á Norðurlandi, líklega Húnavatnssýslu af efni bréfsins að dæma. Lýsir það sjónarmiðum fátækra bænda sem telja sig kúgaða af yfirvöldum og óska eftir afnámi ýmissa tolla og kvaða (lit. Ss. N° 2). Fjórða bréfið er svo greinilega úr Húnavatnssýslu en undir það kvitta „konungsundirsátar í Húnavatnssýslu“ og fjallar um fjárpestina og dauð kúgildi (lit. Rr. N° 13).

BÚSETA BRÉFRITARA

Flestir þeirra sem skrifuðu nefndinni bjuggu í Gullbringusýslu, eða 20 bréfritarar af 130, og á nálægð nefndarmanna eflaust stóran þátt þar í en þeir höfðu aðsetur í tukthúsinu á Arnarhóli í Reykjavík. Þá er einkennandi fyrir Gullbringusýslu að þaðan komu bréf frá öllum þjóðfélagshópum, jafnt háttsettum embættismönnum sem prestum, hreppstjórum, bændum, handverksfólki og óbreyttum kotungum eða hjáleigubændum (sjá mynd 1). Fast á eftir fylgja íbúar Árnessýslu með 18 bréfritara. Þar var algengast að hreppstjórar ásamt hópi bænda tækju sig saman og skrifuðu eitt sameiginlegt bréf, og eiga allir hreppar sýslunnar sína fulltrúa þar á meðal nema Þingvallasveit[1] og Selvogur. Einnig barst mikið af bréfum af Norðurlandi sem eflaust má að einhverju leyti rekja til ferða nefndarmanna þangað. Úr Húnavatnssýslu komu bréf frá þremur prestum, nokkrum hreppstjórum og hreppstjórum ásamt bændum auk sýslumanns sem öll dreifast nokkuð jafnt yfir sýsluna. Úr Skagafirði komu bréf úr öllum hreppum sýslunnar,[2] ýmist frá hreppstjórum eða hreppstjórum ásamt hópi bænda og er engu líkara en að þar hafi verið um samantekin ráð að ræða en efni margra bréfanna er af svipuðum toga. Mikið er fjallað um dauð leigukúgildi vegna fjárpestarinnar og hver eigi að standa straum af kostnaði við endurnýjun þeirra. Einnig um of há jarðaafgjöld, verðlag á nauðsynjavörum og vetursetu kaupmanna en mikið er deilt á kaup-

[1] Þingvallasveit var sama þingsókn og Grímsneshreppur á þessum tíma en ekki er að sjá að bændur úr Þingvallasveit séu meðal bréfritara í Grímsneshreppi. *PÍ*. Rtk. D3/4–22. Hreppstjórar og bændur í Grímsnesi skrifa um bágindi sveitarinnar 25.5.1771. Lit. Ee. N°2 [b].

[2] Úr Hólahreppi og Viðvíkurhreppi kom eitt sameiginlegt bréf en þessir hreppar voru ein og sama þingháin.



Mynd 1. *Búseta og þjóðfélagsstaða bréfritara Landsnefndarinnar fyrri.*

manninn á Hofsósi og vera kann að framkoma hans í garð Skagfirðinga sé hvatinn að skrifunum. Einnig er áberandi hvað góð svörun var hjá hreppstjórum í Þingeyjarsýslu þó svo að nefndin hafi aldrei farið þar um en þaðan kom a.m.k. eitt bréf úr öllum hreppum nema Skinnastaðahreppi og má rekja það til þess að Vigfús Jónsson aðstoðarsýslumaður hafði skrifað öllum hreppstjórum sýslunnar og hvatt þá til að skrifa nefndinni eins og áður sagði. Tiltölulega fá bréf komu úr Rangárvallasýslu eða átta, helmingurinn frá próföstum og prestum. Nokkur bréf komu af Vesturlandi, fáein frá Vestfjörðum, flest frá embættismönnum, sýslumönnum, kaupmönnum, próföstum og prestum. Sama á við um Múlasýslur og Skaftafellssýslur, þaðan ritaði enginn bréf til nefndarinnar utan sýslumennirnir og nokkrir prófastar og prestar.

Svörun presta í Skálholtsstifti var líka almennt mjög góð sem eflaust má rekja til þess að Finnur Jónsson biskup hafði ritað öllum pró-

föstum umdæmisins bréf og hvatt þá til að skrifa nefndinni.[1] Þar hlýða prestar biskupi sínum vel. Prestar í Múlasýslum hafa skilað sínum greinargerðum til Finns biskups og hann síðan sent þær áfram til nefndarmanna eins og sjá má af bréfi Finns sem fylgir með greinargerðum þeirra.[2] Það sama gerðu einnig nokkrir prestar í Snæfellsnes- og Hnappadalssýslum og Austur-Skaftafellssýslu.[3] Aðrir prestar í Skálholtsbiskupsdæmi sendu tillögur sínar beint til nefndarinnar. Gísli Magnússon Hólabiskup ritaði einnig próföstum í sínu biskupsdæmi og hvatti þá til að skrifa nefndinni en það virðist ekki hafa borið nærri sama árangur hjá honum og kollega hans fyrir sunnan. Engin bréf bárust frá prestum í Skagafirði, Eyjafirði né Þingeyjarsýslu og sætir það óneitanlega nokkurri furðu. Það kann þó að eiga sér skýringu. Í ævisögu sinni segir séra Þorsteinn Pétursson á Staðarbakka í Miðfirði frá því að prófasturinn á Þingeyrum, séra Bjarni Jónsson, hafi kallað saman alla presta í Húnavatnsprófastsdæmi sumarið 1770, eftir skipun biskups, til þess að ráðslaga um skrif frá Landsnefndinni sem biskupi höfðu borist.[4] Prófastur sendi síðan sameiginlegar niðurstöður prestanna á þessari samkomu til biskups sem trúlega hefur notað þær við ritun greinargerðar sinnar til nefndarinnar.[5] Þetta fyrirkomulag brýtur í bága við það sem til var ætlast, að landsmenn gætu sent bréf sín milliliðalaust til nefndarmanna. Í bréfi til biskupanna, dags. 17. júlí 1770, hafði nefndin farið þess á leit við báða biskupana að þeir hvettu presta

[1] Bréfið er dagsett 30. júlí 1770, sbr. *ÞÍ*. Rtk. D3/1–17. Séra Halldór Finnsson í Skálholti og séra Jón Teitsson í Gaulverjabæ skrifa um bjargræðisvegina 9.11.1770. Lit. F. Harald Gustafsson hefur leitað bréfsins í skjalasafni biskups en fann ekki. Harald Gustafsson, *Mellan kung och allmoge*, s. 113 (neðanmálsgrein). Afskrift þess er hins vegar í: *ÞÍ*. Mosfell í Grímsnesi. CD/1. Endurritabók 1746–1785.

[2] *ÞÍ*. Rtk. D3/4–28. Bréf frá Finni Jónssyni Skálholtsbiskupi sem fylgir greinargerðum prófasta í Múlasýslum 29.7.1771. Lit. Ff. N° 4. Greinargerðirnar sjálfar: Lit. Ff. N° 5–7.

[3] *ÞÍ*. Rtk. D3/7–1. Skrá yfir innkomin bréf send til Det kongelige Norske Rentekammer 23.12.1771. 2. B. J. Ref. N° 699.

[4] Þorsteinn Pétursson, *Sjálfsævisaga síra Þorsteins Pétursonar á Staðarbakka*. Haraldur Sigurðsson bjó til prentunar, Reykjavík 1947, s. 349.

[5] Harald Gustafsson, *Mellan kung och allmoge*, s. 113 (neðanmálsgrein). Það er þó ekki að sjá af greinargerðinni sjálfri. *Landsnefndin 1770–1771* I. *Bréf frá nefndinni og álitsgerðir embættismanna*. Sögurit 29. Bergsteinn Jónsson sá um útgáfu, Reykjavík 1958, s. 125–167. (Greinargerð Gísla Magnússonar Hólabiskups til Landsnefndarinnar 25.6.1771. Lit. Yy).

sína til að senda tillögur en skýrt kemur fram í bréfinu að þeir eigi að senda skrifin til nefndarinnar: „indsende til os sine Tanker og Forslage."[1] Þorsteini Péturssyni fannst reyndar ekki mikið til samkomunnar á Þingeyrum koma þar sem fundarmenn áttu að gæta þess að sneiða ekki að hagsmunum konungs í landinu í skrifum sínum. Hann skrifar í ævisögunni:

> Upp á þessi spursmál varð engu merkilegu svarað, því hvergi mátti á taka til hjálpar og liðsinnis prestum né kirkju. Ég vildi láta nefna þar til kóngsjarðir, stólsjarðir, klausturjarðir, eins og gjörzt hafði til forna, hvar til ég leiddi rök og bevísingar. En prófastur minn og prestar voru svo ódjarfir, að þeir þorðu eigi að ympra þar á, því biskup hafði sagt, að þeir skyldu gæta að kóngsins interesses indemnisation [skaðlausra hagsmuna] í allan mögulegan máta. Þessa glósu hafði ég heyrt löngu fyrr og óttaðist hana eigi.[2]

Sjálfur sendi Þorsteinn aðra greinargerð beint til nefndarinnar þar sem hann lýsir hugmyndum sínum um viðreisn landsins ítarlega.[3] Trúlegt er að sami háttur hafi verið hafður á í Skagafirði, Eyjafirði og Þingeyjarsýslu, þ.e. að prestarnir hafi sent biskupi tillögur sínar.[4]

Eins og sjá má er mjög afgerandi að bréf frá almenningi komu nær eingöngu frá þeim svæðum sem nefndin dvaldist á eða fór um, þ.e. Suðvesturlandi, Árnessýslu og Norðurlandi. Stundum virðist það tengjast viðkomustöðum nefndarmanna með beinum hætti. Nefndarmenn fóru t.d. um Krýsuvík vorið 1771 á leið sinni til Eyrarbakka en hjáleigubændur á Krýsuvíkurjörðinni skiluðu einmitt tveimur stuttum bréfum til nefndarinnar á Alþingi þá um sumarið (lit. Hh. N° 2[a–b]). Annars staðar er ekki að sjá skýra tengingu. T.d. komu ekki nein bréf frá Kalmanstungu eða úr uppsveitum Borgarfjarðar þar sem nefndarmenn gistu á báðum leiðum til og frá Norðurlandi né úr Ólafsfirði eða Siglufirði.[5]

[1] *Landsnefndin 1770–1771* I, s. 29. (Bréf nefndarinnar til biskupanna Finns Jónssonar og Gísla Magnússonar hvors í sínu lagi 17.7.1770. Lit. B. N° 14).

[2] Þorsteinn Pétursson, *Sjálfsævisaga síra Þorsteins Péturssonar á Staðarbakka*, s. 349.

[3] *ÞÍ*. Rtk. D3/3–16. Séra Þorsteinn Pétursson á Staðarbakka ritar greinargerð sem hann nefnir „Landbetrunarþanka-nýfundingar" [án dags. 1770/1771]. Lit. ZZ. N° 1.

[4] Leitað var í skjalasafni Hólabiskups í Þjóðskjalasafni að einhverjum bréfum sem gætu staðfest þetta en án árangurs. Lítið hefur varðveist af bréfum í safni biskups frá árunum 1770–1771 og því ómögulegt að fá úr þessu skorið.

[5] Um ferðir nefndarmanna um landið, sjá grein hér að framan: „Landsnefndin fyrri og verkefni hennar."

Séra Guðlaugur Sveinsson á Kirkjubóli, sem Þorkell Fjeldsted gisti hjá á leið sinni til Reykjaness við Ísafjarðardjúp, hafði lokið við að skrifa sínar greinargerðir og komið þeim til skila til nefndarinnar áður en Þorkel bar þar að garði (lit. J. N° 1–2 og lit. DD).

EFNI BRÉFANNA

Segja má að bréfin til Landsnefndarinnar fyrri fjalli um allt milli himins og jarðar. Embættismönnum var ætlað að svara ákveðnum spurningum sem tóku mið af erindisbréfi nefndarinnar en almenningur hafði alveg frjálsar hendur um hvað hann skrifaði. Fyrirframákveðin umfjöllunarefni samkvæmt erindisbréfinu voru fólksfjöldi, heilbrigðismál, fiskveiðar, verslun, kornrækt, landbúnaður, húsdýrahald, jarðeignir konungs, amtsskipan, landvarnir, handverk, námuauður, samgöngur og launverslun.[1] Um sum efni var mikið fjallað en önnur lítið og nokkuð mismunandi var eftir þjóðfélagshópum um hvað var helst skrifað. Algengustu umfjöllunarefnin í bréfum embættismanna, samkvæmt athugun Haralds Gustafssonar, voru verslun og fiskveiðar. Þar á eftir koma umræður um jarðeignir konungs, húsdýrahald og fólksfjölda. Minnst var fjallað um landvarnir og launverslun. Það gerðu bara þeir Finnur Jónsson biskup og Ólafur Stephensen amtmaður en Finnur var sá eini sem fór í gegnum alla 14 liði erindisbréfsins og svaraði hverjum og einum lið fyrir lið. Prestum landsins voru efnahagsmálin líka mjög hugleikin. Þeir fjölluðu sömuleiðis mest um verslunina og þar á eftir landbúnaðarmálin. Þeirra eigin kjör og efnahagur voru svo þriðja algengasta umfjöllunarefnið og næst þar á eftir fátækramál, húsagi og framferði vinnufólks í landinu.[2]

Meðal almennings voru það jarðnæðismál og þá sérstaklega jarðaafgjöld og leigukúgildi sem voru mönnum hugleikin. Af efnisorðaskránni hér aftast má sjá að algengustu umfjöllunarefni bréfa frá almenningi voru leigukúgildi og fjárpestin, oft í samhengi hvort við annað. Á þessum tíma, eða um 1770, hafði fjárpestin sem barst hingað til lands sumarið 1761 á fjárbúið á Elliðavatni breiðst út um mestallt

[1] Nánar um erindisbréfið, sjá grein hér að framan: „Landsnefndin fyrri og verkefni hennar.“ Sjá einnig: Hrefna Róbertsdóttir, „Amtmaður og Íslands fátæklingar“, s. 7; Lýður Björnsson, „18. öldin“, *Saga Íslands* VIII, s. 180–181.

[2] Harald Gustafsson, *Mellan kung och allmoge*, s. 120–121.

Suðurland, austur að Jökulsá á Sólheimasandi, um allt Vesturland og vestanvert Norðurland, allt norður í Eyjafjörð, og valdið mönnum miklum skaða.[1] Málið snerist mest um hver ætti að borga skaðann. Bændur voru oftar en ekki skyldugir að taka hluta af bústofni sínum á leigu með jörðunum og áttu að sjá um að halda þeim við sjálfir sem varð eðlilega ógerlegt við þessar aðstæður. Þetta var „fjármálahrun" þess tíma. Í bréfunum má líka sjá almenna óánægju með leigukúgildin. Menn voru ósáttir við þá skyldu að taka kúgildin á leigu. Jarðirnar báru takmarkaðan fjölda búfjár og mikill fjöldi leigukúgilda á jörð varð til þess að menn gátu aldrei eignast neitt sjálfir. Þá var mikið kvartað yfir að jarðirnar væru af sér gengnar frá því sem var fyrir hálfum til einum mannsaldri en samt stæði jarðaafgjaldið eða landskuldin við það sama og frá fornu fari. Einnig var mjög mikið kvartað undan ýmsum kvöðum og þá sérstaklega svonefndu mannsláni eða skipsáróðri. Almenningur skrifar einnig mikið um verslunina eins og embættismenn en á allt öðrum forsendum. Embættismenn ræða einkum um verslunarfyrirkomulagið og frjálsa verslun, eins og gert var ráð fyrir í erindisbréfi nefndarinnar, en almenningur ræðir frekar um óánægju með einstaka þætti í versluninni, s.s. verðlag á vörum, lélegar vörur, biðtíma í verslunum og ýmis óliðlegheit einstakra kaupmanna auk landprangs og vetursetu kaupmanna. Fundargerðabók nefndarinnar lýkur einmitt með stuttri ályktun um þessi málefni. Nefndarmenn segjast hafa lesið og gaumgæft vandlega öll innkomin bréf frá almenningi sem mest fjalli um þungar byrðar sem landsmenn segjast hafa af kúgildum og mannslánum, ásamt kvörtunum yfir versluninni. Í framhaldi af því leggja þeir til að nokkrir menn, bæði geistlegir og veraldlegir, verði útvaldir hið fyrsta, til að kanna hvort ekki mætti létta þessum kvöðum og kúgildum af jörðum í eigu konungs og kirkju eða láta viðeigandi borgun koma í þeirra stað. Varðandi kvartanir yfir versl-

[1] Um fjárpestina, sjá: Lýður Björnsson, „18. öldin", *Saga Íslands* VIII, s. 152–153; Harald Gustafsson, *Mellan kung och allmoge*, s. 170–208. Af skrifum nefndarinnar má sjá að fjárpestin hafði breiðst út um allan Skagafjörð sumarið 1770 og nokkur tilfelli komið upp í Svarfaðardal. Verið var að gera ráðstafanir til þess að sláturfé þaðan yrði fært til Hofsóss þá um haustið til að koma í veg fyrir að farið yrði með sýkta féð um ósýkt svæði á leið til Akureyrar. *ÞÍ.* Rtk. D3/1–12. Bréfabók Landsnefndarinnar fyrri 1770–1771. Bréf til rentukammers 16.8.1770. Lit. B. N° 19; Bréf til kaupmannsins á Hofsósi 16.8.1770. Lit. B. N° 20.

uninni skyldu innlend yfirvöld áminnt um að fylgja því betur eftir að kaupmenn héldu einokunarskilmála sína.[1]

Margt fleira væri hægt að ræða um innihald bréfanna eins og efnisorðaskráin ber með sér. Rætt er um barnakennslu, garðrækt, kornrækt, hreppstjórn, hvalveiðar, saltfiskverkun, agaleysi vinnufólks, skatta og tolla ýmiss konar svo einhver dæmi séu nefnd en ekki skal fjölyrt meira um það að sinni. Bréfin sjálf bera best vitni um það. Þau gefa innsýn í samfélagið á síðari hluta 18. aldar og eru einstaklega áhugaverðar heimildir um viðhorf fólks til ýmissa þátta samfélagsins á þessum tíma.

[1] *ÞÍ.* Rtk. D3/6–13. Fundargerðabók Landsnefndarinnar fyrri, s. 236–237. Ályktun 14.8.1771.

JÓHANNA Þ. GUÐMUNDSDÓTTIR

Landkommissionens arkiv, brevskriverne, hjemsted og sociale status

Arkivet for Landkommissionen 1770–1771 opbevares nu i Islands Nationalarkiv blandt arkivalier fra Rentekammeret, som var en del af kongens centraladministration i København, der havde udpeget kommissionen, og hvortil den indgav sine akter og forslag til forbedringer. Arkivet er meget omfattende, ca. 4.200 håndskrevne sider.[1] Det kan groft taget opdeles i to dele. På den ene side er der kommissionens akter, dvs. forskellige breve, redegørelser og udkast, som kommissionens medlemmer selv har skrevet, og på den anden side indgåede breve og redegørelser, som er sendt til kommissionen. Akterne fordeler sig sådan, at cirka en tredjedel, knap 1.500 sider, er dokumenter, som kommissionen har skrevet, og to tredjedele er indgåede dokumenter, godt 2.700 sider. Kommissionen modtog i alt 183 breve og redegørelser om mange forskellige forhold foruden 13 særlige redegørelser eller bemærkninger til Þorkell Fjeldsteds udkast til en ny "Politie- og Land-Forordning" for Island.[2] En nærmere opdeling af arkivet efter arkivaliernes art ses i tabel 1.

[1] Arkivet opbevares i otte arkivæsker. *ÞÍ*. Rtk. D3/1–D3/8. Landkommissionens 1770–1771 dokumenter.

[2] På dansk kaldes den således, hvilket tit oversættes til islandsk bogstaveligt. Betegnelsen landstugtsforordning *(landsagatilskipun)* forekommer at beskrive indholdet bedre i islandsk kontekst. Se: Hrefna Róbertsdóttir, "Amtmaður og Íslands fátæklingar. Samfélagssýn í skjalasöfnum Landsnefndarinnar fyrri 1770–1771 og síðari 1785–1787", *4. íslenska söguþingið 7.–10. júní 2012*, s. 2–3 (fodnote). *Web*. http://hdl.handle.net/1946/15279; Helga Hlín Bjarnadóttir, "Húsagi og landsagi á 18. öld. Landsagatilskipun Þorkels Fjeldsted frá 1771", *Arkir. Rit Þjóðskjalasafns Íslands* (under udgivelse). Man kan læse mere om forordningen i: Harald Gustafsson, *Mellan kung och allmoge – ämbetsmän, beslutsprocess och inflytande på 1700-talets Island*. Acta Universitatis Stockholmiensis, Stockholm Studies in History 33. Stockholm 1985, s. 149–161.

Tabel 1. Antal sider i Landkommissionens arkiv efter arkivaliernes art.

1.	Kommissionens papirer:	Sider
	Kopier af breve 1767–1770. Lit. A. N° 1–11.	50
	Brevbog. Lit. B.	102
	Mødeprotokol (forslagsprotokol)	237
	Mødeprotokol på Altinget. Lit. C.	8
	Redegørelse for opgaver	26
	Uddrag og udkast	589
	Forskellige breve	17
	Þorkell Fjeldsteds betænkninger om jordvarme	10
	Udkast til en politiforordning	106
	Danske oversættelser af breve på islandsk	320
	I alt:	1.465
2.	Indsendte breve og redegørelser:	
	Embedsmænd	1.685
	Provster og præster	299
	Almuen / alle andre	332
	Bemærkninger til politiforordningen	421
	I alt:	2.737
	I alt, hele arkivet:	4.202

Arkivalierne er for en stor dels vedkommende skrevet på dansk, for de var skrevet til kongens embedsmænd i Danmark. Det gælder alt, hvad kommissionsmedlemmerne skrev, og størstedelen af brevene fra embedsmænd i Island. Brevene fra almuen er derimod i almindelighed skrevet på islandsk, men mange af dem foreligger også i oversættelse til dansk. En stor del af arkivet er også bevaret i kopier i stiftamtmandens arkiv.[1] Det skyldes, at kommissionen i sit kommissorium blev pålagt straks at sende stiftsamtmanden en kopi af alle dokumenter, som indgik til den, samt kopier af sine egne forslag og breve.[2] I det følgende redegøres der nærmere for opbygningen af Land-

[1] Fire arkivæsker. *PÍ*. Stiftamt. III. 199–202.

[2] *Lovsamling for Island* III. 1749–1772. Samlet og udgivet af Oddgeir Stephensen og Jón Sigurðsson, København 1854, s. 640. (Commissorium til den islandske Landcommission, 20.3.1770).

kommissionens arkiv og for sprog og bevarede kopier. Derefter omtales antallet af breve og opdelingen af dem efter brevskrivernes sociale status og hjemsted. Til sidst beskrives kort indholdet af brevene.

ARKIVETS OPBYGNING

Alle indgåede breve fik såkaldte litrabetegnelser, så snart de kom til kommissionen, og den betegnelse er anført bag på brevene. Mange af kommissionens akter har også fået betegnelser på samme måde. Den form for identifikation af dokumenter var almindelig i administrationen, der havde med dokumenter at gøre på dette tidspunkt, og man gjorde det for at have oversigt over arkivet. Der er tre former for litrabetegnelser i kommissionens arkiv: Litra A–Z, litra AA–ZZ og litra Aa–Zz. Der kommer tit mange numre under hver litrabetegnelse (fx litra A. N° 1). Efter disse betegnelser er brevene derefter ordnet i arkivet, hvilket samtidig svarer nogenlunde til tidsrækkefølgen for, hvornår de indgik til kommissionen. De første breve, som er indført i arkivet på denne måde, er kopier af 11 breve fra årene 1767–1770, som kommissionen fik overdraget, inden den begyndte sit arbejde, og som den skulle studere på sine rejser rundt om i landet.[1] Først og fremmest drejer det sig om landfoged Skúli Magnússons redegørelse om en fri handel fra 1767, som har betegnelsen lit. A. N° 1. De næste breve har så betegnelserne lit. A. N° 2–11.[2] Kommissionens brevbog har betegnelsen lit. B, og Altingets mødeprotokol (Deliberationsprotokol) fra 1770 lit. C. Kommissionens egen mødeprotokol har derimod ikke fået nogen litrabetegnelse. Det første brev, som kommissionen modtog efter ankomsten til Island, er en mandtalsfortegnelse fra biskop Finnur Jónsson i Skálholt, som han overdrog til kommissionen på Altinget i 1770. Den har betegnelsen lit. D. N° 1. Dette litranummer er endvidere indført i kommissionens mødeprotokol, idet hvert møde begynder med opregning af de breve, som kommissionen har modtaget siden sidste møde. Alle indgåede breve opregnes der i række efter litranummer, og

[1] Nærmere om disse 11 breve i foranstående artikel i denne udgivelse: "Landkommissionen 1770–1771 og dens arbejde".

[2] Ni af disse breve, lit. A. N° 3–11, fandtes ikke i kommissionens arkiv, men kopier af dem er fundet i stiftsamtmandens arkiv. *PÍ*. Stiftamt. III. 200.

desuden anføres afsenders navn og datoen for brevets ankomst. Mødeprotokollen er derfor en af de bedste kilder til arkivets omfang, og ved hjælp af den er det nu lykkedes at finde alle brevene, der er indgået i kommissionens arkiv, idet nogle af dem, som nedenfor nævnt, i sin tid blev taget ud af dens arkiv og overført til Rentekammerets arkiv.

Þorkell Fjeldsteds udkast til en ny politiforordning for Island har betegnelsen lit. Uu, og hans redegørelser om jordvarme i Reykhólar i Barðastrandarsyssel og på Reykjanes ved Ísafjarðardjúp med henblik på udvinding af salt har betegnelserne lit. Vv. N° 1–2. De sidste breve, der er indført i protokollen, bærer betegnelserne lit. Zz. N° 1–2 og kommer fra hr. Árni Þórarinsson på Lambastaðir på Seltjarnarnes; de er overbragt til kommissionen på Altinget i sommeren 1771. Endelig er der fundet ét brev uden litrabetegnelse, som heller ikke er indført i mødeprotokollen. Det må sandsynligvis skyldes en forglemmelse hos sekretæren. Brevet opføres her uden litranummer. Der findes desuden eksempler på, at to breve er opført under samme litranummer. Her holdes de adskilt med a og b i skarp parentes. (Se: "Register over Landkommissionens arkiv" tidligere i denne udgivelse. Der er alle breve anført, ordnet efter litrabetegnelse, og deraf ses arkivets oprindelige rækkefølge.)

Nogle breve kom først til kommissionen, efter den var rejst fra Island, og blev eftersendt til København. De breve er ikke indført i mødeprotokollen og fik en anden litrabetegnelse end brevene, der indgik i Island. Denne forsendelse af breve redegør kommissionsmedlemmerne for i en note til Rentekammeret af den 23. december 1771.[1] Disse breve er journaliseret efter journalsystemet, der gjaldt i Rentekammeret på det tidspunkt. Det drejer sig om 14 breve, der alle har journalnummer 2. B. J. Ref. N° 699.[2] Øverst i venstre hjørne på dem er anført datoen 24. dec. 1771, der henviser til den dato, hvor de blev registreret. Efter datoen anføres løbenummer N. 5 (formodentlig den femte bunke breve, der er registreret den dag), og derefter er hvert enkelt brev mærket lit. a, lit. b osv. (se: "Register over Landkommissio-

[1] *ÞÍ.* Rtk. D3/7–1. Fortegnelse over breve indgået til Det Kongelige Norske Rentekammer den 23.12.1771. 2. B. J. Ref. N° 699.

[2] Dvs. 2. B(ureau). J(ournal) Ref(erandorum) nr. 699. / 2. kontor. Brevjournal nr. 699.

nens arkiv"). Dette er journalsystemet, der gjaldt, mens Struensee var ved magten i årene 1770–1772.[1]

Mindst ti breve, som var indgået til kommissionen, blev senere nærmere gennemgået i Rentekammeret. De breve kan kendes på, at de har en dobbelt journalisering, nemlig litrabetegnelsen, som kommissionen havde givet dem og opført i sin mødeprotokol, og journalnummeret, som de fik, da de kom til Rentekammeret. Her kan eksempelvis nævnes et brev fra beboerne i Álftanes om handelen i Hafnarfjörður, som kammeret har undersøgt i forbindelse med en anklage mod handelen (lit. CC). Det brev ligger nu i Rentekammerets arkiv sammen med andre akter, der også vedrører anklagen, og ikke i kommissionens arkiv. Det samme gælder landphysicus Bjarni Pálssons brev om midler mod fårepesten, der er overført til Rentekammerets arkiv (lit. GG). Nu er det lykkedes at finde alle de breve, der var fjernet fra kommissionens arkiv og befandt sig andre steder. Det viste sig sværest at finde et brev fra sysselmanden i Snæfellsnessyssel, Jón Árnason (der skulle være et af de 14 breve, der indgik den 24. dec. 1771 ifølge noten fra den 23. dec. samme år). Trods omfattende eftersøgning er det ikke fundet i Rentekammerets arkiv, men der fandtes en kopi af det i stiftamtmandens arkiv, eftersom han havde fået det til udtalelse, da brevet handler om afgifter på Arnarstapi ombud.[2]

I kommissionens arkiv ligger der også nogle breve fra medlemmerne til Rentekammeret, efter at de var kommet til København. Her kan nævnes en betænkning fra medlemmerne om deres arbejde, afgivet til Rentekammeret den 12. november 1771 (2. B. J. Ref. N° 599). Betænkningen er i store træk en beskrivelse af deres rejser rundt om i landet og til dels et uddrag af mødeprotokollen. Her findes også to breve fra kommissionens medlemmer til kammeret angående betaling af diæter til dem (2. B. J. Ref. N° 521 og 695).

[1] Johann Friedrich Struensee, den sindssyge kong Christian den 7.'s livlæge og rådgiver i hans regering. Han var blevet den mægtigste person i det danske rige i foråret 1770. Han havde et forhold til dronningen. Han blev arresteret i januar 1772, dømt og henrettet den 25. april samme år. Se: Lýður Björnsson, "18. öldin", *Saga Íslands* VIII. Ritstj. Sigurður Líndal og Magnús Lyngdal Magnússon, Reykjavík 2006, s. 10–12.

[2] *ÞÍ*. Stiftamt. III. 29. Det norske Rentekammer til stiftamtmanden, 22.2.1772. 2. B. J. Ref. pr. 72. N° 63. Bilagene derimod mærket: 2. B. J. Ref. N° 699q–t.

Efter ankomsten til København begyndte et omfattende arbejde i Rentekammeret med at bearbejde de akter, som kommissionen havde medbragt. Et resultat af dette er omfattende uddrag af den store mængde breve, som kommissionen havde modtaget, der nu opbevares i en indbunden bog i folio på 474 sider med mange skriverhænder og gennemgående småt skrevet. Uddragene er opdelt i kapitler efter emne, og der henvises altid til vedkommende breve med brevskriverens navn og brevets litrabetegnelse. Denne bog er således nøglen til indholdet af de indkomne breve. Det har været et stort arbejde at foretage disse uddrag, jf. konferensråd i Rentekammeret Jón Eiríkssons bemærkning:

> At extrahere dens Protocoll, og at bringe Indholdet af de mange dertil hørende Betænkninger, Forslage og Indberetninger, i den Orden, som Instructionen havde lagt til Grund, medtog og for fleere end een Person, i meere end eet Aar, alle de Timer, som kunde levnes fra de dagligen løbende Forretninger.[1]

En mængde nye forordninger fulgte i kølvandet af Landkommissionens arbejde, og i dens arkiv ligger der adskillige udkast til forordninger. Her kan først og fremmest nævnes et udkast til en forordning om ødejorder, om gærder og udjævning af tuer, et reskript om vejvæsen, broer og færger, et forbud mod uberettiget fiskeri og handel i Island og en forordning om forpagtning af jorder ejet af kongen. Alle disse forordninger trådte i kraft i Island i 1776.[2] Harald Gustafsson, som har undersøgt behandlingen af ødejordsforordningen, mener dog, at

[1] Jón Eiríksson, "Forberedelse". Olaus Olavius, *Oeconomisk Reise igiennem de nordvestlige nordlige og nordostlige Kanter af Island […] tilligemed Ole Henchels Underretning om de Islandske Svovel-Miiner og Svovel-Raffinering samt Vice-Markscheider Christian Zieners Beskrivelse over nogle Surterbrands-Fielde i Island.* København 1780, s. XV.

[2] Se: *Lovsamling for Island* IV. 1773–1783. Samlet og udgivet af Oddgeir Stephensen og Jón Sigurðsson, København 1854, s. 244–257 (Forordning om Friheder for Bebyggere af øde Jorder i Island, 15.4.1776); s. 278–296 (Forordning om Gjærder og Tuers Jævning, 13.5.1776); s. 266–270 (Reskript til Stiftamtmand Thodal og Amtmand O. Stephensen om Veivæsenet, Broer og Færger i Island, 29.4.1776); s. 217–231 (Anordning og Forbud mod uberettiget Fiskerie og Handel paa Island, 1.4.1776); s. 238–244 (Forordning om Adskilligt vedkommende Forpagtningerne af det kongelige forbeholdne Gods i Island, 15.4.1776). Se også: Lýður Björnsson, "18. öldin", *Saga Íslands* VIII, s. 184–187.

baggrunden for den snarere kan henføres til stiftamtmand Thodal end til Landkommissionen.[1] Der er også et udkast til en anbefaling af, at kongen støttede udgivelsen af et skrift om landbrug af Björn Halldórsson i Sauðlauksdalur[2] og en redegørelse for den bedste måde at søge efter den forladte bebyggelse på Grønlands østkyst samt et overslag over udgifter.

Som nævnt ovenfor har Þorkell Fjeldsteds udkast til en ny politiforordning litrabetegnelsen Uu. Det er indført som modtaget i mødeprotokollen på kommissionens sidste møde i Island den 3. august 1771 sammen med mange andre indgåede breve. Man bør dog ikke betragte det som Fjeldsteds forslag til kommissionen, for det er udarbejdet med "andre kommissionsmedlemmers" samtykke og rubriceres derfor sammen med kommissionens akter.[3] Udkastet blev imidlertid først indleveret til Rentekammeret den 24. marts 1772 og fik journalnummeret 2. B. J. Ref. pr. 72. N° 211. Der lå det cirka tre år, uden at der skete mere med det, men ideen var naturligvis, at det skulle lægges til grund for en ny politiforordning for Island. I april 1775 anmodede kammeret stiftamtmanden om, at man udpegede nogle velrenommerede embedsmænd i Island til at afgive betænkning om udkastet og fremsætte bemærkninger til det.[4] Stiftamtmanden indgav sine bemærkninger samt amtmandens og otte andre islandske embedsmænds bemærkninger til kammeret den 16. september 1777, og de ligger nu alle sammen i Landkommissionens arkiv.[5] Det blev dog ikke til noget med, at man udarbejdede en ny politiforordning, men udkastet og bemærkningerne er ikke desto mindre vigtige kilder til holdningerne til de sagsområder, som forordningen skulle omfatte.[6]

1 Harald Gustafsson, *Mellan kung och allmoge*, s. 134–136.

2 Det drejer sig om skriftet *Atli,* som udkom i 1780 med kongelig støtte, jf. *Lovsamling for Island* IV, s. 464–465 (Kongelig Resolution ang. Udgivelsen af det oeconomiske Skrift Atli, 8.3.1779).

3 Harald Gustafsson, *Mellan kung och allmoge*, s. 149; *Lovsamling for Island* IV, s. 36 (Kongelig Resolution ang. Foranstaltninger til Islands Opkomst, 21.3.1774).

4 Harald Gustafsson, *Mellan kung och allmoge*, s. 153–154.

5 *ÞÍ*. Rtk. D3/8, ark 2–14. Bemærkninger til forslag om en ny politiforordning, I. J. N° 127; Harald Gustafsson, *Mellan kung och allmoge*, s. 155.

6 Harald Gustafsson, *Mellan kung och allmoge*, s. 155–161; Helga Hlín Bjarnadóttir, "Húsagi og landsagi á 18. öld. Landsagatilskipun Þorkels Fjeldsted frá 1771."

Endelig skal her nævnes udgiftsregnskabet fra 1779. Det har ikke nogen litrabetegnelse eller journalnummer og er underskrevet af Møller i Generaltoldkammeret den 15. juni det år. Det drejer sig om et udgiftsregnskab over nogle undersøgelsesekspeditioner og andet oprejsningsarbejde, der blev betalt af kongens kasse i perioden 1770–1779. Udgiftsposterne er følgende:

Landkommissionen 1770–1771.
Saltværket på Reykjanes og i Reykhólar 1772–1778.
Þórður Thoroddis rejse til Uppsala for at lære om dyrkning af korn 1773.
Olaus Olavius' rejser rundt i Island 1775–1777.
Christian Zieners rejse for at undersøge brunkul i Island 1775.
Ole Henchels rejse for at undersøge svovlminer i Island 1775.
Um vorið 1769 byggði[1] hr. landphysicus[2] mér hjáleigu[3] eina hér í Neshverfi, kallað Þýskuhús, og hefi svo verið hér síðan í bágu og fátæklegu standi og mátt allt til þess vorið 1770 róa á húsbóndans skipum og getað svo ei haft úr býtum nema minn einn eigin hlut, af hverjum ég átti að betala[4] í landskuld eftir mitt ábýli 2½ vætt[5] fiska, og þar að auk eftir 1 kúgildi[6] 2 fjórðunga[7] smjörs, auk annarra venjulegra skulda.

Næstliðna vertíð, nefnilega þann 14da maí fékk ég leyfi af mínum húsbónda að vera mér úti um bát og róa honum nær ég sjálfur vildi og betala þar fyrir (auk áðurtéðs) 40 f. í mannslán.[8] Er svo eftirgjaldið eftir áminnsta hjáleigu 1 hndr. 60 f.

Undir svo miklum skuldaþunga er mér nú örfátækum ómögulegt að rísa og mætti sýnast að húsbóndinn kynni skaðlaus vera með minna þar til Ness gelst á ári frá 10 til 12 mannslán. En af sjálfu Nesi galst ei utan 1 meðan þar bændur bjuggu.

Ég átti eftir munnlegu accorde[9] að fá gras fyrir 2 kýr en vegna óræktar, sem áður var í túnið komin, hefi ég ei meir til nota getað haft nema hálfa aðra. Að öllu þessu vel hugleiddu og aðgættu þykir mér mitt ábýli of mikið leigt.

Þó ég vildi gefa mig fyrir vinnumann hjá íslenskum þá dugi ég ei svo sem ber til erfiðis, óvanur og óduglegur til lands- og sjávarvinnu. Mín kærasta er nær 50 ára gömul, lúin og heilsulasin, okkar barn á 12ta ári, enn þá ekki matvinnungur.

En hverninn ég kynni bjargast vil ég nú í stuttu máli útfæra:

1° Ef eftirgjaldið væri nokkuð niðursett, jafnvel bæði á landskuld og mannsláni og nær efnaleysi að þrengdi upp á fiskgjald, að þá mætti gjaldast í öðrum góðum landaurum.

2° Ef ég mætti vera frí frá kúgildinu en eiga þær kýr sjálfur sem ég kynni að heyja fyrir, þar ei hefi meira gras en áður er sagt.

1 Leigði.
2 Bjarni Pálsson (1719–1779) landlæknir.
3 Smábýli, leigt út frá annarri jörð.
4 Borga.
5 Verðeining, 1 vætt = 40 fiskar.
6 Ær og kýr sem leigðar voru með jörðum voru kallaðar kúgildi.
7 Þyngdareining, 1 fjórðungur = tæp 5 kg.
8 Róðrarkvöð. Skylda leiguliða að róa á bátum landeigenda á vertíð í ákveðinn tíma eða sinna flutningum.
9 Samningi.

3° Skyldi ég þar í móti jörðunni til nota og mínum eftirkomurum rækta kálgarð, sá þar í og planta þær helstu og nauðsynlegustu maturtir, undir opsigt monsr. Björns apótekara,[1] hver mér líkt sem faðir barni sínu, hefur undirvísað[2] að fá kunnáttu og skilning þar í. Item gefið fræ og planta eftir ósk minni í þá 2 kálgarða sem ég hefi hér gjört, hvar öngvir áður voru.

4° Ef ég mætti upprétta kersuvefstól[3] hjá mér og fá til hjálpar af fabriqven, við hverja ég svo lengi þjónaði, einn af þeim liðugu smalvefstólum til láns og brúkunar, sem og önnur verkfæri þar að lútandi. Item ull handa minni konu að spinna, fyrir rigtugan betaling á hverja hespu, og það sama garn handa mér að vefa, og svo fyrir betaling af fabriqven eftir réttu accorde.

5° Ef mín jarðaryrkja gæfi mér þá blessan, að ég með framtíðinni kynni að sá til hörs, hvern mín kona hefur lært að hegla[4] og spinna við hörfabriqven, yrði mér vefstóllinn til stórra nota.

Að síðustu mætti ég fá festibréf fyrir mínu ábýli, hvert til dato ei fengið hefi, upp á það ei þyrfti að óttast fyrir að mín jarðaryrkja yrði mér til forgefins, eins og áður er skeð við kálgarðinn í Skálholtskoti, hvern ég byggði í fyrstunni með stóru erfiði, að flytja mold í hann frá Reykjavík svo hann gæfi ávöxt, hvers ég þó ei naut utan eitt ár og síðan ekkert fyrir hann fengið, við hvert erfiði ég þreyttist, ef hrekjast skyldi úr einum stað í annan.

Með þessu móti meina ég, ég kynni að koma mér í stand og lifa rólegu lífi, þá gæti ég kennt mínu barni að næra sig í framtíðinni, bæði með jarðaryrkju á sumurin og með vefnaði á vetrartímanum. Já, hann kynni enn þá betur með aldri að færa meiri ávöxt í reynslu og kunnáttu heldur en ég, sem nú þarf allt til annarra að sækja í undirvísning jarðaryrkjunnar.

Að þessu fyrirmæltu óska ég í undirgefni veleðla hr. Commissarii vildu þetta í beþenking taka og mér ásjá veita, annaðhvert upp á áðurskrifaðan máta eður að ég kæmist að öllu leyti til minnar fyrri profession, svo ég sem þvingaðist til að læra þar mitt handverk gæti af

[1] Björn Jónsson (1738–1798) lyfsali.
[2] Kenna, leiðbeina. Danska *undervise*.
[3] Vefstóll notaður til að vefa ullarefnið kersu í.
[4] Kemba hör.

því sama lifað, það eftir er ævi minnar, sem minn ásetningur var í fyrstunni.

Ég forblíf í stærstu undirgefni.

Þýskuhúsum,
d. 10. Januarii, Anno 1771.

Veleðla Commissariorum
auðmjúkur þénari

Franz Illugason

* * *

[Oversættelse 1771]

Velædle og velvise, kongel. May^ts^ Commissarii i Island![1]

Med denne min ringe skrivelse foraarsages jeg i underdanighed at andrage for Eder de aarsager, hvorfore jeg er kommen i armod og fattigdom, nemlig at 1768 maatte jeg gaae fra fabriqven i Reykewig, hvor jeg havde tjent fra aaret 1753, baade som dreng og sven ved atskillige haandverker, nemlig at brecke, klare, krasse,[2] vinde kjeder[3] og sortere uld, dog særdeeles ved at væve pack, pych, tviffel, item hör og blaar.[4] Men efter at hr. krigsraad Gudmandsen kom til Reykewig, havde han ej saa gode anstalter, at fabriqven kunde være forsynet med tilstrekkelig uld, hvorfore jeg maatte forlade min profession midt paa aaret, og opholde mig paa hvad helst maade jeg kunde, maatte jeg saa baade ubevant og uduelig begive mig til at roe paa söen til livsophold for mig og mine.

Om foraaret 1769 byxlede[5] hr. landphysicus[6] til mig en hjaleye[7] i Neshverf, kaldet Tydskehus,[8] og har jeg siden været her i besværlig

1 Indledningshilsnen er forkortet i oversættelsen.
2 At brække, klare og kradse henviser til forskellige former for kartning af uld.
3 At "rende kæder" er forbundet med arbejdet at sætte vævningen op i væven.
4 Betegnelse for forskellige vævede stoffer. Pack, puck og tviffel er uldstoffer, mens der med hör og blaar henvises til hørlærred og blårgarnslærred.
5 Bygslede, fæstede.
6 Bjarni Pálsson (1719–1779), landphysicus.
7 Afbyggersted. Islandsk *hjáleiga*.
8 Þýskuhús på Seltjarnarnes, Gull.

og fattig tilstand og maattet indtil om foraaret 1770 roe paa husbondens baader og derfor ej kundet beholdt meer end min egen hlött,[1] af hvilken jeg skulde betale landskyld effter min boepæl 2½ vætt[2] fiske og desuden 1 qvilde[3] 2 fo.[4] smör, foruden anden sædvanlig gjæld.

Næstleeden værtid,[5] nemlig den 14de maii fik jeg tilladelse af min husbond at anskaffe mig en baad og roe paa den, naar jeg selv ville og betale derfor, uden forbemelte 40 f. i mandslaan.[6] Og er da afgifften af bemelte hjaleye 1 hndr. 60 fisker.

Nu kan jeg blot fattig ej bære saa svær afgiffts tyngde, og kunde vel synes, at husbonden kunde være skadeslös med mindre, efftersom til Ness betales aarlig fra 10 til 12 mandslaan, men af Nes blev ikkun betalt 1 mandslaan, medens bönder der boede.

Jeg skulde effter mundtlig accord faae græs for 2 kjör, men formedelst vanrögt, som för var kommen i tunet,[7] har jeg ej kundet faae meer end til halvanden. Alt dette vel overveyet og betænkt synes jeg, at min boepæl er for höyt leyet.

Skjöndt jeg vilde give mig for vindemand[8] hos de islandske, da duer jeg ej, som det burte til arbejd, uvant og uduelig til lands og söes arbejd. Min kone er nær 50 aar gammel, trætt og svag, vores barn i det 12 aar kan ej fortjene sin föde.

Men hvorledes jeg kunde hjælpes, vil jeg nu i korthed udföre:

1° Om afgiften var noget nedsat, paa landskyld og mandslaan, og naar man manglede fisk, da maatte betalingen skee i andre gode landöre.[9]

[1] Andel af fiskefangst. Islandsk *hlutur*.

[2] Islandsk værdienhed, som ikke findes tilsvarende på dansk. I de nye oversættelser oversat med vægte. 1 *vætt* = 40 fiske.

[3] Eller (leje)kogilde, en afgift i form af leje på kvæg, der følger ejendommen, men ejes af den, der lejer gården ud.

[4] Fjerding. Måleenhed, 1 fjerding = knapt 5 kg.

[5] Fangst- eller fiskesæson. Islandsk *vertíð*.

[6] Hoveri på fiskebåd. Islandsk *mannslán*.

[7] Hjemmemarken. Indmark eller mark, der ligger hjemme ved gården. Islandsk *tún*.

[8] Tjenestekarl. Islandsk *vinnumaður*.

[9] Fordanskning af det islandske ord *landaurar*, som betyder naturalier tilladt som betalingsmidler efter en takst bestemt af myndighederne.

2° Om jeg maatte være fri for qvilder, men eje de kjör selv jeg kunde avle græs til, efftersom ej har meere græsning end försagt.

3° Skulde jeg derimod, jorden og mine efterkommere til nytte, rögte kaalhauge, saae deri og plante de helste og nödvendigste madurter under mr. Björn apotheqvers[1] opsyn, som har underviset mig ligesom en fader sit barn at opnaa kundskab og forstand derudi samt givet mig fröe og planter effter mit önske i de 2de kaalhauge, som jeg har her gjort, hvor der ingen var för.

4° Om jeg maatte oprette væfstoel til kersey[2] hos mig og faae til hjælp af fabriqven, ved hvilken jeg saa længe tjente, en af de leedige smalvæverstole at laane og bruge, samt andre dertilhörende værktöy. Item uld til min koene at spinde for rigtig betaling af fabriqven effter accord.

5° Om min jorddyrkning gav mig den velsignelse, at jeg med fremtiden kunde saae hör, hvilken min kone har lært at hegle og spinde ved hörfabriqven, kunde vævstoelen komme mig til stor nytte.

For det sidste om jeg maatte faae fæstebrev for min boepæl, hvilket jeg til dato ej har faaet, paa det jeg ikke havde at befrygte, at min jorddyrkning blev mig forgjæves, ligesom för er skeet med kaalhaugen i Skaalholtzkot, den jeg i förstningen opbygde med stort arbejd med at flötte muld i den fra Reykewig, paa det han kunde bringe frugt, hvis jeg dog ikkun nöd et aar og har siden intet faaet for den, ved hvilket arbejde jeg bliver trætt, i fald jeg skulde jages fra det ene stæd til det andet.

Paa denne maade meener jeg at kunde komme i stand og leve roelig, da kunde jeg lære mit barn at nære sig i fremtiden, baade med jorddyrkning om sommeren og væferie om vinteren. Ja, han kunde endnu bedre med aaren före större frugt i erfarenhed og kundskab end jeg, som nu skal söge alt til andre i jorddyrkningens undervisning.

Dette saa sagt önsker jeg i underdanighed velædle hhher Commissarier vilde tage dette i betænkning og hjælpe mig enten paa forbemelte maade, eller at jeg kunde komme til min forrige profession, at jeg, som

[1] Björn Jónsson (1738–1798), apoteker.
[2] Vævestol, som der blev vævet kersej på.

maatte lære der mitt haandværk, kunde leve af samme, det jeg har effter at leve, ligesom jeg agtede i förstningen.

Jeg forbliver pp.[1]

Thydkehus,[2] Frantz Illugason
den 10. Jan. 1771.

L. S.

Oddur Hjaltalín og Níels Jónsson, hreppstjórar og lögréttumenn, skrifa um úrræði til hagsbóta fyrir land og þjóð 30.3.1771. Lit. NN.

Oddur Hjaltalín og Níels Jónsson, repstyrere og lovrettemænd kommer med forslag til forbedring af kår for land og folk 30.3.1771. Lit. NN.

ÞÍ. Rtk. D3/2–25.
Innsigli/*segl*; Innskráð/*indskrevet* 8.4.1771.

Áritun/*påskrift*: Indkom den 8de Aprilis 1771; Lit.NN; Guldbringesyssel.

Há- og veleðla Landcommissarii!
Háttvirðandi herrar!

Eftir kóngl. Majts forordningar leyfi og befalningu[3] innsendast eftirfylgjandi póstar til Commissionen til nákvæmrar umþenkingar og framvegis væntandi forbetrunar.

1° Svo sem það sýnist hánauðsynlegt að landsins innbyggjarar geti með dugnað, ráð og dáð fært sér í nyt og meðhöndlað landsins herlegu nytjar og ágóða, svo ómissandi er þá til hið sama í verk að setja dugandi tukt- og barnaskóla eður uppfóstur hvers ei er að vænta af þeim

[1] Afskedshilsnen er udeladt her.
[2] Þýskuhús på Seltjarnarnes, Gull.
[3] Skipun.

sem sjálfir ei vita af soddan að segja. En þessi forsómun orsakar þó margt illt og óreglulegt, svo sem leti, óhlýðni, stífsinni, lausgengerí og með aldrinum, eftir rímilegheitum,[1] ódugnað til landsins uppbyggingar. Hvers vegna ómissandi væri að upprétta hér á landi einn almennilegan barnaskóla. Til þessa brúks sýnist þénanlegast það hér nýuppbyggða tukthús, eftir því það eða þeir peningar sem til þess eru árlega lagðir eru ei fyrir almenningssjónum, landinu til almennilegs besta. Þar slavar[2] þeir, er þó til dæmdir eru, gjöra lítið eða ekkert til gagns í tilliti til kostnaðarins og eru ei heldur í framtíðinni til uppbyggingar væntanlegir, svo lengi þar er ei til verk og erfiði, hvar með þeir kynnu nokkuð fyrir kostnaðinum að vinna upp á þá gjörðum. Allt svo er undirdánigst óskandi að landið mætti fríast frá þess háttar fólki og það, sem fyrr, mætti dæmast út af landinu.

Hvað áhrærir barnaskólann þá höldum við eftir okkar veikum skilningi, þénanlegast að sá árlegi tukthústollur[3] legðist til uppheldis fyrir kennandi og lærandi við nefndan skóla. Einninn kynni til þessa ómissandi brúks að leggjast þær jarðir hér sunnanlands gefnar til fátækra barna uppfræðslu. Svo sem þessi tollur er sameiginlega af landinu tekinn svo kynni og allir sameiginlega að njóta þess uppheldishúss eftir vissri tiltölu frá hverri sýslu, sveit eða héraði.

2° Þar er enginn sem efar um að hér hafi sáðverk í fyrri daga verið, sem og svo bevísanlegt er, bæði af sögnum fornaldarmanna og frásögnum yngri manna. En að soddan jarðdýrkun kunni sömuleiðis á þessum tímum hér að lukkast sýnir ei einasta reynsla aðskiljanlegra heldur og einninn órekandi bevísing, sérdeilis mjöls og villibauna (svokallaðra) er náttúran sjálf án allrar dýrkunar af sér gefur. Hvað allt kynni án efa á betri fót að setjast með duganlegum atburðum, af lærðum og ástundunarsömum mönnum í soddan handverki. Hverjir og hér til endilega þurfa, og skyldu þeir vera hér innfæddir, þá er þénanlegast að taka þar til ráðvönd og til duganlegheita líklegust ungmenni.

Sömuleiðis er nauðsynlegt að afskaffa þá forsómun er brúkast við káldýrkun og sýnist hið besta meðal þar til: 1° strengileg befalning

[1] Eftir því sem við er að búast. Danska *efter rimelighed*.

[2] Bókstaflega þrælar, en átt er við fangana í tukthúsinu.

[3] Sérstakur skattur lagður á allar fasteignir í landinu til að standa straum af kostnaði við byggingu nýs fangelsis á Íslandi. Tók gildi 1759.

með viðliggjandi útlátum til hreppstjóra og þeirra sem gjöra bestan framgang í káldýrkuninni, hvar til og 2° þénar skikkun til Compagníisins að innfæra sem kaupmannsvöru alls slags kálfræ gott og ósvikið. Hér til má og heimfæra þá annars slags jarðdýrkun, svo sem á túni og engjum, er víða allmjög forsómast, bæði af bænda og tilsjónarmanna hirðuleysi.

Þetta kynni nokkurn veginn að lagfærast ef bændum væri strengilega tilhaldið eftir fornum og góðum sið að uppbyggja túngarða (kringum tún sín) og jafnvel engjar, þar svo ástendur og við verður komið.

3° Þess lengur sem ein eða önnur bágendi hafa verið í landinu, þess meiri armóð og örbirgð íklæða þau innbyggjarana með tíðinni, hvað sú langvarandi fjárpest augljóslega sýnir, þar fólk vegna missirs sauðfénaðar má alloftast vera iðjulaust og getur hverki forþénað sér fæði eða klæðnað, hvað allt af ullarleysi orsakast og fyrir það hvað óhægt er að fá hana keypta og færða annars staðar frá.

Þetta kynni leiðréttast á eftirfylgjandi hátt, næst Guðs hjálp, nokkurn veginn: Ef Compagníinu væri tilhaldið að innflytja til landsins fyrir vissan og þolanlegan prís, hör og hamp, samt bereidd skinn, sem almúginn gæti gjört sér klæðnað af. Item nýjan og gamlan segldúk sem þénanlegastur er erfiðisfólki til sjós og lands.

Ef hans kóngl. Maj^{t} allra náðugast vildi skenkja landinu nokkrar smáduggur sem flytji hér af Suðurnesjum, Hólmi, Hafnarfirði, Keflavík og Bátsendum fisk til austurlandsins og þaðan aftur ull, smjör og tólg, bæði af landinu og frá kaupstöðunum. Og væri nauðsynlegt að fyrirbjóða að flytja ull og skinn út af landinu meðan fjárpestin varir, því ullarleysið gjörir hér stærstu bjargræðisþrengsli, þar sem án hennar geta menn hverki klætt sig til sjós né lands, og sá póstur þarf þær allra fljótustu aðgjörðir sem ske kunna, þar sem heel deel af fólkinu er svo að segja nakinn til dags og nætur.

4° Flestallt jarðagóts hér á landi er af sér gengið vegna landbrota, vatnayfirgangs, sandfoks, trassaskapar og ýmislegra fleiri þvílíkra orsaka. En sýnist þó allt of dýrt leigt og þar fyrir nauðsynlegt að niðursetjist. Á þennan jarðanna skaða og ræktarleysi bætir ei alllítið þyngsli þau á leiguliða almennilega liggja, svo sem (α) sú ósannsýnilega jarðartíund sem ábúandinn má gefa af jörð þeirri er hann á býr, en fríast þó þar fyrir ekkert hjá landsdrotti um jarðarafgjaldið.

Þessar jarðartíundir til kóngs og kirkju sýnist oss náttúrlegast að sjálfir proprietarii[1] betali. (β) Sá kvígildaþungi er bændum uppáleggst af proprietariis með jörðunum svo þeir geta ei sjálfir uppalið nema mjög lítið og allfátt af fríðum peningi[2] sér sjálfum til ágóða. Er þess vegna óskandi að ábúendur jarðanna mættu verða af með þessi kvígildi, þar þau hafa aldrei það menn til vita tíunduð verið, hverki til kóngs né kirkju af þeirra eigendum eða nokkrum öðrum. (γ) Við áminnstar álögur bætist mannslán, gjaftollur[3] og manntalsfiskur,[4] item af flestöllum kóngsjörðum í Kjalarnesþingi 2 hrísheastar,[5] sem betalast með 10 f. og 2 dagslættir[6] á 20 f. Hvað allt vér ætlum að almúga sé uppálagt eftir innsmognum slæmum vana, en ei að lögum.

5° Svo nauðsynleg innrétting sem hospítölin eru fyrir landið, svo lítið færa menn sér þau í nyt. Sá fiskur sem hospítölunum skiptist er oftast illa verkaður, og kannski með óvilja af sumum útilátinn. Menn heyra fortalið að nefnd hospítöl hafi stóra peninga fyrirliggjandi, en þeirra forvaltarar vilja þó mjög fáa spítelska inntaka, hverjir þó mjög fjölga, sérdeilis við sjósíðuna. Einn hreppur kann ekki að koma einum soddan ómaga á hospítalið, nærri heilan mannsaldur, að vér ei tölum um meðferð á þessum krossberurum, þá þar er komið. Þess vegna væri þarflegt að aftaka nefnda hospítalshluti,[7] en láta sama betalast í reiðipeningum sem svari til hlutanna verðs í meðalári.

6° Eftir því að hreppstjórar hafa bæði mæðusamt embætti og jafnvel álas af sumum, en eru þó ómissandi til að halda stjórn yfir almúga í sveitunum, en hafa þar fyrir engin laun, hvar fyrir þeir ei gjöra sitt embætti með þeirri alvörugefni sem vera skyldi. Þá er ei einasta nauðsynlegt heldur og ómissandi að hér til útveljist þeir duganlegustu og bestu bændur, 2 eða hærst 3 í hrepp hverjum, og þessir skyldu uppbera tvo eða þrjá f. af hverjum hundraðshlut sem í þeirri sveit tilfélli

[1] Jarðeigandi, eignamaður.
[2] Með fríðum peningi er átt við lifandi búpening.
[3] Skattur greiddur af lausafé (ekki fasteign) sem rann til sýslumanna.
[4] Gjald lagt á aðkomumenn sem komu í verstöðvar til útróðra og rann til sýslumanna sem þóknun vegna aukinnar löggæslu á vertíð.
[5] Kvöð. Leiguliði var skyldugur til að færa hestburð af hrísi heim til landeiganda.
[6] Kvöð. Dagsverk karlmanns um slátt. Einnig nefnt dagsverk.
[7] Sérstakt gjald lagt á þá sem stunda sjóróðra til að standa straum af kostnaði við holdsveikraspítalana.

eða þess virði hvar ekki er fiskerí, og gætu 3 með þessum hætti betur útrétt sína skyldu en 5 sem áður hafa verið í hverjum hrepp.

7° Það sýnist billegt að fámennustu[1] og fátækir bændur betali ei svo háan ljóstoll[2] sem hinir ríkustu til kirknanna, hvar fyrir soddan ætti að koma upp á tíundarhæð, formegan[3] og fólksfjölda, hvar við kirkjan þyrfti öngvan skaða að líða.

8° Það er eitt með öðru sem þrykkir almúga þessa hrepps, að fólk sem hefur dregist til fabriqven hefur meðal annars sveitarþunga þyngt sveitinni með sínum ekta og óekta börnum, en hreppurinn fengið langtum minni sveitarskil af þeim jörðum sem Innréttingunum tilheyra en áður var almennilega af þeim goldið, hvað við auðmjúklega umbiðjum að lagfærast mætti.

9° Jafnvel þó hans kóngl. Maj^{t} allra náðugast hafi skipað að þær vörur sem hingað flytjast til landsins séu besigtaðar,[4] þá skeður soddan svo hirðulauslega að helmingur af vörunum er ei álitinn eða þær sagðar góðar sem eru óforsvaranlegar. Eður og að þær niðursettu vörur seljast öngvu að síður sem gildar og góðar án þess að þar á fáist nokkur leiðrétting. Og þótt nokkur jafnvel með hógverð kvarti yfir vörunum er honum annaðhvert vísað burt eða hann má vænta að honum sé neitað um það sem hann getur ei án verið og neyddur til að kaupa óþarfa.

Við tökum okkur þau fríheit fyrir að uppreikna þær sérlegustu vörur sem oftast eru hér í Hólmsins kaupstað óforsvaranlegar og sem menn geta þó ei án verið:

1° Klæðin sem eru ullarslæm, illa unnin, hálfþæfð, gisin og mjó, samt illa förfuð, í einu orði að segja að eitt 30 eða 20 f. klæði sem menn eiga og fengið hafa fyrir 20 árum (að vér ei lengur tiltökum) eru eins góð og 50 f. klæði sem nú gjörast, ef ei betri. En þó eru hvað verst þau íslensku klæði er gjörast við fabriqven, og þetta neyðist maður til að kaupa í ullarleysinu, og er vel ef 20 f. klæði væri ei selt stundum fyrir 30 f.

2° Alls slags léreft sem mönnum er eins ómissandi eru ei heldur betri, því svo eru þau gisin og þunn að varla halda til helmings við það þau fyrri hafa gjört.

[1] Þ.e. þeir bændur sem hafa fæst vinnandi fólk.
[2] Sérstakur skattur ætlaður til að standa straum af kostnaði við að lýsa upp kirkjur og til að útvega vín og brauð, lagður á hvern tíundarskyldan bónda.
[3] Eftir efnum eða fjárhagslegri getu.
[4] Skoðaðar, metnar.

3° Færin eru annaðhvert af fúnum hampi eður þá eftir það þau hafa tilbúin verið svo fordjörfuð[1] að ei hafa færri en tvö dugað einum manni til vertíðar, því eftir vikubrúkun hafa þau sundur dottið. Hér á móti héldu þau fyrrum nærri 2 vertíðir. Þó yfir þessu hafi klagað verið og þingsvitni uppátekið hefur ei þar á bót fengist allt til þessa.

4° Tóbakið, sérdeilis presstóbak, er lítt nýtt og miklu verra til endingar en áður var, hvað þá sérdeilis sjófólk neyðist til að kaupa sér til hressingar.

5° Járnið, sem flust hefur fyrirfarandi, hefur stundum verið ísakaldur svo varla hefur orðið til nokkurra nota brúkað. Hestajárn hafa og svo verið þessu lík, því bæði eru þau oftast af slæmu járni og naglarnir lítt nýtir.

6° Að sönnu er timbrið alloftast mjög lasið, borðin þunn og spírur og tré með sama slag, og hverutveggja bæði kvistótt og mjög rifið. En þó tekur yfir að nú sé kaupstaðurinn timburlaus, svo ef brotnar ár má það skip standa uppi, bæði Compagníinu og innbyggjurunum til skaða.

7° Mjöl og grjón eru oftast óaðfinnanleg að fráteknu því alkennda seinasta slæma mjöli. En í þess stað brúka þá kaupmenn sína eigin aðferð að mæla út grjón í kútatali,[2] hvers vegna fátækir bændur fá hverki heila né hálfa tunnu.[3]

Af þessum ómissandi vörum, samt einu og öðru fleiru nauðsynlegu, er fyrst Hólmsins kaupstaður hér illa forsýnaður[4] og síðan taka mest af þeim yfirvöldin og ríkir bændur og fær svo fátækur almúgi ei svo mikið af matvöru sem hann fékk fyrir innlætur en má í þess stað einhvern óþarfa út taka, og jafnvel á öndverðum vetri svo kornvöru þarfnast stórlega og kannski líða hungur.

10° Fyrir utan þá viðteknu afvigt og of nauman mælir, sem fólk almennilega hér á landinu undir stynur, viljum vér í ljós leiða þann upptekna móð hér við höndlunina í nefndum kaupstað, nefnilega: Að þegar fólk er til kaupstaðarins komið, sumt yfir vötn og sjó og langa vegi, hefur það ei getað aflokið erindi sínu fyrri en seint og síðar meir, þar búðinni hefur ei verið upplokið fyrri en um eða eftir hádegi, og

[1] Skemmd eða ónýt.
[2] Rúmmálseining, einn kútur samsvaraði átta pottum.
[3] Ein grjónatunna samsvaraði 136 pottum eða 17 kútum.
[4] Þ.e. illa séð um að birgja kaupstaðinn upp af vörum.

þar fyrir mátt uppihalda sér við kaupstaðinn 3 eða 4 daga í bestu bjargræðistíð, inntil þeir hafa fengið að njóta ofannefndra kaupmannsins viðgjörða. Stundum hafa þau innföll inntekið kaupmenn að ei hafa fengið í búðinni að vera fleiri en 1 eða 2 í einu til að höndla við hann. En hvar fyrir? Kannski til þess að sá eini geti ekki vitnað til hins annars um sinn gjörðan órétt og hljóti svo að hafa sinn skaða svo búinn. Þetta hefur passerað hér í Hólmsins kaupstað sem liggur rétt að segja undir handarjaðri háyfirvaldanna þessa lands, og samt er hér sú versta tíð. Og með því hér gengur svo til hvað mun þá ekki vera í öðrum fjær liggjandi kaupstöðum, þar kaupmenn mega í náðum sínir eigin herrar vera?

Til að hindra þessa skaðlegu óreglu sýnist oss nauðsynlegt að einn frómur, réttsýnn og dugandis maður væri útvalinn til að vera altíð til staðar að sjá eftir höndlaninni við kaupstaðinn, sem bæði væri eiðsvarinn og þar til af kóngi allra náðugast beskikkaður og sýndist réttvíst að þessi hefði kost og laun á meðan höndlunin yfirstæði, að hálfu af Compagníinu og af districtismönnum að hálfu.

11° Það er og þeim hrepp ekki nema til afdráttar og í sjálfu sér ónauðsynlegt að eftirliggjarar[1] séu hér um vetur svo fólksmargir, þar oftast er ekkert fyrir þá að gjöra með því að allar nauðsynlegar vörur eru strax á haust uppseldar. En þeir sem eru hér svo fólksmargir, draga til sín frá almúganum smjör og kjöt, sem fólki er meinlegast að missa, sérdeilis í þessu landsins ástandi.

Þetta er hvað oss sérdeilis þykir hafa umbreytingar þörf og vert að taka í umþenking.

Vér forblífum í undirgefni.

Hlíðarhúsum,
d. 30. Martii
Anno 1771.

Há- og veleðla, Landcommissariorum
auðmjúkir þénarar

O. Hjaltalín
Níels Jónsson

* * *

[1] Kaupmaður eða aðstoðarmaður hans sem var eftir í landinu yfir veturinn eftir að skip voru farin.

[Oversættelse 1771]

Höy- og velædle Landcommissarier!
Höytærede herrer!

Effter kongel. Maj^ts^ forordninger, tilladelse og befaling indgives fölgende poster til Commissionen til nærmere betænkning og fremdeeles forventende forbedring.

1° Saasom det eragtes höjnödvendigt, at landets indvaanere kunde med duelighed, raad og skjönsomhed benytte sig landets herligheder og nytte, saa umisteligt er til det samme iverksætte, duelig tugt- og börneskoele (eller opdragelse), hvilket ingenlunde er af dem at forvente, som selv ikke veed af saadant at sige. Men denne forsömmelse foraarsager dog meget ont og uordentligt, saasom ladhed, ulydighed, stivsindighed, lösgængerie, og i fremtiden (effter rimelighed) udueligh ed til landets opbyggelse. Dets aarsage var det umisteligt at oprette her i landet een almindelig börneskoele, hvortil eragtes tjenligst det her nyopbyggede tugthus, efftersom det eller de penge, som dertil aarligen contribueres, ere ikke (effter den gemeene mands vidende) landet til almindelig beste, da de sclaver,[1] dertil ere ellers dömte, gjöre lidet eller intet gavn i henseende til bekostningen, ikke heller i fremtiden til opbyggelse væntelige, saa længe de icke har der noget arbeyde, hvor med de kunde nogenleedes paa dem gjordte omkostninger erstatte. Altsaa er underdanigst önskende, at landet maatte befries fra deslige folk, og det (desto för) dömmes af landet.

Hvad börneskoelen anbelanger, da formeener vii effter vor ringe skjönsomhed tjenligst, at den aarlige tugthusstold[2] blev der henlagt til ophold for discentis og docentes[3] ved bemelte skoele. Ligeleedes kunde til denne umistelige brug henlægges de jorder her for synden, som deputerede[4] ere til fattige börns opdragelse. Efftersom denne told er samtlig tagen af heele landet, saa kunde og alle samtligen nyde dette opholdshuus efter proportion fra hver syssel, sogn eller herred.

[1] Slaver, det vil sige fangerne, i fængslet.
[2] Særlig skat lagt på al ejendom i landet for at finansiere udgifterne ved opførelse af et nyt fængsel i Island. Blev indført i 1759.
[3] Henviser til elever og lærere.
[4] Tildelt.

2° Der er ingen, som tvivler paa, at her har i forrige tider været sædeverk[1] i landet, som kan og gotgjöres baade med de gamles historier og yngre mænds beretninger. Men at saadan jorddyrkning kunde ligeleedes lykkes i disse tider, viser ej eeneste adskilliges forsög, men og upaatvivlelig bevisning særdeeles mehlets og vilde bönners (saakaldede) som selv naturen uden ald dyrkning producerer, som alt uden tvivl kunde sættes paa bedre foed af dertil lærde og strebsomme mænd, hvilke og endelig hertil behöves, og skulde de være indfödte i landet, da er tjenligst, oprigtige og til duelighed anseelige drenge dertil at udvælge.

Ligeleedes var nödvendigt at afskaffe den forsömmelse, som gaaer i svang ved kaaldyrkningen og synes sig best lader gjöre paa fölgende maade: 1° Strængelig at befale at lægge vind herpaa under hos truede böder til reppstyrer og andre, som vise störst fliid ved kaaldyrkningen. Hertil tjener og 2° befaling til Compagniet at indföre som kjöbmandsvahre alleslags kaalfröe got og uforfalsket. Her kand og tilföjes den anden slags jorddyrkning som paa tune og enger, hvilken formedelst böndernes og opsynsmændenes uagtsomhed mange stæds höjligen forsömmes.

Dette kunde nogenleedes forbedres, om bönderne blev alvorligen tilholdte effter goed og gammel sædvane at opbygge gjærder omkring tunene, vel og enger, hvor det kan lade sig gjöre.

3° Jo længer nogle ælendigheder have continueret i landet, jo meere armoed og fattigdom paaföre de indbyggerne med tiden, hvilket den langvarende faaresye[2] öjensynlig bevidner, da folk formedelst dets tab maa næsten heele tiden sidde örkeslös og kan hverken fortjene sig föde eller klæde, som alt af uldens mangel foraarsages, da den hverken kan faaes eller fra andre stæder tilföres.

Dette kunde paa fölgende maade, næst Guds bistand, nogenleedes forbedres: Om Compagniet blev tilholdet at indföre til landet for viss og taalelig pris hör og hamp samt bereedede skind, som almuen kunde gjöre sig klæder af. Item gammel og ny segldug, som tjenligst er for arbejdsfolket baade til söes og lands.

Om hans kongel. Maj^{t} vilde allernaadigst skjænke landet nogle smaae hucherter, som flöttede af Sydernæs, Holmen, Havnefiord,

[1] Agerdyrkning.
[2] Altså: faaresyge.

Kieblevig og Boesand[1] fisk til Österlandet og derfra igjen uld, smör og tolg baade af landet og kjöbstæderne, og var nödvendigt at forbyde at flötte uld og skind ud af landet, imedens faaresygen vedholder, thi uldens mangel foraarsager næringsmidlernes störste trang, da mand foruden den kand hverken klæde sig til lands eller vands, og den post behöver den allersnareste forbedring, som skee kand, da heel deel af folket er næsten nögen baade til natt og dag.

4° Den meste deel af jordegoedset her i landet er falden fra sit forrige stand formedelst landsbrud,[2] vatneovergang, flivesand, dovenhed og andet deslige. Men synes dog alt for höjt lejede og behöves at nedsættes. Til denne jordenes skade og urögt gjör ikke lidet de tyngseler, som lejlendingerne[3] ere paalagdte som for exempel: (α) Den ubillige jordetyend, hvilken den paaboende maae give af den jord, han beboer, men befries dog ikke des mindre om noget af sin gjæld hos landsdroten. Disse jordetiender til kong og kirke agte vi naturligst, at selv proprietarii betalte. (β) Den qvildestyngsel som bönderne er paalagt af proprietariis med jordene, som forvolder, at de kan ej opelske uden meget faatt af sit eget qvæg sig til profit. Hvorfore man vilde önske, at jordernes paaboere maatte blive af med disse qvilder, da de har aldrig, som man er vitterligt, af deres ejere eller nogle andre blevet tiendede hverken til Kongen eller kirken. (γ) Hertil lægges og mandslaan, gjeftold[4] og mantalsfiske,[5] item af de fleste kongens jorder i Kjalernesting 2de riisheste,[6] som betales med 10 f. og 2 dagslætter[7] à 20 f., som vi formeener alt almuen paalagt effter indlöben slemm vane, men ikke effter loven.

5° Saa nödvendig indrettning som hospitalerne ere for landet, saa lidet benytter man sig dem. Den fisk, som dem tilfalder, er offtes ilde virked og maaskee med uvillje af somme udladt. Man hörer fortalt, at

[1] Suðurnes, Hólmur ved Reykjavík, Hafnarfjörður, Keflavík og Básendar. Alle disse steder er i Gullbringusyssel.

[2] Erosion som følge af vand eller vind. Islandsk *landbrot*.

[3] Egentlig lejlænding, en slags fæster.

[4] Skat betalt af løsøre (ikke ejendom), som gik til sysselmændene.

[5] Afgift lagt på tilrejsende, der kom til fiskepladserne for at fiske, og som gik til sysselmændene som honorar for øget retshåndhævelse i fangstsæsonen. Forekommer først og fremmest på Snæfellsnes og i Gullbringusyssel.

[6] Rishest, byrde til en pakhest. Hoveri eller en afgift.

[7] Hoveri, et dagsværk til høslæt.

bemelte hospitaler have stoere penge i behold, men deres forvaltere vil dog meget faae spitelske imodtage, som dog meget tiltage, især ved söekanten. Een repp[1] kan ikke saadan een at indfaae paa hospitalet, næsten heel mandsalder, at vi ikke taler om medfart ved disse kaarsdragere,[2] naar der er kommet. Herfor var det nödvendigt at afskaffe bemelte hospitalslötter,[3] men lade samme betales i reede penge, som svare löttens værdie i middelmaadige aaringer.

6° Efterdi reppstyrene har baade möjsommeligt embede og maae derhos af mange vel taale ont snakk, men ere dog umistelige til at holde styre over almuen i reppene, og har dog derfore ingen lön, hvorfor de ej gjör sit embede med den alvorlighed, som det sig burte, da er ikke eeniste nödvendigt, men og vel umisteligt, at hertil blev udvalte de beste og dueligste bönder, 2 eller mest 3 i hver repp, og disse skulde oppebære 2 à 3 f. af hver hundrede lött, som i den repp tilfalder, eller dets værdie hvor ikke er fiskerie, og kunde 3 i saa fald bedre udrette sin pligt end 5, som tilforn har været i hver repp.

7° Det synes billigt, at de fattige bönder, som holder færreste folk, betalte ikke saa höj lysetold[4] til kirkene som de riigeste, hvorfor saadant skulde komme an paa tiendes höyden, folkemængde og formue, hvorved kirken turte ikke tage nogen skade.

8° Det er et med andet, som trykker denne reppes almue, at det folk, som har draget sig til fabriqven, har med andet reppetynge besværet reppen med sine egte og uegte börn, men reppen faaet langt mindre af sine rettigheder af de jorder, som Indretningerne tilhöre end tilforn i almindelighed, som vi ydmig önsker at maatte forbedres.

9° Endskjönt hans kongl. Maj^{t} har allernaadigst befalet, at de varer, som hid flöttes til landet, skulde besigtes, da skeer saadan med saa stoer effterladenhed, at den halve deel af dem kommer ikke for öjnene eller de sagde goede, som ere uforsvarlige. Eller og at de nedsatte vahrer sælges ikke desto mindre for goede og gyldige, uden at mand faaer nogen rettelse, endskjönt mand med sagtmoedighed besværer sig

[1] Den mindste verdslige administrative enhed eller kommune.

[2] Korsbærere. Må henvise til de spedalske, der ikke får behandling, når de langt om længe får plads på hospitalet.

[3] Hospitalsandele. Henviser til den del, der betales til hospitalet i afgift af fiskeriet.

[4] Skat tiltænkt finansiering af omkostningerne ved at oplyse kirker samt til vin og brød, lagt på alle tiendepligtige bønder.

over vahrene, maae hand enten gaae bort, eller hand maae vente at faae afslag, om det hand kand ingenlunde undvære og nödt at kjöbe noget unödvendigt.

Vi tager os til de friheder at opreigne de synderligste vahrer, som offtes ere her uforsvarlige i Holmens kjöbstæd, hvilke man kan dog ej undvære.

1° Klædene, som ere af meget slet uld, ilde vunden, halvvalkede, utætte og knappe i breeden, samt ilde farvede. Med et ord, at 30 eller 20 f. klæde, som man har faaet for 20 aar, at vi ej længer tiltage, ere lige goed som 50 f. klæde, som nu gjöres, om ikke bedre. Men dog ere de islandske klæder langt sletteste, som gjöres ved fabriqven, og dette nödes man at kjöbe i uldens mangel, og got om 20 f. klæde er ikke undertiden solgt for 30 f.

2° Alleslags lerreder, som man ere lige umistelige, ere heller ikke bedre, da de ere saa tynde og utætte, at de neppe duer halvt saa meget, som de för gjorte.

3° Linerne ere enten af forlegen[1] hamp, eller siden de blev gjorte saa bedervede, at om værtiden er ej noch til een mand mindre end 2 af dem, da de effter uges brug ere i mange stykker, herimod holt de forrige næsten 2 værtider. Endskjönt man har klaget herover, og tingsvidne blevet tagne, har mand hiidindtil ikke faaet nogen boed derpaa.

4° Tobaked, især presstobaked, er lidt brugeligt og meget slettere end för, hvilket dog söefolket nödes at kjöbe sig til forfriskning.

5° Det jærn, som hiid flöttes, har undertiden været saa udueligt, at man har ikke kundet benytte sig det til noget. Hesteskoene har og været deslige, da de ere baade af slet jærn, og sömmen næsten ubrugelig.

6° Tömmeret er offtes i sandhed meget udueligt, bredene tynde og lægter og træe med lige slag, og begge baade knastet og forleget, endog at det er det besværligste, at kjöbmanden har nu ikke noget tömmer, saa om aar[2] bliver brudt, maa det skib staae oppe siden, Compagniet og indbyggerne til skade.

7° Mehl og gryn ere offtes upaaankelige, undtagen det sidste bekjendte bedervede mehl, men i dets stæd bruge kjöbmænd sin egen maade at udmaale gryn kutevis,[3] hvorfor de fattige bönder faae hver-

[1] Fordærvet.
[2] Egentlig åre.
[3] Henviser til måleenheden kutting, som er 8 potter.

ken heel eller halv tönde.[1] Af disse umistelige vahrer, samt et og andet deslige nödvendigt, er for det förste Holmens kjöbstæd ilde forsynet, og dernæst tager övrigheden og rige bönder den meste deel deraf, men den fattige almue faaer ej saa meget af madvahre, som hand indlod fisk for, men maae i dets stæd noget unödvendigt udtage og dets aarsage endog tidlig om vinteren stoerligen mangle kornvahre og maaskee sulte.

10° Foruden den vedtagne afvægt og forkorte maal,[2] som folk i almindelighed her i landet besværer sig over, vil vii tilkjendegive den vedtagne (moed) sædvane her ved handelen i bemelte kjöbstæd, nemlig: Naar folk er kommet til kjöbstædet, noget over söe, vand og lange veje, har det ej kundet klare sig förend længe siden, da boeden har ikke blevet opladen förend hen imoed klokken 12, og derfor maat opholde sig i kjöbstædet 3 à 4 dage i den beste næringsmidles udvejetid, indtil de har faaet at nyde bemelte kjöbmandens vedhandling. Undertiden har de indfald betaget kjöbmanden, at ikke har faaet at handle i boeden fleere end 1 à 2 a gangen, men hvorfor? Maaskee dertil at den eene ikke kunde vidne til den anden om sig gjort uret og maatte altsaa taale ubödt sin skade. Dette har tildraget sig her i Holmens kjöbstæd, tæt med er disse lands höjövrigheders hænder, og dog er her den sletteste tid, og efterdi dette passerer her, hvad mon da ikke være i andre langt bort liggende kjöbstæder, der kjöbmænd maae selv i roelighed være sine egne herrer?

Til at afværge denne skadlige uordentlighed synes nödvendigt, at een ehrlig, retfærdig og duelig mand blev udvalgt til at være altid tilstæde at efftersee handelen ved kjöbstædet, som baade var eedsvoren og dertil af Kongen allernaadigst beskicket, og ansees billigt, at den havde kost og lön, imedens handelen varer af Compagniet den eene og districtes folket den anden part.

11° Det er og reppen kuns til aftrækk[3] og for sig selv unödvendigt, at effterliggerene[4] har saa mange folk herom vinteren, da offtes er intet for dem at drive, thi alle nödvendige vahrer ere strax om effterhöstet opsolte. Men de, som her har saa mange folk, trække til sig fra almuen

[1] En tønde mel er 136 potter eller 17 kuttinger.
[2] For lille vægt og mål i forhold til, hvad det burde være.
[3] Til formindskelse eller skade. Islandsk, *til afdráttar*.
[4] En købmand eller assistent, der bliver i landet vinteren over, når skibene er sejlet.

smör og kjöd, som folk er skadeligst at miste særdeeles i disse landets omstændigheder.

Dette er det os særdeeles synes behöve forbedring og maatte tages i betænkning.

Vii forbliver pp.[1]

Hlidarhusum, d. 30. Marty 1771.

O. Hjaltalin
Niels Jonsson

L. S.

Fimm menn á Seltjarnarnesi skrifa um byggingu leigujarða, kjör húsmanna og fleira 30.3.1771. Lit. PP.

Fem mænd på Seltjarnarnes skriver om fæste på lejejorder, husmændenes kår med mere 30.3.1771. Lit. PP.

ÞÍ. Rtk. D3/2–27.
Innsigli/*segl*; Innskráð/*indskrevet* 14.4.1771.

Áritun/*påskrift*: Indkom d. 14. Aprilis 1771; Lit. PP; Guldbringesyssel.

Kóngl. Majestatis!
Eðla hr. Commissarii!

Þar er ein almennileg orðsök til að undirvísun[2] gjörist um jarðarhjáleigna- og húsmannabyggingarleigumála að sannsýnileg réttvísi þar um framkvæmist, eftir sem nú, að yfirstandandi landsins nauðsyn það útkrefur.

[1] Afskedshilsnen er udeladt her.
[2] Tilkynning, upplýsing. Danska *undervisning* eða *underretning*.

Nú eru jarðir sagðar svo og svo mörg hundruð[1] í landi eður jörðu en hvar í sá dýrleiki bestendur til landsnytjanna eru óvissar ástæður um gjörðar, þar eð skjaldan framfer yfirskoðan hvört ágóði leiguliðanna kunni fást af jarðardýrleikans megni mót skuldum og kvöðum sem einum og öðrum ábýlum fylgja, hvört heldur sem er stórt eða smátt, ásamt bjargræðiságóði fyrir erfiði til yrkjunnar, að landsnytjarnar ei forsómist. Hvar um í fyrri daga hefur þó útskýrsla gjörð verið sem formerkja er af gamaldagsskrifi nokkru undir nöfnum Bergþórs Rafnssonar lögmanns og Hafliða Márssonar og annarra fleiri höfðingja er lifðu á þeim dögum, dato 1117. Hvar eð talað er um virðing á löndum og landsnytjum og er að merkja að jarðir hafi metnar verið til jarðarhundraða dýrleika eftir gagnsmuna kostum og eitt hundrað í jörðu gilt mót einu hundraði í lausum aurum á landsvísu. Það er auðskilið af þeim íslensku lögum þar þau kalla lögleigu[2] 12 álna[3] afgjald árlangt eftir eitt hundrað í landi eða lausum aurum. En hvörjar löglegar landsnytjar hafa mót þessari lögleigu metnar verið er almúginn næsta ófróður um, ásamt hvört leigufé hafi verið með jörðum í forna daga. Er ekki heldur auðsýnt þessi lögleiga er sagt að sé nú niður stigin á vorum dögum og er líkast að innstæðukvíldi[4] hafi á jarðir sett verið þegar áminnst lögleiga hefur verið niðursett.

Kannski mannslán hafi þá og einninn ákomist og jarðartíundir á leiguliðana. En hvört um landsnytjar mót leigumála gjörðum, hafi verið sannsýnilega meðhöndlað af landsins yfirvöldum er ekki almennt að formerkja, þar það er ísjárvert hvað stór mismunur er á afgjaldinu á jörðunum hér og hvar. Þar sem að sumar jarðir, sem hjáleigur undir liggja, eru mjög litlar og jafnvel öngvar skuldir eftir í afgjald af þeim sem á heimajörðunni (svokallaðri) býr, því megnið landskuldar og kvíildanna allrar jarðarinnar (eður þess kyns jörðum) liggur í hjáleigunum. En hvörninn þettað hefur á komist með fyrsta er ekki auðvelt að skilja vegna þess vér almúginn vitum ekki röksemdir af landsins billegheitum hér um gjörðar. En er þó allt eins (að skilja eður merkja) og ábyrgðin liggur svo vel á hjáleiguábúendum (eftir sem tala rennur til) svo sem þeim er á heimajörðunni býr. Því eins vel að sínu leyti má

[1] Verðeining. Eitt hundrað samsvarar 120 álnum eða einu kúgildi.
[2] Lögleiga taldist vera 10% af matsvirði eigna eða 12 álnir af hverju hundraði.
[3] Verðeining og lengdareining. Hér verðeining.
[4] Annað heiti yfir leigukúgildi, kúgildi (kvígildi).

kotamaðurinn og heimabóndinn, láta hús vera forsvaranleg til uppgerðar, hirða um tún og girðingar þar sem er þess háttar og svo sérhvað annað sem kotanna umhirðingu áhrærir. Kalla svo heimajarðarbændur eitt mannslán af hvörri hjáleigu og líka vel tvö ef tvíbýli er á kotinu. Sama er það hvört kotum fylgir einn kýrfóðursvöllur ellegar þar kann vera hjáleiga sem fóðrar fleiri kýr, samt er látið standa allvíðast við sama um mannslánið eður betalinginn fyrir það.

En hvörs til skal geta hvörninn þettað muni í fyrstunni til komið. Þar það líklegast að nær sem lögbýlisábúendur hafa haldið þessar stóru jarðir að jarðirnar hafi verið þeim um megn og ei fullkomlega getað yrkt lönd jarðanna sér til nota og ágóða til afgjaldsins. Ellegar líka kannski að létta undir á jarðarskuldum og hefur svo komist í vöxt um þessar kotabyggingar, á þeim sérdeilis jörðum sem fylgt hefur mikið töðuvallarmegni[1] (því flest af þessum býlum liggja nærri heimajörðunum). En þegar hjáleigur hafa alvarlega farið að byggjast bæði vegna fólksins fjölgunar og sérhvörra annarra nauðsynja og eftir sem þá hefur ákomist leigumálinn að heimajarðirnar hafa svo orðið afgjaldslausar og sums staðar líka betur. Þessi líkindi má nokkurn veginn draga af því sem nú viðgengst, að ábúendur á smálögbýlum hér og hvar við sjávarsíðu byggja upp hús hjá bæjum sínum og láta þar með fylgja einn kýrfóðursvöll og leigugrip með, eftir þeim gamla vanalegum leigumála. Þessa er af oss til að geta, að komið sé í hefð af gömlum vana og uppásetningum, vegna þess að skuldir af þess konar býlum stíga stundum upp og stundum niður, sérdeilis það þegar tvö mannslán eru tekin þegar tveir búa á hjáleigunni en ei nema eitt þegar einbýli er. En af hvörjum rökum eður landsins löglegum aðgjörðum, að kotanna leigumálar eru ákomnir þanninn, kann ei fyrir víst frá að segjast. Nema hvað líkast er að jarðareigendur og umráðendur hafi leigt lönd sín sér til ágóða og fólksins nauðsyn það orðsakað, og að viljað ganga leigumálanna skilmálum og hefur svo komist í vana en nú komið í hefð. En sýnist nokkuð frekt leigt mót ágóða landsnytjanna og líka ójafnt og mjög lítil athugasemi þar um höfð, nema látið blífa við þann gamla vana. En það er mjög nauðsynlegt að þar um yrði framkvæmd gjörð, svo ei tækist afgjald af því sem jarðirnar hafa ei eftir að bera, eður þó hafi verið einhvörjir jarðarkostir fyrrum daga, samt kunna þeir ei vera nú, því flestar

[1] Þ.e. magn, stærð túnsins.

jarðir munu af sér hafa gengið. Þar eð sérhvört annað leigufé skal af eigendum uppbætast svo það sé í fullu leigugildi sem lögin útvísa, svo sýnist nauðsynlegt að jarðir og ábýli væri rannsakað svo almúginn kynni haldast við af þeirra ágóða en ekki að komast í fátækt og armóð af þungum skuldum eður sérhvörjum öðrum óbillegum örðugleika.

Þó þar kunni segjast að jarðir séu niðursettar og séu eigi leigðar nema fyrir hálfa lögleigu, þó kannski ekki allar hér í landi, en máski mannslánin, kvíildin og jarðartíundir hlaupi sig nokkuð upp í þá gömlu lögleigu, og með sérhvörjum öðrum jarðarkvöðum, þar líkast er að þettað muni ei hafa jörðum fylgt þegar áminnst lögleiga var forðum daga og flestar jarðir ekki í því standi sem á þeim dögum. Þar kann og enn þá segjast að jarðir kunna varla nú á tíðum setjast meira niður en komið er vegna þess að jarðakaup gjörast mjög dýr mót peningum, og kannski langt meir en fyrrum, og líka gjaldist af þeim eignum skattar. Bændaeign sé ei heldur harðara leigt en kóngsjarðir.

Nú er aðgætandi að kóngsins náð er oss framvísuð að vér megum gjöra umkvörtun um sérhvört tilefni sem oss eru of þung eður til bjargræðishindrunar. En þess er ei tilgetandi að nokkur vilji stíft halda við þungan leigumála þó jarðir séu dýrt keyptar, þar eð þeir peningar sem aflast hér í landi færa helst ágóða í jarðareignum, því hér tíðkast ekki að setja peninga á rentu. Það sýnist og svo eftirsjónarvert þar eð margir leiguliðar geta ekki haft gagn af hagbeitarlöndum nú í þessari tíð, eins og fyrrum þá landið var ríkt af fjárpeningi. Það er alkunnugt hvörsu örðugt og bágt að fátækur almúgi á síðan fjárskaðinn tilféll hér í landi, þar eð mesti og með þeim besta landsnytjanna ágóða var fyrrum daga sauðféð, bæði til sveitarbyggðarinnar og eins við sjávarsíðuna. Og í anleiðingu af þessu ásigkomulagi hér framfærðu, sem að umkvörtun þessa orðsakar að framvísa fyrir kóngl. Majest hr. Commissarii til þeirra nauðsynlegu viðskipta og athafna sem hið fljótasta kynnu að anvendast eður umsjást til bjargræðisforbetrunar, bæði til lands og vatns, með aðstoð Guðs og kóngsins náðar.

Svo framvísum vér einfaldlega okkar fátækra og fátæks almúga ástand sem reynt og fornumið höfum um jarðarskuldir, og sem vér meinum ógrundaða uppásetninga og hér aðhnígandi kringumstæðum.

1° Það er alkunnugt hvörninn að jarðir eru leigðar eftir jarðarhundraðatali. En af fæstum ábýlum fæst ágóði til afgjaldsins af landsnytjum hér við sjávarsíðu heldur af fiskiaflanum, og gelst það nú

allvíðast upp á fiskatal en ekki upp á álnatal sem áður fyrrum þegar í peningum eður í kaupstaðarvöru er goldið, svo að einn sléttur dalur eður 4 mk.[1] gekk í 20 al. sem var 40 f. á landsvísu og var kallað rétt goldið í afgjald eftir jarðir. En nú má sums staðar bæta þar við 10 fiskum ef duga skal og líklegt er að báglega muni afgjaldið ávaxtast á sveitajörðum síðan fjárskaðinn á féll þar sem er lítill heyskapur.

2° Það er og einninn aðgætandi hvörninn jarðnæðisábýlin eru að gæðum til yrkjunar, bæði upp á tún og engi, því augljóst er það að sum pláts eru mannfrekari og kostnaðarsamari til uppvinnslu en sum, og finnast líka ekki verkfær, en þar skal nú vera næsta lítið umfengis. En það sýnist þó réttvíslegt að lítt verkfært pláts leigist nokkuð linara en alverkfært og kæmi það oss til hagnaðar væri eftir þessu séð og regla um gjörð.

3° Sá kvíildaþungi sem hér fylgir einum og öðrum ábýlum, hann er ei alhægur fyrir mörgum fátækum, sérdeilis þar sem kvíildin fóðrast naumlega svo litlir gagnsmunir að verða. Þegar allar kringumstæður hér að lútandi eru gegnumskoðaðar, þá skal það virðast ígrundunarvert að sá sem geldur sannsýnilegt eftir grasið og heldur húsum við, ræktar tún forsvaranlega, fær ei sjálfur gripinn eiga, þar með og fellur síðan í leignagjaldið eftir leigugripinn hans besti ágóði.

4° Þessi kvíildi er einn sá sérdeilislegi skuldaþungi sem sá fátæki á örðugast uppdráttar með, helst vegna eftirfylgjandi orðsaka. Að leignagjaldið hleypur langt fram yfir tilsettan taxta á smjörum þegar ekki verður í smjöri goldið, sem víða er nú á tíðum orðið bágt og næsta ómögulegt, helst hér við sjóinn. Og svo í annan máta að kvíildauppbótin gengur mjög treglega fram svo leiguliðar mega sjálfir hafa umhyggju fyrir að hafa þau í standi, ef frá kunna víkja ábýlunum. Þettað mun þó eiga ganga öðruvísi til, svo sem ráða má af kóngl. Majest forordningu af 15. maí 1705[2] og skal það virðast að almúginn, helst sá fátæki, á upp í móti að framganga eftir réttvíslegum tilsettum reglum í einum og öðrum athöfnum.

5° Nú ítrekast hér um hjáleigur og húsmannavelli og þar um ákomið eftirgjald. Þar finnast margar hjáleigur sem eitt kvíildi fylgir en fóðrar kannski 3^{r} og 4^{ar} kýr, en ekki segist það þar fyrir að þær

[1] Mark var mynteining. 1 mark = 16 skildingar.

[2] *Lovsamling for Island* I, s. 623–624. (Forordning om adskillige Misbrugers Afskaffelse udi Island, 15.5.1705).

kunni ekki að vera að fullu leigðar sem raun gefur vitni. Þegar heimajarðirnar eru skuldafríar, og að framan er áminnst, hvar af skal nú dregið eður ágrundað að einn kýrfóðursvöllur sé leigður með leigugrip og eftir hann gelst 40 fiskar á kaupstaðarvísu í landskuldina, mannslánið, dagsláttur og leigan eftir gripinn. Þettað skal virðast nokkuð dýrt keyptar landsnytjar með soddan móti. Þettað sýnist nauðsynlega þurfa aðgjörðar, þar eð einn völlur skuli leigjast hart nær sem 5 hundraða jarðarpartur til sveita eður hvar annars staðar vera kann. Þettað kann varla vera annað en uppásetningar. En vera kann að þeir ríkustu eður sem hafa góða formegan sitji fyrir að fá þess konar afgjaldsfríu jarðir sér til ágóða, svo vel sem til nauðsynlegrar brúkunar. En sá fátæki, vilji hann fá jarðnæði sér til bjargræðisviðurhalds, þá verður það helst fyrir honum að fá þau örðugustu og skuldaþyngstu og jafnvel sem kallast örbýli, og ganga svo býlin af sér meir og meir. Því sá fátæki getur þeim ekki viðhaldið, auk heldur forbetrað. Hann má ei missa sig til þess um þann hentuga ársins tíma frá sínu bjargræðiserfiði og verður hann svo úrráðalaus fyrir vanefna skuld. En vildu þeir sem formegan hafa brúka sín efni til að forbetra þess háttar jarðir eður atorka þar upp á, þá mætti það segjast að innbyggjaranna formegan kæmi til landsins besta og forbetrunar.

6° Nú minnunst vér á þau svokölluðu mannslán eður hvör forskil á þeim eru. Sums staðar fæst að borga fyrir þessi mannslán, sums staðar fæst það ekki, vegna þess að þeir vilja láta þá róa á sínum skipum og það árið um kring (sums staðar) jarðareigendur eður umráðendur ábýlanna, hvar af orðsakast fyrir allmörgum hindrun til bjargræðisútvegunar upp á fiskiaflann. Það hefur helst gengist við á hjáleigum og húsmönnum við sjóarsíðu og reynist það ei mikill stofn til bjargræðisviðurhalds þegar allt hvað 3 og 4, 5 menn og líka fleiri eiga að vera á einum hlut. Og þó ein kýr sé með litlu fóðri, þar aflinn af þeim eina hlut gengur aftur í landskuldar- og jafnvel leignagjaldið eftir ábýlið og fellur þá bærilega, nær skuldir þessar verða vel betalaðar af einum hlut, og að nokkru leyti lifa þar af um aflatímann. Það má segjast auðráðið hér af að þar sem þessir fátæku fá ei brúka þau tilföng eður útvegur sem nokkurn veginn geta til fiskiaflans, að það muni fyrst áfalla bágendi um bjargræðisföng fyrir þess háttar fólki, nær harðindatíð upp á fellur og hljóta svo að taka lán bæði í kaupstöðum og líka annars staðar sem þess er kostur. En kann henda sig fyrir sumum

hvörjum að ákomist restansar[1] sem betalast með seinlæti, sem ei er ólíklegt ekki af meiri formegan eður stofni en einum hlut og báglega fellur framvegis. Það hefur líka hent sig að soddan skuldir hafa aldrei orðið betalaðar.

7° Almúginn kann ei neyðarlaust af að komast með soddan ástandi. Helst sá fátækasti, með öðrum fleiri tollum sem hann hefur að gegna og heldur fara í vöxt en minnkun, sem ei skal þó virðast hentugleiki á í þessari tíð, því ei kann fátækt fólk þola nú eins og fyrrum þegar að landið var í góðri formegan sauðfjársins og prísinn var skikkanlegur á landsins aurum.

8° Nú ítrekast hér aftur um þær jarðartíundir sem leiguliðarnir gjalda, helst á bændaeignum, og svo sérhvörjum þeim jörðum sem tíundaðar hafa verið, bæði fyrr og nú. Það er sem margir af almúganum þykir koma undarlega fyrir, af því að leiguliðar skuli það gjöra fyrir alls ekkert og litlar eður jafnvel öngvar, en þó aldeilis óvissar röksemdir tilfærðar hvar af það orðsakast. En auðvitað er að í vana gamlan er það komið. En ei er öll réttvísi grunduð á gömlum vana eður í honum innifalin heldur eftir tilfallandi ástandi tímanna, sem vor allra náðugustu kóngsins lög gjöra ráð fyrir í óforvarandis einum og öðrum tilfellum.

Augljóst er það að merkja af alþingissamþykki A° 1604[2] að jarðaeigendur hafa sjálfir tíundað sínar jarðir forðum daga, og forordningin af 21. Aprilis 1619[3] útvísar hið sama að jarðaeigendur skuli tíunda sínar jarðir. En hvör orðsök er að leiguliðar tíunda nú jarðirnar og hafa tíundað að undanförnu, hana er að lesa í *Tyro juris* hr. Sveins lögmanns[4] þar eð hann segir að fæstar jarðir byggist meir en fyrir hálfa lögleigu og þaðan af minni. En í þess stað gjaldi nú ábúendur tíund af sínum leigujörðum, en ekki ber það hans skrif með sér að alþingissamþykki eður dómar séu þar umgjörðir eður forordning auglýst. En ólíklega lítur það út að jarðirnar skuli hafa verið settar niður til helm-

[1] Eftirstöðvar, skuldir.

[2] *Alþingisbækur Íslands* III, s. 322.

[3] *Lovsamling for Island* I, s. 181–182. (Aabent Brev ang. Jord-Tiendens Erlæggelse, 21.4.1619).

[4] Sveinn Sölvason, *Tyro Juris edur Barn i Logum sem gefur einfalda undervisun um þa Islendsku lagavitsku og nu brukanlegan Rettargangs mata, med samburde fornra og nyrra Rettarbota og Forordninga*. Kaupmannahöfn 1754.

inga og, og[1] þaðan af meira fyrir einungis jarðartíundir. Hér hafa tilfallið ein og önnur tilviljun á sumum jörðum fyrrum daga, og líka skeð ei allt fyrir mörgum árum. Svo getur líka sú niðursetta lögleiga orðsakast hafi fyrir einhvör tilfelli, en einungis leiguliðanna jarðartíund. En svo mun best fara að eftir allra náðugasta konunglega lögmáli framfari einar og aðrar aðgjörðir og reglur um fátækan almúga, heldur en hinum og þessum gömlum ógrunduðum uppásetningum eður óþolanlegum vana.

9° Ei má heldur undanfellast hér hjá að minnast á þá mörgu tómthúsmenn[2] sem víða eru farnir að aukast hér við sjóarsíðu, þar til flest af soddan fólki hafa ei formegan jarðnæði að taka. Sumir hverjir kunna það vel gjöra sem svo eru efnugir, þó þeir séu færri, en þykir kannski raunar ei svo létt að halda málnytu. En varla kunna neyðarlaust af komast fátækir öreigar eður barnamenn með sinn eina hlut. Er því nauðsyn að þeim eftirlétist frekari útvegur til fiskiaflans, þeir sem það gæti eður væri þar til aðstoðaðir af sínum húsbændum, þeir sem þar til hafa formegan.

10° Eftir soddan ástandi og ásigkomulagi hér framfærðu og landsins vandræði yfirstanda, þá fyrirfinnum vér fátækur almúgi ei fljótari aðgjörðir til bjargræðisforbetrunar með aðstoð Guðs og kóngsins náðar en þessar eftirfylgjandi:

1° Að þær þungu jarðarskuldir á einum og öðrum ábýlum væri linaðar, sérdeilis kvíilda, mannslána og dagsverka.[3]

2° Að kota- og húsmannafólki gæfist nokkur fríheit að brúka þau tilföng fiskiaflans sem bjarglegt kynni sjást án húsbændanna skaða.

3° Að ábýli væri rannsökuð upp á landsnytjar mót afgjaldi og eftir yfirstandandi landsins billegheitum, en ábúendur halda húsum við.

4° Að ullin mætti koma í höndlunina í kaupstöðum, annars horfist svo á framvegis að almúginn geti ei bjargað sér til lands og sjóar.

5° Að öngvum landsins innbyggjurum eftirlátist að brúka aðra aðferð eður uppásetninga en sem kóngl. Majest lög leyfa eður á þeim grundað er hér eftir.

6° Að lögin séu skiljanleg auglýst almúganum svo hann vita kunni

[1] Svo.
[2] Maður sem býr við sjávarsíðuna og hefur ekki grasnyt fyrir skepnur.
[3] Dagsláttur. Vinnukvöð.

hvað sér er rétt gjört eftir lögum og hvað helst hann kunni varast að gjöra á móti lögum.

Seltjarnarnes, d. 30. Martj 1771.

Ívar Jónsson
Jóhann Níelsson

Jón Magnússon
Árni Guðmundsson
Jón Einarsson

* * *

[Oversættelse 1771]

Translation

Kongelige Majestæts!
Ædle hhhr. Commissarii!

Det er i almindelighed nödvendigt, at der gives undervisning om jordbeboeres hjaleje og husmænds byxelsvilkaar, paa det at sandsynlig retfærdighed derom kan udöves, efftersom nuværende landets nödtörft udkræver.

Jorderne siges nu at være saa og saa mange hundrede[1] af land, men hvori den dyrhed bestaar i henseende til landherlighed er i uvisshed, thi sjelden efftersees om lejlændingers fordel kan svare til jordens dyrhed imod de udgiffter og hoverier, som fölge med en eller anden gaard, enten de ere store eller smaae, samt opholdsmidlers anskaffelse, paa det jordbruget ej forsömmes. Hvorom i forrige tid er bleven gjord den udtydning, som sees af et gammelt skrift under Bergthor Ravnsons og Haflida Maarsons lovmænders navne og fleere höfdingers, som den tid levede, dat. 1117. Hvor der tales om vurdering af jorder og landsherligheder, og merker man, at jordene have været vurderede til jordhundreders dyrhed effter deres nytte og herlighed, og at et hundred i jord har gjældt mod et hundred i löse öre paa landsvis. Det forstaaes lettelig af den islandske lov, som kalde lovleye[2] 12 al.[3] afgift om aaret

[1] Islandsk værdienhed. Anvendes til at betegne jordens bonitet.
[2] Lovlig leje blev anset for at være 10% af den vurderede værdi af ejendelene eller 12 alen af hver hundrede.
[3] Alen. Værdienhed.

effter et hundred i land eller löse öre, men hvad lovmæssig landherlighed har været lagdte imod denne lovleye, derom er almuen meget uvidende, samt om kvilder have været med jordene i gamle dage, hvilket ej heller er klart. Denne lovleye siges at være falden i vore tider, og er det rimeligst, at faste qvilder har været satte, naar merbemelte lovleje har væred nedsat.

Maaske mandslaan har den tid været vedtaget, samt jordtiender paalagte lejlændingerne. Men om jordenes herlighed har svaret til afgiften, vides ej i almindelighed, men det er betydeligt hvor stor forskjæl, der er paa afgifft af jorderne hist og her, efftersom paa samme jorder, hvorunder ligge hjaleyer, ere meget smaae afgiffter for den, som boer paa den saakaldede hjemmejord, thi det meste af afgifften og qvilderne er lagt paa hjalejerne, men hvorledes dette er opkommet i förstningen, er ej lætt at forstaae, efftersom vi almue ej veed, at herom er noget fastsat effter billighed, men det synes dog, som ansvaret bör ligge saavel paa lejlændingerne effter proportion som paa den, der boer paa hjemmejorden. Thi ligesaavel maae hjalejemanden for sin del som hjemmebonden lade husene være forsvarlige, rögte tun og gjærder, hvor dislige ere, og hvad andet hjalejernes oppassning vedkommer. Og kræver hjemmegaardsbonden et mandslaan af hver hjaleye, og 2 om toe boer paa hjalejen, det kommer ud paa et, enten hjalejen fölger tun, som foedrer en koe, eller der kan være hjaleje, som fodrer fleere kjör, dog lader man paa fleste stæder mandslaanet staae ved det samme eller betaling derfore.

Men i henseende hvad man skal gjette, hvorledes dette i förstningen er tilkommet, da er det rimeligst, at naar beboere har hafft disse store jorder, same da har været dem forvoxne, og de ej kundet benytte fuldkommeligen jordenes marker og herligheder til at bestride afgiffterne, eller og til at gjöre dem lættere, og har da hjalejernes antal tiltaget paa de jorder, hvor tunene have været store, thi de fleste af disse hjaleyer ligger nær hjemmejorden, men naar hjalejerne for alvor begyndte at beboes, baade formedelst folkes tiltagelse og andre aarsager, har hjemmejorderne blevet afgifftsfrie eller meer. Denne meening kan nogenledes trækkes af det, som nu skeer, at beboere paa smaa jorder hist og her ved söekanten opbygge hus ved gaarden og lade dermed fölge et koefoederstun, og et leyeqvilde, effter den gamle lejemaade, og kan man slutte, at dette offtest er blevet til hævd med gamel vane og paa-

læg, thi afgifft af disse boeliger stiger og falder, i særdeleshed at deraf tages 2 mandslaan, naar 2 boe[1] paa hjalejen, men ej uden et, naar der boer een.[2] Men af hvilken grund eller love hjalejernes afgiffter ere saaleedes vedtagne, kan ej siges for vist, uden hvad der er rimeligst, at jordejere og forvaltere have lejet jorderne til sin fordel, og folk ere nödte til at antage disse lejecontracter, som siden ere komne i vane og hevd. Men dette synes noget stivt imod jordernes herlighed samt ulige, og man kjerer sig meget lidet herom, men lader det blive ved den gamle vane. Men det er meget nödvendigt, at herved blev noget endeligt gjört, at man ej hævede afgifft af det, som jorderne ej have. Og skjönt de i forrige tider har havt nogen herlighed, da kan same ej nu være til, thi de fleste jorder ere forværrede. Efftersom alt andet leyeqvæg skal af eyeren paabödes,[3] skjönt[4] det er fuldkommen gyldigt til leye, efftersom loven udvise, saa synes nödvendigt, at jorde og hjalejer bleve efterseete, at almuen kunde holdes ved magt af deres herligheder og ikke komme i fattigdom og armod formedelst alt for store landskyllder eller anden ubillig besværing.

Skjöndt det kan siges, at jordene ere nedsatte og ikke leyede for mer end halv lovleye, da kanskee det er ej alle i landet, men maaskee mandslaan, qvilder og jordtiender belöbe sig noget op imod den gamle lovleye samt andre hoverier, da det er rimeligst, at dette ej har fulgt med jordene, medens bemelte lovleje i forrige tider brugtes, og de fleste jorder ikke i den stand som i de tider. Det kan og siges, at jorderne kan neppe settes neder meer i disse tider, end allerede skeet er, efftersom de regnes nu saa höyt imod penge og kanske langt höyere end forhen, saa og betales af samme skatter, og böndergods leyes ej höyere end kongens.

Nu er at tage i agt, at kongens naad er os given, at vi maae klage over alle de aarsager som ere os for svære og hindre vores næring, men det er ej at supponere, at nogen vil holde stivt ved en svær afgifft, skjöndt jorderne kjöbes dyre, efftersom de penge, som faaes her i landet, bringer helst fordeel i jordegods, thi her plejer penge ej at settes

[1] Tvillingegård, en jordejendom med to hushold.
[2] Enkeltgård, en jordejendom med kun et hushold.
[3] Der menes, at ejeren skal "bøde for", dvs. erstatte kvæget hvilket stemmer overens med den islandske tekst.
[4] I den islandske udgave af brevet står der *svo* (så) og ikke skønt.

paa rente. Det synes og verdt at mærke, at mange lejlændinger kan ej benytte sig af udmarker nu i disse tider som til forne, da landet ejede mange faar. Det er bekjendt, hvor besværligt det gaaer den fattige almue siden faaresygen indkom i landet, da den meste og beste landets herlighed bestoed til forne i faarene baade i oplandet og ved söekanten. Og i anledning af dene beskaffenhed, som her er fremfört, og foraarsager at fremvise denne besværing for de hhhr. kongel. Maj^ts^ Commissarier til nödvendig foranstaltning, som hastigst kunde udsees og bruges til næringsforbedring baade til land og vand med Guds bistand og kongens naade.

Da fremvise vi i eenfoldighed vor fattig almues tilstand, som vi har prövet og erfaret, og jordafgiffter, og som vi formeene ugrundede paalæg med her henhörende omstændigheder.

1° Det er bekjendt, hvorledes jorder leyes effter jordhundredes antal, men af meget faae jorder kan faaes fordel af jorderne til afgifften her ved söekanten, men [derimod] af fiskeriet, og betales det fleste stæder i fisketal, men ikke alnetal som tilforne, naar betalingen skeer i penge eller kjöbstædsvare, saa at en slettdaler, eller 4 mk.,[1] gik for 20 al., som var 40 fisker paa landsvis, og antoeges for fuld betaling i afgifft af jorder, men nu maae sommestæder lægge dertil 10 f., om det skal være nok. Og rimeligt er, at afgifften vil besværlig foröges (faaes) paa sveitejorderne,[2] siden faarepesten kom, hvor der er liden höebjæring.

2° Det er og at merke, hvorledes boejorderne ere i henseende til dyrkning baade tune og enges, thi det er klart, at somme jorder behöver fleere folk til at opvindes end somme, og nogle kan ej dyrkes, men der tales nu meget lidet om. Men det synes rett, at et næsten udueligt plads leyes noget mindre end et got, og var det os til beqvemhed, om dette blev effterseet, og derom gjört nogen regel.

3° Den qvildetyngde, som her fölger med en og andre jorder, er ej lett for mange fattige, især hvor qvilderne foedres neppe, saa de gjöre liden nytte. Naar alle hertil hörende omstændigheder overvejes, skal det sinues betænkningværdt, at den, som betaler sansynlig effter græs-

[1] Mark var et betalingsmiddel. 1 mark = 16 skilling.

[2] Det islandske ord *sveitajarðir* henviser her til de jorder, hvor man primært har husdyravl og derfor betaler sine afgifter i landbrugsprodukter og ikke i fisk.

avlingen, holder huse ved magt og rögter tun, maae ej selv eje qvæget, og falder da siden i leyebetalningen effter lejeqvæg den meste fordeel.

4° Disse qvilder ere en af de betydeligste udgiffters tyngde, som den fattige har besværligst at bære, allerhelst af fölgende aarsager. At leyebetalingen stiger langt over tilsat taxt paa smöred, naar betalingen ej skeer i smör, som paa mange stæder nu er bleven besværligt, og næsten umueligt, helst her ved söekanten, og for det andet faaes qvildernes paaboed meget besværlig, saa at lejlændingerne selv maae sörge for at holde dem i stand, i fald de skal komme fra jorderne. Dette bör dog vel gaae anderledes til, som sluttes kan af kongel. Maj^ts^ forordning af 15. Maii 1705,[1] og skal det synes, at almuen, især den fattige, har ont med at faae, at med ham handles effter rettvise regler i en og anden ting.

5° Nu igjentages herom hjaleje- og husmændstune og den deraf brugelige afgifft. Der findes mange hjalejer, som et qvilde fölger, men kan maaske foedre 3 à 4 kjör, men det siges ikke dermed, at de ej ere leyede höyt nok, som det viser sig, naar hjemmejorderne blive frie for afgifft, som for er mældt. Hvoraf mon det drages nu eller sluttes, at et koefoederstun leyes med et leyeqvæg, og efter det bliver betalt 40 fisker paa kjöbstædsvis i landskyld, mandslaan, dagslætt og lejen effter qvæget, af dette skal synes, at jordherlighederne kjöbes temmelig dyrt. Dette synes nödvendig at behöve foranstaltning, da et tun lejes næsten som 5 hundrede jord op til sveitene eller andre stæder. Dette kan neppe være andet end paalæg. Men vel kan skee, at de rigeste, eller de, som have god formue, sidder i forkjöbet at faae slige afgifftsfrie jorder til sin fordel og brug, men vil den fattige faae boepæl til sin næring og underhold, da falder ham lettest at bekomme de besværligste, og som have störst afgifft, eller og de, der kaldes örbýli (ubeboelige), og forderves saa boepælene meer og meer, thi den fattige kan ikke holde dem ved magt mindre at forbedre dem, han kan ej miste sig dertil paa den belejlige aarets tid fra sine næringsforretninger, og bliver han saa raadvild for fattigdoms skyld, men om de, der har formue, vilde bruge sin ævne til at forbedre slige jorder eller hjælpe dertil, da maatte det siges, at indbyggernes formue blev anvendt til landets beste og forbedring.

[1] *Lovsamling for Island* I, s. 623–624. (Forordning om adskillige Misbrugers Afskaffelse udi Island, 15.5.1705).

6° Nu erindre vi de saakaldede mandslaan, eller hvad forskjæl der er paa dem. Sommestæder faaes at betale for disse mandslaan, sommestæder ikke, fordi de vil lade dem roe paa sine baader og det hele aaret sommestæds. Hvoraf for mange foraarsages hindring i bjæringsvejene med fiskefangsten, det har mest været brugt paa hjalejer og mod husmænd ved söekanten, og er det ikke stort underlag til ophold, naar 3, 4 à 5 mænd eller fleere skal leve af en lött, og skjöndt der er en koe med lidet foder, da den ene lött gaaer i landskyld, og kanske leye effter hjaleyen, og gaaer det da temmelig got, naar alle disse afgiffter kan vel betales af denne ene lött og nogenledes tjene til at leve af om avls tiden. Det maa siges klart heraf, at dersom disse fattige ej faae lov til at bruge de udveje, de kan til fiskefangsten, at deslige folk maae komme först til at mangle livsophold, naar dyrtid paakommer, og maae saa borge[1] baade i kjöbstæderne og andre stæder, hvor det kan faaes, og kan hende sig hos nogle, at de kommer i restantzer, som betales seendrægtig, som ej er urimeligt af saa liden formue og ævne, som en lött er, naar tiden siden falder besværlig, det har og hendet sig, at saadan gjelld er aldrig bleven betalt.

7° Almuen kan ej uden nöd at komme ud hermed, især de fattigste, tillige med andre fleere tolde, som han skal svare, og heller voxe en tage af, hvilket dog ej synes belejligt i denne tid, thi fattige folk kan nu ej taale som för, naar landet var besat med god deel faar, og prisen paa landöre taalelig.

8° Man igjentager her, hvad der er talet om de jordtiender, som lejlændingerne betale, helst paa selveyergodse, ogsaa alle de jorde som have været tiendede baade för og nu. Det er det, som mange af almuen kommer underlig for, nemlig at leylændingerne skal gjöre det for slet intet, men dertil anföres liden eller ingen og dog uvisse grunde, hvorfor det skal saa være, men vist er, at det er kommet i gammel vane, men ald ret grundes ej paa gammel vane eller bestaaer deri, men heller effter indfaldende tidernes omstændigheder, som vor allernaadigste konges lov gjör raad for i een og anden uforvæntende tilfælde.

Det er klart af Altingssamtykken A° 1604,[2] at jordejere have selv tiended sine jorder i forrige dage, og forordningen af 21. Aprilis

[1] Få kredit eller henstand.
[2] *Alþingisbækur Íslands* III, s. 322.

1619[1] viser det samme, men af hvad aarsag, lejlændinger tiende nu jorderne og have tiended for her, kan læses i *Tyro Juris* hr. lavmand Svends,[2] der han siger, ad de færreste jorder lejes meer end for halv lovleje og mindre, men i det stæd betaler lejlændinger tiend af sine lejejorder, men ikke förer dette hans skrift med sig, at Altingssamtykker eller domme er gjorte derom, eller nogen forordning bekjendtgjort. Men det er ikke rimeligt, at jorderne skal være nedsatte til det halve eller meer, for jordens tiender allene. Til forne har paakommet atskillige hændelser paa somme jorder, hvilket og for kort siden er skeet, hvorfore den nedersatte lovleje kan have skeet for hændelse snarere end lejlændingers jordtiend. Men best er, at een eller anden anstalt med den fattige almue skeer effter kongel. allernaadigste love meer end adskillige ugrundede paalæg og utaalelig sædvane.

9° Det maae ej heller forbigaaes her at erindre om de mange tommehussmænd,[3] som mange stæder ved söekanten tager til, efftersom de fleste af saadan folk have ej formue til at antage boepæl. Nogle, som have midler, kan vel gjöre det, skjöndt de ere færre, men synes maaske ej saa lett at have at bestille med qvæg. Men neppe kan fattige, som intet have eller har mange börn, at komme ud med en löt. Hvorfore det var nödvendigt, at dem effterloedes större udveje til fiskefangsten, naar de kan eller blev hjuplen dertil af sine husbönder, som have ævne dertil.

10° Efter saadan omstændigheder og beskaffenhed, som her er fremfört, samt landets besværlige tilstand, da kan vi fattig almue ej forefinde hastigere anstalter til næringsforbedring næst Guds og kongens bistand end dette efterfölgende:

1° At de svære jordafgifter paa en og andre boeliger var forringede, især qvilders, mandslaans og dagsværks.[4]

2° At hjalejemænd og husmænd gaves nogen frihed til at bruge udveje til fiskefangsten, som kunde synes fordelagtige uden husböndernes skade.

[1] *Lovsamling for Island* I, s. 181–182. (Aabent Brev ang. Jord-Tiendens Erlæggelse, 21.4.1619).

[2] Sveinn Sölvason, *Tyro Juris edur Barn i Logum sem gefur einfalda undervisun um þa Islendsku lagavitsku og nu brukanlegan Rettargangs mata, med samburde fornra og nyrra Rettarbota og Forordninga*. Kaupmannahöfn 1754.

[3] En mand, som ikke har græsning til dyr, og derfor et "tomt" hus uden mælk.

[4] Se også: dagslæt.

3° At jorderne blev effterseet i henseende til deres herligheder mod afgiften effter nærværende landets omstændigheder, men lejlændinger holde husene ved magt.

4° At uld maatte komme i handelen i kjöbstæderne, thi ellers seer det ud dertil, at almuen ikke kan nære sig, hverken til lands eller vands.

5° At ingen af indbyggerne maae tillades at bruge anden adfærd eller paalæg herefter, end som kongel. May^ts^ lov tillader eller grundes paa samme.

6° At loven blev forstaaelig bekjendtgjorte for almuen, at han kan vide, hvad ham er rett gjort effter loven, og hvad han skal tage sig vare for at gjöre imod loven.

Seltiarneness, d. 30. Martii 1771.

Jon Jonsen[1]
Johann Nielsson

Jon Magnusson
Arne Gudmundsson
Jon Einarson

L. S.

Starfsmenn við Innréttingarnar fjalla um ásigkomulag vefsmiðjanna og kjör sín 2.5.1771. Lit. VV.

Ansatte ved De Nye Indretninger behandler væveriernes tilstand og deres egne kår 2.5.1771. Lit. VV.

ÞÍ. Rtk. D3/3–7.
Innsigli/*segl*; Innskráð/*indskrevet* 3.5.1771.

Áritun/*påskrift*: Indkom den 3. Maii 1771; Lit. VV; Pr. 24. Jan. '72. N° 3. Er.; 2. B. J. Ref. pr. 72. N° 61; Document denne sag ang. v. N° 59, 60, 149, 359, 898.

[1] Ifølge det originale, islandske brev er navnet Ívar Jónsson.

Kongel. Maj^ts Landcommission!
Háeðla herrar!

Við undirskrifaðir tökum okkur fyrir þá djörfung að leiða fyrir sjónir Reykjavíkurfabriqve ásigkomulag, hvert nú er orðið mjög svo ólíkt því er það var nær hr. landfógeti Skúli Magnússon hafði direction yfir þeim nýju Innréttingum. Fabriqvens limir (þeir fáir sem nú eftir eru við hana þénandi) hafa síðan velnefndur hr. landfógeti Skúli missti sína direction, liðið stóran skaða fyrir þá skuld að þeir hafa oft og tíðum mátt ganga liðugir og forþénustulausir sem aldrei þurfti í hr. landfógetans tíð. Og voru þá (sem menn vita) langtum fleiri sveinar, drengir og vinnufólk heldur en síðan verið hefur.

Hvert gagn bæði fabriqvens limir og annað fólk hafði af áminnstu handverki er kunnugra en frá þurfi segja. Þeir sem voru í grennd við verkstaðinn höfðu altíð forþénustu af því nær þeir vildu, svo sem að pilla ull, spinna listagarn og hespur, þjóna að húsastarfi og smíðum etc., eftir hvers eins list, atburðum og kunnáttu. Þeir fengu þar fyrir hjá fabriqves bókhaldara það þeir vildu og viðþurftu sér og sínum til atvinnu. Já, oft á vetrardag og harðindatíð kom fabriqven þeim til hjálpar að lána þeim bæði smjör og peninga, hvað eð gjörði þá kostgæfna og ástundunarsama til að erfiða nær tækifæri til gafst.

Sveitamenn höfðu ei alllítið gagn af oftnefndri fabriqve, þar þeir máttu ganga að vísum peningum fyrir sínar vörur, svo sem smjör, vaðmál, sýru, naut, sauði, kýr, hesta, skæðaskinn, lýsi, sundmaga, fífu, reipi, reiðing, klifbera, taumbönd, hnappheldur og í einu orði að segja allt hvað brúka þurfti var þangað flutt hrönnum og af þeim keypt. Þeir norðlensku hafa bæði fyrr og síðar selt til fabriqven ull og hespugarn fyrir svo ánægjanlegt verð að þeir hafa æ meir og meir uppörvast til soddan iðkana, þar þeir sáu sér vísan ábata hér við.

Allir sannsýnir menn (sem hér um er kunnugt) munu okkur samsinna í því að hr. landfógeti Skúli lagði allt kapp á að sem flestir mættu gagn hafa af þeim nýju Íslands Innréttingum, jafnvel þó hans góða meining og fyrirtekt hafi ei fært þann ávöxt sem hann til ætlaði. Hvar fyrir fleiri en færri munu og mega hans lengi sakna. Þegar krigsraad Arve Gudmundsson fékk direction yfir Innréttingunum urðu menn strax varir við stóra og óholla umbreyting, ekki einasta í því að hann lækkaði og niðursetti laun alls þess fólks sem við fabriqven þjónaði, því til stórs skaða,

heldur og einninn dreif hann margt af því í burtu frá sinni forþénustu og svipti það svoleiðis sínu bjargræði. Hvar af það fylgir að þeir sem á fullorðinsaldri ekkert kunnu annað að gjöra en það sem þeir ungir við fabriqven lærðu, kunna ei næra sig af sínu handverki, þá þeim er þess fyrirmunað, þar fyrir lifa og svo nokkrir í bágenda tilstandi.

Til bevísingar upp á framanskrifað þénar þetta meðal annars að þánefndur hr. krigsraad Gudmundssen kom fyrst til landsins A° 1767 og sigldi aftur sama sumar, flutti hann með sér til Kaupinhafnar yfir 400 stk. klæði, kersu og rask[1] ófarfað, órammað og ópressað,[2] sem meinast til þess gjört að hann fengi þess betri orðsök að svipta fólkið (sem þar að átti að þéna) sínum launum.

Hver mismunur verið hafi á hr. landfógeta Skúla og krigsraadens viðleitni, vilja og framkvæmd í því að innkaupa ull til fabriqven og skaffa fólkinu erfiði er of langt upp að telja. Hið fullkomnasta vitni þar til er þetta, að það síðasta ár sem hr. landfógetinn hafði direction yfir Innréttingunum, nefnilega 1766, þegar fjárpestin hafði þó fyrir nokkrum árum fengið yfirhönd, lét hann yfirskera, farfa, ramma og pressa[3] 477 stk. En nú næstliðið ár 1770 var einasta farfað, rammað og pressað 172 stykki.

Menn kunna segja krigsraaden til afsökunar þess bágara var að fá ullina sem fjárpestin lengur viðvaraði. Það er satt en hitt er og svo víst að betur gat hann gjört en hann gjörði. Það má nóglega sjást þar af, að þegar hann sendi menn og hesta til Húsavíkur í því yfirskini að innkaupa ull, þá gaf hann lestamanninum Brynjólfi Jónssyni þá fyrirskrift að hann skyldi öngva aðra ull kaupa, heldur en ofan af tekna háls- og hryggjarull, og þá skyldi hann gefa 24 f. fyrir fjórðung. Svo sem nefnds lestamanns Brynjólfs instruction af dato 5. Aug. 1768 útvísar. Þess háttar ull var ómögulegt að fá með svo ringu verði þegar sauðfé var yfirfljótanlegt. Hverninn á þessu öllu stendur vita langtum fleiri en við. Flestum mun bera saman um það að krigsraadens mesta ástundan var sú að upphefja og öngvu gjöra fabriqven, (og því miður) honum hefur þar í of mikið tekist.

[1] Klæði, kersa og rask eru einlit ullarefni.

[2] Vísað er til þess að eftirmeðhöndlun vefnaðarstranganna var ekki lokið þegar efnin voru flutt út til skoðunar.

[3] Að lóskera, lita, ramma og pressa er hluti af eftirmeðhöndlun efnanna eftir að vefnaði er lokið.

Að þessu svo í ljós leiddu er það vor allra sameiginleg auðmjúk bón að það sem áhrærir fabriqven kynni framvegis lagfærast, svo þeir sem við hana þjóna og hafa þjónað kynnu með tíðinni sitt uppheldi hafa af því sem þeir hafa lært, sem eftir okkar meining kynni á eftirfylgjandi hátt í verk setjast.

1° Að til fabriqven kæmi utanlands frá bæði ull og hör, svo ánægjanlegt sem fólkið við þyrfti að vinna.

2° Við fabriqven eru nokkrir af okkur er þjónað höfum sem drengir 9 à 12 ár og höfum ei fengið til næstliðins árs útgangs meir en 40 sk. hæðst í kost, klæði og kaup um viku, með hvað við erum ófornægðir, en verðum þó þar við blífa þar við höfum ei lært aðra almennilega landvinnu. Þar fyrir væri mjög nauðsynlegt að sýslumennirnir, hvör í sinni sýslu, tæki til sín þá giftu vefarasveina og fengi þeim hentugar ábýlisjarðir, samt hjálpuðu þeim að setja sig í stand með vefstóla og annað verktöy (eins og hr. amtmaður Stefánsson[1] hefur gjört sem hann mun ei þykjast neinn skaða viðtaka). Með því móti gætu þeir bæði vel nært sig og sína, sem og gjört nokkra þénustu sínum yfirboðurum. Þeirra erfiði mætti þá og seljast til höfuðfabriqven.

Hinir ógiftu, sem áður hafa helst til lengi verið í drengjatölu, kæmust þá í þeirra stað. Eður mun það ei sýnast órímilegt[2] að einn sem lært hefur sitt handverk á 4 à 5 árum svo vel sem sveinn skuli mega mestalla sína lífstíð þjóna sem drengur.

3° Þar má heyra iðuglega klagað yfir að klæðin hér frá fabriqven séu ullarslæm, illa unnin, hálfþæfð, gisin og mjó með víðara. Hvað vinnunni viðvíkur þá eru þar til 2^{ær} orðsakir. Hin fyrri er sú að menn mega taka til þakka með þá ull sem hingað er send frá Kaupinhafn árlega, og ganga henni svo nærri sem mögulegt er. Hin síðari orðsökin er það að hér í næstliðin 12 ár hefur verið einasta einn spinnari sem lærði hjá meistara Danneberg.[3] Þessi kann fremur öðrum (sem ekki hefur lært hjá neinum réttskaffens meistara) gott garn að gjöra. Þar fyrir er óreglan orðin að vana, sem illt er upp að ræta með því fáir munu hirða sig í hættu að leggja og óvinskap af sínum meðþénurum hafa, fyrir naumlega viðlifandi laun, þar Compagniet eður þeir sem accordera fólkið, iðuglega ástunda að lækka launin hvar menn verða þó við vera, svo sem áður er sagt.

[1] Ólafur Stefánsson (1731–1812) amtmaður.
[2] Fráleitt, fjarstætt. Danska *urimelig*.
[3] Johan Christian Dannenberg, klæðagerðarmeistari og vefsmiðjustjóri.

Það sem vefnaðinn áhrærir þá erum við vel til friðs með að undirkasta okkur dómi danskra vefarameistara. En breiddina hafa vor klæði eftir þar um útgefinni reglu af 8. maí 1734. Og svo framarlega að fabriqven kynni framvegis viðréttast, þá væri aldeilis ómissandi að innrétta eitt spunahús í landinu, upp á þann máta, að þar mættu landsins börn læra á einu eður mest 2ur árum, nokkur úr hverri sýslu, réttilega ullina að handtéra og að þeim liðnum umskiptast og önnur inntakast. En hin fyrri aftur sendast til sýslumannanna með alvarlegri áminning að viðhalda því þau lært hafa, væri þeim og vel sjáandi fyrir verkfærum til þess sama. Þegar svo hefði framfarið nokkur ár mundi léttara gott garn að fá, ekki einasta til höfuðfabriqven heldur og til þeirra sem vildu hana annars staðar í landinu uppsetja. En fyrir utan góðan grundvöll á spinniríinu (þar það er mergur og ypparsta handtéring á öllu töje) vill fabriqven verða meira til hneykslis og minnkunar heldur en ávinnings eður upphefðar.

4° Eitt af þeirri stóru óreglu sem hér yfirgengur er (eftir okkar þanka) að Reykjavíkur kringliggjandi hjáleigur eru burt leigðar til óviðkomandi fólks, sem aldrei hefur við Innréttingarnar þjónað, en nokkrir af þeim sem við fabriqven þjóna og hafa þjónað og grasnyt við þurfa, fá hana ekki, svo þeir neyðast til að kaupa mjólk með afarkostum fyrir sín ungu börn, sem þeim gjörir stórt peningaútdrag. Þar að auki mega og svo nokkrir leigja sér húsrúm hjá öðrum, samt gjalda eftir sín verelsi fulla húsaleigu líkt sem þeir væri framandi. Þar fyrir er það okkar auðmjúk bón og tilmæli að þetta svo vel sem annað áður um talað mætti lagfærast, og við með tíðinni fá hagkvæm verelsi hér við fabriqven, frí og fyrir utan eftirgjald, líka og grasnyt (þeir sem þess mega ei án vera) framar þeim óviðkomandi eru.

5° Eftir sem Hólmsins districtis fólk kvartar sárt yfir skorti á proviant í kaupstöðunum, hvar til það hefur stæðstu orðsök, því í staðinn þess að í fyrri daga komu jafnan á Hólmsins höfn 2 proviants skip, hefur ei í nokkur ár utan eitt komið. En fyrrnefnt district er þó miklu fólkríkara nú en áður, bæði vegna fabriqvefólks og annarra langtum fleiri sem hér hafa staðnæmst, item tukthúslima. Þá er það vor auðmjúk bón og begæring að til höndlunarstaðarins mætti koma svo ánægjanleg matvara að bæði við og annað districtes fólk, getum fengið það við þurfum, svo við þyrftum ei heyra þá iðuglegu harmaklögun bændanna að við drögum frá þeim það þeir eigi að hafa sér til atvinnu.

6° Eitt af þeim nýju uppáfyndingum sem krigsraad Gudmundsson kom hér í verk var sá yfirmáta mikli dýrleiki á förfun ullargarns, prjónalesi, vaðmála, klæða etc. Áður en krigsraaden kom hér var almennilega gefið á að farfa 1 pd. rautt 14 sk. en blátt og grænt 18 sk. sem öllum þókti ærið dýrt vera. En síðan hafa menn mátt gefa 24 sk. á 1 pd. af hvers kyns lit sem vera kann. Þetta stríðir á móti allri sannsýni og þarf lagfæringar við.

7° Svo sem ullarekla og klæðleysi þrengir svo mjög að almúga þessa lands, að húsbændur geta hverki klætt sig né sitt vinnufólk en margir hafa nægð af skinnum. Þá er það mjög nauðsynlegt að feldbreiðara profession[1] sé hér innréttuð svo að bereidd skinn mættu þéna bæði karlmönnum og kvenfólki til fatnaðar.

8° Allir vita að ein yfrið stór peningasumma gengur hér árlega til höndlunarinnar út af landinu fyrir tóbak, færi, línur og lóðarstrengi, sem er stór orðsök til almúgans fátæktar og bágenda. Það fyrra brúkar flestallt fólk bæði karlmenn og konur sér til skemmtunar og hressingar. En margir mega þess ei án vera, sérdeilis þeir eð stunda fiskiríið við sjósíðuna. Hið síðara má því síður missast að þar er undirkomið allt það bjargræði sem Guð gefur af sjónum. Þar fyrir, ef það væri mögulegt, að þess slags jurtir kynnu hér vaxa sem þéna til tóbakstilbúnings, ásamt með hör og hampi, þá væri það hið ágætasta meðal til landsins uppkomstar, hvar til flestir munu vilja eftir efnum contribuera, væri þeim þar tilhaldið og hjálpað með ráð og dáð.

9° Hreppstjórar þessarar sveitar kvarta mjög yfir mæðu og álasi sem þeir þykjast hafa vegna síns embættis, þar þeir þurfi að hafa stjórn yfir almúga sveitanna. Hvar fyrir þeir hafa látið af sér heyra að þeir vildu sækja um eður begjæra að þeir mættu uppbera 3 f. af hverju hlutarhundraði sem á land kæmi í veiðistöðunni. (2) Að sveitin niðurþrykkist vegna þyngsla af fabriqvens fólks ekta og óekta börnum. (3) Að hreppurinn fái langtum minni sveitarskil af þeim jörðum sem Innréttingunum tilheyra heldur en þegar þær voru byggðar bændum.

Hvað hinu fyrstu viðvíkur þá er það í sjálfu sér ekki ónáttúrlegt að hreppstjórar fái nokkur laun, því jafnvel þó stjórn þeirra yfir almúga sé ekki af miklu verði, eður komi ei til stórrar nytsemi, þá hafa þeir þó nokkurt ómak og erfiði. Ei að síður mun flestum þykja heldur frekt

[1] Skinnasútun til fatagerðar.

það þeir begjæra, 3 f. af hverju hlutar 1 hndr. sem á land kemur (minna mætti gagn gjöra). Þetta sýnist horfa almúganum til stórra þyngsla, en sjálfum þeim til eigin ábata, hvað við gefum eftir, skynsamari mönnum að dæma um.

Hvað viðvíkur niðurþrykking og þyngslum þeim sem þeir segja sveitin líði af fabriqvefólks börnum, sem og því að þeir fái minna sveitartillag nú af Reykjavík heldur en þegar hún var bóndabýli, vantar þá að bevísa því ekkert af fabriqvefólki vitum við hér á sveit vera, utan einasta eitt barn sem burtstrokinn drengur (hér áður við fabriqven verandi) eftirskildi. Og nú á þessu ári hafa þeir lagt 2ur fátækum konum hér um 2½ rdr. (en aldrei fyrr). Og á næstliðnu hausti fékk sveitin í tíundarnafni einasta af Reykjavíkurfólki, að fráteknum þeim er búa í hjáleigunum og ei hafa þjónað við fabriqven, 13 rd. 5 mk. og munu ei bændur þeir sem áður hafa búið í Reykjavík hafa fátækratíund þvílíka goldið.

Þetta allt gefur okkur orðsök til að óska þess að sýslumönnum væri tilhaldið að útvelja ei þá til hreppstjóra sem eru alþekktir að ágirnd, okursölu og ásælni, hvar af margt annað illt flýtur. Svo og sýslumenn tilhaldi hreppstjórum að framleggja árlegan reikning upp á inntekt og útgift sveitanna eins og brúkanlegt er víða annars staðar en hér. Það má heita undarleg vorkunnsemi er við suma menn framkemur sem hafa undir höndum það góts er mikið ríður á að vel sé meðhöndlað, að þeir sömu skuli ei þurfa reikning þar af standa, þar kirknanna forvaltarar mega það rigtuglega gjöra. En kirkna- og fátækraforsorgun eiga mikið skylt saman.

Allt þetta framanskrifað biðjum við allir auðmjúklega að ei illa upptakist heldur náðuglega álítist og forblífum með stæðstu virðingu.

Háeðla hhhr. Commissariorum auðmjúkir þénarar

Reykjavík, d. 2. Maj A° 1771.

Teitur Sveinsson	Jafet Illugason
Magnús Árnason	Guðlaugur Eiríksson
Magnús Björnsson	Bessi Árnason
Pétur Jónsson	Erlendur Þórðarson
Guðmundur Brynjúlfsson	Guðmundur Jónsson
Þórður Vigfússon	Brynjólfur Höskuldsson
Jón Þórarinsson	Benedikt Einarsson

* * *

[Oversættelse 1771]

Kongelige Majestæts Landcommission!
Höyædle herrer!

Vi undertegnede tage os den frihed at indberette Reykewigs fabriqves tilstand, hvilket nu er blevet meget ulige fra det, som det var, den tid hr. landfoget Skule Magnusson havde direction over De Nye Indretninger. Fabriqvens lemmer (de faae som nu ere tilbage og tjene ved samme) have, siden velbemelte hr. landfoget Skule mistede sin direction, lidt stor skade af den aarsag, at de have maattet gaae ledige og uden fortjeniste, hvilket aldrig behövedes i hr. landfogedens tid, og vare da (som bekjendt) langt fleere svenne, drenge og tjenistefolk, end siden have været.

Hvilken nytte, baade fabriqvens lemmer og andre folk havde af bemelte haandverker, er noksom bekjendt. De, som vare i nærheden ved fabriqven, havde altid fortjeniste deraf, naar de ville, saasom at pille uld, spinde listegarn og hasper, tjene ved husbygninger og smeddearbejd etc. effter enhvers behag, adfærd og videnskab. De fik derfore hos fabriqvens bogholder, hvad de ville og behövede til ophold for sig og sine. Ja, offte om vinterdage og i haarde tider kom fabriqven dem til hjælp med at laane dem baade smör og penge, hvoraf de bleve flittige og paapassne til at arbejde, naar lejlighed gaves.

Oplandsfolkene havde ikke liden nytte af meerbemelte fabriqve, da de maatte tage pengene visse for sine varer saasom smör, vadmel, syre,[1] stude, beeder, kjör, heste, skoeskind, tran, sundmave, five,[2] töy, redskab, klövsadeler,[3] töyle, fodbaand,[4] og med et ord alt, hvad behövedes at bruges, var fört i mængde derhen og kjöbt af dem. De nordlandske have baade för og siden solgt til fabriqven uld og haspegarn for saa fornöyelig betaling, at de immer meer og meer er bleven opmuntrede til saadant arbejd, da de saae sin visse fordel her ved.

[1] Sur valle. Islandsk *sýra*.

[2] Oversætteren 1771 har ikke lavet en egentlig oversættelse af *sundmagi* og *fífa*, men har nøjedes med en fordanskning af ordene. *Sundmagi* og *fífa* betyder henholdvis svømmeblære og kæruld.

[3] En kløvsadel er en form for paksadel af træ beregnet til transport af bl.a. hø.

[4] Hilde, et fodreb til heste. Islandsk *hnapphelda*.

Alle retsindige (som dette er bekjendt) vil bifalde os deri, at hr. landfoged Skule lagde ald flid paa, at som fleste maatte have gavn af De Nye Islands Indretninger, omendskjöndt hans gode meening og företagende har ej fört den frugt, som han ville, hvorfore mange vil og længe savne ham. Naar krigsraad Arve Gudmandsen fik direction over Indretningerne, blev man strax vaer en stor og usund forandring, ej eneste deri at han formindskede og satte neder alle de folkes löne, som tjente ved fabriqven, dem til stor skade, men og jagede mange af dem borte fra deres tjeniste. Og saaledes fratoeg dem deres næring, hvoraf det fölger, at de som fuldvoxne ikke kunde andet at bestille, end hvad de unge lærte ved fabriqven, kan ej nære dem af deres handverk, efftersom samme betages dem, hvorfore ogsaa nogle af dem leve i slet tilstand.

Til bevis om foranskrevet tjener dette blandt andet, at naar bemelte hr. krigsraad Gudmandsen kom först til landet A° 1767 og rejste tilbage samme sommer, förte han med sig til Kjöbenhavn over 400 stk. klæde, kersej og rask[1] ufarvet, urammet og upresset,[2] som formeenes gjort dertil, at han derved kunde faae dis bedre aarsag at fratage folkene (som havde arbejdet paa samme) sin lön.

Hvad forskjel, der haver været paa hr. landfoged Skule og krigsraadens stræbsomhed, villje og drift i at indkjöbe uld til fabriqven og skaffe folkene arbejde, er for vitlöftig at opregne. Det fuldkomneste bevis derom er dette, at det sidste aar, som hr. landfogden havde direction over Indretningerne, nemlig 1766, da faarepesten dog for nogle aar siden havde faaet overhand, lod han overskjere, ramme, farve og presse[3] 477 stk. Men næstledet aar 1770 var allene farvet, rammet og presset 172 stk.

Man kan sige krigsraaden til undskyldning, at jo længere faarepesten holdt ved, jo besværligere var at faae ulden, det er sandt, men dette er og vist, at han kunde gjöre meere, end han gjorde. Det kan noksom sees deraf, at da han skikkede mænd og hæste til Hussevig[4]

[1] Klæde, kersej og rask er ensfarvet, uldent stof.

[2] Der henvises til, at efterbehandlingen af de vævede stofruller ikke var færdig, når stofferne blev udført til besigtigelse i Danmark.

[3] At overskære, ramme, farve og presse er altsammen del af efterbehandlingen af stofferne, når selve vævningen er færdig.

[4] Húsavík, Þing.

under skin at indkjöbe uld, da gav han lestemanden[1] Brinjolv Jonsen den forskrift, at han ingen anden uld skulde kjöbe end pillet hals- og rygguld, og da skulde han give 24 fiske for föringen, som bemelte lestemands instruction af dato 5te Augusti 1768 udviser. Det slags uld var umueligt at faae for saa ringe pris, den tid faarene vare overflödige. Hvorledes alt dette er beskaffen, veed meget fleere end vi. De fleste vil stemme overens deri, at krigsraadens störste stræben var at ophæve og tilintetgjöre fabriqverne, og det har (disvære) lykkes ham alt for vel.

Efter dette saaledes indberettet er det vor alles samtligen ydmyg begjæring, at det, som fabriqven vedkommer, maatte fremdeles forbedres, paa det at de, som tjene ved samme og have tjent, kunde med tiden have sit ophold af det, de have lært, hvilket effter vor meening kunde paa fölgende maade at sættes i værk:

1° At udenlands fra blev fört til fabriqven saa tilstrekkelig uld og hör, som folk behövede til arbejde.

2° Der ere ved fabriqven nogle af os, som have tjent som drenge 9 til 12 aar og have ej faaet til næstleden aars udgang meer end höyest 40 sk. til kost, klæde og lön om ugen, hvor med vi ikke ere fornöyede, men maae dog blive derved, efftersom vi ej have lært andet landarbejde. Derfore var det meget nödvendigt, at sysselmændene hver i sit syssel toeg til sig de giffte væveresvenne og skaffede dem beqvemme boejorder samt hjalp dem at sætte sig i stand med vævstole og andet verktöy (ligesom hr. amtmand Stephensen[2] har gjort, og hvoraf han vel seer sig skadeslös), paa den maade kunde de vel nære sig og sine samt gjöre sine foresatte nogen tjeniste. Deres arbejde kunde da og sælges til hovedfabriqven.

De ugiffte, som alt for længe have tjent som drenge, kunde da komme i deres stæd. Ellers synes det ej ubilligt, at den, som har lært sit handværk paa 4 à 5 aar saa got som en svenn, skal det meste af sin levetid tjene som dreng?

3° Der höres bestandig klaget over, at klædet her fra fabriqven er af slet uld, ilde vævede, halvvalkede, gissen,[3] smale med meere. Hvad arbejdet paa dem angaaer, da ere dertil 2de aarsager. Den förste er, at

[1] Betegnelse for den mand, der fører en flok af pakheste.
[2] Ólafur Stefánsson (1731–1812), amtmand.
[3] Løst eller groft vævet klæde. Islandsk *gisin*.

man maae tage til takke med den uld, som hidföres fra Kjöbenhavn aarlig, og gaae den saa nær som mueligt er. Den anden aarsag er, at her har i næstleden 12 aar været en eniste spinder, som lærte hos mester Danneberg.[1] Denne forstaaer fremfor andre, der ikke have lært hos nogen retskaffens mester, at gjöre got garn, hvorfore uordenen er bleven til vane, som ont er at faae opröddet. Thi faae vil sette sig i fare og uvenskab af sine medarbejdere for knap tilstrækkelig lön til livsophold, efftersom Compagniet eller de, som accordere med folkene, bestandig söge at forringe lönnene, som för sagt.

Hvad vævearbejdet angaaer, da ere vi vel tilfreds med at underkaste os danske vævermesteres omdömme. Men breedheden have vore klæde effter derom udgiven regle af 8da Maii 1734. Og saafremt fabriqven fremdeles maatte forbedres, var det aldeles umisteligt at indrette et spindehus i landet paa den maade, at landets börn maatte lære der et eller mest 2 aar, nogle fra hvert syssel at behandle ulden rett og efter den tid ombyttes, og andre indtages. Men de förste igjen sendes til sysselmændene med alvorlig erindring at holde ved det, de havde lært, og var vel værdt at forsyne dem med verktöyer til det samme. Efter at det saaledes havde gaaet nogle aar, blev det lettere at faae got garn ej ellene til hovedfabriqven, men og til dem, der paa andre stæder i landet ville dem oprette. Men i mangel af god grundvold med spinderiet (hvilket er kjærnen og det fornemmste ved arbejdet paa alle slags töy) vil fabriqven blive meer til anstöd og skam end fordel og ære.

4° En af de store uordener, som her overgaae, er (effter vor mening), at Reykevigs omkringliggende hjalejer blive bortlejede til uvedkommende folk, som aldrig have tjent ved Indretningerne, men nogle af dem, som tjene og have tjent ved fabriqverne og behöve græsning, faae den ej, saa at de nödes til at kjöbe melk for ubillig pris til deres spædebörn, hvilket gjör dem stor pengespilde. Desuden maae nogle leje sig husrum hos andre samt betale for sine værelser fuld husleye, ligesom om de vare fremmede. Derfore er det vores ydmyg bön og önske, at dette saavel som andet forbemelt maatte forbedres, og vi med tiden faae beqvemme værelser her ved fabriqven frie og uden afgifft, samt græsning (de der samme ej kan undvære) fremfor andre uvedkommende.

[1] Johan Christian Dannenberg, væve- og fabriksmester.

5° Eftersom Holmens districts indbyggere klage ynkelig over mangel paa proviant i kjöbstæderne, hvortil de have störste aarsag, thi i stædet for at i forrige tider kom her alletider til Holmenshavn 2de proviantskibe, har i nogle aar ej kommet uden et, men bemelte district er dog meget folkerigere end för baade formedelst fabriqvefolk og andre langt fleere, som her have nedsatt sig, samt tugthuslemmer. Hvorfore det er vor ydmygst bön og begjæring, at til handelstædet maatte föres saa tilstrekkelig madvare, at baade vi og andre destrictets folk kan faae, hvad vi behöve, at vi ikke nödes til at höre denne bestandige böndernes sörgeklage, at vi trekker fra dem, hvad de behöve til deres livsophold.

6° Een af de nye paafindelser, som krigsraad Gudmandsen indförte her, var den overmaade store dyrhed paa farverie af uld, garn, strömper, vadmel og klæde etc. Förend krigsraaden kom her, var i almindelighed betalt for at farve 1 pd. rödt 14 sk., men blaatt og grönt 18 sk., som dog alle syntes meget dyrt, men siden har man maatt give 24 sk. à pundet af hver slags farve. Dette strider imod ald sandsynlighed og behöver forbedring.

7° Eftersom uld og klædemangel trycker saa haardt dette lands almuge, at husbönder hverken kan klæde sig eller sine tjenistefolk, men mange hafe nok af skind, saa er det meget nödvendigt, at feldtbereederprofessionen blev her indfört. Paa det at beredde skind kunde tjene baade mandfolk og fruentimer til klæder.

8° Alle veed, at en meget stor pengesumma gaaer her aarlig til handelen ud af landet for tobak, linier, strenge og lodlinier,[1] hvilket er stor aarsag til almuens fattigdom og besværligheder. Det förste bruge de fleste, baade mandfolk og fruentimer til tidsfordriv og opmuntring. Men mange kan det ej undvære, især de der lægge sig effter fiskeriet ved söekanten. Det sidste kan saa meget mindre mistes, at derpaa beroer den hele næring, som Gud giver af söen. Var det derfore gjörligt, at det slags urter kunde voxe her, som tjene til tobakstillavning, samt hör og hamp, da var det det beste middel til landets opkomst, hvortil de fleste ville contribuere effter sine evne, i fald de bleve hjulpne dertil med raad og daad.

9° Reppstyrene i denne repp klage meget over den besværlighed og slet omtale, de maae lide formedelst deres embede, da de skal holde

[1] Fiskeliner, snører og lodliner.

styre over reppenes almue, hvorfore de have ladet sig merke med, at de vil söge om eller begjære, at de maatte oppebære 3 f. af hver löts hundrede, som fiskes i hele fiskeværet.[1] 2° At reppen trykkes formedelst tyngsel af fabriqvefolkets ægte og uægte börn. 3° At reppen faaer langt mindre tillæg (tiende) af de jorder, som höre til Indretningerne, end naar den til samme vare byxlede til bönder.

Hvad det förste anbelanger, da er det i sig selv ikke unaturligt, at reppstyrene faae nogen lönn, thi omendskjöndt deres styren over almuen ikke er af stor værdie eller kommer ikke til megen nytte, da have de dog nogen umage og arbejde. Men ikke des mindre vil fleste synes noget for höyt at begjære 3 fisker af hver 1 hndr. lött, der kommer paa land (mindre kunde gjöre nytte), hvilket synes at sigte til största tyngsel for almuen, men dem selv til egen fordel, hvilket vi overlade fornuftigere folks omdömme.

Hvad den trykning og tyngsel angaaer, som de sige, at reppen maae taale af fabriqvefolkets börn, samt deraf at de faaer mindre tiende af Reykevig nu, end den tid den var bondeboelig, da fattes bevis hertil. Thi ingen af fabriqvens folk veed vi være her paa reppen uden et eniste barn, som en bortlöben dreng, der för var ved fabriqven, efterloed sig. Og nu i dette aar have de tillagt 2de fattige koener omtrent 2½ rd., men aldrig för. Og næstleeden höst fikk reppen til tiend af Reykevigs folk allene, foruden de der boe i hjalejerne og ej have tjent ved fabriqven, 13 rdr. 5 mk. Og have vel ikke de bönder, der har boet för paa Reykevig, betalet slig fattigestiend.

Alt dette giver os aarsag at önske, at sysselmændene maatte tilholdes ej at udvælge dem til reppstyrer, som ere bekjendte for aager, gjærrighed og egennytte, hvoraf mange andre onde ting flyde. Saa og at sysselmændene tilholder reppstiorene at aflægge aarlig regnskab for reppenes indtægt og udgifft, som paa mange andre stæder end her er brugeligt. Det maae kaldes underlig medlidenhed, somme folk vederfares, der have under hænder de penge, som stor magt ligger paa at blive vel medhandlet, at de samme skal ej behöve at gjöre regnskab derfore, da dog kirkers forvaltere maae rigtig gjöre det. Men kirkers og fattiges underhold komme meget overens.

[1] Fiskelejet.

Alt dette foranskrevet bede vi alle ydmygst at ej ilde optages, men ansees i naade og forblive med störste höyagtelse.

Höyædle hhhr. Commissariorum ydmyge tjenere

Reykevig, d. 2. Maii 1771.

Teitur Svenson	Japhet Illugason
Magnus Arnason	Gudlög Eiriksson
Magnus Biörnsson	Besse Arneson
Petur Jonsson	Erlendur Thordarson
Gudmundur Brinjolvsson	Gudmundur Jonsson
Thordur Wigfusson	Brinjolvur Höskuldsson
Jon Thorarinson	Benedict Einarson[1]

L. S.

Þórður Sighvatsson og Jóhann Níelsson bændur skrifa um hreppstjórn og tolla 11.5.1771. Lit. YY. N° 3.

Bønderne Þórður Sighvatsson og Jóhann Níelsson skriver om repstyrerhvervet og afgifter 11.5.1771. Lit. YY. N° 3.

ÞÍ. Rtk. D3/3–15.
Innsigli/*segl*; Innskráð/*indskrevet* 14.5.1771.

Áritun/*påskrift*: Indkom d. 14de Maii 1771; Lit. YY. N° 3; Guldbringesyssel.

Kóngl. Majestatis!
Eðla hr. Commissarii!

Það er ein almennileg stór nauðsyn að einar og aðrar athafnir, bæði í háttsemi, viðskiptum og viðurgjörningum manna í millum í sóknum

[1] Opstillingen af navne i spalter er ændret i forhold til det oprindelige dokument. Her er skelet til den islandske udgave af brevet.

og sveitarbyggðum, mætti sem best í hagnað fyrir almúgann framkvæmast og af sjálfum almúganum gjörast með þeirri ráðstöfun sem af honum skal gjörast til góðrar einingar, hvört eð þó sýnist og jafnvel reynist misjafnt fram fara af röksemdarleysi stjórnarinnar. Hvar af sumtíðis orðsakast misklíð og örðugleiki svo að brúkun aðgjörðanna margra hvörra falla svo út, að almúginn er góðviljugur til góðheita við almúga. Og í annan stað að almúgi finnst mótviljugur til vorkunnsemi við almúga, og sýnist heldur ganga nokkuð á snið þeim rétta reglulega vegi sem hér tilheyrir. Því vorkennist það almúganum aldeilis ekki (að svo miklu leyti sem hann skal gjöra og lögin fyrirsegja og nauðsyn útkrefur) að gjöra nokkurn jöfnuð manna í millum. Því ef þettað framferði brúkast með því móti að sá efnugi almúgi vill þoka að efnalitlum og fátækum almúga, hvar vill það lenda nema í bágendum, sem von er til, því fáir eru vinir hins snauða ef hann gjörir ekki sem honum er fyrirsett af hans yfirmanni, þó örðugan veg og upp í móti eigi. En má þó samt fara, kannski sér til baga, og kann henda sig til skaða, og það fyrir utan eftirsjón umstendugheitanna sem hreppstjórar með bændum hafa þó fyrir að hyggja. En hreppstjórnarinnar ein og önnur ráðstöfun er ekki betri reyndar heldur en bændanna og bjargálnafólks skilsemi. En þessa undirvísun[1] gjörum vér til kóngl. Majst eðla hr. Commissarii, vegna þess að það orðsakar stóran hagnað í hvörri sveit nær hreppstjórnin röksamlega álítur með sannsýni hvörs eins ástand, bæði ríkra og fátækra, og vægt heldur fátækum um skilsemi heldur en ríkum, og varúðarsemi höfð um það að yfirtroðslur og ásælni fengi ekkert viðnám. Og framvísum vér hér okkar meining hvörninn hreppstjórnin kann regluvissari fyrirsjást en er, ellegar verið hefur. Og í annan máta hvað margar útgiftir og tolla að almúginn hefur fyrir að hyggja, með sínu og af sínu bjargræðismeðali.

Kóngl. Majst sýslumenn tilnefna þá ríkustu 5 í hvörri sveit, kann vera í því tilliti að svo sem þeirra forstand auglýsist í hagnað sinna eigin athafna, svo kunni þeir og einninn fyrirsjá í einum og öðrum sveitartilferlum, það sýnist ei heldur svo ólíkt tilgetið. En þess væri óskandi að þeirra eigin fyrirtekt til síns ágóða anvendist ekki til örðugleika fátækra bænda og þeir einir væri til hreppstjórnar valdir sem líklegastir væri til að brúka réttsýni í sínum aðgjörðum. Því nær það

[1] Tilkynning, upplýsing. Danska *undervisning* eða *underretning*.

skyldi til vilja að hreppstjórnin þokaði að fátækum sveitarinnbyggjurum frá sínum efnum og regluleysi í viðskiptum skyldu aukast og framfara, er eitt það bágasta sem sveitarbyggðum kann til að falla, þar eð það er munur að 5 þeim ríkustu bændum falli svo þeir hlífi sér til skilsemi og að koma í veginn fyrir soddan ef henda kann, því nokkuð djarft voga sér ríkir (sumtíðis) mót aumingjum og einföldum.

Nú ef hreppstjórnin kynni öðruvísi fyrirsjást, sem bæði vissari upp á sveitanna innkomst og tillag, og augljósari í þeim atvikum bændum en verið hefur, og hagsamari kynni álítast til aðgjörða, þá sýnist eins vel eiga við að sveitarbændur með prestsins ráði tilnefndu þá menn í hreppstjórn heldur en sýslumaður, og er varla þörf fyrir fleiri en tvo í hvörjum hrepp, hvað heldur er heimtandi af sveitarinnbyggjurum en sýslumönnum, hvörjir þar til hentastir eru. En þessir tveir hreppstjórar skyldu gjöra góð rigtugheit og uppteikna inntektir hreppanna og útsvaranir svo sveitarbændur þyrftu þá ei misgruna í þeim efnum, og eftirlétist sveitarbændum að auglýsast nær þess óskað væri, með sóknarprestanna tilsjón og sýslumannanna úrskurðar. Ef óforlíkan[1] upp á félli, og þeim tveimur hreppstjórum eftirlétist að nefna til tvo menn í hvörri sókn sem sýndist hentastir að vera svo gott sem hreppstjóranna önnur hönd til aðgæslu um eitt og annað ásigkomulag og brúka þá sömu til ráðfæringar nær eitthvað óforvarandis til fellur. Og mætti því heldur léttar útganga og ei svo þungt á hreppstjórn liggja, og jarðanna byggingar í hvörri sveit skyldu vera með hreppstjóra ráði því það kann henda að landsdrottnar gefi sig lítið um þau sveitarskil hvar þeirra jarðir liggja. En þessari áminnstri hreppstjórn kann ei betalingur eður nokkur tollur til leggjast, því það eru allt nokkrir tollar sem liggja hér á fátækum almúga, og hefur fulla þörf fyrir að þeim sé heldur linað en aukið. Því vér meinum að hreppstjórnin skuli vera, kærleikans vegna, skylduverk og stjórnan og fyrirsjón fátækra sveitarómaga, og viljum vér hér næst undirvísun gjöra hvað margar útsvaranir, hvað fyrir sig á parti,[2] með tollum að almúginn hefur fyrir að hyggja, sem er:

1. Landskuld. 2^{að} Leigur. 3. Mannslán. 4. Dagslættir. 5. Hríshestar á kóngsjörðum. Þettað eru venjulegar jarðarskuldir og 6ta jarðartíund

[1] Ósamkomulag.
[2] Þ.e. *aparte*, sérstaklega, út af fyrir sig.

og nokkra[r] kvaðir[1] svo sem er vegaruðningur, kirkjugarðsgjörð, ásamt allt torfverk til kirkna, nær við þarf. Þessar kvaðir fylgja ábýlum. 7da Gjaftollur. 8da Manntalstollur hér við sjávarsíðu, jafnvel þó að þeir sjómenn sem eru utansýslumenn eigi honum svara, þá er hann heimtaður af bændum eður skipseigendum. 9. Presttollur og þar með fylgjandi nú nýlega heimtað dagsverk af þeim sem gras hafa og kallast sá 10. tollur því hann betalast af velflestum sem gras hafa. 11. Ljóstollur. 12. Lögmannstollur.[2] 13. Hospítalstollur af hvörju skipi við sjóinn, en þess háttar fólki sem þar skal af uppfóstur hafa, er mjög litlu álétt þó þar gjörist sumtíðis stór þörf til. 14. Dýratollur.[3] 15. Tíund af fénu, og 16. Niðursetningur. En sá sem er í skatti geldur tíund og skiptist í fjóra staði, til prests, til kirkju, fátækra og kóngsins. 17. Skattur. Hér að auki eru enn tollar sem prestar kalla, fyrir innleiðslu konu í kirkju,[4] fyrir barnsskírn, fyrir hjónavígslu kallaður pússunartollur. Þettað eru nýkomnir tollar.

Það gamla álnatal sem brúkast hefur hér í landi fyrrum daga og jafnvel enn nú í viðskiptum og kauphöndlað íslenskra í millum mætti hreint afskaffast, en lands innbyggjara höndlun sín í milli mætti ganga eftir fiskatali og texten[5] 1702 útvísar.[6]

Seltjarnarnes, d. 11. Maji 1771.

Þórður Sighvatsson Jóhann Níelsson

* * *

[1] Hugtakið kvaðir var almennt haft um ákveðnar vinnuskyldur leiguliða í þágu landeigenda eða umsjónarmanna jarða, s.s. mannslán, dagsláttur og hríshestur og voru oft hluti af leigugjaldi jarðanna. Vegaruðningur og vinna við kirkju og kirkjugarð lagðist hins vegar á alla bændur í viðkomandi sveit.

[2] Sérstakur skattur sem rann til lögmanna til að bæta launakjör þeirra, nam tveimur fiskum af hverri jörð og lausafé yfir eitt hundrað.

[3] Sérstakur skattur notaður til að kosta eyðingu refa. Einnig nefndur refatollur.

[4] Kirkjuinnleiðsla. Kirkjuathöfn þar sem prestur leiddi konu í kirkju nokkrum vikum eftir barnsburð svo hún gæti hreinsast fyrir Guði.

[5] Svo, þ.e. verslunartaxtinn.

[6] *Lovsamling for Island* I, s. 563–575. (Forordning om den islandske Taxt og Handel, 10.4.1702).

[Oversættelse 1771]

Kongelige Maj^{ts}!
Ædle hhhr. Commissarier!

Det er i almindelighed höjligen nödvendigt, at alle gjerninger i commerce- og negotiesager blev fremförte til almuens beste nytte, hvilke gjerninger af almuen selv skulde handhæves, som det sig burte, til beste forstaaelse, hvilket dog eragtes, ja vel erfares at mangle formedelst forstyrenes[1] dovenskab, hvoraf undertiden foraarsages misforstaaelse og vanskillighed, og at de store trykke de smaae. Men denne underretning gjör vi til kongl. Maj^{ts} ædle hr. Commissarier, da det gjör stor beqvæmelighed i hver repp, naar reppstyrerne med retsindighed alvorlig effterseer alles omstændigheder, saavidt de fattige som de riges, og heller efftergiver de fattige og nöje forhindret aag og overgang. Og fremstiller vi her vores meening om, hvorleedes reppstyrer kunde ordentliger end hidindtil indrettes, og dernæst hvor mange tolder almuen har at udsvare af sine næringsmidler.[2]

Kongl. Maj^{ts} sysselmænd beskicke de rigeste 5 i hver repp til at være reppstyrere, maaskee i den hensende at saasom deres forstand erviser sig i deres privat affairer, saa kunde de og efftersee i andre reppens tilfelde, som ogsaa ret synes. Men det var at önske, at deres egne bedriffter til sin profit foraarsagede ikke fattige bönder vanskilligheder, og de vare dertil vælgede, som man anseer for retsindige i sine gjerninger, thi naar det skulde hende sig, at reppstyrene pressede de fattige indbyggere over deres formue, og uordentlighed skulde faae gang, er noch det besværligste, som kan tilfalde, da der er forskjæl paa, om 5 af de rigeste bönder vil smigre sig fra at svare, hvad dem bör, da de rige forvoge[3] meget undertiden mod de fattige.

Nu om dette kunde anderleedes ordineres, som vissere om indkomsten og klarere i det, böndene tilkommer, da eragtes lige tjenligt, ad præsten med reppets indbyggere udnævnte disse reppstyrer, som sysselmanden gjorte det, og agtes neppe nödvendigt, de var fleere end 2 i hver

[1] Ledernes. Der henvises her til de embedsmænd, der er tættest på almuen.
[2] Her har oversætteren af brevet forkortet indholdet med næsten halvdelen og genfortalt, men ikke oversat det i sin helhed.
[3] Vover.

repp, og kunde indbyggerne heller end sysselmanden vide, hvilke dertil var best beskaffne. Men disse 2de skulde gjöre goede rigtigheder og opskrive indtægten og udgivten, saa andre törte ikke mistænke dem derud inden. Men sysselmanden skulde decidere, om der indfaldt nogen misforstaaelse mellom dem. Disse 2de blev og tilladt at udnævne andre 2 i hver repp de beqvæmmeste at være deres anden haand til observation om reppets forhold og beskaffenhed, som ogsaa i adskillige casus var til raadförelse. Jorderne skylde bygsles med reppstiorernes raad, thi det kan passere, at jordejerne kjærer sig ikke meget om reppets omstændigheder. Men disse bemelte reppstyrer kan jo ikke nogle lön tillægges, thi de tolder, som almuen maa svare, ere noch og har heller nödigt ad lines[1] end skerpes, da vi og formeener, at de skal være for kjærlighedens skyld. Hernæst vil vi undervise, om de tolder almuen har at udsvare.

Nemlig: 1° Landskyld. 2° Lejer. 3° Mandslaan. 4° Dagslet. 5° Riisheste a[2] kongens jorderne. Dette ere det sædvanlige gjeld af jorderne og 6to jordetiend og nogle qvader,[3] som vejerydninger, kirkegaardsbyggning, samt alt torvværk til kirker, naar behöves. Disse qvader fölge endnu, 7de gjeftold, 8de mandtalstold her ved söekanten, og dog de, som ere fra andre repper eller sysseler, skulde ham svare, saa maae og bönderne eller skibejerne hand betale. 9° Præstetold, og derhos fölgende nilig heemted[4] dagsværk af de, der har græssning og kaldes den 10de told, da den betales af fleste som have græs. 11° Lysetold. 12de Laugmandstold.[5] 13° Hospitalstold af hver baad, som gaaer ved söen, men af saadane folk, som deraf skal leve, befries dog meget sjælden reppene, dog behöves. 14° Dyretold.[6] 15° Tiend af faar. 16° Umave,[7] men den, som er i skatt, gjelder tiend, som deeles i 4re deele til præst, kirke, fattige

[1] Lindres, mildnes.

[2] Oversætteren 1771 har mange steder oversat det islandske *á*, som a, men det betyder på.

[3] Særlige arbejdsforpligtelser, som fæsterne udførte for jordejeren eller jordernes opsynsmand, blev kaldt kvader eller hoveri, fx hoveri på båd (mandslaan), dagsslæt og rishest. Det var en del af fæsteafgiften. Vejrydninger og bygning af kirkegærder var derimod pålagt alle bønder i reppen.

[4] Nylig krævede. Islandsk *heimta*.

[5] Skatter, som gives til lovmændene for at forbedre deres lønforhold. Udgjorde to fiske af hver jord og løsøre over et hundrede.

[6] Særlig skat anvendt til at finansiere rævejagt. Også kaldet rævetold.

[7] Fattiglem. Islandsk *ómagi*.

og kongen. 17° Skatten. Her foruden ere de tolde, som præstene tage for brudevielse, börnedaaben og so videre.[1] Dette ere nikomne[2] tolde.

Det gamle alnetal,[3] som i forrige dage og endnu er gangbart i landet imellem indbyggerne, maatte ret afskaffes, men ald handel gaae effter fisketal, som taxten viser af 1702.[4]

Saltenæs,[5] d. 11te May 1771.

Thordur Sigvatson Johan Nielsen[6]

L. S.

Hreppstjórar og bændur á Álftanesi kvarta yfir versluninni í Hafnarfirði 1.2.1771. Lit. CC.

Repstyrere og bønder på Álftanes klager over handelen i Hafnarfjörður 1.2.1771. Lit. CC.

ÞÍ. Rtk. D3/2–13 (afrit/*kopi*); Rtk. B5/1–29 (frumrit/*original*). Innsigli/*segl*; Innskráð/*indskrevet* 2.3.1771; Bréf þetta hefur verið tekið til frekari skoðunar hjá rentukammeri vegna kæru frá íbúum Hafnarfjarðar yfir versluninni. Það liggur því nú á meðal skjala rentukammers en ekki Landsnefndarinnar ásamt bréfi frá Thodal stiftamtmanni 1.9.1772 vegna kærunnar og fleiri skjölum er varða málið. / *Dette brev har været udtaget til nærmere eftersyn i Rentekammeret på grund af en klage fra indbyggerne i Hafnarfjörður over handelen. Det ligger derfor nu sammen med Rentekammerets dokumenter og ikke Landkommissionens sammen med et brev fra stiftamtmand Thodal af 1.9.1772 på grund af klagen og andre dokumenter, som vedrører sagen.*

1 Her har oversætteren 1771 udeladt en sætning om introduktion af kvinder i kirke.
2 Nytilkomne.
3 Henviser til målesystemet, som regner i alen.
4 *Lovsamling for Island* I, s. 563–575. (Forordning om den islandske Taxt og Handel, 10.4.1702).
5 Seltjarnarnes, Gull.
6 Opstillingen af navne ifølge den islandske udgave af brevet.

Áritun/ *påskrift*: Indkom den 2. Marti 1771; Lit. CC; Pr. 11. Febr. '72. N° 1; 2. B. J. Ref. pr. 72. N° 92; Ad. Isl. Journ. A. N° 62; Documenter v. N° 210, 899; Commissions Papiirer til Instr. 4. Post.

Veleðla og háttbetrúuðu Commissions herrar!
Háttvirðandi gúnstigu herrar!

Svo sem höndlanin í Hafnarfirði er oss districtisins innbyggjurum hánauðsynleg og í allan máta ómissandi svo er hún oss (sem hún nú er) í margan máta erfið og skaðleg, bæði í tilliti til tímans sem hún yfirstendur og vörubrestsins, sem og vörunnar ódugleika í sumum pörtum. Líka einninn í harðkeypi kaupmannanna á okkar vörum, nefnilega saltfiski, blautum fiski og smáprjónlesi. Að við ei tölum um það gagnfordjarfaða[1] mjöl, er svo vel hingað sem annars staðar í kringum landið kom árið 1768. Þar hans Majestest hefur af landföðurlegri elsku og forsjón allra náðugast tilhaldið Compagníinu að láta færa hingað dugtuga kornvöru, sem og skeð er í næst undangangandi tvö ár. Og svo sem höndlunin hér í Hafnarfirði (á þeim fæti sem hún nú er) sýnist horfa innbyggjurunum meira til ruins en opkomstar, svo tekur og kóngurinn einninn á sínum inntektum skaða við vora fátækt. Því tökum vér oss þá djörfung að gefa auðmjúklegast yður, samtlige gúnstigu háu herrar, til vitundar hvað oss við höndlunina þykir skaðlegt vera, og þar hjá vora þanka um það hvörninn oss sýnist það mundi best lagfærast, allt til nákvæmari yfirvegunar.

Og er það fyrsta að skipin koma hér svo seint og hafa komið síðan þettað höndlunarcompagníi tók við útreiðslu landsins, þar í þessi sjö undanfarin ár hefur aldrei kauphöndlan hér verið á komin fyrir Jónsmessu.[2] Líka hefur tilborið að hún hefur ei ákomið fyrr en komið hefur vel fram í Augustiimánuð, hefur þá verið komið að heyannatíma og færist svo kauphöndlanin fram á sláttinn, fólki til stæðstu hindrunar í sínu verki, líka einninn skaða, þar allur þess vorfiskur hefur þá verið fyrir bí, sem menn, ef skipin hefðu fyrr komið, hefðu lagt í höndlunina. Hefur svo þessi áminnsti vorfiskur mátt verða þeim til skaða, þar hann sumpart hefur ei verið þurr orðinn til höndlunarinnar og sumpart ekki gengur meðal innbyggjaranna sjálfra, eftir sem veðrið hefur sér hagað.

[1] Gjörónýtt eða handónýtt.
[2] Jónsmessa: 24. júní.

Ef nú skipin sem hingað ganga reistu frá Kaupenhafn tíðlega í Majo, sem á fyrri árum, þá kæmi þau hér ei seinna en þá, því þá kæmu þau á síðustu dögum Maji og þeim fyrstu Junji.

Þessi seina skipakoma orsakar og yfrið mikla ös og mannmergð daglega í kaupstaðnum, svo sumir mega vera þar tvo og þrjá daga til að koma því af sér er þeir í það sinn með sér færa, og hindrast svo frá sínum gagnsmunum við heimili sín, bæði til sjós og lands. Í þessari seinu tíð sem kaupmaðurinn kemur og stuttu sem hann liggur hér, kann hann ei taka blautan fisk til að gjöra klippfisk[1] af, og fæstir af innbyggjurunum komast þá til að sækja sjóinn, bæði vegna kaupstaðarins og heimilisanna. En kæmi nú skipin, sem sagt er, og lægi vel fram í Juljimánuð, sem octrojens[2] 32. póstur sýnist tilhaldi þeim, sæktu ei svo margir kaupstaðinn á hvörn dag sem nú. Líka sæktu þeir um þann tíma sjóinn og eftir sem Guð blessaði þeirra aflabrögð, gæti þeir látið kaupmanninn fá stórt forráð af blautum fiski, ef hann tæki hann svo mönnum þætti gagnsemd í, því ei mundu landsmennirnir sig þá forsóma. Mönnum er enn nú í fersku minni, hvað mikill klippfiskur hér var í Hafnarfirði, þá kaupmenn tóku þar þorsk og ýsu, skötu og löngu, til að gjöra hann af. Og ef eins gengi nú væri það ei einasta innbyggjurunum til gagns, heldur og einninn Compagníinu með því ei mundu þeir hafa gjört það þá, án þess þeir hefðu stoppað við það sinn kostnað.

Einu mætti hér enn nú við bæta, sem er, þá vertíðarfiskur brestur eða verkast ei svo að kaupmenn taki í móti honum, en vorfiskurinn gengur frá, sem sagt er, prjónlesið í þessari dýrtíð á ullinni hjá nokkrum lítið en sumum ekkert, hefur þá bóndinn næsta lítið að láta í kaupstaðinn, svo hann getur ei betalað sínar skuldir, ekki byggt húsið ef það er fallið, og ekki komið út skipum sínum, þó þá yrði árferðið betra, og þetta eru fölgerne af þeirri seinu skipakomu.

Vörubresturinn er nú í annan máta stórum skaðlegur innbyggjurunum, þar þeir fyrst verða oft og tíðum að vera eins lengi heiman frá heimilum sínum til að fá að komast í búðina til yfirkaupmannsins, sem þeir voru að fá komið af sér fiskinum er þeir færðu í kaupstaðinn. Vegna þess að þá búið er að besigta gótsið, keppist hvör um annan þveran, svo þó kaupmaðurinn sitji fram á nótt að gegna, getur hann

[1] Þurrkaður saltfiskur, samkvæmt Nýfundnalands- eða Terraneuf-aðferð.

[2] *Lovsamling for Island* III, s. 466–494. (Octroy paa Islands Beseiling i tyve Aar for det almindelige Handels-Compagnie, 15.8.1763).

ei fólkinu aflokið sem til staðar er, mega þeir svo bíða þar nótt eftir nótt. En þá kaupmaðurinn kemur upp að morgni er eins margt orðið og þann fyrra daginn var, af þeim sem þá hafa viðbæst, því venjast er að komi menn eftir tvo eða þrjá daga liðna frá besigtelsinu, er sú nauðsynlega varan burtgengin, ef kaupmaðurinn brúkaði fríar höndur til að láta hana úti, eftir sem fólk begjærer og með þarf.

Væri nú varan svo nóg að ríkir og fátækir mættu fá svo mikið af nauðsynlegum hlutum sem þá forlangar og eftir sem þeir geta betalað, eins þann síðasta dag sem fyrsta í kauptíðinni, þá gjörði fólk sér ei sjálfu þann skaða, að standa þar iðjulausir dag eftir dag, ei heldur gjörði það þá kaupmanninum það ónæði sem það nú verður að gjöra. Því þar til eru mörg dæmi, að þeir sem ekki hafa komið, eða þó komið hafi og ekki náð kaupmanninum innan tiltekins tíma, hafa lítið eða ekkert fengið af því þeir begjært hafa, og þeim þó ómissanlega hluti, en hafa fengið til svars, *það er ekki til, það er allt í burt*. Með hvörjum vöruskorti oss sýnist Compagníið merkilega brjóti í móti kauphöndlunarskilmálans 22. pósti.

Líka einninn eftir því það er allra náðugast leyft í octrojens 25. pósti í hæðstu nauðsyn að opna kaupmannshúsin, þá kaupmaðurinn er afsigldur, til að taka út nauðsynlega hluti er landsfólkið með þarf, þá fylgir það þar af, að þvílíkar vörur eiga að liggja eftir í þeim. En þettað hjálparmeðal hefur ei stað í Hafnarfirði, því þær vörur sem hér fást ei vegna skorts á sumurin, kunna ei að liggja eftir í búðunum á veturnar, má svo fólk hér sakna þess í hvaða helst tilfelli sem upp á kann að koma. Væri því stæðsta nauðsyn að Compagníið forsýnaði[1] svo þessa höfn (sem því svo ríkuglega hefur endurgoldið, öll þess umliðin forpagtningarár) að varan fengist svo keypt á sumurin, sem fyrr er viðhrært, og lægi þó eftir í búðunum svo mikið forráð af nauðsynlegum hlutum sem þörf kynni að krefja til á veturnar.

Til vöruskortsins má og færa það peningamangel sem hér í kaupstaðnum er, á hvörjum innbyggjendurnir hafa svo stóra nauðsyn sem hvörju öðru til að tilhöndla sér með þeim sveitavörur sem þeir geta ei án lifað. En hvör skortur er á þeim hér í stað, kann best að bevísa það peningalán sem kaupmaður vor tók hér í sumar hjá landsmönnum og reikningar fólks sem upp á marga rixdali innistanda hjá honum óbetalaðir.

[1] Sjá um eða sjá fyrir, útvega.

Að ódugleika vörunnar gjöri landsfólkinu stóran skaða, er létt sök að bevísa, en að hún sé sumpart óduganleg í Hafnarfirði, og hvar í það bestandi, er það sem hér ætti að sýna, og nefnum við fyrst til það timbur án hvörs landsmennirnir kunna ei að hjálpast, hvörki til sjós né lands. Hér í kaupstað hefur rart[1] verið nokkur ár að fá þurrt tré, sem til sérhvörra landsins nauðsynja hefur brúkanlegt verið, þó hafa þau í næst undangangandi tvö ár, hvað einna lökust verið, sem eftirliggjandi timbur í Hafnarfjarðarbúðinni kann best að sýna. En um gæði greni- og furuborða, ber þegjandi vitni afdráttarlaust, fyrir hvörjum heilskyggnum, sú nýbyggða Garðakirkja, sem síðan byggð var, hefur hvörki vantað bik né aðra upppössun, sem einninn er auðsjáanlegt, og er þó ei líklegt að kaupmaðurinn hafi látið útlevera, eða prófasturinn sem kirkjunnar forsvarsmaður, er hana á engang í forsvaranlegu standi að afhenda, hafi tekið til hennar byggingar þau lakari borð, hefðu önnur betri í kaupstaðnum til verið. En þó þetta timbur hafi ei verið niðursett við besigtelsen, orsakast þar af að þó það sé bæði vott og forlegið, þá heldur það þó flest sinn mælir eftir timburforréttingunni af 13da Aprilis 1734, hvör ei getur um gæðin á því. Þetta svoleiðis timbur eykur mönnum stóran skaða, því hvörki er það þénanlegt til skipa né ára, en í húsunum fúna þessi tré niður árlega, svo menn mega til að byggja þau aftur og aftur.

Væri timbrið beinleiðis flutt hingað frá Norey,[2] mundi það ei þanninn vera, hvað menn hafa séð þá timburskip hafa hér komið þaðan. Og ein skipshlaðning annað hvört ár af góðu norsku timbri kynni þessu districte nokkurn veginn að hjálpa, og ef yfirvaldið mætti, svo þá besigtað er taka fyrir prís, annaðhvört til kóngsins eða þeirra fátækustu í districtinu, þau tré sem það með besigtelsesmönnunum álítur óhæfileg til sérhvörra landsins nauðsynja, mundi fljótlega venjast af Compagníinu að senda þau þanninn til höndlunarinnar. Sú áminnsta timburforréttning er oss íslenskum einninn næsta þung, því skuli trén ei vera neitt yfir það sem hún ringast tiltekur, þá er tólf fiska tréð í eina bátsár og gengur utan af þunnt bak, en sjö fiska tréð nægir ekki stuttleikans vegna, tveggja fiska spírurnar ekki orfstæðar og hálfs annars fisks spírur varla eða ekki í hrífuskaft. Væri það því einn land-

[1] Sjaldgæft, erfitt.
[2] Noregi.

föðurlegur velgjörningur kóngsins, ef hann af sérdeilis náð vildi nokkuð forringa timburdýrleikann,[1] eður og forhækka trjávöxtinn fram yfir það hann í timburforréttingunni er, svo sem þann hluta vörunnar án hvörrar landið kann ekki standast eða þess innbyggjarar.

Lóðlínur og önnur færi eru annað það nauðsynlegasta í landinu, í þeim finnst einninn merkilegt feil að gæðunum við það sem menn hafa fyrri fengið þau, og það er komið í vana sem má orsakast af því að annaðhvört er Compagníið á þeim við innkaupið merkilega svikið eða það kaupir þau þar þau fást með léttasta prís, og þekkjanlegt er að ei séu í góðu standi. Og eru það þá vitanlegir prettir þess, því þau færi sem hingað hafa flust í góðu standi á fyrri árum sýna það að þau geti eins verið enn nú og selst þó með venjulegum prís, upp á hvörra forbetrun Compagníið mun þurfa röksamlega áminning ef gilda ætti.

Járnið sem það þriðja nauðsynlegasta í landinu og án hvörs það kann ei standast, getur ei svo léttilega prettað verið og ei með öðru en þá það er *rauðbroti*[2] eða *kaldór*,[3] við hvað einninn vart hefur orðið. Að sönnu hafa kaupmennirnir tekið aftur til baka af mörgum það kaldyrða járn, þá það hefur verið þeim brotið fært, en rauðbrotajárnið hafa menn ei reynt getað fyrr en kaupmaðurinn hefur verið afsigldur og það hefur smíða átt, hvört að öllu leyti er ónýtt og landinu gagnlaust, en svo sem járnið er því ómissandi, svo ætti Compagníið að forsýna það með góðu járni.

Þjalirnar sem nú flytjast án hvörra landsfólkið má ei vera heldur en hvör önnur þjóð, eru nú langtum ringari en til forna, og þó skulu þær minnstu gilda á þrjá fiska eftir taxtanum 1702[4] en hinar stærri á 4ra og 6 fiska. Eftir þeim nýja taxta, með þetta lítilræði til álits en þó nauðsynlegt, geta kaupmenn höndlað sem þeir sjálfir vilja, einkanlega ef þeir gjöra sér mannamun. Mundi það vera svo ólíkt þjalirnar væri númeraðar, líka sem þeir stóru lásar eiga að vera eftir taxtanum, því þá yrði ekki farið feil um þær við höndlunina.

Hvað klæðum, striga og lérefti viðvíkur, þá verður ei stórt út á klæðin sett eftir stiftamtmanns Ochsens ordre af 8da Maji 1734. En

[1] Lækka verðið á timbrinu.
[2] Óhreint járn sem vill brotna þegar það er hamrað heitt.
[3] Óhreint járn sem vill brotna þegar það er hamrað kalt.
[4] *Lovsamling for Island* I, s. 563–575. (Forordning om den islandske Taxt og Handel, 10.4.1702).

gæðin fást nú ei á þeim eins sem þau voru áður en klæðafabriqvan kom hér inn í landið, nema hvað stöku stykki kann fyrir að falla og þó mjög sjaldan. Sá stóri strigi hefur og nokkurn veginn haldið sinni breidd, en dantzigerstrigi hefur ei að undanförnum nokkrum árum verið meir en 3½ kvartil Íslandsmál breiður,[1] en fyrri þó í okkar tíð var hann fullkomin alin og líka betur, og án þess er hann landinu óþénanlegur, einninn það léreft sem kaupmenn selja á 10 og 12 f. er eins óþénanlegt ef það er ei 1½ Íslandsalin breitt.

Hvað áhrærir þá aðra vöru sem hingað til hefur verið ótaxeruð, hvörja kaupmenn hafa höndlað misjafnt, sem nú er taxti á kominn, eftir hvörjum menn vita ei hvört þeir eru skyldir að lifa eða ei, þar ekki hefur eitt orð alþýðu um hans myndugleika verið auglýst. Menn eru ei heldur vissir um að þeir megi kaupa það allt sem þar er innfært vegna octrojens 18. pósts. Ekki heldur verðum vér af honum vissir um innkaupið á vörunum, eftir hvörju þær eiga þó að seljast, sem ljóst er af nefndum pósti. Nokk er það að sumar vörur eru í honum taxeraðar hærra en þær í langa tíma hafa seldar verið, nefnilega blikklátún pd. á 20 fiska en fyrr selt á 18. Stál, pd. á 8 f. en fyrr á 6. Ein gömul salttunna á 15 fiska, sem fyrr hefur seld verið á 12, líka á 10 fiska. En beykihálftunnurnar eru mikið dýrar, hvör ein á 14 fiska, þar eikarhálftunnan er ei meir ný eftir taxtanum 1702 en 16 fiska. Í áminnstum taxta er þó úti gleymt þeim hlutum sem nauðsynlegir eru í þessu plátsi og ei forboðnir að mega flytjast til landsins sem eru kálfræ og flotholt. Það mega kaupmenn höndla með eftir velþóknan.

Þó að menn kaupi nú þær tegundir, margar hvörjar, sem í þeim nýja taxta eru á nafn nefndar, þá má það heita að menn kaupi þær blindandi, þar fæstir af almenningi munu vita hvört þær eru í því standi sem þeim byrjar, og kannski hvörki sýslumaðurinn né besigtelsesmennirnir heldur, svo þeir geti fullkomlega um það sagt, þá þeir vörurnar besigta. Mundi þá ekki nauðsynlegt að Compagníinu tilhéldist að tilsenda sýslumanninum pröve af sérhvörri tegund, svo þar eftir mættu vörurnar besigtast og væri best að þær pröver sendust undir Compagníisins forsigling. Nokkuð er það enn nú, að það bláa, blá- og rauðþrykkta cattun,[2] er næsta þénustulítið, ef það er ei bæði vel litt

[1] Íslandsmál, sama og Íslandsalin. Var einnig nefnd Hamborgaralin, 57,1 cm.
[2] *Kattún*, heiti á ýmsum bómullarefnum.

og líka tvær Íslandsálnir breitt, sem það var á okkar fyrri árum. Karlmannshattarnir eru einninn í lakara standi en þá, bæði upp á gæðin og líka kollstærðina, en ekki minnkar á þeim verðið þar fyrir.

Hvað nú síðast áhrærir, það við köllum harðkeypi kaupmannanna á vörum okkar, þá er þar fyrst á að byrja, að krigsraad Arv Gudmandsson[1] lét upplesa hér við kirkjur af honum útverkaða hr. amtmanns Stefánssonar[2] áfýsing til innbyggjaranna, að þeir upp á sinn kost tilbyggi saltfisk til höndlunarinnar. Hvað og margir gjörðu og nokkrir af þeim færðu hann til nefnds kaupmanns, hvör þeim vættina betalaði 50 fiskum, en hinir sem ei vildu færa hann frá sínum kaupstað, fengu honum hér ei útkomið, nema með þágu og það ei heldur fyrir hærri prís, og máttu þó sitja inni með nokkuð af honum vel flestir sér til stórs skaða sem upp á höndina verður bevísað. Og svoleiðis hefur það tilgengið nú í tvö ár. Þegar menn fóru að yfirleggja sinn kostnað, erfiði og umstang í þessu, fundu þeir sig hart haldna af soddan betaling, og ei fyrri ánægða en ef þeir fengi 55 fiska fyrir eina vætt, hvört fornemmari og vitrari menn sem klippfisk hafa tilbúið (af eigin reynslu og ópartískri yfirlegging) munu með oss sanna ef eftirspurt væri. En margir af oss hafa fengið afsky[3] að gjöra það framar í tilliti til þess að mega sitja inni með hann, sem oss er þá ei þénanlegri til heimila vorra og eigin brúkunar en harður fiskur, og einkanlegast að kaupmaður vor lét af sér heyra í sumar að hann hefði ei myndugleika af Compagníinu að betala meir hvörja vætt en 40 fiskum.

Um blautan fiskinn er það að segja að vorfiskurinn er hjá hlaupinn, sem fyrr er sagt, en það sem aflast meðan kaupmenn liggja hér er smáfiskur alloftast. Hann er misjafn, smár og stór nokkuð, hvörn þeir taka til niðursöltunar í ílát, og eru ei mjög begjærlegir[4] fyrir hann. Þennan fisk eiga undirkaupmenn að gilda til fiskatals, eru þeir þá heldur ósamkvæmir í því seljandans áliti, svo það hendir sig tíðum að eigendur taka fiskinn með sér til baka aftur, líka sumir sem hann af hendi láta, hirða ei um að færa hann þangað aftur. Af hvörju sjá má hvað vel kaupmenn lifa eftir þeim 28. pósti octrojanna í því að uppörva lands-

[1] Arv Gudmundsson, kaupmaður Almenna verslunarfélagsins í Hólmshöfn og forstjóri Innréttinganna.

[2] Ólafur Stefánsson (1731–1812) amtmaður.

[3] Orðið mjög frábitnir.

[4] Fýsilegir, eftirsóknarverðir. Danska *begærlig*.

fólkið til fiskiveiðanna og í því að tilbúa saltfiskinn, og þettað sem um blautan fiskinn sagt er reiknum vér oss fyrir skaða, svo vel sem á saltfiskinum, við hvörju áður er hrært.[1] En að koma í veg fyrir þá óeining sem rísa kann af blautfiskstökunni í kaupstaðnum væri hentast að settur væri viss taxti á þennan smáfisk eftir sem hann vegur þá búið er að slægja hann og fletja, hvað mörg pund skyldi þá fyrir einn fisk gilda, hvað þó væri naumlega gjörlegt nema skálavigt væri í kaupstaðnum brúkuð, hvör í margan máta mundi hentari vera en pundarar.

Um smáprjónlesið gengur svo til að kaupmenn taxera það einninn sjálfir, og hefur það jafnan verið að ganga niður til nálægs tíma, svo menn fá varla eða ekki erfiðislaunin á ullinni betöluð, en mega líða skaða á ullarverðinu og umkostnaðinum að ná henni, sem þó er yfrið mikið hvört um sig, í þessari ullardýrtíð. Prísinn á einum karlmannssokkum eru 8 fiskar, þeir betri á 10 en mikið fáir á 12, og segja kaupmenn þar hjá að þeir fái ei komið þeim hærra við Compagníið. Á þessu prjónlesi sjá menn fyrir augum sér vissan skaða ef reikna tilkostnaðinn, en menn verða að vinna það sér til skaða nokkurs, annars mega þeir vera iðjulausir á veturnar og fólk þeirra. Undir hér að framantöldu Compagníisins oki má fólk stynja og kannski að síðustu útmattast,[2] ef ei verður bót á ráðin. En skyldi það verða til vonar væri óskandi að prjónlesið væri í kaupstaðnum besigtað, og prísinn á því forhækkaður, eftir sem það sýndist mega komast báðum, seljanda og kaupanda, sem að skaðaminnstu, en ekki gæti einn prís á því öllu verið, þar bæði er misjöfn vinna fólks og líka ullargæðin í því.

Svo sem hér að undanförnu sannferðuglega fortalið er um vorn eigin tilbúning á saltfiskinum, og um útfallið á þeim sama, bæði hvað viðvíkur betalingnum, og líka þeim skaða sem menn hafa af því að sitja inni með hann og koma honum ekki í höndlunina, svo er þó fiskurinn það einasta meðal fyrir allflestum, er þeir hafa til sinna skuldalúkninga og nauðsynja innkaupa. En verkist hann ekki svo hann verði kaupstaðsgengur þá sjá menn ei hvörninn þeir geti hvörigu þessu til vegar komið. Því er vor sameiginleg begjæring að kaupmaðurinn við Holmsens höfn vildi bekosta hingað mann sem fyrri skeð er, hvör eð tæki hér blautan fisk af fólki, þá sú tíð kemur sem Guð væntanlega

[1] „þettað sem um blautan […] áður er hrært," tvítekið í handriti.
[2] Örmagnast. Danska *udmatte*.

gefur hann, svo vel nú á þessu ári sem framvegis árlega. En sjálfum sér má hann kenna það fái hann ei fiskinn sem hann forlangar gefi Guð oss hann, því ei er það væntanlegt að fólk láti hann af hendi, sér til stórs skaða.

Þetta allt hér að framan- og ofanskrifað innstillum vér þénustusamlega fyrir yður gúnstigu háu herrar til betri eftirþanka og yfirvegunar, biðjandi auðmjúklega að þér upp á yðar háa embættis vegna og til landsins opkomstar, vilduð tilsjá að vér mættum fá betur innréttaða kauphöndlan hér í Hafnarfirði eftirdags en hún nú er. Vér forlátum oss til Guðs og yðar samtlige herradóms röggsamlegra aðgjörða og forblífum með stórri virðingu og höjagtelse.

Veleðla og háttbetrúuðu Commissions herrar yðar samtlige þénustuskyldugir og auðmjúkir þénarar

Álftanesi í Hafnarfjarðardistricte, d. 1. Februarji 1771.

Erlendur Eyvindsson
Jón Ásgrímsson
Daníel Erlendsson
Bjarni Einarsson
Einar Bjarnason
Ólafur Jónsson
Magnús Bragason
Ormur Magnússon
Sigurður Halldórsson
Ingimundur Bjarnason
Jón Pálsson
Gunnlaugur Þórðarson
Jón Tumason
Jón Ingimundarson
Magnús Þorvaldsson

Jón Þorgeirsson
Árni Sigurðsson
Helgi Jónsson
Grímur Gíslason
Gísli Ólafsson
Þorkell Sigurðsson
Ólafur Jónsson
Páll Þorláksson
Oddur Stefánsson
Jón Sigurðsson
Hinrik Pétursson
Núpur Guðmundsson
Þorsteinn Jónsson
Magnús Eiríksson
Jón Björnsson
Páll Ásgrímsson

* * *

[Oversættelse 1771]

Velædle og höjbetroede Commissions herrer!
Höytærede gunstige herrer!

Saasom handelen i Havnefiord er os destrictetsfolk höy nödvendig og i alle maader umistelig, saa er den os (som den nu er) i mange maader besværlig og skadelig baade i henseende til tiden, som den drives paa, og mangel paa varer som og i nogle dele varernes uduelighed samt strænge handelsmaade i henseende til vore varer, nemlig klippfisk, blödfisk[1] og fint uldengods. At vi ej taler om det reent fordervede mel, som blev fört saavel hid som andre stæder omkring landet 1768, efftersom hans Majestæt haver af landfaderlig kjærlighed og forsyn allernaadigst befalet Compagniet at lade före hid dygtig kornvahre, hvilket og skeet er i næstforegaaende 2 aar. Og efftersom handelen her i Havnefiord (paa den fod som den nu staaer) synes at sigte indbyggerne meer til ruin end opkomst, saa tager og Kongen skade paa sine indkomster ved vor fattigdom. Derfore tage vi os den frihed at tilkjendegive Eder samtlig, gunstige og höye herrer, hvad os ved handelen synes at være skadeligt og derhos vore tanker derom, hvorledes os synes, det best kunde ledrettes alt til nöyagtigere overvejelse.

Og er det först, at skibene komme her saa seent og har kommet, siden dette handelscompagnie imodtoeg landets udredning, da i disse 7 forgangen aar har aldrig handelen været begyndt för St. Hansdag.[2] Det har og hent sig, at den ej har begyndt förend meget ind i August maaned, da höearbejdstiden har været for haanden, og handelen saaledes gaaet ud paa höeslættstiden folk til störste hinder i deres arbejd samt skade, saasom ald deres foraarsfisk har da været forbi, den, man i fald skibene havde kommet för, havde lagt ind i handelen. Hvorfore bemelte foraarsfisk har blevet dem til skade, da den dels ej har været bleven tör til handelen, dels ikke gangbar blandt indbyggerne selv, efftersom vejrliget da har faldet. Om nu skibene, som gaae hertil stædet, tog fra Kjöbenhavn tidlig i Majimaaned som i forrige tid, saa kunde de komme hid ej senere end da, thi da kom de sidst i Maji og först i Junii.

[1] Fersk fisk.
[2] Skt. Hans dag: 24. juni.

Denne sidlige[1] skibenes ankomst foraarsager meget stort tillöb og trængsel i kjöbstædet daglig, saa at nogle maae være der 2 à 3 dage for at skille dem af med det, de den gang have med sig og forhindres derved fra nödvendigste forehavender hjemme ved gaardene baade til söes og lands. I denne seene tid som kjöbmanden kommer, og den korte stund han ligger her, kan han ej tage blödfisk til at virke klippfisk af, og de færste af indbyggerne har da tid at söge söen baade formedelst handels- og husforretninger. Men kom nu skibene, som meldt er, og laae her langt ud paa Julii maaned, som octroyens[2] 32. post synes at tilholde dem, sögte ej saa mange til kjöbstædet hver dag som nu. Ligeleedes vilde de i den tid söge söen, og efftersom Gud gav velsignelse til deres fangst, kunde de lade kjöbmanden faae stort forraad af blödfisk, hvis han tog den, saa at man fandt sin regning derved, thi da vilde indvaanerne ej forsömme sig. Det er endnu i frisk minde, hvor megen klippfisk her var i Havnefiord, da kjöbmændene toge der torsk og kuller, rocker og langer til at virke den af, og hvis det gik saaledes nu, var det ej eeneste indbyggerne til nytte, men og tillige Compagniet, thi uden tvivl havde de ej gjort det den gang, med mindre de derved havde stoppet sine udgifter.

End et maatte endnu hertil lægges, som er, at naar værtidsfiskeriet slaaer feil eller ej virkes saavel, at kjöbmændene tager imod den, og foraarsfiskeriet gaaer fra, som sagt er, uldengodset i denne dyrtyd af uld hos mange meget lidet og somme intet har, da bonden meget lidet at lægge ind i kjöbstædet, saa han kan ej betale sin gjæld, ej bygget sin gaard om den er forfalden, og ej kand han faae sine baade til söes, skjönt lejligheden gaves, og disse ere fölgerne af den sidlige skibenes ankomst.

Mangel paa varer er for det andet höyskadeligt for indbyggerne, da de först offte og mange gange maae være fra sit hjemme for at faae at komme ind i boeden til oberkjöbmanden, ligesaa længe som de var om at faae aflevert den fisk, de förte i kjöbstædet, fordi at naar gotset er besigtet, kjeppes een med den anden at komme frem, saa at omendskjönt kjöbmanden sidder ud paa natten at handle, kan han ej aflöse folk, som er paa stædet. Maae man saa bie der en natt effter den

[1] Sildig, sen.

[2] *Lovsamling for Island* III, s. 466–494. (Octroy paa Islands Beseiling i tyve Aar for det almindelige Handels-Compagnie, 15.8.1763).

anden. Men da kjöbmanden kommer op om morgenen, er folkene bleven ligesaa mange som den forrige dag af dem, som da nylig ere ankomne. Thi man maae gjöre sig regning paa, at kommer man 2 eller 3 dage effter besigtelsen, er den nödvendige vare opsolgt, om kjöbmanden tager frit til at give den ud effter folkes tarv og begjæring.

Var derimod varen saa tilstrækkelig, at baade rige og fattige kunde faae saa meget af nödvendige ting, som de vil, og de kan betale saavel den sidste som förste dag i handelstiden, saa vilde folk ej gjöre sig selv den skade at bie der örkeslöse dag effter dag. Ikke heller gjorde det da kjöbmanden den uroe, som det nu nödes til. Thi dertil ere mange exempler, at de der ej har kommet eller omendskjönt kommet dog ej faaet kjöbmanden i tale inden bemelte tid, have faaet lidet eller intet af det, de har begjært og dem ellers umistelige ting, men faaet det svar: *Det er ikke til, det er alt bort*. Ved hvilken mangel af varer os synes, at Compagniet merkelig overtræder octrojens 22de post.

Ligeledes efftersom det allernaadigst er tilladt i octroyens 25de post i störste nödsfald, da kjöbmanden er bortrejst at aabne handelsboederne for at tage derud de nödvendige ting, indbyggerne behöve, saa fölger deraf, at slige varer skal ligge effter i samme. Men dette hjælpemiddel har ej stæd i Havnefiord, thi de varer, som ej kan faaes her formedelst mangel af samme om sommeren, kand ikke ligge effter i boederne om vinteren. Og maae folk altsaa savne samme i hvad for helst paakommende tilfælde, hvorfore det var störste nödvendighed, at Compagniet forsynede saa denne havn (som saa rigelige har betalt dem alle disse forgangne forpagtningsaar), at varen kunde faaes kjöbt om sommeren, som för er mældt, og derforuden var i boederne effterliggende saa meget forrad af nödvendige ting, som man kunde have behov om vinteren.

Til varemangelen kan og henföres den pengemangel, som her er i kjöbstædet, til hvilke dog indbyggerne höyligen trænge, som hvad andet, for at tilhandle sig med samme oplandsvarene, uden hvilke de ej kan leve. Men hvad for mangel her er af samme, kan best bevise det pengelaan, vores kjöbmand toeg her i sommer hos indbyggerne, som folkes regninger paa mange rixdale, som indestaae hos ham ubetalte.

At varenes uduelighed gjör indbyggerne stor skade er lett at bevise, men at den for endel er uduelig her i Havnefiord, og hvor i det bestaaer, er det her burdte vises. Og nævne vi först tömmer, uden hvilket

man ej kan hjælpes hverken til lands eller vands. Her i kjöbstædet har det været rart[1] nogle aar at faae tört stk. træe, som kunde have været brugeligt til forefaldende nödvendigheder i landet. Dog har samme (tömmeret) i næst forbigangne 2 aar været slettest, som det effterliggende tömmer i Havnefiords boder bedst viser, men angaaende gran og fyrebrædders udueligheder for alle klart. Den nyopbygde kirke paa Garde, som siden den tid er opfört, har hverken fattedes beg eller anden oppassning, hvilket ogsaa er öyensynligt, og er dog ej rimeligt, at kjöbmanden har ladet udlevere, eller provsten som kirkens forsvar (som han engang skal afhænde i forsvarlig stand) har modtaget til dens bygning de slettere bræder, i fald andre bedre havde været i kjöbstædet. Men skjöndt dette tömmer ej har været nedsat ved besigtelsen, aarsages deraf, at skjönt samme baade er vaadt og forleget, saa holder det dog flest sit maal effter tömmerforretningen af 13. Aprilis 1734, som ej mælder om dets bonitæt. Dette tömmer foraarsager folk en stor skade, thi det er hverken tjenligt til baade eller aarer, men i husene raadner dette tömmer op aarlig, saa man maa bygge dem op effter hinanden.

Var tömmeret fört lige hertil fra Norge, vilde det ej blive saaledes, hvilket man har seet, naar tömmerskib have kommet hid derfra, og en skibsladning hverandet aar af got norsk tömmer kunde nogenledes strække til for districtet, og maatte da övrigheden, naar besigtelsen skeer, confisqvere[2] enten til Kongen eller de fattigste i districtet det tömmer, som den tillige med besigtelsesmændene ansaae ubrugeligt til alleslags nödvendigheder i landet, vilde Compagniet snart komme af vane med at sende det saaledes til landet i handelen. Den bemelte tömmerforretning er ligeleedes meget tung for os indbyggere, thi skal et stk. træe intet have over det, den tilsiger ringest, saa er 12 fiske træe til en baadsaare, og gaaen uden af en tynd flis, men 7 fiske træe er ej nok for kortheden. 2 fiske lægter ere ikke nok til et orf[3] og halvanden fisk spires[4] neppe eller ikke til et hrifeskaft.[5] Det var derfore en landsfader velgjærning af kongen, om hand af særdeeles naade vilde for-

[1] Sjældent, vanskeligt.
[2] Konfiskere.
[3] Leskaft. Islandsk *orf*.
[4] Spir, stage, lægte.
[5] Riveskaft. Islandsk *hrífuskaft*.

ringe noget tömmerets dyrhed, eller at tömmeret maatte være noget större, end det er i tömmerforretningen, saasom den dehl af varer som landet eller dets indbyggere ej kan undvære.

Lod- og andre fiskelinier er det andet nödvendigste i landet. Disse har ligeledes i henseende til bonitetet en stor mangel mod det, man i forrige tider har faaet dem, og dette er kommet i en vane, som maae komme deraf, at enten er Compagniet i deres indkjöb mærkelig bedraget, eller og det kjöber dem, hvor de kan faaes med lettest pris, og hvor öyensynligt er, at de ej ere i god stand, og er det da frivillig bedragerie af samme. Thi de linier, som ere hid förte i god stand i forrige tider vise, at de kunde være eens nu, men sælges dog med sædvanlig pris. I hvilken hensigt Compagniet burdte faae alvorlig erindring om, det skulde gjælde.

Jærnet, som det tredje af nödvendigste ting i landet, og uden hvilket det ej kan staae ved magt, kan ej so lettelig forfalskes, undtagen naar det er rödskjær[1] eller koldskjær,[2] hvilket man og har fornummet til. Vel have kjöbmænd taget til sig igjen af mange det koldskjærede jærn, naar dem er bleven levert det sönderbrekket, men det rödskjærede har man ej kundet pröve, förend effter kjöbmændenes afrejse, og da det har skuldet smeddes, hvilket aldeeles er udueligt og landet uden nytte. Men som jærnet er umisteligt, burdte Compagniet forsyne handelen med got jærn.

De file, som nu föres, og man ligesom andre folk kan ej undvære, ere nu langt ringere end til forne, og skal dog de mindste gjælde 3 f. effter taxten af 1702,[3] men de andre större 4 à 6 f. effter den nye taxt. Med denne effter anseende ringe ting, men dog nödvendig, kan kjöbmændene handle, som de selv behager, især om de bruger personsanseelse. Kunde det være saa urimeligt, at filene vare numererede, ligesom de store laase skal være effter taxten, thi saa kunde man ej tage feil om dem i handelen.

Hvad klæde, strige[4] og lerret anbelanger, da kan der ej meget udsættes paa klædet effter stiftamtmand Ochsens ordres af 8. Maii 1734.

[1] Urent jern, som vil gå i stykker, når der hamres på det, når det er varmt.

[2] Koldskør. Urent jern, som vil gå i stykker, når der hamres på det, når det er koldt.

[3] *Lovsamling for Island* I, s. 563–575. (Forordning om den islandske Taxt og Handel, 10.4.1702).

[4] Groft lærred eller sækkelærred. Islandsk *strigi*.

Men bonitætet kan nu ej faaes det samme paa dem, som det var, för fabriqven kom her ind i landet, undtagen hvad der kan træffe med faae stykker og dog meget sjælden. Den grove strige har og nogenledes holdt sin breedde, men Dantziger strige har ej paa nogle forbigangne aar været meer end 3½ qvarter Islandsalen[1] i bredden, men for vor tid var den fuldkommen 1 al. og vel meer, og foruden det er den landet utjenlig. Ligeleedes det lerred, som kjöbmændene sælge for 10 à 12 f., er ligesaa utjenligt, med mindre der er 1½ Islandsal. breedt.

Í tíð fyrrnefnds Sveinbjarnar Eiríkssonar bjó sá maður fátækur er Jón Jónsson hét á tveim pörtum Stóra-Nýjabæjar. Þá skipti Sveinbjörn engjum Stóra-Nýjabæjar, sem tveim pörtunum tilheyrðu til helminga (að hann svo kallaði), og tók þann partinn er hann sjálfur vildi og lét eina vætt af landskuld niður falla. Svo og tók hann til sín þær þrjár ær sem jörðinni fylgdu og setti aftur kúkvíildi, hvar eftir hann tók 2 fj. smjörs, og þessi kvíildaþungi helst við jörðina enn nú. Og sama er að segja um Nýjabæjarengjar er Sveinbjörn sér skipti, að þær yrkir og heldur hvör Krýsuvíkurbóndi eftir annan, jafnvel þó Stóra-Nýjabæjar fátækir ábúendur stórlega eftirsjái.

Í tíð Hallberu Jónsdóttir var Stóra-Nýjabæ skipt til helminga að forngildunni[1] frátekinni, og ég, Vernharður Rafnsson, óskaði eftir mínum parti forngildunnar og fékk ég ekki. Svo og er engjastykki með hefð fallið undan Stóra-Nýjabæ úr þriðjungaengjunum til heimajarðarinnar, og fyrir það ekkert fiskvirði niðurfallið, hvört engjastykki ég nefni Flóðakrók er fyrrnefndi og Teitsflóð allt, allt að Fremra-Álfsteig, hvört engjastykki ég meina 6ta part af þriðjungaengjunum. Þetta engjastykki sýnist mér okkur báðum tilheyra sem nú búum á Stóra-Nýjabæ. Sömuleiðis á Járngerðastaðamanntalsþingi, óskaði ég eftir mínum parti forngildunnar og fékk ég ekki.

2° Svo eru og afmarkaðar fjörur sem Stóra-Nýjabæ fylgja og svo nefnast Bergsendi, og í öðrum stað Keflavík, á hvörjum greindum fjörum vér tökum söl oss til lífsbjargar, en ekki megum vér þar eitt trékefli af taka, hverki til jarðarinnar húsa eður bæta nokkra vora búshluti er vér þurfum daglega á að halda.

3° Svo og hlýt ég gefa til vitundar ásigkomulag um heilsu mína og fémuni sem er. Ég er vanfær maður og veikur, og oftar í rekkju liggjandi en á fæti vinnandi. Svo er og kona mín heilsulin orðin, og ekki er fyrir okkur að hafa utan einn piltur um tvítögsaldur, sem er launsonur minn, svo og er laundóttur konu minnar, og er þetta okkar fyrirvinna. En um fjármuni er það að segja að við eigum 5 ær veikar af kláðapest, eina kú og eina kvígu að fyrsta kálfi og eina kálflausa kvígu, og tvísýnt að þessir gripir lifi fyrir hor, og 7 hross klifbær og 2 trippi, einn sexræðing og verð ég að kaupa mann úr annarri sveit fyrir 40 álnir að vera formann fyrir skipinu.

[1] Að fornu mati.

Á þessu ári 1770 var upp á mig fluttur undir vetur, bróður minn skilgetinn, Hálfdan Rafnsson að nafni, mállaus og svo gott sem mætti firrtur í læri, síðu og handlegg, hvörjum ómaga eftirfylgdi kona hans og eitt barn. Og taldist ég undan móti þeim að taka, og sögðu þeir það legði sig sjálft að leggja honum af sveitinni, og hafa þeir það svoleiðis efnt að ég hef meðtekið eina mjöl hálftunnu af því innflutta forskemmda gamla mjöli, og annað hef ég enn nú ekki meðtekið. Þetta átti að vera fyrir vökvun.[1] En fyrir guðssakir skyldast til að hýsa. Þennan ómaga flutti lögréttumaðurinn, mr. Jón Stefánsson á Járngerðastöðum í Grindavík, og hreppstjórinn, mr. Símon Sighvatsson á Krýsuvík, á mitt heimili. Ég bið Guð á himnum og herra Danmerkur kóngsins innsenda herra, á málefni mitt að líta hvört mig rétt skeður.

Þetta staðfesti ég í kör liggjandi með mínu réttu skírnarnafni og hjáþrykktu signeti.

Stóra-Nýjabæ,
d. 1. Junji 1771.

Vernharður Rafnsson
Hallvarður Jónsson

L. S.

* * *

[Oversættelse 2015]

Velædle, højlærde og højagtige herrer!
Nåde, helbred, lykke og velsignelse fra Gud fader og vor herre Jesus Christus!

Vi undertegnede Vernharður Rafnsson og Hallvarður Jónsson husbønder på Stóri-Nýibær i Krýsuvíkbygd.

1° Vi opgiver først til vitterlighed gårdens tilstand. Denne gård, hvor vi nu bor, var først opdelt i tre dele, så længe man mindes, og den ene [beboer] boede på to dele af gården og den anden på en tredjedel. Gårdene blev kaldt og kaldes stadig Austurbær og Vesturbær. Til Austurbær hørte to tredjedele af jorden og til Vesturbær en tredjedel, og en sti opdelte hjemmemarkerne fra gårdspladsen i retningen nord-syd til en mose mod syd og en sandgrund mod nord. Ligeledes

[1] Hér er vísað til hluta fæðisins sem ómagarnir áttu að fá, sennilega spónamatarins.

blev engene betegnet med stednavne eller kendetegn på begge dele af gården, som så blev kaldt Flóðakrókur, Teitsflóð, Fremri-Álfsteigur, mellem Álfsteigar [og] Indre-Álfsteigur. Disse enge, der nu er optalt, tilhørte den ene tredjedel af gården og et kogilde, hvoraf der betaltes 2 fjerdinger smør og to vægte tørfisk i landskyld. Til Austurbær eller to tredjedele af gården hørte de såkaldte Engjapláss, Kringlumýri, Mosar eller det lille holt, hvor Nýibærs enggård ligger. Nord for det ligger Syðri-Höfði og Nyrðri-[Höfði] og Fífumýri øst for Litla-Lambafell. Nord og øst for kløften ligger først Þúfnamýri mod vest under Seljamýrarholt og Arnarófur op til Þúfnamýri. Fra den ovennævnte Kringlumýri øst for kløften ligger Dýjarófur, Blettir, Höfði, Grasgil, Litli-Höfði vest for Seljamýrarholt. Øst for ovennævnte holt ligger Seljamýri og Nýjabæjarhvammur. For disse to dele af gården betaltes årligt i tørfisk fire vægte. Et kogilde og tre får fulgte disse to dele, for dette halvandet kogilde betaltes 3 fjerdinger smør.

Nu hed bonden, der var husbond på Krýsuvík, Sveinbjörn Eiríksson og hans kone Hallbera Jónsdóttir. Efter ovennævnte Sveinbjörns død giftede Hallbera sig igen med den velnævnte Jón Sigmundsson, som ligeledes er afgået ved døden. I Sveinbjörns tid var Krýsuvíks hjemmegård opdelt i to, Sveinbjörns og afdøde Jón Sigmundsson og på den anden side Magnús Jónsson, der nu er bonde på Stafnes. Han var bonde på halvdelen af jorden. Efter at Magnús var borte, og Jón var afgået ved døden, var ovennævnte Hallbera alene husbond på Krýsuvíks hjemmegård, indtil Símon Sighvatsson, som nu er bonde på gården, overtog den.

I ovennævnte Sveinbjörn Eiríkssons tid boede der en fattig mand, som hed Jón Jónsson, på to dele af Stóri-Nýibær. Så delte Sveinbjörn Stóri-Nýibærs enge, der tilhørte de to dele, i to halvdele (som han sagde) og tog selv den halvdel, som han selv ville have, og lod en vægt landskyld bortfalde. Så tog han også til sig tre får, som fulgte med gården, og satte et kogilde tilbage, for hvilken han tog 2 fjerdinger smør, og denne kogildebyrde ligger stadig på gården. Og det samme må siges om engene fra Nýibær, som Sveinbjörn tilegnede sig, at de bliver dyrket af den ene bonde på Krýsuvík efter den anden, selv om de fattige husbønder på Stóri-Nýibær savner dem inderligt.

I Hallbera Jónsdóttirs tid blev Stóri-Nýibær delt i to halvdele, bortset fra det gamle gilde, og jeg, Vernharður Rafnsson, anmodede om

min andel af det gamle gilde og fik det ikke. Ligeledes er et hævdvundent stykke eng bortfaldet fra Stóri-Nýibær af en tredjedel af engene til hjemmegård, og for det er der ikke bortfaldet nogen fiskeværdi, hvilket stykke eng jeg kalder Flóðakrókur, som oven for nævnt, og hele Teitsflóð, lige til Fremri-Álfsteigur, hvilket stykke eng, jeg mener, udgør en sjettedel af en tredjedel af engene. Dette stykke eng tilhører efter min opfattelse os begge, der nu bor på Stóri-Nýibær. Ligeledes anmodede jeg på Járngerðastaðir mandtalsting om min andel af det gamle gilde og fik det ikke.

2° Så er der også afmærkede kyststrækninger, som tilhører Stóri-Nýibær og kaldes Bergsendi, og andre steder Keflavík, og på hver af de nævnte kyststrækninger tager vi søl[1] til livets opretholdelse, men vi må ikke der tage et enkelt stykke træ, hverken til gårdens bygninger eller til forbedring af nogle af vores redskaber, som vi dagligt har brug for.

3° Så må jeg også gøre vitterligt forholdene omkring mit helbred og eksisterende ejendom. Jeg er et uarbejdsdygtigt og sygt menneske og ligger oftere til sengs end står og arbejder, og min kone har også et svagt helbred, og vi er ikke i stand til at have hos os mere end én karl på ca. 20, som er min uægte søn, og så er der min kones uægte datter, og det er den arbejdskraft, vi har. Men angående ejendom kan fortælles, at vi har 5 får, som er syge af skab, en ko og en kvie med første kalv og en kvie uden kalv, og det er usikkert, om disse kreaturer dør af sult, og 7 kløvsadelbare heste og 2 plage, en seksåring, og jeg må købe en mand fra en anden egn for 40 alen til at være formand for skibet.

I indeværende år, 1770, blev jeg tvunget til at modtage min ægtefødte broder ved navn Hálfdan Rafnsson, stum og så godt som ødelagt i lår, side og arm, hvilket fattiglem var ledsaget af sin kone og ét barn. Og jeg forsøgte at tale mig fra at tage imod dem, og de sagde, at det var kun naturligt, at egnen gav et bidrag til ham, og det har de holdt på den måde, at jeg har modtaget en halv tønde af det importerede fordærvede gamle mel, og andet har jeg endnu ikke modtaget. Dette skulle være for søbemad. Men for Guds skyld [var jeg] pligtig til at give [dem] husly. Dette fattiglem bragte lovrettemand, mr. Jón Stef-

[1] Søtang. Islandsk *söl*.

ánsson på Járngerðastaðir i Grindavík og repstyrer mr. Símon Sighvatsson på Krýsuvík ind i mit hjem. Jeg beder Gud i himlen og de herrer Danmarks konges indsendte herrer om at se på min sag, om der sker mig retfærdighed.

Dette stadfæster jeg liggende i sengen med mit rette døbenavn og vedtrykte signet.

Stóri-Nýibær, den 1. juni 1771.

Vernharður Rafnsson
Hallvarður Jónsson

L. S.

Hjáleigumenn í Krýsuvík skrifa um kjör sín 1.6.1771. Lit. Hh. N° 2[b].

Afbyggere på Krýsuvík skriver om deres kår 1.6.1771. Lit. Hh. N° 2[b].

ÞÍ. Rtk. D3/5–2.
Innskráð/*indskrevet* 3.8.1771; Bréf þetta og það næsta á undan, sem er einnig frá hjáleigubændum í Krýsuvík, hafa verið bókuð á sama litranúmer eins og um eitt bréf væri að ræða. Hér eru þau aðgreind með lit. Hh. N° 2[a] og 2[b]. Lá með bréfum úr Árnessýslu, lit. Hh. N° 1, 3–5. / *Dette brev og det forudgående, som også kommer fra afbyggere på Krýsuvík, er opført på samme litranummer, som om det drejede sig om ét brev. Her er de adskilt med lit. Hh. N° 2[a] og 2[b]. Lå sammen med breve fra Árnessyssel, lit. Hh. N° 1, 3–5.*

Áritun/ *påskrift*: N° 2.

Vér undirskrifaðir ábúendur á Krýsuvíkurhjáleigum gefum til vitundar.

1° Um okkar afmarkaða fjöru sem vér tökum söl oss til lífsbjargar, hvar og svo er trjáreki hvörn heimabóndi Krýsuvíkur hirðir og til sín tekur, og megum vér ekki þar af taka álnarlangt tré. En þurfum þess þó nauðsynlega við til uppbyggingar vorra leiguhúsa og verkfæra sem

vér daglega með þurfum. En sumir af oss svo fátækir að vér getum ekki keypt til húsa eður verkfæra sem vér með þurfum.

2° Um ásigkomulag hjáleignanna. Fyrst Suðurhjáleiga, henni fylgir eitt kvíildi, eftir hvört árlega eru goldnir 2 fjórðungar smjörs og þrjár vættir af hörðum fiski árlega í landskuld. Þar næst Norðurhjáleiga sem fylgir eitt kvíildi og eftir það árlega goldið 2 fj. smjörs og 2 vættir í landskuld árlega. Þriðja hjáleiga, Litli-Nýjabær, fylgir 1 kvíildi og eftir það goldnir 2 fj. smjörs árlega og tvær vættir af hörðum fiski árlega í landskuld. Í þessar skuldir gildir ekki annað að bjóða, þó bág tíð falli, en fisk í landskuld og smjör í leigur.

3° Hér er og svo bjarg það við sjó sem fuglvarp er í og festi tilbrúkuð að ná fugli og eggjum í þessu bjargi. Bóndinn í Krýsuvík á festina og tekur eftir hana hlut. Hann setur þangað svo marga menn sem hann vill, en hvör hjáleigumaður á þar einn mann. Krýsuvíkurbjarg er óskipt land og tekur heimabóndi Krýsuvíkur landhlut af þessu bjargi, sömuleiðis tekur hann menn undir festina úr öðrum plátsum til fulls hlutar þá hann vill, að hjáleigumönnum sínum óaðspurðum.

4° Laust við þetta bjarg er og svo umflotið sker eður klettur sem fuglvarp er á, í hvörn nefndan klett ekki verður utan á skipi komist. Af þeim klett tekur heimabóndi landhlut og eru nú 8 ár síðan sá landhlutur var fyrst tekinn, og muna ei menn að hann hafi fyrr tekinn verið.

5° Það er sagt að allt Krýsuvíkurland sé óskipt að fráteknum túnum og engjum. Hér í Krýsuvíkurlandi eru selstöður frá tveimur bæjum í Grindavík, nefnilega Hópi og Þórkötlustöðum. Tekur heimabóndi 1 rixdal árlega frá Hópi en áttræðing lætur hann ganga á Þórkötlustöðum sem kvittar þeirra selstöðu. En búsmali þeirra gengur í óskiptu Krýsuvíkurlandi, að fráteknum þeim mikla yfirgang er hross þeirra í Grindavík, tamin og ótamin, veita Krýsuvíkur innbyggjurum árlega bótalaust á þeirra engjum.

6° Vér Krýsuvíkur innbyggjarar erum til kvaddir að gjöra allt torfverk að Krýsuvíkurkirkju og kirkjugarða og fáum hvörki mat né drykk eður nokkur laun fyrir það erfiði. En þetta skeður tíðast um þann tíma er menn þurfa að bjarga lífi sínu til lands og sjávar.

7° Allir hjáleigumenn hér sem tíund gjöra gjalda kirkjunni árlega 6 fiska og er sá tollur ljóstollur nefndur.

8° Prestinum gjöldum vér árlega 15 fiska hvör hjáleigumaður í peningum eður undir stakk.

9° Sálist fullorðinn maður hér innan sóknar þá mega menn gjalda 24 fiska í legkaup og prestinum 12 fiska. En eftir ungbarn eður tannleysing 12 fiska í legkaup og 6 fiska prestinum.

10° Allir þeir hjáleigumenn hér sem tíund gjöra, gjalda árlega undir stakk 10 fiska hvör maður og er sá tollur kóngsfiskar eður gjaftollur kallaður.

11° Vér gefum og til vitundar halla þann eður afvigt er vér líðum í kaupstaðnum, þar okkar vigt stendur skjaldan eður aldrei heima í kaupstaðnum. En það oss er þar útvegið er oftast lagt á vora vigt.

12° Einninn gefum vér til vitundar bágindi þau sem langvarandi verið hafa, og enn nú viðhaldast, af fjárpestinni, að menn geta ekki bjargað sér til lands eður sjávar fyrir klæðleysi.

Þessu til frekari staðfestu eru vor undirskrifuð nöfn Krýsuvíkurhjáleigumanna.

Að Stóra-Nýjabæ
í Krýsuvíkurhverfi,
dag 1. Junji A° 1771.

Vernharður Rafnsson
Rafn Magnússon
Jón Jónsson
Magnús Ingimundsson
Hallvarður Jónsson

* * *

[Oversættelse 2015]

Vi undertegnede husbønder på afbyggersteder til Krýsuvík gør vitterligt.

1° Om vores afmærkede kyststrækninger, hvor vi tager søl til livets opretholdelse, hvor der også er drivtømmer, som hjemmebonden på Krýsuvík samler og tager til sig, og vi må ikke tage alenlangt træ derfra, men har nødvendigvis brug for det til opbygning af vores lejede huse og redskaber, som vi daglig har brug for. Men nogle af os [er] så fattige, at vi ikke kan købe til bygninger eller redskaber, hvad vi har brug for.

2° Om afbyggerstedernes tilstand. Først Suðurhjáleiga. Der følger det et kogilde, hvoraf der årligt betales 2 fjerdinger smør og tre vægte tørfisk i landskyld. Dernæst Norðurhjáleiga hvor der følger et kogilde, og deraf betales årligt 2 fjerdinger smør og 2 vægte i landskyld. Til det tredje afbyggersted, Litli-Nýjabær, hører 1 kogilde, og deraf betales årligt 2 fjerdinger smør og to vægte tørfisk årligt i landskyld. Disse af-

gifter kan vi ikke undgå at betale, selv om det bliver hårde tider; fisk i landskyld og smør i leje.

3° Her er der også et bjerg ved havet, som der er fuglekolonier i, og der er en forankring rede til at hente fugle og æg i dette bjerg. Bonden på Krýsuvík har forankringen og tager andel af den. Han sender så mange mænd derhen, som han vil, og hver afbygger har der én mand. Krýsuvíkurbjerget er et udelt landområde, og hjemmebonden på Krýsuvík tager jordejerpart af dette bjerg. Han tager ligeledes mænd fra andre pladser til forankringen for fuld andel, når han vil, uden at spørge sine afbyggere.

4° Frit fra dette bjerg ligger der så et skær eller en klippe i havet, hvor der er en fuglekoloni, hvilken nævnte klippe man kun kan komme til på skib. Af den klippe tager hjemmebonden jordejerpart, og det er nu 8 år siden, at denne jordejerpart blev taget først, og man mindes ikke, at den er taget før.

5° Man siger, at hele gården Krýsuvík er udelt, bortset fra hjemmemarker og enge. Her på Krýsuvík er der sætere fra to gårde i Grindavík, nemlig Hóp og Þórkötlustaðir. Hjemmebonden modtager årlig 1 rigsdaler fra Hóp, men han udruster en otteåring[1] fra Þórkötlustaðir, som opgiver deres sæter, og deres kreaturer går løse i det udelte land, som til hører Krýsuvík, for ikke at minde om den store skade, som de i Grindavíks heste, tæmmede og utæmmede, årligt forvolder Krýsuvíks indbyggere på deres enge uden erstatning.

6° Vi indbyggere på Krýsuvík bliver tilkaldt til at udføre alt tørvearbejde på Krýsuvík kirke og kirkegård og får hverken mad eller drikke eller nogen løn for det arbejde. Men dette sker oftest på det tidspunkt, hvor der er brug for folk til at opretholde livet til lands eller vands.

7° Alle afbyggere, som betaler tiende, betaler årligt til kirken 6 fiske, og den told kaldes lystold.

8° Til præsten betaler hver afbygger årligt 15 fiske i penge eller i gennemtørret fisk.

9° Hvis en voksen mand her indensogns afgår ved døden, så skal man betale 24 fiske for gravstedet og 12 fiske til præsten. Men for et nyfødt barn eller en, som ikke har fået tænder, [betales] 12 fiske for gravstedet og 6 fiske til præsten.

[1] Henviser til en båd med otte årer, dvs. en relativt stor båd.

10° Alle afbyggere, som betaler tiende, betaler årligt hver mand i gennemtørret fisk 10 fiske, og den told kaldes kongefiske eller gavetold.

11° Vi gør også vitterligt den skævhed eller undervægt, som vi lider i købstaden, hvor vores vægt sjældent eller aldrig passer i købstaden. Men det, der afvejes til os, lægges som regel på vores vægt.

12° Ligeledes gør vi vitterligt de trængsler, som har været langvarende og stadig forefindes, af fårepesten, at man ikke kan klare sig til lands eller søs for mangel på klæder.

Til yderligere bekræftelse herpå findes de underskrevne navne på os afbyggere til Krýsuvík.

På Stóri-Nýibær
í Krýsuvíkbygd,
dagen den 1. juni A° 1771.

Vernharður Rafnsson
Rafn Magnússon
Jón Jónsson
Magnús Ingimundsson
Hallvarður Jónsson

„Íslands vesalingar“ skrifa um rétt sinn og stöðu í þjóðfélaginu 12.2.1771. Lit. Ss. N° 1.

“Islands stakler” skriver om deres rettigheder og stilling i samfundet 12.2.1771. Lit. Ss. N° 1.

ÞÍ. Rtk. D3/6–1.
Innskráð/*indskrevet* 3.8.1771; Bréfið er án staðsetningar en merkt Gullbringusýslu á bakhlið. / *Brevet har ingen stedsangivelse, men er mærket Gullbringusyssel på bagsiden.*

Áritun/*påskrift*: Lit. Ss. N° 1; Guldbringesyssel.

Háeðla hr. hr. hr. Commissarii!

Eftir vors allra náðugasta konungs tilskipan af 15da Maij 1770 tilkynnist eftirskrifað ástand Íslands vesalinga sem auðmjúklega umbeiðist að takist til íhugunar og rannsaks.

1° Um réttarganginn. Nær einn aumingja maður, sem ei vill strax hlýða sérhverjum tilskipunum eins sýslumanns og það oftast í hans eigin erindagjörðum, má bæði innan réttar og utan líða harðar hótanir og hrakyrði og fái hann ei komið þeim auma þar með til hlýðni fær sýslumaður sér eitthvað til orsaka að færa hann í klögumál og process. Verður svo sjálfur í þeirri sök sóknari og dómari, undir hverjum hans aðgjörðum hinn fátæki og aumi má með sínu húsi liggja með gráti og tárum og jafnvel þeir meiri máttar eru verða fegnir soddan líða, svo þeim ei orsakist meira peningatjón. Að sönnu fær mann gjarnan hjá amtmanni ordur til eins annars sýslumanns, hver nær hann sér sinn meðbróður í háska umbreytist gjarnan sökin þeim auma til falls þó saklaus sé. Hindrar og oft ótti vitnin þá sýslumaður í hlut á að auglýsist sannleikinn. Um þennan réttargang, sem í landi voru gengur, má langtum fleira skrifa ef dæmisögur skyldu tildragast. Gleymast mætti öldungis ekki að yfirskoða og rannsaka hvert ei fyndist ógegnumdregnar manntalsbækur og protocolar hvar inni þá finnast mundu ódugleg þingsvitni og kannski þingsóknarmönnum óvitandi innfærð og undirskrifuð, item dómaraverk hér að framan innfærðum pósti til bevísingar. Mútur þó teknar séu skeður oft leynilega svo ei er svo augljóst sem vera þyrfti. Réttarneitanir ganga fjöllum hærra. Guði séu þakkir, þeir sýslumenn finnast, þó færri séu, sem hér eiga þó lítinn hlut að máli og fegnir vilja Guðs og konungsins rétti framhalda. Þetta ofanskrifað kann best lagfærast ef sýslumenn hefðu minni myndugleika og ei svo oft sem skeður tækju sér konunglegan myndugleika til.

2° Þær forordningar og konungleg náðarbréf, sem hingað eru í landið innsend, fær ei almúginn af vel mörgum hið minnsta að vita. Og jafnvel þó einn sýslumaður tafsi í dönsku einn og annan póst úr einhverjum af þeim, skilur almúginn þar ekkert af, þar vel mörg héröð finnast þau sem enginn veit eitt orð í því tungumáli. Hvar af það flýtur að nær einn vesalingur vill sækja um náð í einhverri sök allra undirdánugast til hans kongel. Maj^{t} má hann knékrjúpandi fyrir sýslumanni og tilbiðjandi fá af honum slíkt að útrétta fyrir vel drjúga þénustu. Verður þetta stundum að athvarfi þegar þeim er það geðjanlegt, annars koma þar í ótal flækir að slíkt fáist ei og supplicatíurnar[1] komast aldrei á framgang. Meðal til þess að kóngleg náðarbréf og forordningar yrðu

[1] Umsóknirnar, beiðnirnar. Danska *supplik*.

almúganum best augljósar sýnist hið hentugasta að kennivaldinu væri þær og tilsendar, þar flestallir prestar vilja sínu sóknarfólki vel og setja sig gjarnan móti sýslumanna yfirgangi, þó oft lítið áorki. Og jafnvel þó þeir prestar finnist sem eru önnur hönd sýslumanna þá eru þeir þó snöggt færri, en þeir eð af því sinnislagi fyndust þá kynni fólk að halda sér til næstu presta, einninn þá soddan er opinberað í næstu sóknum svo kann einn bóndi að kynna frá því hinum öðrum.

3° Í hverjum hrepp eru 5 hreppstjórar, hverjir hreppanna nauðsynjum og fátækratíundum eiga að skipta. Þessir verða oft ósamþykkir í sínum embættisverkum og þau börn sem í sveitum og á fátækratíundum uppalast verða slétt uppdregin,[1] og lifa lengst aldurs síns á tíundum eður flakka um ýmsar sveitir. Svo nær fjölskyldum af soddan fólki saman slær, sem gjarnan er af 3, 4, 5 persónum, útarmar[2] það fátæka bændur, hverjum það gjörir sér dælla við með átroðningi og yfirgangi en þeim meiri háttar. Svo þetta lausgangerí er í soddan máta þessu landi til stæðsta skaða og undirgangs. Hér á móti mætti til beþenkingar takast hvert ei gjörlegt væri að innrétta eitt hospítal í hverri sýslu svo soddan ómagar segðust ei á sveitir heldur skyldi til þess sama betalast allra fátækratíundir, manneldi, matgjafir, item sérhvað það dæmast kynni og gefast til fátækra. Þá væri væntanleg rigtug meðferð tíundanna og þessara barna gott uppdragelsi föðurlandinu til gagns og nota. Einninn skyldu þar og innsetjast þrá og körg ungmenni sem fljótlega kynnu að lagfærast af þeim húsaga sem þar yrði væntanlega brúkaður og vel mörg hús vita ekkert í að brúka, og jafnvel þó sumir brúka vilji verða fyrir háði og forakti, hvar fyrir og gjarnan heyrast má af þeim stærri og eldri vinnuhjúum sem í sínum ungdómi hafi einkis góðs vana notið, að þeim sé ei vandlifað, þar þjófar og hrekkjamenn, sem dæmast til þess íslenska tukthúss gangi sem frjálsar og ærlegar persónur. Einninn flýtur af áðursögðu uppfóstri ungmennanna að nær slík koma til fullorðinsaldurs og setjast í hússtjórnarstandið og í þann verðuga ektaskap, vilja ei annað háttalag brúka en þau hafa í sínum ungdómi við uppalist, hvar af kemur agg, reiði og illar fyrirbænir svo vel af húsbónda sem þénara.

[1] Illa uppalin. Danska *slet opdraget*.
[2] Gerir fátæka eða gerir að þurfamönnum, fátækt, örbirgð.

4° Íslands búskaparstandi er til stæðstu bótar og viðréttingar ef bændum væri tilhaldið að nýja tún jarða sinna með því að slétta þær gryfjur og óþrifamóa sem vatn og vindur hafa uppblásið og sundurgrafið, hvað bændur geta hæglega afkastað. Ef niðurraðan og mælir þess sama skeður eftir efnum og mannfjölda, svo þeir aumustu skyldu hafa 5 til 10 faðma að slétta árlega, þá mætti svo lítill blettur umventur gjöra túnin slétt innan fárra ára.

5ta Fiskerí útlenskra þjóða hér við landið, sem má ei ske fyrir innan 3 til 4 vikna sjávar frá landinu, er til stórs skaða, þar fiskurinn leggst lengra burt þeirra slæginga vegna. Er því hæðst nauðsynlegt að tilhalda þeim þjóðum að fiska í hið fjærsta 2 vikur undan landi, og þó þjóðir þessar fiski svo nær, orsakar það í engvan máta frekari eður meiri óleyfilega kauphöndlan en annars skeð getur þá þeir undan veðrum orsakast að hleypa inn á smáfirði.

6ta Þær miklu óþarfabyltingar[1] og jarðaskipti sem fólk hefur í þessu landi er ein stór orsök til fátæktar og ruins. Þessar sömu byltingar orsaka svo vel lauslyndi bænda sem og einninn þeirra ræktarleysi á þeim jörðum þeir hafa á búið. Því nær þeir eru búnir að úteyða eina jörð fara þeir til landsdrottna og bjóða hærra eftirgjald fyrir hina aðra sem betur er setin en vanalegt verið hefur. Hvar við landsdrottinn léttbrýrri verður og má síðan þetta lauslyndi verða að útbyggingarsök þeim þrifnara og rækslusamara jarðarábúanda. Fæstir á jörðum eru og svo vel athugandi sem sums staðar hér á landi of mjög tíðkast.

Hér að ofanskrifaðir 6 póstar eru að vorri samvisku Guði meðvitandi van en ekki of skrifaðir, hvað vér aumir og vesælir Íslands innbúendur viljum með blóðugum tárum undirskrifa og biðja þann góða Guð og miskunnsemdanna föður, samt hans smurða vorn allra náðugasta konung sem ber svo stóra umhyggju fyrir vorri velferð, slík vor mein bæta og græða, hvað vér á hendur felum hans trúum útsendurum til þessa vors föðurlands hr. hr. hr. Commissariis að framfæra.

Samanskrifað af kærleika til föðurlandsins og uppreisnar, svo vel fyrir þá sem nú lifa sem eftirkomaranna.

D. 12ta Februarij 1771. Íslands vesalingar

* * *

[1] Óþarfabreytingar.

[Oversættelse 2015]

Højædle hr. hr. hr. Commissarii!

Efter vor allernådigste konges forordning af den 15de maj 1770 meddeles Islands staklers efterskrevne tilstand, hvilket ydmygest bedes taget til overvejelse og undersøgelse.

1° Om rettergangen. Når en stakkels mand, som ikke straks vil lyde ethvert påbud fra en sysselmand, og det oftest i dennes egne ærinder, både i retten og uden for, den må tåle hårde trusler og ukvemsord, og hvis han ikke dermed får bragt staklen til at adlyde, skaffer sysselmanden sig et påskud for at bringe ham under anklage og proces. [Sysselmanden] bliver så selv anklager og dommer i den sag, under hvilke indgreb fra ham den fattige stakkel med sit hus må ligge med gråd og tårer, og selv de, som har mere magt, bliver glade ved at tåle noget sådant, så der ikke overgår dem større pengeskade. Visselig får man gerne hos amtmanden henvisning til en anden sysselmand, hvor, når han ser sin medbroder i fare, beskyldningen gerne forvandles til fald for staklen, selv om han er uskyldig. Frygt forhindrer også tit, når sysselmanden er involveret, vidnerne i at sandheden kommer frem. Om denne rettergang, som foregår i vort land, kan man skrive meget mere, hvis der skulle inddrages eksempler. Man må ikke fuldstændig glemme at gennemgå og undersøge, om der ikke findes ikke-gennemtrukne mandtalsbøger og protokoller, hvori man så kan finde ugyldige tingsvidner, som måske er indført og underskrevet uden de på tinget tilstedeværendes viden, ligeledes domshandlinger til bevis for ovenstående, indførte post. Når der tages mod sportler, sker det ofte i hemmelighed, så det ikke er så tydeligt, som det burde. Retsfornægtelser findes i rigeligt mål. Gud være lovet, så findes der de sysselmænd, selv om de er få, som her dog har ringe andel i sagen, [og] som gerne vil udføre Guds og kongens ret. Ovenstående kan bedst bringes i orden, hvis sysselmænd havde mindre myndighed og ikke, hvilket ofte sker, tiltager sig kongelig myndighed.

2° De forordninger og kongelige nådebreve, som sendes ind her i landet, får almuen i mange tilfælde ikke det mindste at vide om, og selv om en sysselmand på dansk mumler en eller anden post fra nogle

af dem, forstår almuen intet af det, for der findes en mængde herreder, hvor ingen kan ét ord på det sprog. Hvoraf følger, at når en stakkel vil søge om nåde i en eller anden sag allerunderdanigst til hans kongelige Majestæt, må han knælende for sysselmanden og tilbedende få ham til at udføre noget sådant for et betragteligt beløb. Dette bliver undertiden en sidste mulighed, når det passer dem, ellers opstår der et utal problemer i det, så noget sådant ikke opnås, og supplikationerne aldrig bliver til noget. Et middel til, at kongelige nådebreve og forordninger på bedste måde kunne blive forståelige for almuen, forekommer det at være mest praktisk, at den gejstlige stand fik dem tilsendt, eftersom næsten alle præster vil deres sognebørns bedste og tit modsætter sig sysselmændenes undertrykkelse, selv om det ikke gavner meget. Og selv om der dog findes præster, som er sysselmændenes ene arm, så er der dog betydeligt færre af dem, men hvis der findes dem af den holdning, så kunne folk holde sig til de nærmeste præster, og når en sådan offentliggøres i de nærmeste sogne, så kan en bonde lære det fra de andre.

3° I hver rep er der 5 repstyrere, som skal fordele reppernes midler og fattigtienderne. Disse bliver ofte uenige i deres embedshandlinger, og de børn, der opdrages i bygden og for fattigtiender, bliver slet opdraget og lever det meste af deres liv på tiender eller flakker rundt i forskellige bygder. Så når der opstår familier af sådanne folk, som gerne er på 3, 4, 5 personer, forarmer de de fattige bønder, som de med anmassende adfærd og frækhed indynder sig hos oftere end hos de finere. Så dette løsgængeri er på sådan måde dette land til den største skade og undergang. Herimod måtte tages til overvejelse, om det ikke var muligt at indrette et hospital i hvert syssel, så sådanne fattiglemmer ikke skulle forsørges af bygden, men at der til det samme skulle betales alle fattigtiender, forsørgelse, madgaver, item hvad som helst der måtte tildømmes og gives til fattige. Så kunne man forvente en rigtig brug af tienderne og en god opdragelse af disse børn til gavn og nytte for fædrelandet. Ligeledes skulle man der indsætte genstridige og vrangvillige unge, som hurtigt ville komme til orden af den disciplin, som man der formentlig ville bruge, og som ganske mange hjem ikke har forstand til at bruge, og hvor nogle, selv om de vil bruge den, udsættes for spot og foragt, hvorfor man tit kan høre af det større og

ældre tyende, som i sin ungdom ikke har nydt godt af gode vaner, at det ikke er godt for dem at leve, fordi tyve og skalke, der dømmes til at være i det islandske tugthus, går rundt som frie og ærlige personer. Ligeledes følger af ovennævnte opfostring af de unge, at når sådanne bliver voksne og sætter sig i husbondstanden og det ærværdige ægteskab, vil de ikke bruge anden adfærd, end de er blevet opdraget med i deres ungdom, hvoraf kommer kiv, vrede og onde forbandelser såvel af husbønder som tjenere.

4° Det er til den største forbedring og oprejsning for Islands landbrugstilstand, hvis det blev indskærpet bønderne at forny hjemmemarkerne på deres jorde ved at udjævne de grave og beskidte tuer, som vand og vind har opblæst og gravet i stykker, hvilket bønderne nemt kan overkomme, hvis fordelingen og udmålingen af det samme sker efter evne og antal mand, så de ynkeligste skulle have 5 til 10 favne årligt at udjævne, så kunne et lille stykke jord omvendt gøre hjemmemarkerne jævne i løbet af få år.

5te Udenlandske nationers fiskeri her ved landet, som ikke må ske inden for 3 til 4 sømile fra landet, er til stor skade, eftersom fisken lægger sig længere væk på grund af den slagtning. Det er derfor højst nødvendigt at indskærpe de nationer ikke at fiske tættere end 2 sømile fra land, og selv om disse nationer fisker så tæt på, bevirker det på ingen måde yderligere mere ulovlig handel, end der ellers kan forekomme, når de på grund af vejret nødsages til at sejle ind i små fjorde.

6te De store, unødvendige bytter og udskiftninger af gårde, som folk har her i landet, er en stor årsag til fattigdom og ruin. De samme bytter forårsages såvel af bøndernes ustadighed som ligeledes af deres mangel på omhu med de jorde, som de har været på, for når de har ødelagt én jord, går de til jordejerne og tilbyder højere leje for en anden, som er bedre placeret end normalt; hvorved jordejeren bliver gladere, og derefter kan denne ustadighed medføre opsigelse af de mere omhyggelige og driftige fæstere. De færreste på jorderne er særligt opmærksomme, hvilket visse steder her i landet er for udbredt.

De her oven for skrevne 6 poster er efter vores samvittighed med Guds viden underdrevne og ikke overdrevne, hvilket vi arme og stakkels Islands indbyggere med blodige tårer vil underskrive og bede den gode Gud og nådige fader, samt hans salvede, vor alles nådigste konge,

som nærer så stor omsorg for vor velfærd, om at bedre og læge således vores onder, hvad vi overdrager til hans trofaste udsendinge til dette vort fædreland, hr. hr. hr. Commissariis at fremføre.

Sammenskrevet af kærlighed til fædrelandet og oprejsningen, såvel for dem, som nu lever, som for efterfølgerne.

D. 12te februar 1771. Islands stakler

Kjósarsýsla

Kjósarsyssel



© 2003–2016 Landmælingar Íslands / Þjóðskjalasafn Íslands.

Kjósarsýsla 1703 · *Kjósarsyssel 1703*

Sýslumörk, hreppamörk og heiti hreppa eins og þau voru árið 1703, byggð á manntalinu 1703. / *Sysselgrænser, grænser mellem repper og reppernes navne, som de var i 1703 ifølge folketællingen fra 1703.*

Heimild · *kilde: Manntal á Íslandi árið 1703. Tekið að tilhlutun Árna Magnússonar og Páls Vídalín, ásamt manntali 1729 í þrem sýslum.* Þorsteinn Þorsteinsson sá um útg. Reykjavík 1924–1947.

Kortagerð · *kort:* Björk Ingimundardóttir, Benedikt Jónsson og Egill Baldursson.

Hreppstjórar í Mosfellssveit skrifa um hag sveitarinnar 7.5.1771. Lit. XX. N° 5.

Repstyrere i Mosfellssveit skriver om områdets tilstand 7.5.1771. Lit. XX. N° 5.

ÞÍ. Rtk. D3/3–12.
Innsigli/*segl*; Innskráð/*indskrevet* 13.5.1771.

Áritun/*påskrift*: Indkom den 13de Maii 1771; Lit. XX. N° 5; Kiosesyssel.

Velbornu, velbyrðigu, veleðla!
Hr. Andreas Holt!
Hr. Þorkell Fjeldsted!
Hr. Thomas Vindekilde!
Kongel. Maits háttbjóðandi Landcommissari náðugu herrar!

Með eftirfylgjandi umkvartanir innflýjum við Mosfellssveitar kóngsjarða ábúendur mjög fátækir og aumir. Jarðirnar sem við á búum eru hræðilega af sér gengnar hjá því sem þær hafa verið þá þær í fyrstunni virtar voru, sem er skeð fyrir stórkostlegan vatnaágang af landinu og svo stórrigningar bæði vetur og sumar, uppblásnar af veðrum ásamt skriðum úr fjöllunum og sandi yfir tún og engi og úthaga, svo þar skal engin finnast hvörki stór né smá að sé nærri því til líka við það sem þær hafa verið í fyrstunni. Það hefur stórlega mátt sjá á einum hálfum mannsaldurs tíma hér í sveit. Ei að síður heimtar hr. landfóvetinn[1] af oss skuldir af þeim eins og þær skyldu nú í eins góðu gildi sem fyrst þá þær virtar voru og þá skuldaheimtu hafa þeir brúkað hver eftir annan (ég meina fóvetarnir) með eftirfylgjandi máta og tek til dæmis eina 20 hundraða jörð.

[1] Skúli Magnússon (1711–1794) landfógeti.

1° Sem hefur verið leigð með eitt hundrað í landskuld og fjórum kúgildum eftir því sem venjulegast hefur tilgengið hér á landi. Hefur þá verið goldið 4 rixd. specie í landskuldina og jafnvel 4 í krónum. Svo hefur það tilgengið á stóla-,[1] klaustra- og bændaeignum og svo einninn á lénsjörðum. En hr. landfógetunum hefur þóknast að innkalla þær með öðrum hætti á kóngsjörðunum hér í Mosfellssveit, eins og þar sem skreið er goldin á sjávarjörðum.

2° Þeir segjast byggja jörðina með hundraðs landskuld (en bæta þessu orði inn í byggingabréfið, 6 vættir og 4 vættir eftir kúgildin fjögur) en þá ábúandinn fer að betala landskuldina á vorin og býður þeim kú, sem er í því gildi að sé hundraðsgripur eftir hér landsvísu og íslenskum lögum. Þeir segjast taka kúna í hundrað en skipa okkur að bæta til hennar rixd. specie í landskuldina, eru þá komnir 5 rixd. specie og þá er landskuldin skrifuð kvitt. Ef við getum ekki betalað í smjöri leigur eftir kúgildin heimta þeir af bóndanum 20 fiska fyrir hvörn fjórðung, annaðhvert í kaupstað eður í reiðipeningum sem hleypur sig þá upp á 3 rixd. specie og 16 fiska.

3° Heimta þeir af okkur fyrir mannslán einn rixd. specie, eins síðan kóngsskipin voru af tekin sem áður þá þau gengu.

4° Og svo kalla þeir af oss tvo dagslætti til að slá í Gufunesstúnum sem bóndann kostar altíð 20 fiska, tvo hríshesta betalast fyrir þá til fóveta 10 fiskar. Hér til kallast dagsverk að Bessastöðum til túngarðshleðslu, en þá það var ekki gjört í nokkur ár heimtaði amtmann sál. Gíslason[2] þessa skuld og sagði hún fylgdi hverri jörð. Hljóp þessi skuld þá fyrir forsómun bændanna að þeir höfðu ekki hlaðið garðinn í 6 ár upp á 48 fiska, því hann heimtaði 8ta fiska af hverjum manni af hverri jörð, hvað þeir máttu eins gjalda sem voru nýkomnir til jarðanna sem hinir er lengi höfðu á þeim búið (eður sögð fyrri ár). Og þeir sem þá áttu ekki sjálfir peninga máttu til láns taka að betala og setja sig svo í skuld hjá öðrum og hlaða svo garðinn eftir sem áður.

Þetta er árlega heimtað og skrifað í restans ef ekki er betalað eður ekki verður sama árs af bóndanum, sem síðan hefur trauðlega fengist fyrir þetta dagsverk að betala 8ta fiska, sem þó margur mundi vilja þar þeir á lengsta degi ársins og besta tíma mega tapa til að gjöra verkið

[1] Biskupstólarnir í Skálholti, Árn. og á Hólum, Skag.
[2] Magnús Gíslason (1704–1766) amtmaður.

hálfum þriðja degi og stundum þremur þeir sem lengst eru frá. Níða sjálfa sig, hesta sína og öll áhöld sem þeir þurfa til verksins og þar til þéna. Og þá kallið kemur mega þeir ganga frá skiprúmum sínum sem þeir eru í ráðnir eður frá voryrkju sinni eður haustyrkju, sem er þeim hinn stæðsti bagi. Hleypur svo túngarðshleðslan með soddan hætti fyrir kost og erfiði hesta og áhaldaslípun upp á 30 til 40 fiska fyrir bóndanum árlega en betalast einir 8 fiskar í skuldunum. En þá heimtar landfóvetinn heyhest af hvörjum búandi manni fyrir þann lifandi pening er siglir með fálkanum á Hólmsins skipi sem bóndann kostar altíð 15 fiska heyið og að flytja það fram að Reykjavík um heyannatíma. Þetta kalla þeir allt kvaðir en bóndinn þó færður í restans og liggur við útbyggingarsök ef ekki er betalað. Eru svo þessar vissu jarðarskuldir hlaupnar upp á 4 tuttugu og einn fisk fiskatals að reikna eður 10 rixd. specie og hálfan rixd. curant.

Þessar skuldir vilja verða oss yfrið þungar, er þó ekki reiknað fyrir nema hundraðs landskuldar útsvar og fjögra kúgilda leigu. En þá koma hér til aðrar skuldaheimtur af fóveta svo sem hesta til þingreisu sinnar[1] (ég meina lögþingsins), hestana allt frá 10 til 16 til hverrar ferðar fram og til baka, tvo menn gagnlega og stundum dreng, það með öllu tilheyrandi sem lestinni þarf að fylgja. Það fyrir alls ekkert og þá við höfum það orðið að kaupa af öðrum en ekki getað sjálfir, höfum við mátt betala það 30 fiskum þeim sama sem við höfum til þess keypt. Þetta kall er ekki skrifað í restans að sönnu það er skikkað hreppstjórnarmönnum að saman kalla hesta og menn og mega þeir fyrir það svara ef að ekki er allt eftir fóvetanna vild. Þá nú þetta kall kemur um sláttinn upp á bóndann eður hvern annan annríkistíma bætir það ofan á skuldirnar.

Þegar landskuldirnar voru betalaðar í sauðfé, og það var ær með lambi, var þeim hinum sama sem það galt skipað að taka lambið til fóðurs veturinn eftir fyrir öngvan betaling. Misfærist það einhverra orðsaka vegna mátti bóndinn betala það 20 fiskum vorið eftir. En þess er nú ei getið síðan sauðfé var ekki goldið. Þetta lamb var kallað kóngslamb og þorði enginn á móti mæla, var þá komin vætt sem aldrei var reiknuð en bóndinn þurfti út að svara og stundum 60 fiskar þá lambið dó áður en því varð skilað að vordögum.

[1] Hestlán var kvöð.

5° Manntalsfiskar heimtaðir af mönnum okkar sem róa til sjávar um vertíðartímann ef þeir fá 60 fiska hlut, 3 fiskar af hverjum manni. Og ef þeir eru ekki goldnir áður en mennirnir reisa í burt í vertíðarlokin, eru þeir þá skrifaðir upp á bóndann sem af okkur tók manninn um vertíðina. Þetta er hér í sveit fyrir fáum árum uppkomið að gjalda manntalsfiska eður heimta þá af kóngsjarða ábúendum, en við gjöldum fyrir árlegt mannslán sem sagt er.

6° Auk alls þessa hljótum við að uppbyggja Gufunesshospítalsjarðarhús að veggjahleðslu og öðru torfverki að mestu leyti hvað okkur kostar altíð 8ta fiska hvert dagsverk og hindrar okkur frá að sýsla um okkar jarðir sem þær hefðu þó stæðstu þörf fyrir framar en við getum afkastað.

7° Hér á ofan hefur einn bóndi að betala eftirfylgjandi skuldir sem hann getur ekki hjá komist að hafa árlegt útsvar til sýslumannsins á vorþinginu, skatt og kóngstíund, gjaftoll, lögmannstoll, sem sig hleypur allt til 60 fiska þar sem tíund er svo há og skattur er goldinn.

Til kirkjunnar og prestsins	26 f.
Til vinnumanns fyrir kaup og vaðmál, handa- og fótaklæðnað	1 hndr. 72 f.
Til vinnukonunnar sem hann heldur	40 f.
Þar sem einn ómagi er settur einum bónda árlangt og hann þarf að undirhalda hann, hvert hann er vanfær vegna elliburða eður hann er svo ungur að hann getur ekkert unnið, kostar bóndann fyrir hans upp vartning (á haust til fátækra 6 fiska) . . .	1 hndr. 72 f.
Verða svo þessar skuldir upp á	4 hndr. 30 fiska

eður 10 rixd. specie og 30 fiska.

Vilja þessar skuldir verða oss óbærilega þungar svo menn geta ekki með nokkru móti undir þeim risið. Sýnist þetta vilja horfa til þeirrar eyðileggingar að menn verða að ganga frá jörðum sem þeir hafa á búið. Og síðan Guði hefur þóknast að straffa oss með þeirri hræðilegu fjárpest á sauðfénaðinum, horfir það til því meiri og hræðilegra bágendi og stórkostlegrar eyðileggingar nema Guð og kóngurinn gjöri hér á einhverja góða bót. Með þessu undantöldu sýnum við hvað stórum skuldum einn bóndi þarf að svara af sinni ábýlisjörð áður en koma til hans kaupstaðarskuldir sem hann kann þó ómögulega án að vera.

Þetta er sagt um skuldirnar eftir, því að þær eru sums staðar meiri en hér er nefnt og sums staðar minni eftir því sem tala rennur til en þó allar byggðar undir samri skuldaútsvörun, þar minna sem jarðir eru minni og þar meira sem þær eru stærri.

8° Þá við látum báta okkar ganga til sjávar á vertíðinni eru heimtaðir af þeim hospítalshlutur en héðan úr sveit hefur enginn á hospítal komist í langa tíma. Eru hér þó tveir spítelskir ómagar sem bændur verða að undirhalda, þeir eiga öngva fjárhalds- eður aðstoðarmenn. Eru þeir svo forsorgaðir á sveitinni á niðursetu hjá bændum og tíundum sem gjaldast af henni, fyrir utan alla aðra sem á henni eru fátæka sem lifa af sömu forsorgun á niðursetutíundum og matgjöfum. En allur sá fiskur sem gelst úr heila fjórðungnum með öllu öðru sem gelst til Kaldaðarneshospítals mun trauðlega leggjast þar allt fyrir fimm ómaga.

9° Þá við komum í kaupstaðinn að fá okkar nauðsynjar gengur það í hinn allra bágasta máta. Við fáum að sönnu nokkuð af því sem við umbiðjum í fyrsta sinni hjá kaupmanni og lofar okkur að við skulum fá það hjá sér í haust þá skipið sé siglt. En það er sannbevísaður hlutur að kaupmaðurinn Pal[1] hefur neitað mönnum um þá hluti sem hann hefur til haft og betalingurinn hefur boðinn verið, þá sömu hefur hann selt þeim sem inn í búðina gengið hafa þá hinir hafa útgengið. Nefni menn það þá við hann samstundis eður samdægurs verður hann hálfillur en leiðir þó menn af sér með hægum orðum seinast og sver við sinn Guð að við skulum fá það hjá sér seinna í haust svo sem hann hafi lofað okkur. Við skulum mega vera óhræddir það skuli þá vera til handa okkur. Þegar við finnum hann aftur dregur hann tímann og segir við skulum fá það hjá sér þegar hann sé kominn í land að Reykjavík. Hann geti nú ekki gegnt okkur, hann hafi svo mikið að drífa og sýsla. Förum við svo 2 og 3 ferðir og jafnvel 4^{ar} ferðir og fáum ekkert að lokum.

Og vill þetta ekki samstemma octriounne hverja líklegt er að hann þó viðkannist og líklegt að hann muni fyrir hverja orðsök hann þetta gjörir, vita menn ekki annað en þeir sjá, sem heilvita, eru að það er bedragerí og svik við oss fátæka sem ekki höfum vit eður menning að tala fyrir okkur sjálfir. Hætta menn þá við svo búið og hafa ekkert, hverki fyrir töfina í kaupstaðnum eður sitt ómak þangað.

[1] Marcus Pahl, kaupmaður í Hólmshöfn við Reykjavík 1759–1767.

10° En hvað kauphöndlunina áhrærir þá fer hún nokkuð eftir hinu sem sýnir sig best á þeim vörum sem taxtinn ekki umgetur útþrykkilega og jafnvel eru í honum á nafn nefndar (ég meina taxtanum). Þar er getið um léreftsalin á 5½ fisk. Hún selst hér aldrei, hatta sem kallast dvellikshattar á 16 fiska en hann selur þá alla undir piltahatta nafni á 25 fiska og þaðan af meira allt til 30 og 35, hversu grófir sem þeir eru. Svo er og um þjalir, þar er getið um þél á 3 fiska, þær segist hann ekki til hafa en á 4 og 5 og 6 fiska segist hann hafa. Verða menn svo að taka þær svo dýrar heldur en hafa ekkert. Eins er um klæði, hann þekkir artuglega hvert þau eru gróf eður fín að haga verði þeirra, þar ekki getur um breiddina. Eins um léreft sem betri eru en taxtinn útþrykkilega um geti og ekki heldur um þeirra breidd getið, en tali nokkur um það við hann að þau séu mjó, segir hann þau séu allt að eins og þau séu vön. Hvað þó er hinn stæðsti munur og á þeim gömlu klæðum sem hingað hafa flust bæði á breidd og gæðum, hvað menn geta hæglega bevísað. En á okkar vörur setur hann sjálfur verð, ég meina prjónalesið það betra er en taxtinn umgetur eður fyrirskrifar.

11° Timburforréttingin þann 11ta Majj 1734 útgefin er oss hræðilega þung vegna timbursins rýrleika. En þó tekur það yfir að menn fá ekki keypt í kaupstaðnum timbur til húsanna á kóngsjörðunum. Timbrið sem kemur í kaupstöðunum er bæði vott og forlegið svo það er gagnlaust til endingar í húsum. Þar á ofan mikið til of lítið að vöxtunum þar einn bóndi í sveitinni fær ekki eitt vættarvirði á ári í kaupstaðnum, og þegar menn hafa sagað það þá í mjóa staura verður þess ending til 2ja og 3ja ára og mest 4ra. Það verða kaupin fyrir oss fátækum að við kunnum að fá eitt 12 fiska tré eður eina eður 2 spírur, kannski 5 fiska borð eður 6 fiska borð og þykir gott ef eitthvað af slíku fæst. Liggja svo jarðirnar við stæðstu skemmdum upp á húsin sem auðsjáanlegt er á allflestum jörðum hér í Mosfellssveit. Og höldum við að Compagniet hafi vikið frá þeim 22um pósti octroyanna[1] og honum aldeilis úti gleymt, því þar getur um til nauðsynlegra bygginga landinu, er það svo vel meint til húsa sem skipa, er þar fyrir hin stæðsta nauðsyn að á Hólmsins höfn kæmi timburskip árlega en aldrei minna en annað hvert ár, svo kynnu þeir fátæku að fá nokkuð þá þeir ríku

[1] *Lovsamling for Island* III, s. 466–494. (Octroy paa Islands Beseiling i tyve Aar for det almindelige Handels-Compagnie, 15.8.1763).

hafa fengið nóg (ég meina keypt). Hér um tölum við ei fleira í þettað sinn þar við þenkjum að það komi til annarra okkur æðri um kaupstaðinn að auglýsa það vesen sem hafa langtum betur vit á hvað til landsins velferðar horfir heldur en við.

12° Verði svo að klæðaverkið í Reykjavík viðvarir er langtum betra og hin stæðsta nauðsyn að unnið væri meir af skikkanlega brúkandi vaðmálum heldur en er, svo að fátækt almúgafólk gæti þar af klæðst til dags og nætur, sem snart er orðið svo klæðlaust og nakið að ekki getur staðið almennilega að vinnu, hverki til lands eður sjávar. Því síður komist til kirkju eður á góðra manna samfundi, að ekki til láns taki af öðrum, en eru ekki menn til að kaupa klæði í Reykjavík. Þau eru bæði svo mjó og þunn að sníðst lítið úr þeim, haldill fyrir þynnkuna og langtum verri að öllu leyti en þau gömlu 20 fiska klæði er hingað flust hafa og í öngvu betri en góð vaðmál sem hér voru gjörð meðan ull var til. En dýrleikinn á klæðunum altíð hinn sami á 20 fiska hver alin, hvað mikið hrak sem þau eru. Er og ekki hér í móð í þessu fátæka landi að almúgafólk fátækt gangi á litklæðum yst fata og síst að almennilegri vinnu eður þjónustu við grjót og torf og önnur trésverk sem menn verða að ganga í.

13° Í þessum fyrirfarandi póstum sem áhræra um kaupstaðinn og höndlunina er ekki svo meint að það af kaupmanninum sé öllum gjört í heila sveitinni, heldur svo að eitt og sér hvað af hér umgetnu hefur hann gjört, einum þetta og hitt annað öðrum, en þetta skal þó allt bevísað verða ef framar þarf. Sama er og um hr. landfóvetann Skúla, að hann hefur bætt við á jörðum einum dagslætti og einum hríshesti, svo þar eru nú 2 sem ekki var nema einn dagsláttur, nú eru þar tveir orðnir sem ekki var nema einn af hverjum þá hann tók við fóvetadæmi. Og gamlan sauðinn, sem landslögin leggja 25 al., og svo er meðtekinn alls staðar annars staðar í landskuld mótmælalaust það við til vitum, hefur hann ekki af okkur tekið í okkar jarðagjöld meir en 20 al., sömuleiðis á með lambi, sem alls staðar er tekin 20 al. eftir landslögunum, tekur hann einasta 17½ al. upp í okkar landskuld.

14° Þann hríshest sem menn gátu áður betalað með hrísi, en nú verður ómögulega vegna skóganna foreyðingar og yfirvaldanna forboðs þá að eyðileggja, verða menn að borga með kvikfé og það með áður umgetinni niðursetningu. Mætti oss leyfast að borga hvern hríshest með mótorfshesti og flytja að Gufunesi mundum við fegnir verða.

15° Hvern þunga að bændur hafa af kúgildunum verður ekki svo fljótlega sagt en þó mega menn sjá það lítið. Kúgildin í öndverðu eru innkomin fyrir fátæktarsakir þeirra sem búið hafa á jörðunum í stórum hallærisárum, en síðan aldrei afturkölluð af landsdrottnunum þá batnað hafa árin. Hefur síðan orðið í móð að láta þau fylgja með jörðunum, þeir fátækustu, sem hafa nú tekið sér jörð og farið að reisa fyrst bú, hafa orðið þeim fegnir, þeir hafa þá ekki átt sjálfir neitt kvikfé til að lifa af. En þá þeir hafa búið ein 2 eður 3 ár og alið sér upp kú eður naut af kúgildunum hafa þeir orðið að gjalda það í landskuldina. Hafi nú misfallið fyrir þeim og kúgildið dáið af einhverri orðsök, eitt eður tvö, hafa þeir hinir sömu átt þau að betala, hvað þeir hafa aldrei getað nema þeir hafa fallið í því meiri skuldir. Gengið síðan frá jörðunum aldeilis félausir og stórskuldugir og jarðirnar í öngvu standi síðan eftir soddan ábúð. Þetta er sagt um öreiga og fátæka er fyrst reisa bú og misjöfn ár til falla.

Af voris allernaadigste arvekongis og herris kong Christiani den sivendis forordning af 1. Maji 1770,[1] som mig og andre her i landet er bleven publicered, sees det klarlig, at alle og enhver af landetz indbyggere bliver pligtig med huld, flid og troskab at indfinde sig for Deris velbaarenheed at give an ved en goed underrætning om landetz lejlighed, og hvad landet maatte komme til beste. Saavel som almuen og saasom hands kongel. Maj^{ts} höypriiselig og faderlig naade og omsorg publiceris hermed til dette undertrykkte lande og dens usle almues conservation, altsaa fordrister jeg mig udi störste underdanighed at indfinde mig for Deris herredom med min enfoldig, dog sandfærdig underrætning om landetz lejligheed, som især angaaer rættergangen her i landet, ud af hvilkens medhandling og ulovlige driffter nogle af almuen maa undertrykkes.

Ja, jeg selv er icke bleven mindst deelagtige udi saadane rætens spilde. Nogle drages fra en ræt til anden foruden lovlig afhandling, som jeg kand ved mange documenter beviise, og omendskjönt en sisselmand dömmer uræt udi en sag, samt bliver ham icke fraviist af laugmanden at dömme fremdeelis udi den samme ulovligen afgjorte sag. Men tvertimoed sagsögerens protester beskikkes denne underdommer at kjende og dömme fremdeelis udi de sager, som de tilforn icke havde forstand at dömme og kjænde udj. Ved saadan ulovlig skik bliver processerne dragen og tiiden forhalet med slet ophold, saa de uforrættede maa mesten synke udi troens sygedom som Sante Peder, naar hand traadde paa det salte vand. Og som jeg, en fremmed indvoner udi dette land, haver maatt skrekkelig drages og omkastest fra en ræt til den anden ved mine övrighedz medhandling, saa gives hermed ydermeere

[1] Rétt er 15. maí 1770. / *Den rette dato er 15. maj 1770.*

underdanigst til kjende, at den samme övrigheed, som ulovlig har mit godz og ære mig fradömt, med dens samme afsigter har jeg siden nödig villig maatt blive, alligevel jeg har protesteret, dette kand beviises med processen, der reiste sig af kyrkegaarden Tunge udi Andakil.[1] Minne naadige herrer! Det synes, at nogle af almuen her i landet maa synge det gamle vers, *Fátækur hlýtur að falla, fær skjaldan lög né rétt etc.*[2] Og som det har nu soleedis passered hidindtil, ud af hvilket mig og mine er et stort möye og tort vederfaret, ja præjudice og rædsel, saa er at frygte for, ad dette icke omvæxles, förend den himmelske konge for sin aandz og naades lys indgiver det udi vores jordiske naadigste konges hjerte at forvandle saadan ilde medfart den fattiges almue og paaminder nogle af betjenterne, som paamindelse behöver, at de samme maatte lære med en goed samvittighed ad dömme ræt imellem blöd og blöd, at de gjör ingen uræt for skjenk eller venskab, had eller avind. Alt det, som jeg har nu forestillet Deris herredom, haaber jeg at skal blive beviiset for alle de dommere, som gudelig lever og dömmer, men for de urætsindige bliver neppelig nogen sag fuldbevised. Hvad som jeg har nu for denne höye Commission andraget, haaber jeg, at bliver anseet udi naade saavel mig som almuen til opreisning. Udi sin tid mig og andre fattige allerydmigst recommenderende til voris allernaadigste arvekonges og handz Maj^ts^ höygesanter gotbefindende.

Til sluttning lever jeg udi den forhaabning (vil Gud), at jeg enten selv eller en af mine faaer den naade og ære at see vores allernaadigste konges ansigt, at andrage vores største fornödenheed og rættis forskaffelse at udbede, som nu neppeligen faaes, men om det behager den höyeste Gud, at hverken jeg eller mine kand nyde dend naade formedelst fattigdom, svaghed eller andre tilfælde, saa skal det være med al fornöye den höyeste Gud befalet, saavel som jeg og det Gudzhus Hvannörekyrke[3] fra hvilken, gaarden Tunga er bleven fraröved. Hvil-

[1] Klingenberg stóð í málaferlum á þessum tíma vegna jarðarinnar Tungu í Andakíl sem hann taldi tilheyra eign sinni Hvanneyrarkirkju. / *Klingenberg var på denne tid indblandet i søgsmål vedrørende jorden Tunga i Andakíll, som han mente tilhørte hans ejendom Hvanneyrar kirke.* Sjá/*se*: *Alþingisbækur Íslands* XV, s. 82–83, 121, 126–127, 231–236, 248–251. *Acta yfirréttarins á Íslandi fyrir árin 1768–1772*, s. 73–83; *ÞÍ*. Rtk. B7/7–10. Isl. Journ. 3, nr. 464.

[2] *Den fattige må falde, nyder sjældent lov eller ret etc.*

[3] Hvanneyrarkirkja, Borg.

ken kyrkes ræt jeg ingenlunde til dato haver kundet naa, som jeg kand ved dögtige documenter beviise for gudfrygtige dommere.

Jeg forbliver udi störste underdanighed

Krosse,
d. 9. Aprilis 1771.

Deris höye herres
pligtskylldigste tjenere

Hans Jörgensen Klingenberg

Hreppstjórar á Akranesi skrifa um sveitarþyngsli 11.5.1771. Lit. XX. N° 4.

Repstyrere på Akranes skriver om byrder fra fattigvæsenet 11.5.1771. Lit. XX. N° 4.

ÞÍ. Rtk. D3/3–11.
Innskráð/*indskrevet* 13.5.1771.

Áritun/*påskrift*: Indkom d. 13. Maii 1771; Lit. XX. N° 4; Velædla havisir kongel. Maj^{ts} beskichader Commesarii herrar af Arnarhole.

Veleðla, hávísir hans kongel. Ma^{ts} beskikkaðir Commesarii herrar!

Allra auðmjúklegast vildum vér undirskrifaðir mega fyrirspyrja oss við ykkar herradóm hvörsu vér mættum bera fram þá stóru nauðsyn sem aðþrengir hér í þessum fátæka Akurnesshrepp og sig er rísandi af sveitarómagaþunga, þar hér hljóta nú í ár sveitaruppfósturs njóta 26 ómagar, börn og fullorðnir og 6 af þessum sjást að vera spítelsker menn. En bændur í skatta ei fleiri en 8 og 3 lausamenn.[1] Og svo sem þessir ei geta undirhaldið þessa nefndu ómaga, þá vildum mega með sannferðugu þingvitni og memorial fram bera fyrir ykkar herradóm þessa sveitarinnar nauðþurft í henseende að mætti yfirlátast þeim spítalsómögum, sem hér eru, nokkur deil af hospítalsins hlutum sem

[1] Lausamaður var undanþeginn því að vera í ársvistum hjá bændum. Löglegir lausamenn greiddu lausamennskutoll þar til lausamennska var bönnuð árið 1783.

Guð hefur gefið nú í ár sem er ein heilmikil summa hér á Nesi. Því vildum vér auðmjúklega tilbiðja oss ykkar samtligen góðu herra bestu ráða og úrlausnar hvört þessrar sveitar hér töldum ómögum mætti nokkuð gott ske við tíð ef þessi sveitarþyngsl væri eftirréttanlega framfært.

Og vildum mega tilbiðja oss eina línu við ykkar herradóms góðu lejligheit, nú með monsr. Hans Klingenberg. Vér með stærstu forláts bón á þessu ringa skrifi.

Heynesi,
d. 11. Maji 1771.

Forblífum ykkar samtligen
góðu herra auðmjúkustu þénrar

Guðmundur Eyvindsson
Jón Jónsson
Sigurður Bjarnason[1]

Björn Magnússon
Árni Jónsson

* * *

[Oversættelse 1771]

Translation

Velædle, höyviise, hans kongelig Mayestetts beskickede Commissarii herrer!

Allerydmygst vilde vii underskrevne have os forespurdt ved Eders herredom, om vii maatte forestille og andrage den store nödtörfft og adtrængsel, som den fattige Akkrenæshrepp er paaliggende med een deel (sveiteomager), som ere vanföre mennisker, umyndige börn og andet svagfuld aldret folk, som intet ejer sig noget til livets ophold, uden hvad de bör nyde tillagt af hreppens almuebönder og dens tiender. De ere i tallet 26 mennisker, og 6 af dem sees spedalske. Men bönderne her i sveiten eller hreppen ere kun 8te, der yder skatt, og 3de lösemænd,[2] og ere altsaa tienderne ringe at deele iblandt saa mange nödliidende fattige. Thi ville vii dette omstændeligere med eet sandfærdig

[1] Röð nafna óregluleg í handriti. Hér sett í tvo dálka.

[2] Løsarbejdere var fritaget for at være i årstjeneste hos bønderne. Lovlige løsarbejdere betalte løsarbejdertold, indtil det blev forbudt at være løsarbejder i 1783. Islandsk *lausamenn*.

tingsvidne beviise og samme, om vi maatte ved memorial fremlegge for samtlige gode herrer og tilliige derved udbede os deres beste raad og udlösning, om det icke var tilladeligt, at de spedalske (omager) her i reppen maatte nyde og vorde tillagt een liden deel af hospitalets fiskehlötter her paa Akkrenæse for indeværende aar tilfaldne, som Gud saa riigeligen har velsignet stædet med, og det saa i efftertiden maatte vedligeholdes, om (omagerne eller vanföre) saaleedes skulle tyngsle og foröge hreppen, og naar det tilliige rettelig blev forestillet.

Her paa vilde vii ved mr. Klingenberg forvente og tilbede os de samtlige gode herrers behagelig svar med eet par linier. Vii beder med allerstörste bön, at dette vores ringe skriv maatte forlades.

Heynese,
den 11. Maij 1771.

Forblivende samtlige
gode herrers ydmygeste tjenere

Gudmunder Evindson
Jon Jonson
Sigurder Biarneson[1]

Biörn Magnuson
Arne Jonsson

[1] Opstillingen af navne er uregelmæssig i det oprindelige dokument. Her er de opstillet i to spalter.

Húnavatnssýsla

Húnavatnssyssel

Húnavatnssýsla 1703 · *Húnavatnssyssel 1703*
Sýslumörk, hreppamörk og heiti hreppa eins og þau voru árið 1703, byggð á manntalinu 1703. / *Sysselgrænser, grænser mellem repper og reppernes navne, som de var i 1703 ifølge folketællingen fra 1703.*

Heimild · *kilde: Manntal á Íslandi árið 1703. Tekið að tilhlutun Árna Magnússonar og Páls Vídalín, ásamt manntali 1729 í þrem sýslum.* Þorsteinn Þorsteinsson sá um útg. Reykjavík 1924–1947.
Kortagerð · *kort:* Björk Ingimundardóttir, Benedikt Jónsson og Egill Baldursson.

Einar Magnússon, umboðsmaður Miðfjarðarjarða, ritar álitsgerð um viðreisn landsins [án dags. 1771]. Lit. AA. N° 1.

Einar Magnússon, kongens ombudsmand for Miðfjarðarjarðir, skriver beretning om genrejsning af landet [uden dato 1771]. Lit. AA. N° 1.

ÞÍ. Rtk. D3/2–10.
Innsigli/*segl*; Innskráð/*indskrevet* 26.2.1771.

Áritun/*påskrift*: Indkommet den 26. Febr. 1771; Lit. AA. N° 1; Fra Einer Magnussen forpagter af Midfiordsjorder.

Veleðla og velbyrðugi, hr. Andreas Holt!
Veleðla og hávísi, hr. Þorkell Fjeldsted!
Eðla og mjög velaktaði sr. Thomas Windekilde!
Af konunglegri náð tilskipaðir Commissarii á Íslandi!

Með því að þér hhr. Landcommissarii skyldu eftir kongel. tilskipan grennslast eftir um þessa lands tilstand og lifnaðarháttu til forbetrunar, þá ætti landsmönnum sjálfum í forordningarinnar leyfi að vera umhugað að haga sér svo sem sá sjúki við læknarann og opinbera frívilju-uglega allt það sem þá kynni að skaða, og landið og landsstjórn við að rétta.

1° Er það aðgætnisvert hvert jarðir og leiguból í landinu kunni nú á þessari öld að vera að þeim gæðum eður duganlegleika sem þá landið var albyggt og uppsett til landskulda. Því hver vill segja og satt gjöra, að Bjarg í Miðfirði sé eins góð 40 hndr. jörð nú og þegar Ásmundur hærulangur bjó þar eður Brautarholt á Kjalarnesi sé eins góð jörð og þá Kjalnesinga saga gjörðist. Og finnist nú nokkuð satt í þessu þá eru þvílíkar jarðir í landinu of dýrt leigðar, bændum til þyngsla en skulda-

tökurum til meiri ábata en sannsýni sambýður. Má og margföld dæmi tilleiða að það hefur stað, sem Guðs heilaga orð fyrir segir, að jörðin skuli fyrnast og þó það kunni ei að vera svo mikið í öðrum löndum, einkum þar slétt jörð er og engar brattlendisár, þá má þó þreifa á því hér í landi hvað fjallaskriður og brattlendislækir og ár gjöra að verkum. Er og stæðsti munur á gæðum jarðanna í líking við landskuldarhæðina. Á Kotsá í Vatnsdal má slá til 10 hndr. hesta af útheyi, og goldið eftir þá jörð 1 hndr. í landskuld, og á Rófu í Miðfirði verða mest slegnir 1 hndr. 60 hestar af útheyi og er að sama leigumála sem hin jörðin, og þó þessi kunni að hafa stærri völl og betri til útigangs en hin, þá verður ærinn mismunur þessa.

2° Hvað formegan áhrærir þá ef það skyldi satt vera að Guðmundur ríki, sem bjó á Möðruvöllum[1] og Eyfirðingasögur um geta, hafi á sinni tíð haldið 100 hjóna,[2] en nú á þessari öld lifir sýslumaður Bjarni Halldórsson á Þingeyrum, besta klaustri í landinu, og heldur hér um til 30 hjóna. Auk þessa vita menn, af hvað sögur segja um ríkidæmi manna í landinu og þeirra formegan, hvað mun þessu valda nema það að landkostum fyrri fer aftur og þar á eftir formeganinni.

3° Hvað almennilega áhrærir bændalýðinn, þá vita menn að Jónsbók segir útþrykkilega í framfærslubálks 9da capitula[3] að löghreppar skuli vera sem að fornu verið hafi, eigi færri bændur í hrepp en 20 og skyldi engi þeirra eiga minna fé en 10 hndr. Það fyrra helst við nú á dögum, að varla eru færri bændur í hrepp en 20, en það síðara ekki, því ekki yfir 2 eður 3 er að finna sem eigi 10 hndr. skuldlaust í hverjum fardögum.[4]

4° Í framfærslubálk 2. capitula[5] er gjört ráð fyrir minnsta fjárlagi hjóna 3 hndr. En nú á dögum eru það færri sem koma saman með svo miklu fé ábatasömu, en þó skipað saman að gifta þó fátækari séu, og lifir og deyr undir þeirri reglu í nefndum capitula *að aldrei urðu þau svo rík að þau ættu kóngi skatt að gjalda etc.*

[1] Guðmundur Eyjólfsson ríki (d. 1025) bjó á Möðruvöllum í Eyjafirði. Var mikill höfðingi og goðorðsmaður á 10. og 11. öld. Er getið í ýmsum Íslendingasögum.

[2] Þ.e. vinnuhjúa.

[3] *Jónsbók. Lögbók Íslendinga*, s. 146–147.

[4] Fjórir fyrstu dagarnir í sjöundu viku sumars, sem hefst á bilinu 31. maí til 6. júní, nefndust fardagar. Þá áttu ábúendaskipti að fara fram.

[5] *Jónsbók. Lögbók Íslendinga*, s. 142.

5to Áður en sú afgengna og viðvarandi fjárpest tiltók í landinu, mátti finna nokkra 10 hndr. bændur í hrepp á þeim árum sem innféllu meðal annarra harðari, en nú eru þeir bestu 5 hndr. bændur sem eiga 2 kýr, 1 kálf, 2 hesta og 1 unghryssi. Þó finnast megi nokkrir sem meira eiga, ekkert í dauðum aurum nema mjög fáa og léttvæga búshluti, lítilfjörlegan klæðnað og nú eftir því umvendaðan sem sauðfjártilstandið er. Af þessum kúm og hestum eiga þeir a) að gjalda kóngsþegnskyldu, skatt og tíund og þann svonefnda gjaftoll og lögmannstoll. b) Prestsskyldur, kirkjutíund, preststíund og ljóstoll. c) Jarðarskuldir og d) hér fyrir utan sína búsnauðsyn. En menn vita hvað mikla ull að kýr og hestar gefa af sér til að gjöra úr púlband[1] í allar þessar skuldir sem þó áður fyrri lukust í nefndri sort meðan sauðféð lifði.

6° Það er nú bestur 5 hndr. bóndi sem kaupir í kaupstað máski fyrir smjör ½ t. méls, 10 mk. járns, 1 lóðarstreng og 1 brýni og verður þó skyldugur um helftina af þessu. En flestir þar fyrir innan sem tíunda 3, 4 hndr. fá ekkert úr kaupstað, þar þeir hafa ekki kaupstaðarvöru, en engum lánað nema þeim sem nokkuð hefur til að betala með.

7° Bera bændur sig svoleiðis að sínum lifnaðarmáta sem í þessum articula stendur. Þeir eru fleiri sem enga vinnumenn halda, því um kotunginn tala ég, nema syni sína þá til gagns eru komnir svo sem 2, 3 ár meðan þeir hrapa sér ei í búskap. Á vorin róa þeir í sjóveiðistöðum sem þá eiga það til útgjörðar þénar, halda til róðra um vertíðina 3, 4 til 5 vikna, koma heim aftur á millum krossmessu[2] og fardaga og hafa fengið 2½, 1½, 3 hndr. til hlutar. Þá þeir heim koma taka þeir til vallarvinnu og grasafjallsferða, svo þeir fái heim grös til að drýgja þann litla mjólksopa sem þeir eiga þá undan kúnum í þvílíku standi sem þær eru þá undan vetrinum og vorveðuráttan tillætur, og við þetta rembast þeir til þess þeir fara að sækja hluti sína í veiðistöður um Jónsmessutíma.[3] Þá þeir nú koma heim að henni liðinni liggja þeir með vinnufólki sínu, ef nokkurt er, til grasa og í kolskógum til mál er að fara að slá. Við sláttinn eru þeir margir til Michaelismessu,[4] þá fara þeir aftur á grasafjall og eru í burtu hér um viku. Þá þeir koma heim

[1] Gróft garn til að prjóna úr sokka og vettlinga.
[2] Krossmessa á vori: 3. maí.
[3] Jónsmessa: 24. júní.
[4] Mikjálsmessa: 29. september.

fara þeir að dufta að jarðarhúsum sínum það þeir geta og hafa formegan til. Eftir það fara þeir að bera myki á velli, þá og er komið frost og snjóar, og þessi búskaparaðferð gengur svo til hjá megandi sem fátækari. Þeir sem búa til fjallgarða fara þar eftir á silungafjöll og halda til veiða fram á jólaföstu þá svo viðrar. Og svoleiðis gengur þetta til árlega.

Þessum áðurnefnda fiskifeng um vorvertíðina eru margir bændur búnir að eyða á næstkomandi jólum, sem von er til þá þeir taka fyrst af honum til skulda þeirra er þeir þurfa á vertíðarreisunni upp á sig að kosta. Og þar næst gjalda þeir af honum sínar skuldir presti, sýslumanni og landsdrottni, þá þeir hafa ekkert annað til svo sem á þessari sauðfáu öld. Lifa svo margir frá jólum ekki nema á mjólk og grösum og verða að taka til láns, ef nokkrir væru sem lánað gæti, fisk til nestis þá fara til vers. Sömuleiðis smjör, því þeirra sumarsafnaða smjör gjalda þeir kaupamönnum[1] og í leigur til húsbændanna og verða að leggja sér til viðbits sjálfir lýsi ef það eiga, sem ei vilja eður af fremsta megni forðast að sýna óskil sínum húsbændum. Og það þeir gjalda ei í smjöri að haustinu, gjalda þeir að vetrinum þá kýr hafa borið og lifa svo á undanrenningunni með grösunum sem ekkert mél fá, eður litlu eður engu skyri, eður menguðum[2] grautum með skyri að sumrinu safna.

Þetta er nú svo sagt um það almennilega tilstand bændalýðsins. Þó finnast kunni hinir sem betur eru efnum búnir og jarðeigandi eður og sitja á gagnsömum jörðum til hagbeitar og heyafla, þó hinir séu fleiri og flestir. En heyrt hefi ég á þær dispútatíur[3] að jörð og mannkyni skuli ekkert aftur fara, og soddan almennileg fátækt komi til af forstandsleysi og óspilun samt iðjuleysi. Því fyrsta um jörðina og mannkynið er ei vert að svara en hinum síðari póstum ei með öllu neitandi.

1° Er hér í landi ei fyrir að finna svo góða jörð til akuryrkju, né gefst almennilega svo gott veðuráttufar þar til sem í öðrum löndum, sem dæmi eru upp á að hans kongel. Majst sál. Fridrich 5^{ti} háloflegrar minningar, gaf stóra peninga til þess verks uppbyrjunar og framkvæmdar og sendi fólk inn í landið til að kenna aðferðina og hefur þó ei, sem mönnum vitanlegt er, lukkast fyrir utan um kálið. Þó sú uppkomst landsins sé aftur töpuð og hvergi sé kálgarð að fá eður sjá nema

[1] Menn í tímabundinni vinnu hjá öðrum á sumrin við heyskap.
[2] Þ.e. blönduðum með örlitlu mjöli.
[3] Rökræður.

á Þingeyrum, Búðardal, Sauðlaugsdal, Leirá og Viðey, máski Bessastöðum og Reykjavík, en þó ekki mikið orð gjört á að þessir nefndir kálgarðar forsorgi mörg hjón. Miklu framar haldið við til málamynda og þó þetta megi óframsýni kalla fyrir bændalýðinn sem ei hefur mél að styðjast við sem inntektamenn, þá þykjast þeir ei hafa svo gott við kálið sem grösum.

a) Grösin fá þeir strax á vor þá snjó leysir sem vel eiga saman við mjólk og lengi hafa Norðlendingafjórðungi þénað en kálið ekki fyrr en í miðjum Augusto og ei fullsprottið fyrr en um Michaelismessu.

b) Úr grösunum fara þeir strax á Jónsmessu að gjöra söfnunargrauta til vetrar er þeir drýgja með sitt skyr, en þá um þær mundir sem mjólkin er mest í peningnum er kálið að spretta. Annars meina ég ef kálið fengist eins fullsprottið í tíma og grösin þá mundi nógu vel mega gjöra úr því söfnunargrauta sem grösum, og fólk kvað gjöra í Eyjum vestur úr skarfakáli.

c) Um þann matartilbúning á kálinu sem utanlands tíðkast kennir sá norski bóndi Jul, en aðferð sem þó er eiginlegust þessari jurt kemur ekki saman við þá íslensku almennilegu matargjörð hjá bændum. Þeir borða til miðdags almennilega fisk og smjör, sem það til hafa, og kvöld og morgna skyr og grasgraut með mjólk kalt, eður og heita mjólk með grasgraut. Þó kálið þurfi ei svo mikla verkun sem grös, þá svo mikla feiti upp á danska vísu sem nú er ekki að forþéna síðan féð tapaðist. Þessi matur er og óæti kaldur nema sem áður er sagt. Danskir búa sér til úr því graut hvern dag með kjöti en íslenskir skeyta ei þar um og hafa ei svo kokkapíum[1] varið sem upp á danskan máta tillagi þessa fæðu, því ef ei er svo gjört uppástend ég hún sé óæti.

Hefðu nú best megandi og fyrirmenn í landinu haldið vel upp á sína kálgarða og matartilreiðsluna af jurt þessari meðan féð lifði, þá var það nær að bændalýðurinn hefði smám saman lagast til sama, en með því þetta hverutveggja hefur skortað svo varð uppbyrjunin til ónýtis. Bændur og almennilega síður en ekki efnaðir að tilbúa svo stóra garða sem hverju búi þéna ætti, þar þeir eru ei í standi að halda neinu uppi af túngörðum, sem þó það gamla lögmál fyrir segir. Má því þess vegna spá að svo lengi sem Guð gefur að grösin vaxa verður það aldrei hantérað hér í landi almennilega meðal bændalýðsins fyrir utan hjá

[1] Eldabuskum. Danska *kokkepige*.

fyrirmönnum og best megandi sem sagt er. Guð hefur og gefið samfleytt ár að framanverðu svo góð meðan féð lifði að margir hafa lifað einungis á skyri og mjólk, því mélið fékkst aldrei nema af skammti og ríkismenn sátu og altíð fyrir.

2° Er það satt að bændur eru ei almennilega fengisælir í lax- og silungaveiðum vegna þess þeir kunna ei svo til veiðineta og þeim verður ei alls staðar fyrirkomið. Til dæmis í Grjóthyl er nógur lax en vegna festa og dýpis verður honum ei náð, og þó veitt verði í ýmsum fljótum eitt ár tvö í bili, svo kann vera að ekkert eður lítið veiðist hið þriðja vegna umbreytinga fljótanna af þeim umgangi sem er í vatnsföllunum þá þau leysa á vorin.

En nauðsynlegt væri að fá undirrétting um hversu veiða skyldi selinn við Miðfjarðarós sem þar liggur uppi hundruðum saman. Fuglaveiði er og ei tíðkuð vegna þess enginn bóndi á byssu og kunna af því fáir upp á hana nema þeir sem skjóta refi. Mætti þó hafa gott gagn af helsingjafugli, sem hér í byggðir kemur haust og vor, yrði hann veiddur. Hákarlatekja er og í fáum plátsum iðkuð og enginn veit að segja af því að hvalir lagðir séu.

3° Ekki ætla ég að velflestir bændur séu vitandi fyrir vinnubrögð sín, þó máski gefist þeir sem hylsknir[1] kunna að vera, svo sem í öllum löndum tíðkast. Óspilunarsamir, já í tóbaksbrúk og er þó það nema sem þeir hafa að fríska sig á í köldu veðri og strabasier.[2] Því þar sem allar þjóðir hafa vellystingadrykki, hafa íslenskir ei nema það þeir fá af því svokallaða brennivíni, sem ógjarnan er almennilega drukkið af bændum, meir af yfirdrottnandi. En ei að síður skaða tóbaks- og brennivínskaup íslenskra í milli mest landið.

4° Fyrir utan það sem tilfallandi landplágur og harðendi spilla því almennilega besta í landinu og gjöra fólk fátækt, meinast að vera þær útsiglingar sem almennt taka að tíðkast, þar margra bænda synir og lausamenn láta sér óvirðing þykja að þjóna með feðrum sínum og bændum í landinu. Og þá þeir eru búnir að eyða sínum peningum í þessum siglingum, án þess að avangera nokkuð þarflegt með sínum siglingum landinu, koma þeir fátækari inn aftur og sumir lært lítið eitt í ýmsum handverksmíðum sem ekki þéna svo almennt þessu landi, því

[1] Þ.e. hyskinn, verksvikull.
[2] Erfiði og hrakningar. Danska *strabadser*.

í fáum stöðum er það að heyra að útlærðir snikkarar gjöri mikið að timbursmíði kirknanna, sem eru þó fornemstu hús í landinu. Verða svo óhæfilegir til allrar landvinnu nema að lúra upp á þessar svonefndar professioner. Hinir sem ekki verða soldátar græða fé og peninga þar úti og líta ei framar til landsins né sinna náunga. Og þar sem á fyrri öldum lærðu ei nema fornemme og ríkismanna synir, þá nú á þessari öld svo vel þeirra synir sem reiknast mega með stafkörlum,[1] hverjir kosta upp á þá sinni lítilli formegan.

Áður fyrri sigldu ei til framandi skóla nema ríkustu manna synir, nú allir svo yfirvöld og embættismenn verða að taka syni sína þá aftur koma upp á sín brauð. Eigi einn prestur 3 syni, þá heitir það nú vanvirða að þeir eru ei allir útlærðir og sigldir. Hafa svo foreldrar litla eður enga stoð af þessum sínum sonum til búskaparins, sem á að vera undirstaða til þess almennilega besta. Og mætti viðbæta, því fleiri sigldir og útlærðir menn í jure, því vitlöftigre réttargangur og svikulari. Því þá þessir sitja margir á einum bekk þykir þeim vanvirða að umfaðma eitt votum,[2] heldur skulu þau vera svo mörg sem þessir eru margir, þar einn vill öðrum hyggnari heita. Og hvað mun meir smakka betur predikun eins prests sem sigldur er og attisteraður en hins ósiglda, má og finna marga þessa sem ei eftir gefa hinum. Er því þolanlegra að fækka sigldum júristum en ósigldum geistlegum.

5° Þá húsagaforordningin[3] innkom í landið eftir að biskup Harboe[4] var um garð genginn, meintu allir að hússtjórn skyldi betri verða. En nú er svo þar með komið að menn vita einasta af hennar nafni en ekki verkun. Hvar fyrir vildu einhverjir spyrja? Svar, þar fyrir að forsómað er af yfirvöldum að grennslast um hennar eftirbreytni, sem svo vel skortir hjá húsbændum og foreldrum, sem börnum og vinnufólki. Þessir hverutveggju hafa skort á hlýðni, vinnu og trúmennsku, hinir á húsbóndarétti og viðurgjörningi, og þó þessi beggja skortur sé ei í hverju húsi að finna, þá eru þó fleiri hús sem eiga skylt við hann. Sýslumenn gefa sér ei stundir á vorþingum að grennslast hér eftir. Hreppstjórar, sem í þessari forordning eru kallaðir politieþénarar sýslumanna, draga fjöður yfir þá þverbrotnu, vegna þess þeir forðast illt

[1] Förumaður, betlari.
[2] Atkvæði.
[3] *Lovsamling for Island* II, s. 605–620. (Anordning om Hustugt paa Island, 3.6.1746).
[4] Ludvig Harboe (1709–1783) Sjálandsbiskup.

umtal alþýðunnar. Er og skjaldan tími til þessar rannsóknar á nefndum þingum. Heyrði meir framar til hreppstjórnarþingum, og í gamla daga var siður að halda einmánaðarsamkomur af hreppstjórum, sem sjá er af þeim gömlu lögum. Þá skyldi grennslast eftir um formegan bænda, um þá sem byggt væri inn í hrepp og þá sem reistu bú með víðara. Og svo sem nefnd forordning, fyrir utan það hún talar um húsbóndarétt og hlýðni vinnuhjúa og barna og þeirra upptuktan, sýnist líta til alls þessa yfirhöfuð svo sýndist það ei þarfleysa þó haust og vor með vissum tilteknum samkomum væri grennslast um hennar afbrigði til alþýðunnar viðurhalds og siðbóta.

En erfitt vill það heita fyrir hreppstjóra, sem ekkert kaup fá fyrir sína þénustu, að sækja fólk til réttar um hlýðninnar afbrigði eður bænda yfirsjónir í sínum húsaga. Væri því nauðsynlegt að hreppstjórar hefði kaup árlega víst eins og aðrar réttarins persónur og væru eiðsvarnar 2 í hverjum hrepp, þar 5 gjöra ei meira gagn en tveir. Þessir menn eiga að vera þekktir að góðfýsi, vel megandi, þeir sem halda réttan húsaga, gjöra forsvaranlega við börn og hjú og eru framfærnir í verkum sínum. Og hefðu landsherrar áður fyrri prosjecterað að af lögréttumannalaunum lagt hefði verið til hreppstjóra, sem nú eru öll lögð til justitzcassen, hefði svo vel verið nauðsynlegt fyrir publicum í þessu falli, svo sem safna þeim saman til þess er justitzcassaforordningin um getur. Mætti og til þess duga þeir peningar sem dæmast af undirdómurum en lögréttumannalaunin leggjast til hreppstjóra, þó það sé lítið kaup fyrir þá og í tilbætir það húsagaforordningin gefur.

Það er að sjá af húsagaforordningunni að hún skuli svo vel einu sinni á ári upplesast í yfirrétti sem undirrétti. Þá þar sem einn partur húsvitjunarerindis presta bestendur þar í að eftirgrennslast um það hversu húsbændur haga sér við sína undirhafandi og þessir við sína yfirboðara, þá þar sem þurrð fyndist á aðra hverja síðu með víðara hússtjórnarstand áhrærandi og þeim þætti hreppstjórar og sýslumenn hylsknir í soddan að lagfæra, þá skyldu þeir gefa slíkt til vitundar héraðsins prófasti og hann aftur landins amtmanni sem halda á stýri yfir kongel. Majst forordningum, að eftir þeim sé lifað.

6° Með því hreppstjórar varla athuga af hvað mörgum póstum þeirra embætti saman stendur, þá væri greinandi þá helstu.

Á hreppaskilum: 1° Að skrifa og taka fátækratíundir. 2° Setja niðursetur. 3° Halda reikning yfir fátækrakassa ef nokkur er. 4° For-

heyra um aðdugnað bænda og þjónustufólks um sumartímann. 5to Láta setja á þeirra hey[1] sem ei hafa þar til forstand. 6° Útvega þeim fátækustu af bændum vinnu sem enga sjálfir hafa. 7° Grennslast um þeirra matbjörg.

Á einmánaðarsamkomu ef antekin væri: 1° Grennslast eftir hverjum mest lægi á láni af fátækrakassa til útróðra og að ei flosnuðu upp að vorinu, hvar með og skilst heybjörg frá þeim sem hey hefðu að missa í hreppnum. 2° Forheyra um hverjir á lögaldri væru vistarlausir og setja þá í vistir. 3° Forheyra um hverjir ei vildu halda vinnufólk og setja þá til rétta. 4° Setja skorður við að þeir flyttu ei ómegð inn í hreppinn sem hana gætu ei forsvarað. 5° Forheyra um þá sem reistu búskap innan hrepps og ei væru í standi að taka jarðir. 6° Forheyra um þá menn sem vildu vera lausir en ættu ei fé þar til og 7° forheyra um húsaga og hlýðninnar afbrigði. Og hverjir sem nú á þessari samkomu yrðu bevísaðir með sveitarrigti, presta og meðhjálpara sannferðugum undirréttingum að vera forordningarinnar brjótendur og í forögtun við prest, meðhjálpara og hreppstjóra skulu af þeim til næsta vorþings stefnast undir próf og þær sektir sem húsagaforordningin á nafn nefnir, og væri þá gott að gapastokkurinn væri á þingstaðnum, sem nú ekki eru uppréttir nema ef vera kann á sýslumannagörðum sem kostnaðarsamt er til að sækja. En með því sýslumenn tíma ei að hafa hann á hverjum þingstað, sem þó mun eiga að vera og hentugast er, þar dæma skal þá seku í hann eftir yfirvalda skilningi, sem þó ekki er samkvæmt við húsvitjunarforordning 17. art.,[2] þá hafa þeir haft svo mikinn góða af sakafalli og hafa svo sem þessa ströffunarmeðals upprétting nemur sem ei hleypur stórt yfir 4 rd. til 12 þingstaða.

7° Páll lögmaður[3] hefði sagt á sinni tíð að hver bóndi skyldi kenna dóttur sinni að slá og syni sínum að vefa en nú eru almúgadætur fleiri giftar sem ei kunna vef, auk heldur þær kunni að slá, sem þó væri hið nauðsynlegasta svo ei væri svo margir kaupamenn teknir til sláttar. Ég vissi um einn mann á Höfðaströnd sem kenndi öllum sínum sonum vef eins og dætrum sínum, og dætrum sínum að slá eins og sonum

[1] Ákveða hvað óhætt er að láta mikið af skepnum lifa yfir veturinn miðað við heybirgðir að hausti.

[2] *Lovsamling for Island* II, s. 573–574. (Forordning om Husbesögelser paa Island, 27.5.1746).

[3] Páll Vídalín (1667–1727), lögmaður sunnan og austan.

sínum. Og hver vill annað segja en þetta væri nauðsynlegt fyrir almúgafólk. En vegna þess að landsvani er svo ríkur er þetta ei í verk sett, tilmeð[1] og bjóða ei næstu yfirvöld það.

8° Stendur í lögum sá skuli skatt gjalda sem bú reisir en ei sá er fellir ef hann á minna fé en 10 hndr. Þar af álykta ég að sá skuli ei gjalda búreisuskatt[2] sem á minna fé með búshlutum en til 10 hndr. En nú á dögum, sem áður er tjáð, reisa margir bú sem ei eiga til 5 hndr. og þó skipað að gjalda búreisuskatt. Þætti hitt líkindalegra að sá sem ekki ætti þetta fé en væri þó lofað bú að reisa, geldi fyrst þenna skatt þá hann ætti til 10 hndr. eður fyrst á 3ja ári frá því hann reisti bú.

9° Áður en helgihaldsforordningin[3] uppkom var siður í Norður-, Eyjafjarðar- og Hegranessýslum[4] að fólk gaf heitgjafir í minning sandfallsins[5] og þó forordningin tæki þær ei af þá hafa þær þó liðið undir lok. Nú er sú tíð að menn almennilega í landinu skyldu gjöra heit í minning fjárpestarinnar og skyldi af þeim gjöfum upprétta fátæklingakassa í hverjum hrepp, og safnaði Hólastólskirkja peningum þá væri billegt að hún betalaði nokkuð til hreppanna í sýslunum af því tillagi sem henni var slúttað af fátækum bændum við hennar uppbygging, til 18 hndr. fiska úr þessum hrepp. Þessi kassi skyldi og eignast það gengi af dýratollum og fimmtung úr öllum driffiskum[6] og helgra daga veiðum. Skyldi hann svo vera undir vernd hreppstjóra með visst teknum reikningi árlega með presta og prófasta oppsigt. Af honum skyldi lána á einmánaðarsamkomu. Sömuleiðis þeim sem yrðu fyrir skaða voveiflegum eður rötuðu í bjargræðisbrest. En lánið skyldi aftur betalað á hverjum hreppaskilum. En kassinn skyldi bestanda af mat og peningum og það gengi af tíundum, þá í ári batnaði, skyldi til hans leggja.

10° Það sýnist að vera óþolanlegt að tíunda 4 rixd. í dauðum aurum í hundrað, sem er sá peningur sem engan ávöxt af sér gefur fyrir utan skip, nót og byssu. Hr. Páll V. í sínu skrifi um tíund mót-

1 Auk þess. Danska *tilmed*.

2 Sérstakur skattur lagður á alla sem reistu bú.

3 *Lovsamling for Island* II, s. 509–518. (Forordning om Sabbathens og andre Helige-Dages tilbörlige Helligholdelse paa Island, 29.5.1744).

4 Þingeyjar-, Eyjafjarðar- og Skagafjarðarsýslum.

5 Vísar til öskufalls vegna eldgoss 1477, sbr. *Íslenzkt fornbréfasafn* VI, s. 103–107. (Heitbréf Eyfirðinga, 11.3.1477).

6 Danska *drivfisk*, eða *drivhval*, s.s. hvalreki, sbr. danska textann.

mælir og því og segir þar við skerðist höfuðstóllinn sem þreifanlegt er. Tökum 4 rixdali og tíundum þá í 1 hundrað, og verðum við að taka af þeim sjálfum til að betala tíundina með, þar þeir gefa engan ávöxt og ógjarnan settir á rentu hér í landi. Sama er um aðra dauða hluti sem engan arð af sér gefa. Um heilbrigt kvikfé kynni það að segjast fyrir utan hesta sem hafa tapað sínu verði eftir bókinni, sýndist því ei óbillegt að tíunda þá eftir sem seljast og virðast.

11° Það hefur verið gengilegt til þessa að nær ómagi hefur beiðst framfæris, þá hefur einasta orðið fyrir framfærinu sá af erfingjum sem einasta hefur forlagseyrir[1] átt, þó fleiri hafi verið í sama lið velmegandi. Því sýndist það að vera nær jöfnuði að svo margir sem eru í sama lið, að þeir annist allir um framfærið hver eftir sínu efli, en sá mest sem fullan forlagseyrir ætti. Til dæmis, ég á tvo bræður og þrjár systur. Sá eini bróðir á forlagseyrir fyrir mér, hann skyldi leggja mér 2 bróðurlóð, sá annar eitt og hver systranna systurlóð og svo framvegis allt eftir formegan. Hreppar og sýslur hafa og stæðstu þyngsli af því fólki sem ei er leitað framfæris fyrir forsómun sýslumanna og hreppstjóra, þá framfærendur eru í öðrum sýslum og sleppa fríir. Skyldi því á einmánaðarsamkomu vera sá 8di póstur fyrir hreppstjóra að grennslast eftir um þá ómaga í hreppunum sem þyrfti við framfæris en ætti það utan hrepps eður sýslu. Og þá strax að samkomunni slitinni lögbjóða ómagann framfærendum og væri ei fjárskýrsla skeð að mánaðarfresti frá því lögboðningin skeði forfallalaust, þá að flytja ómagann án víðari process á þann næsta framfærara sem honum skyldi ryðja af sér eftir lagafyrirmælum. Því sýslumenn vilja ei dæma ómaga í aðrar sýslur, heldur skuli hann dæmast af þeim sýslumanni hvar ómaginn á framfærið, sem og sýnist ei lögum móti.

12° Í forordningunni af 1746 um tóbaks- og brennivínsokur[2] er fyrirboðið að nokkur skuli af því kaupa meir en til sinnar nauðþurftar. Nú er öllum vitanlegt að margir kaupa meir, og þeir kaupa þessa hluti sem þá ekki brúka, en forordningin kallar soddan okur. Vilji einn sem hefur lyst fyrir soddan eður eftir landsvana fá brennivín keypt í brullaup eður erfiðisdrykkju, þá skal brennivínskúturinn kosta rixdal specie

[1] Viss eign sem var talin nægja til framfærslu um ákveðinn tíma sem leiddi til skyldu að framfæra ættingja sína, sem ákvarðaðist nánar eftir skyldleika og efnum.

[2] *Alþingisbækur Íslands* XIII, s. 555–556. (Extract af kongl. Majest. forboði á tóbaks- og brennivínsokri, 3.6.1746).

eður 15 pör sokka og tóbakspundið kosta 16 f. í prjónlesi eður 14 f. í silfri eður þá jafngildi í mat, tólg og smjöri. Og þá sýslumenn spyrja á vorþingum hvert soddan sala sé æfð þegja allir. Fyrst þeir sem ei hafa keypt, þar þá tekur ei sárt annarra skaði, þar næst þeir eð keypt hafa því þeim þykir óvirðing að opinbera sinn skaða eður óhreinlegt að auglýsa seljendur. Og þó forordningin leyfi að hver sem vilji skuli koma þessu upp, og þar fyrir öðlast fjórðung þess sem selt hefur verið, þá vill enginn það til vinna. Því sá sem sökinni vill upp koma skal þá sækja og yfirbevísa þann seka og eiga undir hylsknum og óvissum réttargangi sem ei lætur af að sýna sig, ei síst á þessari öld. Um þetta sama okur spyr landfógeti á hverju Öxarárþingi og þá svara allir samankomnir sýslumenn að ekkert confisqverað[1] góts sé upptækt fyrir soddan okur í sínum sýslum, og jafnvel þó þeir segi þetta hátt þá þegja þeir yfir sinni hjáhliðrun. Og skyldu eftirliggjarar í kaupstöðum æfa þenna taxta og okur áðurnefnt við landsfólkið, þá má þar af ráða hvaða uppkomst þeirra handverk í slíku gjörir landinu.

Væri það því óráðlegt (til að hefta þetta okur) að meðhjálparar á hverju vorþingi skyldu óstefndir gjöra sinn sáluhjálpareið, 2 úr hverri sókn, að þeir vissu ei soddan okur framið hafa verið frá næsta vorþingi af neinum í sókninni og skyldu sýslumenn á hverju Öxarárþingi framleggja þessi eiðsvarin vitni úr hverjum hrepp sýslunnar undir bætur til justitzcassen.

13° Í þeirri 7. art. hér að framan sem víkur á búskaparháttu bænda er talað um að börn þeirra þjóni hjá þeim í 2–3 ár í vist áður þau hrapa sér í búskap og giftingar, jafnvel þó yfirvöld haldi það ráðlegast og engum skuli meinast að giftast, þá eru þó dæmin þessi. Einn sonur sem fleiri eru byrja hjónaband, án þess þeir viti sem byrjar í þeim reglum sem honum tilheyra, án þess þeir kunni sjálfir alla vinnu og án þess þeir eigi svo mikið sem þeirra búi þéna þarf. Það kallast gott ef hjónin eiga 1 hndr. hvert fyrir sig og 1 hndr. umfram, og verða að taka til láns pottinn, fötuna, kjaraldið etc. af búshlutum. Árinu eftir í fardögum kemur landsdrottinn, sýslumaður og prestur og heimta sínar skuldir. Þá hafa nú þessi hjón ei að gjalda með nema að taka af höfuðstólnum (hvar með ég reikna klæðnaðinn), kúna eður hestinn og selja eður láta í þessar skuldir eður og af klæðnaðinum. Svo að þremur

[1] Upptækt góss. Danska *konfiskere*.

árum liðnum er eitt það fyrst var saman sett búið með og í þess stað aftur grætt börn og skuldir. Aldrei gjörðu þeir sveitarskil og þegar nú svo er komið sem sagt er skulu þessir viðhaldast á fátækratíundum í hreppunum og eru þessir fleiri en færri. Og þá ómegðin er svo mikil grædd, að ei er vært að hjálpast, hafa sýslumenn ei annan úrskurð hér um en dæma þessara manna ómegð á frændur sem nokkuð geta. En þá skuldirnar eru svo miklar komnar, að allt er eitt og ei trúað fyrir jarðnæði er hjónabandinu slitið. Fer svo maðurinn í eina átt, konan í aðra, og það ei er á náunga sett af börnum lendir á niðursetum hjá bændum og hafa svo börnin ekkert að segja af foreldrunum meir. Og hver getur þá satt gjört að þess slags giftingar séu til uppkomstar í landinu eður öðrum bændum þyngslalausar? Hér af flýtur það og að bændur fá ei vinnufólk þá allir sem náttúru hafa skulu giftir vera, með soddan slag sem áður er sagt. Í confirmationsforordning[1] stendur að ekkert barn skuli confirmerast sem ei hafi gengið í skóla og ei fyrr en á 15da ári nema því skarpara sé. Í hjónabandsforordning[2] stendur að ekkert ungmenni skuli innganga ektaskap nema með foreldra og forsvarmanna ráði. Í landabrigðabálki 1. cap.[3] stendur að sá heiti ungur maður sem sé 18 eða 20 vetra og í framfærslubálki 4. cap.[4] er gjört ráð fyrir að hann kunni ei að fara með fé sitt og ef giftir sig yngri en tvítugur hafi fyrirgjört ávexti fjár síns. Og í Norsku lögum 3. bók, 19. cap. 34. og 37. art.[5] er hann fullmyndugur kallaður þá hann hefur fimm ár um tvítugt. Af þessum nefndum lagagreinum álykta ég: 1° Að uppvaxandi fólk skuli þjóna í vistum og hjá foreldrum til 20ta árs, sé það þá svo mannað og efnilegt til búskapar þá megi það fyrst giftast og taka ábýli ef yfirformyndarar, nefnilega hreppstjórar það samþykkja og hjónaefnin eigi svo mikla hluti sem kóngþegnsskyldu 1^{ti} cap. tilnefnir. En ef ekki 2°, þá að þjóna í vistum og fyrir kaupi til þess það hefur fimm um tvítugt nema það njóti menningar af feðrum og for-

[1] *Lovsamling for Island* II, s. 227–242. (Forordning angaaende den tilvoxende Ungdoms Confirmation og Bekræftelse udi deres Daabes Naade, 13.1.1736); III, s. 366–371. (Forordning angaaende Confirmationen, 25.5.1759).

[2] *Lovsamling for Island* II, s. 600–605. (Anordning om et og andet i Ægteskabs Sager og mod Lösagtighed m.v. paa Island, 3.6.1746).

[3] *Jónsbók. Lögbók Íslendinga*, s. 151–152.

[4] *Jónsbók. Lögbók Íslendinga*, s. 143.

[5] *Kong Christian den Femtes Norske Lov.*

svarsmönnum sínum, það er að segja gjafa. Og 3° sé það þá ei í standi eftir fyrrsögðu og hafi ei yfirformyndaraattest um góða vinnumennsku, hirðusemi og þar að lútandi, fái ei að giftast fyrr en það hefur mannað sig.

14° Jafnvel þó það sé móður í öllum löndum að framfæra og selja dýrt þá hluti sem minnst er til af þá kemur sú aðferð sér ei vel hér í þessu fátæka landi, því margur ágjarn keppist við að fylla sinn plóg svo sá fátæki hrökkur ei við að seðja hans girnd. Til dæmis ullarfjórðungurinn kostaði 16 f. en nú 30 f. og þó menn nái verðinu upp þá getur ei sá fátæki keypt. Menn hafa nú á þessum dögum skaða á fé sem látið er í kaupstaði þar það er vænna vegna gjafar og færra er í högum en áður. Veturgamall sauður hefur kostað 20 f. en nú mætti hann kosta ránlaust 30 f., tvævetur 30 f. nú 40 f., 3 vetur 35 f. nú 50 f., gamall 40 nú 60 f., því hafi hann fjórðung mörs kostar hann ránlaust hér 80 fiska.

Smjörfj. sem kostað hefur 16 f. skyldi kosta 20 f. Naut eru illa tekin hér norðanlands af kaupmönnum. Skyldi því hvert tvævett naut kosta 120 f., fjögra vetra 2 hndr. f. og svo eftir aldri þar til það er 8 vetra fyrir 8 til 10 rixdali eður á 4 hndr. fiska með skinnum. Naut hafa og ei verið taxteruð, en væru þau metfé fyrir eldis sakir svo skyldu þau kosta meir. Fyrir vestan í Stapasýslu[1] kann eitt alið naut að kosta til 15 vætta.

Síðan þetta Compagnij tók til hefur verið hin versta taka á púlbandi, svo margt 4 fiskavirði af þeirra vöru er ei svo gott sem gildir sokkar í Sellandsalin.[2] Og vita menn þó að ull er minni en áður þá betri sokkataka var og hverjir sokkar voru varla nema íslensk alin. Smáband er og illa tekið þegar hæðarsokkar einlitir, sem áður kostuðu 15, eru nú ei teknir nema 8 til 10 f. og kembingarsokkar[3] sem gengu á 20 fiska takast nú ei nema á 12 til 15 f. Væri því sannsýnilegt að þeir hvítu gengju á 15 f. og þeir kembdu á 20 f. Og því má ei taxti setjast á þetta les sem á kramvöru? Sú peysa sem tekin er fyrir sléttdal í landskuld gengur ei í kaupstað nema 20 til 24 f. Hún ætti að kosta 30 f. svo sem hún er tekin íslenskra á milli.

[1] Snæfellsnesssýslu.
[2] Sjálandsalin eða dönsk alin: 62,7 cm.
[3] Sokkar úr ullarblöndu þar sem ýmsum litum hefur verið blandað saman við kembingu.

15° Það er ljósara en frá þurfi að greina að í öllum þeim sterfbúum[1] sem ei vinnast fyrir skuldum hér í landi er sú regla að máli konu skerðist og sé helmingafélag[2] þá gengur hluti konunnar í allar skuldir og hún félaus eftir. Hvað málanum viðvíkur sýnist það móti lögum að hann hafi ei forgangsrétt fyrir öllum skuldum sem ómagafé næst kóngsins, og undarlegt hann stendur ei í fyrstu classe sem geymslufé, þar hann mætti það rétt heita í tilliti konunnar sem engu ráða má með hann. Sýnist og ónáttúrlegt að hin konan sem lagði allt sitt góts til félags[3] við manninn skuli ekkert fá aftur og ekki föt sín í tilliti farmannabálks 22. cap.,[4] þá og ekki bevísast upp á hana neinar óskuldir en vel upp á bóndann. Því sýnist náttúrlegt og stórnauðsynlegt að málakona[5] fengi sinn mála án tilgjafar og væri hinn fyrsti skuldaheimtumaður næst kóngi, þá og dæmi eru til að þeir af náð hafa látið málann ganga fyrir sínum skuldum.

Í sömu líking skyldi og vera um félagskonu[6] að hún framar öllum skuldaheimtumönnum fengi aftur það hún lagði til félags, fyrir utan fjórðungsgjöf[7] og ávöxt, og ei minna en föt sín og gripi. Og mun vicelögmann Jón[8] hafa aðgætt þetta í sínu lagaverki fyrir náttúru citeraðs capitula og annarra líkinda.

Mætti þess og geta að nær sterfbú, sem vanvitugir erfingjar segja sig frá arfi og gjaldi, komi undir skiptaforvaltara hendur, þá eru sterfbúin seld á auction erfingjum til stæðsta skaða sem dæmi eru til um sterfbú Halldórs biskups.[9] Því væri náttúrlegra og réttara að soddan bú gengi ei upp á auction heldur seld eftir almennum landsprís svo erfingjar fengi það til baka væri, og þeir ei látnir gjalda sinnar óframsýni eður þess sem Norsku lög fyrir segja um arfs og gjalds frá-

[1] Dánarbúum.
[2] Helmingafélag er fyrirkomulag eigna við stofnun hjúskapar, þar sem hjón áttu jafn mikið í búinu, og gilti helmingafélagið um allt fé þeirra, fengið og ófengið.
[3] Hjónafélag. Í því átti hvort hjóna um sig séreignir sem þau lögðu í búið, en hjónafélag gert um búsaukningu eða tap. Þau skiptu tapinu jafnt en konan eignaðist þriðjung af því sem við bættist.
[4] *Jónsbók. Lögbók Íslendinga*, s. 234–235.
[5] Kona sem gert hefur hjónafélag við eiginmann sinn.
[6] Kona sem gert hefur helmingafélag við eiginmann sinn.
[7] Fjórðungur af lausafé sem eigandi mátti gefa frá sér án samþykkis erfingja.
[8] Jón Ólafsson (1729–1778), varalögmaður norðan og vestan.
[9] Halldór Brynjólfsson (1692–1752), biskup á Hólum.

göngu, þar þau eru ei enn þá antekin hér í landi að öllu leyti. Það er orðið að vana hér í landi að ektafólk og hjón sem enga lífserfingja hefur en oft lifandi bræður og systur, bræðrabörn og systrabörn gefur hvert öðru sína heilu formegan. Og þó það megi ekki ónáttúrlegt þykja, þá er hitt náttúrlegra að soddan gjafir og testament gengju ei hærra upp en eftir Norsku lögum 5. bók, 4. cap. 14. og 20 art. og svo skyldi vera um gjafir til annarra meðan ættleggurinn væri ei útdauður.

16. Og síðasta máta vil ég nú álíta Ísland yfirhöfuð vegna fjárpestar, innhlaupandi harðenda og aðstreymandi bágenda, svo sem þann mann sem liggur sóttsjúkur og aldrei veit nær en upp af honum líður öndin og á meðan hans þjónustumenn og aðhjúkrarar vita hverugt, leita þeir engra meðala nema þeirra sem honum eru ei of sterk. Það heitir og ei að leita einu landi uppkomstar með annarra ábata eður færa þær innréttingar inn sem auka mönnum þyngsli. Miklu nær að hans kongel. Maj^st^ af meðfæddri sérlegri náð vildi eftirgefa, fyrir Commissariorum náðuga milligöngu, áfallna restanter sínum forléningsmönnum eður og umlíða til í ári batnaði og sauðféð kæmist á fætur, sem og slá af þriðjung á öllum jarðagótsafgiftum svo linfelldu-glegar mætti ganga til verks við almúgann og hann ei eyðilegðist né krónunnar[1] góts kæmist í vanrigti[2] fyrir of harða skuldaaðgöngu. Hvað aðrir jarðagótseigendur og meðhöndlendur skyldu af vorum náðugasta kóngi sem landsins kæra föður, skyldast til að eftirbreyta nú fyrst í næstkomandi 10 ár, þá væntanlegt væri að Guð mundi fjárpestinni lina. Mætti og heita þolanlegt fyrir þær persónur (eður embættismenn) sem hafa anseleg laun af kóngi en eru annars ríkir, þó þeir misstu nokkuð af sínum launum um tiltekinn tíma, fyrir utan þá sem standa fyrir kóngsins reikningum.

Meðan ég var að skrifa þennan síðasta art. kom mér í hug, nefnilega: Það er nú á þessum dögum tíðkanlegt að sakeyrir[3] er goldinn í silfri og peningum þá til eru, og sýslumenn vilja naumast annað en speciepeninga þó þeir hlutir væru nægir til sem þjófabálks 23. cap. umgetur,[4] og þá ekki eftir 6 manna virðing heldur eftir sinni eigin. Svo

[1] Þ.e. krúnunnar eða konungs.
[2] Vanhirðu. Danska *vanrøgt*.
[3] Tekjur af sektum fyrir afbrot.
[4] *Jónsbók. Lögbók Íslendinga*, s. 250.

einn hestur 4 vetra gamall, geldur og gróinn, má ei vera fyrir 4 rixd. eftir bókinni heldur tekinn í 50, 60 til 70 al. eður 2 rixd. og 2 mk. Hvað eð sýnist að vera of hart að taka ei landaura, þá til eru, sem og að fella þá í móti peningum, þar capitulen nefnir ei peninga í fyrstu til sakafallsins framar landaurum. Væri miskunnsamlegra að sakeyrir mætti gjaldast í allri flytjandi vöru nema þá sá sem gjalda á vill framar missa peninga og hverjir 48 fiskar í vöru skyldu gilda fyrir 1 mörk. Sömuleiðis skyldi það ei leiðast í venju að þeir sem falla í hórdóm annað sinn skyldu leysa húð sína við sýslumenn með peningum, því kóngar hafa gefið hana eftir með minna kostnaði. Hórdómssektir sýnast og yfrið þungar fyrir þetta fátæka land í tilliti þess þær hafa nægar gefist þá einn sýslumaður hefur fengið á ári til 60, 80 vel 100 rixdala, en geldur ei nema til 10 rd. árlega. Og hefðu sýslumenn nógan plóg þó allar sektir eftir Stóradómi[1] væru felldar til þriðjunga eður helminga.

Þetta sem hér að framan og ofan er uppteiknað í fáfræði en þó forordningarinnar tilliti vildu hhr. Commissarii ei misvirða þó þeir ekkert af því antaka vildu. Það er og undir einskis nafni en sá það hefur uppsett vill undir sínu nafni sem ærlegur landsmaður forblífa.

Commissariorum skyldugasti þénari

* * *

[Oversættelse 1771]

Velædle og velbyrdige hr. Andreas Holt!
Velædle og höyvise hr. Thorkel Fjeldstæd!
Ædle og meget vel agtede sr. Tomas Windekilde!
Af kongel. naade tilskikkede Commisarier i Island!

Eftersom de hhhr. Landcommisarier skal effter kongel. befaling effterforske dette lands tilstand og levnetsmaade til forbedring, da burdte selv landets börn effter forordningens tilladelse lade sig være angelegen at bære sig ad som den syge med lægen og frivillig aabenbare alt det, som kand skade, samt oprette landet og dets beskaffenhed.

[1] *Íslenzkt fornbréfasafn* XIV, s. 271–276. (Stóri Dómur um frændsemi- og sifjaspell, hórdóm og frillulífi, 30.6.1564); *Jónsbók. Lögbók Íslendinga*, s. 319–322.

GAARDENES SKYLDSÆTNING[1]

1° Det er betænkning værdt, om jorder og lejepladser i landet kan nu paa denne tid være af den herlighed og nytte, som da landet först var beboet og opsat til landskyld. Thi hvem vil sige og bekræffte, at Biarg i Midfiord er nu ligesaa god 40 hndr. Jord, som den tid Asmundur Hærulangur boede der, eller at Brautarholt paa Kialarnes er nu ligesaa god jord, som den til Kjallaringesaga blev til, og findes noget sandferdigt i dette, da ere slige jorder i landet for höyt leyede bönderne til byrde, men de, som oppebære afgifften, til större foddel, end sandsynligt er. Man kan og tilföre mange exempler, at det har stæd, som Guds hellige ord siger, at jorden skal forældes, og omendskjöndt det ej er saa meget i andre lande, især hvor der er jævn mark og ingen præcipitante[2] elve, da kand man dog föle paa det her i landet, hvad fjældskrede og becker og elve foraarsage. Der er og störste forskjæl paa jordernes godhed i ligning med landskyldens höyde. Paa Kotsaa i Watsdal[3] kan slaaes til 10 hndr. heste af udhöe, og betales effter den jord 1 hndr. i landskyld, og paa Róa i Midfiord kan mest slaaes 1 hndr. 60 heste af udhöe og har den samme landskyld som den anden jord, og skjönt denne kan have större græsmark og beed end hin, da er her stor forskjæl.

INDBYGGERNES FORMUE, N° 2–6 MEN KUN KORT

Disse vores simple overvejelser indstiller vi fattige indbyggere i Húnavatnssyssel til jeres velædelheders fornuftige gennemsyn, og det i dybeste underdanighed, med ønske af hjertet om den sande guddomsånds oplysning til jeres velædelheder, så jeres igangværende ærinde må blive den almægtige Gud til pris, hans kongelige Majestæt til udødelig ros for, at han så viselig har styret Herrens arv til velfærd for dette vort fattige fædreland, og til evig hæder og ære for jeres velædelheder selv.

Skrevet i Vatnsdal i Húnavatnssyssel, den 16. juni A° 1771.

Sveinbjörn Þorláksson, bóndi á Gilá í Vatnsdal, skrifar um dauð leigukúgildi og erfiðleika sína vegna þess 30.3.1771. Lit. Oo. N° 3.

Sveinbjörn Þorláksson, bonde på Gilá i Vatnsdalur, skriver om døde lejekogilder og sine vanskeligheder af den grund 30.3.1771 Lit. Oo. N° 3.

ÞÍ. Rtk. D3/5–22.
Innskráð/*indskrevet* 15.7.1771.

Áritun/*påskrift*: N° 3; Sueinbiörn Þorlaksson.

Með því mig til knýr stór aðþrengjandi nauðsyn og ánauðugt eftirkall fyrir þau burtdauðu kúgildi (orðsakar vegna) af jörðunni Giljá[1] innan

[1] Réttara er Gilá.

Húnavatnssýslu liggjandi í Áshrepp og Grímstungukirkjusókn, vil ég með sannindum auglýsa og fyrir sjón leiða höndlan og viðbreytni þessarar fyrrnefndu jarðaryfirráðara eður húsbónda sem hann haft hefur við mig og mitt fátæka hús í greindu eftirskrifuðu efni og tilstandi.

Fyrst á þessari fyrrnefndri jörð voru tvö ásauðarkúgildi og ein kýr, af hvörjum þessum 12 ám ég skar 2, en tíu voru ásettar þetta haust er fellirinn var. Dó ein um veturinn af þeim tíu sem á voru settar, lifðu níu eftir þar til á hvítasunnu um vorið. Dóu svo í hungri 5 en fjórar lifðu eftir því hart var. Fóður var mér sett um haustið þar sem ekkert skyldutilkall var og ei hafði fyrr verið og öngvar skuldir innistandandi. Þriðjudaginn síðastan í vetri fór ég að bjarga mér til sjóar gangandi, hestlaus og bar ég skinnklæði mín. En að mér burt komnum var þangað sett kýr mér óvitandi og órannsökuðum heyefnum eftir lögum er kona mín óskaði þó af honum að gjöra. Var hún þar í þrjár vikur, henni óviljugt, en hún svo á sig komin að ei gat leitað þeirra sveitarmanna er soddan nauðsynja kynnu að gæta, þar hún var með tveimur ungum börnum og áttræðri konu vanfærri og ei annað heimilisfólk sem nokkur úrræði kynnu til bjargræðis að hafa, því margur hér í sveit styrktu sínar heybjargir af hrísi og urning[1] og héldu svo sínum gripum þar fyrir. Þessar fyrrnefndu tvær ær, er ég viljuglega skar, hefi ég betalað tuttugu og fjórum álnum, er nú af mér heimtað kúgildið annað og þess eftirgjald, hvað ég afsegi svo lengi að ég er ekki réttilega sannfærður þar um, hvört löglega af mér betalast skuli, þar svo ályktast af nágrönnum mínum er heyefni mín vissu þetta fyrrnefnda vor, að bjarglegt hefði verið fyrir þann pening er þar var að mér burtkomnum hefði ekki þessi kýr þar sett verið þar svo á tíma var liðið. Var ég svo andgefinn fyrir sýslumanni mínum upp á þessa kúgildaútsvörun og afgjald, og hann mér skriflega skikkar annað kúgildið aftur að skaffa og gjalda eftir það. Hvað ef ég ei gjöri, skuli ég tiltali og straffi mæta fyrir mína óhlýðni.

Flý ég því í auðmýkt og stæðstu undirgefni til míns allra náðugasta kóngsins ráðaneytis, sem hér innanlands nú dvelur, að það náðuglega álíta vilji mitt málefni í þessari minni aðþrengjandi stóru fátækt. Jafnvel þó ég titrandi og skjálfandi megi fyrir þessa mína umkvörtun vera, fyrir mínu verslega yfirvaldi. Vonandi samt mér bestu aðstoðar og ná-

[1] Eitthvað sem er urgað eða skrapað upp, t.d. lélegt hey.

kvæmrar meðaumkunar í þessu fyrrskrifuðu efni til upplýsingar eftir lélegheitum svo fullkomna vissu vita megi.

Þessu til merkis er mitt nafn
að Giljá,[1] d. 30. Martj 1771. Sveinbjörn Þorláksson

Að þetta sannferðugt sé, votta undirskrifaðir

Jón Guðmundsson
Gísli Jónsson

Jón Sigurðsson
Grímur Loftsson
Guðmundur Pálsson

* * *

[Oversættelse 2015]

Fordi stor presserende nødvendighed og tvungent savn efter de (af særlig årsag) afdøde kogilder fra gården Gilá i Húnavatnssyssel beliggende i Ásrep og Grímstunga kirkesogn tvinger mig, vil jeg med sande tilkendegive og gøre øjensynlig behandlingen og reaktionen hos denne ovennævnte jordoverråder eller husbond, som han har udvist over for mig og mit fattige hus i den anførte neden for beskrevne sag og tilstand.

Først på denne førnævnte jord var der to kogilder for malkende får og én ko, af hvilke disse 12 får jeg slagtede 2, og ti blev pålagt det efterår, da pesten gik. Ét døde om vinteren af de ti, der var pålagt, ni levede derefter til pinse om foråret. Så døde 5 af sult, og fire levede videre, for det var hårdt. Der blev pålagt mig foder om efteråret, hvor der ikke var noget pligtigt krav og ikke tidligere havde været noget, og der resterede ingen gæld. Den sidste tirsdag i vinteren drog jeg til fods til søs for at klare mig, uden hest, og jeg bar [selv] mine skindklæder. Men da jeg var taget hjemmefra, blev der placeret en ko deruden min viden og uden lovlig undersøgelse af forråd af hø efter loven, hvilket min kone imidlertid anmodede ham om at gøre. Den var der i tre uger mod hendes vilje, men hendes forhold var således, at [hun] ikke kunne henvende sig til de folk på egnen, som måtte tage vare på sådanne nødvendige ting, eftersom hun passede to små børn og en vanfør kvinde på firs, og der ikke var andre i hjemmet, som kunne finde

[1] Réttara er Gilá.

noget råd til at redde forholdene, for mange her på egnen drøjede deres forråd af hø med kviste og skrabsammen og beholdt derfor deres dyr. Disse ovennævnte to får, som jeg frivilligt slagtede, har jeg betalt fireogtyve alen for, og dem kræves der nu endnu et kogilde og lejeafgift for, hvilket jeg protesterer imod, så længe jeg ikke er rettelig overbevist om, at det ifølge loven skal betales af mig, eftersom det blev skønnet af mine naboer, som kendte mit høforråd dette ovennævnte forår, at det havde været muligt at overleve for de dyr, der var der, efter at jeg var bortrejst, hvis ikke denne ko var blevet anbragt derefter nogen tid. Jeg blev så angivet for min sysselmand for denne kogildeafgift og lejeafgift, og han beordrer mig skriftligt til at skaffe et andet kogilde igen og betale ifølge det. Hvilket jeg, hvis jeg ikke gør det, for min ulydighed må imødese tiltale og straf for.

Jeg flyr derfor i ydmyghed og den største underdanighed til mine allernådigste kongens rådgivere, som nu opholder sig her indenlands, om at de nådigst vil se på min sag i denne min presserende, store fattigdom, selv om jeg må være rystende og skælvende over denne min klage for min verdslige myndighed; dog i håbet om den bedste bistand til mig og nøje medynk i denne oven for skrevne sag til oplysning efter lejligheden, så [de] kan vide den fuldstændige sandhed.

Som tegn herpå er mit navn
på Gilá, den 30. marts 1771. Sveinbjörn Þorláksson

At dette er sandfærdigt, vidner underskrevne

Jón Guðmundsson
Gísli Jónsson

Jón Sigurðsson
Grímur Loftsson
Guðmundur Pálsson

Sigurður Þorláksson, hreppstjóri á Gunnsteinsstöðum í Langadal, fjallar um viðreisn landsins 25.6.1771. [Lit. Oo. N° 6].

Sigurður Þorláksson, repstyrer på Gunnsteinsstaðir i Langidalur, skriver om landets genrejsning 25.6.1771. [Lit. Oo. N° 6].

ÞÍ. Rtk. D3/5–25.
Innskráð/*indskrevet* 15.7.1771; Án lit. nr. en lá með öðrum bréfum úr Húnavatnssýslu lit. Oo. N° 2–5. / *Uden lit. nr. men lå sammen med andre breve fra Húnavatnssyssel lit. Oo. N° 2–5.*

Veleðla, hávísir og háttaktaðir hrr. Commissarii Andreas Holt, Þorkell Fjeldsted og Thomas Vindekilde!
Auðmjúk heilsan!

Með því sá háloflegi vor náðugasti herra og kóngur Christian sjöundi ber svo nákvæma umhyggju fyrir oss sínum fátæku undirsátum hér á Íslandi og hefur ykkur hingað sent oss til hins besta, þá er hér með til kynna gefið það mér ráðlegt sýnist sem mínu föðurlandi mætti gagnlegt vera ef framkvæmt yrði, þetta sem eftir fylgir.

I° Það fátæka fólk á Íslandi (hvar um ég helst tala), sem inngengur þá heilögu hjónabandsstétt, brúkar allt of mikið brennivín með miklum fólksfjölda, og það í tvær reisur,[1] hvað ónauðsynleg eyðsla sýnist vera. Og mætti virðast landinu stórt gagn að því kaupmenn miðluðu brennivíni til fólksins eftir sérhvörs standi og efnum. En prestar trúlofa persónur nær þess er réttilega óskað, í áheyrn tilkallaðra kaupvotta. Aumkunarlegt er að vita fátækt fólk hafi stóran kostnað til síns hjónabands, sem hefur varla forsorgun fyrir sig og sínu næsta dags eftir, enn síður að betalað geti sínar vitaskuldir.[2]

[1] Hér er sennilega átt við að tvær veislur fylgi hverju brúðkaupi, trúlofunarveisla og brúðkaupsveisla.

[2] Ótvíræð eða vituð skuld, þ.e. fastar skuldir sem fyrirséð er að borga þarf, s.s. skattar, tollar, leigur o.s.frv.

II° Jarðir eru margar á þessu landi svo af sér gengnar af skriðum úr fjöllum og yfirgangi af vatnsföllum við byggðirnar, á túnum, engjum og úthögum, að mönnum þykir þungt þær standi við sama leigumála. Óska því margir þær niðursettar verði, hvað ekki er almúganum auðsókt að fá. Er þessa þyngst að tíunda þá stóru jarðaskrokka, fjórum tíundum, sem ætíð skeður, það bændaeignunum viðvíkur.

III° Færi ég nú í tal það sem mest er undirkomið líkamlegri blessan á Íslandi, hér norðanlands sérdeilis, að menn séu ætíð vel birgir af heyjum, eftir sem mögulegast verða kann og setji ei á sig of mikinn pening. En það gengur nokkuð öðruvísi til, þegar Guð gefur þau góðu árin, keppist hvör við annan (nokkrir eru svoleiðis) að hleypa upp peningi. Ekki tala ég um það sem nauðsynlega við þarf, heldur um ónauðsynlega mergð af ótemjum og öðrum skríl, sem er mest til mæðu fólki og eta þann besta kjarna úr landinu, bæði hjá þeim það eiga og öðrum. Værum við í þeim góðu árum kostgæfnir í því, hér í landi, að safna heyjum þegar vel fellur, mundi ekki peningur okkar falla hvör um annan af lítillri skorpu á vetrum.

Árið 1753 byrjaðist hér sá vetur sem síðan er kallaður harði vetur. Þá féll peningur hrönnum hér norðanlands. Hefðu menn þar fyrir, þegar vel féll, brúkað framsýni Jósefs og safnað heyjum, því lengi má þau óskemmd geyma, þá hefði ekki fé manna svo fallið í grunn niður og þar eftir kýrnar. Kom síðan mannfallið sem von var, hvað enn þyngra mundi þó orðið hafa hefði ekki vor þáverandi náðugasti herra og kóngur Friderich fimmti, blessaðrar minningar, innsent hér til landsins árið 1756 kornvöru á tveimur skipum fólki til bjargar og næringar. En hvað viðvíkur öllum líkamlegum gæðum hér norðanlands, eru góð heyráð fyrir þeim öllum.

IV° Mikið gagn væri fólki hér á landi, hvað þó víðast forsómað er, að upphlaða túngarða sína, sem að forngildu víðast þó verið hafa. Þeir eru góð hlífð við kulda á vorum og varna vel ágangi penings á sumrum. Hefur þetta fyrirboðið verið en stjórnleysið hefur yfirhöndina.

V° Tala ég fyrir mig sem marga aðra af almúgafólki og bið í undirgefni að þau bréf sem áhræra oss og innsendast til landsins frá vorum náðugasta herra kónginum, væri uppsett á vort móðurmál. Mættu svo víða í sveitum vera, að ei þurfi að dæma um útlegging þeirra af mér og mínum líkum.

VI° Það hefur lengi viðgengist hér í landi, ég vona síðan á þrettándu öld, hafa átt að hafa stjórn og vörn í hvörjum hrepp fimm menn, sem getur í framfærslubálks 9. cap.,[1] hvörjir engin viss laun haft hafa. Hefur mér ætíð sýnst betur fara ef tveir væri og hefði nokkur viss laun. Mundi þeir þá kostgæfilegar stunda sitt embætti, því þeir mega oft mæða sig og gripi sína þar aðrir eru við sitt verk. Ég meina sem vilja hafa tilsjón, að í hreppnum ordulega og skikkanlega tilgangi. Nú með því vorir sýslumenn hafa mikil og góð laun kann vera þeir miðla vildu nokkru af gjaftollum sínum, þar þeir hafa notið þeirra bæði vel og lengi.

Ég næst óskum alls góðs, forblíf með undirgefni ykkar allra eðlaheita.

Gunnsteinsstöðum
í Langadal innan
Húnavatnssýslu,
dag 25. Junij A° 1771.

Auðmjúkur þénari
Sigurður Þorláksson

* * *

[Oversættelse 2015]

Velædle, højvise og højtagtede herrer Commissarii, Andreas Holt, Þorkell Fjeldsted og Thomas Windekilde!
Ydmyg hilsen!

Eftersom den højlovlige, vor nådigste herre og konge, Christian den Syvende, nærer så stor omsorg for os, hans fattige undersåtter her i Island, og har sendt jer her til os til det bedste, så tilkendegives hermed, hvad jeg synes er tilrådeligt og kunne være gavnligt for mit fædreland, hvis det blev udført; dette som følger herefter:

I° De fattige mennesker i Island (hvorom jeg mest taler), som indgår i den hellige ægtestand, bruger alt for meget brændevin med en stor mængde mennesker, og det i to omgange,[2] hvilket forekommer at være

[1] *Jónsbók. Lögbók Íslendinga*, s. 146–147.

[2] Der er sandsynligvis tale om, at et bryllup involverer flere festligheder som f.eks. trolovelsesgilde og bryllupsfest.

en unødvendig udgift. Og det måtte forekomme at være til stor gavn for landet, [hvis] købmænd fordelte brændevin til folk efter hver enkelts stand og formue. Men præster trolover personer, når der rettelig anmodes om det, under tilstedeværelse af tilkaldte aftalevidner. Det er ynkværdigt at vide, at fattige mennesker har store udgifter til deres ægteskab, som knap har forsørgelse for sig selv og sine den næste dag efter og slet ikke kan betale deres faste afgifter.

II° Der er mange jorder i dette land, som er så nedslidte af jordskred fra fjeldene og vandstrømme ved bygderne, på hjemmemarker, enge og udmarker, at det falder folk tungt at overholde de samme fæstevilkår. Derfor ønsker mange, at de bliver nedsat, hvilket ikke er let for almuen at opnå. Det er heraf tungest at betale tiende af de store jorder, fire tiender, hvilket altid sker angående bøndernes ejendomme.

III° Nu vil jeg omtale, hvad der er den største betingelse for fysisk velsignelse i Island, især her på Nordlandet, at man altid har gode forråd af hø, så godt som omstændighederne tillader, og ikke belaster sig med for mange kreaturer. Men det foregår noget anderledes, når Gud giver de gode år, kappes man indbyrdes (nogle er således) om at få så mange kreaturer som muligt. Jeg taler ikke om det, som er nødvendigt, men om en unødvendig mængde utæmmede heste og andre urostiftere, som mest er trættende for folk, og som æder den bedste kerne af landet både hos dem, der ejer dem, og andre. Hvis vi i de gode år var omhyggelige med her i landet at samle hø, når der høstes meget, ville vores kreaturer ikke falde et for et af ringe foder om vinteren.

I 1753 begyndte her den vinter, der siden er blevet kaldt Den Hårde Vinter. Da døde kreaturer i massevis her på Nordlandet. Hvis folk inden den, da forholdene var gode, havde brugt Josefs fremsynethed og havde samlet hø, for det kan opbevares længe uden at lide skade, da var folks får ikke faldet således til jorden og derefter køerne. Derefter kom som venteligt tabet af mennesker, hvilket dog ville være blevet endnu hårdere, hvis ikke vores daværende nådigste herre og konge, Frederik den Femte, i salig ihukommelse, i 1756 havde indsendt her til landet kornvarer på to skibe for at redde og ernære folk. Men hvad angår alle verdslige fornødenheder her på Nordlandet, så er god forudseenhed med hø den vigtigste af alle.

IV° Det ville være til stor gavn for folk her i landet, hvilket dog de fleste steder bliver forsømt, at man sørgede for at have godt opstablede

gærder om hjemmemarkerne, hvilket ser ud til at have været tilfældet i gamle dage. De giver et godt ly for kulde om foråret og holder kreaturerne godt ude om sommeren. Dette er påbudt, men anarkiet har overtaget.

V° Jeg taler for mig selv såvel som andre almuefolk og beder underdanigst om, at de breve, som vedrører os og sendes ind i landet fra vores nådigste herre, kongen, opsættes på vores modersmål, og det måtte således være tilfældet i andre egne, så det ikke er nødvendigt at gætte om betydningen af dem af mig og mine lige.

VI° Det har længe været skik her i landet, jeg formoder siden i det trettende århundrede, at have fem mand i styre og forsvar i hver rep, således om det anføres i afsnittet om forsørgelse, kapitel 9,[1] hvilke ikke har haft nogen bestemt løn. Det har altid forekommet mig, at det ville være bedre, om der var to, som fik en vis, sikker løn. Så ville de forrette deres embede af mere omhu, for de kan ofte trætte sig selv og deres kreaturer, hvor andre er ved deres arbejde. Jeg mener, som vil føre tilsyn med, at tingene går ordentligt og tåleligt for sig i reppen. Eftersom vores sysselmænd nu har megen og god løn, kan de måske videregive noget af deres gavetolde, eftersom de har nydt godt af dem både vel og længe.

Dernæst ønsker jeg alle godt og forbliver underdanigst alle jeres ædelheders.

På Gunnsteinsstaðir i Langidalur i Húnavatnssyssel, den 25. juni A° 1771.	Ydmyge tjener Sigurður Þorláksson

[1] I den gamle lovbog, Jónsbók. *Jónsbók. Lögbók Íslendinga*, s. 146–147.

Guðmundur Jónsson, hreppstjóri á Spákonufelli, skrifar um bág kjör sín 1.6.1771. Lit. Oo. N° 5[a].

Guðmundur Jónsson, repstyrer på Spákonufell, skriver om sine hårde kår 1.6.1771. Lit. Oo. N° 5[a].

ÞÍ. Rtk. D3/5–24.
Innsigli/*segl*; Innskráð/*indskrevet* 15.7.1771; Bréf þetta og það næsta á eftir, frá Guðmundi Björnssyni í Höfnum á Skaga, liggja bundin saman og hafa verið bókuð á sama litranúmer. Hér eru þau aðgreind með lit. Oo. N° 5[a] og 5[b]. / *Dette brev og det følgende fra Guðmundur Björnsson i Hafnir på Skagi ligger bunden sammen og er opført på samme litranummer. Her er de adskilt med lit. Oo. N° 5[a] og 5[b].*

Áritun/*påskrift*: N° 5; Kongl. Majest^{s} Veledle hrr. Commesariis nu resande a Islande þienustuskildugastir; L. S.

Kóngl. Majest^{s}!
Veleðla hrr. Commissarii á Íslandi!

Svo sem ég meina mér sé nauðsynlegt og líka leyfilegt að auglýsa yðar veleðlaheitum mitt tilstand áhrærandi minn húsbónda, háeðla hr. biskupinn yfir Hólastifti[1] eður hans fullmegtugan svokallaðan ráðsmann, þar bý á einnri stólsjörðu, Spákonufelli, sem er annexía prestsins á Hofi á Skagaströnd. Nú fyrir því ég hefi jörðina á sjö ára tíma sem ég hefi búið hér, niðurfallna uppbyggt, en þó nefnilega kirkjuna að nýju byggt, svo hún er mér nú skyldug nær 30 ríkisdali eftir prófastsins vísstatz, en kirkjan svo fátæk ég hefi ei afgang hennar litlu inntektum á ári hvörju nema einn ríkisdal.

Líka svo hefi ég og ei aðrir fengið neina uppbót á ásauðarkúgildin, hvörki Hólastólslandsetar og ei heldur Þingeyraklausturslandsetar, það ég til veit, fyrir þessa fjársýki langan tíma. En nú kallaðar af mér sem öðrum hálfar leigur hið minnsta eftir þessi föllnu ásauðarkúgildi.

[1] Biskupsstóllinn á Hólum, Skag.

Nú svo vil ég hér með í undirgefni mig fyrirspurt hafa þénustusamlegast hjá yðar veleðlaheitum um þær sakir, nefnilega:

1° Hvört þeim sem vel endurbæta ábýlisjörð sína ber ei húsauppbót.[1]

2° Annað, hvört þeir sem kirkjunum lána peninga ber ei að fá rentu af þeim, sem hjá öðrum.

3° Hvar ég kann á að leita að fá minn kostnað og skuld sem hjá kirkjunni á, en hún fátæk jafnvel þó svo segi í hennar skjölum og máldaga það hún eigi hálft heimaland og svo aðrar nytjar.

4° Hvört aftekin er ásauðarkúgildisuppbót, eður það sé ei framar væntanlegt, ef svo væri mun mörgu þungt verða fyrir öllu að ábyrgjast.

5° Hvört jarðir sem undan fellur, eður af sér ganga, skulu standa við sama leigumála.

Þetta vil ég með auðmjúkri bón yðar veleðlaheitum til íhugunar recommenderað hafa, vonandi þénustsamlegast með lélegheitum góðrar úrlausnar upp á þennan minn memorial. En sé svo hrr. Commissariis þóknist að conferera hér um hans velbyrðugheit, hr. amtmanninn Ólaf Stefánsson, vona ég því framar og í undirgefni auðmjúklega um bið mér andsvar og úrlausn hér upp á gefist og vil finnast með stæðstu virðing.

Hrr. Commissiorum veleðlaheita auðmjúkur þénari

Spákonufelli d. 1. Junij 1771, á Skagaströnd og Húnavatnssýslu.

Guðmundur Jónsson

* * *

[Oversættelse 2015]

Kongelig Majestæts!
Velædle herrer Commissarii i Island!

Eftersom jeg mener, at det er nødvendigt og også tilladt for mig at tilkendegive for Deres velædelheder mine forhold angående min husbond, den højædle hr. biskop over Hólar Stift eller hans fuldmægtige, såkaldte rådsmand, så bor jeg på en gård tilhørende bispestolen,[1] Spá-

[1] Leiguliða var skylt að halda við húsum á ábýlisjörð sinni en á móti bar landeiganda að greiða tiltekna uppbót sem nefnd var húsauppbót.

[2] Bispestolen på Hólar, Skag.

konufell, som er et anneks til præsten på Hof på Skagaströnd. Nu fordi jeg på de syv år, hvor jeg har boet her, har opbygget den nedfaldne gård, endog har genopbygget kirken, så skylder den mig nu næsten 30 rigsdaler efter provstens visitats, men kirken [er] så fattig, [at] jeg kun får et overskud af dens små indtægter på én rigsdaler om året.

Ligeså har jeg ikke i lang tid, så lidt som andre, fået nogen erstatning for kogilderne for malkende får, hverken Hólar Stols eller Þingeyrar Klosters fæstere, så vidt mig bekendt, for denne fårepest. Men nu indkaldes af mig, såvel som andre, mindst halv lejeafgift for disse faldne kogilder for malkende får.

Nu, så vil jeg hermed underdanigst lade forespørge velvilligst hos Deres velædelheder om de forhold, nemlig:

1° Om de, der forbedrer deres fæstejord, ikke skal have hustillæg.[1]

2° For det andet, om de, der låner kirken penge, ikke skal have rente af dem såvel som andre.

3° Hvor jeg kan henvende mig for at få mine udgifter og gæld, som kirken skylder, idet den er fattig, selv om der står i dens dokumenter og fortegnelse over tilliggender, at den ejer halvdelen af sin hjemmemark og ligeledes andre goder.

4° Om erstatning for kogilder for malkende får er afskaffet, eller om det ikke kan forventes snart, hvis [ikke], vil det være hårdt fuldstændig at overholde.

5° Om jorder, der ødelægges eller forfalder, skal overholde de samme lejevilkår.

Dette vil jeg med ydmyg bøn have anbefalet til Deres velædelheder til overvejelse i håb om velvillig løsning af trængslerne i dette mit memorial. Men hvis det skulle ske, at det falder hr. Commissarii for godt at konferere om det med hans velbyrdighed, hr. amtmand Ólafur Stefánsson, håber jeg desto mere og beder underdanigst om, at der gives mig svar og løsning herpå, og [jeg] vil forblive med største respekt.

Hr. Commissariis velædelheders ydmyge tjener

Spákonufell, den 1. juni 1771, på Skagaströnd og Húnavatnssyssel.

Guðmundur Jónsson

[1] Erstatning eller kompensation for de udførte forbedringer.

Guðmundur Björnsson, hreppstjóri í Höfnum á Skaga, kvartar yfir skipsáróðri 13.6.1771. Lit. Oo. N° 5[b].

Guðmundur Björnsson, repstyrer i Hafnir på Skagi, klager over hoveri på båd 13.6.1771. Lit. Oo. N° 5[b].

ÞÍ. Rtk. D3/5–24.
Innskráð/*indskrevet* 15.7.1771; Bréf þetta og það næsta á undan, frá Guðmundi Jónssyni á Spákonufelli, liggja bundin saman og hafa verið bókuð á sama litranúmer. Hér eru þau aðgreind með lit. Oo. N° 5[a] og 5[b]. / *Dette brev og det forudgående fra Guðmundur Jónsson på Spákonufell ligger bunden sammen og er opført på samme litranummer. Her er de adskilt med lit. Oo. N° 5[a] og 5[b].*

Kóngl. Majest^{s}!
Veleðla hrr. Commissarii á Íslandi!

Svo sem ég meina mér sé anstæðilegt að auglýsa yðar veleðlaheitum mitt tilstand áhrærandi minn húsbónda, eðla klausturhaldarann að Þingeyrum,[1] og mig hans landseta búandi að Höfnum á Skaga, Þingeyraklaustursjörð, svo vil ég hér með í undirgefni mig þénustusamlegast fyrirspurt hafa hjá yðar veleðlaheitum um þær sakir, hvar úti mér þykir mér of þyngt vera, hvört þær billegar séu og lögum samkvæmar, nefnilega:

1° Það skip sem minn húsbóndi setur með jörðinni, og tilsegir mér því að fleyta til fiskifangs frá vorkrossmessu[2] til krossmessu á haust[3] (svo sem hans bréf til mín ljósast herma) og er fullkominn sexæringur, þarf því reyndar fullgilda menn til áróðurs. Stendur mér í vegi að ég get ei látið minn eigin fiskibát ganga til sjós um sumartímann, þá fiskur best gengur, alleinasta sökum mannaleysis, þar ég kann ei að útvega á

[1] Bjarni Halldórsson (1703–1773), sýslumaður í Húnavatnssýslu.
[2] Krossmessa á vori: 3. maí.
[3] Krossmessa á hausti: 14. september.

bæði skipin svo marga háseta sem þar þurfa. En húsbóndinn vill mér öngva háseta skaffa, heldur segir mér sjálfum að útvega þá. Hvað mér oftast ómögulegt er með því hann skikkar þá sjómenn, sem að vestan undir Jökli hingað koma (eða þó annars staðar að komi) að róa á þeim skipum sínum sem um sumarið á Rifi ganga. Má þar fyrir minn bátur uppi standa fyrir mannaeklu. En ég væri þó annars í alla staði velfornægður með nefnt húsbóndans skip, vildi hann skaffa mér háseta á það, nær ég get þá ei sjálfur fengið. Og sem ég fæ allskjaldan nóga og duganlega háseta á hans greint skip um vorvertíð og slátt, svo ræ ég mínum eigin bát, samt kallar húsbóndinn fortakslaust sinn skiphlut hvörn ég má endilega greiða, og geld ég sjálfur formannskaup þeim með minn bát fer, allt upp á minn kost, viljandi ei koma við það hásetaleysi. Þann sama skiphlut má ég fyrir ekkert vakta, fráteknum þorskhöfðum, og þar til lætur hann mér ekkert eftir í formannskaup, þótt ég skipti honum svo oft sem ég ræ, skiphlutnum, hvört formannskaup ég merki mínir formenn hér fyrr meir haft hafi.

2° Er húsbóndans vilji og skipan, að öll þau aðkomandi skip er hér vilja til sjós ganga hafi verstöðu á Rifi. En vegna þess að nokkrir fá þar öngvar verbúðir og öngva viðu til að uppbyggja þær með, hafa þeir begjört af mér að ljá sér verbúðir við mitt heimaútræði, er kallast Hafnabúð, fyrir sínar skipshafnir um vorvertíð. Svo hefi ég upp á minn eigin kostnað byggt hér þrjár búðir handa slíkum skipshöfnum, en húsbóndinn ei að síður kallar af mér (hvað ekki hefur verið fyrir mína tíð) fullan vertoll fyrir hvört það skip er við nefnda Hafnabúð gengur til sjós um nokkurn tíma, líka sem á Rifi gengið hefði. Einn vertoll af þessum og eitt sinn frekar hálfan, hefur hann mér eftirlátið fyrir það ég hefi passað upp á hans aðskiljanlegar sakir hér við sjóinn, svo sem búðir, hluti, skip etc. En ég þykist alla þessa vertolla með sjálfskyldu eiga er ég hefi byggt búðir til.

Ég vildi gjarnan fá að kaupa fyrrgreinda jörð sem ég bý á fyrir billegt verð ef fáanleg væri, en búa við ókosti sem ég hef við búið. Ég hefi búið á jörðunni 16 ár og aldrei verið uppbætt kúgildin sem ég með jörðunni haft hefi og öngva húsauppbót fengið.

Þess má ég hér með við geta að minn húsbóndi hefur mér ekkert byggingarbréf hér um útgefið en leigt mér rekann, fyrir visst eftirgjald, fyrir jörðunni. Svo er nú mín þénustusamleg fyrirspurn:

1° Hvört ég sé skyldugur til, nær húsbóndans skip kann ei til sjós

að ganga sökum hásetaleysis, að skipta honum skiphlut af mínum eigin fiskibát. 2° Hvört mér beri að vakta þann skiphlut fyrir ekkert. 3° Hvört ég eigi ekki billegt formannskaup sem ég meina að aðrir formenn eigi og hafi.

2° Hvört þeir skipshafna vertollar, er ég sjálfur upp á minn kostnað hefi byggt búðir til við mitt heimaútræði, heyri mér ei alleina til og ekki öðrum.

3° Hvört ég á kost á að fá fyrrgreinda jörð keypta eða hvörninn ég skal mér í því haga. Hún er 20 hundruð að dýrleika.

4° Hvört ég á nokkra uppbót á kúgildum eða hús jarðarinnar því ég hef sjálfur lagt viðinn til þess sem ég hefi byggt.

5° Svo sem ég má þola stórlegan skaða, ágang og átroðning á minni leigujörðu af sjómannahestum og hrossum og hefi alls ekkert þar fyrir, hvört mér beri slíkan átroðningsskaða fyrir ekkert líða eður hvar ég skuli mitt regress taka.

Þetta vil ég með auðmjúkri bón yðar veleðlaheitum til íhugunar recommenderað hafa, vonandi þénustusamlegast með lélegheitum góðrar úrlausnar upp á þennan minn memorial. En sé svo hrr. Commissariis þóknist að conferera hér um hans velbyrðigheit, hr. amtmanninn Ólaf Stefánsson, vona ég því framar og í undirgefni auðmjúklega um bið mér resolution hér upp á gefist og vil finnast með stæðstu virðing.

Höfnum d. 13. Junji 1771,
í Húnavatnssýslu.

Hrr. Commissariorum
veleðlaheita auðmjúkur þénari

Guðmundur Björnsson

* * *

[Oversættelse 2015]

Kongelig Majestæts!
Velædle hr. Commissarii i Island!

Eftersom jeg mener, at det anstår sig for mig at tilkendegive for Deres velædelheder mine forhold angående min husbond, den ædle klosterholder på Þingeyrar,[1] og mig, hans fæstebonde boende i Hafnir på Skagi, en gård tilhørende Þingeyrar Kloster, så vil jeg hermed under-

[1] Bjarni Halldórsson (1703–1773), sysselmand i Húnavatnssyssel.

danigst have forespurgt velvilligst hos Deres velædelheder om de forhold, hvor jeg finder, at det er for tungt, om de er rimelige og i overensstemmelse med loven, nemlig:

1° Det skib, som min husbond fæster mig sammen med gården og tilsiger mig at sejle for at fange fisk fra korsmesse om foråret[1] til korsmesse om efteråret[2] (således som hans brev til mig tydeligst tilkendegiver), og som er en fuldt udrustet seksåring, som derfor øvrigt skal være fuldt gyldige mænd til at ro, forhindrer mig i, at jeg kan lade min egen fiskebåd stikke til søs om sommeren, når fisken går bedst, simpelthen på grund af mangel på mandskab, eftersom jeg ikke kan skaffe så mange sømænd på begge både, som der skal bruges. Men husbonden vil ikke skaffe mig nogen sømænd og siger, at jeg selv skal skaffe dem, hvilket som regel er umuligt for mig, fordi han beordrer de sømænd, som kommer hertil vestfra under Jøkelen (eller andre steder fra), til at ro på de af hans skibe, som sejler om sommeren på Rif. Derfor må min båd ligge optrukken på grund af mangel på mandskab. Men jeg var dog ellers på enhver måde velfornøjet med nævnte husbonds skib, hvis han ville skaffe mig sømænd til det, når jeg ikke selv kan få dem. Og eftersom jeg ret sjældent får tilstrækkelig mange og dygtige sømænd på hans nævnte skib i forårsfisketiden og høhøsten, så ror jeg min egen båd. Alligevel kalder husbonden [det] uden forbehold sin skibsandel, som jeg bestemt skal betale, og jeg betaler selv af egen lomme formandsløn til dem, der sejler med min båd, for jeg vil ikke have, at der skal opstå mangel på sømænd. Samme skibsandel må jeg passe for ingenting, bortset fra torskehoveder, og desuden lader han mig ikke beholde noget til formandsløn, selv om jeg uddeler dem, skibsandelene, så ofte som jeg fisker, hvilken formandsløn jeg bemærker, at mine forgængere her har haft før mig.

2° Det er husbondens vilje og befaling, at alle de tilkommende skibe, der her vil drive fiskeri, skal have hjemsted på Rif. Men fordi nogle der ikke får nogen fiskeboder og intet træ til at bygge dem med, har de begæret af mig at skaffe sig fiskeboder ved mit fiskerleje hjemme, som kaldes Hafnabúð, til deres besætninger i forårsfisketiden. Derfor

[1] Korsmesse om foråret: 3. maj.
[2] Korsmesse om efteråret: 14. september.

har jeg på min egen bekostning bygget her tre boder til sådanne besætninger, men husbonden kræver ikke desto mindre af mig (hvad der ikke har været tilfældet før min tid) fuld lejetold for hvert skib, som sejler på fiskeri ved nævnte Hafnabúð en vis periode, som om det var sejlet fra Rif. Én lejetold af disse og en gang snarest en halv har han afstået til mig, fordi jeg har passet på hans adskillige sager her ved kysten såsom boder, genstande, både etc. Men jeg mener, at jeg naturligvis ejer alle disse lejetolde, som jeg har bygget boder til.

Jeg ville hellere få lov til at købe ovennævnte gård, som jeg bor i, for en rimelig pris, hvis det var muligt, end at måtte tåle de ulemper, som jeg har været udsat for. Jeg har været fæster på gården i 16 år og har aldrig fået erstatning for kogilderne, som jeg har haft med gården, og ikke fået noget hustillæg.

Jeg skal hermed tilføje, at min husbond ikke har givet mig noget bygningsbrev herom, men han har lejet mig drivtømmeret for et vist tillæg [til lejen] for gården. Så følger her min tjenstivrige forespørgsel:

1° Om jeg har pligt til, når husbondens båd ikke kan komme til søs på grund af mangel på besætning, at give ham en skibsandel af min egen fiskebåd. 2° Om jeg har pligt til at passe den skibsandel for ingenting. 3° Om jeg ikke har ret til en formandsløn, hvad jeg mener, andre formænd ejer og har.

2° Om lejetolde for de besætninger, som jeg selv på egen bekostning har bygget boder til ved mit fiskerleje hjemme, tilhører mig alene og ingen andre.

3° Om jeg har mulighed for at købe ovennævnte gård, og hvordan jeg skal bære mig ad med det. Den er 20 hundreder i vurdering.

4° Om jeg har [ret til] en erstatning for kogilder eller gårdens bygninger, for jeg har selv skaffet tømmeret til det, som jeg har bygget.

5° Eftersom jeg må lide stor skade, pågåenhed og indtrængen på min fæstejord af sømandsheste og hoppe og slet ingen oplysninger har om, hvorvidt jeg skal finde mig i sådan skade ved indtrængen for ingenting, eller hvor jeg skal tage min regres.

Dette vil jeg med ydmyg bøn have anbefalet til Deres velædelheder til overvejelse, i håb om velvillig løsning af trængslerne i dette mit memorial. Men hvis det skulle ske, at det falder hrr. Commissarii for godt at konferere om det med hans velbyrdighed, hr. amtmand Ólafur Ste-

fánsson, håber jeg desto mere og beder underdanigst om, at der gives mig svar og løsning herpå, og [jeg] vil forblive med største respekt.

Hafnir, den 13. juni 1771,
i Húnavatnssyssel.

Hrr. Commissariis velædelheders
ydmyge tjener

Guðmundur Björnsson

„Konungsundirsátar“ í Húnavatnssýslu skrifa um fjárpestina, dauð kúgildi og fleira 26.6.1771. Lit. Rr. N° 13.

“Kongens undersåtter” i Húnavatnssyssel skriver om fårepesten, døde lejekogilder med mere 26.6.1771. Lit. Rr. N° 13.

ÞÍ. Rtk. D3/5–50 (bréfið/*brevet*); D3/5–51 (danskur útdráttur/*dansk uddrag*). Innskráð/*indskrevet* 24.7.1771; Lá með bréfum úr Þingeyjarsýslu, lit. Rr. N° 1–12 en danskar þýðingar bréfa úr Þingeyjarsýslu, ásamt þessu eina bréfi úr Húnavatnssýslu, voru aðeins gerðar í útdrætti en þau ekki þýdd og afrituð í heilu lagi eins og önnur bréf. Dönsku útdrættirnir liggja bundnir saman í örk aftan við bréfin en hér eru þeir látnir fylgja hverju bréfi fyrir sig. / *Lå med brevene fra Þingeyjarsyssel, lit. Rr. N° 1–12, men en dansk oversættelse af brevene fra Þingeyjarsyssel og dette ene brev fra Húnavatnssyssel blev kun lavet i uddrag. De er derfor ikke oversat og afskrevet i sin helhed som de andre breve. De danske uddrag ligger bundet sammen i ark bag ved brevene, men her følger de hvert enkelt brev.*

Áritun/*påskrift*: Bréfið/*brevet*: Indkommet den 24de July 1771; N° 13. Útdráttur/*uddraget*: Lit. Rr. N° 1 til 13 inclusive fra bönder i Nordersyssel.

Kónglegrar Majts Commission á Íslandi gefum vér til undirréttingar hvað áhrærir fátæks almúga aðþrengjandi bágendi hér í Húnavatnssýslu.

1no Er hin stærsta orðsök sú skaðlega fjárpest sem í nokkur ár hefur svo þrengt að mönnum að þeir sem áttu 2 hundruð fjár og voru góðir bændur og gjörðu til góða þeim sem með þurftu, geta nú hvorki klætt

sig né fætt, því síður öðrum til aðstoðar verið, en skuldum vafðir og nauðlíðandi margur hver. Þó er nokkur fjölgun komin hjá sumum mönnum og pestin linari en ullin er ei til gagns sökum veikinda.

2do Einninn hafa jarðameðeigendurnir þrengt að með útheimtun kúgilda og leignasvörun eftir þau pestdauðu kúgildi til helminga. Þegar vart varð við pestina beiddu sumir bændur húsbændur sína að taka við kúgildunum meðan þau voru í standi og var þess enginn kostur, heldur skipuðu bændum að gefa þeim með góðri uppápössun og ábyrgjast að öllu. Drápust þau samt og varð skaðinn þess meiri, sérdeilis gjörðu þetta þeir sem höfðu forpagtað góts undir höndum og ríkir bændur sem þeim í slíku eftirfylgdu. Hefur svo fátækur almúgi orðið að fríðka upp á sig með því að láta kýr sínar í staðinn þeirra dauðu kúgilda og leigja þær síðan, eru svo innkomnar á sumar jarðir leigukýr, jafnvel fjórar á eina jörð sem ekki er meir en 4 hundruð. Geta svo þeir sem á slíkum jörðum búa ekki sjálfir kýrnar átt sér til bjargræðis, líða stóra neyð fyrir svo mikið leignagjald, þó eru prestar og nokkrir bændur sem jarðir hafa með átt og ekkert hafa heimtað eftir þau dauðu kúgildi.

3tio Tollatakararnir sýna öngva vægð, heldur útheimta þeir gjaftoll, lögmannsfiska og tíundir hið ýtrasta af hvörjum aumingja, hvað örfátækur, hungraður og nakinn sem hann vera kann, ef hann aðeins er við sama stað, þó hvorki geti hann goldið landskuld sína né þurfamanninum það hans er.

4to Sumir prestar heimta svo vel af þeim fátækustu sem fullríkum 10 fiska ljóstoll, 10 fiska lambsfóður og dagsverk í töðuslætti af öllum þeim sem ekki eru í skiptitíund. Tollana gætti ei svo mjög meðan sauðféð var nóg í landinu.

5to Hreppstjórnarmenn mega hafa stórt ómak og andstreymi, ekki einasta fyrir þeim fátæku, sem þolandi er þeirra vegna, heldur er þeim af valdi skipað að péna í öllum réttargangi. Þurfi nokkrum að stefna skipar þeim sýslumaður það að gjöra fyrir utan allan kost, tæring eður kaup, mega þó oft mæta stóru ómaki og fyrirhöfn, sumir af þeim meir en aðrir menn, líða svo mikinn ójöfnuð að hafa engin laun hjá því sem allir aðrir menn sem nokkurt starf á hendi hafa.

6to Þó einn bóndi hafi komið til niðurníddrar jarðar, keypt þar viðu, tilhýst og byggt hana upp á sinn eigin kost, fær hann engin laun hjá húsbændum þar fyrir, nema vera við meðan hann í lögskilum

stendur og geldur allar skuldir hið ýtrasta, og allir ábúendur mega hér gjalda allar tíundir af sínum ábýlisjörðum, vill það vera þeim fátæku of þung byrði.

Mætti nú fátækur almúgi fá nokkra vægð og linkind á slíkum þyngslum þá kynni hann nokkra viðrétting taka margur hver.

> Þetta gefum vér til undirréttingar þessari Commission, vors allra náðugasta arfaherra og konungs undirsátar í Húnavatnssýslu.
>
> Þann 26ta Junii, Anno 1771.

* * *

[Uddrag 1771]

Extract af de til Commissionen indkomne memorialer fra bönderne udi Tingöesyssel[1]

N° 13.

Nogle ubekjendte fra Hunevandssyssel erindre og forlange udi en memorial af dato 26de Junij 1771.

1° Beklage de den skadelige faaresyge.

2° At de fattige bönder maae med sine egne kjör betale de pestdöde qvilder og svare leje effter dem.

3° At tolder og tiender ere det strængeste udpressede af de fattige, dog de kan hverken betale landskyld eller lejer.

4° At nogle præster vil have lige megen lystold, lamfoeder og dagsværk af de fattigste som de rigeste, nemlig 10 fiske.

5° At reppstyrer har ikke nogle lön, men meget vitlöfftigt embede.

6° At de, som opbygger en forfalden gaard, faae ikke anden lön derfor end blive derved, medens de betaler alt det stængeste.

[1] Þingeyjarsyssel.

Skagafjarðarsýsla

Skagafjarðarsyssel



Skagafjarðarsýsla 1703 · *Skagafjarðarsyssel 1703*

Sýslumörk, hreppamörk og heiti hreppa eins og þau voru árið 1703, byggð á manntalinu 1703. Hreppaheiti voru breytileg og stundum fleiri heiti notuð samtímis á sama svæðinu. Þegar svo ber undir er heiti úr landsnefndarskjölunum 1770–1771 sett fram í sviga á kortinu. / *Sysselgrænser, grænser mellem repper og reppernes navne, som de var i 1703 ifølge folketællingen fra 1703. Navne på repperne var foranderlig, og nogle gange blev der anvendt flere navne samtidigt for det samme område. Når det er tilfældet, anvendes navnet fra kommissionens dokumenter 1770–1771 angivet i parantes på kortet.*

Heimild · *kilde: Manntal á Íslandi árið 1703. Tekið að tilhlutun Árna Magnússonar og Páls Vídalín, ásamt manntali 1729 í þrem sýslum.* Þorsteinn Þorsteinsson sá um útg. Reykjavík 1924–1947.

Kortagerð · *kort:* Björk Ingimundardóttir, Benedikt Jónsson og Egill Baldursson.

Hreppstjórar í Skefilsstaðahreppi skýra frá hag sveitarinnar 4.5.1771. Lit. Pp. N° 3.

Repstyrere i Skefilsstaðarep beskriver egnens tilstand 4.5.1771. Lit. Pp. N° 3.

ÞÍ. Rtk. D3/5–28.
Innskráð/*indskrevet* 3.7.1771.

Áritun/*påskrift*: N° 3.

Veleðla hávísir hr. Commissarii!
Hágúnstugir herrar!

Með því oss skilst af forordning vors náðugasta kóngs Christians sjöunda, dateraðri þann 15da maí 1770, að oss sem öðrum Íslands innbyggjurum sé leyft að flýja til hans kongel. Mayst um þá hluti sem vort fátæka föðurland skortir og mest um varðar og framfæra það fyrir hans útsendum veleðla hr. Commissariis, og er það sérdeilis eftirskrifað sem vér viljum í stæðstu undirgefni framfæra.

1mo Að vér auðmjúklegast og í stæðstu undirgefni umbiðjum að svo vel héðan af sem hingað til mættu ei einasta uppsiglast árlega landið og hingað flytjast nóg af þeirri nauðsynlegu vöru sem oss helst á liggur sem að er mjöl, grjón og brauð, þar vér finnum stóran skort á vorri lífsnæringu síðan sú grasserandi fjárpest kom í landið. Heldur og einninn biðjum vér auðmjúklegast að einn eftirliggjari danskur mætti hér eftir vera árlangt í þessum Hofsóskaupstað sem ætíð hefur nóg af matvöru, samt færum og öðru nauðsynlegasta til fiskiríis sem hann gæti oss selt eftir höndinni nær vér það borgað getum.

2do Þykir oss þungt í þessari harðindisfjárpestartíð að sauðir ganga ei svo vel í kaupstöðum sem vér annars fyrir þeim höfum. Þar vér

hljótum að gefa þeim heila veturinn í gegnum inn í húsum hey og kosta miklu meira upp á þá heldur en í fyrri daga meðan heilbrigðir voru að þeir sjálfir úti gengu á hagbeit. Óskum því auðmjúklegast í stæðstu undirgefni að sauðir mættu hér eftirdags takast í sláturkaupstöðum svo vel sem fiskur og lýsi á skreiðarhöfnum og oss eftir því sama sú danska vara út á þá svarast.

3io Dýrleiki á léreftum og klæðum er svo óviss fyrir almúgafólki að það veit ekki þó það kaupi 20 fiska klæði á 30 fiska, 8 fiska léreft á 10 fiska og svo framvegis, þar léreft og klæði voru í fyrri daga langt betri en nú gjörist. Óskum því þénustusamlega að prís á þessari og annarri þess háttar vöru mætti setjast á hvert stykki fyrir sig almúganum til eftirréttingar.

4to Peningar hafa hingað til dags gengið hér í landinu upp á landsvísu eftir Magnúsar kóngs lögum, nefnilega 1 rixdalur til specie reiknaður 30 al., sléttur dalur 20 al. og 2 mk. 10 al. En nú vilja landsdrottnar í landskuld ei taka rixdalinn meir en 24 al., sléttan 15 al. og 2 mk. fyrir 7½ al., hvað oss þykir stórlega þungt í þessari bágu harðindatíð að betala, einast fiskatal eður peninga upp á fiskatal, framar en í fyrri daga þar bæði er harðara í landinu og jarðir stórlega af sér gengnar. Er því vor auðmjúk bón að þetta mætti lagfærast og jarðirnar af skikkanlegum skýrum mönnum með áreið álítast og niðursetjast eftir billegheitum og ásigkomulagi.

5to Óskum vér í stæðstu undirgefni að ef vér að Guðs vilja og eftir konunglegri náð fengjum nokkra leiðrétting á þessu þá mætti oss það fátæku almúgafólki auglýsast því vér erum stórlega hræddir fyrir að margir af fátæklingum þessa lands viti ekkert af sumum kóngabréfum og forordingum sem inngefin eru í þetta land, því þótt við kunni að bera að sýslumaður lesi sumar upp í dönsku á þingum (sem fæstar munu þó vera) þá skilur almúginn þar ekkert af þar hann er soddan tungumáli óvanur.

Þetta í stæðstu einfeldni af oss bændafólki uppsett óskum vér þénustusamlegast í stæðstu undirgefni veleðla hr. hr. hr. Commissarii vildu vor vegna framfæra, biðjandi Guð almáttugan að styrkja þá í þeirra embættisverki svo vér aumir Íslands innbyggjarar og vorir niðjar mættu hafa gagn og not af þeirra hingaðreisu til landsins.

Vér viljum í stæðstu undirgefni finnast.

Ketu á Skaga
innan Skagafjarðarsýslu,
d. 4ða Maij 1771.

Veleðla hr. Commissarior
þénustuskyldugir
auðmjúkir þénarar

Þorkell Jónsson
Steinn Steinsson
Jón Guðmundsson
Þorvaldur Þorsteinsson
Jón Bjarnason

* * *

[Oversættelse 2015]

Velædle, højvise hr. Commissarii!
Højgunstige herrer!

Eftersom vi forstår af vor nådigste kong Christian den Syvendes forordning, dateret den 15de maj 1770, at det er os såvel som Islands andre indbyggere tilladt at fly til hans kongelige Majestæt om de ting, som vort fattige fædreland mangler, og er vigtigst, og overbringe det til hans udsendte, velædle hr. Commissarii, så beskrives især i det følgende, hvad vi i største underdanighed vil fremføre.

1mo At vi ydmygest og i største underdanighed beder om, at der såvel fremover som hidtil ikke blot måtte sejles årligt op [til] landet og bringes hertil nok af de nødvendige varer, som vi har mest brug for, som er mel, gryn og brød, eftersom vi mærker stor mangel i vores ernæring, siden den grasserende fårepest kom til landet. Men ligeledes beder vi ydmygest om, at der herefter måtte forblive en efterligger her hele året i denne Hofsós købstad, som altid har madvarer nok, samt fiskeliner og andet af det nødvendigste til fiskeri, som han kunne sælge os efterhånden, når vi kan betale det.

2do Vi synes, at det i denne barske tid med fårepest er hårdt, at får ikke går så godt i købstæderne, når vi ellers har besvær med dem, ef-

tersom vi er nødt til at give dem hø hele vinteren igennem på stald og have langt større omkostninger af dem end tidligere, da de var sunde og selv kunne gå ude og græsse. Derfor anmoder vi ydmygest i største underdanighed om, at man fra nu af modtager får i slagtekøbstæderne, tilsvarende som fisk og tran i tørfiskhavnene, og at man modsvarende så udleverer danske varer.

3io Prisen på lærred og klæde er så usikker for almuefolk, at de ikke ved, om de køber klæde til 20 fiske for 30 fiske, lærred til 8 fiske for 10 fiske og så videre, eftersom lærred og klæde i gamle dage var langt bedre end nu. Derfor anmoder vi velvilligst om, at prisen på disse og andre tilsvarende varer sættes på hvert stykke for sig til oplysning for almuen.

4to Penge har hidtil her i landet været i brug efter landets skik efter kong Magnús' lov, nemlig 1 rigsdaler specie regnes for 30 alen, en slet daler for 20 alen, og 2 mark for 10 alen. Men nu vil jordejerne i landskyld ikke tage rigsdaleren for mere end 24 alen, sletdaleren for 15 alen og 2 mark for 7½ alen, hvilket vi finder overordentlig hårdt at betale i denne svære barske tid, især priser i fisk eller penge efter fiskepriser, i forhold til i gamle dage, eftersom vilkårene i landet både er hårdere, og jorderne er voldsomt nedslidte. Det er derfor vores ydmyge bøn, at dette må blive bedre, og at jorderne vurderes af passende indsigtsfulde mennesker ved besigtigelse og nedsættes efter rimelighed og tilstand.

5to Vi ønsker i største underdanighed, at hvis vi med Guds vilje og af kongelig nåde måtte få nogen rettelse i dette, at det så måtte offentliggøres for os den fattige almue, for vi er voldsomt bange for, at mange af dette lands fattige ikke kender til nogle kongebreve og forordninger, som er indsendt til dette land, for selv om det kan hænde, at sysselmanden oplæser nogle på dansk på tinge (hvilket dog nok er de færreste), så forstår almuen intet af det, eftersom den ikke er vant til et sådant sprog.

Dette, sammensat i største enfoldighed af os bønder, ønsker vi velvilligst i største underdanighed, at hr., hr., hr. velædle Commissarii vil fremføre på vore vegne med bøn om, at Gud den almægtige vil styrke dem i deres embedsværk, så vi Islands fattige indbyggere og vores efterkommere kan få gavn og nytte af deres rejse her til landet.

Vi vil i største underdanighed forblive

Keta på Skagi
i Skagafjarðarsyssel,
den 4. maj 1771.

De velædle hr. Commissariis
velvilligste
ydmyge tjenere

Þorkell Jónsson
Steinn Steinsson
Jón Guðmundsson
Þorvaldur Þorsteinsson
Jón Bjarnason

Hreppstjórar í Sauðárhreppi rita álitsgerð um viðreisn landsins 10.4.1771. Lit. ZZ. N° 8.

Repstyrere i Sauðárrep skriver en redegørelse om genrejsning af landet 10.4.1771. Lit. ZZ. N° 8.

ÞÍ. Rtk. D3/4–3.
Innsigli/*segl*; Innskráð/*indskrevet* 15.5.1771; Eins og sjá má þá svipar greinargerð þessari mjög til greinargerðar Þorleifs Claus Brynjólfssonar hreppstjóra í Akrahreppi (lit. ZZ. N° 9) en þeir Brynjólfur Halldórsson, sem hér kvittar undir bréfið, og Þorleifur voru náfrændur. Brynjólfur var sonur Halldórs Brynjólfssonar biskups á Hólum, 1746–1752, og Þorleifur bróðir biskupsins. / *Som det ses, ligner denne redegørelse meget redegørelsen fra repstyrer i Akrarep, Þorleifur Claus Brynjólfsson (lit. ZZ. N° 9), og han og Brynjólfur Halldórsson, som skriver under her, var nært beslægtet. Brynjólfur var søn af Halldór Brynjólfsson, biskop på Hólar, 1746–1752, og Þorleifur var biskoppens broder.*

Áritun/*påskrift*: Indkom d. 15. Maii 1771; Lit. ZZ. N° 8; Skagefiordssyssel; Velædla, velbyrdigum hr. Andreas Hollt. Velædla og hávysum hr. Thorkiel Fiældstæd. Velædla höyfornehmme sr. Tomas Vindekilde. Hans kongel. Maj^{ts} allranadugast tilskickudum Commissarii á Iislande; L. S. L. S.

Veleðla og velbyrðigi, hr. Andreas Holt!
Veleðla, hávísi, hr. Þorkell Fjeldsted!
Veleðla, höyfornehmme, sr. Tomas Vindekilde!

Hans kongel. Majestetz allernaadigst beordrede Commissarios udi Island, náðugir herrar!

Eftir hans kongel. Maj^{ts} innsendu náðarbréfi af 15da Maj 1770 tek ég mér fáfróðum, ásamt mínum meðbræðrum hér í Sauðárhrepp liggjandi innan Skagafjarðarsýslu, þá djörfung fyrir að tilsenda ykkar herradóm, mína og hreppstjóra hér í hrepp, okkar fáfróða en þó velmeinta þanka, ef ske mætti að eitthvað af þeim kynni nýt að sýnast til föðurlandsins góðra nota. Hver vér sameiginlega óskum að ske mætti í öllu því sem gjörlegt álíst, og að sá þríeini eilífi góði Guð fengi fyrst og fremst tilheyrilegar þakkir og lofgjörð, vor allra náðugasti herra og konungur vegsemd og skyldugt þakklæti, mót sinni föðurlegri elsku og umhyggju fyrir oss, sínum allra undirdánigstu innbyggjurum og almúga þessa lands, en ykkar herradómur stórt æru og hefðarnafn, svo vel um eftirkomandi sem yfirstandandi tíð. Biðjum svo því næst í stæðstu undirgefni ykkar herradóm að misvirða ei vora óviturlega þanka sem ei er ólíklegt að af oss fávísum verði fávíslegir álitnir og til slúttingar næst minni respective ástsemdarkveðju til ykkar allra og óskum bestu í Christo.

Jeg henlife í underdanighed.

Sauðá í Skagafjarðarsýslu,
d. 10. Apriil A° 1771.

Veleðla, velbyrðugs
veleðla, hávíss
veleðla, höyfornehmme herres
tjenst ærbodigste tjenner

Brynjólfur Halldórsson

Veleðla, eðla og höyfornehmme!
Hans kongel. Maj^{ts} Commissarier!
Háttvirðandi herrar!

Það er alkunnugt svo vel æðri sem lægri stéttar mönnum orðið hér í landi hvessu hans konunglega og háprísanlega náð ber og hefur borið kærleiksfullt og meðaumkunarsamt hjartalag til vor sinna fátæku undirsáta hér í landi. Hvar af auglýsist að hans mildiríkur vilji er að þetta fátæka og fjarlæga land hans Maj^{te} mætti komast í eitt betra stand en hér til verið hefur, ef mögulega skeð gæti, og eitt með öðru

ber ljósast vitni hans hér innsent náðarbréf af dato Christiansborg 15da Maj þessa árs. Hvar inni leitt er hverjum sem einum, er nokkuð kynni upp að þenkja hans, þessum náðarvilja til framkvæmdar, í tilliti til landsins velferðar og tilsenda yður góðir herrar sína þanka. En vér hér í hrepp ásamt vorum líkum, fyrirverðum oss fáviskunnar vegna, sérdeilis þar vér þykjumst vita, að hinir æðri og vel vitibornu menn búnir vera að gefa til kynna og í ljós að leiða sína viturlegu þanka, sem líklegt er að gjöri vora grunnhyggni að litlu eður öngvu, sem máski að svo vel hér í landi sem víðar annars staðar hafi auglýst sig, þá vís og fávís, ríkur og fátækur, hafa saman átt með því að viðurkvæmilegt er að höfuðið sjái svo fyrir fótunum að því sjálfu verði ekki fallhætt. En hvessu mundi því vegna ef fótanna missti aldeilis við, og hversu sem þessu er varið dirfunst vér undirskrifaðir í djúpustu undirgefni að innsenda vora sameiginlega meining til ykkar herradóms yfirskoðunar, með undirdánigstu fyrirbón að hvað sem vitsamlegt hittast kynni í eftirfylgjandi póstum mætti fyrirhitta góða áheyrslu en hitt náðugan pardon sem ei getur staðist og ónytsamlegt kynni að álítast, hvar til vér oss forlátum að gefa með rajson upplýsing á hvað öllum hér á landi, en þó sérdeilis almúganum, kynni til viðurhalds og hjálpar að þéna, að tilkallaðri Guðs náðarríkri hjálp og blessan.

1° Kályrking og þess brúkan sýnist nauðsynleg, sérdeilis þeim sem það geta með nokkru bætt í matartilbúningnum, þar skeður og við lítill kostnaður, fyrir utan að innkaupa fræið ásamt þess léttbæru yrkingu, þá garðurinn er annars tilsettur og jörðin komin í nokkurt stand en aðferðin mikið auðlærð. Svo hittast og nokkrir sem til þessa hafa reynt hér norðanlands hvar það hefur fullvel artast. Einninn styrkir mikið til þessa verks sú nýprentaða urtagarðsbók. En auðvitað er það að mikið aftrar það fólki hér um pláss að reyna þetta, þar það vildi næsta lítinn ávöxt færa þar sem mr. Jón Grímsson til reyndi í fyrra og hefur það mátt orðsaka ónýtt fræ ásamt sterkum vorkulda en jörðin aldrei yrkt fyrri. Það má sýnast mikið undarlegt, að hér í landi skuli með öngvu móti vaxa korn hjá því sem annars staðar, hvar þó meinast að vera svo kalt sem nokkurn tíma hér. Orðsökin meinast að vera sú helsta það menn fá ekki frískt kornið úr þeim köldustu landspörtum sem það vex, nefnilega úr Svíþjóð norðarlega eður Norvegi. Úr þessum landspörtum er líklegt að vorir formenn, sem bevísað verður að hér hafa brúkað mélakra, tilflutt hafi sitt fræ, og þá verið góð áran en ekki

óáran svo sem var þá hér var mest til reynt að fá upp korn. Það má fyrir víst segja að ekkert er líklegra til hjálpar þessu fátæka landi en ef Guð gæfi að hér artaðist með korn.

2° Ef mögulega gæti látið sig gjöra að landsins reiðarar vildu gefa, í þessari bágendatíð þar sem pestin yfir stendur, léttara prís á allri matvöru, nefnilega að ein tunna méls kynni að vera fyrir 80 fiska í prjónalesreikning,[1] líka sem hún er annars staðar á landinu í fiskareikning[2] og svo þar eftir ein ½ eður kvartel. Sama er um baunir, grjón og brauð að segja. Sömuleiðis að kaupmenn synjuðu ei fátækum og nauðlíðandi mönnum láns á þeirri vöru sem þeir mega ei án sinnar stórrar neyðar missa, sem er sérdeilis matvara, járn, steinkol, hampur, færi, viður til skipa og þess konar.

3° Að hér í sýslu mætti vera einn eftirliggjari sem áður áminnsta vöru kynni til sölu að hafa, er með öllu ómissandi, sérdeilis ef enginn léttir fengist hjá Compagníinu í því að niðursetja vöruna, þar svo títt við ber hér í sýslu við sjósíðuna að menn missa sín veiðarfæri til sels, hákarls, fisks, silungs og undir tíðina, skip fyrir veðrum. Tapa svo í það sinn allri sinni aflavon, hvar af margir standa í nauð og bágendum, fá síðan ekkert endurbætt fyrr en skip koma og það oft mikið seint. En fæstir kaupa meira af þessu en sjálfir þurfa á að halda og getur þar fyrir enginn öðrum bjargað.

4° Sýndist gott fyrir almúgann að kramvaran væri niðursett og hér mætti fást inn í landið einn viss taxti yfir allt hvað sá gamli ekki hefur. Nefnilega verkað stál, vír og öðru þvílíku, því það verður léttilega bevísað að ójafn taxti er hér í kaupstöðum. Á dregnu látúni í einum fæst pundið á 24 fiska, í öðrum 22 og sums staðar á 20. Flónel í einum á 40 f., öðrum á 30 f. Gengur svo þettað og annað þvíumlíkt eftir kaupmannanna gott befindende, líkt því sem mælir sá er, sem þeir mæla sér inn lýsi en út tjöru, hverjir mælarar vér meinum að jafnt eigi að draga, tilmeð fæst varla steinkolatunna hærri en méltunna, þar vér meinum þó að það skyldi annað tunnurúm fyrir steinkol og annað fyrir mél. Líklegt sýnist að Compagníinu mætti þykja þungt að taka stóran skaða fyrir þessa lands bágendasakir, en mætti hér viðgangast

[1] Reikningur þar sem verðlag kaupstaðarvöru miðast við að greitt sé með landbúnaðarafurðum.

[2] Reikningur þar sem verðlag kaupstaðarvöru miðast við að greitt sé með sjávarafurðum.

almennileg og frjálsleg höndlan, sem vér látum oss segja að hér hafi í fyrri tíð brúkuð verið, myndi það mikið léttara fyrir alla og ekki síst Compagníið, hvert eð hefur svo stórkostlegar útgiftir til sinna undirhafandi kaupmanna og erfiðisfólks í kaup og kost. Væri það og eftir sem vér meinum heila landinu kært að hér inn kæmi seperat höndlan.

5° Væri mikið gott fyrir innbyggjendurnar að þeir sem hér við landið brúka hvalfangerí sigldu upp með hvalkroppana, nær þeir hafa þá afspikað, og seldu þá landsmönnum fyrir hægt verð en þeim væri skikkanlega betalað sitt ómak, hverjir hvalkroppar gjarnan sökkva niður og verða öngvum til nota. En mætti þettað viðgangast sýnist billegt að sá partur sýslunnar sem hvalurinn í kæmi betalaði þeim sitt ómak og að hinir fátækustu í þeim parti fengju í það minnsta ⅕ta part þar af gefins, en gæfi Guð annan á sama sumri að sá síðari mætti depúterast til þeirra sem ekkert fengu.

6° Sýnist náttúrlegt, að nær tukthústollsins inntekt sýnist að stíga svo hátt að rentan þess kassa hrökkur til viðurhalds fanganna með þeirra eigin vinnu (hverjir ekki sýnast við bágari kost að búa en margur fátækur og félaus bóndi) mætti falla aftur í sinn stað. Eður þá ef ykkar herradóm sýndist að hún félli nú í þessari bágu tíð af fasteigninni, er í hverjum hrepp liggur, til þeirra sem aumastir eru upp á bjargræði, er hreppstjórar niðurraði og innkalli og með tilstyrk sýslumanna fái betaling sannsýnilegan af sömu tollum, er þeir gjöri skýlausan reikning fyrir árlega á vorþingi eður prófasti þeirrar sýslu. En gæfi Guð að fjárpestinni og bágendunum linaði, að sami tollur mætti þá leggjast til uppfræðingar fátækustu barna í hreppnum, eftir sem til hrykki, og sýndist best til fallið að sóknarprestur þeirra barna útveldi einn guðhræddan og velskikkaðan bónda, ef sjálfur ómögulega gæti því viðkomið að uppfræða þessi börn, hvar fyrir hann vér meinum presturinn eður bóndinn hefðu eftir tiltölu sín laun. Þettað sýnist stórnauðsynlegt til Guðs dýrðar og barnanna velferðar.

7° Væri stór þörf fátækum bændum á, hér í landi, að þeir sem jarðir eiga eður undir höndum hafa, hvar þessi fjárpest grasserar, linuðu sínum landsetum[1] nokkuð í eftirgjaldinu. Svo sem að hvar væri 1 hndr. hundrað í landskuld, mætti niðurstíga til 100 eður 110 álna og væri það með öngvu móti fáanlegt, að landsdrottnar létu sig þá

[1] Leiguliðum.

ekki vera fundna í því að fella hartnær til helminga þá landaura sem vor gamla lögbók ákveður að í sínu verði standa skuli í allar skuldir. Hvað hægt mun að bevísa viðgengist hafi svo vel hér í hrepp sem sums staðar annars staðar, undir hverju að liggja eykur stæðsta ruin fátækum mönnum og óskandi væri að þar á fengist endurbót. Það sýnist ekki heldur rétt billegt að bændum skuli uppálagt vera af landsdrottnum sínum, ábyrgjast annra manna góss, nefnilega ásauðarkvíildi fyrir fjárpestinni, og betala þau svo lengi sem sjálfir eiga eina sauðarkind, en þá með öðru ef hennar missir við, sérdeilis á þeim jörðum sem ekki gefa af sér stórt yfir kvíildanna fóður. Og hverju má bóndinn þá á fót koma til að betala með allar sínar skuldir, en sjálfum sér og sínum börnum og hjúum til lífsbjargar og framfæris. Þettað allt að framvísa, svo sem það í raun og sannleika er, mundi sýnast nógu þungar angefningar upp á sumra landsdrottna síðu, frá eru skildir þessu allir sannsýnir menn og ekki síst bændur sem jarðir eiga, hverjir sýnast ganga allt svo vel og sannsýnilega til verks sem hinir er valdið þykjast hafa meira.

8° Skyldi vel í akt takast að sem fæstir fengju að vera lausamenn, utan með svo móti að þeir gæti það að lögum verið, því bændur þarfnast stórum þar fyrir vinnumanna en allmargir og mikið fleiri en lögin leyfa hlaupa til að vera sjálfs síns menn. Eru síðan á sumrum kaupamenn hjá bændum, hverjir þeim verða að gjalda allt hið besta úr búi sínu, svo margir bændur að því búnu sitja eftir bjargarlitlir en hinir þykjast vel hafa að verið nær þeir hafa sitt kaup, hversu sem fer þá um önnur lögskil sumra þeirra, nefnilega tíund, ljóstoll og etc.

9° Sýnist gott að kaupmenn væri ei með öllu svo vandir að sæmilegri ullarvöru almúgans svo sem það nú til gengur hér í kaupstað. Því síðan mest gekk af fólki og bágendin aukist hafa, taka þeir eður taka vilja á þrjá fiska þá púlsokka[1] er hér voru fyrr meir teknir viðstöðulaust á 4 fiska. Smábandssokkar,[2] sem hér voru fyrr teknir á 20 til 28 og jafnvel á 30, koma nú upp á 12 til 15. Aðrir sem gengu á 15 f. eður jafnvel 20 eru teknir á 7 til 10 fiska. Peysur sem hér gengu af tvinnuðu bandi, sæmilegar að allri gjörð, gengu hér á 20: 30: 35, fyrir utan hörbandspeysur, ganga nú á 12: 15: hæðst 20 fiska. Að vér tölum ei um hversu kaupmaður hér smíðar sér taxta á nautum, geldum kúm og þess konar. Þettað þyrfti stórrar lagfæringar við ásamt öðru.

[1] Sokkar úr grófu ullargarni.
[2] Sokkar úr fíngerðu ullargarni.

10° Virðist vel tilheyrilegt að þær persónur sem giftast vilja, séu því aðeins í hjónaband gefnar að þær séu þekktar að þjónustuþrifnaði og frómleika, þótt fátækar séu. Hefðu síðan sinn skýlausan vitnisburð frá sínum fyrrverandi húsbændum og hreppstjórum, að svoleiðis væri á sig komnar sem fyrr segir. Þettað sýnist að vera ungu fólki einn lærimeistari til að kenna því þrifnað og hollnustu í þjónustunni, og mundu kannski færri sem nú innganga hjónaband án manngreinarálits, taka tíundir á fyrstu árum síns búskapar en taka. Hefði þessi skólameistari verið hér í landi, því varla kann ein persóna sem aldrei tamdi sér hjá öðrum af neinnri ástundan þjónustuþrifnað og hollnustu, að taka þá fyrst til þess er hún skal setja fætur undir sjálfrar sinnar bú, sem raun gefur allvíða vitni.

11° Virðist ekki óbillegt vegna fátæktar bændanna er mörgum skyldum eiga að svara en geta varla og sumir ekki klætt sig og sína neyðarlaust, að ákvarðað væri kaup vinnumanna eftir sem hverju sveitarlagi hagaði, sérdeilis þar sem ekki er að byggja upp á annað en málnytu. Nefnilega að einn meðalmátavinnumaður sem slær tveggja daga slátt á viku mætti fá í sitt kaup 10 aura voðmál eður voðmálsverð eftir sem verið hefur sokka og vettlinga. Hinir skárri, sem slá þriggja daga slátt á vikunni og gjöra þar eftir öll önnur verk til lands og sjóar, 80 álnir auk voðmáls eður einskeftu[1] til fata, og eftir sem yrði annan aðbúnað. En þeir sem væru smiðir og þénanlegir til allra verka 1 hndr. í kaup og voðmál. En að nokkrir skuli stilla upp á stór laun, sem varla eður ekki reynast matvinnungar, er með öllu ótilheyrilegt og ólíðandi, sérdeilis í þessari tíð.

12° Sýnist ekki óviðurkvæmilegt að sá gjaftollur sem valdsmenn taka og vér meinum sé í fyrstu að gjöf innkominn af almúga hér í landi, en fyrir hvað vita ekki allir vel að segja upp á víst, mætti hjá þeim fátæku kortast eður fyrir það minnsta gjaldast í öllu því er landaurar heita en ekki einskorðast út í kaupmannsvöru, hvörja fólki veitir mjög bágt úti að láta í þessari ullarleysis- og bágendatíð.

13° Þætti oss mikið líklegt að ykkar herradóm sýndist ekki óbillegt að hreppstjórar hér í landi (hvörjir hafa viðlíkt verk á hendi og pólitíið utanlands eður ekki með öllu ólíkt) sem margt ómak og mæðu hljóta að hafa með sinni ráðstjórn í hreppunum, til léttirs öllum sem tíundir

[1] Ofið ullarefni.

taka, nefnilega biskups, prests, kirkju og fátækra. Síðan undir tíðina að vera sem sýslumannsins önnur hönd hvað hreppanna vandræði áhrærir, mættu fá einhverja litla hýru fyrir sitt margfalt ómak og ánauð sem þeir líða mega mörgum öðrum fremur sem þó skikkanleg laun hafa og ekki ævinlega þéna sem drengir, ættu þeir nú sem aðrir menn fyrir nokkru að gangast, jafnvel þótt lítið væri, mundu þeir enn liðugri í sinni þjónustu og gjöra það þó margir og velflestir eftir megni.

14° Er spursmál hvert bændur sem búa á klausturs og krónunnar[1] jörðum séu skyldugir fyrir ekkert að leggja við allan til sinna leiguhúsa, jafnvel þótt til þeirra komi lítt stæðilegra. Þettað láta sumir sér um munn fara að sé með öllu rétt að bændur viðhaldi þeim upp á sinn kost svo vel til viða sem veggja. En vor gamla lögbók landsleigubálkur 3. cap.[2] leggur einast upp á bóndann torfverkið en framar ekki.

15° Að kaupmenn vildu flytja hér inn til landsins smáa en þó duganlega kompása hvar með sjóreisandi menn kynni sér að hjálpa sér í fjúki, þoku og þess konar.

Hér mætti kannski margt fleira til finna, en vér þykjunst vita að vorir kæru landsmenn, sem fremur eru vitibornir, munu hafa látið sig hlýðuga finna hans Maj^ts^ vilja, og margt viturlegra til fundið í því sem til góða kynni að horfa eftirkomendunum. En óskum þar hjá, að sá eilífi góði Guð sé í ráði og samverkandi vors allranáðugasta herra og konungs náðugum vilja, svo æðri sem lægri hér í landi mættu njóta þeirrar tilætluðu hjálpar, svo hans nafni mætti verða til lofs og dýrðar. En hans Maj^ts^ til ævinlegs heiðurs og sóma en ykkar herradóm til eftirminnilegs heiðurs, æru og virðingar.

Vér henlifum í stæðstu underdanighed.

Sauðá í Skagafjarðarsýslu,
þann 9. Apriilis 1771.

Veleðla, velbyrðugs
veleðla, hávíss
veleðla, höyfornehmme herres
tjenstærbödigstu tjennerre

Brynjólfur Halldórsson
Jón Jónsson
Jón Kársson

* * *

[1] Þ.e. krúnunnar eða konungs.

[2] *Jónsbók. Lögbók Íslendinga*, s. 160–161.

[Oversættelse 1771]

Translation

Velædle og velbyrdige, hr. Andreas Holt!
Velædle, höyviise, hr. Thorkield Fjeldstæd!
Velædle, höyfornemme, sr. Thomas Windekilde!
Hands kongelig Mayestets allernaadigste beordrede Commissarier udi Iisland!

Effter hans kongelig Mayestetts indsendte naadigste breve af 15de Maij 1770, foretager jeg mig af eenfoldighed, tilliige med mine medbrödere her i Saurbaijhrepp[1] beliggende inden Skagefiordssyssel, den fordristning at tilsende Eders herredom min og hreppstiorer her i reppen vores eenfoldige dog velmeente tancker, om skee maatte, at noget af dem kunde synes at tjene faderlandet til god nytte, hvad vii samegentlig forönske at skee maatte i allt det, som for gjörligt ansees, og at den treeenige, ævige, gode Gud faar först og fremst tilhörlig tacker og lovbönner, vor allernaadigste konge og herre lycksalig berömmelse og skyldigste taksigelser for sine faderlige elskerige omsorg mod os, sine allerunderdanigste indbyggere og almue dette lands, end Eders herredom stor ære og et ophöyet nafn saavel i den efterkommende som nuværende tiid. Beder saa hernæst i störste undergivenhed at fortæncke ej vore ufornuftige tancker, som icke er urimeligt, at fra os vankundige vorder betydet noget bedre og viissere næst min respective kjærligste hilsen til Eder alle og önsker beste i Christo.

Jeg henlever i underdanighed.

Saudaa i Skagefiordssyssel,
den 10de April 1771.

Velædle, velbyrdige
velædle, höyviise
velædle, höyfornemme herrers
tjenstærbödigste tjener

Bryniolver Haldorsson

[1] Skrivefejl fra oversætterens hånd. Det korrekte er Sauðárhreppur.

Translation

Velædle, edle og höyfornemme!
Hans kongelig Mayestetts Commissarier!
Höystærede herrer!

Det er alle bekjendt, saavel den höye som ringe stands persohner herudi landet, hvorledes hands kongelig Mayestetts af höypriiselig naade bær og haver baaret eet kjærligt og medynksom hjertelaug til os sine fattige undersaatter her i landet, hvoraf klarlig sees, at hans milderiige villje er, at dette fattige og langt fraliggende land hans Mayestett maatte komme i et bedre stand end hidindtil været have, om mueligt skee kunde. Tillige bevidner hans Mayestetts her indsendte naadigste bref af dato Christiansborg 15de Maij 1770, hvorudi tillades hver og een, der noget kand optæncke hans Mayestetts naade villje til forfremmelse i hensigt til landetz velfærd, og tilsende Eder gode herrer sine tancker derom. Men vii her i reppet tilliige med vores ligemænd undseer os formedelst vor vankundighed, særdeles der vi tyckes viide, at hine andre af höjere stand monne allereede have indsendt og tilstillet sine fornuftige betænckninger, som er rimeligt, at vores derimod er af en slet grund og af liden eller ingen betydenhed, som maaeskee at saavel her i landet som andensteds have aabenbahrt sig de vise og uvise, riige og fattige, have haft sæde sammen, med det at forseeligere er, at hovedet seer saa for föderne, at det self vorder icke skadfal. End hvordan monne det tilgaae, om föderne aldeeles var mistet. Og hvorledes dette er nu befatted, fordrister vi underskrevne os i dybeste underdanighed at indsende vores samegentlig meening til Eders herredoms gotbefindende med underdanigst forbön, at hvad som nyttelig kunde findes i effterfölgende poster, maatte forehitte en god bönhörelse end det andet en naadig pardon, som icke finder sit rette stæd. Hvortil vi forlader os at give med raison oplysning paa, hvad alt her i landet og særdeeles almuen tjene kand til deres understöttelse og ved hjelp næst Guds naadige hjelp og velsignelse.

1° Kaaldyrkning og dess brugelse synes nödsynligt særdeeles dem, som det med anden madbereedning kand blandes og forbedres, dertil gaaer liden bekostning foruden at indkjöbe fröet og indrette kaalhaven med god jord, end maaden dermed maae dog vel oppasses. Der hittes

og nogle i Norderlandet, som har dette forsögt og artet sig rett gott. Ligesaa har vi god undervisning til dette verk af den nye prentet urtegaardsbog. Vel er det vidende, at folck heromkring i dette plads har holdet sig noget tilbage med umage, siden mr. Grimson, der her forsögede og fick næsten liden væxt deraf, maae skee kunde have foraarsaget fröet gammelt og fordervet, samt med sterke foraarskulde, end jorden aldrig tilforn vel rögtet dertil. Det maae tykkes meget underlig, at her i landet ingenlunde skulle kunde voxe korn som paa andre stæder, som dog formeenes at være ligesaa koldt som her. Aarsagen formeenes helst være denne, at mand faae icke frisk korn fra de koldeste landsparter, hvor det voxer, nemlig fra den norderlig part Sverrig eller Norge. Fra disse landsparter er rimeligt, at vore formænd, som beviset vorder at her have brugt kornagre, tilflött have sit fröe. Og da været gode aar end icke uaar, saasom her var, da det mest blev forsögt at faae kornopvæxt. Det maae forvist siges, at intet er ligere dette fattige land til hjelp, om Gud gaf, det her maatte arte sig.

2° Om mueligt kunde lade sig gjöre, at landets reedere vilde i denne bekymmerlige tiid, dersom pæsten helst grasserer, lette priisen paa alle madvahre, nemlig at een tönde meel maatte være for 80 fiske i pronlæssreigning,[1] ligesom den er andenstæds i landet paa fiskeregning,[2] ogsaa dereffter ½ td. og ¼ deel. Ligesaa ærter, gryn og bröd. Iligemaade at kjöbmanden icke maatte nægte fattige og nödtrængende folck laan paa deres vahre, som de ellers uden stor nöd ej kand undvære, som er særdeeles madvahre, jern, steenkuul, liner, træe til deres baade og deslige.

3° At her i sysselet maatte være een effterliggere, som hafde forbemelte vahre at selge, er umistelig, særdeeles hvis ingen lettelse fick hos Compagniet paa vahrene at nedsette, saasom det offte tilbær her i sysselet ved söen, at mand mister sine instrumenter, som bruges til selhunde, hakalsfisk, selunge eller örter[3] og undertiiden baade, som af stormvinde optager, taber saa i den tiid ald sin aufling, som hand ellers

[1] Strikvareregning. Regning, hvor værdien på handelsvarer sættes ud fra, at der betales med landbrugsprodukter.

[2] Regning, hvor værdien på handelsvarer sættes ud fra, at der betales med produkter fra fiskeriet.

[3] Den islandske tekst nævner *sæler*, *hajer*, *fisk og ørreder*. Selunge: ørred. Islandsk *silungur*.

kunde forvente sig, hvorfore mange staar i nöd og faar ingen hjelp til at rette sit fangereedskab i stand med, förend skibene komme, og det offte meget seent. End faae kjöbe meere af saadanne ting, end de self behöve, og kand saa ingen anden hjelpe.

4° Syntes got for almuen, om kramvahre blev nedsadt og her maatte faaes indtil landet een viss taxt overalt, hvad den gamle icke have, nemlig virked staal, messingtöy og andet deslige, thi det kand lettelig bevises, at taxten er saa ulige her i kjöbstæden, saasom draged messing en sort eet pd. à 24 fiske, anden 22 og somme tider à 20. Flonel i en paque 40, anden 30 f. Tilgaaer saa med dette og andet ligt effter kjöbmandens gottbefindende ligesom kuttingsmaalet. Een bruger hand til tran at indmaale sig, anden til tiære at udmaale, hvilcke, vii formeene, skulle være ligedannede paa störrelse. Til med faaes neppe steenkuultönder större end meeltönder, der vi meener dog, at et tönderum skulle være for meel og andet for steenkul. Maaeskee Compagniet kunde synes tungt at tage stoer skade for dette lands ælendige tilstand, end maatte her omgaaes almindelig og frelselig handling, som vi lader os sige i forrige tiider har været. Monne det meget lettes for alle, og icke mindst Compagniet, hvilcke have saa store udgiffter til sine underhavende kjöbmænd og arbejdsfolck til kost og lön, og var at önske, som vi meene heele landet er kjært, at her indkom separat handel.

5° Var meget gott for indbyggerne, at de, som her ved landet brugte hvalfangst, seiglte op med hvalkroppene, naar de hafde afspæcket dem, og solte landsfolcket for billig værd, og de vare skickelig betalet for sit umag. Disse hvalkroppe gjernest nedsjunke og vorde ingen til nytte. End kom dette i gang, synes billigt, at den part af sysselet, som hvalen kom udi, betalede dem for sit umag, og de fattigste i den part fick i det mindste ⅕ part deraf til givens. End gav Gud anden til samme sommer, at den sidste maatte deputeres til dennem, som intet fick.

6° Synest natturligt, at naar tugthuustoldens indtegt var bleven saa höyformered, at renten dens cassa bestride kunde til fangernes underholdning med deres egen fortjeneste (hvilcke synes icke ringere underholdes end mange fattige og godslöss bönder), maatte henfalde til sin stæd igjen. Eller da om Eders herredom syntes, at den nu i disse haarde tiider af fastegn,[1] der i hver repp ligger, til dem, som aller fattigst er

[1] Ejendom. Islandsk *fasteign*.

paa livets midler, bleve uddeelte, hvorover repstiorer skulle raade og indkalde med sysselmandens assistence for billig betaling af samme tolde, hvorfor de aflegge og gjöre en tydelig reigning aarlig paa foraarstinge eller det sysselsprovst.[1] Men give Gud faarepæsten og tidernes slette tilstand lindrede, at samme told maatte da legges til opforstrelse de fattigste börn i hreppet, til saa meget det kunde forslaae, og syntes best tilfaldet, at sognepræsten for disse börn udvalde een gudfrygtig og velskicket bonde, der kunde paatage sig at lære og undervise disse börn, hvorfore hand, vii meene præsten og bonden, have effter tiltale sin lön. Dette synes stor nödsynligt til Guds ære og börnenes velfærd.

7° Var stor fornöden, fattige bönder nöd her i landet af de, som jorder eje eller have under hænder, hvor denne faarepest grasserer, lettede sine landsætter[2] noget i affgiften. Saasom at hvor var 1 hndr. hundred i landskyld, maatte nedstige til 100 eller 110 al. Og var det ingenlunde at faae, at landsdrotten loed sig icke være befunden af det ad felle næsten til halvdeelen de landöre, som vor gamle lov omtaler, at i sin værdie stande skulle i alle skylder. Hvad, got er at beviise, været have saavel her i reppet som sommestæds paa andre stæder, under hvilcke at ligge foröger störste ruin fattige folck, og var at önske, at derpaa blef gjort en endelig forbedring. Det synes icke heller rett billigt, at bönder skulle være paalagt af landsdrotten at være ansvarlig for andre mænds gods, nemlig de paasadte söydeqvilder for faarepæsten, og betale dem, saa lenge som de self eje eet faar end da med andet, naar det icke længer kand holdes. Særdeeles de jorder, som icke give af sig stort meere end qvildernes foeder, og hvad maae bonden, da paa föder, komme til at betale med alle sine skylder en sig self og sine börn og folck til livsnærings forsörgelse. Dette, alt at fremvise saasom det i ord og sandhed er, monne synes ald for tunge angivelser paa somme landsdrotters side, fra vil jeg adskille disse alle retsindede mænd og icke sidst bönder, som jorder eje, hvilcke synes gange alt saavel retfærdigt til verks som de andre, der tyckes have magt og myndighed meere.

8° Skulle vel i agt tages, at som mindst fick tilladelse at være lösemænd, uden med saa skjel det skeede i fölge loven, end bönder er der-

[1] Her er tale om et forslag om at opretholde afgiften på ejendommen, men uddele den til de fattige under opsyn af repstyrere med assistance af sysselmand eller provsten.

[2] Fæstere. Islandsk *landsetar*.

udover stor forlegen for vindemand. End alt for mange, og meget fleere en loven tillader, löber til at være sin egen mand. Ere siden om sommeren kjöbemænd hos bönder, hvilcke betales icke i lön uden med det beste i boet, saa mange bönder, som have udsvaret dette, sidde effter med lidet ophold til livet. End hine tyckes vel holden, naar de have faaet sin lön, hvad ellers der blive af de andre lovlig skylder, der bör af somme betales, nemlig tiender, lystolde og etc.

9° Syntes gott, ad kjöbmand vare icke med alle saa særdeeles vanskelige at modtage almuens uldene vahre, som nu tilgaaer udi kjöbstæden, og siden det gick mest af folcket, og haarde tidender have foröget sig, tage de eller ej tage ville for 3 fiske de pulshoeser,[1] som her forhen blev gemeenlig tagen for 4re fiske. Smaaebaandsströmper, som her var given for 20 til 28 og 30 f., komme nu paa 12 til 15, andre, som stig til 15 og 20 f., ere nu tagne for 7 til 10 fiske. Tröyer af sammentvinnede baand temmelig gode ginge herfor 20, 30 og 35, foruden hörbaandströjer nu 12, 15 og höyst 20 fiske. At vi ey taler om, hvorleedes kjöbmanden her indretter og arbejder sig self taxt paa nööd,[2] gielde kjör og deslige. Dette have stor behov at forandre til bedre med andet meer.

10° Tyckes det var vel tilhörligt, at de persohner, som ville giffte sig, löb icke straxen i ægteskab, förend de var bekjendt til deres tjeneste i reenlighed og fromhed, dog de ere fattige, have siden en skyelös attest fra sine forværende husbonder og hrepstiorer, at de saaleedes vare i sin stand, som her formeldes. Dette synes at være unge folck een læremester til at kjende dem der hæder[3] noget om sig selv i reenlighed og villighed til arbejd og tjeneste, og maaskee de bleve mindre, som nu indgaaer ægteskab foruden dem, der ansees, og forskjel maae gjöres, tage tiender förste aaret udi sin boeskapsstand end tage, hafde denne skolemeestere været her i landet. Thi knap kand en persohn, som aldrig temmede sig hos andre til nogen rettertænckelig tjeneste i reenlighed og anden omhyggelighed, at tage först dertil, naar hun skal self sætte föder under sit boe, som pröver og kjendelser mangestæds bær vidne om.

11° Var det icke ubilligt formedelst fattige bönder, som mange slags skylder bör at udsvare end kand neppe og somme icke klæde sig og

[1] Strømper af groft uldgarn.
[2] Tyr. Islandsk *naut*.
[3] Passe, pleje.

sine nödlöst, tiltagende[1] var nu vindemand hans lön effter enhver sveites beskaffenhed, særdeeles der hvor intet andet er at bygge paa, end hvad mand kand indsamle sig af malkeqvæg. Nemlig at een middelmaadig vindemand, som slaae græs, 2de dageslaatt i ugen, maatte faae i sin lön 10 öre og vadmel eller vadmels værdie, eftersom været have, hoeser og vanter. Andre bedre, som slaae 3de dageslaatt om ugen og gjöre dereffter ald anden arbejd til lands og söes, 80 al. foruden vadmel eller eenskiffte[2] til klæder og andet meer, efter den lejlighed mand kand. End de, som var smeed og tjenlig til ald arbejde, 1 hndr. i lön og vadmel, end om nogle skulle ville stile paa stor lön, som neppe eller icke ansees formeere end föeden, er med ald utilbörligt og utaalende særdeeles i denne tiid.

12° Synes icke utilhörligt, at den gjeftold, som öfrigheden tage, og vi formeene at være i förstningen indkommen som en gavn af almuen her i landet, men for hvad veed icke alle vel at sige for vist, maatte hos de fattige kortes, eller for det mindste betales i alt det, som har nafn af landöre, end icke enlig udsættes i kjöbmandsvahre, hvad folck har meget ondt ved at tilvejebringe i denne uldlösse og slette tiid.

13° Os var det meget kjært, at Eders herredom syntes det icke ubilligt, at reppstiorer her i landet (hvilcke have vedligt[3] umagstjeneste under hænder som poletie udenlands, dog det icke er i alt), som meget umag og möye tilfalde med sine forrettninger udi reppen til lettelse for alle, som tiender tage, nemlig biskoppen, præsten, kirken og fattige, siden og undertiiden at være som sysselmandens anden haand, hvad reppens udrettinger vedkommer, maatte faae og nyde en liden douceur eller lön for sit mangfoldig umag og uroelighed, de lide og have fremfor mange andre, som dog skickelig lön have, og icke ævindelig tjene som drenge. Hvis de nu som andre mænd hafde noget i umagslön at forvente sig, dog det var lidet, monne de opmuntres derved og blive villigere i sine tjenesters forrettninger.

14° Er spörsmaal om bönder, som boe paa closters og cronens jorder, ere skyldig for intet at tillegge træe alt til sine lejehuuse, endskjöndt vel dog, de til dem komme kand være i temmelig stand. Dette vil mange holde og sige, at bönderne ere med rette skyldig paa sin egen

[1] Her menes besluttet eller aftalt, hvis man sammenligner med den islandske tekst.
[2] Vævet uldstof. Islandsk *einskefta*.
[3] Lignende eller nogenlunde ens. Islandsk *viðlíka*.

bekostning huusene vedlige at holde baade til træe og torvværksarbejde, men vor gamle lovbog landslejebalk 3. cap.[1] legger eeneste paa bonden torfverket og icke fremmere.

15° At kjöbmænd vilde indflötte til landet smaa men dog duelige compass, hvor med söefarende mænd kunde rette og hjelpe sig med i sneefyg og andet saadan tilfaldende ondt vejrlig.

Her maaeskee kunde findes mange fleere ting, men vi tyckes viide, at vore kjære landsmænd, som fremer[2] er befahren i videnskaber, monne have ladet sig lydeligere finde hans Mayestetts villje med meget meere af vigtigere betydenheder tilfunden, som hensigte kand efterkommerne til goede. Forönsker herhos at den ævige, gode Gud er i raad og daad vores allernaadigste konge og herres naadige villje, den höye som den lauve her i landet maatte nyde den tilagtende hjelp, saa hans nafn til lov og ære maatte priises og hans kongelig Mayestett til ævindelig ære og lyksalighed end Eder herredom til eftermindelig hæder, ære og höjagtelse.

Vii henleve i störste underdanighed.

Saudaa i Skagefiordssyssel,
den 9de April 1771.

Velædle, velbyrdig
velædle, höyviise
velædle, höyfornemme herrers
tjenstærbödigste tjenere

Bryniolver Haldorsen
Jon Jonsson
Jon Kaarson

L. S.

[1] Den gamle lovbog, Jónsbók. *Jónsbók. Lögbók Íslendinga*, s. 160–161.
[2] Snarere. Islandsk *fremur*.

Laust blað um gjaftolla sem liggur með álitsgerð hreppstjóra Sauðárhepps

Løs side om gavetold, som ligger sammen med redegørelsen fra repstyrerne i Sauðárrep

Gjaftollur gelst svo/*Gavetold betales, som følger*:[1]

af 1 hndr.		1 al.
2	–	1½
3	–	2
4	–	2½
5	–	5
6	–	5
7	–	5
8	–	5
9	–	5
10	–	6
11	–	6
12	–	6
13	–	6
14	–	6
15	–	6
16	–	6
17	–	6
18	–	6
19	–	6
20	–	10 al. og nú gelst ei hærri/*og nu betales ikke mere*.

[1] Miði þessi er á íslensku, danska þýðingin er frá 2015. Sjá einnig laust blað um gjaftolla sem fylgir bréfi Þorleifs Claus Brynjólfssonar, lit. ZZ. N° 9. / *Denne seddel er på islandsk, den danske oversættelse er fra 2015. Se også den løse side, som ligger ved brevet fra Þorleifur Claus Brynjólfsson, lit. ZZ. N° 9.*

Hreppstjórar og bændur í Reynistaðarhreppi skrifa um fátækt sína 4.6.1771. Lit. Pp. N° 5.

Repstyrere og bønder i Reynistaðarrep skriver om deres fattigdom 4.6.1771. Lit. Pp. N° 5.

ÞÍ. Rtk. D3/5–30.
Innsigli/*segl*; Innskráð/*indskrevet* 3.7.1771.

Áritun/*påskrift*: N° 5; Velædla og hálærdi hr. Andreas Holt. Velædla og hávýse hr. Thorkiell Fielsted. Sr. Thomas Vindekiellde, tilskickader Landcommissarij, þetta til handa i stædstu undergiefne á Alþinge vid Öxaraa; L. S.

Veleðla og hálærði, hr. Andreas Holt!
Veleðla og hávísi, hr. Þorkell Fjeldsted!
Og sr. Thomas Vindekilde!
Tilskikkaðir Landcommissarii!

Eftir því oss þessa lands fátækum innbyggjendum skilst að sé allra náðugast eftirlátið vorar nauðsynjar að auglýsa og til vitundar að gefa, hvað oss sýnist þénanlegt og til góðs að vera oss vors allra náðugasta kóngs fátækum undirsátum. Á meðal hvörra að eru þessa hrepps innbyggjendur, einir þeir fátækustu og mest nauðlíðandi í þessari sýslu, svo hér eru velflestir allareiðu að því komnir að ganga frá. Svo hér eru fimm búandi menn sem allir taka tíundir, auk annarra ómaga og margir af þeim sem tíund gjalda, eru ei megnugir hana úti að láta. Því hér í hreppnum eru alls 24 bæir með öllum hjáleigum, en bændur sem eru í skiptitíund auk klausturshaldara og prests eru einasta fimm, hvar af nokkuð má þeirra fátækt sjá. Leiguliðum er tilhaldið jarðanna húsum öllum við að halda á sinn eigin kost, hvað mönnum er hér ómögulegt, því óska menn sér að mega njóta þess er landsleigubálks 3. cap.[1] talar um að landsdrottinn leggi við til húsa.

Í annan máta er leiguliðum tilhaldið kúgildin fyrir öllu að ábyrgjast, hvað óbærilegt sýnist fyrir öreiga, þar viðvarir enn nú sú almennilega fjársýki. Sömuleiðis sýnist og ómögulegt að kýr séu einungis settar í

[1] *Jónsbók. Lögbók Íslendinga*, s. 160–161.

kúgildi á flestar jarðir þar ásauður var meir en til helminga í kúgildi meðan fé lifði. Svo þetta getur ei heimkomist nema leiguliðinn sjálfur öngva skepnu eigi af nautpeningi, hvörki sér til bjargræðis eða í skuldir að betala, því menn eiga hér fátt það affallalaust í þvílíkar skuldir er tekið, fyrir utan fiskatal og peninga til specie uppbætta. Því eigi er antekið krónugjald nema með uppgjaldi, 3 fiskar á rixdal croner og eftir þessu er um ullarlitlar veturgamlar kindur sem goldnar eru, að með hvörri þeirra er heimtað 3 merkur af þvegni ull. Og ef þvílíku framfer eður því þyngra, sem nú er sýnilegt að vilja viðvara, þá sýnist að þetta fátæka pláts muni því síður lengi standast og sýna það ei síst byggingarskilmála manna.

Hvað viðvíkur nauðsynjum þeim sem menn þurfa að fá sér til bjargar hér í kaupstað, sérdeilis mjöli, vill tregt ganga að fátækir það fái, því sýnist nauðsynlegt og hentugra að hér væri skikkanlegur eftirliggjari, sá ið bjargaði mönnum fyrir vissan betaling um matvöru eftir kóngsins taxta seldri þegar menn með þurfa.

Og er þetta svo einfalt með auðmjúkri forlátsbón tilsent yðar veleðlaheitum til bestu lagfæringar og góðs álits og viljum vér svo næst ósvinnu, farsælustu finnast með elsku og undirgefni.

Yðar veleðlaheita þénustuskyldugir þénarar

Reynistaðarhreppsinnbyggjendur, þann 4. Junji Anno 1771.

Sigurður Jónsson
Jón Jónsson
Jón Jónsson
Þorleifur Þorleifsson
Jón Ólafsson
Guðmundur Hallgrímsson
Jón Magnússon
Grímólfur Egilsson

* * *

[Oversættelse 2015]

Velædle og højlærde, hr. Andreas Holt!
Velædle og højvise, hr. Þorkell Fjeldsted!
Og sr. Thomas Windekilde!
Tilskikkede Landcommissarii!

Fordi vi, dette lands fattige indbyggere, har forstået, at det er allernådigst tilladt [os] at tilkendegive vores behov og gøre vitterligt, hvad

der forekommer os tjenligt og til gode for os, vores allernådigste konges fattige undersåtter, blandt hvilke findes denne reps indbyggere, nogle af de mest fattige og nødlidende i dette syssel, så godt de fleste her allerede er lige ved at opgive [gårdene]. Så er her fem bønder, som alle pålægges tiender, foruden andre fattiglemmer, og mange af dem, som betaler tiende, er ikke i stand til at erlægge den, for her i reppen er der i alt 24 gårde med alle afbyggersteder, men af bønderne, som er med til at dele tienden, foruden klosterholderen og præsten, er der kun fem, hvoraf man kan se noget om deres fattigdom. Fæstebønderne har pligt til at vedligeholde alle gårdenes bygninger på deres egen bekostning, hvilket er umuligt for folk her. Derfor ønsker folk at få lov til at bruge det, som nævnes i afsnittet om leje af land, kapitel 3,[1] at jordejeren skal skaffe tømmer til bygninger.

For det andet har fæstebønderne pligt til ubetinget at stå inde for kogilderne, hvilket må forekomme ulideligt for besiddelsesløse, mens den almene fårepest endnu vedvarer. Ligeledes forekommer det også umuligt, at der kun sættes køer på de fleste gårde, hvor kogilder for malkende får var mere end halvdelen af kogilderne, mens fårene var levende. Så dette kan ikke gå op, med mindre fæstebonden selv ikke har noget dyr af kvægart, hverken til at leve af eller for at betale gæld, for her ejer folk få ting, som uden tab tages som betaling for den slags gæld, bortset fra beregning i fiske og penge opregnet til specier, for man antager kun priser i kronemønt med tillæg, 3 fiske for en kronerigsdaler, og på denne måde regnes derfor vintergamle lam med lidt uld, som betales således, at derfor hvert af dem forlanges 3 mark asket uld. Og hvis man fortsætter på den måde eller værre, således som det nu står klart, at det fortsætter, så ser det ud til, at dette fattige sted heller ikke vil blive stående længe, og det ses ikke mindst på folks fæstebetingelser.

Hvad angår de livsfornødenheder, som man skal have for at klare sig her i købstaden, især mel, går det langsomt med, at fattige får det. Derfor forekommer det nødvendigt og mere praktisk, at der her var en skikkelig efterligger, som mod en sikker betaling kunne skaffe folk madvarer, solgt efter kongens takst, når folk havde brug for det. Og dette sendes så simpelt med en ydmyg bøn om undskyldning til Deres

[1] I den gamle lovbog, Jónsbók. *Jónsbók. Lögbók Íslendinga*, s. 160–161.

velædelheder til bedste justering og velvillig opfattelse. Og vi vil så nærmest taktløst befinde os lykkelige med kærlighed og underdanighed.

Deres velædelheders tjenestepligtige tjenere

Reynistaðarreps indbyggere, den 4. juni anno 1771.

Sigurður Jónsson
Jón Jónsson
Jón Jónsson
Þorleifur Þorleifsson
Jón Ólafsson
Guðmundur Hallgrímsson
Jón Magnússon
Grímólfur Egilsson

Hreppstjórar í Seyluhreppi skrifa um hag sveitarinnar 15.4.1771. Lit. ZZ. N° 6.

Repstyrere i Seylurep skriver om områdets tilstand 15.4.1771. Lit. ZZ. N° 6.

ÞÍ. Rtk. D3/4–1.
Innsigli/*segl*; Innskráð/*indskrevet* 15.5.1771.

Áritun/*påskrift*: Indkom d. 15. Maii 1771; Lit. ZZ. N° 6; Skagefiordssyssel.

Veleðla og hávísir herrar!
Herr Andreas Holt Ober-Landcommissarius!
Hr. Þorkell Fjeldsted kongel. May^ts^ lögmann yfir Færeyjum og sr. Thomas Windekilde!
Af höjkongel. naad tilskipaðir Commissarii!

Sökum þess vér fákunnandi hreppstjórnar- og almúgamenn í Seyluhrepp innan Hegranessýslu,[1] látum oss í djúpustu undirgefni þakklátlega skiljast, að vor allra náðugasti arfakóngur og herra beri svo stórum föðurlega umhyggju fyrir þessa vors auma föðurlands uppkomst, og sinna hér mjög aðþrengdra undirsáta lífi, hvað hans kongel.

[1] Skagafjarðarsýslu.

Maj^{ts} allra náðugasta forordning undir dato næstliðinn 15da Maji 1770 hið nákvæmlegasta útvísar.

Þá til að sýna oss svo vel sem aðrir allra undirdánigst heyruga hans kongel. Maj^{ts} háloflegri skipan í því að meðdeila yðar veleðlaheitum vora einfalda þanka til undirréttingar, hvað vér helst skynjum varða og leiðrétta kynni, næst Guðs fulltingi, vort og annarra þessa hérað innbyggjara aumkunarverða ástand í vissri von vor feil og fákænska verði til góða haldin, en hvað helst nýtilegt fyrirfinnst í eftirfylgjandi póstum öðlist náðuga áheyrslu og framfylgi hjá ykkar herradómi.

Þessi fyrrgreindi hreppur er ómótmælanlega aðþjakaður og ruinered margra samstímaðra orsaka vegna. Sumpart af meðhalds- og tilhlutunarleysi yfirvaldanna, hverra í sinni röð, sumpart af húsbændunum, velflestum farandi kaupmönnum, kaupamönnum, fjárpestinni, og af henni sérdeilis fylgjandi örbirgð.

1° Yfirvaldið það verðslega sér í lagi áhrærandi, meinum vér það þyrfti með ástundan og sanngirni röggsamlegar að skipa málum manna, einkum tilhlutast í kaupstaðnum um höndlan og viðskipti útlendra og innlendra, svo kaupmaður selji ríkum skikkanlega en synji ei fátækum aldeilis, né fari í stórar mannvirðingar í oftrausti yfirboðinna vinfengis. Item að lönd byggist leiglendingum afarkostalaust, landaurar fellist eigi, hvert sem að eru fríðir eða dauðir úr viðteknu verði af stólsráðsmönnum,[1] klaustraforpögturum, proprietariis né neinum bændum með heitingum og harðdrægni ofboðið móti lögum og forordningum. Í einu orði, sjái nákvæmlegar á þessum efnaleysistímum eftir neyð og nytsemi alþýðunnar.

2° Ráðsmenn, forpagtara og húsbændur angaaende, auka margir bágendi vor í þann máta, að þeir taka eigi það fátækir geta goldið nema eftir eigin höfði. Til dæmis 1 rdlr. croner hlýtur nú að uppbætast móti venju með 3 fiskum ef gilda skal í 5 aura á landsvísu, hvað að sönnu heldur styrk eftir lögum. En nýtt miskunnarleysi má það heita hjá oss fátækum sem sífellt höfum öðru vanist og látum oss fortelja að sjálfir forpagtararnir verði léttilegar af með sínar afgiftir. Hross og naut eru felld úr réttu lagi lögbókar þótt hverki vanti hold né atgjörvi, af hverjum myndugleika vitum vér ekki. En meinum allur fríður meðalpeningur eigi að blífa við sitt verð, bæði í sakeyrir, landskulda

[1] Ráðsmönnum biskupstólsins á Hólum, Skag.

og kaupstaðargjald. Eintvinnuð prjónapeysa sem hingað til hefur gengið 20 al. má nú gilda 12 oftast, 15 al. hjá þeim miskunnsömustu, og heitir náð í soddan ullareklu að menn fá sig varla hulið, en innkaupa 1 fj. ullar í fjarlægum stöðum 20 al.

3° Er stór nauðsyn fátækum almúga væri til hjálpar komið er nauðugur, viljugur tilskyldast af húsbændum, ráðsmönnum, forpögturum, að upphýsa jarðir upp á sinn eigin kost, bæði að viðum og veggjum, án minnsta tillags, mót gamallri góðra húsbænda venju og landslaganna tilætlan, en getur sjálfur hverki keypt né fengið við hjá inn- né útlendum. Falli nokkur frá má ekkjan og erfingjarnir svara stóru álagi sé eigi allt í standi.

4° Sú óþolandi smábands og prjónless tóskapartekja yfir höfuð hefur helst versnandi farið ár eftir annað síðan fjárpestin byrjaðist, og orsakast ekki síst af því dæmalausa prjónlessvandlæti vorra kaupmanna hér í Hofsós, hverjir að orsaka bágstöddum almúga þar með stór vandræði, svo hann neyðist að flýja í fjærliggjandi kaupstaði um besta bjargræðis- og heyannatíma, að kaupa sér lífsbjörg fyrir afturrekið prjónles og treyjur, samt naut er menn veigra sér að fá kaupmanni með afföllum og annars staðar ganga skár. Hvar fyrir vér kunnum ei annað skynja en hann brúki ótilheyrilega höndlan í vissan máta, þar hann lánar og selur vinum sínum, bændum og búlausu fólki, sérdeilis þar nálægt kaupstaðnum og víðar í sýslunni heilar brennivínstunnur, tóbak, mél, etc. yfir nauðþurft, alleina til að okra og útræna aftur á vetrum, fátækum til stærsta skaða og ruin, sem glæpast[1] á soddan agni. En í staðinn fá margir skikkanlegir menn og fátækir lítið eða sumir ekkert, þótt betalað hafi getað, því jafnvel einn vederheftiger proprietarius hér fékk ekki 1 vínpott[2] næstliðið sumar fyrir framboðinn gildan betaling til kirkjunnar í nauðsyn og mátti því ómaka sig að kaupa fyrir sama afturrekinn betaling yfir 2 þingmannaleiðir í næsta kaupstað, hvar hans prjónles var umtalslaust tekið fyrir hans begierðar nauðsynjar. Hvar fyrir sem ótal annars vegna vér höfum fulla orsök að afsegja greindan kaupmann sr. Pens.[3] En hálfu framar hans undirkaupmann mons. Niels Frys, nema þeir alvarlega setjist til rétta og lagfærist í sinni höndlan af æðri landsins yfirvöldum.

[1] Þ.e. glepjast.
[2] Pottur, rúmmálseining. Einn pottur er 0,966 lítrar.
[3] Sören Pen, kaupmaður Almenna verslunarfélagsins á Hofsósi.

5° Hvað viðvíkur þeirri hryggilegu yfir mikinn hluta landsins, samt þetta hérað grasserandi og enn nú viðvarandi, fjárpest, kunnum vér öngvar bætur sjá, né haldkvæm ráð tilleggja. En sýnist þó ekki órímilegt[1] að öllu sauðfé væri lógað í einhverjum hrepp eður héraðsparti, hvar svo til hagaði að stór vatnsföll afgirtu alla vega er hindra kynnu samgöngu fjárins, en þangað síðan selt og gefið ósjúkt fé, og handa því sama ný hús uppbyggð, alleina til reynslu hvert tíngast kynni.

6° Þykjunst vér með Guðs hjálp sannfróðir um að vorri fátækt kynni margt til hjálpar og léttirs að verða, svo vér héldunst lengur við og útörmuðunst eigi aldeilis. Svo sem meðal annars nefnilega ef hans Majst og háyfirvöldin vildi benáða þessa districtis innbyggjara, með frómum og sannsýnum *eftirliggjara*, sem væri til reiðu á öllum ársins tímum að selja fyrir vissan betaling eftir sem þurfum, og hver kynni smám saman að kaupa, sérdeilis mat, járn, færi og hvað helst vanhagaði, hvar við auðveldlega afskaffast mætti tóbaks- og brennivínsokur. Þá kæmist og almúginn í minni restanza þar margur yrði feginn að besækja hann eftir einum fjórð. méls í senn sem innlendra á milli kostar tvöfalt og fæst ei. Er þetta því vor alvarleg begjæring, hver vér undirdánigst auðmjúklega óskum að fengi sem fyrst áheyrslu og framkvæmd.

7° Værum vér af hans háu konunglegu mildi fyrir yðar veleðlaheita meðalgöngu í þessum hrepp styrktir til viðréttingar, með 1^{u} eður 2^{r} fiskskipum, nefnilega einum sexæring og fjagramannafari, mætti til mikils styrks og viðhalds verða tækist ei afli sjávarins frá, af hverjum sveitafólkið hefur hér lítið gagn, vegna skipafæðar sjóbændanna í þessari sýslu, hver skip ættu að vera undir hreppstjórnarmanna umsjón, svo þeir fátækustu hefðu þeirra not alleina. Það sýnist og þarflegt fyrir örbirgðarsakir klæðnaðar á fólki að hér væri innskikkaður í hvern hrepp, velkunnandi skinnamakari sem bereiddi skinn og kenndi það öðrum, almúganum til nota.

8° Gjörist oss allareiðu nauðverja að afbiðja öll ásauðarkúgildi hver vér og afsegjum að leigja, annast eður ábyrgjast með vorum leigujörðum svo sem aldeilis ómögulegan hlut meðan fjárpestin varir, þar þau máski með hverju tungli veikjast og eftir óbætanlegan skaða upp á kostnað deyja, eða þó tóri gefa öngvan ávöxt, ull né lömb oftast þótt stundum betur takist. Einn veg afbiðjum vér auðmjúklegast yðar

[1] Fráleitt, fjarstætt. Danska *urimelig*.

veleðlaheitum til viðvörunar framvegis og búunst við að mótsegja fleirum kúkúgildum[1] en 2^{r} hvar jörðin fóðrar 6. Að landseti eigi 4^{r} en húsbóndi 2 kýr, sem nú vilja þrengja heldur mörgum kúm inn staðinn affallinna kúgilda, hvar fyrir einn öreigi eftir 1^{t} grasleysisár mætti fara við vonarvöl með sína fjölskyldu.

9° Þyrfti nauðsynlega að koma í veg fyrir allt okur á fríðum og ófríðum aurum, ætum og óætum hlutum er allir uppfæra stórum í landinum, hvar við þeir veitandi kúga þá þurfandi, er öngan veginn hjá komast að kaupa fyrir sitt líf. Item að kaupamenn og lausamenn ruineri ei svo bændur sem skeður, hverjir ei láta sér nægja minna (þótt ei slái meir en tvo, auk heldur 3^{ja} eyrirsvelli[2] á viku) en 60 f. í silfri, smjöri, ull og öðrum úrvalsaurum, auk fæðis, dengslis[3] og annarrar opvartningar, af hverjum fæstir vinna þó fyrir meira en 4 rix. croner, auk greindrar aðbúðar á viku. Hér að auk afbiðja allir ólöglega lausamenn sem hverki eiga tíundarfé að lögum, geta unnið né vilja standa í lögskilum, gjörandi varla annað en liggja upp á fátæku fólki.

10° Væri stórum eftirsjárvert hversu flestir vinnumenn hjá oss gjörast kaupdýrir, þar hver matvinningur, því heldur betri, vilja ei þjóna í vistum fyrir minna en 1 hndr. auk vaðmáls, fyrir hverju kaupi fæstir vinna nema góðir handverksmenn. Mættu því hinir ringustu vel nægjast með fæði og klæði, meðalmenn 10 aura kaup auk fæðis, hinir skástu handverkslausir 90 al. Þeir bestu og til allrar nauðsynlegrar heimilisþjónustu og búsmíðis hæfirlegir 1 hndr., þar ekki sýnist af vegi að vinnufólk líði og nokkurn þunga eftir nærverandi tilstandi með húsbændunum.

Þótt vér kynnum framfæra fleira er til viðréttingar horfir, oss og öðrum þessarar sýslu innbyggjurum, vitum vér að aðrir fornuftugir menn í héraðinu hafa því vel af lokið, hvar fyrir vér látum hér við blífa auðmjúklega umbiðjandi að vor fáviska, sem framan skrifaðir póstar með sér færa, forþenkist ekki, heldur tilskrifist vorri vankunnáttu og einfeldni og færist til betri vegar af yðar veleðla herradómi.

Sá alvaldi konungur konunganna hvers kraftur er í allra dauðlegum vanmætti máttugur og styrkur, styrki vors allra náðugasta konungs

[1] Svo, þ.e. kýrkúgildi.

[2] Mælieining. Eyrisvöllur. Skák af túni eða engi sem talið er eitt dagsverk að slá, 30 × 30 faðmar. Einnig talað um dagsláttu.

[3] Það að dengja eða brýna ljá.

útrétta styrktararm, oss til uppreistar og veiti hans Maj^{ts} hjarta á þessum þungbæru tímum, bæði yfirboðnum og undirgefnum, til vægðar og meðaumkunar. Hann sami alskyggni Guð upp ljúki einnig ykkar hans Maj^{ts} þénara (oss til sendra) augum, svo þið í öllu ykkar verki kunnið að deila það rétta centrum guðsdýrðar, konungsins og vor hans fátækra undirsáta besta, aflandi yður sjálfum eins ódauðlegs sómanafns, samt Guðs og konungsins trúrra þjónustumannalauna, bæði í þessu og hinu eftir þreyjanda andstreymislausa lífi annars heims.

Vér forblífum í undirgefni með eftirlæti.

Víðimýri,
d. 15da April 1771.

Yðar veleðla hhr. Commissarii
auðmjúkustu þénarar

Sæmundur Magnússon
Konráð Gíslason
Þorgrímur Helgason[1]

* * *

[Oversættelse 1771]

Translation

Velædle og höyviise herrer!
Hr. Andreas Holt Ober-Landcommissarii!
Hr. Thorkield Fjeldstæd kongl. May^{ts} laugmand over Feröerne og sr. Thomas Windekilde!
Af höy kongelig naade tilskickede Commissarii!

elleve tie alen, imedens herpaa vorder ingen forbedring eller lindring, og ligesaa at tage af dem udi landskyld det, som i landet er gjaldgingt,[1] saasom kjör, nööd, heste og hvad andet effter lovens formeldning.

7° Var det en stor naturlighed, at naar tugthuustoldens indtegt syntes at være vorden saa höy, at renten af dens cassa kand præstere til fangernes fornödentlig underhold, tilliige med deres egen arbejds fortjenester, falder atter igjen til sine stæder eller da, om Eders herredom synes, at den i haarde tiider af fastegn[2] udi eet hvert hrepp beliggende henfalt til dem, som ere usleste og i fattigste stand til sit legemlig ophold, hvilche tolde hrepstiorermænd bestyrer og indkalder med sysselmandens assistence for billig betaling af samme tolde, hvorfor de gjöre en klarlig regning paa foraarstinge eller provste i samme syssel, men giver Gud lindring og boed paa de haarde tidender, kunde vel denne told henlegges til de fattigste börn i hreppen til lærdom og opfostrelse for lige saadanne anstalter, at een gudfrygtig og velskicket bonde udi hreppen tog saa mange af de fattigste börn, som tolden kunde til belöbe sig for föde, klæde, lyss, renlighed og skolemesterlön, hvor höj nödvendig mand tykkes til Guds ære og börnenes velfærd.

8° Skulde vel iagttages, at som mindst faae at være lösemænd uden med saa skjel, de maatte det lovlig være, thi saadan föröger bönderne tyngsel, der de, som jorderne besidde, behöve at faae sig vindemand, og herudover nödes saa til at tage dem til leje som kjöbemænd, sommertiider og betale dem i lön det beste af boet. Saavel mange bönder, naar de have udbetalt saadan lön, sidde efter i ringe stand paa livsmidler, end hine tyckes i allt vel at have gjort sin skyldighed, naar sysselmanden alleeneste for sin skatt, hvordan ellers om anden deres lovskyldighed befahres.

9° Det var tilhörligt og vel fornödentligt, at dem, som ville giftes, blev icke tilladt ægteskab uden i saa maade, at de vare flittige i deres arbejde og handlede reenlighed, og de tilliige med troeskab og vindskibelighed har været paa deres husbonds gafn og beste. Og i samme maade qvindpersohnen, hvorpaa de skulle foreviise og have sin forværende husbonds upartiske og stadfæste attest, som præster og hrepstiorer imellem sig overlegger (det maae skee visselig naaede til fleere

[1] Gangbar eller gyldig. Islandsk *gjaldgengt*.
[2] Ejendom. Islandsk *fasteign*.

end mindre at vorde duelig arbejdsmænd i deres opvæxt), der det alt for offte giver prövelse og forstaaelse, at mange, som indgaar ægteskab, behöver straxen at lade tillegge sig tiende. Og at jeg meener, dette hænder sig helst derfor, at der vare neppe beqvemme og uduelig til at fortjene sig bröd hos bönderne, uden med særdeeleslige efterdrivelser og paamindelser af husbonden til at bestille og gjöre de og det, som da foreligger, har saa liden og ingen efftertænksomhed, naar de ere komne i sin egen selvraadighed, uden at lade det gaae fram ligesom vil omtænckе liden.

10° Synest mig stor fornödentligt i henseende til fattige bönder, som alle sine skylder bör svare, der neppe kand og icke klæde sig og sine som nödvendigt, at tale vare nu vindemand hans lön, som enhver sveitemaade[1] udkræver. Nemlig i de sveiter hvor alleeneste er at stole og forlade sig paa qvæget, hvad de kand frembringe, og icke naae til söeaufling, at een og blandt anden vindemand, som slaae 2de dage græsslaat i ugen, maatte faae i lön 10 öre og vadmel foruden renlighed, föde, hoeser, vanter og anden opvartning end de, som meere formaaede og slaa i ugen 3de dagslaatt og vare tilliige gafnlig til ald forefaldende tjeneste 80 al. foruden vadmel eller indskiffte[2] til klæde og anden fornödenhed effter efne, men de, som dertil var smeed og behændig til ald, som skulle gjöres, eet hundred i alt foruden hoeser og vanter, tjeneste, föde og opvartning. Og er dette dog efter nuværende landets omstændighed for bönderne alt for tungt, samt nödes dog hine, som har behov og eftertænckсomhed for sig og sine livsophold i fremtiden og redelig vil forsee sig, icke kand være disse foruden. Men ad hver een skulle nu stile paa hundred i lön og foresætte bönderne ej tjene for mindre, som dog kand skee maatte findes iblandt dem, der icke meere kand fortjene end bare föeden, er ugjörligt og fattige bönder utaaleligt med alt andet, ihvorvel dog de, som forleeninger og indtægter have, gjöre sligt, da synes det med alt spille og fordærve for de andre fattige, saa at maaeskee for den skyld tilvoxer bönderne fortreedeligheder eller vanskeligheder.

11° Er stor nödvendigt, at de viise og fornufftige mænd, som af kongelig mildhed og naade have været her til landet indsendt og nu

[1] Det, der passer en bestemt egen — ikke nødvendigvis reppen som sådan, men snarere egnen eller herredet generelt.

[2] Vævet uldstof. Islandsk *einskefta*.

ere her, blev paalagt at indrette een bog over alt græs, her i landet voxer, og de kjende hvad kraft, de have til lægedom, og hvordan bereedes skulle til hver sygdom, saa almuefolck maatte faae deraf hjelp ved een og andre paafaldende svagheder og vaadeskadelser, naar det tilfald, saa de icke behövte for dyre domme at gjöre sig umag og bekostning for at indkjöbe ukjendelig medicamenter hos andre, der lidet og intet undertiden hjelpede. Da min troe er, at mange slags græs her ansees med Guds hjelp stor nyttelig, baade ved udvortes og indvortes saar eller svaghed, om det rettelig bliver brugt, som af erfahrenhed have givet somme tilkjende arten og naturen. Og det behövtes at gjöres saa eenfoldig og klarlig, at alle maatte kjende urterne eller græset af deres afridtsning og forskrifft, samt troelig om deres natur og virkning ved hver een. Dette haabes mig Eders herredom paa hans Mayestetts vegne monne tykkes stor nytteligt og landet gafnligt.

Fleere ting ad visse kand skee maatte findes almuen og andre til nytte, men saasom jeg veed og tyckes, höyere mig meere monne udi saadanne ting gaae foran, og derfor maae det mig synest unödvendigt for mig og mine jefninge, lader jeg det herved blive denne gang, formodende mine landsmænd eller medlendinger finde sin velfærds skyldighed og overalt findes lydig, hans Mayestetts vilje i deslige, som tilgoede effterkommerne i fremtiiden komme kunde, at give sine betænkninger Eders herredom tilkjende. Den ævige, gode Gud være i raad og værk og forfremme vores allernaadigste *herre Kongens* naadige villje, saa at baade den höye og ringe her i landet have deraf den til agtede hjelp, saa hans hellig nafn vorde til lov og ære og hands kongelig Majestett til ævindelig berömmelse og priisværdighed, saa lenge verden staaer, hvorom uafladelig vil og skal troelig bede.

Grund i Skagefiord,
den 14de Marty 1771.

Eders herredoms
underdanig tjener

Thorleivur Claus Brinjolfson

Dog jeg sender icke hreppstiorenes paaskrifft nu, ligesom det forrige foraarsager deres nærværende ubelejlighed.

L. S.

Laust blað um laun hreppstjóra sem liggur með álitsgerð hreppstjóra Akrahrepps

Løs side om repstyrernes løn, som ligger sammen med forslaget fra repstyrerne i Akrarep

Það er og eitt sem ég vildi frambera fyrir ykkarn herradóm og þyrfti lagfæringar við, nefnilega sá ósiður sem mér sýnist vera hér í landi að hreppstjórar sem eiga að hafa forsjón fyrir öllum nauðsynjum hreppsins, fimm í hvörjum, ráðstafa tíundum, skipta ómögum, vera á þingum, í stefnuförum þá kallaðir eru og svo að segja mega með réttu kallast léttferli[1] tíunda- og tollatakra allra, biskupa, sýslumanna, presta og kirkjuverjara með annarri hreppsins margfaldri jögun og hrakningi þá svo ástendur, skuli ekkert í kaup uppbera, verr en einn smaladrengur. En eru þó eftir heyrn hér í landi, sem pólitíið utanlands í sínum erindagjörðum nauðsynlegir ihvorvel þótt þeir hafi þar um kvartað í fyrri tíð, hafa að sögn yfirvöldin hér tekið fyrir háls á því (sem menn plaga að segja) svo ekkert hefur afl haft.

Vildi nú yðar herradómur svo góðmannlega í milli ganga hjá hans Maj^{t} að hann með sínu náðarbréfi vildi tilsegja þeim fríun fyrir gjaftolli til sýslumanna, tíund til biskups og kirkna hvar þær eru ríkar, væri stórum náttúrlegt og billegt og tæki það þá yfir annarra tilhlutan þeirra sem hingað í land hafa sendir verið.

* * *

[Oversættelse 1771]

Translation

Det er og et, som jeg vilde frembære for Eders herredom og behörte forbedring ved nemlig: Den uskick som mig synes være her i landet, at hreppstioremænd, som skal have indsigt med alt nödvendigt hreppens udrettinger vedkommer, fem i hver rep, anstalte og nedsette tien-

[1] Þýtt sem *forlöbere* í danskri gerð bréfsins frá 1771, þ.e. undanfari.

der, deele til fattige (omager) eller vandföre, være paa tingene i stefne vardsler, naar de ere tilkallede, og saa at sige maae med rette kaldes forlöbere for tiende og tagelser ellers bisperne, sysselmænd, præste og kirkeværgere, med andet meere hreppens mangfoldig jagelse og bemöyelser, naar det saa tilfalder, skulle intet derfor udi lön oppebære, ja værre end en hyredreng, men ere dog efter hörelse her i landet ligesom politie betjenter udenlandz i sine forretninger. Og endskjöndt dog de have herom andraget i forrige tiider, have övrigheden her ej andet gjort end tage for halsen eller munden (som mand plejer at siige), saa det ingen kraft har haft.

Vilde nu Eders herredom være saa godvillig herimellem gange hos hands Majestett, at hand med sit naadebrev vilde tilsige dem befrielse for gjeftolden til sysselmanden, tiender til biskoppen og kirken, hvor de ere riige, vare stor natturligt og billigt, og overgik da andre tilagtende ting deres, som her til landet have været indsendt at udrette.

Laust blað um gjaftolla sem liggur með álitsgerð hreppstjóra Akrahrepps

Løs side om gavetold, som ligger sammen med forslaget fra repstyrerne i Akrarep

UM GJAFTOLLA

Í Skálholtsbiskupaannál stendur að A° 1417 í tíð Árna biskups Ólafssonar hafi um veturinn til bændalýðsins komið bæn frá sýslumönnum og próföstum hvað líklegastir séu gjaftollarnir. Tóku þá prófastar vegna biskupa allt sakafallið um pápísku tíðina. En í tíð hr. Gísla Jónssonar 1556, þá sál. kong Christian þriðji, háloflegrar minningar, tók til sín biskupstíundir og sektagjaldið um landið, þá tóku sýslumenn þessa prófaststolla. Samt befalaði höfuðsmaðurinn Páll Stígsson 1563, að allir þeir sem búa í þeim sýslum af hvörjum kóngl. Maj^{t} hefði lént hr. Gísla tíundirnar, skyldu gjalda honum og hans umboðsmönnum þessa venjulegu prófasttolla. En fyrir undirrétting verðsligra sem þessa tolla þóttust missa af sömu sýslum kom hingað 1579 bréf sál. kong

Friderichs annars, háloflegrar minningar, eftirspyrjandi hvörjum þessi prófaststollur með réttu tilheyrði, hvört kónginum eður andlegum kirkjunnar vegna? Hér um nefndu lögmennirnir Þórður Guðmundsson og Jón Jónsson á Alþingi sama árs í dóm 12 hina vitrustu menn (þó alla verðslega). Sögðust þessir dómsmenn vita að þessi gjaftollur hafi að undanförnu verið samþykktur og haldinn fyrir uppgjöf eða vægð á sektum, en nú sem allar sektir séu fallnar til kóngsins, þar fyrir sýnist þeim að gjaftollurinn tilheyri þeim sem sektirnar á að taka.

Í dómi sem ég hefi undir höndum, gjörður eftir begiering (þar svokallað) kongel. Maj^ts^ fógeta yfir Snæfellssýslu, Henrich Krag, upp á þá tvídrægni eður óhlýðni sem þar segist verið hafi milli kóngsvaldsins og almúgans, gengnum að Miðgörðum í Staðarsveit Anno 1566 stendur svo: Í fyrstu þann góðvilja eður gjaftolla sem hér í landið hefur verið og á Alþingi hefur verið af kóngl. Maj^ts^ náðar umboðsmönnum, lögmönnum og lögréttumönnum, samþykkt verið að haldast skyldi, hvað oss virtist í sinni grein nógu harðlega að farið vera, sökum fátæktar landsins, bæði kóngsvaldsins vegna og kirkjunnar, því í Guðs nafni amen, að heilags anda náð með oss tilkallaðri og að svo oss prófuðu og fyrir oss komnu dæmdum vér: að þeir sem gjöra tíund nokkra skyldi gefa árlega v álnir í þessa báða gjaftolla. Í líkan máta þeir sem eiga v hndr. til x hndr. gefi x álnir í þá báða, en þeir sem eiga x hndr. til xx hndr. gjaldi xv álnir í þá báða, sömuleiðis þeir sem eiga xx hndr. eður þaðan af meira gjaldi xx álnir etc. Hann er upp á v pósta, eru fyrir honum skrifaðir 18 menn, x eiðsvarnir og viii bændur. Í framanskrifuðum biskupaannál stendur að prófaststollurinn hafi aldrei hærri verið en v al. Upp á fyrrskrifaðan dóm í Görðum hefur nefndur Henrich Krag útverkað confirmation lögmanns Hannesar Eggertssonar[1] stöddum á Sauðafelli í Breiðafjarðardölum sama ár 23. Octobris. Síðan hafa þar um dómar og samþykktir gengið, en ekki veit ég þeir séu af kóngl. valdi befalaðir eður samþykktir hvað líkast er vera hefði átt ef það skyldi ævarandi lög fyrir alda og óborna, en ekki loforð fyrri manna upp á alla sína eftirkomendur.

Sýndist nú ykkar herradóm billegt að biðja það kongel. Maj^t^ allra náðugast vægði til við nauðlíðandi almúga, sem haft hafa sína mestu

[1] Svo, rétt er Eggert Hannesson lögmaður. *Íslenzkt fornbréfasafn* XIV, s. 481–484. (Dómur um gjaftolla 1.5.1566); s. 538–540. (Úrskurður upp á gjaftolladóminn 13.10. 1566).

underholdning til gjalds og gjafar af fénu (sérdeilis um fjárpestartíðina), þar margir geta vel ekki klætt sig eður sína, að gjalda hann ei svo háan sem innlögð tafla sýnir og vanalega gelst í því gildasta heldur þá í öllu sem peningur væri og gjaldgengt er í eður fyrir sektagjald, fáist hitt ei. Það væri stór léttir og vægð. Sérdeilis sýndist að sýslumenn hefðu ei skaða af sakafallsins forpagtning eður ekki væri árlega eftir gefið þeim brotlegu upp af sektagjaldinu, svo sem sýnist vera ætti. Þetta skrifa ég ykkar herradóm til beþenkingar.

* * *

[Oversættelse 2015]

OM GAVETOLD

I Skálholtsbiskoppernes annal står der, at der A° 1417, da Árni Ólafsson var biskop, om vinteren var kommet en bøn til bønderne fra sysselmændene og provsterne [om], hvad gavetold mest sandsynligt er. Så optog provsterne på biskoppernes vegne hele bøden i den katolske tid. Men i hr. Gísli Jónssons tid, i 1556, da afdøde kong Christian den tredje, i højlovet ihukommelse, inddrog biskopstienderne og bødeafgiften i landet, så tog sysselmændene denne provstetold. Alligevel befalede høvedsmanden Páll Stígsson i 1563, at alle de, der boede i de sysler, hvorfra hans kongelige Majestæt havde forlenet tienderne til hr. Gísli, skulle betale den normale provstetold til ham og hans ombudsmænd. Men efter underretning fra de verdslige, som mente, at de gik glip af denne told fra de samme sysler, kom der i 1579 et brev fra afdøde kong Frederik den anden, i højlovet ihukommelse, til landet med spørgsmål om, hvem denne provstetold tilhørte med rette, om det var kongen eller de gejstlige på kirkens vegne. Herom udnævnte lovmændene Þórður Guðmundsson og Jón Jónsson på Altinget samme år i en dom 12 af de viseste mænd (dog alle verdslige). Disse domsmænd sagde, at de vidste, at denne gavetold var vedtaget på det seneste og opretholdt for eftergivelse eller nåde for bøder, men da nu alle bøder skulle gå til kongen, forekom det dem derfor, at gavetolden tilhørte dem, som skulle modtage bøderne.

I en dom, som er i min besiddelse, afgivet på begæring (således udtrykt) af kongelig Majestæts foged over Snæfellssyssel, Henrich Krag, om den uenighed eller ulydighed, som der dér siges at have været mel-

lem kongemagten og almuen, afsagt i Miðgarðar i Staðarsveit Anno 1566, står der følgende: For det første den gode vilje eller gavetold, som har været her i landet, og som efter vedtagelse på Altinget af kongelig Majestæts nådes ombudsmænd, lovmænd og lovrettemænd skal bevares, hvilket forekommer os i sig selv er nok så hård en beslutning i betragtning af landets fattigdom, både for kongemagtens og kirkens skyld, dømmer vi derfor i Guds navn amen, med anråbelse af Helligåndens nåde med os, og efter prøvelse af os, således og som det forekommer os: At de, som betaler tiende, årligt skal give v alen til begge disse former for gavetold. Tilsvarende at de, som har v hundreder til x hundreder, skal give x alen til begge, og de, som har x hundreder til xx hundreder, skal betale xv alen til begge, ligeledes de, som har xx hundreder eller mere, skal betale xx alen etc. Den består af v punkter, og der er skrevet 18 mand, x edsvorne og viii bønder, for den. I ovennævnte biskopsannal står der, at provstetolden aldrig har været højere end v alen. På ovennævnte dom i Garðar har nævnte Henrich Krag skaffet bekræftelse fra lovmand Eggert Hannesson[1], der befinder sig på Sauðafell i Breiðafjarðardalir samme år den 23. oktober. Siden er der afsagt domme og vedtagelser om det, men jeg ved ikke, [om] de er på befaling af kongemagten eller vedtagne, hvilket mest sandsynligt skal være tilfældet, hvis det skal være evig lov for al fremtid og ikke tidligere tiders mænds løfte på deres efterkommeres vegne.

Hvis det nu forekommer jeres herskaber rimeligt at bede kongelig Majestæt allernådigst om at forskåne den nødlidende almue, som har betalt det meste af sit udkomme i afgifter og gaver af fårene (især i tiden med fårepest), hvorfor mange ikke har kunnet klæde sig selv eller sin husstand ordentligt, og ikke lade den betale tolden så højt, som vedlagte tabel viser, og som man normalt betaler i det højeste, men så i det hele taget, som om det var penge, og som man skal betale i eller for bødeafgift, hvis det andet ikke fås. Det ville være en stor lettelse og nåde. Især forekommer det, at sysselmænd ikke ville have skade af forpagtningen af bøden, eller at man ikke årligt eftergav de skyldige bødebetaling, hvad man dog synes burde være tilfældet. Dette skriver jeg til overvejelse for jeres herskaber.

[1] I den originale islandske tekst står Hannes Eggertsson, men det er en skrivefejl. Det korrekte er Eggert Hannesson. *Íslenzkt fornbréfasafn* XIV, s. 481–484. (Dómur um gjaftolla 1.5.1566); s. 538–540. (Úrskurður upp á gjaftolladóminn 13.10.1566).

Jón Ólafsson, hreppstjóri í Réttarholti, skýrir frá högum sínum 23.4.1771. Lit. ZZ. N° 4.

Jón Ólafsson, repstyrer i Réttarholt, beskriver sine forhold 23.4.1771. Lit. ZZ. N° 4.

ÞÍ. Rtk. D3/3–19.
Innsigli/*segl*; Innskráð/*indskrevet* 15.5.1771.

Áritun/*påskrift*: Indkom 15. Maii 1771; Lit. ZZ. N° 4; Skagefiordssyssel; Háedla velbirigumm herra Andreas Holt. Veledla hávisum herra Thorkille Fieldstæd. Edla veluisumm herra Thomas Vindekielde. Allra nádugast tilskickudumm Commissarier a Islande; L. S.

Háeðla, velburðugir!
Herrar Landcommissiaris!
Háttvirðandi herrar!

Að þetta blað mætti ykkur fyrirhitta með gleði og vellíðan sálar og líkama, gefi Guð með því að ég hefi heyrt að þið háttvirðandi herrar séu sendir hingað til landsins að, af vorum allra náðugasta herra kónginum, að aðgæta ásigkomulag landsins og almúgans nauðsynja að viðrétta og bæta það sem landinu og almúganum kynni til gagns og viðréttingar kynni að vera, þá læt ég ykkur vita mitt ásigkomulag.

Það er hið fyrsta að ég tók þessa jörð sem ég bý á með tveimur ásauðarkúgildum, hana niðurnídda bæði að viðum og veggjum og byggði ég hana upp af mínum eigin fémunum og hefi ég ekkert fyrir það fengið. En þessi kúgildi voru mjög svo gömul sum en sum ung, en sum þar á milli og var mér skipað að marka þau undir mitt mark, og held ég að það hafi verið gjört til þess að þeim skyldi ekki verða skilað heim, hvað sem að þeim gengi og kynni til að falla sem að mér bar ekki að ábyrgjast. En þegar að ég hafði verið hér í níu ár þá voru þau öll dauð af ýmislegum veikindum. Liðu svo tímar að faraldrið kom hér í sveit, að kindur mínar mundu deyja hjá mér sem og öðrum, og mundu kúgildin hlaupa upp á mig. Þá óskaði ég af umboðsmanninum að hann léti marka kúgildin og það var gjört. Svo leið að fjárplágan

kom til mín sem annarra á mínar kindur og þessi stólsins[1] kúgildi. Þá lét ég virða annað kúgildið það var yfirkomið í þessari veiki og það virt fyrir sextíu fiska. En þó að ég hefði viljað reka þær til eigandans þá gátu þær ekki gengið það vegna veikinda. Líka tók ég mér það til hugleiðingar að mér mundi vera gjört sem öðrum, reknar til mín aftur. En um vorið á landskuldardaginn bauð ég ráðsmanninum virðinguna og vildi hann ekki taka við henni fyrir þessar sex ær, og voru þar vitni til, en hann vildi ekki taka við henni og gaf hann mér það svar að hann hefði ekki neitt með það, og skyldi ég betala þær. En ég sagði að ég betalaði það ekki án dóms og ekki borgaði ég neinar leigur eftir það. En hann sagði að ég skyldi sjálfan mig fyrirhitta. Svoleiðis er þetta sem að sagt er og bið ég ykkur, góðir herrar, að láta mig njóta Guðs og réttarins, að gefa mér úrlausn um það hvort að ég skuli betala þau eða ekki. En síðan þau kúgildi dóu sem mér voru afhent með jörðunni þá er ég búinn að gjalda í leigur eftir þau fram undir sextíu fjórðunga smjörs og hefi ég öngva uppbót fengið, og þykist ég búinn að betala þau þó að þeirra andvirði séu ei að mér kölluð eða leigur eftir þau útdauð þar ég hefi búið við þau í tuttugu og fjögur ár. Og svoleiðis eru mín gæði sem að ég hefi átt hjá mínum húsbændum.

En þetta var mér skipað að leggja til Hólakirkjuuppbyggingar. Hér var tekinn einn maður úr þessari sókn og var mér skipað að leggja honum til á móti öðrum þremur það sem hann með þurfti til dags og nætur á meðan hann þjónaði þar og það gjörði ég. Einninn var mér skipað að láta til tvo hesta með reiðingi, reipum og pokum að flytja heim kalkið til kirkjunnar og það gjörði ég, og á skattaþingi um vorið var mér skipað að láta til Hólakirkju tuttugu fiska og það lét ég til. Fyrir þetta hefi ég ekki fengið neitt. En skatt og skyldur hefi ég goldið í tuttugu og fjögur ár. En þó að ég viti mínar nauðsynjar fleiri þá læt ég þær bíða að þessu sinni, þar fyrir brýt ég af og bið auðmýklega og í mestu undirgefni forláts á mínu fáfræði, befalandi ykkur, góðir herrar, þríeinum Guði til allrar umsjónar, verndar og varatektar.

Réttarholti,
d. 23. Aprilys 1771.

Vil svo finnast í mestu undirgefni
ykkar reiðubúinn þénari

Jón Ólafsson

* * *

[1] Biskupsstóllinn á Hólum, Skag.

[Oversættelse 1771]

Translation

Höyædle, velbyrdige!
Herrer Landcommissarier!
Höystærede herrer!

At dette blad maatte forefinde Eder med glæde og vellidenhed, baade til sjæl og legeme, give Gud, med det at jeg have hört at de höystærede herrer ere sendt her til landet af vores allernaadigste konge og herre til at eftersee landets omstændigheder og almuens beste eller nödtrængenhed at vedrette og forbedre det, som landet og almuen til nytte og gafn kunde være, da lader jeg Eder vide min beskaffenhed.

Det er det förste, at jeg tog denne jord, som jeg beboer, med 2de söjdeqvilder, jorden tradset og fordervet baade til træe- og torvværk, og byggede den op paa min egen bekostning, og have derfor intet bekommet, end disse söydkoeqvilde var meget gamle, dog nogle unge og nogle derimellem. Og var mig befalt at mærke dem under mit merke, og holder jeg for, det have været gjort i den henseende, at de skulle icke være leveret hjem til landsdrotten, hvad slags hændelse dem kunde og maatte tilfalde, som icke mig til kom at være for dem ansvarlig, og da jeg nu hafde været herudi 9 aar, da vare de alt dödt af adskillig tilfelde og svaghed. Leed saa nogen tiid, og kom faaresygen her i sveiten, og befrögtende mine söjder monne döe hos mig som hos andre, og monne koeqvilden löbe paa mig at betale. Da forlangede jeg af ombudsmanden, at hand loed mærke koeqvildene, og det var gjort. Saa leed det, at faarepesten kom til mig som andre paa mine faar og disse bispestoelens[1] koeqvilder. Da loed jeg taxere andet qvildet, siden det var betagen af denne sygdom, og det taxered for 60 fiske, og dog jeg ville have dreven det til eigenden, da kunde de icke have ganget det for sygdommens skyld. Ligesaa tog jeg mig den efftertancke, at mig blev gjort det samme som andre, dreven tilbage igjen, men om foraaret paa landskyldedagen böd jeg raadsmanden den taxerede verdie, og vilde hand icke tage ved den for 6 faar eller ærqvilde, og var der vidne

[1] Bispestolen på Hólar, Skag.

til, end hand vilde icke tage derimod, og gav hand mig det svar, at hand dermed intet hafde at befatte sig, og skulle jeg betale qvildet. Men jeg sagde, at jeg betalede det icke foruden domskjendelse, og icke betalede jeg nogen lejer effter det, end hand sagde, at jeg skulle raade mig self i denne sag. Saaleedes er dette, som sagt er, og beder jeg Eder gode herrer at lade mig nyde Gud og retten og give mig udlösning om det, hvis at jeg skulle betale det, nemlig qvildet, eller icke. End siden de koeqvilde döde, som mig var afhendt med jorden, da er jeg klar med at betale lejerne effter de, ongefehr til 60 föringer smör, og have jeg ingen aaboed faat, og tyckes jeg at have betalt de, dog at deres værdie ere icke af mig kaldet, eller lejer efter dem uddöet, der jeg have boet med de i 24 aar, og saaleedes er min lycke, som jeg har haft hos mine husbonder.

Men dette var mig befalet at legge til Holekirke opbygning. Her var tagen een mand af dette sogn, og var mig befalt at legge hannem til imod andre 2de, det som hand behövede til dag og nat, imedens hand arbejdede der, og det gjordte jeg. Ligesaa var mig tilsagt at tillegge 2 heste med reeding,[1] repp og sæk at flötte kalck udi hjem til kirken, og det gjorde jeg. Og paa skattetinget om foraaret var mig tilsagt at legge til Holekirke 20 fiske, og det loed jeg til. For dette have jeg slet intet faaed. Men skatt og anden rettighed har jeg betalt i 24 aar. Og enddog jeg kunde vide mine nödsynligheder fleere, da lader jeg det bide denne gang, derfore bryder jeg af og beder ydmygeligen og i störste underdanighed at forlade disse mine eenfoldige ord. Befalende Eder gode herrer den treeenige Gud til ald beskjærmelse og varetægt.

Reittarholt,[2]
den 23. April 1771.

Vil saa findes i störste underdanighed
Eders redebon tjenere

Jon Olafson

L. S.

[1] Paksadel, kløvsadel.
[2] Réttarholt, Skag.

Illugi Jónsson, bóndi á Bjarnastöðum, skýrir frá högum sínum 20.4.1771. Lit. ZZ. N° 3.

Illugi Jónsson, bonde på Bjarnastaðir, beskriver sine forhold 20.4.1771. Lit. ZZ. N° 3.

ÞÍ. Rtk. D3/3–18.
Innsigli/*segl*; Innskráð/*indskrevet* 15.5.1771.

Áritun/*påskrift*: Indkom 15. Maii 1771; Lit. ZZ. N° 3; Skagefiordssyssel; Háedla velbyrdigumm herra Andreas Holt. Veledla hávisumm herra Thorkiele Fieldstæd. Edla veluisumm herra Thomáse Vindekielde. Allra nadugast tilskickudumm Landcommissarier a Islande; L. S.

Háeðla, velburðugir!
Herrar Landcommissaris!
Háttvirðandi herrar!

Guð gefi að blað þetta mætti yður heimsækja með gleði og vellíðan sálar og líkama með því að ég hefi heyrt að þið, háttgöfugu herrar, séu sendir hingað til landsins af vorum náðuga herra kónginum að líta eftir ásigkomu landsins og almúgans nauðsynja, að viðrétta og bæta það sem landinu og almúganum þéni til gagns að koma. Þá læt ég ykkur vita mitt ásigkomulag um mína hagi og þann kost sem ég hefi við að búa.

Það er hið fyrsta að það sem að ég hefi til að gjalda í mínar skuldir er ekki af mér tekið nema fyrir hálfvirði. En ég orðinn fátækur og get ekki borgað í þessari bágendatíð sem hér er uppáfallin, sérdeilis um sauðkindur að þær eru hartnær affallnar og dauðar í þessum faraldri sem hér gengur. En það sem eftir er tórandi er nær dauða en lífi. En nú vík ég að um kúgildi sem að jörðinni fylgja, sem var eitt ásauðarkúgildi að það fékk þessa veiki og var öldungis dauðvona og bað ég þá húsbóndann að veita því meðtöku og var það afsagt. Og svo bað ég hann að láta virða það og skyldi ég selja það eftir virðingunni eigandanum til gagns eða stólnum[1] og var það afsagt. Síðan rak ég þær

[1] Biskupsstóllinn á Hólum, Skag.

heim til stólsins og skyldi ég þær eftir með vottum þar ekki lukkaðist betur en svo, en daginn eftir voru þær reknar þessar ær til mín aftur, en ég fékk ekki annað svar hjá húsbóndanum en ég skyldi farga þeim sjálfur og setja aftur annað kúgildi, en ég gat það ekki því að ég átti ekki svo margar ær að ég gæti gjört það. En ég bauð honum þá kú fyrir þessar ær, sem að ég bauð honum í landskuld vorið fyrir [00].[1] Vildi hann ekki taka hana gilda í hundrað vegna aldurs, en kúna hafði ég keypt og var mér sögð hún ellefu vetra. Þegar ég bauð honum hana í landskuldina virstist mönnum það ekki réttsýni fyrir honum að fella hana snemmbæra úr hundraði. Síðan tók ég þessar ær og gaf ég þeim með mínum kindum og drápust fjórar af þeim og mínar fimm sem að ég átti en tvær lifðu eftir. En smjörfjórðungur var kallaður að mér í haust fyrir leigu eftir þær hvörn ég galt ekki. En þá sömu kú sem að ég bauð honum fyrir þessar ær og hann vildi ekki, hvörki í landskuld um vorið fyrir, tók hann af mér í hundrað um vorið eftir í landskuld.

Nú bið ég ykkur, góðir herrar, að gefa mér skriflega undirrétting um þetta hvörninn ég skuli haga mér um þetta, hvört að ég eigi að betala þessar ær eða ekki, því ég býst við að þeirra andvirði muni verða af mér kallað. En ég þykist ekki eiga að betala það því þær dóu úr þeim veikleika sem menn geta ekki að gjört. En hvað jörðinni viðvíkur sem ég bý á, er mjög af sér gengin af skriðum og grjóti og er ekki þess verð sem að hún er leigð. En svo að ég mæði yður ekki, góðu herrar, lengur með þessum mínum nauðsynjum bið ég með auðmjúkri undirgefni forláts á þessari minni vankunnáttu, brýt ég af og kveðjandi yður alla með blessunaróskum, bæði fyrir sál og líf.

Vil svo finnast í mestu undirgefni ykkar reiðubúinn þénari

Skrifað í Hegranessýslu,[2] d. 20. Aprilys 1771, Bjarnastöðum.

Illhugi Jónsson

* * *

[1] Eyða vegna skemmdar í handriti.
[2] Skagafjarðarsýslu.

[Oversættelse 1771]

Translation

Höyædle, velbyrdige!
Herrer Landcommissarier!
Höystærede herrer!

Gud give, at dette blad maatte hjemsöge Eder med glæde og vellidenhed til sjæl og legeme. Med det at jeg have hört, at de höystærede herrer ere sendt her til landet af vores allernaadigste konge og herre at eftersee landets beskaffenhed og almuens nödvendighed og samme at vedrette og forbedre, som landet og almuen kunde til gafn at komme, da lader jeg Eder viide mine omstændigheder og den kost, som jeg har ved at boe.

Det er först, at det, som jeg have til at betale i mine skylder, er icke af mig tagen uden til halv værdie, end jeg allereede saa fattig i denne kymmerlige tiid at icke kand betale i særdeeleshed söydqvæget, som nu ere næsten falden og döde af denne pæstsyge, som her gange, end det, som efterlever, er nærmeere dödt end levende. Nu vil jeg vige til at tale om koeqvildet, som ved jorden fölger, som var eet söydekoeqvilde. Dette fick denne syge og næsten aldeeles dödt, bad jeg husbonden at tage det til sig, som blef afsagt, saa bad jeg, om hand vilde icke lade taxere det, og skulle jeg selge det efter vurderingen, eigenden eller bispestoelen[1] til nytte og afhændelse, og var det afslaget. Siden drev jeg dette söydeqvilde til stoelen og lod dereffter være med vidner. Dette lyckedes saaleedes, at dagen dereffter vare disse ær, dreven mig tilbage igjen, og fick saa icke andet til svar af huusbonden, end jeg maatte behandle dem self og igjen tilsette andet koeqvilde, men det kunde jeg icke, thi jeg hafde icke saa mange ær[2], at jeg kunde gjöre det, og böd jeg hannem koe for disse ær, den samme som jeg böd ham næstforleden aar i landskyld, og ej vilde antage i hundredsgilde for alderens skyld. End koen hafde jeg mig tilkjöbt og var 11^{ve} aar gammel, da jeg böd den i landskylden, og syntes folk, det icke var rettelig gjordt af ham at forringe koen, som var med kalv og skulle bære tidliig paa vinteren, for mindre end hundred værdie landsviis. Siden toeg jeg disse ær og födede dem med mine faar, döde saa 4re af dem og 5 af mine,

[1] Bispestolen på Hólar, Skag.
[2] Malkefår, får. Islandsk *ær*.

som jeg ejede, end 2de levede effter. 1 föring smör var kaldet af mig i höst for lejer efter dem, som jeg icke betalte. End den samme koe, som jeg böed hannem for disse ær i landskylden næstforleden aar, tog hand nu af mig for hundred foraaret derefter i landskylden.

Nu beder jeg Eder gode herrer ad give mig skrifftlig underretning om dette, hvordan jeg skal bære mig ad, hvis at jeg bör betale disse ær eller icke, thi jeg bereeder mig paa, at deres taxerende værdie monne af mig vorde kaldet, end jeg tyckes icke bör at betale det, der de döde af den svaghed, som jeg icke kunde gjöre ved. End hvad jorden angaar, som jeg beboer, da er den meget fordervet af fjeldskreed og steene og icke værdt for dem höyd, som hun er leyet og sadt for. Og som jeg icke bemöder Eders gode herrer længere med disse mine nödvændigheder, beder jeg med ydmyg undergivenhed forlades maatte disse mine eenfoldigheder. Afbryder jeg og önsker Eder alle herrens velsignelse baade til liv og sjæl.

Vil saa findes i störste underdanighed Eders reedebon tjener

Biarnestad i Hegranessyssel,[1] den 20de April 1771.

Illuge Jonsson

L. S.

Hreppstjórar og bændur í Hegranesi skýra frá högum sínum 8.4.1771. Lit. Pp. N° 2.

Repstyrere og bønder på Hegranes beskriver deres forhold 8.4.1771. Lit. Pp. N° 2.

ÞÍ. Rtk. D3/5–27.
Innsigli/*segl*; Innskráð/*indskrevet* 3.7.1771.

Áritun/*påskrift*: Indkom d. 3. Jul. 1771; Lit. Pp. N° 2; Skagefiordssyssel; Kongl. Mayts. hátttiltrúudum Commissariis a Islandi. Herr. Andreas Holt. Herr. Thorkieli Fielstd. Herr. Thomasi Windekilde a Arnarhoole; L. S.

[1] Skagafjarðarsyssel.

Kóngl. May^ts^ hátttiltrúaðir Commissarii!
Gúnstugu herrar!

Í tilliti til þeirrar konungl. allra náðugustu forordningar af dato Christiansborgar slote, d. 15da Maji 1770 á næstliðnu sumri hér í landi auglýstu, áhrærandi þá allra náðugast tilskipuðu Commission á Íslandi, fyrir hvörjum einum og sérhverjum, er allra náðugast eftirlátið að gefa sig til kynna. Þá tökum vér undirskrifaðir oss þann fríheit í stæðstu undirgefni að framfæra vora þanka um það er oss sameiginlega sýnist horfa til almennings nytsemi, gagnsmuna og viðréttingar hér um sveitir sem fylgir.

Þessi Hegraneshreppur er mjög fátækur, sem mest orsakast fyrir blásið land og heyskaparleysi, hvar fyrir hér eru og jarðir í eyði fallnar eftir sem útgefið bréf hreppstjóranna af 1770 til sýslumanns Snorrasonar[1] útvísar. Þó hefur fólki allra helst örðugt fallið að uppihalda sér síðan sú yfirgeisandi fjársýki hér yfirféll, þar margir mestpart lifðu og höfðu svo að segja allt sitt uppheldi af sauðpeningi. En uppreist fólks yfirhöfuð eður nokkra viðréttingarvon sjáum vér ei aðra framar sem öllum kynni jafnt til gagns að koma en þá að hér væri kaupmaður í kaupstaðnum árlangt er seldi fólki nauðsynjar sínar eftir sem það kynni betala.

1° Mjöl eður annan mat því til lífsnæringar, þar margir eru þeir sem kaupa sínar lífsnauðsynjar bæði á haust-, vetrar- og vortímum, svo vel að[2] húsbændum sínum sem öðrum megandi mönnum, fyrir meira verð en þær þó annars eru í kaupstöðunum. Þessir áðurnefndir kunna vel öðrum nauðlíðandi sér tíðum til stórs baga að hjálpa, og verða síðan jafn óbirgir, kannski að síðustu sem hinir og þeir sem kaupa taka þar og við stóran skaða, að kaupa með umkostnaðarreikningi athuguðum svo vel á fiski sunnan og vestan af landi fluttum sem öðrum kaupstaðarvörum. Sýnist því þetta vera ein stór orsök meðal annars til almennings bágenda, þar allfæstir eru megnugir að draga meir að sér af sínum lífsnauðsynjum en þeir sjálfir nauðsynlegast viðþurfa. Þegar þeir fátæku hafa nú goldið jarðarskuldir sínar, sem og aðrar matarskuldir gjörðar að vetrartímanum við íslenska, svo mikið

[1] Jón Snorrason (1724–1771), sýslumaður í Skagafjarðarsýslu.
[2] Svo, þ.e. af.

sem geta, áður kauptíðin byrjast í kaupstöðunum, svo koma þeir síðan aldrei í kaupstaði sér til nokkurs gagns, en kynnu þó annars á öllum ársins tímum að hafa nokkur not kauphöndlunarinar við danska, væri ætíð í kaupstaðnum að fá það þeir með þyrftu.

2° Sökum þess að hér er enginn eftirliggjari í kaupstaðnum svo taka þeir oft stóran skaða sem eru við sjóarsíðuna eður annars staðar hvar veiðivon er, nær þeir missa sín veiðarfæri en fá ei aftur keypt til þeirra. Mega síðan bíða oft þann hentugasta tíma og hafa aflans engin not, allt þar til skip kemur, hvort vera vill langur eður stuttur tími, og þvílík veiðarfæratöpu hefur hitt þá á þessu ári, er í þessum hrepp brúka selveiði.

3° Nær skip laskast eður missast, svo verður skaðinn oft stærri vegna þess að menn fá ei aftur við, tjöru og járn til þeirra endurbótar. En missirinn yrði annars ekki svo bagasamur ef fólk fengi þetta nær þörf gjörðist.

4° Væri hér kaupmaður til staðar, svo kynnu menn fá viði til húsbygginga, hvörs stór þörf gjörist, þar bæir eru margir lasnir fyrir viðaleysi og við falli komnir, og þó fólk fari oft haust og vor að sjóarsíðunni til viðaaðdrátta, þá gefst skjaldan svo mikill reki að almenningi kunni nauðsynlega að péna til húsaviðurhalds, því síður til endurbótar. En þótt viður flyttist í kaupstaðnum, svo geta menn ekki ætíð sætt því að kaupa hann ásamt öðrum sínum nauðsynjum á þann eina dag ársins er þeir mega hafa til kauphöndlunarinnar í kaupstaðnum.

5° Ef kaupmaður væri altíð í standi að hjálpa fólki um það er það nauðsynlega með þyrfti og tæki aftur í móti betaling á öllum ársins tímum, nema slátrunarfé er koma skyldi á sínum rétta og hagkvæma tíma, svo höldum vér að nytsemi fólks þar af yfirhöfuð yrði jafnari og restantzar minni hjá fólkinu.

6° Þar sem ei er nema einn maður á bæ með konu og börnum, sem víða er, og eiga langa leið í kaupstað, og hvör kirkjusókn hefur ei nema 1 dag fyrirskrifaðan af kaupmanninum til kauphöndlunarinnar. En þeir sem ei geta komið þenna tiltekna tíma einhvörra orsaka vegna, þeir sömu hafa skjaldan viðrétting það ár, sérdeilis þegar þeir eiga langt að sækja og margir hafa stóran baga á heyskap sínum á sumrum sökum kaupstaðarferða, því heyskapurinn, fiskiaflinn bestur og kauphöndlunin við danska stendur í Norðurlandi víðast yfir allt í einu, og er nær svo ómögulegt, þar fátt fólk er, að sæta þessu öllu undireins.

7° Flyst tóbak og brennivín stórkostlega hingað á Hofsós, og gjörir fólk sér sjálfu stóran skaða í því að kaupa þetta hverutveggja. Sýnist því stórnauðsynlegt að hingað mætti flytjast matur og aðrar fólks nauðsynjar í þess stað.

Þetta framanskrifað sýnist oss eftir fáfræði voru, einkum og allra helst horfa til almennings nytsemi og ei sjáum vér annað er fólki mætti framar verða svo sameiginlega til aðstoðar.

Ási í Hegranesi,
d. 8. April 1771.

Bjarni Skúlason
Magnús Jónsson

Þessu til frekari staðfestu
eru vor undirskrifuð nöfn

Markús Guðmundsson
Sigurður Hallgrímsson
Þórður Ólafsson
Björn Jónsson

* * *

[Oversættelse 2015]

Kongelig Majestæts højtbetroede Commissarii!
Gunstige herrer!

Under henvisning til den kongelige allernådigste forordning af dato Christiansborg Slot den 15. maj 1770, bekendtgjort sidste sommer her i landet, angående den allernådigst beskikkede Commission i Island, over for hvilken det allernådigst tillades enhver at tilkendegive sig, så tager vi underskrevne os den frihed i største underdanighed at fremføre vore tanker om, hvad der forekommer os i fællesskab at give udsigt til nytte, gavn og genoprettelse for almuen her på egnen, nemlig følgende:

Denne Hegranesrep er meget fattig, hvilket mest skyldes bortblæst jord og mangel på hø til høstning, hvorfor her også er gårde, som er forladt, således som repstyrernes udstedte brev til sysselmand Snorrason[1] af 1770 viser. Dog er det langt mest faldet folk svært at klare sig, efter at den nu hærgende fårepest ramte stedet, eftersom mange for det meste levede og havde så at sige alt sit udkomme af får. Men til genoprejsning af folk overhovedet eller noget håb om bedre forhold ser vi fremfor alt kun ved, hvad der måtte være lige meget til gavn for

[1] Jón Snorrason (1724–1771), sysselmand i Skagafjarðarsyssel.

alle, at her var en købmand i købstaden hele året, som solgte folk deres fornødenheder, efterhånden som de kunne betale.

1° Mel eller anden mad til livets opretholdelse for dem, eftersom der er mange, som køber deres livsfornødenheder både om efteråret, vinteren og foråret, såvel fra deres husbønder som andre velstående, for en højere pris, end de ellers findes til i købstæderne. Disse ovennævnte kan godt ofte hjælpe andre nødlidende til stort besvær for sig selv og derefter mangle forsyninger i samme omfang, måske ikke mindre end de andre, og de, som køber der og med stort tab, køber efter undersøgt omkostningsberegning såvel fisk bragt fra Syd- og Vestlandet som andre handelsvarer. Dette forekommer derfor at være en stor årsag blandt andet til almuens nød, eftersom langt de færreste er i stand til at skaffe sig mere af deres livsfornødenheder, end de selv nødvendigst har brug for. Når de fattige nu har betalt deres landskyld og ligeledes har opgjort deres gæld for mad over vinteren til de islandske, så meget de kan, inden handelstiden begynder i købstæderne, så kommer de derefter aldrig til købstaden til nogen gavn for sig selv, men kunne dog ellers på alle tider af året have nogen brug for at handle med de danske, hvis det altid var muligt i købstaden at få, hvad de havde brug for.

2° Fordi der her ikke er nogen efterligger i købstaden, så lider de ofte stor skade, som bor ved kysten eller andre steder, hvor der er mulighed for at fange fisk, når de mister deres fangstredskaber og ikke kan købe andre. [De] må derefter ofte vente i den gunstigste tid og har ingen gavn af fangsten, indtil der kommer skib, det være sig kort eller lang tid, og et sådant tab af fangstredskaber har i år ramt dem, som i denne rep driver sælfangst.

3° Når et skib lider skade eller går tabt, så bliver skaden ofte større, fordi man ikke igen kan få tømmer, tjære og jern til reparation af det. Men tabet ville ellers ikke være så slemt, hvis folk kunne få det, når der var brug for det.

4° Hvis her var en købmand til stede, så kunne folk få tømmer til husbygning, når der var brug for det, eftersom mange gårde er udtjente på grund af mangel på tømmer og ved at styrte sammen, og selv om folk mange gange om efteråret og foråret drager til kysten for at hente tømmer, så er der sjældent så meget drivtømmer, så det kan gavne almuen til den nødvendige vedligeholdelse af huse og slet ikke til for-

bedringer. Men selv om der kom tømmer til købstaden, så har folk ikke altid mulighed for at købe det sammen med deres andre fornødenheder den ene dag om året, som de kan få til handel i købstaden.

5° Hvis købmanden altid var i stand til at hjælpe folk med det, som de havde brug for, og ville tage imod betaling på alle tider af året bortset fra får til slagtning, som skal komme på deres rigtige og passende tidspunkt, så mener vi, at folks gavn ved det i almindelighed ville være mere jævn, og at folks restancer blev mindre.

6° Der hvor der kun er én mand på gården med kone og børn, sådan som det er tilfældet mange steder, og han har lang vej til købstaden, og hvert kirkesogn kun har 1 dag foreskreven af købmanden til handel, og de, som af en eller anden grund ikke kan komme på det angivne tidspunkt, de samme får sjældent betjening det år, især når de har lang vej, og mange er for optaget af deres høhøst om sommeren til at kunne tage til købstaden, for høhøsten, den bedste fiskefangst og handelen med de danske falder på Nordlandet de fleste steder sammen, og så er det næsten umuligt, hvor der er få mennesker, at passe det alt sammen på én gang.

7° Tobak og brændevin bringes i voldsomt omfang her til Hofsós, og folk udsætter sig selv for skade ved at købe begge disse ting. Det forekommer derfor i højeste grad nødvendigt, at der kom mad og andre livsfornødenheder for folk i stedet.

Dette oven for skrevne forekommer det os i vores uvidenhed kan især og i højeste grad bidrage til almuens gavn, og vi ser ikke andet, der i højere grad kunne være således til fælles hjælp.

Ás på Hegranes,
den 8. april 1771.

Bjarni Skúlason
Magnús Jónsson

Til yderligere bekræftelse på dette findes vore navne underskrevet

Markús Guðmundsson
Sigurður Hallgrímsson
Þórður Ólafsson
Björn Jónsson

Hreppstjórar og bændur í Viðvíkursveit fjalla um kjör sín 8.4.1771. Lit. ZZ. N° 2.

Repstyrere og bønder i Viðvíkursveit redegør for deres forhold 8.4.1771. Lit. ZZ. N° 2.

ÞÍ. Rtk. D3/3–17.
Innsigli/*segl*; Innskráð/*indskrevet* 15.5.1771.

Áritun/*påskrift*: Indkom 15. Maii 1771; Lit. ZZ. N° 2; Skagefiordssyssel; Velædla, velburdigumm iferlandcommissari herr. Andreas Hollt. Velædla, hávisum her. Thorkiele Fieldsted. Velædla, hattögtudumm sr. Thomase Vindekillde. Allra nadugast tilskickudumm Landcommissarj a Islande.

Veleðla, velburðugi, veleðla, hávísi, veleðla, háttaktaði!
Allra náðugast tilsettir Landcommissarij!
Háttvirðandi herrar!

1. Eftir tilskipan vors allra náðugasta herra konungs Christians 7ª af dato 1770 þann 15. Maj, gjörum vér yður vitanlegt að sú harða og mikla fjársýki sem að án allrar dvalar hefur gjört oss næstum því öreiga á nokkrum fyrirfarandi árum, og enn nú viðvarir, svo að varla má nú annað fyrir sjá hjá allmörgum en vergang með tilstyrk vorra landsdrottna í því tilliti að það í skuldir var af oss boðið í þeim góðu og faraldurslausu árum, og var góðfúslega af oss tekið, það er nú falt til þriðjunga og sumt meir sem er nefnilega prjónpeysur 20 al., ullskyrtudúkar 5 stikur 20 álnir, smábandssokkar 10 fiskar, svo nú í þessu pestarhallæri er oss svo stór þyngsli gjörð með því að fella það svo mikið úr þess gamla texta[1] sem á margra ára tíð var svo tekið. Hér með hljótum vér þennan tóskap helst að láta gjöra vegna svo harðrar ullareklu, svo að það kynni heldur nokkru af að kasta og þar fyrir biðjum vér þénustusamlega að einn viss texti megi þar á komast, svo að vér höfum oss þar eftir að rétta hvað auðveldlega getur skeð eftir vigt og mælir.

[1] Svo (tegsta), þ.e. taxta.

2. máta um kýr, naut og kálfa, hesta og hross sem menn verða að bjóða í sínar landskuldir, sem flest er fellt úr bókarinnar verðum, oss undirgefnum til hins mesta skaða, svo að nú horfir til hinna stæstu vandræða fyrir oss. Þar fyrir óskum vér að þetta náðuglega álítist svo að einn viss texti á því verði, ungu og gömlu, því svo stendur á fyrir velflestum af oss að ekki er altíð til það í algildi stendur upp á aldur, og þar fyrir skyldi það niðursetjast svo hverki hefði skaða kaupandi né seljandi.

3. máta leiðist yður fyrir sjónir um ábýlisjarðir vorar sem standa í aumkunarlegu ásigkomulagi upp á húsaviðu, þar fyrir að vér getum ekki keypt viðinn fyrir fátæktar sakir til jarðarhúsanna. En landsdrottnar vorir skikka oss þær að uppbyggja bæði að viðum og veggjum allt upp á vorn kost og án alls betalings. Hér með sýnist oss þær árlega af sér ganga upp á tún og engi ásamt land sem árlega fordjarfast sums staðar af skriðum og vatnságangi, sandi og skógarleysi, svo að hér um pláss er ekki að fá hríslu að dengja við einn ljá, til að heyja fyrir þeim kúgildum sem eftir tóra. En vor landsdrottinn er búinn að fyrirbjóða á skógarjörðunum að selja oss kol sem öðrum, svo að vér sjáum nú hið fyrsta oss sýnt banatilræði. Þetta biðjum vér í undirgefni náðuglega álítist, hér með kúgildi pestdauð af oss útheimtuð og leigurnar árlega og það án allrar uppbótar í mörg ár. En oss þykir í heimaumboði Hólastóls að landsdrottinn vor sé nokkur orðsök í því sem af kúgildunum deyr fyrir heyleysis sakir. 1. Vegna þess að á sumardaginn skipa þeir oss að slá sér á túnum þegar best ástendur heyskapnum. 2. Og síðan nauðga á oss fóðrapeningi á haustin svo að vér verðum að drepa vort frá eldum þeirra eður setja of mikið á, því jarðirnar kunna ekki að bera vort og þeirra. En vér þykjustum ekki skyldugir að betala eftir jarðirnar ef vér eigum að búa fyrir þá, þó vér verðum það að þola.

4. máta er hér mikill skortur hjá allmörgum af vinnufólki sem orðsakast fyrir vissar orðsakir, sem er fyrst vegna þessar barneignar ótilhlýðilegrar sem hér grasserar árlega, að fátækir bændur geta ómögulega ómögum á sig aukið í þessari pestartíð. Í annan máta taka sig menn frá bændum til að verða lausir, allt hvað þeir geta goldið kóngi skatt, en eru þó næstum því öreigar. Í þriðja máta eru sumir hjá bændunum að hálfu en sér að hálfu, og koma sínu svo fram eftir því sem best gengur. Í fjórða máta fer sumt í húsmennsku alldeilis að raunarlausu.

5. máta eru hér á hreppum ómagar svo margir að búandi fólk kann varla undir að rísa, sem eru börn þeirra manna sem aldrei hafa skatt né skyldur goldið, hverki kóngi né kalli.[1] Einninn frillulífisbörn sem fæðst hafa í hreppum, en foreldrar þeirra ganga í vistir í öðrum hreppum með yfirskoti og lagaflækjum og vinna sér þar inn kaup og mat sem best gengur. En vér verðum að annast þeirra ómegð eftir sýslumannsins skikkan. Guð hjálpi oss náðarsamlega.

6. máta viljum vér fá uppfræðing á því sem vér megum í tolla og tíundir bjóða, ásamt skatta og þegnskyldur, þar vér höfum ekki skileyrir[2] til og ekki er á að taka hjá allmörgum nema stórgrip. Hér með er og að oss heimtað búandi hjónum ljóstollur 8 fiskar og kannski 10 fiskar. En vér getum ómögulega í skileyrir goldið, og þar fyrir begjörum vér að vax flytjist á höfnina svo menn geti keypt það til kirknanna. Kikjutíund er í skileyrir útheimtuð af þeim sem possyonesreikning[3] hafa og það í rigtugri útsvörun, jafnvel þó kirkjur vorar séu næstum því niðurfallnar og menn geti ekki sínum fótum ósaurguðum haldið meðan guðsorð er framflutt. Þá vill herra biskupinn hafa sína tíund vel útilátna eftir tíundarhæð. Lögmannstollur má aldrei gleymast. Þá láta prestar vorir sitt ei eftir liggja að heimta að oss sína tíund, lambseldi og bænadag. En hjá oss sumum mönnum er ekki til í allt þetta nema stórgripur, en hver af þessum vill hafa sitt í skileyrir og í réttan tíma.

7. máta begjörum vér hér á Hofsós einn eftirliggjara sem að kunni að gegna vorri nauðsyn á vetrartímanum, einnveginn svo af takast mætti brennivíns- og tóbaksprang sem enn nú valenderar[4] hjá þeim á Höfðaströnd, ásamt annars staðar í sýslunni vorri. Hér með begjörum vér einn vissan texta á blautum fiski hverninn hann skal takast af kaupmanninum fyrir nauðsynjar vorar.

8. máta viljum vér fá skýrslu á af hvað mörgum hundruð að 40 fiska skattur skal fyrst heimtast og hvert búið skal vera svo á sig komið upp á búshluti og mannfjölda sem um getur í landslagabók vorri, kóngsþegnskyldu fyrsta cap.[5] Hér með viljum vér vita hvert enn nú

[1] Þ.e. prestakalli.
[2] Löglegur gjaldmiðill, hvort heldur búpeningur eða annað.
[3] Svo, rétt væri portionsreikningur eða kirkjureikningur.
[4] Á sér stað. Danska *valendere* eða *validere*.
[5] *Jónsbók. Lögbók Íslendinga*, s. 97–98.

við helst búreisuskattsgjöfin til öreiganna og hvað öreigar séu rétt kallaðir.

9. máta eru spursmál vor svoleiðis að hvert það álítist fyrir gott að vor yfirvöld skuli trekka[1] það af vorum lítilfjörlegum nauðsynjakaupum, sem vér gjörum í kaupmannsbúðinni við kaupmann vorn og vér erum búnir til hans inn að leggja, þeim lítilfjörlegum restönsum er þeir þykjast hjá oss eiga og kaupmaður er þeim til þess velfylgjandi.

10. máta er yður til vitundar gefið að í sýslu þessari eru þeir menn sem legið hafa með konum, giftir með ógiftum og ógiftir með ógiftum, og halda saman eins eftir sem áður þó brotin séu fleiri en vera byrjar, sumt á heimilunum, sumt í næstu kirkjusókn, sumt innan sýslu nokkuð fjær. Í annan máta er hér og sá siður sums staðar að hjónin eru aðskilin með það slag að þau eru haldin fyrir vinnuhjú sitt í hverri þingá,[2] aldeilis að orðsakalausu, og í því ganga ekki síst fram vor yfirvöld og ganga þar svo á eftir þeir sem eru á hinni lægri tröppu þessi aðskilin hjón að halda.

11. máta væri stór þörf á að vissir menn væru til teknir að vordiera[3] reiðaranna góss á Hofsós svo að það kynni reglulega niður að setjast almúganum til undirréttingar. Því þó það hafi verið gjört af kaupmanns vinum með yfirskotum, þá hefur það ekki komið almúgafólki til góða, jafnvel þó varan hafi verið gagnfordjörfuð, sérdeilis tóbak, járn, hestaskór léttvægir og mél illa umvendað, upp á bönd og lög brotið svo margur hefur þar af skaða á löngum vegi og margt annað meir sem of langt er upp að telja. Kaupmaður bágur við fátæka og helst þá sem mest á liggur svo þeir fá lítt nauðsynjar sínar þó borgað geti. En þeir ríku fá eftir vild sinni, já hans vinir, bæði tóbak, brennivín og mél, svo að þeir geti selt einn kút fyrir ríkisdal krónur tóbaksbitann túmark, en mél eftir því sem þörfin er þeirra sem við taka.

Nú förum vér varla að vera svo djarfir að begjöra vissu frá yður um það hvað margar forordningar oss hafa átt að birtast á þessu umliðna ári. Ein hefur oss verið birt sem vér gefum yður lítið svar upp á sem er þetta hér að framan. En framar þorum vér ekki að gjöra í þetta sinn vegna vora yfirboðara, því oss vantar vit og peninga að

[1] Draga, þ.e. draga frá. Danska *trække*.
[2] Þ.e. þinghá.
[3] Virða. Danska *vurdere*.

mæta þeim, og viljum vér heldur órétt þola en verr fari. En það sem vér kunngerum á þessu skrifi viljum vér með eiði sanna ef þörf gjörist.

Vér finnustum í skyldugustu undirgefni.

Í Viðvíkursveit,	Yðar veleðlaheita og velburðugustu
d. 8. Apr. 1771.	samt veleðlaheita skyldugir þénarar
Pétur Jónsson	Jón Jónsson
Jón Bjarnason	Þórður Guðmundsson
	Ásgrímur Þorláksson

* * *

[Oversættelse 1771]

Translation

Velædle, velbyrdige!
Velædle, höjviise!
Velædle, höyfornemme!
Allernaadigst beskicket Landcommissarier!
Höystærede herrer!

Effter befaling vores allernaadigste konge og herre kong Christian dend syvende af dato 15de May 1770 gjöre vii Eder vitterlig, at den haarde og fahrlige faaresyge, som uden ald ophold haver gjort os næsten saa fattige og elendige i nogle forleden aar og endnu vedvarer, saa at icke snart andet sees for os ald for mange end at gribe til betlestaven. Den hjelp og styrk vore landsdrotter skulle gjöre os, idet vi kunde tilvejebringe at betale vore afgiffter og skylder med ligesom tilforn i gode aar, og förend denne faarepest paakom, og blev af os godvillig modtaget de vahrer, vi fremböd, er nu bleven forandret, felt og nedsatt[1] til treede parts værdie og somt meer, som er nemlig: Een pronetröye[2] 20 al., 5 alen skiortevadmel 20 al., smaabaandshoeser 10 fiske, saa at nu i denne haarde tiid med pæstqvæget og uldmangel falder os tungt saa meget at felde og nedsætte vore vahre imod den gamle taxt, hvorefter

[1] Oversætteren 1771 har her fundet det nødvendigt at anvende tre ord til at oversætte det islandske ord *fella*, som betyder nedsætte.

[2] Striktrøje. Islandsk *prjónapeysa*.

i mange aar blef af os tagne. Og derfor ombeder vi tjenstlig, at een viss taxt derpaa maatte settes, saa at vi efter den kunde rette os, og paalideligere kand skie effter vigt og maal.

2° Prissen paa kjör, nööd[1] og kalve, heste og hopper med föl, som mand faaer at byde i sine landskylder, er fleest nedsatt og forringet imod loven os undergifne til hins meste skade, saa at nu hensigter for os store vanskeligheder. Derfor önskede vii, at dette naadelig maatte ansees, saa at der blev sadt en vis taxt paa alt ungt og gammelt qvæg, thi det kand saa staae for os velfleste, at det icke i sin gildhed er i den stand, som det bör paa alder og andet, og derfor skulle det nedsettes til den priis, at baade den kjöbende og selgende icke hafde skaden.

3° Maatte forhöre sig om vore paaboende jorder, som ere i en meget slett stand paa træe til huusene, og vii for fattigdom skyld kand icke kjöbe træen til jordehuusene, end landsdrotten vores tilsiger os paa vor egen bekostning baade til træe og anden torfverksarbejde at opbygge dem. Hermed synes os, at de aarlig aftager paa tun og enge og andet landmarke,[2] som aarlig forderves, sommestedz af fjeldskreede og vandfloede og sande, og saa got som ingen skov, saa at heromkring er icke at faae en træeqvist til kul at opskjærpe en höelee ved til at slaa græs for de koeqvilder, som effterleve. End vor landsdrotten have taget sig for at forbyde dem paa skouve jorderne at selge os kul i vor nöd, saa at vi nu seer först hjertelauget og hvad vel, de vil os. Dette beder vi i underdanighed naadig maatte til rette settes. Hertil er krævet af os at svare til de pæstdöde söydeqvilder og lejer deraf aarlig, og det foruden ald aaboed i mange aar. End os tyckes i hjemmeombudet Holabispestoels, at vor landsdrotten er self nogen aarsag i det, som af koeqvilderne döer af höelös. 1° Formedelst det at om sommerdage befaler de oss at slaae græs paa deres tun i den beste höeaflings tiid. 2° Og siden tilholder de os at tage koe eller nööd til at foedre om vinteren, saa at vi maae slagte vores i stæden for det, vi af dem tager, eller og at sætte meere qvæg paa jorderne, end de kand taale og bære. End vi tyckes icke skyldig at betale efter jorderne, naar vii skal boe for dem, dog vi maae det have og taale.

4° Er her meget knapt hos mange paa tjenestefolch, som for visse skyld foraarsages. 1° De, som falde i lejermaal og eje börn, som her

[1] Tyr. Islandsk *naut*.

[2] Her henvises sandsynligvis til andre former for jord ud over hjemmemark og eng.

grasserer aarlig, og fattige bönder umuelig saadanne unge börn kand til sig tage i denne faarepæste tiid. 2° Tage sig mænd fra bönderne til at være sin egen herre som lösemand, og allt naar de kand betale Kongen skatt, end ere dog næsten meget fattig. 3° Ere nogle hos bönderne kaldet halve lösemænd, tjener baade sig og bonden end kommer dog sine sager som best frem. 4° Nogle sætter sig til at være huusmand aldeeles uden nogen eftertanke.

5° Ere her paa hreppen (omager) eller vanföre mennisker saa mange, at boende folck kand icke rejse sig derunder, som ere börn deres, som aldrig have ydet nogen tiende rettigheder hverken konge eller karl.[1] Ligesaa frillelives börn, som ere födt i hreppen, og deres forældre bortviget til anden hrepp og er i tjeneste under et slags skiufl[2] og fortjener sig baade lön og föde, hvor de best kand, end vi maae holde tyngslen med deres börn effter sysselmandens beskickelse. Gud hjelpe os naadeligen.

6° Ville vi faae oplysning over det, som vi maatte i tolde og tiender byde, tilliige med skatter og anden rettigheder, der vi have icke penge, at saadanne skylder kand aflignes med, end icke er andet til hos mange uden stort qvæg, her tilliige er af os boende forlanget lysstolde 8 fiske og kandskee 10 f. End vi kand umuelig betale med den ting saakaldet skileyrer,[3] og derfor begjære vi, at vox flöttes til handelen, som mand kand faae det kjöbt til kirken. Kirketiender, i skileyrer betalt og paafordret af dem, som portions reigningen[4] under hænder have og det rigtig at udsvare, dog at vor kirken er næsten forfalden, og mand kand icke holde sig reen om födderne, imedens gudsord er fremflött. Hr. biskoppen vil have sine tiender vel udlagt efter tiendehöjden. Laugmandstolde maae ej forglemmes, vores præster lader icke sit efterligge at udkræve af os sine tiender, lambsfoeder og dagsværk, end hos os iblandt er icke til dette at betale uden stor qvæg, men enhver vil have sit i gode penges værdie, eller (skileyrer saakaldet) og paa rette tiider.

7° Begjære vii her i Hofsaaskjöbstæd een efterliggere, som kunde hjelpe os i vor trang og nöd om vinteren. Ligesaa maatte aftages brendeviin- og tobacksprangerie, som endnu conditionerer hos dem paa

[1] Skal være præstegæld. Islandsk *kall*, *prestakall*.
[2] Sandsynligvis skjul.
[3] Lovmæssige betalingsmidler. Islandsk *skileyrir*.
[4] Kirkeregning.

Höfdestrand og hos andre fleere i sysselet. Hermed begjære vi en vis taxt paa blödfisk, hvordan den af kjöbmanden skal tages til vores fornödentlig tings behövende.

8° Ville vii faae den effterretning, hvor mange hundrede det skal være, at 40 fiske skal i skatt först udlegges, og om boet skal være saa indrettet paa boeskap og folckemængde, som vor landslov omtaler, kongens rettigheder först aftagne.[1] Hermed ville vi og faae at vide, om skatten til dem, som rejser boe, endnu vedholdes til aureigana,[2] og hvad (aureigar) ere med rette nafn kallede.

9° Forespörger vii os, om det for got og billigt ansees, at vor övrighed skulle trecke af det lidet, som vi indlegger til kjöbstædshandlingen ved vor kjöbmand til at faae vores nödtörfft fore, i betaling for den liden restans, de tyckes hos os eje, hvortil kjöbmanden er dem vel fölgende.

10° Er Eder given tilkjende, at i dette syssel ere de mænd, som have falden og forseet sig med gifte kohner og med ugifte, og ugifte med ugifte, og holder sig dog sammen til hver andre ligesom tilforn, dog bröden ere fleere, end de bör være. Somme paa samme hjemme, somme i næste kirkesogn og somme inden sysselet noget langt fra. I anden maade er her og den skick sommestedz, at gift folck er skildt fra hver andre paa den maade, at de ere holden for tjenestefolck hver paa sit stæd, aldeeles ingen fornödentlig aarsag dertil, og icke gange sidst frem dette at röre vor öfrighed, og gaae saa den eene efter den anden i samme foedspor saadanne adskildte folck at holde.

11° Var det stor fornöden, at visse mænd bleve tilnefnde at vurdere Compagniets gods udi Hofsaaskjöbstæd, saa at det kunde ordentligere nedsettes almuen til efterretning, thi dog det have været gjordt af kjöbmandens venner med besigtelsen, da have det icke kommed almuenfolcket til gode, maaskee alligevel vahrerene have været aldeeles fordervet, særdeeles toback, jern, hesteskoe liden deel, og meel slet forseet paa töndebaand og anden skade, saa at mange have haft skade lange veje at flöte samme, og andet meere som er langt at optælle. Kjöbmanden tvermodig[3] ved fattige og hellst dem, som höyst er træn-

[1] Den gamle lovbog, Jónsbók. *Jónsbók. Lögbók Íslendinga*, s. 97–98.

[2] Oversætteren 1771 har tilsyneladende heller ikke været helt sikker på, hvad man skal kalde det islandsk ord *öreigi*. Her henvises til de fattige.

[3] Stivnakket, stridig.

gende, saa de faae lidet til sin fornödentlighed, dog de betale kunde, men de riige faae effter sin begjær, ja hans venner baade toback, brendevin og meel, saa at de kand selge 1 kutt for 1 rdr. croner, tobaksbitten 2 mk. end meelet efter dens trang og begjær, som det kjöber og vil faae.

Nu tör vii neppe være saa dristig og begjære fra Eder vissen underretning paa dette, hvor mange forordninger der burdte have været forkyndt os i de omledne aare. Een have os været forkyndt, som vii give Eder lidet svar paa med dette her foran bemelte. Meere tör vi icke tage os fore denne gang at gjöre vor öfrighed, thi os mangler baade forstand og penge at möde dem, og ville vi heller taale uretten end fahre ilde. Men det, som vi udi dette skrifft har aabenbart, vil vii med eed stadfæste, naar det fornöden gjöres.

Vi findes med skyldigste underdanighed.

I Widvykursveit,[1] den 8de April 1771.	Eder velædle, velbyrdige velædle, höyviise velædle, höyfornemme allerskyldigste tjenere
Jon Jonson Jon Biarneson	Petur Jonson Thorder Gudmundson Asgrimer Thorlaksson[2]

L. S.

[1] Viðvíkursveit, Skag.

[2] Opstillingen af navne er uregelmæssig i det oprindelige dokument. Her er de opstillet i to spalter.

Óundirritað bréf af Höfðaströnd um hag íbúanna 17.5.1771. Lit. Pp. N° 4.

Brev uden underskrift fra Höfðastrand om beboernes forhold 17.5.1771. Lit. Pp. N° 4.

ÞÍ. Rtk. D3/5–29.
Innskráð/*indskrevet* 3.7.1771.

Áritun/*påskrift*: N° 4.

> Háeðla, háæruverðugum og háttöktuðum kóngl. Maie[st]!
> Allra náðugast tiltrúuðum Commissariis!
> Hr. Andreas Holt, hr. Þorkell Fjeldsted og hr. Thomase Windekeilde!

Í tilliti hans kóngl. Maie[st] allra náðugustu forordningar af dat. 15. Maj Anno 1770, áhrærandi Commissionena á Íslandi, innflýjum vér í djúpustu undirgefni, fátækir Höfðastrandarhrepps innbyggjendur, til ykkar háæruverðugheita, með þessum vorum svokölluðum memorial, auglýsandi eftir hans kóngl. Maie[st] háloflegri befalningu það þessum fátæka hrepp til besta vera mætti og hans innbyggjurum til uppreistar, sem er að eftirfylgjandi póstar mættu álítast og niðursetjast af hans Maiestatis allra náðugustu réttsýni.

1° Vorar ábýlisjarðir eru svo mjög af sér gengnar á ýmsan hátt þar tún, engjar, hagar og skógar, hús og akrar er fordjarfað með ýmislegum tilfellum. Svo sem er vatnsgangi, skriðuföllum, jarðhlaupum og snjóflóðum, en fáum þó ekkert linkindasvar af vorum, svokölluðum húsbændum eður landsdrottnum, en útkallaðar landskuldir svo sem að fornu verið hefur. Og þó vér beiðunst að setja niður eður færa aftur jarðirnar, þá er þess enginn kostur. Miklu heldur leitast stólsins[1] ráðsmenn við að forhefja landskuldir úr settum máta, sem verið hefur fyrir innan 100 ár, hvar við sumir af oss megum búa nauðugir viljugir, en fáum öngva húsauppbót. Enn síður sprek eður spýtu að spila yfir tóftirnar, en megum og verðum sjálfir að bæta upp til gildis nær við

[1] Biskupsstóllinn á Hólum, Skag.

jarðirnar skiljum, ellegar mæta fyrir dómi. Og ef nokkur jörð er að forngildu afturfærð lítið mega leiguliðarnir að minnsta kosti tvígjalda tíundina af þeirri jörðu, og jafnvel fjórgjalda sumir af oss. En beri svo við (sem oft skeður) að vér fátækir getum ekki betalað greindar skuldir í gjalddögum á vor, er ekkert undanfæri að betala þá í kaupstað, svo vér getum þá ekki keypt vorar lífsnauðsynjar. Þetta með víðara gengur svo ríkt yfir kirkju- og bændajarðir sumar sem stólsins.

2° Kúgildi sem greindum jörðum fylgja, einkum dómkirkjunnar, eru hjá oss mörgum og nær öllum, fyrir löngu útdauð, en hljótum þó fyrir ofríkis sakir að betala eftir þau fulla leigu, þar kúgildin, einkum ásauðurinn er aldrei hjá oss uppbættur. Verði nú sem oft skeður að vér ekki getum betalað vorar tilskipaðar leigur á settum tíma, í smjöri eður tólg, fáum vér að betala 20 fiskum hvörn fjórðung, svo nokkrir af oss ganga svo nærri sér í þessu smjörgjaldi að vér verðum jafnvel að bjargast af ölmusu.

3° Stólsins ráðsmenn, fyrir utan það í fyrsta og öðrum pósti sagt er, innþrengja hjá oss eldapeningi[1] á haustin, svo miklum og litlum sem þeim sjálfum sýnist, jafnvel þó vér það afsegjum þá eru þau samt til vorra rekin, og þótt vér rekum þau heim aftur koma þau ei að síður til baka, og megum svo undir þeim búa fyrir sumtíðis litla og nær enga meðgjöf. En deyi sagður eldapeningur verðum vér það allt að betala heilum bótum og þó forfarið sé í fjárpestinni. Finnunst vér nú mótþægir í nokkru þessu áðursögðu erum vér skikkaðir upp af vorum ábýlisjörðum, þar sum byggingarbréf skipa leiguliða að vera í öllu uppþenkjanlegu þénugur sínum húsbónda.

4° En það veraldlegum lagarétti viðvíkur, gjörir oss eina kveinandi umkvörtun, þar málin og sakirnar eru og hafa verið um stundir innstefndar til endilegra aðgjörða og dóma með miklum kostnaði og fyrirhöfn málspartanna. Að einum degi eftir annan uppsettum, höfum vér mátt nokkrir og allmargir, á þingum marga daga standa og sitja fyrir alls ekkert, en stundum forsigluð docomenten til ævinlegrar forgleymingar. Jafnframt þessu, ef segjast mætti, upphissuð smámæli fyrir sumum svo færðist í nokkra mult,[2] en vinurinn fari sínu fram. Jafnvel verður, og hefur verið, réttarneitun gjörð sumum þeim fátæku, og að

[1] Búfé sem landsdrottinn kom í vetrarfóður á jörðum sínum. Ekki venjulegt lambseldi eða leigukúgildi heldur búfé í eigu stólsins. Var algengt fyrirkomulag á biskupsstólunum.

[2] Á laun eða tortryggilegt. Gera eitthvað í multi: gera eitthvað með leynd, í laumi.

minnsta kosti mikið uppihald og bedragelse á réttinum. Ólögformlegum skikkunum fá og svo sumir að gegna og ef ekki er þénanlega gegnt eru 4r merka sektir viðlagðar. Sumtíðis kóngsins skattur forhafinn úr gamallri venju til 48 fiska, líka hjá oss nokkrum hafa verið arristeraðir[1] fémunir fyrir utan það vér vitum réttvísi til vera. Líka er sumum af oss skikkað að lifa eftir því lögmáli er oss hefur ekki birt verið, en sagt er sé kóngsbréf sem confermerade eiðatal norsku laganna,[2] til hvörrar forordningar vér ekkert vitum. Vér viljum ei tala um niðurhald hinna fátæku og einföldu að þeir fá rýra áheyrslu í sínum málefnum.

5° Til Hólastóls dómkirkjubyggingarinnar vorum vér þrúgaðir um hennar byggingartíð, hennar grjót, kalk og viði að flytja og verka, alls fyrir ekkert kaup eður fæði, svo fátækir máttu tapa þar fyrir bjargræði sínu og sinna ómaga, þar einvirkjar voru skikkaðir með stóru sekta viðlagi, hvert sem var hentugur eður óhentugur tími. Urðu því fátækir hvör annan til að styrkja í soddan efni, að ekki framar ströffuðust, því að ótti sá er fyrr umgetur í hinum fjórða pósti, þrýstu oss til að gjöra eftir yfirvaldsins skikkun, svo í þessu sem öðru. Item fara annarra kirkna byggingar á sama veg og þeirra umgirðinga, að vér fáum þar ekkert fyrir utan fæði einasta, þótt marga daga megum í því arbejde standa, item þinghússtofa sem oss var skikkað að gjöra að veggjunum fyrir ekkert kaup né fæði, hvað vér og svo tillátsamlega gjörðum.

6° Hér hjá er og aðgætandi að sá ósiður gengur ríkt yfir, að nær hvör auminginn keppist eftir að brjótast úr þjónustu bændanna og vilja kallast lausamenn, jafnvel þótt þeir eigi varla til dags eður nætur. Hvar upp á ekki er talað ef að sýslumaður aðeins og tíundatakarar uppbera það þeim að gjalda verður uppálagt, en selja þjónustu sína 5 aurum og 60 fiskum um vikuna. Og þótt ekki meira uppvinni en hálfgildi mega svo bændur við þetta sagt taka skaðann samtíðis.

7° Og þessu næst gefum vér til kynna að heyrt höfum hans kóngl. Maiest allra náðugasta faðir, kóng Friderich 5., háloflegrar minningar, hafi af allra náðugastri umhyggju voru fátæka föðurlandi gefið eina mikla peningasummu. En með hvörjum skilyrðum eður anstallter vitum vér eigi, en af því gjaldi eður peningum vitum vér oss ekkert

[1] Leggja hald á, taka lögtaki.
[2] *Kong Christian den Femtes Norske Lov.*

gagn eða nytsemi haft hafa. Í sama máta, þá hans Maiest náð sendi hingað til landsins fraktaða mjölduggu, svokallaða, fengu sumir af oss þar lítið af, en sumir ekkert jafnvel þeir sem þó þess helst viðþurftu og fátækastir voru.

8° Prestanna eður prestsins tilkall gjörist oss líka nokkuð þungbært, þar þeir innkalla í heytollsgjald 10 fiska, og 7 fiska þar fyrir utan, hjá sérhvörjum af oss sem ekki erum í skiptitíund, svo vel hjá þeim sem öngva tíund gjöra, sem hjá þeim er tíunda 4 hundruð. Ásamt innkallar presturinn betaling af oss fátækum fyrir barnaskírnir, kvennainnleiðslur í kirkjur og hjónasamvígslur, allt eftir sínu höfði, hvað nokkuð hátt stígur hjá sumum af oss. Item fyrir barnafermingar vill hann hafa og svo hýrusemi. En finnist nokkur sem þverskallast í fyrrsögðu, leggur presturinn það strax inn fyrir réttinn á manntalsþingum og megum vér svo bera þá byrði sem oss er þar uppálögð, því fyrir ótta sakir verðum vér undir að búa því oki er oss óþekkjanlega tilkemur, sem sagt er í fyrirfarandi póstum. Hér hjá leggur presturinn of þungan spurningalærdóm upp á sum vorra tornæmu börn, svo þau geta ekki styrkt oss til bjargræðis, jafnvel undir 20 ár sum hvör, og að confirmationinni aflokinni ef prestinum þykir fyrir við oss eitthvað lítið, mega vor börn þess gjalda og ekki fá sacramenti, utan enn frekari aðgjörðir, svo sem hans geymd bréf sína.

Upp á sérhvað og allt af þessu fyrrsögðu, sem og víðara, þar hús arristerast[1] á jörðunum, bjargræðisgripir markaðir undir stólinn, skattur heimtaður af of fátækum ómagamönnum með öðru fleira. Viljum vér framar sanna og staðfesta ef þörf gjörist.

Samþykkt af oss Höfðastrandarhrepps innbyggjendum,
d. 17. Maij 1771.

* * *

[Oversættelse 2015]

Højædle, højærværdige og højtagtede kongelig Majestæts!
Allernådigst betroede Commissariis!
Hr. Andreas Holt, hr. Þorkell Fjeldsted og hr. Thomas Windekilde!

[1] Leggja hald á, þ.e. kyrrsetning, löghald.

Under henvisning til hans kongelige Majestæts allernådigste forordning af datum 15. maj anno 1770 angående Commissionen i Island indgiver vi, Höfðastrandarreps fattige indbyggere, i dybeste underdanighed til jeres højærværdigheder efter hans kongelige Majestæts højtlovede befaling med denne vores såkaldte memorial tilkendegivelse af, hvad der måtte være til denne fattige reps bedste og oprejsning af dens indbyggere, hvilket er, at man tog efterfølgende poster i betragtning og iværksatte dem af hans Majestæts allernådigste retsyn.

1° De jorder, som vi bor på, er så meget nedslidte på forskellig måde, eftersom hjemmemarker, enge, græsgange og skove, bygninger og marker er fordærvet af forskellige hændelser, som er oversvømmelser, nedstyrtninger, jordskred og laviner, men alligevel får vi intet formildende svar fra vores såkaldte husbønder eller jordejere, og der opkræves landskyld som fra gammel tid, og selv om vi beder om, at man nedsætter eller tilbageføre jorderne, så gives der ikke mulighed for det. Tværtimod har stolens[1] forvaltere forsøgt at hæve landskylden fra den fastsatte måde, som er blevet praksis inden for de sidste 100 år, hvilket nogle af os må finde sig i at leve med, og [vi] ikke får noget hustillæg og heller ikke kvist eller bræt til at lægge op over tørvevæggene, og vi må og er nødt til selv at udbedre til samme stand, når vi leverer jorderne tilbage, eller møde for retten. Og hvis nogen gård nedsættes en smule i forhold til den gamle vurdering, må fæsterne i hvert fald betale dobbelt tiende af den jord, og nogle af os ligefrem betale firdobbelt. Men sker det (hvad der tit sker), at vi fattige ikke kan betale den anførte gæld til terminen om foråret, er der ingen udvej for at betale til dem i købstaden, så vi kan så ikke købe vores livsfornødenheder. Dette og andet overgår i samme omfang nogle kirke- og bondejorder såvel som stolens.

2° Kogilderne, som følger med gårdene, især domkirkens, er hos mange af os og næsten alle for længst uddøde, men alligevel må [vi] på grund af tvang betale fuld leje af dem, eftersom kogilderne, især for malkende får, aldrig indløses hos os. Sker det nu, hvad der ofte sker, at vi ikke kan betale vores pålagte lejeafgifter til den fastsatte tid, i smør eller tælle, tvinges vi til at betale 20 fiske for hver fjerding, så nogle af os bliver så hårdt presset af denne smørafgift, at vi ligefrem må klare os for almisser.

[1] Bispestolen på Hólar, Skag.

3° Stolens forvaltere, ud over hvad der nævnes i punkt 1 og 2, presser om efteråret får ind på os til fodring så mange eller få, som de selv synes. Selv om vi nægter det, så bliver de alligevel drevet til os, og selv om vi driver dem hjem igen, kommer de ikke desto mindre tilbage, og [vi] må så tage os af dem, sommetider for liden eller ingen medgift. Men hvis de nævnte får til fodring dør, må vi betale op til fuld erstatning for dem, også selv om de dør under fårepesten. Anses vi nu for at være genstridige i nogle af ovennævnte forhold, bliver vi beordret bort fra vores fæstegårde, eftersom visse fæstebreve foreskriver fæsteren at være tjenstvillig over for sin husbond i alle tænkelige forhold.

4° Men den verdslige retspleje er for os anledning til en smertefuld klage, eftersom sagerne og beskyldningerne undertiden er og har været indstævnet til definitive indgreb og domme med store omkostninger og besvær for sagens parter. Indstævnet dag for dag har nogle af os, og ganske mange, måtte stå og sidde på tinge i mange dage for [at udrette] slet ingenting, og nogle gange forseglede dokumenter[1] til evig glemsel. Hvis der samtidig hermed tilfældigvis siges nogle ophidsede bemærkninger over nogle, så sker der noget fordægtigt, og vennen får sin vilje. Det er endog sket og sker, at man nægter at give nogle af de fattige deres ret, og i det mindste har der været megen forsinkelse og langsommelighed af retten. Ordrer uden støtte i loven må nogle også efterkomme, og hvis der ikke adlydes tjenstvilligt, straffes de med en bøde på 4 mark. Undertiden hæves kongens skat fra gammel skik til 48 fiske. Ligeledes får nogle af os konfiskeret værdier, uden at vi ved, at det er retfærdigt. Nogle af os får også besked på at leve efter lovregler, som man ikke har gjort os bekendt med, og man siger, at det er kongebreve, som er bekræftet med ed efter de norske love,[2] hvilken ordning vi intet kender til. Vi vil [slet] ikke tale om undertrykkelse af de fattige og enfoldige, om at de knapt nok påhøres i deres sager.

5° Til bygningen af Hólar bispestols domkirke blev vi i tiden, hvor den blev bygget, tvunget til at bringe og forarbejde dens sten, kalk og tømmer for slet ingen løn eller kost, så de fattige der måtte tabe deres og deres families underhold, eftersom bønder uden tyende blev kaldt ud med trussel om store bøder, uanset om tidspunktet passede eller ej.

[1] Meningen må være, at retten producerer dokumenter, som ingen siden får at se.
[2] *Kong Christian den Femtes Norske Lov.*

Derfor måtte de fattige støtte hinanden således, at de ikke blev yderligere straffet, for den frygt, som oven for omtales i fjerde post, tvinger os til at handle efter myndighedernes ordre på dette punkt som andre. Item sker der det samme med andre kirkebyggerier og indhegningerne om dem, at vi der intet får ud over kost alene, selv om [vi] må bruge mange dage på det arbejde, item tinghusbygningen, som man beordrede os til at reparere væggene på for hverken løn eller kost, hvad vi også pligtskyldigst gjorde.

6° Ud over dette bør man også være opmærksom på, at den uskik hærger voldsomt, at næsten ethvert fattiglem kæmper for at slippe ud af bøndernes tjeneste og vil kaldes løsarbejdere, selv om det knapt har til dagen eller vejen. Hvorom der ikke tales, hvis blot sysselmanden og tiendeopkræverne får det, der pålægges dem at betale. Og [de] sælger deres tjeneste for 5 ører og 60 fiske per uge, og selv om [de] ikke arbejder for mere end det halve, så må bønderne godtage dette og samtidig bære skaden.

7° Og dernæst bekendtgør vi, at [vi] har hørt, [at] hans kongelige Majestæts allernådigste fader, kong Frederik den 5., i højlovet mindelse, af allernådigste omsorg har givet vores fattige fædreland en stor pengesum. Men på hvilke betingelser eller anstalter ved vi ikke, men det beløb eller de penge ved vi ikke til, at vi har haft gavn eller nytte af. På samme måde, da hans Majestæts nåde sendte en fragtet såkaldt melskude her til landet, fik nogle af os kun lidt af det og andre ligefrem ingenting, selv de, der dog havde mest behov for det og var fattigst.

8° Præsterne eller præstens krav bliver også ganske hårde for os, eftersom de i høtoldsafgift opkræver 10 fiske, og derudover 7 fiske hos hver af os, som ikke er pålagt skiftetiende, såvel hos dem, der ikke betaler tiende, som hos dem, der betaler 4 hundrede i tiende. Yderligere opkræver præsten betaling af os fattige for børnedåb, indføring af kvinder i kirke og vielser, alt efter sit eget hoved, hvilket beløber sig ret højt for nogle af os. Item vil han have [betaling] for konfirmationer og så til mindelighed. Men hvis der findes nogen, som ikke vil adlyde ovenstående, indbringer præsten det straks for retten på mandtalsting, og så må vi bære de byrder, der pålægges os der, for af frygt må vi leve under de åg, som pålægges os uforståeligt, som det anføres i ovenstående poster. Desuden pålægger præsten for tung en spørgsmålslærdom på nogle af vores tungnemme børn, så de ikke kan hjælpe os med

at skaffe føden, nogle ligefrem op til 20 år gamle. Og efter afsluttet konfirmation, hvis præsten ikke har meget til overs for os, må vores børn lide for det og får ikke sakramente uden yderligere indsatser, således som det ses af hans gemte breve.

For hver enkelt ting og alt ovenstående, og også mere, hvor bygninger arresteres[1] på jorderne, kreaturer til livets opretholdelse mærkes som stolens ejendom, skat opkræves af fattige, der ikke kan forsørge sig med meget mere. Vil vi yderligere føre bevis og bekræfte det, hvis der er behov for det.

Vedtaget af os indbyggere i Höfðastrandarrep,
den 17. maj 1771.

Hreppstjórar og bændur í Sléttuhlíð fjalla um leiðir til viðreisnar hreppnum 26.3.1771. Lit. Pp. N° 7.

Repstyrere og bønder i Sléttuhlíð drøfter muligheder for genrejsning af reppen 26.3.1771. Lit. Pp. N° 7.

ÞÍ. Rtk. D3/5–32.
Innskráð/*indskrevet* 10.7.1771.

Áritun/*påskrift*: N° 7.

Veleðla, velbyrdige!
Veleðla, hávísi!
Veleðla, háttaktaði!
Allra náðugast tilsettir Landcommissarii!
Háttvirðandi herrar!

Eftir hans kongel. May^{ts} allra náðugustu forordning af dato 15da Maji 1770 tökum vér fátækir bændur og búfastir menn í Sléttuhlíðarhrepp

[1] Bygninger tilbageholdes i juridisk forstand.

og Hegranessýslu,[1] oss undirdánugast þá djörfung fyrir að gefa yðar veleðla velbyrðugheitum til vitundar það sem oss sýnist helst kunni viðrétta þennan fátæka hrepp og betra hans núverandi slétta tilstand sem er þetta eftirfylgjandi, nefnilega:

1° Eru velflestar jarðir hér í hrepp mjög af sér gengnar af skriðum, vatnsgangi og öðrum uppáfallandi skaða, bæði til túna og engja, sem leiguliði kann ómögulega að aðgjöra svo stæðsta þörf sýnist að þær séu eftir sannsýni niðursettar, svo vel til eftirgjalds sem til tíunda.

Einninn er hér nú svo komið að svo fáir sem öngvir vita hvílíkt land þeir eiga með sínum ábýlisjörðum, vegna þess að allvíðast eru landamerki niðurfallin og ei heldur fást nokkur skjöl fyrir sömu jörðum, hvar af að vex þræta og óeining meðal nábúanna, svo það lítur út til stórs ogþóa,[2] ef ei er áreið gjörð og landamerki fastsett eftir hverjum sérhver sig rétta megi.

2° Hljótum við það að andraga að ráðsmennirnir er oss jarðirnar byggja, tilhaldi oss að byggja þær sömu upp á okkar eigin kost, og í fullu standi vera láta til viða og veggja, en fáum þó ei viðinn keyptan, jafnvel þótt hann liggi á rekum þeirra, heldur er hann burtfenginn til annarra óviðkomandi. Ekki heldur fáum vér viðinn keyptan í kaupstaðnum, nema hvað ske kann nokkuð lítið af því lakasta, því fyrir hinu betra sitja þeir ríku og kaupmannanna vinir, er undan oss eru gengnir. Því kaupmaður gegnir oss ei til minnsta, fyrr en sá tilsetti dagur af honum oss settur er kominn, hvað ei plagar að ske fyrr en undir skipsiglingu.

3° Viljum við undirdánugast andraga um þau miklu kúgildaþyngsli er hér eru allvíða á jörðunum, undir hverjum fátækur almúgi getur naumlega risið, einkum þar ásauðarkúgildi eru nú framar gamallri venju aldeilis ekkert uppbætt, hversu lengi sem einn er á sömu jörðu. Hvers vegna fátækir kunna ei nokkurri skepnu uppkoma, hverki til að gjalda eftir jarðirnar með og ei heldur til að kaupa með sínar nauðsynjar, og mega þess vegna fara hús- og ráðvilltir með alla sína ómegð oft og tíðum, svo hæðsta nauðsyn virðist oss að kúgildunum sé nokkuð fækkað, eftir því sem jarðirnar kunna að álítast þá áreið er gjörð.

4° Viljum vér oss allra undirdánugast fyrirspyrja hvert oss leyfist ei að skila ásauðarkúgildum heim til landsdrottnanna, svo framt Guð

[1] Skagafjarðarsýslu.
[2] Kúgun, áþján.

vill straffa oss sem vora bræður með þeirri yfir þetta auma land geisandi fjársýki, hvað þó snarlega muni ske, þar hún er komin hér í næstu hreppa. Eður hvað við skulum þá við kúgildin gjöra þá þau eru veik orðin. Þar ekkert andsvar fáum þar upp á, hvorki hjá ráðsmönnum né sýslumanni. En ómögulegt sýnist að margur hver geti nokkurn tíma hið minnsta þar af borgað, því velflestra lífsbjörg og formegan er fólgin í fénaðinum.

5° Hljótum við yfir því að klaga að flestallt gjald er hjá oss af ráðsmönnunum fellt úr bókarinnar orðum, svo sem kýr og hross og flestallt ullartöy, svo sem peysur, vaðmál, ullskyrtur etc., og ekkert annað antekið, hvert heldur fátækir eður ríkir í hlut eiga, nema peningar, svo lengi fást kunna, almúganum til mesta skaða. Svo fátækir hljóta þar fyrir annaðhvert að ofhlaðast með skuld á skuld ofan eður og að láta sitt nær með hálfvirði. Hvers vegna nauðsyn er að fastsettur sé viss taxti á allri landvöru er gilda skuli meðal ríkra og fátækra.

6° Með því bæði sýslumenn og ráðsmenn vænast í einu og öðru er bændum þykir óvenjulegt, kongel. Maj^ts^ forordninga, en bændur vita ekkert til, er hæðsta nauðsyn að allar hans kongel. Maj^ts^ forordningar, er oss í nokkru snerta kunna, séu látnar á prent í voru móðurmáli út ganga, og almúganum meðdeildar, svo hver og einn viti eftir hvörju þeir skuli sig rétta. Sömuleiðis biðjum vér auðmjúklegast að svo snart þar verða ein lög sett yfir allt landið (hvað vér vildum yrði sem fyrst) að hið minnsta meðdeilist eitt exemplar af þeim til hvers hrepps, öllum til eftirréttingar.

7° Óskum við undirdánugast að tilsetjist og skikkist hér á Hofsós einn skikkanlegur og fornuftigur eftirliggjari, er kunni að gegna nauðsynjum manna fyrir skikkanlegan betaling án framfærslu, sem ei einasta má vera innbyggjurunum til gagns, heldur og einninn sjálfu Compagníinu til stórs ábata. Fólk líður hér stóran skaða við það að skip koma hér svo síðla á sumur og neyðast þess vegna að kaupa sínar nauðsynjar af öðrum með stórri framfærslu. Geta því ei á sumrin keypt sínar nauðsynjar af kaupmanni Compagníisins, þar andvirðið er áður burtgengið til þeirra íslensku kramara.

8° Er þess velgætandi að nær kaupmaður kemur hér til landsins plagar hann að taka vissa menn, sína vini, til að besigta gótsið, og er þá nóg ef nokkuð lítið er besigtað af vörunni, svo það sem þá er niðursett, nær ei til annarra en þeirra sömu, og varir skjaldan lengur en þann

sama dag, svo aðrir úti frá, sérdeilis fátækir, mega sitja við það sem kaupmaður vill sjálfur úti láta eður og ekkert hafa, hvörninn sem varan, vigt og mælir eru.

9° Viljum við þénustuskyldugast hafa oss fyrirspurt, hvörsu fara skal með þau börn sem þeir eiga er innkoma í hreppinn, og eru þar nokkur ár, hlaðandi ómegð niður, en gjalda hvörki kónginum skatt né skyldur og öngvum hreppsnauðsynjum hafa gegnt getað. Flosna síðan upp viljandi, eftirskilja þau sín börn er þeir í sama hrepp átt hafa, hvað mörg sem vera kunna, undir hverju hreppnum kannski sé ómögulegt að rísa. Eiga þau börn þá heldur skyldu til þess hrepps heldur en sýslunnar allrar?

Að endingu biðjum vér auðmjúklega að þessar vorar ástæður og umkvartanir verði náðuglega álitnar, hverjar vér látum ei fleiri að þessu sinni fram koma, sérdeilis vegna hræðslu fyrir vorum næstu yfirvöldum, á móti hverjum að standa vér finnum oss alltof fákunnandi og fátæka, ef til þyrfti koma að ei væri þeim allt þægilegt. En viljum þó fegnir eiga von þeirrar náðar að mega andraga vorar nauðsynjar fyrir hans kóngl. Maj^{t} vorum allra náðugasta arfaherra og kóngi, hvörn sá mikli konungur himins og jarðar best blessi og bevari. Allt svo næst auðmjúkustu forlátsbón og óskum allrar Guðs blessunar.

Viljum vér finnast í skyldugustu undirgefni.

Felli í Sléttuhlíð,
d. 26. Marty 1771.

Yðar veleðla, velbyrðugheita
samt veleðlaheita
skyldugustu þénarar

Björn Kjartansson
Jón Jónsson
Guðmundur Jónsson
Þorgrímur Jónsson

Guðmundur Jónsson
Pétur Þórðarson
Jón Einarsson
Guðmundur Ásgrímsson
Björn Sveinsson
Jón Eyjúlfsson

* * *

[Oversættelse 2015]

Velædle, velbyrdige!
Velædle, højvise!
Velædle, højtagtede!
Allernådigst indsatte Landcommissarii!
Højtærede herrer!

Efter hans kongelige Majestæts allernådigste forordning af dato den 15de maj 1770 har vi fattige bønder og bofaste mænd i Sléttuhlíðarrep og Hegranessyssel[1] underdanigst taget os den frihed at gøre Deres velædle velbyrdigheder bekendt med, hvad der forekommer os mest kunne genrejse denne fattige rep og forbedre dens nuværende slette tilstand, som er følgende, nemlig:

1° Langt de fleste jorder her i reppen er i meget ringe tilstand på grund af skred, oversvømmelser og anden tilfaldende skade, både græsmarker og enge, hvilken en fæstebonde umuligt kan udbedre, så det mest trængende behov opfyldes, så de bør nedsættes efter rimelighed såvel i landgilde som i tiende.

Yderligere er forholdene her nu sådan, at få eller næsten ingen ved, hvilke jorde de har sammen med deres fæstejord, fordi skellene langt de fleste steder er forsvundet, og der heller ikke findes nogen dokumenter om de samme jorder, hvoraf der opstår trætte og uenighed mellem naboerne, så der er udsigt til stort klammeri, hvis der ikke foretages et eftersyn, og skellene fastlægges, som enhver kan rette sig efter.

2° Vi må også gøre indsigelse mod, at forvalterne, som tildeler os gårdene, pålægger os at bygge de samme på vores egen bekostning og holde i fuldstændig i stand med vægge og ved, men alligevel kan vi ikke købe tømmeret, selv om det ligger, hvor de har ret til at tage drivtømmer, og det skaffes væk til andre uvedkommende. Vi kan heller ikke købe tømmeret i købstaden, undtagen måske lidt af det dårligste, for det, der er bedre, er frataget til de rige og købmændenes venner, som har fortrinsret fremfor os. For købmanden gør ikke det mindste for os, førend den dag, som han har afsat til os, er kommet, hvilket ikke plejer at ske før, lige inden skibet sejler.

[1] Skagafjarðarsyssel.

3° Vi vil underdanigst andrage om den voldsomme belastning af kogilder, som her findes på en mængde gårde, hvilket en fattig almue kun dårligt kan leve op til, især eftersom kogilderne for malkende får nu i modsætning til gammel skik aldeles ikke erstattes, så længe én sidder på samme gård. Hvorfor fattige ikke kan opfodre noget dyr, hverken til at betale afgifter for jorderne med og heller ikke til at købe deres fornødenheder med og derfor må gå hus- og rådvilde med alle deres børn, mange gange. Så det forekommer os at være yderst nødvendigt, at kogilderne nedbringes noget, i forhold til hvad gårdene vurderes til, når der foretages eftersyn.

4° Vi vil allerunderdanigst forespørge, om det er os tilladt at tilbagelevere kogilder for malkende får til jordejerne, såfremt Gud vil straffe os som vore brødre med den over dette stakkels land hærgende fårepest, hvilket dog vil ske inden længe, for den er kommet her i de nærmeste repper. Eller hvad skal vi så gøre med kogilderne, når de er blevet syge? Det findes der intet svar på hverken hos forvalterne eller sysselmanden. Men det forekommer umuligt, at de fleste nogensinde kan betale det mindste af det, for langt de flestes livsophold og formåen ligger i fårene.

5° Vi må klage over, at næsten alle afgifter hos os af forvalterne er ændret fra bogens ord, som for eksempel køer og heste og det meste uldtøj, som for eksempel trøjer, vadmel, uldskjorter etc., og intet andet modtages, hvad enten det gælder fattige eller rige, end penge, så længe de fås, til den største skade for almuen. Så fattige af den grund enten må overbebyrdes med gæld på gæld, eller også må overdrage deres ejendele for næsten den halve pris. Derfor er det nødvendigt, at der fastsættes en vis takst på alle landets varer, som skal gælde mellem rige og fattige.

6° Eftersom både sysselmænd og forvaltere i et og alt, som bønderne finder usædvanligt, henviser til kongelig Majestæts forordninger, som bønderne ikke kender til, er det presserende nødvendigt, at alle hans kongelige Majestæts forordninger, som på noget punkt kan berøre os, udgives på tryk på vores modersmål og meddeles til almuen, så hver enkelt kan vide, hvad han skal rette sig efter. Ligeledes beder vi underdanigst om, at der, så snart der bliver sat én lov for hele landet, (hvilket vi vil skal ske hurtigst muligt), at der i det

mindste uddeles ét eksemplar af den til hver rep til efterretning for alle.

7° Vi ønsker underdanigst, at der indsættes og beskikkes her i Hofsós én skikkelig og fornuftig efterligger, som kan tjene folks nødvendige behov for en skikkelig betaling uden pristillæg, hvilket ikke alene må være indbyggerne til gavn, men også selve Compagniet til stor fortjeneste. Folk her lider stor skade ved, at skibene kommer hertil så sent på sommeren, og derfor bliver nødt til at købe deres fornødenheder af andre med store pristillæg. Derfor kan de ikke købe deres fornødenheder af Compagniets købmand om sommeren, eftersom betalingen forinden er bortgivet til de islandske kræmmere.

8° Man bør være stærkt opmærksom på, at købmanden, når han kommer til landet, plejer at tage visse mænd, sine venner, til at besigtige godset, og når så nok eller en smule af varerne er besigtiget, så kommer det, som så er nedsat, ikke til andre end disse, og det varer sjældent længere end samme dag, så andre udefra, især de fattige, må sidde tilbage med det, som købmanden selv vil levere, eller også ikke får noget, ligegyldigt hvordan varer, vægt og mål er.

9° Vi vil tjenstskyldigst lade forespørge, hvordan man skal bære sig ad med de børn, som de får, der kommer ind i reppen og er der nogle år og føder børn i stribevis, men hverken betaler kongen skat eller afgift og ikke har kunnet opfylde nogen forpligtelser over for reppen. Så giver [de] op med vilje, efterlader deres børn, som de i den samme rep har fået, hvilket kan være mange, hvilket det måske er umuligt for reppen at leve op til. Har de børn så forsorg i den rep eller hele syslet?

Til slut beder vi ydmygt om, at man tager disse vore anbringender og klager nådigt i betragtning, hvilke vi ikke i denne omgang lader fremkomme flere af, især på grund af angst for vores nærmeste myndigheder, hvilke vi føler os alt for uvidende og fattige til at modstå, hvis det skulle komme dertil, at alt ikke var behageligt for dem. Men [vi] vil dog med glæde have håb om den nåde at kunne fremføre vores fornødenheder for hans kongelige Majestæt, vores allernådigste arveherre og konge, hvem den store konge over himmel og jord måtte bedst velsigne og bevare. Også dernæst den ydmygeste bøn om undskyld, og [vi] ønsker al Guds velsignelse.

Vi vil befindes os i skyldigste underdanighed.

Fell i Sléttuhlíð,
den 26. marts 1771.

Deres velædle, velbyrdigheders
samt velædelheders
skyldigste tjenere

Björn Kjartansson
Jón Jónsson
Guðmundur Jónsson
Þorgrímur Jónsson

Guðmundur Jónsson
Pétur Þórðarson
Jón Einarsson
Guðmundur Ásgrímsson
Björn Sveinsson
Jón Eyjúlfsson

Hreppstjórar og bændur í Fljótum skrifa um hag sveitarinnar 20.4.1771. Lit. Pp. N° 8.

Repstyrere og bønder i Fljót skriver om egnenes tilstand 20.4.1771. Lit. Pp. N° 8.

ÞÍ. Rtk. D3/5–33.
Innskráð/*indskrevet* 10.7.1771.

Áritun/*påskrift*: N° 8.

Eftir því að oss undirskrifuðum er af hákonunglegri náð og föðurlegri umhyggju tilsend ein forordning, útgefin þann 15. Maji 1770 áhrærandi þá tilskipuðu Commission á Íslandi með fleiru öðru, og þar sem nefnd forordning er oss af predikunarstólum upplesin og síðan afsend, byrjar að vér í mestu auðmýkt og stæðstu undirgefni gegnum vors allra náðugasta kóngs forordningu að leiða fyrir ljós hvað sem álítast kann nauðsynlegt til hins sama lands og þess innbyggjara almennilegs besta og uppreistar.

1° Þá byrjum vér á því sem oss sýnist fátækur almúgi og yfirhöfuð allir leiguliðar hafi stór þyngsli af og til mestu bágenda horfir, þar ekki fást húsauppbætur sem að gamallri venju verið hefur, og þó viðurinn sé til hjá landsdrottni þá eru margir svo fátækir að þeir geta ómögulega

keypt hann. En þó sumir geti keypt hann, þá eru það margir sem ekki fá hann. En áður var viðurinn leiguliðanum til húsanna af landsdrottni tillagður. En ef leiguliði lagði hann til þá betalaði það landsdrottinn leiguliðanum, svo mikið sem hann kostaði þar til viðar. En nú þó tilleggi fá þeir ekkert fyrir, hvar fyrir jarðirnar mega fara í mesta óstand og níðslu.

2° Fá ei leiguliðarnir eftir gamallri venju kúgildauppbætur, nefnilega á ásauðarkvíldin er nú engin uppbót gjörð, en að gamallri venju voru ásauðarkvíldin almennilega uppbætt með skikkanlegri uppbót, sem var 20 al. hið ringasta á eitt kúgildi á hverjum 10 ára fresti. En almennilega vor á meðal eru 6 ær ungar og leigufærar í hundrað á landsvísu að vorlagi, en afgamlar og úr leigu fallnar 60u álnum að haustlagi. Af þessu sést nú best hvað mikla höllun sá fátæki hefur. Einninn er sú óregla ákomin að ekki fæst af landsdrottni að marka ásauðarkúgildin, sem þó var venja til að marka þau undir þess mark sem átti svo leiguliðinn hefði ei þann skaða sem lögin fría hann frá, þá ýmislega kann að deyja, utan handvammir, það á leiguliði altíð að ábyrgjast. En á eina kú, nær hún er úr leigu fallin, fæst nú 40 al. uppbót,[1] en það væri nauðsynlegt að ein kýr sem í kúgildi verið hefur og úr leigu er fallin, mætti bætast upp eftir skikkanlegri virðingu, hvert það yrði meira eður minna landsdrottni og leiguliða til hins besta, svo hverigur hafi skaðann. Þar með sýnist okkur of mikill kvíldafjöldi á jörðum vera margra fátækra undirgangur, þar þau kunna að vera svo mörg að sá fátæki getur naumlega unnið meir en fyrir þeim um heyskapartímann. Svo þegar þau falla fyrir einhverra harðenda sakir eiga þeir þá lítið eður ekkert að betala þau með, eru þó kúgaðir hið ýtrasta af þeim sem skuldirnar eiga að taka, því nokkrir eru svo fátækir sem við bú eru að varla geta þeir hulið sig og börn sín, hverki til dags né nætur.

3° Leiðum vér fyrir sjónir og er okkar augnamið að almúganum væri til besta og uppreistar að allar af sér gengnar jarðir, hvert heldur skriður áfallnar, skógur burt ef verið hefur, land uppblásið eður vötn brotið með mörgu öðru sem jarðir kunna að hafa haft til ágætis og undan er gengið, fengist niðursettar eftir billegheitum til landskuldahæðar, kúgildafjölda og tíundaútsvars, því margur af almúganum neyðist til að nefndum þyngslum að ganga, þó þeir eð jarðir byggja þær

[1] Hér er felld úr endurtekning sem hefur misritast: „nær hún er úr leigu fallin“.

hið ýtrasta uppsetji, hvar af orðsakast margra óstand og fátækdómur. En verða þó nauðugir og viljugir jarðirnar að taka til leigu, því ei geta allir leiguliðar á flangur farið, þeir eð nefndri óhægð eiga að mæta.

4° Virðist oss stór gagnsemd og nauðsynlegt fyrir almúgann að ein lögbók í okkar móðurmáli væri yfir allt heila landið, svo hver maður gæti iðkað sig í lögum, hver eftir sínu standi. En nú þar sem sumt er dæmt eftir norsku lögum[1] og eiga þau fæstir menn í landinu, hafa og ei heldur með þau að gjöra þar allflestir af fátækum almúga skilja þau ei. Líka er sumt dæmt eftir vorum íslensku lögum, nefnilega Jónsbók, hvar fyrir orðsakast villan fyrir almúganum þar einn segist hafa heyrt að það sé svo í lögunum og hinn annar ber þar í móti, því hverigur veit réttan veginn fyrir skilningsleysi á lögunum.

5° Leiðum vér fyrir ljós að þeir sem sitt lýsi láta í Hofsóskaupstað, þá fá þeir ekki vöruna ódýrari sem fyrir lýsið kemur en í prjónalesi betalað væri. En taxtinn segir þó berlega að hvað sem betalist í fiski og lýsi skuli svo og svo betalast eftir sem þar stendur, og ei er heldur hver lýsiskútur hér tekinn nema á hálfan níunda fisk. Líka sýnist oss ónauðsynlegt um brennivínsflutning sem hingað á Hofsós kemur, með öllum jafnaði 50 brennivínstunnur ef ei meira, sem allt uppgengur og sýnilegast er að fátækur almúgi muni ekki fyrir sjá að kaupa meira af því af breyskleika sínum, þar það til er en vera skyldi, en gæti minna að nauðsynjum sínum og lífsmeðali fyrr en brennivínið er uppdrukkið, en nauðsynjarnar eru ekki að fá og efnin uppgengin. Sýnist því nauðsynlegt að væri nokkuð minna flutt en hingað til verið hefur. Sýnist oss því eitt með því nauðsynlegasta ef vors kóngs náð vildi gefa hingað eftirliggjara sem bæði því og annarra flutningsvöru kynni út að býtta í þægilegan tíma eftir kunnugleika og ásigkomulagi almúgans, girtist og svo fyrir að ekki sprytti upp ófríhöndlan á móti konunglegri forordningu sem áður inngefin er í landið.

6° Vilji konungleg náð aumka sig yfir landið og bjarga þeim fátæku um nokkra lífsnauðsyn, þá sýnist oss stór gagnsemd að hingað væri haldið hvalfangaraskipum og kóngur eða þeir sem hann til þess heldur njóti fleskisins,[2] en þeir sigldu upp með það sem í sjóinn væri kastað, svo sem er megra,[3] rengi og uggar, en það gæfist sveitinni eða sýslunni

[1] *Kong Christian den Femtes Norske Lov.*

[2] Spiksins.

[3] Kjötið undir spikinu á baki hvals. Einnig nefnt þvesti.

fátækum til lífsnota þar sem svo stendur á að þessir hvalfangarar kunna upp að sigla.

7° Kvörtum vér um það að hreppstjórar hafa marga armæðu og ómaksstund fyrir einum og öðrum nauðsynjum sem uppáfalla í hreppnum og fá ei neitt til launa, hverki hjá yfirvöldum né öðrum út í frá. Því er vor auðmjúk bón að þeir menn sem til þess eru teknir í þessum hrepp mætti af yfirvöldunum njóta sannsýnlegra launa fyrir sitt starf.

8° Er nauðsynlegt fyrir almúgann ef hann fengi þá náð að mega vita frá konunglegri hátign hvað gjöra skyldi við hér að framan í öðrum pósti áminnst ásauðarkvíildi, ef sú yfirgeisandi fjárpest hér yfir gengur sem harla nálæg er. Mundi þá uppreisn fyrir almúgann mætti hann fá að skila eigandanum heim, hver helst sem vera kann, því þar eru margir sem ómögulega geta þau aftur uppkeypt eður betalað þegar fallin eru.

9° Leiðum vér fyrir ljós og er okkar augnamið að það bataði fyrir almúganum hér í landi að þegar forordningar eru hér innsendar eftir hverjum almúginn skyldi lifa og breyta, að þær væri undir almúgans hendi, því hingað til höfum vér ekki vogast til að fortelja eður kvarta um nauðsynjar vorar og bágendi fyrri en nú að þessi allra náðugasta forordning var oss útgefin. Þess vegna höfum vér nú vogast til, en þó í allra stæðstu og djúpustu auðmýkt og undirgefni, að leiða fyrir sjónir hvað oss skaðar, og hvað oss til uppreistar vera kynni. En sérdeilislega tölum vér um okkar hreppsnauðsynjar og ásigkomulag, nefnilega Fljótahrepp.

Þetta eitt og sérhvað felum vér í besta trausti á hendur þeirri heiðursverðigu kongel. Maj^ts^ Commission á Íslandi, auðmjúklega til góðfúsrar áheyrslu hennar háheita, þénustuskyldugir og elskandi þénarar.

Til merkis vor nöfn að Ysta-Mói í Fljótum innan Skagafjarðarsýslu, þann 20. Aprilis 1771.

Ari Jónsson	Guðvarður Eiríksson
Magnús Jónsson	Jón Sveinsson
Guðmundur Eyjólfsson	Sveinn Þorsteinsson
Hallur Eyjólfsson	Jón Jónsson
Kolbeinn Jónsson	Sveinn Sveinsson

Sigurður Ólafsson
Steingrímur Jónsson
Sigurður Jónsson
Þorleifur Einarsson

Arnþór Helgason
Jón Þorbjörnsson
Einar Skúlason
Jón Jónsson
Stefán Kjartansson
Bjarni Guðmundsson

* * *

[Oversættelse 2015]

Fordi der til os underskrevne af højkongelig nåde og faderlig omhu er sendt en forordning, udgivet den 15. maj 1770, angående den da udnævnte Commission i Island samt meget andet, og eftersom nævnte forordning er blevet oplæst for os fra prædikestolen og derefter afsendt, begynder vi i den største ydmyghed og største underdanighed gennem vor allernådigste konges forordning at klargøre, hvad der måtte anses for nødvendigt for det samme lands og dets indbyggeres almene bedste og oprejsning.

1° Så begynder vi med det, som vi mener, den fattige almue og i det hele taget alle fæstebønder har stort besvær med, og som giver udsigt til mest besvær, at der ikke fås hustillæg, som det har været gammel skik, og selv om tømmeret findes hos jordejeren, så er mange så fattige, at de umuligt kan købe det. Men selv om nogle kan købe det, så er der mange, der ikke får det. Men tidligere blev tømmeret til bygningerne skaffet for fæstebonden af jordejeren. Men hvis en fæstebonde skaffede det, så betalte jordejeren fæstebonden for det, så meget som han bekostede der til tømmer. Men nu, hvis de skaffer det, får de intet for det, hvorfor gårdene kan komme i den største uorden og forfald.

2° Fæstebønderne får ikke efter gammel skik erstatning for kogilder, [idet] der nemlig for kogilderne for malkende får nu ikke gives erstatning, men efter gammel skik blev der givet ordentlig erstatning for kogilderne for malkende får med en rimelig erstatning, mindst 20 alen for et kogilde hvert tiende år. Men alment mellem os går der 6 unge og lejedygtige får på et hundrede efter landsvis om foråret, mens ældgamle [får], der er faldet af leje, går for 60 alen om efteråret. Heraf ses nu bedst, hvor stort et tab den fattige får, især da der er indført

den uorden, at der ikke fås tilladelse fra jordejeren til at mærke kogilderne for malkende får, hvilket dog var skik at mærke dem under dens mærke, som ejede det, så fæstebonden ikke fik den skade, som loven siger ham fri for. Når nogle tilfældigvis dør, bortset fra ved uforsigtighed, så skal fæstebonden altid stå til ansvar for det. Men for én ko, når den er faldet af leje, fås nu 40 alen i erstatning, men det ville være nødvendigt, at en ko, som har været i kogilde og er faldet af leje, kunne erstattes ifølge en passende taksering, hvad enten det blev mere eller mindre til gode for jordejeren og fæstebonden, så ingen af dem får skaden. Desuden mener vi, at for stor en mængde kogilder på gårdene er til undergang for mange fattige, eftersom de kan være så mange, at den fattige knap nok kan arbejde mere end for dem i høhøstningstiden. Så når de falder på grund af en eller anden kold periode, har de så godt som intet at betale dem med, men bliver så tvunget voldsomt af dem, som skal modtage gælden, for nogle, som sidder ved en gård, er så fattige, at de knap nok kan skaffe tøj til sig selv og deres børn hverken dag eller nat.

3° Lad os tænke på, og det er vores mål, at det ville være det bedste og til oprejsning for almuen, om alle nedslidte jorder — det være sig dækket af jordskred, hvor skoven er forsvundet, ødelagt af vinden eller søer forsvundet, samt meget andet, som jorder måtte have haft af herligheder, og som er forødt — i rimeligt omfang måtte få nedsat vurderingen til landskyld, antal kogilder og tiendeafgift, for mange af almuen tvinges til at acceptere disse byrder, selv om de, som ejer jorderne, hæver dem så meget som muligt i pris, hvoraf der forårsages uorden og fattigdom for mange. Men [de] bliver alligevel nødt til med det gode eller det onde at fæste jorderne, for alle fæstere kan ikke gå på valsen, hvis de stilles over for ubehagelige forhold.

4° Det forekommer os meget nyttigt og nødvendigt for almuen, at der fandtes én lovbog på vort modersmål for hele landet, så enhver kunne handle efter loven, enhver i sin stand. Men nu hvor der angående noget dømmes efter den norske lov,[1] som de færreste i landet ejer, og heller ikke har noget med at gøre, eftersom langt de fleste af den fattige almue ikke forstår den. Angående noget dømmes der også efter vores islandske lov, nemlig Jónsbogen, hvoraf der opstår forvir-

[1] *Kong Christian den Femtes Norske Lov.*

ring for almuen, eftersom én siger, at han har hørt, at det er sådan i loven, og den anden bestrider det, for ingen af dem kender den rette måde på grund af uforstand om loven.

5° Vi bekendtgør, at de, som indlægger deres tran i Hofsós købstad, så får de ikke varen, som fås for trannet, billigere, end hvis der blev betalt i strikvarer. Men taksten siger imidlertid tydeligt, at hvad, der betales i form af fisk og tran, skal betales sådan og sådan, efter hvad der står der, og man modtager kun hver kutting tran her for otte og en halv fisk. Det forekommer os også unødvendigt angående brændevinsindførslen, der kommer her til Hofsós, helt normalt 50 tønder brændevin, om ikke mere, som alt sammen sælges, og det står helt klart, at den fattige almue ikke vil undlade at købe mere af den på grund af sin skrøbelighed, når den forefindes, end den burde og tænke mindre på sine fornødenheder og levemidler, før end brændevinen er drukken, og fornødenhederne ikke er til at få, og livsmidlerne brugt op. Det synes nødvendigvis, at mindre end hidtil må være blevet sendt hertil. Det forekommer [os] derfor yderst nødvendigt, hvis vor konges nåde ville sende efterliggere hertil, som kunne uddele både det og andre indbragte varer på et passende tidspunkt efter forstand og almuens tilstand, og at der så sættes en stopper for, at der spirer smughandel op i modstrid med den kongelige forordning, som tidligere er indgiven til landet.

6° Hvis den kongelige nåde vil forbarme sig over landet og redde de fattige med nogle livsfornødenheder, så finder vi det af stor nytte, at der blev skaffet hvalfangerskibe hertil, og kongen eller de, som han skaffer til det, nyder godt af spækket, og de sejlede med det, som kastes i havet, som fx er kød, kræng og finner, og det blev givet til egnen eller syslet til livsophold for fattige, hvor det passer bedst, at disse hvalfangere måtte sejle til.

7° Vi klager over, at repstyrere har meget besvær og ulejlighed over et og andet nødvendigt, som hænder i reppen, og ikke får noget i løn, hverken hos myndighederne eller andre udefra. Derfor er det vores ydmyge bøn, at de, som udpeges til det i denne rep, fra myndighederne må nyde en rimelig løn for deres arbejde.

8° Det er nødvendigt for almuen, at den måtte få den nåde fra den kongelige højhed at få at vide, hvad der skal gøres ved de her oven for i punkt 2 omtalte kogilder for malkende får, hvis den hærgende fåre-

pest, som er meget tæt på os, kommer hertil. Det ville være en oprettelse for almuen, hvis den måtte få tilladelse til at tilbagelevere dem til ejeren, hvem det nu måtte være, for der er mange, som umulig kan købe erstatning for dem eller betale for dem, når de er faldet.

9° Vi bekendtgør, og det er vores synspunkt, at det er til bedste for almuen her i landet, når der sendes forordninger hertil, som almuen skal leve efter og følge, at de kommer almuen i hænde, for hidtil har vi ikke vovet at fortælle om eller klage over vores livsfornødenheder og kvaler før nu, hvor denne allernådigste forordning blev udsendt til os. Derfor har vi nu vovet, men dog i allerstørste og dybeste ydmyghed og underdanighed, at bekendtgøre, hvad der skader os, og hvad der måtte være til oprettelse for os. Og især taler vi om vor reps fornødenheder og forhold, nemlig Fljótarep.

Dette ene og især overdrager vi i største tillid til den ærværdige kongelige Majestæts Commission i Island, ydmygest til velvilligt påhør fra dens højheds tjenstvillige og elskende tjenere.

Til bekræftelse vore navne på Ysti-Mór i Fljót i Skagafjarðarsyssel, den 20. april 1771.

Ari Jónsson
Magnús Jónsson
Guðmundur Eyjólfsson
Hallur Eyjólfsson
Kolbeinn Jónsson
Sigurður Ólafsson
Steingrímur Jónsson
Sigurður Jónsson
Þorleifur Einarsson

Guðvarður Eiríksson
Jón Sveinsson
Sveinn Þorsteinsson
Jón Jónsson
Sveinn Sveinsson
Arnþór Helgason
Jón Þorbjörnsson
Einar Skúlason
Jón Jónsson
Stefán Kjartansson
Bjarni Guðmundsson

Eyjafjarðarsýsla

Eyjafjarðarsyssel

© 2003–2016 Landmælingar Íslands / Þjóðskjalasafn Íslands.

Eyjafjarðarsýsla 1703 · *Eyjafjarðarsyssel 1703*
Sýslumörk, hreppamörk og heiti hreppa eins og þau voru árið 1703, byggð á manntalinu 1703. / *Sysselgrænser, grænser mellem repper og reppernes navne, som de var i 1703 ifølge folketællingen fra 1703.*

Heimild · *kilde: Manntal á Íslandi árið 1703. Tekið að tilhlutun Árna Magnússonar og Páls Vídalín, ásamt manntali 1729 í þrem sýslum.* Þorsteinn Þorsteinsson sá um útg. Reykjavík 1924–1947.
Kortagerð · *kort:* Björk Ingimundardóttir, Benedikt Jónsson og Egill Baldursson.

Bjarni Jónsson og Eiríkur Hallgrímsson, hreppstjórar í Skriðuhreppi, senda tillögur til úrbóta 8.4.1771. Lit. ZZ. N° 5.

Bjarni Jónsson og Eiríkur Hallgrímsson, repstyrere i Skriðurep, sender forslag til forbedringer 8.4.1771. Lit. ZZ. N° 5.

ÞÍ. Rtk. D3/3–20.
Innsigli/*segl*; Innskráð/*indskrevet* 15.5.1771.

Áritun/*påskrift*: Indkom d. 15. Maii 1771; Lit. ZZ. N° 5; Vadlesyssel; Háedla, velbyrdugum herre Commissarios a Arnarhóle vid Reikavyk; L. S.

Háeðla, velburðugum hr. Commisserum, gjörum vér vitanlegt innbyggjendur Skriðuhrepps liggjandi í Vaðlasýslu[1] hvað oss sýnist almúganum best haga til lagfæringar á sínum fátækdóm í nokkrum eftirfylgjandi póstum.

1um. Mundi það ei uppbyggilegt að tóbak og brennivín væri minna til landsins flutt en í þess stað væri fluttur meiri matur, hvað að er stór nauðsyn þetta til lagfæringar kæmist, að fátækir fá ei mjölið sem þeir við þurfa þó þeir frambjóði betaling, enginn matur eftir liggjandi í búðunum þó harðindi upp á komi, hvað tíðast vill til þá fram á veturinn líður er ei þangað að leita, svo fátækir verða þá að skera kindur sínar sér til bjargar.

2um. Það væri nauðsynlegt að fátækir fengi lán af mat í kaupstaðnum svo ei þyrftu þeir að kaupa sauði af sínum löndum upp á landsvísu til að fá þá aftur kaupmanninum upp á danskan taxta svo þeir fái mjölið sem þó tíðkast árlega.

[1] Eyjafjarðarsýslu.

3um. Væri það ekki nauðsynlegt að rannsakað væri hverninn jarðirnar eru af sér gengnar af skriðum, snjóflóðum og vatnayfirgangi, skógar eyddir, grasatekjan svo til þurrða gengin að hún naumlega hálf borgar kostnaðinn og yfir höfuð að segja tún og engi fordjörfuð, sérdeilis á þeim jörðum sem liggja undir þeim háu fjöllum, svo sem er þessi hreppur er næst liggur heiðunum og standa þó jarðir þessar samt við sama leigumála og þær voru í þegar þær voru óspjallaðar og tíundir umfram landskuldar hverjar munu vera af landskuldum teknar í öðrum sýslum og flestir af leiguliðum leggja viði til sinna leigujarðahúsa upp á sinn kost, eftirgjaldið svo vandasamt að í öngu fæst að betala nema í fiskatali. Við þetta má leiguliðinn blífa ár eftir ár sökum þeirra stóru jarðarþrengsla sem hér eru.

4um. Mætti ei sýnast gjöranlegt að kúgildum væri fækkað á þeim jörðum hvar þau sýnast of mörg og leiguliðanum til stórs skaða og undirgangs. Hér skulu finnast nokkrar tuttugu hundrað jarðir sem fylgja fjögur og á nokkrum fimm kúgildi og gjöra sumar þessar jarðir ei betur en að forsorga kúgildin þá upp á falla graslítil ár en harðindi svo mikil tíðast að fóður þurfa frá því á haustin til fardaga á vor. Má og ekki mælast til að leiguliðarnir fái uppbót á þau fyrir löngu dauð kúgildi er hingað til aldrei uppbætt verið hafa, hvað lengi eður hvað mörg ár sami leiguliðinn hefur á jörðunni búið og þar mætti viss máti á vera hvað oft eður hvað mikið að ásauðarkúgildið skyldi uppbætast.

5um. Mundi það ei vera gjöranlegt að þeir sem njóta leigunnar að þeir tíundu kúgildin og þau mættu tíindast í þeim sama hrepp þar þau eru.

6um. Er þess óskandi ef fást mætti að peningar gengi á landsvísu í áðurnefndar jarðarskuldir.

7um. Mundi það ei vera haganlegt fyrir almúgann ef kóngsjarðir væri seldar og ef nokkrir bændur væru innan hrepps sem gæti keypt að þeir mættu njóta þess fyrri enn aðrir utan hrepps og kaupendum mætti frestur gefast.

8um. Mætti það ei gjöra sig að færri hreppstjórar væri í hverjum hrepp en 5 og þeir fengi nokkur laun þar það sýnist að þeir ei gjöri uppbygging svo margir.

9. Það sýnist nauðsynlegt að fólk fái vissan taxta á þeirri ótaxteruðu vöru er flyst til hafnarinnar.

Svo framfærist hér ei meira.

Biðjum svo yðvara velburðugheit forláts á vorri djörfung að skrifa þetta í svo miklu fáfræði, þar við fyrirvirtum oss að óska þess af lærðum mönnum og treystum vorra herra lítillæti að vorkenna oss þetta einfaldlegt blaðs ávarp trúlega Guði befalaðir um tíma og eilífð.

Barká, d. 8. Aprilis 1771.	Forblífum svo vorra herra skyldugir og reiðubúnir þénarar
Bjarni Jónsson	Eiríkur Hallgrímsson

* * *

[Oversættelse 1771]

Translation

Höyædle, velbyrdige herrer Commissarier, gjöre vii Skreederepps indbyggere beliggende i Wadlesyssel[1] vitterligt, hvad os synest, almuen best maatte tjene til forbedring udi sin fattigdom i nogle efterfölgende poster.

1° Monne det icke være opbyggeligt, at toback og brændeviin var mindre til landet flött og i dens stæd flött meere madvahre, som er en stor fornödentlighed, at det blef foranstaltet, saa at den fattige, som icke faar meel, saa meget de beböve, for frembydende betaling kunde faae noget. Ingen madvahre ere effterliggende i kjöbstæden, naar haarde aaringer paakom, som offte skeer, naar det lider hen paa vinteren, og derhen er icke at söge, saa at fattige maae og er nödt til at slagte sit qvæg sig til livsophold.

2° Det var fornödentlig, at fattige fick til laans af madvahre i kjöbstæden, saa at de skulle icke behöve at kjöbe söydfæ af sine landsmænd effter landsviis igjen til at faae[2] kjöbmanden paa dansk taxt, saa de des heller kunde faae meel tilkjöbt, og den maade eller brug tager nu aarlig til.

3° Var det icke nödvendigt at randsage jorderne, hvorleedes de forringes og aftager af fjeldskreed, sneeflode og vandeovergang. Skovene

[1] Skriðurep, Eyjafjarðarsyssel.
[2] Her menes give.

forödte, fjeldegræstagelse saa stort af sig gangen, til at finde dem, saa at neppe den halve umage betaler omkostningen, og overhoved at sige græs, tun og enger fordervet særdeeles paa de jorder, som ligge under de höye fjelde, saasom er denne repp, der næst ligger ved store höjder. Og stande saa jorderne ved samme afgiffter, som de vare paa sit beste ubeskadigede. Og tiender foruden landskylden, hvilcke monne være af landskylden tagen i andre sysseler, og fleste af lejlendingen tillegge træe til sin lejejordshuuse paa sin bekostning. Og afgifften saa vanskelig at paa ingen maade faaes at betale uden i fisketal, ved dette maae lejlendingen blive aar efter aar formedelst den store trængsel, som her ere paa jorder.

4° Maatte det icke synes gjörligt, at koeqvilderne bleve formindskede paa de jorder, hvor de vare ald for mange og lejlendingen til stor skade og undergang, at her skulle finde nogle 20 hndr. jorder, som jo fölge 4re og nogle 5 koeqvilder, og gjöre nogle af disse jorder icke bedre end at forsörge qvilderne i paafaldende græslidet aar. End tiiderne saa haarde offtest, at qvæget behöve foeder fra hösten til fahrdage, som er foraaret dereffter först in Junj. Og maae mand icke forvente sig, at lejlendingen faae opbödt de for længe siden bortdöde koeqvilder, som hidindtil aldrig har været opbödt, hvad lengen eller hvor mange aar samme lejlending paa jorden have boet, og der maatte være en viss maade paasadt, hvad offte eller hvor meget paa söjderkoeqvilde skulde opbödes.

5° Monne det icke var gjörligt, at de som nyde og oppebær lejerne, at de tiende qvilderne, og de maatte tiendes i den samme hrepp, hvor de ere.

6° Var at tilönske sig, at penge genge paa landsviis i forbenefnte jorders afgiffter.

7° Monne det icke var beqvemmeligst for almuen, om kongens jorder vare soldte, og om nogle bönder vare i hreppet, som kunde kjöbe dem, at de fremfor andre udenhrepps kjöbender maatte nyde det og maatte frest gives.

8° Om det icke loed sig gjöre at formindske hreppstioretallet 5 i hver repp og give dem noget i lön, der det synes, de ere icke til opbyggelse saa mange.

9° Det synes fornödenligt, at folck fick en vis taxt paa de utaxerede vahre, som hidflöttes til hafnene.

Meere fremföres icke.

Beder saa Eders velbyrdigheder forlade os dette vores dristige skriv, i saa meget vi af enfoldighed begjære af lærde mænd, hvor vi paa de fromme herrer fortröster os. Den troefaste Gud befalet her timelig og siden hisset ævindelig.

Barka,
den 8de April 1771.

Forbliver saa vore herrers
skyldigste og redebon tjenere

Biarne Jonsson

Eyrikur Halgrimson

L. S.

Jón Jónsson, bóndi á Efstalandi í Öxnadal, skýrir frá hag alþýðu og fátækt [án dags.] 1771. Lit. ZZ. N° 7.

Jón Jónsson, bonde på Efstaland i Öxnadalur, beretter om almuens tilstand og fattigdom [uden dato] 1771. Lit. ZZ. N° 7.

ÞÍ. Rtk. D3/4–2.
Innsigli/*segl*; Innskráð/*indskrevet* 15.5.1771.

Áritun/*påskrift*: Indkom d. 15. Maii 1771; Lit. ZZ. N° 7; Vadlesyssel.

Náð og friður af Guði föður og drottni Jesú Christo sé með yður hr. Commissarios, af drottins smurða vorum allra náðugasta herra og kóngi, hingað til Íslands sendum með þeim erindum að eftirgrennslast hvörninn oss fátækum aumingjum, hans þegnum og undirsátum, líði í vorri ánauð og hefur látið oss fátækum almúga opinbera eina náðuga foror[d]ning áhrærandi vorn fátækdóm útgefna þann 15da Maii 1770, hvar með og hans allra náðugasta Majst tilskipar oss einum og sérhvörjum, sínum undirsátum, að leiða í ljós fyrir Commission og hvað einn og sérhver sjá kynni landinu til hins besta, þá dirfunstum vér þetta eftirskifað allra undirdánugast til vitundar gefa eftir því sem Guð og samviskan býður.

Fyrst er það inngangur til fátæktarinnar að það unga fólk giftist sumt öreigar, fær hvergi bústað, þrengir sér svo inn hjá búanda fólki á parta og afbýli, svo þar er í nokkrum stöðum tví- og þríbýli sem þó er ei nema fyrir einn mann til grasnýtingar sér, svo allt út á húsgang eður liggur við betlirí. Þegar þeir reisa bú þá sýnist ei að þessir fátækir geti goldið búreisuskattinn án sín stórs skaða þó þeir gjöri það, og geta þá ei keypt sér eitt kvartil mjöls í kaupstaðnum þótt það fengi, fara svo strax að kaupa það af íslenskum og reisa svo sumir aldrei rönd við meir. Jarðirnar svo af sér gengnar að þær mundi ei virðast meir en helmingur eftir til grasnýtingar ef rétt væri álitið, þó eru þær svo útsprengdar með fiskatalseftirgjaldi því ekkert má annað gjalda í þessari Vaðlasýslu,[1] hverki verslegum né geisllegum en eftir dönskum taxta, fyrir utan ljóstolla og lambaeldi. Ljóstollur má gjaldast í mör eður tólg 10[u] og 12 fiskar, en það heyrum vér að sú skuld sé ei nema 6 fiskar sums staðar hér á landi og vildum vér auðmjúklega biðja að vér mættum fá upplýsing hvað marga fiska vér skulum í ljóstoll gjalda.

Eftir eina tuttugu hundraða jörð megum vér gjalda 5 rixdali specie eður tvö hundruð fiska tólfráð[2] því peningar ganga hér ei nema eftir fiskatali, hvað fátækum er mikið niðurdrep svo þeir geta ei undir risið. Tíundir eru ei teknar af landskuld, leiguliðarnir mega þær allar gjalda af sínum fátækdóm, kúgildafjöldi óbærilegur, það kunna að vera 5 kúgildi á tuttugu hundraða jörð, sérdeilis á Hólastólsjörðum, það finnst og svo að það eru þrjú á tíu hundraða koti. Þetta má vera óbærilegt fátækum að gjalda eftir þau og svara þeim svo ef þeir fara frá jörðunni, og eiga þeir þá önga á eftir því þeir eru margir sem ei búa nema við kúgildin og þó einn búi 20 eður 30 ár á einni jörð þá má hann gjalda eftir fyrir löngu dauð og óuppbætt ásauðarkúgildi og svara þeim gildum ef burtu fer lifandi, eður þá erfingar, og nokkrir af leiguliðum fara í betlerí á sumrum að draga sér saman smjör svo þeir kunni að stoppa leigurnar, en sjálfir eiga þeir ekkert af soddan til vetrarbjargræðis. Ná og ei heldur til sjóarafla margir og enn síður geta keypt þó vildu fyrir efnaleysi hverki fiskinn né mjölið í kaupstaðnum, þegar búið er að gjalda landskuld, leigur, allar tíundir, heilmarga skatta af þessum fátæka svokölluðum Skriðuhrepp og marga tolla þar fyrir utan. Þá eru flestar fjaðrir af plokkaðar.

[1] Eyjafjarðarsýslu.
[2] Tvö stór hundruð, þ.e. 240 fiskar.

Þar til er útsvar til fátækra svo mikið að annað er ei nú sem stendur sýnilegt en margir búandi barnamenn muni upp losna í þessum áðurnefnda hrepp, því í þessari Vaðlasýslu mun enginn hreppur svo undirokaður af útsvari til fátækra sem hann því af honum, nefnilega Skriðuhrepp, er útsvar saman reiknað Anno 1770 til fátækra 1 hndr. og 7 krónur. Hér fyrir utan hefur yfirvald vort, velnefndur Jón Jakobsson, skikkað oss einn þann þyngsta ómaga er meinast að vera muni í þessari sýslu, að nafni Sigríður Jónsdóttir, hér úr næsta hrepp, sem hér í Skriðuhrepp er að sönnu fædd og fór héðan með foreldrum sínum fimm vetra, í þennan næsta svokallaðan Hvammshrepp. Þar hefur hún framfærst og þjónað allan sinn aldur, þar er flestallt hennar fólk, skilgetnir bræður 3 búandi menn, þó fátækir, og margt annað áðurnefndrar Sigríðar náið fólk. Þessi Hvammshreppur liggur með sjósíðunni og við veiðiskapinn, sumar og vetur, og við það hefur þessi manneskja uppalist og etið stundum óhreint.[1] Hún er fyrst með hæðstu kvenpersónum en svo gild af einhverjum óþokkakvapa að varla nokkur hestur ber hana bæjarleið en hún sjálf gengur ei neitt. Hún er búin að eyða hér hjá oss sex ára tillagi fyrir þau 5 ár er hún dvaldi hér ung. En á næstliðna vori afsögðu hreppstjórar í oftnefndum Skriðuhrepp að hýsa hana lengur, en sýslumaður skikkaði þeim það samt. En þessi kerling flæktist svo út í hreppinn og dvaldist þar svo hjá fólki sínu þar til í vetur fyrir jól. Þá var hún flutt á Skriðuhrepp með attest frá sýslumanni með þeim orðum að hann skikkar oss að taka á móti þroti þessu, og segir það hafi á Alþingi á næstliðnu sumri af höfðingjum samþykkt verið að hver skyldi hafa framfæri í ellinni á sínum fæðingarhrepp og segir oss almúganum að þeir hafi skrifað fram fyrir kóng um þetta. En vér vitum ei hvað satt er í þessu máli. Höfðingjar í gamla og nýja testamenti hafa margt ályktað þó oss fátækum sé það ekki allt hagkvæmt (Guð hjálpi oss og líti til vor í náð sinni). Sé svo að þessi ásetningur eftir sögn höfðingja hafi framgang þá biðjum vér alvarlega og með auðmýkt að það mætti byrjast á þeim börnum er nú fæðast en ei á örvasa manneskjum. Og ef það mætti segjast að vér í Skriðuhrepp fengjum svar með lélegheitum að ómagi þessi Sigríður af oss létti, þættust vér fullsælir. Þennan póst um ómaga þenna oftnefnda Sigríði Jónsdóttur úr Hvammshrepp, skikkaða af

[1] Sennilega átt við fæðu sem þótti ókristilegt að leggja sér til munns eða tengjast illum öflum (sbr. „óhreint“ í merkingunni *reimt*).

voru yfirvaldi til Skriðuhrepps ranglega, felum vér hans kónglegri Maj^st^ Commission á hendur oss til hins besta.

En hvað því viðvíkur sem áhrærir uppreisn fátæks almúga, það sýnist að vera nokkuð vanskellegt, svo sem áður er um getið hvað hann niður kefur,[1] þá er það þar í mót ef lagfæring yrði á því, fyrst að færra öreigafólk giftist bændum til þyngsla. Jarðir væru álitnar, virtar og niðursettar svo vel til landskuldanna svo sem til tíunda, því þó jarðir séu hér niðursettar þá er það ei nema til tíunda, en landskuldir standa við sama, ef ei þyngra, og hvör gyldi tíund af sinni eign eður leiguliðar mættu taka þær af landskuld svo þær þar við ringuðust. Kúgildum væri fækkað til helminga og svo uppbætt það eftir er, því það mun ei sýnast að þau séu öll í burt tekin. Færri skattar útkúgaðir af almúgafólki, húsbændur legðu nokkurn við til húsa sinna á leigujörðunum, allir búfastir mættu fá nokkurt mjöl og brauð í kaupstaðnum, og svo tré og borð til sinna leigujarða, því ei geta þeir byggt þau af eintómis jörð fyrst húsbændurnir leggja ei neitt til, því margra umkvörtun er að þeir fái ei tré í kaupstaðnum.

Peningar mættu ganga vor á meðal í allar skuldir eftir gömlum landsvana, rixdalur specie í 5 aura, iiii mark í 20 álnir og svo hverjir aðrir aurar gjaldgengnir í allar skuldir eftir því sem verið hefur til forna. Ljóstollar mættu vera með sama prís á öllu landinu og hér mætti flytjast vax í kaupstaðnum til ljóstollanna, svo vér vissum hvað hátt þeir skyldu stíga.

Ef þetta hér framanskrifað yrði framgengt þá er ei tvílandi að almúgann mundi nokkuð við rétta, þó kefja harðindin mikið niður. Þúsund fleira mætti finna almúganum til viðréttingar. Ef upp á vor bréf til hans kóngl. Maj^st^ Commission kemur nokkur svar almúgans gagn áhrærandi biðjum vér allra undirdánugast að það mætti koma fyrir almúgans augsýn.

Guði almáttugum hr. Commissarios trúlega befalað er um tíma og eilífð.

Efstalandi í Öxadal[2] 1771.

Vér forblífum hans kongel.
May^ts^ skildyge tjenere

Jón Jónsson

* * *

[1] Kefja niður eða kæfa niður, kúga.
[2] Yxadal segir í handriti, þ.e. Öxnadal, Eyjafj.

[Oversættelse 1771]

Translation

Naade og freed af Gud fader og herren Jessu Christe være med Eder herrer Commissarier. Saasom Herrens salvede vor allernaadigste Konge og herre have sendt Eder her til landet med de ærende at eftersöge, hvordan vi usle og fattige undersaatter lider i vor nöd og tilstand, og have ladet os fattige almue aabenbahre een allernaadigst forordning anrörende vor fattigdom udgiven den 15de May 1770, hvormed og hands allernaadigste Mayestett tilskicker og befaler os og enhver sine undersaatter at lede og for lyset lade komme for Commissionen, hvad een og enhver vide og see kunde, hvad landet til beste tjene kand. Thi understaar vii oss dette efterskrevne allerunderdanigst at give tilkjende, efter den efne som Gud og samvittigheder byder.

Först er indgangen til fattigdommen, at det unge folck gifter sig, somt puur og fattig, faae ingen boestæd, trænger sig saa ind paa boende folck og faar aparte et lidet huusskjull,[1] og ere saa paa nogle stæder ved jorderne 2 og 3 partier, som dog er icke uden for een mand paa græsvæxten, fahre saa alt ud paa huusgangen eller ligger ved betlerie. Naar de nu rejse boe, da synest ej, at disse fattige kand betale boerejseskatten uden til sin störste skade, dog de gjöre det og kand saa icke kjöbe sig 1 fjerding meel fra kjöbstæden, dog det var at faae, tager sig saa fore strax at kjöbe det af isslandske, og rejser saa somme sig aldrig meer ved. Jorderne ere saa afgingelig, at de monne ansees ej for meere end til halv, den laa imod tilforne paa græssauflingen, om det blef rettelig paaskjönnet. Dog ere de saa tilpackede med fisketalsreigning efftergjeld, thi icke maae med andet betales i dette Wadlasyssel,[2] hverken verdslig eller geistlig uden efter den danske taxt, foruden lystolde og lambsfoeder. Lystolde maae betales med tolg 10 og 12 fiske. End det höre vi, at denne lystold skal sommestæder her i landet kuns være 6 fiske, og vilde ydmygelig tilbede os, at vi maatte faae oplysing paa, hvor mange fiske vi udi lystolde skal betale.

[1] Husly. I det islandske brev står, at folk trænger sig ind på afbyggersteder, "trænger sig så ind hos bønder på gårdsparter eller afbyggersteder." Islandsk *húsaskjól*.

[2] Eyjafjarðarsyssel.

Effter een 20 hndr. jord maae vi betale 5 rdlr. specie eller toe store hundrede fiske,[1] thi penge gjeldes her ej meere end paa fisketal, hvad fattige falder tungt og besværligt. Tiender er ej tagne af lejlendingens landskyld, maae de dem alle self betale af sin fattigdom. Koegildemængden er utaalelig, der kunde være 5 koeqvilder paa een 20ve hundred jord, særdeeles paa Holebispestoels jorder, der findes ogsaa iblandt de jorder paa 10 hundrede med 3 qvilder. Dette maae være fattige utaaleligt at betale effter dem og svare saa til dem, naar de fare fra jorderne, og eje de saa ingen koe effter. Thi de ere mange, som alleene boe med koeqvilderne, og dog en boe 20 eller 30 aar paa een jord, da maae hand betale effter döde og uopbödte söydekoeqvillde og svare dem rigtig, naar hand bort far, eller da arfvingene. Og nogle af lejlendingen fare i betlerie om sommeren til at drage sammen smör, saa de kunne stoppe med lejerne. End self eje de intet af saadant om vinteren til livets ophold, naar og ey heller mange af dem til söen at faae sig noget af fiskaufling. Og end mindre kand kjöbe det, dog de vilde, for fattigheds skyld, hverken fisk eller meel i kjöbstæden. Naar de var klare og have betalt landskylden, lejer og alle tiender, heel mange skatte af denne fattige, saakallede Skriidurepp[2] og mange tolde derforuden, da ere de fleeste fjædre afplukkede.

Herforuden er svaret til fattige saa meget andet, saa at nu icke andet staar synlig fore, at boendefolck med börn maae gaae fra sine jorder i denne forbenefnte repp. Thi i dette Vadlasyssel monne ingen repp saa under aages og byrdes at udsvare til fattige som den, deraf den, nemlig Skreederepp,[3] er udsvaret til sammen bereignet til fattige 1770 10 hndr. og 7 croner. Her foruden have vor öfrighed, velnefnde Jon Jacobsen, tilskicket os een den tyngste (omage) eller wandför, der meenes være monne i dette syssel ved nafn Sigrider Jonsdaatter, af næste repp, som her i Skreedehrepp er endelig föd, og foer her fra med sine forældre 5 aar gammel til næste saakalled Kvamsrepp,[4] der have hun staded sig og tjent ald sin alder. Der er fleest alt hendes slegtskabsfolck, 3 brödere boende mænd dog fattige og meget andet forbenefnte Sigriders næströrende folck. Denne Kvamshrepp ligger med söesiiden

[1] Dvs. 240 fiske.
[2] Skriðurep, Eyjafj.
[3] Skriðurep, Eyjafj.
[4] Hvammsrep, Eyjafj.

og ved fiskerieaufling sommer og vinter, og derved have dette menniske været bleven opfödt og spiset undertiden urent.[1] Hun er först i störrelse med de höyeste qvindpersohner end paa förelse og tyckelse uligneligt ved andre mennisker, og neppe bær hende nogen hæst huus i mellom. Hun self kand slet intet gaae. Hun er allereede klar at foröde her hos os 6 aars tillæggelse for de 5 aar, hun var her ung. End udi næstleden foraar afsagde hreppstiorene i offtnefnde Skriidurepp at huuse hende længere, men syselmanden beskickede dem det alligevel. End denne kjærling omfoer saa udi hreppen og forblev derhos sit folck indtil i vinter for juul, da var hun flött til Skriduhrepp med attest fra sysselmanden og med den ordre, at hand skicker os at tage imod dette tyngsle menniske[2] og siger, det have paa Altinget udi næstleden sommer af övrigheden samtyckt været, at hver skulle have fremförsel i sin alderdom paa hreppen, hvor de ere födte, og siger almuen, at de skrevet have ved suppliqve til Kongen om dette, end vii veed icke, hvad sandt er i denne sag. Hövedsmænd i det gamle og nye testamente have mange ting besluttet, dog os fattige er det icke alt beqvemmeligt, Gud hjelpe os og see i naade til os. Er det saa, at denne paasetning effter övrighedens tilsigende er besluttet og bör have sin fremgang, da beder vi inderlig og i ydmyghed, at dett[e] maatte have sin begyndelse paa de börn, der nu födes, end icke paa saadanne udlivede usle mennisker, og om det maatte siges, at vi i Skredehrepp fick svar med lejlighed, at denne (omage) Sigrider blef os aflettet, da tykkest os, vii vare særdeles lyckelige. Denne post om dette vanföre menniske Sigrider Jonsdaatter af Kvamshrepp beskicket af vor öfrighed til Skredehrepp urettelig, indslutter vii under hans kongelig Mayestetts Commissions hænder os til det beste.

Men hvad anbelanger den fattige almues oprejsning, da synes det at være noget vanskeligt, saasom forhen er ommeldet, hvad han nedqvæler, da er det derimod om forbedring vorde paa dette. Först at mindre meget fattige folcke giftede sig bönderne til tyngsel. Jorder var besigtet, taxered og nedsadt saavel til landskylder som til tiende. Thi dog jorder ere her nedsatte, da er det ey uden til tiender, end landskylden staar ved samme, om icke tyngere. Og enhver gjelde tiende af ejen-

[1] Tabubelagt.
[2] Menneske, som er til byrde.

domsjord sine, eller lejlendingen maatte tage de af landskylden, saa de derved forringedes. Koeqvilder formindsket til halfdeelen, ogsaa de bleve opbödt dereffter, thi dem monne vel icke synes, at de blev alle reent aftagne. Mindre af skatter udpresset af almuefolck. Huusbonder lagde nogen træe til sine huuse paa lejejorderne. Alle boefaste maatte faae noget meel og bröd i kjöbstæden, saa og træe og bræder til sine lejejorder. Thi de kand icke opbygge jorder alleeneste af tom jord, först husbonden legger slet intet dertil, thi mange klager derover, at de faae icke træe i kjöbstæden.

At penge imellom os maatte gjelde og gange efter gammel landsviis, 1 rixdaler specie i 5 öre, 4 mk. i 20 alner, ogsaa hvad andre gjeldgingne örer i alle skylder, effter den maade som tilforne have været. Lystolde maatte være med samme priis overalt landet, og her maatte indflöttes vax til kjöbstæden udi lystoldene, saa vii vidste, hvor höjt de skulle stige.

Om dette her foran beskrevet vordet fremfölgt, da er ej paatviflende, at almuen monne noget vedrette, dog nedtrycker de haarde tiider meget. Tusind fleere maatte finde almuen til vedrettning. Om at paa vor brev til hans kongelig Mayestetts Commission blev noget besvaret anrörende almuens gafn, beder vi allerunderdanigst, at det maatte blive bekjendtgjordt for almuen.

Den almægtige Gud er troeligen befalet de herrer Commissarier baade timelig og æviglig.

Efstalande y Yxadal[1] 1771.

Vi forblive hans kongl.
Mayestetts Commissariers
skyldigste tjener

Jon Jonsson

L. S.

[1] Efstaland i Öxnadalur, Eyjafj.

Hreppstjórar í Saurbæjarhreppi skrifa um mál sveitarinnar og koma með tillögur til úrbóta 29.6.1771. Lit. Qq. N° 3.

Repstyrere i Saurbæjarrep skriver om områdets forhold og fremsætter forslag til udbedringer 29.6.1771. Lit. Qq. N° 3.

ÞÍ. Rtk. D3/5–36.
Innsigli/*segl*; Innskráð/*indskrevet* 3.8.1771.

Áritun/*påskrift*: Lit. Qq. N° 3; Vadlesyssel; Velædla, hálærdum herr. Andreas Holt allranádugast tilskickudum Yfer Land Commissaris. Velædla, hávisum herr. Thorkele Fieldsted og hr. Thomase Windekilde, allranádugast tilskickudum Commissariis a Islande; L. S.

Veleðla, hálærði Yfir-Landcommissarius!
Veleðla, hávísu Með-Commissarii!
Háttvirðandi elskulegu herrar!

Svo sem hans kongel. Maj^st^ hefur af sérdeilis föðurlegri umhyggju fyrir þessa fátæka lands viðréttingu látið sér allra náðugast þóknast, svo vel að innsenda yðar veleðlaheit til landsins til að eftirgrennslast hið nákvæmasta um allt það sem því kann til uppreistar vera, sem og að befala sérhvörjum af landsins börnum, æðri og lægri, að undirrétta yðar veleðlaheitum allt hvað þeir, hvör eftir sínum kröftum, sjá kynnu þénanlegt til þessa hans Maj^ts^ allra náðugasta vilja fullkomnunar, svo viljum við og í allra stæðstu undirgefni láta í ljósi vora einfalda þanka um það oss sýnist sérdeilis orðsaka almúgans bágendi í vorri sveit, í fylgjandi póstum.

1° Viðvíkjandi þeim stóra kúgildaþunga á jörðum yfirhöfuð sem nú (1) ei eru uppbætt af landsdrottnum móti forordningu af 15. Maj 1705[1] sem og kaupabálki 16. cap.,[2] heldur eru (2) fallin að öllu leyti

[1] *Lovsamling for Island* I, s. 623–624. (Forordning om adskillige Misbrugers Afskaffelse udi Island, 15.5.1705).
[2] *Jónsbók. Lögbók Íslendinga*, s. 218–219.

í ábyrgð leiguliðanna, móti Norsku lögum, 5. bók, 8. cap. 10 art.[1] eru (3) undir leiguliðanna eigin marki eins og þeirra eigið fé, til þess að þeir hljóti til þeirra að svara, endilega eru (4) ótíunduð öllum tíundatökurum til óbætanlegs skaða. Með öllu þessu skal þó (5) hvert kúgildi innrenta sínum húsbónda 20 álnir ár hvert sem varla má betalast nema í smjöri af fátækum leiguliða, þó hann þá að slíku smjörgjaldi loknu eigi alls ekkert feitmeti fyrir sig, konu og börn.

2° Viðvíkjandi jörðum sem mjög dýrt og allt jafnt eins leigðar eru (þó árlega af sér gangi) hvað landskuldir snertir nema hvað nokkrar bændaeignir eru niðursettar til tíundar tíundatökurum til stórs skaða, en eigendum jarðanna í hag því ekkert skerðist landskuldin. Þess vegna sýndist stæðsta nauðsyn (a) á jarðavirðingu að nýju til landskuldar, tíundar, búsmala hagnytju og svo framvegis. (b) Á því að landskuldir mættu greiðast í fardögum, ekki í hreinu og kláru fiskatali eins og nú er hér sveitarvenja orðin, heldur í öllum gildum landaurum eftir gamallri venju. (c) Að peningar mættu ganga eins og fyrri; 1 rdr. croner í 30 álnir og ein dönsk króna í 20 al. svo vel í landskuldir sem allar aðrar skuldir. (d) Að óhæfilega stór hrossafjöldi sem of mjög fordjarfar allar landsnytjar mætti alvarlega minnka og afskaffast, sérdeilis hjá húsfólki, vinnufólki og lausamönnum.

3° Kauphöndlunarmátinn við framandi, hvern við reynum skaðlegan, en kunnum það þó ei sökum fávisku að útmála nema ef vera mætti: (a) að fátækur almúgi fær ei matvöru í kaupstöðunum sem hann kann að komast af með, því mélið fæst ei hjá kaupmanninum nema fyrir mat aftur svo sem sauði, en ei annað fiskatal þó til sé, hvar af flýtur að almúginn neyðist til að kaupa þetta hjá þeim ríkari nær helmingi dýrara. (b) Timbrið flyst og fæst lítið í kaupstöðunum, hvað orðsakar ei alllítinn baga almúganum, sérdeilis þar skógarnir eru fallnir svo þar af fæst engin hjálp til húsanna byggingar eða viðurhalds. Tíðin gefur og nóglega að reyna hvörsu óviljugir jarðeigendur og húsbændur eru til að leggja viðu til jarðarhúsa og þannig stoða fátækan almúga til að halda við húsum jarðanna. Að (c) tóbak og brennivín flyst og selst allt of mikið, jafnvel til öreiga og ölmusumanna, svo þessara hluta vanbrúkan þróast of mjög. (d) Öll kramvara og ótaxerað góts selst snart tveimur verðum, allt eftir kaupmanna velþóknan, því

[1] *Kong Christian den Femtes Norske Lov.*

fávís almúgi skynjar hér um hverki verð né gæði. Sýnist því hæðst nauðsynlegur einn viss taxti á þá sömu.

4° Sýndist ónauðsynlegt að ríkra kirkna veggja- og kirkjugarðssmíði heimtist framar fyrir ekkert af fátækum.

5° Meinast gagnlegt að allar konunglegar ordur áhrærandi almennings gagn og besta væri útlagðar, þrykktar og auglýstar í innbyggjaranna móðurmáli.

Endilega er 6° hin allra stærsta nauðsyn að brúka alla mögulega viðleitni til að hindra með Guðs aðstoð fjárpestarinnar yfirgang.

Þessa vora einfalda en þó velmeinta undirrétting vonum við og biðjum auðmjúklega yðar veleðlaheit ei misvirða eða ónáðigt upptaka og í þeirri von forblífum með stærstu virðingu og undirgefni.

Yðar veleðlaheita, sameiginlega þénustuskyldugir og auðmjúkir þénarar

Hleiðargarði, d. 29da Juni Anno 1771.

Páll Pálson
Guðmundur Gíslason
Sigurður Björnsson
hreppstjórar í Saurbæjarhreppi
í Eyjafirði

* * *

[Oversættelse 2015]

Velædle, højlærde Over-Landcommissarius!
Velædle, højvise Med-Commissarii!
Højtrespekterede elskelige herrer!

Eftersom hans kongelige Majestæt af særlig faderlig omhu for oprejsningen af dette fattige land allernådigst har ladet sig behage såvel at indsende Deres velædelheder til landet for på det nøjagtigste at undersøge om alt, hvad der kan være det til oprejsning, og ligeledes at befale ethvert af landets børn, høje såvel som lave, at underrette Deres velædelheder om alt, hvad de hver efter sin evne kan se er tjenligt til udførelse af denne hans Majestæts allernådigste vilje, så vil vi også i allerstørste underdanighed bekendtgøre vore simple tanker om, hvad

der især forekommer os at forårsage almuens ringe tilstand på vores egn i følgende punkter.

1° Angående den store byrde af kogilder på jorderne i almindelighed, som nu (1) ikke erstattes af landejerne i modstrid med forordningen af den 15. maj 1705[1] såvel som Købebalken, kapitel 16,[2] men fuldstændig er (2) faldet under fæstebøndernes ansvar, i modstrid med Norske Lov, 5. bog, kapitel 8, artikel 10,[3] hører (3) under fæstebøndernes eget mærke som deres egne får, for at de må stå til ansvar for dem, endelig opgives de (4) ikke til tiende til ubodelig skade for alle tiendemodtagere. Medregnet alt dette skal (5) hvert kogilde alligevel indbetale til sin husbond 20 alen hvert år, hvilket næsten ikke kan betales af en fattig fæstebonde i andet end smør, selv om han efter at have betalt en sådan smørafgift slet ikke har noget fedtstof til sig selv, sin kone og sine børn.

2° Angående jorderne, som lejes meget dyrt og altid ens (selv om de årligt går til), hvad angår landskyld, bortset fra at nogle bondeejendomme nedsættes i tiende til stor skade for tiendemodtagerne, men til gode for jordernes ejere for landskylden nedsættes ikke. Derfor forekommer det yderst nødvendigt (a) at foretage en grundvurdering på ny angående landskyld, tiende, udnyttede malkende får og så videre. (b) At landskyld skal betales til skiftedag, ikke i rent og klart antal fiske, som det nu er blevet skik her på egnen, men i alle gyldige landører efter gammel skik. (c) At penge havde værdi som tidligere, 1 rigsdaler kroner til 30 alen og en dansk krone til 20 alen, såvel til landskyld som til alle andre afgifter. (d) At den urimelige store mængde heste, som i for høj grad ødelægger alle goder ved jorderne, alvorligt burde nedbringes og afskaffes især hos husmænd, tyende og løsarbejdere.

3° Handelsformen over for fremmede, som vi synes er skadelig, men dog ikke kan beskrive på grund af uvidenhed, bortset fra: (a) at den fattige almue ikke får madvarer i købstæderne, som den kan klare sig for, for melet fås kun hos købmanden for madvarer tilbage, såsom får, men ikke andre former for fisketakst, selv om de findes, hvoraf

[1] *Lovsamling for Island* I, s. 623–624. (Forordning om adskillige Misbrugers Afskaffelse udi Island, 15.5.1705).

[2] Den gamle lovbog, Jónsbók. *Jónsbók. Lögbók Íslendinga*, s. 218–219.

[3] *Kong Christian den Femtes Norske Lov.*

følger, at almuen tvinges til at købe dette hos de mere velhavende til næsten det dobbelte. (b) Tømmer indføres og fås kun i ringe omfang i købstæderne, hvilket forårsager ganske meget besvær for almuen, især fordi skovene er fældet, så deraf dem ikke fås nogen hjælp til bygning eller vedligeholdelse af huse. Der er også mange eksempler på, hvor uvillige jordejere og husbønder er til at bidrage med tømmer til gårdenes bygninger og således støtte den fattige almue til at vedligeholde dem. At (c) der indføres og sælges alt for meget tobak og brændevin, også til fattige og tiggere, så der i for høj grad udvikler sig misbrug af disse ting. (d) Alle klædestoffer og gods uden for taksten sælges snart til to priser, alt efter købmændenes forgodtbefindende, for den uvidende almue har her hverken fornemmelse for pris eller kvalitet. Det forekommer derfor højst nødvendigt med én sikker takst for disse ting.

4° Det forekommer unødvendigt, at rige kirkers væg- og kirkegårdsbygninger fremover opkræves noget af de fattige.

5° [Det] må anses for gavnligt, at alle kongelige forordninger angående almenhedens gavn og bedste oversættes, trykkes og opslås på indbyggernes modersmål.

Endelig er det 6° i allerhøjeste grad nødvendigt at bruge alle mulige bestræbelser for med Guds hjælp at forhindre fårepestens hærgen.

Denne vores simple, men dog velmente underretning håber vi og beder ydmygt om, at Deres velædelhed ikke vil misforstå eller opfatte unådigt, og i det håb forbliver vi med største respekt og underdanighed.

Deres velædelheder, tilsammen tjenstskyldige og ydmyge tjenere

Hleiðargarður, den 29. juni anno 1771.

Páll Pálsson
Guðmundur Gíslason
Sigurður Björnsson
repstyrere i Saurbæjarrep
i Eyjafjörður

Fjórir bændur í Saurbæjarhreppi skrifa um kúgildaþunga, landskuldir og fleira 18.6.1771. Lit. Qq. N° 4.

Fire bønder i Saurbæjarrep skriver om byrder fra kogilder, landskyld og andet 18.6.1771. Lit. Qq. N° 4.

ÞÍ. Rtk. D3/5–37.
Innskráð/*indskrevet* 3.8.1771.

Áritun/*påskrift*: N° 4.

Þar sem konungleg forordning innsend í landið, dateruð 15da Maii 1770, befalar sérhverjum að gefa til vitundar hvað þeim sýndist mest landinu til gagnsmuna og þess innbyggjurum, gjörum vér undirskrifaðir Saurbæjarhreppsmenn í Eyjafirði vora meining í ljós að leiða í eftirfylgjandi póstum.

1° Oss sýnist kúgildaþungi sem mörgum jörðum fylgir í vorri sveit vera ein helsta orðsök til ábúandanna bágenda útörmunar, þar þó flestar af þeim eru mikillega af sér gengnar, bæði af skriðum, uppblásnu landi og vatnaágangi, svo ei er líku að samjafna við það aldraðir menn í ungdómi til þekktu. Einnig hvar skógar voru hér í sveit áður, sjást nú engar menjar þess. En þó jarðirnar stórum til allra kosta af sér gangi, samt mega fátækir ábúendur undir sama kúgildaþunga þjást, til með kynni sýnast sumar jarðir of hátt tíundaðar og óniðursettar, ekki heldur kúgildin uppbætt eftir lögunum. Af húsbændunum mega svo fátækir ábúendur gjalda eftir þau útdauðu í skileyrir. Það sýnist og stór nauðsyn að eigendur jarða og kúgilda tíunduðu sjálfir sitt eignarfé eður eftirléti ábúendum af landskuldunum sem þó er hvergi í þessari sveit.

2° Landskuldir eru ógjarnan niðursettar þó jarðirnar stórlega eftir áðursögðu af sér gangi, og hvört rixdl. virði í landskuldunum má ei minna betala en 60 fiska í kaupstaðarfiskatali, þar þó er venja í flestum jarðakaupum að 48 f. gilda hvört rixdl. virði. Til dæmis sá sem á að

gjalda 1 hndr. í landskuld eru 2 hndr. fiskar í kaupstað. Þar betalar hann upp á 5 rixdl.

3° Það sýnist og nauðsynlegt að fátækir bændur mættu gjalda landskuldir sínar í fardögum í öllum gildum landaurum eftir lögum og landsvenju, bæði í kvikfé og öðru gildu. Einnig að allir peningar, bæði rixdl. sléttir og courant, mættu gilda eftir fornri landsvenju í landskuld og leigur, einn rixdl. 5 aura, en ein króna 20 al., í sama máta courant. Stór bágendi eru og fátækum bændum að kaupa viði til húsa aðgjörðar á sinn eigin kostnað, þar þó landslög til segja það eigendum jarðanna en fá þó engan afslátt skuldanna. Hvað allt sýnist auka fátækum stór bágendi og armóð.

4° Stór þörf sýnist einnig að lagfæring mætti verða á þeim vana sem í vorum kaupstað hefur lengi verið, þar kaupmaður vill ei selja matarvöru almúganum meiri en hann betalar aftur með matvöru. Þar þó fátækir kynnu að lifa og líða betur, mættu þeir sem fáar eður engar kindur eiga, betala með gildu prjónlesi og fiskatali öðru en sauðum mjölið og aðra matvöru, hvað þá orðsakar mikinn fátækdóm mörgum manni sem neyðist kannski að kaupa fyrir tvö verð sína lífsbjörg í öðrum stöðum.

5° Einnig kynni fólkið heldur að geta keypt sér bjargræði ef brennivín og tóbak flyttist minna til hafnanna en skeður og það lítt nýta júðatóbak[1] væri með sannsýni af yfirvaldanna tilhlutan niðursett, þar það er vorðið ónýtt og ekki brúkandi en heldur þó enn sínum taxta. Til landsins flyst og einnig aðskiljanleg vara ótaxteruð sem útlenskir selja (kannski) eftir sem ganga kann og almúginn veit ei hvað gildir. Og væri gott að öll sú vara taxteraðist svo menn vita mættu lag á henni allri.

6° Allar þær konunglegar ordur sem útgefnar eru til landsins og almúgann áhræra sýnist nauðsyn að útlegðust á vort mál skiljanlega og upplesast á sérhvörri kirkju, almúganum til þess vissari eftirtektar.

7° Það sýnist og vera hart fyrir sóknarmenn að gjöra upp á sinn eigin kostnað bæði veggja og kirkjugarða uppgjörð fyrir ekkert, að goldnum öllum kirkjuskuldum og engin laun fyrir þá fyrirhöfn og tilkostnað, hvað þó sýnast lítil billegheit að tilleggja mann, hest og verkfæri (máski) og lítið fæði.

[1] Haft um lélegt tóbak. Danska *Jödetobak*.

Þessir framan- og ofanskrifaðir póstar virðast oss orðsaka mjög mikið fátæktar- og bágendastand almennilega í vorri sveit, hvar fyrir að nauðsynlegt virðist að þar gæfist á góð lagfæring eftir kristilegri sannsýni, og er vor meining hér með til vitundar gefin.

Hvörju til frekari staðfestu vér skrifum vor nöfn hér undir.

Þann 18da Junj 1771.

Jón Pálsson	Ólafur Þorláksson
Jón Helgason	Jón Eiríksson

* * *

[Oversættelse 2015]

Eftersom kongelig forordning sendt til landet, dateret den 15. maj 1770, befaler enhver at afgive til vitterlighed, hvad der forekommer dem at være landet og dets indbyggere mest til nytte, offentliggør vi underskrevne indbyggere i Saurbæjarrep i Eyjafjörður vores mening i følgende punkter.

1° Det forekommer os, at byrder fra kogilder, som følger med mange jorder på vores egn, er en af de største årsager til voksende trængsler for fæstebønderne, eftersom de fleste af dem er voldsomt nedslidt både af jordskred, bortføget jord og vandstrømme, så det ikke kan sammenlignes med det, som ældre folk kendte til i deres ungdom. Ligeledes hvor der tidligere var skove her på egnen, ses nu ingen mindelser om det. Men selv om jorderne i alle henseender bliver nedslidt på alle måder, må de fattige fæstebønder alligevel lide under de samme byrder fra kogilder, tilmed kunne det se ud til, at visse jorder er for højt belagt med tiende og ikke nedsat, og kogilderne erstattes heller ikke ifølge loven. For husbønderne må så de fattige fæstebønder betale af de afdøde i lovlig betaling. Det forekommer også voldsomt nødvendigt, at ejerne af jorder og kogilder selv betalte tiende af deres ejendom eller eftergav fæstebønderne af landskylden, hvilket dog intetsteds sker på denne egn.

2° Landskyld nedsættes nødig, selv om jorderne kraftigt bliver nedslidt ifølge ovenstående, og hver rigsdalers værdi i landskylden kan ikke betales med mindre end 60 fiske i købstadsfisketakst, hvor det dog er skik i de fleste former for køb af jorder, at hver rigsdaler gælder

48 fiske. For eksempel skal den, der skal betale 1 hundrede i landskyld, er det 2 hundreder fiske i købstad. Der betaler han for 5 rigsdaler.

3° Det forekommer også nødvendigt, at fattige bønder måtte betale deres landskyld til skiftedag i alle gyldige betalingsmidler efter loven og landets skik, både i levende dyr og andet gyldigt. Også at alle former for penge, både slette rigsdaler og kurant, måtte gælde ifølge landets gamle skik til landskyld og leje, én rigsdaler 5 øre og én krone 20 alen, på samme måde kurant. Det er også en stor plage for de fattige bønder at købe tømmer til reparation af huse for egen bekostning, hvor landets lov dog siger, at det tilfalder jordernes ejere, og [de] får alligevel intet nedslag i skylden. Hvilket alt sammen ser ud til at give de fattige stor belastning og armod.

4° Der forekommer også at være stort behov for, at der kom en regulering af den vane, som længe har hersket i vores købstad, hvor købmanden ikke vil sælge flere madvarer til almuen, end den betaler tilbage med madvarer. For at fattige kan leve og have det bedre, må de, som har få eller ingen får, betale for melet og andre madvarer med gyldige strikvarer og efter fisketakst med andet end får, hvilket nu forårsager stor fattigdom for mange mennesker, som måske tvinges til at købe deres livsfornødenheder på andre steder for dobbelt pris.

5° Ligeledes var folk bedre i stand til at købe sig livsfornødenheder, hvis der kom mindre brændevin og tobak til havnene, end det er tilfældet, og hvis det lidet gavnlige jødetobak[1] med retsindig indblanding fra myndighederne blev nedsat, eftersom det er blevet fordærvet og ubrugeligt, men alligevel holder sin takst. Til landet bringes også adskillige varer uden takst, som udenlandske (måske) sælger efter, hvordan det nu kan gå, og almuen ved ikke, hvad der gælder. Og det ville være godt, at der kom takster på alle de varer, så man kunne vide, hvad der er rimeligt for dem alle sammen.

6° Alle de kongelige forordninger, som udgives til landet og vedrører almuen, forekommer det nødvendigt at få oversat forståeligt på vores sprog og oplæst i hver eneste kirke for bedre opmærksomhed om dem for almuen.

7° Det forekommer også at være hårdt for sognebørn på egen bekostning både at reparere vægge og kirkegårdsgærder, efter at de har

[1] En betegnelse for tobak af ringe kvalitet.

betalt alle slags kirkeskyld, og ikke [få] løn for det besvær og de omkostninger, hvilket dog forekommer at være en ringe umage, at afse en mand, en hest og værktøj (måske) og lidt føde.

Disse oven for og forud skrevne punkter forekommer os at forårsage overordentlig megen fattigdom og trængsler alment på vores egn, hvorfor det forekommer os nødvendigt, at der skabes god orden på dem efter kristelig rimelighed, og vor mening er hermed gjort vitterlig.

Til yderligere bekræftelse derpå skriver vi her under vores navne.

Den 18de juni 1771.

Jón Pálsson
Jón Helgason
Ólafur Þorláksson
Jón Eiríksson

Hreppstjórar í Skagafirði rita álitsgerð um viðreisn landsins. Úr hópi almennings voru allmargir hreppstjórar meðal bréfritara. / *Repstyrere i Skagafjarðarsyssel skriver om genrejsning af landet. I gruppen af almuemænd var der mange repstyrere blandt brevskriverne.* ÞÍ. D3/4 –3. 10.4.1771. Lit. ZZ. N° 8. (Sjá/*se* s. 419–420)

Landsnefndin hafði bækistöð í tukthúsinu á Arnarhóli á meðan hún dvaldi á Íslandi. Hér sést bréf úr Eyjafjarðarsýslu sem er sent til nefndarinnar þangað. / *Landkommissionen havde hovedkvarter i tugthuset på Arnarhól, mens den opholdt sig i Island. Dette brev til kommissionen fra Eyjafjarðarsyssel er stilet dertil.* ÞÍ. D3/3–20. 8.4.1771. Lit. ZZ N° 5. (Sjá/*se* s. 523–525)



Landsnefndarmenn sóttu Alþingi á Þingvöllum sumrin 1770 og 1771. Mörg bréf til þeirra voru send þangað, m.a. þetta úr Skagafirði. / *Landkommissionens medlemmer besøgte Altinget på Þingvellir både i sommeren 1770 og 1771. Mange breve til kommissionen blev sendt dertil, bl.a. dette fra Skagafjörður.* ÞÍ. D3/5–30. 4.6.1771. Lit. Pp. N° 5. (Sjá/*se* s. 436–437)

Vatnslitateikning Þorkels Fjeldsteds, eins nefndarmanna, af Seltjarnarnesi og nágrenni. Vestur snýr upp á kortinu. Aðrir nefndarmenn voru Andreas Holt og Thomas Windekilde en ritari nefndarinnar var Eyjólfur Jónsson. / *Akvarel malet af et af kommissionsmedlemmerne, Þorkell Fjeldsted, fore-*

stillende Seltjarnarnes og nærområde. Vest vender opad på kortet. De andre kommissionsmedlemmer var Andreas Holt og Thomas Windekilde, mens kommissionens sekretær var Eyjólfur Jónsson (Johnsonius). ÞÍ. Teikn. 4/5. (Rtk. B4/1–26; 2. B. Ind. Ref. 1772. N° 457)



Eyjólfur Jónsson, ritari Landsnefndarinnar, þýddi um helming bréfa Íslendinga jafnóðum yfir á dönsku. Hér staðfestir hann þýðinguna með innsigli sínu og undirskrift. / *Eyjólfur Jónsson (Johnsonius), kommissionens sekretær, oversatte omkring halvdelen af islændingenes breve til dansk med det samme. Her stadfæster han oversættelsen med sit segl og underskrift. PÍ.* D3/4–23. 22.5.1771. Lit. Ee. N° 2[a]. (Sjá/*se* s. 650–652)



Bréf ritað til nefndarinnar á íslensku sem fór óþýtt til Kaupmannahafnar. Vernharður Rafnsson og Hallvarður Jónsson hjáleigubændur í Krýsuvík í Gullbringusýslu senda það með innsigli sem annars var mjög sjaldgæft meðal almennings. / *Brev skrevet til kommissionen på islandsk, som blev sendt til København uden oversættelse. Vernharður Rafnsson og Hallvarður Jónsson, afbyggere i Krýsuvík i Gullbringusyssel, forsyner det med segl, hvilket forekom sjældent blandt almuen. PÍ.* D3/5–2. 1.6.1771. Lit Hh. N° 2[a]. (Sjá/*se* s. 264–267)



Translation

Wilhiamm, Wilbjerdigr, Wreoden

Hr. Andreas Hoth

Hr. Torkild Fielstad

Hr. Thomas Windekilde

Lauge, Wrai og Høj Lehnsmænd Land Commissarii

Wiedergjælder

Hvad efterfølgende undrøgende indbyggere i Mosfeld

Snitker Laugues Jordens Beboere mænds Fattige og

Elendige: Jordenes som de ugjøre og

Beboere nu forthvorledes efter sig gaaer og kommer

imod det som De jem vorder af Forstningen Taxeret

og ansat, som er ikke kommeder store Vandflode

af Land og store Lagn Landes Reinter og Commun

De Ødes af storrke Vinter, tillige Fiedefænd og

Fand faldne over Ores Eiere, Lagn og utmarker

saa der slet ingen Fiske af Jordenes Grænse for

alle Ancaar, der nu Land jorder imod det som De

tilkommer i Forstningen Jem vorder, det Jemer stor-

ligen maatte gjøre ved En Gals Mand vedrørende

Jer i Snitker, Dette ikunsnart forderne Hr: Land:

Fogden af os De Commun Fattigfolk efter den

Eigsten Dæer i deres Gjelde og Gotsud i Forstein

gen De Dødmænd ansatte, og den Landgjelde Fattig

Jud Jem De Brugt Jemer efter andre / jeg Mennes

Einar Magnússon, umboðsmaður Miðfjarðarjarða í Húnavatnssýslu, ritar álitsgerð um viðreisn landsins og ávarpar nefndina virðulega í upphafi hennar. / *Einar Magnússon, kongens ombudsmand for Miðfjarðarjarðir í Húnavatnssyssel, skriver om genrejsning af landet og tiltaler kommissionen i ærbødige former i begyndelsen af brevet. PÍ.* D3/2–10. [1771]. Lit. AA. N° 1. (Sjá/*se* s. 327–343)

Bændur og hreppstjórar skrifuðu gjarnan bréf margir saman og getur hér að líta fjölbreyttar undirskriftir úr Sandvíkurhreppi í Árnessýslu. / *Bønder og repstyrere var gerne flere om at skrive breve, og her ses mange forskellige underskrifter fra Sandvíkurrep i Árnessyssel. ÞÍ.* D3/4–19. 25.5.1771. Lit. Dd. (Sjá/*se* s. 635–637)

Skriftin á bréfunum sem send voru inn var fjölbreytt að sjá. Hér er hluti úr bréfi á íslensku frá Jóni Jónssyni bónda í Skriðuhreppi í Eyjafjarðarsýslu um hag alþýðu og fátækt í hreppnum. / *Skrivemåderne i brevene, som kommissionen modtog, varierede meget. Her ses del af et brev på islandsk*



af Jón Jónsson, bonde i Skriðurep i Eyjafjarðarsyssel, hvor han beretter om almuens tilstand og fattigdom. ÞÍ. D3/4–2. [1771]. Lit. ZZ. N° 7. (Sjá/*se* s. 527–530)



ÍSLANDS

Skade - „ - og Viðrietting

Es: 24. 4.

Landid stendur hörmu=lega og spillist.

Ier: 2. 16

Þvi velldur þyn allgyme ad þu verdur so hvdstriktur, og þyn öhlydne ad þu fannin straffast.

Es: 30. 23.

Þitt þæ mun sier fæd=slu fæ i einum vyd=lendum grashaga

v. 26

liösid tunglsins mun veta lyka sem liösid sölarinnar, nær ed dr=ottinn bindur um sær=inn syns fölks, og græd=ur þra atomur

Dev: 28. 1-8.

Es þu ert hlydugur röstinne drottins guds þyns —— þa mun hann bioda blessaninne ad hun skule veta hia þier etc.

Judlomut d. 26 Febr. 1771 fra bönderne Olafur Jonsson og Brarne Gudbrandsson a Forfustödum i Ski fiörd

Greinargerð tveggja bænda úr Húnavatnssýslu þar sem skipulega eru borin saman vandamál og lausnir í málefnum Íslands, „Íslands skaði og viðrétting“. / *Beretning fra to bønder fra Húnavatnssyssel, hvor problemer og løsninger vedrørende islandske forhold er systematisk sammenholdt, “Islands skade og oprejsning”*. *ÞÍ*. D3/2–11. [1771]. Lit AA. N° 2. (Sjá/*se* s. 361–371)

Almenningur í Rangárvallasýslu sendir afrit af byggingarbréfi fyrir Arngeirsstöðum í Fljótshlíð bréfi sínu til stuðnings. Afar fá byggingarbréf eru varðveitt frá 18. öld. / *Almuefolk i Rangárvallasyssel sender afskrift af et fæstebrev for Arngeirsstaðir i Fljótshlíð for at underbygge deres henvendelse. Der er kun bevaret meget få fæstebreve fra det 18. århundrede.* ÞÍ. D3/4–38. 22.5.1771. Lit. Gg. N° 6, fylgiskjal/*bilag* 16.10.1770. (Sjá/*se* s. 606–608)

Hreppstjórar og bændur í Húnavatnssýslu skiptast á að skrifa texta bréfs til Landsnefndarinnar þar sem þeir lýsa högum sínum. / *Repstyrere og bønder i Húnavatnssyssel skiftes til at skrive et brev til Landkommissionen, hvori de beskriver deres forhold.* *ÞÍ.* D3/5–23. 5.5.1771. Lit. Oo. N° 4. (Sjá/*se* s. 381–384)



Hreppstjórar og bændur í Lýtingsstaðahreppi í Skagafjarðarsýslu skrifa um verslunarmál. Það málefni brann á mörgum. / *Repstyrere og bønder i Lýtingsstaðarep i Skagafjarðarsyssel skriver om handelen. Dette emne optog mange.* *ÞÍ.* D3/5–31. 23.5.1771. Lit. Pp. N° 6. (Sjá/*se* s. 450–453)



Þetta bréf frá Jóni Ólafssyni hreppstjóra hefur verið brotið saman og innsiglað fyrir sendingu til nefndarmanna, sem síðan hafa merkt það með skráningarnúmeri sínu. / *Dette brev fra repstyrer Jón Ólafsson har været foldet sammen og forseglet før afsendelsen til kommissionen, som siden har forsynet det med sit registreringsnummer.* ÞÍ. D3/3–19. 23.4.1771. Lit. ZZ. N° 4. (Sjá/*se* s. 476–477)

Þingeyjarsýsla

Þingeyjarsyssel

Þingeyjarsýsla 1703 · *Pingeyjarsyssel 1703*

Sýslumörk, hreppamörk og heiti hreppa eins og þau voru árið 1703, byggð á manntalinu 1703. Hreppaheiti voru breytileg og stundum fleiri heiti notuð samtímis á sama svæðinu. Þegar svo ber undir er heiti úr landsnefndarskjölunum 1770–1771 sett fram í sviga á kortinu. / *Sysselgrænser, grænser mellem repper og reppernes navne, som de var i 1703 ifølge folketællingen fra 1703. Navne på repperne var foranderlig, og nogle gange blev der anvendt flere navne samtidigt for det samme område. Når det er tilfældet, anvendes navnet fra kommissionens dokumenter 1770–1771 angivet i parantes på kortet.*

Heimild · *kilde: Manntal á Íslandi árið 1703. Tekið að tilhlutun Árna Magnússonar og Páls Vídalín, ásamt manntali 1729 í þrem sýslum.* Þorsteinn Þorsteinsson sá um útg. Reykjavík 1924–1947.

Kortagerð · *kort:* Björk Ingimundardóttir, Benedikt Jónsson og Egill Baldursson.

Hreppstjórar og bændur á Svalbarðsströnd skrifa um leiðir til að styrkja fátækan almúga 25.5.1771. Lit. Rr. N° 9.

Repstyrere og bønder på Svalbarðsstrand skriver om veje til at støtte den fattige almue 25.5.1771. Lit. Rr. N° 9.

ÞÍ. Rtk. D3/5–46 (bréfið/*brevet*); D3/5–51 (danskur útdráttur/*dansk uddrag*). Innskráð/*indskrevet* 15.7.1771; Danskar þýðingar bréfa úr Þingeyjarsýslu voru aðeins gerðar í útdrætti en þau ekki þýdd og afrituð í heilu lagi eins og önnur bréf. Sennilega stafar þetta af tímaskorti hjá nefndinni. Dönsku útdrættirnir liggja bundnir saman í örk aftan við bréfin en eru hér látnir fylgja hverju bréfi fyrir sig. / *Dansk oversættelse af brevene fra Þingeyjarsyssel blev kun lavet i uddrag. De er derfor ikke oversat og afskrevet i deres helhed som de andre breve. Det skyldes sandsynligvis tidmangel hos kommissionen. De danske uddrag ligger bundet sammen i ark efter brevene, men her følger de hvert enkelt brev.*

Áritun/*påskrift*: Bréfið/*brevet*: Indkommet paa Altinget 15. July 1771; N° 9; Útdrátturinn/*uddraget*: Lit. Rr. N° 1 til 13 inclusive fra bönder i Nordersyssel.

Upp á vors yfirvalds hr. sýslumannsins Vigfúsa Jónssonar bréfleg fyrirmæli af 14. Maj næstliðna er vort andsvar sem eftirfylgir.

1° Það metum við fyrst að kúgildafjöldi á flestum jörðum gjörir fátækum almúga, sem og landskuldahæð og tíundaútsvar, mikil skuldaþyngsli, sem og aðrir tollar er þeim er uppálagt eður verða kann út að svara og marga mætti upptelja.

2° Að fátækir barnamenn fá ei að njóta þeirra jarða til ábýlis í öðrum hreppum er börnin eru ei tilkomin, sem þó mætti sýnast að þeir kynni betur af að komast með þeirri tillátsemi eftir hvers eins ásigkomulagi.

3° Fátækur almúgi fær ei nauðsyn sína í kaupstaðnum svo sem þeir umbiðja af matföngum þó þeir borgað geti. Mega því taka annað svo sem tóbak, brennivín, borða og margan óþarfa sem ekki er vert að fátækur almúgi útarmist á.

4° Má almúginn taka móti þeim vörum í kaupstaðnum svo sem hún er á sig komin, sem er það fyrst að mélílát eru svo illa til sett að það spillist niður og verður það alloft almúgans skaði. Svo og um trjávið, hann kemur lítill. Neyðist því margur til að kaupa hann dýrara en textinn útvísar þar textinn er ei auglýstur yfir allar vörur er koma í kaupstaðinn.

5° Er það að fátækur almúgi mætti betur af komast en skeður væri sá útlenski vefstaður upptekinn hér í repp. Allt svo lengi að menn halda peningi eður sauðfénaði lifandi, svo fólk mætti vinna þar í sér til fatnaðar, þar fátækur almúgi hefur ei annað í skuldir að láta en kindur er árlega uppkoma, sem þeim er þó stór bagi úti að láta, án þess að væri á fénu betri texti en verið hefur hingað til. Svo sem væri einn gamall sauður á 60 fiska en veturgamall á 30 og sauðir þar í milli að aldri eftir sem tala rennur til. Item mætti einir smábandssokkar ganga á tíu eður tólf fiska. Mætti það fátækum draga yfir það sem nú er tekið og gengur á 8 eður 6 fiska og má svo almúginn láta það svo sem hinir vilja taka það sem skuldinni á að lúka.

6° Er það sem víðast yfirgengur fátæka reppa, að börn og gamalt fólk er ei hefur fé fyrir sig að leggja, að það er sett ofan á fátækan almúga, en ei leitað til annarra nærskyldra, jafnvel þó fé fyrir hafi og sýnast mætti að þeir sér að skaðlitlu gæti þá framfært þó minna fé ættu en lög gjöra ráð fyrir.

7° Er það sem styrkja mætti fátækan almúga sem mest er þurfandi og tilheyrir með réttu hlutur af helgidagsveiðum, að það mætti vera meir en hér til verið hefur svo sem að þeir nyti þriðjungs eða meira. Item mætti sá árlega tekinn hospítalshlutur sem og tukthústollur leggjast til fátækra í þessum repp þar þeir tilfalla.

8° Það sýnist að það mætti vera fátækum til hægðar og þeirra uppvaxandi börnum til þeirra handverksvinnu ástundunar er þeim mætti til lífsbjargar verða nauðsynlegt, væri þær Pontophidan spurningar[1]

[1] Vísar til lærdómskvers í kristindómi fyrir börn: Erik Pontoppidan, *Sannleiki guðhræðslunnar. Í einfaldri og stuttri en þó ánægjanlegri útskýringu yfir þann litla*

gjörðar kortari en verið hefur, svo sem þær er komu til landsins árið 1770 og af þeim fyrri útdregnar að þær mættu antakast.

9° Á þessum litla repp eru 6 ómagar sem njóta tillags og 4 aðrir bjargarlausir nú til hrepps komnir. En tillagið fyrir þá 120 og 60 álnir, sem þó er ei fært að taka af fátækum almúga.

10° Það mundi afla fátækum hægðar ef það mætti ske að kúgildin væri tekin frá jörðunum en tíundirnar jarðanna af landskuldunum og það verð sem þessi fátæki almúgi þarf til að kaupa tré eða viði til að viðhalda húsum á jörðunum, þar jarðirnar nú í tíð eru ekki þvílíkar að gæðum sem þær hafa verið í þeirri fyrri tíð.

11° Það sýnist og svo horfa fátækum reppsmönnum til hins besta að ærlegir og velforsóktir reppstjórnarmenn séu 2 í þessum repp en ekki fleiri, og svo í eið tækjust og uppbera mætti nokkur laun fyrir sitt ómak.

Þessa alla ofanskrifaða pósta hvörja vér í auðmjúkustu undirgefni framleggjum bæði fyrir Guð og háyfirvöldin til náðlegs álits og lagfæringar, eru vor undirskrifuð nöfn.

Sigluvík, d. 25. Majus 1771.

Ásmundur Halldórsson	Árni Hallgrímsson
Guðmundur Jónsson	Þórður Sveinsson
	Bjarni Árnason
	Jón Ólafsson

* * *

[Uddrag 1771]

Extract af de til Commissionen indkomne memorialer fra bönderne udi Tingöesyssel[1]

N° 9

6 bönder fra Siglevigstinglaug[2] erindre og forlange udi memorial af dato 25de May 1771.

barnalærdóm eður catechismum hins sæla doct. Martini Lutheri. Kverið kom fyrst út 1741 í þýðingu Halldórs Brynjólfssonar og oft eftir það. 5. útgáfa kom út 1769 og var dreift hér á landi 1770. Einnig kallað *Ponti*.

1 Þingeyjarsyssel.

2 Sigluvíkurtingsogn [Svalbarðstingsogn], Þing.

1° At qvildernes mængde er de fattige til stor byrde.

2° At fattige bönder faae ikke at nyde jorderne at paaboe, hvor börnen ikke ere födte.

3° At de fattige faae ikke deres forlangende, nödvendigheder forvolder, at de maae tage det unödvendige.

4° At mehlet er baade bedervet og töndene slette, samt at tömmer flöttes for lidet til handelen, hvorfor man maae kjöbe det dyrere, især da den gemene mand ikke veed dens taxt.

5° At danske vævstoele maatte indföres. At der var bedre taxt paa faar og smaaelæs end hidindtil.

6° At de fattige tages paa reppen, dog de har nogle bemidlede slægtninger.

7° At de fattige maae nyde 3ie deelen af helligedagesfangst samt tugthus- og hospitalslötter, der henlægges.

8° At den sidste Pontoppidans forklaring[1] af 1770 blev antagen.

9° At de fattige ikke kan underholdes af reppets tiender.

10° At qvilderne bleve tagne fra jordene, men deres tiender af landskylderne, var stor lættelse for bönderne.

11° At 2de eedsvorne reppstyre var i hver repp, som havde nogle lön.

Hreppstjórar í Grýtubakkahreppi senda úrbótatillögur 21.6.1771. Lit. Rr. N° 8.

Repstyrere i Grýtubakkarep sender forslag til forbedringer 21.6.1771. Lit. Rr. N° 8.

ÞÍ. Rtk. D3/5–45 (bréfið/*brevet*); D3/5–51 (danskur útdráttur/*dansk uddrag*). Innskráð/*indskrevet* 15.7.1771; Dönsk þýðing aðeins í útdrætti. / *Dansk oversættelse kun i uddrag*.

[1] Henviser til en lille katekismus for børn: Erik Pontoppidan, *Sannleiki guðhræðslunnar. Í einfaldri og stuttri en þó ánægjanlegri útskýringu yfir þann litla barnalærdóm eður catechismum hins sæla doct. Martini Lutheri*. Katekismen udkom første gang i 1741 i Halldór Brynjólfssons oversættelse og mange gange derefter. Den 5. udgave kom i 1769 og blev rundsendt i landet i 1770. Kaldes også *Ponti*. (Erik Pontoppidan, *Sandhed til Gudfrygtighed*).

Áritun/*påskrift*: Bréfið/*brevet*: Indkommet paa Laugtinget 15. July 1771; N° 8; Útdrátturinn/*uddraget*: Lit. Rr. N° 1 til 13 inclusive fra bönder i Nordersyssel.

Til þeirra fátæku uppkomstar í Grýtubakkarepp eru eftirfylgjandi póstar álitnir.

1° Að jarðirnar eru svo af sér gengnar, bæði tún og engjar, líka úthagar, að ei gefa af sér meira en helmings ávöxt allvíða við það sem áður verið hefur, og jafnvel í elstu manna minni sem enn nú lifa, fyrir þá orðsök að túnin nefnilega eru brunnin, kalin og uppblásin að grjóti og mold. Svo þar sem áður almennilega hafa 3^{ír} teigar fóðrað kú, gjöra nú ei 5^{m} og 6 betur. Sama er að segja um úthaga, engi, skóga, fjöll og afréttir, en þó ei skuldir jarðanna víða kortaðar fyrir þvílíka stóra hrörnun. Hér að auki fá ei bændur viðu til húsanna viðurhalds hjá sínum landsdrottnum, sem þó tilskilið er í vorum gömlu landslögum. Þar til fá ei bændur almennilega betalað eftir sínar ábýlisjarðir í öðru en fiskatali hér í sveit, þar allvíða í öðrum sveitum hér nálægum gengur rixdalur specie, líka vel rixdalur croner í 5^{m} aura eður 60 f. en hér ei nema eftir fiskatali. Hver mismunur orðsakar ójöfnuð nær kaupandi og seljandi viðskiptast þessara sveita á milli.

2° Að ofurfjöldi kúgildanna á velflestum jörðum er einna mest niðurdrepa almúgann með þeirra uppbótarleysi sem víkur frá þeim gömlu lögum og landsvana. Og sýnist of mikið að meir en eitt kúgildi fylgir hverjum 10^{u} hundruðum. Þar til meinum vér þau ótíunduð vera og dregur fátækum minna.

3° Að til séð væri að kaupmennirnir skiptu betur og reglulegar sinni matvöru almúgans á milli, heldur en hér almennilega gjörst hefur og þeir fátæku fengi meira matarkaup, einkum þeir sem betalað geta og jafnvel til láns, þó ei geti strax í stað betalað. Hér að auki að ei sé til landsins flutt ónytsamleg kramvara og ótaxteruð, einninn sú sem innlendir geta sjálfir tilbúið. Líka vel að kaupmenn regluðu betur tóbaks- og brennivínssöluna, heldur en verið hefur, þar sumir fá ei sér til skikkanlegrar brúkunar en sumir mikið meira. Hvar af orðsakast okur og áseilni, þar einn brennivínspottur má ei minna kosta en 24 sk. og 1^{tt} tóbakspund ei minna en 16 f., eður tóbaksstika á 2 fiska. Einninn að flutt væri meira af timbri ef mögulega skeð gæti, heldur en verið hefur.

4° Gott væri hans kóngl. Majest vildi gefa og eftirláta allra náðugast þá anbefölluðu tukthúspeninga til þeirra fátæku hér í repp, af hverjum nú sem stendur og sjáanlegt er að ei verði Norðurlandinu til uppbyggingar. Sömuleiðis að fátækir hreppslimir hér í repp sem eru holdsveikir mættu njóta þeirra hospítalshluta sem hér til falla innan repps, þar hospítalið hefur ei framfærslu veitt þess háttar limum hér úr sveit nær því í 20 ár, sem þó hafa margir hér tilfallist í áminnstan tíma.

5° Ómagar sem uppheldis njóta af fyrrgreindum repp eru að tölu gamlir og ungir 16, af hverjum að helmingurinn forsorgast með fullkomnum forlagseyrir, en hinn nokkuð léttara. Fyrir þessa ómaga gefur hreppurinn af sér til uppheldis fasteignartíundir sem eru 3^{jú} hundruð og 16 f., lausafjártíundir 3^{jú} hundruð 24 f. Hér að auk hlýtur hreppurinn nefndum 8^{tta} ómögum til manneldis að leggja 10 hndr. og 100 f. Síðar umgetinn helmingur ómaganna hefur hér fyrir utan tillag að 4^{ða} og 5ta parti af hreppnum við hina.

6° Aðgætandi væri að reppstjórar stríði ei við þvílíkt armæðu- og þjáningarstand án launa eður betalings sem hingað til verið hefur. Og að þeir fengi fríheit að hafa nokkra tilsjón með jarðaeigendum eður þeirra umboðsmönnum að byggja jarðirnar vegna þeirra fátæku búandi í hreppnum.

7° Að þar sem ei eru viss þinghús á þingstöðum og ábúendur sama staðar verða að rýma sín leiguhús, vor og haust, og mæta ursla og átroðningi, megi uppbera billegan betaling.

8° Óskum vér og innilega umbiðjum þénustusamlega að upp á fyrrgreinda pósta sé vel drifið, hvað oss virðist nauðsynlegt til almúgans besta.

Þessu til staðfestu eru vor reppstjóranöfn að Grýtubakka, þann 21. Juni 1771.

Sigurður Jónsson
Eyjúlfur Arnfinnsson
Björn Hallgrímsson
Steinn Jónsson
Sveinn Tómasson

* * *

[Uddrag 1771]

Extract af de til Commissionen indkomne memorialer fra bönderne udi Tingöesyssel[1]

N° 8

5 bönder fra Gritebachestinglaug[2] erindre og forlange udi memorial af dato 21. Juny 1771.

1° At jordenes hjemme- og udmarker tager stændig af, men landskylder er samme, at lejlændingerne ikke faae tömmer til husebygning eller betaling for samme. De maae svare deres gjæld i fisketal her i dette sogn, men dog antages 1 rd. specie eller croner i 5 öre eller 60 f.

2° At 1 qvilde er noch til 10 hndr. og der til skulde qvilde tiendes.

3° At kjöbmændene proportionerede madvahrenes uddeeling, og dertil laante de fattige, ad hid blev ej flöttet unödvendig vahrer, men meere tömmer.

4° At tugthustolden blev henlagt til de fattige i reppen, samt at de spedalske maatte iligemaade nyde hospitalslötterne.

5° At de fattige kand ikke underholdes af reppets tiender.

6° At reppstyrer havde lön, samt maatte have opsyn med at bygsle reppets jorder.

7° At der, som ikke ere tinghuse, maatte bonden nyde nogen doceur for huuslaan.

Hreppstjórar og bændur í Hálshreppi senda tillögur sínar 29.6.1771. Lit. Rr. N° 7.

Repstyrere og bønder i Hálsrep sender forslag til forbedringer 29.6.1771. Lit. Rr. N° 7.

ÞÍ. Rtk. D3/5–44 (bréfið/*brevet*); D3/5–51 (danskur útdráttur/*dansk uddrag*). Innskráð/*indskrevet* 15.7.1771; Dönsk þýðing aðeins í útdrætti. / *Dansk oversættelse kun i uddrag*.

[1] Þingeyjarsyssel.
[2] Grýtubakkatingsogn, Þing.

Áritun/*påskrift*: Bréfið/*brevet*: Indkommet paa Altinget 15. July 1771; N° 7; Útdrátturinn/*uddraget*: Lit. Rr. N° 1 til 13 inclusive fra bönder i Nordersyssel.

Hér með gefum vær undirskrifaðir Hálsreppsinnbúendur til vitundar, eftir hárri skipan og forordningar fyrirmælum af dato 15. Maii 1770, sem vors eðla hr. sýslumanns sr. Vigfúsar Jónssonar uppvartning þar til, um það er finnum fyrir gott landinu og fátækum innbúendum til eflingar og uppreisnar.

1° Eru í þessum repp margar jarðir mjög svo af sér gengnar og árlega af skriðum, landbrotum og vatnsyfirgangi að fordjarfast, hvar fyrir sýnist ei ónauðsynlegt að þær væri niðursettar að skuldaþunga billega.

2° Er ærið mikill kúgildafjöldi á velflestum jörðum, sem ei kunna að túni fóðra meir en eina kú og ungneyti, og að útengi varla tvö kúgildi, og eru með hundraðs landskuld og fjórum kúgildum. Væri því þörf þeim fækkað væri, svo fátækir ábúendur kynni betur við að haldast með sínar húsnauðsynjar. Kúgildauppbótarleysi sem lög þó áskilja er allareiðu komið í vana, sem gott væri lagfærðist fátækum til nytsemdar.

3° Væri mikið nauðsynlegt að vissar ordur fengist upp á peningaverðlag eftir fornri landsvenju, svo íslenskra á millum mætti 1 rixdl. í krónum, courant eður specie gilda í allar skuldir fyrir 60 fiska eður 30 álnir.

4° Er ei óbillegt að kúgildi öll væru tíunduð í reppnum þar eð leigð eru, sem fátækum kynni mikið gott tillag af að hlotnast og takast mætti af kúgildanna afgift.

5° Að mjöls- og matarvara væri svo ánægjanleg og ósvikin til landsins færð af kaupmönnum, sem fátækur almúgi begerði og betalað gæti.

6° Sýnist hagkvæmt og almúganum nytsamlegt að brennivíns, tóbaks og annar óþarfa kaupskapur væri tempraður, að ei færðist sú vara svo mikil hingað til lands, sem að undanförnu verið hefur, og að háyfirvöldin setti skorður fyrir að fátækur almúgi ei útarmaði sig með þess háttar óþarflegri kauphöndlan.

7° Væri ei ótilhlýðilegt að öreigum og hirðulausum letingjum leyfðist ei í ektastétt innganga, einkum þeim er forsjónarlausir eru fyrir sjálfum sér og hinna umönnum, er fátæks almúga vanhag kynni að orðsaka.

8° Sýnist nauðsynlegt fátækum og börnum hlöðnum almúga gjörðist sá léttir á uppfræðingarformi barnalærdómsins, að sú stysta og nýjasta Pontopitanna útskýring,[1] dateruð 1770, eftirlétist til kaups, þar sá stærri gjörir tornæmum börnum og fátækum öreigum mikla mæðu og vanhag með sinn lærdóm og erfiðishagi, upp á þeirra verksvit til frambúðar að tímanlegu lífsviðurhaldi.

9° Er næsta nauðsynlegt að ílát til méls þess er almennilega í kaupstöðum flyst væri duglegri en verið hafa, svo mjölið sem keypt er ei skemmdist eður á veginum niðurtýndist, sem hingað til hefur jafnan viðgengist, að ílátin hafa ei haldið mélinu, bæði vegna sveigjuskorts og illrar stafafellingar er kaupmenn hafa ei viljað bót á vinna, þó fyrir þeim hafi soddan sífellt kært verið.

10° Þar eð skógar mjög svo af fúa eru niðurfallnir í þessum takmörkum og nær því öngvir orðnir, svo húsabygging er þar fyrir í næsta bágu ásigkomulagi. Hvar fyrir er stór þörf á að í kaupstöðunum flyttist svo ánægjanlegur trjáviður, sem kaupendur búandi eru nauðstaddir fyrir að begjæra, og að sá taxti trjáviðarins sem verið hefur væri upphafinn, en annar betri aftur tilsettur er billegur væri upp á lengd og þykkt trjáviðarins.

11° Þar eð sýnist almúganum ómissandi duglegir og framsýnir reppstjórnarmenn sem lagi vel og röggsamlega það til sem í reppnum er nauðsynlegt fátækum til viðhalds og uppbyggingar, þá væri mikið billegt, að þeir svo sem aðrar yfirvaldspersónur hafi nokkur embættislaun. Þar jafnan hafa mikla mæðu á hendi í sinni reppstjórn og hindrast í sínu eigin hússtjórnarstandi þar fyrir. Væri annars ei fjærri að fækkaði tala reppstjórnarmanna svo hér eftir væru ei fleiri en 3 í þessum repp.

Þetta framan- og ofanskrifað sest í undirgefni til háyfirvaldanna góðrar tilhlutunar, almúganum til hins besta.

Hverju til staðfestu eru vor undirskrifuð nöfn, að Hálsi dag 29. Junii 1771.

Þorkell Bjarnarson	Bjarni Rafnsson
Jón Ásmundsson	Jón Þorsteinsson

[1] Lærdómskver í kristindómi fyrir börn: Erik Pontoppidan, *Sannleiki guðhræðslunnar. Í einfaldri og stuttri en þó ánægjanlegri útskýringu yfir þann litla barnalærdóm eður catechismum hins sæla doct. Martini Lutheri.*

Jón Berngþórsson
Ólafur Sigurðsson

Árni Þórarinsson
Jón Þórðarson
Hallgrímur Þorsteinsson

* * *

[Uddrag 1771]

Extract af de til Commissionen indkomne memorialer fra bönderne udi Tingöesyssel[1]

N° 7

9 bönder fra Halsetinglaug[2] erindre og forlange udi memorial af dato 29de Juny 1771.

1° At jorderne bleve nedsadte.

2° Qvildernes antal blev formindsket samt opgjældte som i forrige tider.

3° At der blev ordre udgivne om penge, at de maae gjælde effter gammel sædvane.

4° At qvilderne blev tiendede i samme repp, som de ere, samt tienden tages af lejene.

5° At mehl föres til landet, som behöves.

6° At brændevins, tobaks og andre unödvendige vahrers tilförsel blev indskrænket, samt at övrigheden havde opsyn med, at almuen ej udarmede sig med at kjöbe saadant.

7° Fattige og dovne mænd ikke blev tilladt at intræde i ægteskab.

8° At den sidste Pontoppidans forklaring[3] af dato 1770 blev gangbar og maatte introduceres til ungdommens nytte.

9° At mehltönderne maatte hereffter være tættere.

10° At tilstrækkelig meget tömmer blev indfört, hvorover gjortes en ny taxt, men denne ophævedes.

11° At reppstyrerne havde lön, og deres tal formindskedes.

[1] Þingeyjarsyssel.
[2] Hálstingsogn, Þing.
[3] En lille katekismus for børn: Erik Pontoppidan, *Sannleiki guðhræðslunnar. Í einfaldri og stuttri en þó ánægjanlegri útskýringu yfir þann litla barnalærdóm eður catechismum hins sæla doct. Martini Lutheri.*

Sigurður Oddsson og Tómas Jónsson, hreppstjórar í Bárðardal, skrifa um hag bænda 28.6.1771. Lit. Rr. N° 12.

Sigurður Oddsson og Tómas Jónsson, repstyrere i Bárðardalur, skriver om bøndernes kår 28.6.1771. Lit. Rr. N° 12.

ÞÍ. Rtk. D3/5–49 (bréfið/*brevet*); D3/5–51 (danskur útdráttur/*dansk uddrag*). Innskráð/*indskrevet* 24.7.1771; Dönsk þýðing aðeins í útdrætti. / *Dansk oversættelse kun i uddrag*.

Áritun/*påskrift*: Bréfið/*brevet*: Indkommen d. 24. July; Indkommet paa Landstinget den 24. Julii 1771; N° 12; Útdrátturinn/*uddraget*: Lit. Rr. N° 1 til 13 inclusive fra bönder i Nordersyssel.

Eftir oss allra náðugast meðdeildri forordning af 15. Maji 1770 gefum við hér með allra undirdánigast, eftir sýslumannsins sr. Vigfúsar Jónssonar tilhaldi, okkar þanka til kynna um þá hluti er verða kynnu vorum landsinnbyggjurum til hins besta og uppreistar í eftirfylgjandi póstum.

1° Ofurfjöldi kúgildanna á velflestum jörðum er það sem einna mest niðurþrykkir almúgann, með þeirra uppbótarleysi sem víkur frá þeim gamla landsins vana.

2° Að bændur fá ei betalað eftir sínar ábýlisjarðir utan alleinasta fiskatal, nefnilega 60 f. í fimm aura, sem venjulega gengur annars staðar rixd. croner til specie og frá gamallri tíð gengið hefur vorra landsmanna milli í fimm aura. Þar að auki mega bændur tíunda sínar ábýlisjarðir, það fyrir utan allan landskuldarafslátt.

3° Að öll þau kúgildi sem þessum jörðum fylgja hér í sveit megi meðtíundast þar þær liggja, því hingað til meinum vér þau ótíunduð vera.

4° Um tóbaks- og brennivíns óþarfa brúkun verður ei svo talað sem vert er. Væri því betra það aldrei til landsins flutt væri, því fátækir töpuðu þá minna fiskatali og peningum fyrir slíkan óþarfa en hingað til skeð er.

5° Að ei sé gefið allt í hjónaband sem þess óskar, sérdeilis öreigar, hirðu- og forstandslausir, sem og veikir eður vanfærir, sem sjáanlegt er verði ei til annars en sveitaþyngsla frekari. Og nú allareiðu svo ákomið að menn geta ei undir risið slíkum ómagafjölda fátæktar vegna, er annars var bærilegri áður þetta svo frekt tíðkaðist.

6° Að í þeim stöðum sem fjársýkin er farin nýlega ganga, væri nokkrum sveitum aldeilis eytt að fénaði hennar framgangi til hindrunar og það á báðar síður landsins. En þeim aftur tillagt af þeim er heilbrigt fé eiga eftir formegan nokkuð af ull og fatnaði. En í nefndum sveitum sé ekkert sauðfé svo lengi fjársýkin auglýsir sig í landinu.

7° Með því vér sameiginlega sjáum að sú allra náðugast anbefalaða tukthúscontributio kemur aldrei Norðurlandinu til nota nú sem stendur, þá væri gott hans Maj^ts^ vildi allra náðugast gefa eður eftirláta nefnda peninga til vefstólainnréttinga í hvörjum repp. Samt þessum til viðbætirs þá peninga sem mr. Jón Grímsson gartner til launa hefur, er landinu öngva uppbygging gjörir.

8° Er nauðsynlegt að almúginn sem borgað getur fái meiri matvöru í kaupstöðunum keypta en hingað til skeð hefur, og kaupmenn neyði ei fólk til að kaupa aðra því ónauðsynlega vöru.

Þessar landsins nauðsynjar í ofanskrifuðum póstum framsettar innstillum vér auðmjúklegast undirskrifaðir, vors allra náðugasta konungs Commissariis til náðugrar ásjár og einhvörrar góðrar áheyrslu.

Datum að Ljósavatni í Bárðardal innan Norðursýslu,[1] þann 28. Juni 1771.

Sigurður Oddsson
Tómas Jónsson

* * *

[Uddrag 1771]

Extract af de til Commissionen indkomne memorialer fra bönderne udi Tingöesyssel[2]

N° 12

2de bönder fra Liosevatnstinglaug[3] erindre og forlange udi en memorial af dato 28de Juny 1771.

[1] Þingeyjarsýslu.
[2] Þingeyjarsyssel.
[3] Ljósavatnstingsogn, Þing.

1° Erindre de, at qvildernes mængde trykker de fattige, da de ej heller faae nogen aaboed.

2° At bönderne ikke kan betale effter sine jorder uden alleeneste i kjöbstædsvahre. At de maae tiende sine jorder uden landskyldens afslag.

3° Forlange de, at qvilderne maae tiendes til reppen, hvor de ere.

4° At tobaks- og brændevinstilförsel blev ophævet.

5° At fattige, lade og gebrecklige personer ej bleve indviede i ægteskab.

6° At til at forekomme faaresigen, blev alt fæ ödelagt paa de inficerede stæder, og til de blev igjen contribueret af dem, der ejede sunde faar, uld og klæde.

7° At tugthustolden maatte anvendes til vævstoles indretninger, samt Jon gartners[1] lön dertil henlægges.

8° At de, som kand betale i kjöbstædet, maatte faae meere madvahre, men blev ej tilnödt at kjöbe unödvendige vahrer.

Hreppstjórar og bændur í Reykjadalshreppi skrifa um fátækt landsins 28.5.1771. Lit. Rr. N° 1.

Repstyrere og bønder i Reykjadalsrep skriver om landets fattigdom 28.5.1771. Lit. Rr. N° 1.

ÞÍ. Rtk. D3/5–38 (bréfið/*brevet*); D3/5–51 (danskur útdráttur/*dansk uddrag*). Innskráð/*indskrevet* 15.7.1771; Dönsk þýðing aðeins í útdrætti. / *Dansk oversættelse kun i uddrag*.

Áritun/*påskrift*: Bréfið/*brevet*: Indkommet paa Landstinget 15. July 1771; N° 1; Útdrátturinn/*uddraget*: Lit. Rr. N° 1 til 13 inclusive fra bönder i Nordersyssel.

Eftir konunglegri allra náðugast útgefinni forordningu af 15. Maii 1770 meðtekinni á síðstliðnu sumri áhrærandi þá tilskipuðu Commiss-

[1] Jón Grímsson (1742–1803), gartner.

ion hér á landi, gefum vér undirskrifaðir í stæðstu undirdánigheita auðmýkt til vitundar vora einfalda meining og nauðsynjatilfinning, að undangenginni nákvæmri beþenkingu þess háttar efna, það sem vér sjáum voru hrörnandi og fátæka föðurlandi til ómissandi liðsinnis, og vér margir nauðlíðandi eftir þreyjum, að athugast mætti og fyrst sanngjarnlega prófast, við hvör kjör að fátækir leiguliðar hafa almennt að búa í jarðaábúðarmátanum, og svo undir eins jarðagagnsemdunum er leiguliðinn nýtur. Þar okkur sýnist það grundvöllur og undirstaða að bjarglegum búskaparháttum að maður fyrst sitji á þeirri jörðu sem lífsbjörg nokkur gefst á. En hitt þó engu síður hún eftir ásigkomulagi sé velbærilega og skikkanlega leigð í öllum efnum. Án hvers aðrar uppáfyndingar oss fátækum lítið gagna, jafnvel þó góðar vera kunni, að þessu á undangengnu. Hvar fyrir vér látum okkar meiningu framar í ljósi í eftirfylgjandi greindum póstum, nefnilega:

1° Að landskuldirnar blífa við makt á jörðunum sem frá gamalli tíð verið hefur. En jarðirnar sjálfar svo að gagnsemdunum niðurhrapandi að ei kemst í hálfjöfnuð við það sem elstu menn til muna, og að þessu svo stöddu hlýtur leiguliðinn þó að svara jarðartíund allri, hvað á mörgum jörðum stígur á stuttum tíma til stórrar fjársummu og gefur ábúendunum mörgum efni til stæðstu umkvörtunar, sem og líka hitt, þó einstöku jarðir séu niðursettar ringast einasta einsamlar tíundirnar en ekkert annað afgjald, jafnvel þótt sömu jörðu sé sýnilegur skaði uppáfallinn.

2° Kúgildin á jörðunum gjöra umkvörtunarlega leiguliðunum stóra hindran og þyngsli (að undanteknum félitlum frumbýlingum og fátækustu búmönnum um lítinn tíma), þar kúgildanna fjöldi varnar mönnum mjög svo að ala upp sitt eigið fé og sauðahjörð. Eru líka ærið þung í ábyrgðinni, og olla því stóra volæði að fjöldi almúgafólks býlanna tæmist árlega að smjöri undir veturinn, og hvað meira er að nokkrir verða þá til framtíðarinnar að þrengjast í leignarestönzunum. Hér að auki eru menn sviptir þeim hlunnendum sem gömlum mönnum þókti alvarleg nauðsyn til vera og hét kúgildauppbót. Vitum ei heldur að greind kúgildi hér norðanlands séu af landsdrottnum almennt tíunduð. Hvers vegna vér óskum auðmjúklega að þau tíundast mættu í þeim repp sem gótsið liggur, munaðarlausum börnum og reppsómögum til uppheldis, og tíund sú af kúgildaleigum takast megi.

3° Sá ákominn vani er fátækum búkörlum ærið þungur, einkum á

bóndaeignum, að kaupa allan við til jarðarhúsanna upp á sinn eigin kostnað, og taka ekkert í staðinn nema sleppa aðeins frá (svokölluðu) álagi, ef þeir geta allt að skyrtunni orkað svo miklu að húsin séu gild þá þeir skilja við. Jafnvel þó tækju við niðurníddu. En vær vitum þó hvað vor gömlu landslög segja um soddan efni.

4° Vissulega er fátækum til uppreisnar, sem bágt veitir að gjalda fiskatal í innlendar skuldir, fengi hann kvittað sig með alls slags almennilegum landaurum, og svo peningum upp á landsvísu, hverrar gamallar venju margur saknar. Hvers vegna vér í stæðstu undirgefni beiðunst að peningar hvers slags sem eru mættu gilda í allar innlendar skuldir eftir fornri venju, ellegar (að þessu ófáanlegu) takist yfir allt land eftir kaupstaðartaxta. Líka svo óskum vér, fáfróðasta almúga til betri greindar, að courantmyntin mætti hagkvæmlegar uppsetjast til viss fiskatals nefnilega hverjir 2 skildingar á heilan fisk.

5° Vegna sjálfsagðra og alþekktra nauðsynja óskum vér og auðmjúklega beiðunst í stæðstu undirgefni að mjöl og matvara mætti hingað frekar flytjast heldur en árlega skeð hefur, en óþarflega mikil kramvara, einkum tóbak og brennivín, aftur í staðinn ringara, og hvað tóbakið áhrærir, nefnilegast það þrykkta og að sönnu allt yfirhöfuð að fráteknu því engelska, biðjum vér að mætti betra innflytjast, þar vér nú næstliðin árin höfum mátt á því kenna herfilega slæmu, og þess vegna mátt miklu meira í sóun leggja af því töye til.

6° Kjósanlegra þykir oss að reppstjórar séu færri í hverjum repp en verið hefur og aftur í staðinn vandaðri. Sömuleiðis að þeir væru eiðsvarnir hafandi stærri myndugleika og eignuðust viss laun, án hverra varla nokkur vill með góðfelldu eður ári lengur bera þá mæðu sem að fyrirhöfn og erfiði sýnist jöfn annarra stétta ómaki er í staðinn mikið upp bera.

7° Kvörtum vér í stæðstu undirgefni yfir þeim stórþyngslum og allmikilli örbirgð sem almúganum árlega orðsakast af því örfátæka fólki sem gefið er í hjónaband, hvert gift fólk að einu ári, mest tveimur, fráliðnu gengur með sín börn á vonarvöl og eykur ómegð árlega. Fylgir þar af að búfasta fólkið fær trautt vinnuhjú nema áminnst uppflosnað barnafólk. Hvers vegna stórnauðsynlegt er vér og einninn auðmjúklega beiðunst að einhver viss regla gefast mætti þar um, hversu þeir skulu á sig komnir vera, eður hvað mikið fé í minnsta lagi eiga sem gefast skyldu í hjónaband.

8° Svo sem vér vitum ei um langa umliðna tíma að nokkur úr Norðursýslu[1] hafi notið framfæris á tilsettu hospítali ellegar tukthúsi, óskum vér og auðmjúklega beiðunst að hospítalshlutir og tukthústollar í þessu plátsi mættu falla til fátækra reppsins ómaga, eftir sem hverja sveit eður þingsókn áhrærir.

9° Eftir því að landsfólkið þykist hart af komast að kaupa klæðin í kaupstöðunum með þeim prís sem þar gjörist, hugsum vér að gott sé og jafnframt því beiðunst að hingað flyttist einn danskur vefstóll í hvern repp, og þar hjá tilsett eitt farfaverk í hverjum landsfjórðungi, svo innbyggjararnir kunni sjálfir að til búa sér nauðsynleg klæði, svo framt sem með billegu verði og kostnaði gæti í verk komist.

10° Sökum þess hér norðanlands gefst allskjaldnast hjálplega mikill fiskafli en almúgafólkinu of örðugt, og svo gott sem ómögulegt, að sækja fiskiföng á Suðurlandið, svo vel vegna hesteklu og heimaannríkis sem langleiðis og alls uppákostnaðar, höfum vér allir sameiginlega, í bland annarra langtum fleiri alþýðumanna, þess auðmjúklegast að beiðast og æskja, það oss mætti sá lífsbjargarstyrkur veitast af kóngl. Maj^st^ tilstilli, að eitt ferðugt hvalfangaraskip hingað sendist, sem gengi hér fyrir þessu Norðurlandi á sumartímunum. Hvar firðirnir sjást oftsinnis fullir af stórfiski, hverjir hvalveiðarar léti oss eftir fyrst og fremst ókeypis það allt í hvalnum sem þeir ekki eru vanir sjálfir að brúka, og reppstjórum síðan hæfa kynni því með fólkinu að útskipta um byggðarlögin upp frá þeim sama firði sem gjöfina í það og það sinn að bæri eða sem hentugast sýndist. Og svo í annan stað að nefnt skip hefði myndugleika til að selja oss fyrir frambærilega vöru þann hluta hvalsins sem hvalfangarar eru vanir að nýta, með ekki lakari taxta en hér í landi frá fornri tíð tíðkast hefur. Hvað ef framgengt yrði að vér sjáum þéna búfólkinu til mikils hjálpræðis og nytsemdar.

11° Augljós hlutur er það fyrir allra vorra sjónum og áliti, að mikill fjöldi búfólksins hér í norðursveitum er svo efnalaus og örbirgur að hann sumpart ekki getur aflokið fulla kvittan sínum árlega áfallandi skuldum, eður keypt sér máltíð þó nauðsyn eftir reki. Hvers vegna vér allra undirdánigast beiðunst og auðmjúklegast óskum, að svo fátækum og dapurt á sig komnum almúga sé ekki þyngt með nýjum tollum eða útsvari, sem hér í landi hefur ei áður verið. Heldur að naumstöddum

[1] Þingeyjarsýslu.

barnamönnum verði sem lengst við því forðað að þeir uppflosni með sínum ómegðarfjölskyldum út á reppana, eða jafnvel þó við tolli gisti langsamar nauðir af skorti fatnaðar og matar sem, þá hið harðara árið, getur fljótlega til dauða dregið, verandi svo hinum sem nokkuð betur bjargast til óbærilegra þyngsla og vandræða, sem fljótlega getur almenningi niður hrundið í volæðissamt bjargarleysi.

Framan- og ofanskrifað í ellefu póstum innifalið er allra vor samþykkileg sannprófuð alvara, hvör eð ekki alleinasta í einsömlu ráðleggingarskyni sögð og framborin verður, heldur miklu framar í flestum greinum vegna fullvissrar og þreifanlegrar nauðsynja aðþrengingar sig í ljósi lætur. Og sem ein undirdánigasta auðmjúkust bæn og suplicatia[1] sér framvarpar með hærsta respecte og veneration[2] fyrir hans kóngl. Maj^ts^ allra náðugast tilskipaða og af oss háttaktaða Commissarios, til sanngjörnustu miskunnsamrar áheyrslu, svo þetta vort orðsakanlegt ástæðusamt málefni mætti fyrir framboðna konunglega náð og mildi velgóða og lukkusama ásjá og bænheyrslu hljóta. Þar vér ígrundunarsamlega eftir gefinni hárri reglu og í frómum kærleika til vors föðurlands gagns og velferðar höfum hér með til vitundar gefið það sem vér vitum og sjáum að vera ómissandi til þess hins sama, og þeim best til hjálpar sem hennar eru helst þurftugastir, sem er fátækur almúgi hér í þessum norðurlandsparti hverra mein og bágendi hér eru nokkur að framan talin. Hvar til vér bjóðunst að færa nægar bevísingar ef þörf gjörist.

En þessum vorum bréflegu orðum til merkis og staðfestu eru vor undirskrifuð nöfn að Helgastöðum, vorum rétta varnarþingstað í Reykjadalsrepp og Norðursýslu, þann 28da Maii 1771.

Jón Jónsson	Jón Árnason
Pétur Sigurðsson	Guðbrandur Einarsson
Finnbogi Oddsson	Árni Halldórsson
Vigfús Guðmundsson	Ásbjörn Erlendsson

* * *

[1] Beiðni, umsókn. Danska *supplikation*.
[2] Virðing og lotning.

[Uddrag 1771]

Extract af de til Commissionen indkomne memorialer fra bönderne udi Tingöesyssel[1]

N° 1

Otte bönder fra Reikedalstinglaug[2] erindre og forlange udi en memorial af dato 28de May 1771.

1° Erindre det, at de samme landskylder vedblive, som fra gammel tid at har været, da jorderne dog saa stædse gaae til grunde, at de kand ikke jævnes ved halvdeelen af det, de ældste erindre, hvorfor lejlendingene til sin störste skade maae svare den heele jordetiend. Men endskjönt nogle faae jorder ere nedsadte, formindskes eeneste tiendene, men de maae ikke desmindre svare alt andet af jorden, dog somme er öjensynlig skade paafalden.

2° At qvildernes mængde gjör bönderne eller lejlendingen stor hinder i at opelske sig noget faar og gjör stor tyngsel og byrder, da de ej heller faae nogen paaboed paa dem. De veed ikke, at bemelte qvilder ere i almindelighed af landsdrotene nordenlands tyendede, hvorfor de begjære, ad de samme qvilder maatte til reppens fattige lemmer tiendes, og tienden tages af lejene.

3° At de fattige bönder ikke kand paa egen reigning skaffe tömmer og vid til husebyggning, især naar de antage ruinerede gaarde at sætte dem i stand af sine fattige midler.

4° Ere de forlangende, at al slags penger maae gilde i ald indenlands gjæld efter gammel sædvane eller tages overalt landet efter taxten. Tilmed önsker de, at courantmindten maatte opsættes nemlig 2 sk. paa een heel fisk.

5° Forlanger de, at meere mehl og madvahre maatte hidföres, men tobaks- og brændevinstilförsel indskrænkes samt unödvendige kramvahrer, dertil bedre tobak end hidindtil er indkommet.

6° At reppstiorenes antal indskrænkes, de skulde være eedsvorne og oprigtige, samt have aarlig lön.

7° Forlange de at vide, hvor meget den skal eje, som skal indlades

[1] Þingeyjarsyssel.
[2] Reykjadalstingsogn, Þing.

i ægteskab, da det fattige folk, som sig lader i ægteskab indvie, er een stor aarsag til den almindelige armoed og fattigdom i reppene.

8° Forlange de, at tugthus- og hospitalslötter maatte henlegges til de fattiges ophold i reppene i Nordersyssel.[1]

9° At een dansk vævstoel maatte indflöttes til hver repp i landet, og et farverie oprettes i hver fjerding.

10° At hvalfangsteskibe skikkes aarlig til Norlandet, hvor fjördene ere ofte fulde af hvalfisk, for at understötte indbyggerne med det, de kand miste af hvalen, da tilförsel af fisk er den besværligste for indbyggerne formedelst vejens længde til fiskeværene.

11° At de fattige bönder maae befries fra nye paalæg og skatter.

Jón Jónsson og Guðmundur Guðmundsson bændur í Aðaldal fjalla um leiðir til úrbóta fyrir land og þjóð 7.6.1771. Lit. Rr. N° 2.

Jón Jónsson og Guðmundur Guðmundsson, bønder i Aðaldalur, beretter om veje til forbedringer for land og folk 7.6.1771. Lit. Rr. N° 2.

ÞÍ. Rtk. D3/5–39 (bréfið/*brevet*); D3/5–51 (danskur útdráttur / *dansk uddrag*). Innskráð/*indskrevet* 15.7.1771; Dönsk þýðing aðeins í útdrætti. / *Dansk oversættelse kun i uddrag*.

Áritun/*påskrift*: Bréfið/*brevet*: Indkommet paa Landstinget 15de July 1771; N° 2; Útdrátturinn/*uddraget*: Lit. Rr. N° 1 til 13 inclusive fra bönder i Nordersyssel.

Í anleiðning af kongel. Mayts. allra náðugustu befalning af 15da Maii 1770 áhrærandi að gefa til kynna hvað landi voru mætti vera til nytsemdar meinast þetta eftirfylgjandi af undirskrifuðum að vera stórnauðsynlegt.

[1] Þingeyjarsyssel.

1° Að landeignir margra jarða mættu nokkuð jafnast, þar svo mjög er frá og undan sumum gengið til hinna að þær hafa nú mikils til of litla en hinar snart of mikla landeign. Eður (ef mögulegt væri) að ein commission mætti setjast í hvörri sýslu af bestu og vitrustu mönnum til að virða allar jarðir upp á nýtt til tíundar og afgjalds, og gjöra nýjan máldaga yfir allra þeirra landeign, til að hindra þá óendanlegu þar útaf rísandi processa.

2° Að menn mættu fá keypt til jarða sinna ítök frá krónunnar jörðum,[1] þau er þeirra ábúendum sýnast að vera skaðlaust að missa, eður jafnvel sjaldan sem aldrei eru brúkuð annaðhvört fyrir önnur þar í mót eður peningaútlag.

3° Að proprietarii tíundi sjálfir jarðir sínar og kúgildi sem þeir eiga á leigustöðum.

4° Að allar jarðir yfirhöfuð tíundist fjórum tíundum og anvendist tíundir af þeim er hingað til hafa ei tíundast nema tveim til fátækra barna undirholdningar og uppfræðingar.

5° Að síðan tukthúsið er byggt og þess limir sýnist að geta unnið fyrir sínu fæði, mætti tukthústollurinn hér eftir leggjast til fátækisbarna undirholdningar og uppfræðingar og fyrst samlast í lítinn capital, og síðan fyrir þann sama innkaupast jarðagóts og skóli uppréttast.

6° Að umkomulitlum drengjum leyfist ei að sigla út af landinu, sem hingað til verið hefur nær þeir hafa ei nennt að vinna sér brauð heima eður hlaupa í aðrar sveitir og héröð, heldur vinni í sinni eigin.

7° Að skip sendist hingað árlega til hvalaveiða og fátækum eftirlátist þvestin[2] af þeim er fangast, hvar við kynni nokkuð hindrast stórfiskagengd sem oft hindrar sjóróðra.

8° Að minna og betra tóbak og brennivín flytjist en hingað til, og fastsetjist hve mikið hvör bóndi má taka af hvertveggi þessu í hundraðskaupi.

9° Að viss taxti setjist upp á alls slags smáband eftir þess gæðum og sé af hvörri sort til eftirsjónar og samanburðar altíð til reiðu í krambúðunum hvar eftir fólksins prjónles takist af kaupmönnum en tveir íslenskir menn tilsetjist að vera í búðunum um höndlunartímann að fyrirbyggja það óréttur gjörist fólkinu, hvörjir kynnu undirhaldast

[1] Þ.e. krúnunnar jörðum eða konungsjörðum.
[2] Kjötið undir spikinu á baki hvals. Einnig nefnt megra.

að helmingi af innbyggjendum en öðrum helmingi upp á Compagníisins kostnað.

10° Biðjum vér grandvarlega aðgætist hvört fært er fyrir almúgann að hærra útsvar en hingað til uppáleggist til prestanna, hvört þeir kunna ekki eftir landsins háttalagi sæmilega af að komast með það þeir haft hafa, hvört slíkir tollar ei auka mest inntektir þeirra betri brauða hvar fólkmergðin er en lítið hinna fátæku er helst með þurfa, hvört þær svokölluðu ríku kirkjur eru altíð í betra standi en hinar fátækari, og hvört eins fátæks lands velferð muni eiginlega vera þar í falin að prestarnir hafi háar innkomstir.

11° Óskum vér að hingað mætti innsendast einn hentugur akurmaður er kenni oss að meðhöndla, rækta og taminn gjöra þann villta rúg eður hafra sem vex hér í sýslunni í nokkrum stöðum, að það kynni komast til almennings nytsemdar.

Innstillum svo þetta undirdánugst fyrir þá allra náðugust tilskikkuðu háu Commissionsherra hér í landi.

Að Mýlastöðum í Norðursýslu,[1] d. 27da Junii 1771.

Jón Jónsson Guðmundur Guðmundsson

* * *

[Uddrag 1771]

Extract af de til Commissionen indkomne memorialer fra bönderne udi Tingöesyssel[2]

N° 2

2de bönder fra Mylstadetinglaug[3] forlange og erindre udi en memorial af dato 27de Juny 1771.

1° At jordernes land og enger maatte noget proportioneres, da andre har for meget, men andre for lidet land. Eller og, om skee kunde, at alle jorder maatte igjen vurderes paa nyt, og een ny maldagebog[4] forfattes.

1 Þingeyjarsýslu.
2 Þingeyjarsyssel.
3 Mýlastaðatingsogn, Þing.
4 Her menes jordebog.

2° At man maatte faae tilkjöbt sine jorder, de kronens jorders rettigheder, som de paaboende enten skadeslöse kand undvære eller ikke kan sig benytte, for penge eller anden rettigheder.

3° At proprietarii svare selv tyend af sine jorder og qvilder.

4° At alle jorder tiendes 4re tiender, og anvendes tiender af dem, som hidindtil ikke har blevet tiendede uden 2de tiender, til fattige börns opdragelse.

5° At tugthustolden blev erlagt til fattige börns underholdning og opdragelse.

6° At fattige drenger ej blev tilladt ad seggle ud af landet, som ikke skjötter om at arbejde, men maatte tilholdes ad arbejde i sit herred.

7° At skibe sendes hid aarlig til hvalfangst, som giver de fattige kjödet af hvalen.

8° At mindre tobak og brændevin blev hidfört og fastsadt, hvor meget hver bonde skulde tage af begge deelene.

9° At viss taxt blev sadt paa alt smaalæs efter dets bonité, og 2de islandske beskykkes at være tilstæde ved handelen, hvilke skulde efftersee, at der blev ingen uret handhævet. Disse underholdes deels af indbyggerne, deels af Compagniet.

10° At almuen ikke var i stand at betale videre til præstene, er hidindtil er skeet, om præstene ikke kunde leve af det, de har, om landets velfærdt beroer egentlig paa præsternes höje indkomster.

11° Forlanger de, at hid maatte sendes een duelig gartner, som lærte man at medhandle det vilde rug, som der voxer i sysselet sommestæds.

Hreppstjórar í Mývatnssveit senda viðreisnartillögur 20.6.1771. Lit. Rr. N° 10.

Repstyrere i Mývatnssveit sender genrejsningsforslag 20.6.1771. Lit. Rr. N° 10.

ÞÍ. Rtk. D3/5–47 (bréfið/*brevet*); D3/5–51 (danskur útdráttur / *dansk uddrag*). Innskráð/*indskrevet* 15.7.1771; Dönsk þýðing aðeins í útdrætti. / *Dansk oversættelse kun i uddrag*.

Áritun/*påskrift*: Bréfið/*brevet*: Indkommet paa Altinget den 15. July 1771; N° 10; Útdrátturinn/*uddraget*: Lit. Rr. N° 1 til 13 inclusive fra bönder i Nordersyssel.

Eftir vors allra náðugasta herra kóng Christians sjöunda innsendri forordning af 15. Maii 1770, áhrærandi þá tilskipuðu Commission á Íslandi, hvör og einninn innbyggjurunum tilsegir að gefa til kynna hvað einn eður annar sjá kunni sem þéna mætti til landsins besta og uppreistar, þá fellur vort sameiginlegt svar sem fylgir.

1° Sýnist oss stór nauðsyn að af takist aldeilis tóbaks- og brennivínsflutningur hingað til landsins, þar öllum landsins innbyggjurum er alkunnugt að það gjörir landinu stóran skaða, þar þess brúkun gengur svo mjög óskikkanlega hjá fátækum sem ríkum, að aldeilis má virðast óviðurkvæmilegt. Einninn væri gott að aftækist flutningur á sumum kramvörum, svo sem er silki og annað dýrendis töy, sem stórlega útarmar fátækan almúga, þar margir kaupa og brúka þess háttar vörur langt fram yfir sitt stand og efni. En í þessa stað innflyttist meir af þeim hlutum er öllum mætti þéna til bjargræðis.

2° Beiðunst vær alvarlega að reppstjórar megi ráða jarðabygging í reppnum, að því leyti að repplægir menn mættu njóta ábúðarinnar fyrr en utansveitarfólk, svo framt þeir búi löglega á og gjaldi tilheyrilegar skuldir, svo landsdrottnar hafi engan skaða þar við. En orðsökin hvar fyrir vær beiðunst þessa er sú að jarðaeigendur byggja sínar jarðir hvörjum þeim þóknast, og það oft úr öðrum reppum, svo sveitarmenn hljóta oft nauðugir reppinn að rýma,[1] hvar við margir hafa liðið stóran skaða, svo þeir bjargarlausir með konum og börnum aftur til reppsins koma.

3° Virðist oss stór þörf að jarðirnar séu álitnar og eftir því sem þær finnast á sig komnar niðursettar, svo vel að dýrleika sem landskuldarhæð og kúgildafjölda, og eigendunum sjálfum alvarlega tilhaldist að gjalda af þeim allar tilheyrilegar tíundir, svo leiguliðarnir mættu frá því útsvari fríast. Við þetta álit þurfa og svo að aðgætast landaþrætur af hvörjum stórt ósamþykki orðsakast margvíða, og væri stór nauðsyn að það mætti til lagfæringar komast, sem varla sýnist skeð geta utan fyrir eina nýja og vissa reglu, þar þau gömlu skjöl eru óvíða rigtug að

[1] Flytja burt úr hreppnum.

finna, en vitnisburðir jafnan gagnstæðir hvör öðrum, svo ei verður altíð eftir þeim gjört.

4° Þar sem allareiðu heyrist að tukthúsið sé komið í stand, þá biðjum vær að sá uppáboðni tollur, sem þangað hefur goldinn verið af landskuldum sem kúgildum þeirra jarða er liggja hér í repp, mætti leggjast þeim fátæku reppsins ómögum til uppheldis hér eftir, allt svo lengi að þessa repps menn verða ei þangað færðir.

5° Þar sem sauðfénaður eyðist svo stórlega í landinu þá begjörum vær að hann mætti verða dýrari svo að einn gamall sauður mætti gilda 60 f. og hinir yngri sem tala rennur til.

Framan- og ofanskrifuðu til staðfestu eru vor undirskrifuð nöfn að Skútustöðum, þann 20. Junii 1771.

Jón Einarsson
Ari Ólafsson

Jón Tómasson
Andrés Eiríksson
Jón Einarsson

* * *

[Uddrag 1771]

Extract af de til Commissionen indkomne memorialer fra bönderne udi Tingöesyssel[1]

N° 10

5 bönder fra Skutestaderstinglaug[2] erindre og forlange udi memorial af dato 20. Juny 1771.

1° At tobaks- og brændevinstilförsel blev ophævet, samt unödvendige töjes, silke og deslige.

2° Forlangede, at reppstyrer maae bygsle jorder i reppen, at de trængende i reppen maae först komme til at nyde dens jorder.

3° At jorderne nedsættes, og jordernes land proportioneres og fastsadte.

4° At tugthustolden henlegges til reppens fattige.

5° At faaret opsættes til höjere pris i disse faarmangels aaringer.

[1] Þingeyjarsyssel.
[2] Skútustaðatingsogn, Þing.

Hreppstjórar og bændur í Húsavíkurhreppi senda viðreisnartillögur 25.6.1771. Lit. Rr. N° 3.

Repstyrere og bønder i Húsavíkurrep sender genrejsningsforslag 25.6.1771. Lit. Rr. N° 3.

ÞÍ. Rtk. D3/5–40 (bréfið/*brevet*); D3/5–51 (danskur útdráttur / *dansk uddrag*). Innskráð/*indskrevet* 15.7.1771; Dönsk þýðing aðeins í útdrætti. / *Dansk oversættelse kun i uddrag*.

Áritun/*påskrift*: Bréfið/*brevet*: Indkommet paa Altinget 15. July 1771; N° 3; Útdrátturinn/*uddraget*: Lit. Rr. N° 1 til 13 inclusive fra bönder i Nordersyssel.

Til ansvars upp á þá allra náðugustu kong Christian 7da útgefnu forordning af 15. Maii 1770 áhrærandi þá tilskipuðu Commission á Íslandi, hvar mönnum verður alvarlega befalað með ráð og dáð augljóst gjöra hvað landsins innbyggjurum mætti til viðurhalds, hagnaðar og eflingar uppþenkjast, fellur í stærstu undirgefni vorra undirskrifaðra svar og álit sem fylgir.

1° Að svo mikið mél flyttist til landsins á hafnirnar sem menn fengju frekast betalað.

2° Að sauðir og naut mættu í kaupstöðunum ganga með sama taxta og hvertveggja gengur að kaupum og sölum hér vor á meðal eftir fornri landsvísu.

3° Að peningar stórir og smáir mættu og hér, eftir fornum landsvana, ganga með framfærslu vor á meðal, með vissri uppbót á þeim smáu peningum til specie- og krónugjalds.

4° Að silki, kalemang, flunel, frunsur, vírborðar og vírsnúrur væru frálagt að flytja til landsins, heldur einasta skikkanleg klæði, léreft og annað sterkt tau til brúkunar.

5° Að brennivín væri svo vel fyrir ríka sem fátæka afskaffað að flytja til landsins, heldur einasta vín til glaðningar í gestaboðum og öðrum samkomum manna.

6° Að sá gamli landsins lagaréttur mætti uppréttast, nefnilega sá að ungir og gamlir þrotbjarga ómagar mættu komast til framfærslu á

fé náunga þeirra eftir fjárhæð, allt til fjórmennings, heldur en á fátæka hreppa fari.

7° Að landsins lagaréttarbækur væru í voru móðurmáli sem að fornu, til eftirsjónar fyrir fávísan landsins almúga.

8° Að landsdrottnar tíundi sjálfir jarðir sínar, sem og það að jarðirnar fengjust leiguliðunum byggðar fyrir billega landskuld fyrir utan kúgildaþunga. Einninn það jarðirnar fengjust víðarst niðursettar eftir skynsamra manna áliti, þar flestar sýnast af sér gengnar að sjávar- og landsgæðum, við það sem að fornu voru.

9° Að mórautt og hvítt smáband mætti með betra prís takast í kaupstöðunum, heldur en nú almennilega gjörist.

10° Að landsins innbyggjendur fái alla nauðsynlega vöru hjá kaupmönnunum til landsins viðurhalds með vigt, mælir og gæðum eftir taxtans útskýringu af dato 10. Aprilis 1702.[1]

11° Að fátækir landsins innbúendur og almúginn mættu við sama útsvar blífa sem á vorri öld viðgengist hefur, nefnilega þegnskylda til þinga, kirkna, presta og annarra viðkomandi, en fríast frá nýjum þyngslum eður tollaálagi, sem ei hefur í vorri eður vorra forfeðra tíð viðgengist, og hafi vel ekki síðan endurbót trúarbragðanna var staðfest hér á landi.

12° Að umkomulitlir drengir sem uppaldir eru á tíundum og tillagi í fátækum hreppum mættu blífa við sínar fóstursveitir nær unnið geta, en ei burt flakka til framandi landa, heldur þéna föðurlandinu eftir því orka.

13° Að kornakrar kynnu hér meðal vor tilbúast sýnist mjög hagkvæmt fyrir þetta vesæla land, ef Guði þóknaðist það erfiði með ávexti að blessa.

14° En einkanlega og sérdeilis fram yfir annað er allra stærsta nauðsyn að kirkja fengist gjörð á svokölluðu Tjörnesi og norðari enda Húsavíkurþings og kirkjusóknar innan Norðursýslu.[2] Þó ei væri nema fjórðunga- eður hærst þriðjungakirkja. Og þótt vér sem þar nú lifum fengjum ei að njóta þeirrar gleði um vora tíð, þá vildum vér samt óska að hverjum sem auðnast þar eftir oss að staðfestast mættu þeirrar gæfu hluttakandi verða, að þar fengist kirkja til sett. Því það gengur fram

[1] *Lovsamling for Island* I, s. 563–575. (Forordning om den islandske Taxt og Handel, 10.4.1702).

[2] Þingeyjarsýslu.

yfir öll önnur bágendi manna þar til kirkju að komast oft og tíðum sökum vegalengdar, vatna og illrar yfirferðar, bæði um vetur, vor og haust, svo mönnum er þar oftsinnis lífsháski búinn. En sjáanlegt er að í greindum parti Húsavíkurkirkjusóknar hafi bænahús að fornu verið. Eru því svo, og hafa verið, nokkrar manneskjur sem stórlega angrast af slíkum bágendum að þær fá ei kirkju sókt sem vildu. Gefum vér svo hér með til vitundar vora umkvörtunarverða nauðsynjaósk, að álitin verða mætti ásamt hinum öðrum hér að framan- og ofanskrifuðum póstum.

15° Hér með tilleggst nokkra einfaldleg meining að stór hagnaður væri að tukthústollurinn sem hér í landinu er goldinn mætti heldur leggjast til og gefast guðsvoluðum sjúkum og sárum manneskjum eður munaðarlausum börnum sinnar uppfræðingar í þeirra kristindómi hér á landi, heldur en þjófum og óbótamönnum sem lítið eður ekkert vinna landinu til þarfinda. En þeir mættu erfiða sem fyrrum í Kaupenhafnarslaverii.

16° Að hingað væri fluttir aldrei færri en 10 eður 12 grænlenskir menn, ungir og hagir á selskinnsbátasmíði, og með þeim einn danskur túlkur sem kenndi oss að skilja mál þeirra. Þar af kynnu menn að hafa á landinu með framtíðinni góð lífsbjargarhlunnendi af vöðusel og landsel, item af fuglum og silungi, og vert væri að þeim gæfist af hverjum bónda 2 sk. ef í verk kynni að komast, þó sérdeilis á Norður- og Austurlandinu.

17° Að hingað væru sendir 2ir forfarnir hvalaskutlarar, sérdeilis á Austurlandinu, þar eð hvalir eru svo gæfir að menn fá kastað þeim á bak þeim, þar þeir sofa allan dag, því oft heyrðum vér um það rætt og óskað að þar væru komnir hvalaskutlarar.

Húsavík,
d. 25. Junii 1771.

Þessu til staðfestu
skrifum vér eigin nöfn

Jón Jónsson
Bessi Egilsson
Jón Guðmundsson
Indriði Árnason

Jakob Jónsson
Helgi Þorsteinsson
Torfi Þorkelsson
Bjarni Illugason

* * *

[Uddrag 1771]

Extract af de til Commissionen indkomne memorialer fra bönderne udi Tingöesyssel[1]

N° 3

8te bönder fra Husevigstinglaug[2] forlange og erindre udi een memorial af dato 25de Juny 1771.

1° At saa meget mehl blev flöttet hidtil landet, som man fik mest afbetalt.

2° At faar og stude maatte i kjöbstæderne gjælde effter gammel landsvis.

3° At penger store og smaae maatte vorde gangbare[3] med samme taxt, som de har været effter gammel sædvane her i landet, med vis opgjældt til specie og croner.

4° At intet töj blev flöttet til landet uden det, som er nödvendigt til skickelig klædedragt.

5° At brændevinsindförsel maatte afskaffes og i dets stæd alleene vin.

6° At de umyndige og vanföre maatte opholdes af deres paarörendes formue indtil fjerde led.

7° At landets lovboger maatte forfattets i dets sprog.

8° At landsdroten tyender selv deres jorder, at de bygslede dem med taalelig landskyld uden qvildespaalæg. At jordene blev nedsadte effter skjönsomme mænds vurdering.

9° At smaalæs maae sælges med bedre pris, end hidindtil har skeet.

10° At landets indbyggere fik alle nödvendige vahrer hos kjöbmændene effter taxten.

11° At indbyggerne maatte befries fra nye paalæg og byrder, som hidindtil ikke har været i landet.

12° At fattige drenger, som har nydt ophold af en repp, maae, naar de kommer til alder, forblive i samme repp, men ikke bortseygle af landet.

13° At havedyrkning kunde iværksættes synes meget behageligt for landets fattigdom.

[1] Þingeyjarsyssel.
[2] Húsavíkurtingsogn, Þing.
[3] "i kjöbstædene," overstreget.

14° Forlange de, at en kirke blev oprettet i saakaldet Tjörnæs i Husevigstinglaug inden Nordersyssel,[1] dog det kun var til een tredje eller fjerde deel, da den besværlige og lange kirkevej foraarsager, at de ej kand söge kirken.

15° At tugthustolden maatte anvendes til de fattiges underholdning, men tyver og misdædere arbejde i Kjöbenhavns slaverie.

16° At hid blev förte 10 à 12 grönlandske karle, som kunde lære indbyggerne at smide sælskindsbaade, hvorfor hver bonde skulde give dem 2 sk., som de fik det iverksadt, især paa Norder- og Österlandet.

17° At hid maatte sendes 2de erfarne hvalfangere især paa Österlandet, hvor hvalen er i stor mængde.

Páll Arngrímsson og Grímur Stefánsson, hreppstjórar í Kelduneshreppi, skýra frá sveitarþyngslum 14.6.1771. Lit. Rr. N° 5.

Páll Arngrímsson og Grímur Stefánsson, repstyrere i Keldunesrep, forklarer om byrder fra fattigvæsenet 14.6.1771. Lit. Rr. N° 5.

ÞÍ. Rtk. D3/5–42 (bréfið/*brevet*); D3/5–51 (danskur útdráttur / *dansk uddrag*). Innskráð/*indskrevet* 15.7.1771; Dönsk þýðing aðeins í útdrætti. / *Dansk oversættelse kun i uddrag*.

Áritun/*påskrift*: Bréfið/*brevet*: Indkommet paa Altinget 15. Julii 1771; N° 5; Útdrátturinn/*uddraget*: Lit. Rr. N° 1 til 13 inclusive fra bönder i Nordersyssel.

Eftir því vor allra náðugasti konungur, af sérdeilis elsku og mildi við vort fátæka föðurland, hefur með einni forordningu af 15da Maji 1770 allra náðugast befalað þessa lands innbyggjurum að gefa til kynna fyrir þeim innsendu háu Commissariis, allt það sem í djúpustu undirgefni uppþenkjast kann landinu og almúganum til forbetrunar, og í þessu

[1] Þingeyjarsyssel.

tilliti gefum við undirskrifaðir eftirfylgjandi undirrétting fyrir okkur tiltrúaðan Keldunesrepp.

1° Sýnist oss nauðsynlegt almúganum til viðurhalds að meira mél kæmi til hafnarinnar, svo bændur í hið minnsta fengi svo mikið mél sem þeir gætu í sauðum betalað. Item ef mélílátin væru betur tilbúin en almennilega reynist, þar fólk líður ei alllítinn skaða af því sem úr þeim spillist í heimflutningi.

2° Mætti það almúganum vera til mikils hagræðis ef kaupskipið kæmi hér fyrri en almennilega skeður, nefnilega um Jónsmessuleyti,[1] svo menn fengju aflokið kaupstaðarúttekt sinni áður en heyskapur byrjast, sem oftast tiltekur hér í miðjum Juliománuði, jafnvel þó fjárafhending biði venjulegs tíma.

3° Væri það mikið haganlegra ef að viss taxti væri settur á tvinnað smáband og eitt form af því sama mætti liggja í hverjum repp, svo fólk neyðist ei með skaða sínum að láta það af hendi fyrir svo lítið verð sem kaupmanninum sjálfum líkar. Og í sama máta væri það almúganum gott ef öll kramvara væri taxteruð.

4° Kunni bændur úti að láta meiri sauði til höndlunarinnar heldur en þeir fá matvöru fyrir, væri það almúganum mikið betra að sauðirnir móti annarri vöru mættu hærra stíga heldur en taxtinn útvísar.

5° Sýnist oss það stórnauðsynlegt að í þessu harðindaplátsi, væri fækkað kúgildum á jörðunum, sem orðsaka almúganum á mörgum heyskaparlitlum jörðum stóran baga. Einkum mætti það péna þeim sveitum og svo til góða sem stólseignin í liggur, og liðið hafa skaða af fjársýkinni, ef kúgildin væru tekin af þeim stólsjörðum sem hér í repp liggja og sett á hinar sem fyrir pestina eru ásauðakúgildalausar.

6° Eru hér í þessum fátæka repp 16 ómagar sem njóta uppheldis af tíundum, hvörjar fyrir þetta ár af fasta- og lausagótsi eru 1 hndr. 36 álnir. En hvað á brestur til viðurhalds téðum ómögum verða fátækir sveitarmenn að útsvara, hvar fyrir oss sýnist sveitarfólki léttir gjör ef hospítalshlutur og tukthústollur mætti tilleggjast fátækum í reppnum, item ef þeir af reppsómögum sem eiga rík skyldmenni mættu á þá dæmast til framfærslu, þótt ei hafi svo mikið fé sem lögin tilsegja.

Þessa vora vel meinta þanka innstillum vér í djúpustu undirgefni til þeirra háu Commissariorum náðuga álits, svo vel sem allra þeirra

[1] Jónsmessa: 24. júní.

er af náð og elsku til þessa auma lands vilja því nokkuð til uppreistar gjöra.

Viljandi jafnan finnast í djúpustu undirgefni vors allra náðugasta konungs og þeirra háu Commissariorum ringustu undirsátar.

Keldunesi,	Páll Arngrímsson
d. 14. Junji 1771.	Grímur Stefánsson

* * *

[Uddrag 1771]

Extract af de til Commissionen indkomne memorialer fra bönderne udi Tingöesyssel[1]

N° 5

2de bönder fra Kieldunæstinglaug[2] erindre og forlange udi memorial af dato 14de Juny 1771.

1° At saa meget mehl blev hid fört, som almuen kunde betale i faar, og mehltönderne tættere.

2° At handelsskibet kom tidlig, ongefær ved St. Hansdag.[3]

3° At smaalæs blev taxeret og smaaekram.

4° At faar maatte taxeres höjere end effter taxten imod andre vahrer end mod födevahrer.

5° At indskrænke qvildernes mængde i dette plads.

6° At der ere i reppen 16 fattige, som opholdes af tiender, som i dette aar ere af faste og löse gods 1 hndr. 36 alen. Men for resten maae de fattige bönder underholde de umyndige og vanföre, hvorfore de eragte nogen lættelse om hospitals- og tugthusstold maatte henlegges til de fattige i reppen, item at de, som har bemidlede slægtninger, maatte ansees pligtige at underholde deres fattige.

[1] Þingeyjarsyssel.
[2] Keldunestingsogn, Þing.
[3] Skt. Hansdag: 24. juni.

Hreppstjórar í Presthólaþingi fjalla um leiðir til viðreisnar sveitinni 12.6.1771. Lit. Rr. N° 11.

Repstyrere i Presthólatingsogn beretter om veje til at genrejse området 12.6.1771. Lit. Rr. N° 11.

ÞÍ. Rtk. D3/5–48 (bréfið/*brevet*); D3/5–51 (danskur útdráttur / *dansk uddrag*). Innskráð/*indskrevet* 15.7.1771; Dönsk þýðing aðeins í útdrætti. / *Dansk oversættelse kun i uddrag*.

Áritun/*påskrift*: Bréfið/*brevet*: Indkommet paa Altinget 15. July 1771; N° 11; Útdrátturinn/*uddraget*: Lit. Rr. N° 1 til 13 inclusive fra bönder i Nordersyssel.

Til sveitarinnar uppbyggingar höldum vær reppstjórar nauðsynlegast og uppbyggilegast.

1° Að svo sem sveitin hefur ekki í elstu manna minni notið nokkurs hjálpræðis fyrir sína sjúklinga af Möðrufellshospítali, svo óskum við að hospítalshluturinn megi leggjast til sveitarinnar ómaga sem árlega fjölga.

2° Meina menn að sá árlegi tukthústollur sé orðinn svo ánægjanlegur, að hann hafi þénað til þess sama uppbyggingar. Afbiðjum því að hann lengur þangað ráðstafist, heldur (skyldi hann viðhaldast) að hann mætti þá leggjast sveitinni til einhvörra nota eftir sem bæði yfirvöldin og reppstjórar kynni að sjá haganlegast.

3° Framar öllu væri nauðsynlegt að annað hvört skip eður dugga uppsigldi hér árlega á Sléttu í Raufarhöfn, sem að allra vitund er sú besta Íslandshöfn, einkum fyrir smá hafskip, þar allur bjargræðistími manna hér í Presthólarepp gengur til flutnings og kaupstaðarferða og það um þann tíma sem mönnum er meinlegast.

4° Þykjunst við verða undir í því að svo sem við erum málnytulitlir og svo nær sem heyskaparlausir, fáum ekki svo mikið mjöl sem þarf hvörki mót betalingi þegar við getum, ekki heldur upp á lán þegar okkur brestur betaling.

5° Höfum við stærstu orsök yfir að klaga að við þykjunstum verða fyrir órétti af þessarar hafnar kaupmanni í því að fáum öngva vöru eftir fiska- og lýsistaxta, heldur einungis eftir prjónles- og sauðareikningi. Hvar upp á við sameiginlega útbiðjum fyrir heila sveitina hr. sýslumannsins[1] aðstoð og fulltingi, þar við vonum að þessi okkar umkvörtun sé á fullkomnum lagagrundvelli byggð.

Við finnustum með undirgefni hr. sýslumannsins auðmjúkir þénarar

Presthólaþingi, þann 12da Junji 1771.

Þorvaldur Jónsson
Þorsteinn Hákonarson
Jón Ingimundsson
Jakob Pétursson
Sveinungi Jónsson

* * *

[Uddrag 1771]

Extract af de til Commissionen indkomne memorialer fra bönderne udi Tingöesyssel[2]

N° 11

5 bönder fra Prestholetinglaug[3] erindre og forlange udi en memorial af dato 12. Juny 1771.

1° At hospitalslötterne maatte henlægges til reppen.
2° At tugthustolden blev og henlagt til reppen.
3° At een huchert[4] opseyglede Rauferhavn her paa Sletten.[5]
4° At der ingenlunde kand bekommes mehl, som man behöver.
5° Forlange de for nogen part tran og fiskes taxt.

[1] Jón Benediktsson (1714–1776), sýslumaður í Þingeyjarsýslu eða Vigfús Jónsson (1736–1795), aðstoðarsýslumaður í sömu sýslu.
[2] Þingeyjarsyssel.
[3] Presthólatingsogn, Þing.
[4] Hukkert. Fladbundet skib med rund agterende og op til tre master.
[5] Raufarhöfn på Slétta, Þing.

Hreppstjórar í Svalbarðshreppi senda tillögur sínar 16.6.1771. Lit. Rr. N° 6.

Repstyrere i Svalbarðsrep sender forslag til forbedringer 16.6.1771. Lit. Rr. N° 6.

ÞÍ. Rtk. D3/5–43 (bréfið/*brevet*); D3/5–51 (danskur útdráttur / *dansk uddrag*). Innskráð/*indskrevet* 15.7.1771; Dönsk þýðing aðeins í útdrætti. / *Dansk oversættelse kun i uddrag*.

Áritun/*påskrift*: Bréfið/*brevet*: Indkommet paa Landstinget 15. July 1771; N° 6; Útdrátturinn/*uddraget*: Lit. Rr. N° 1 til 13 inclusive fra bönder i Nordersyssel.

Andsvar upp á hr. sýslumannsins seigr. Vigfúsa Jónssonar eftirgrennslan, samt hans allra náðugustu kóngl. Maj^{ts} tilskipan í tilliti til forordningarinnar af dato 15. Maji 1770, hljóðar sem eftirfylgir!

Það fyrsta sem þéna kynni til þessa lands kortrar viðréttingar er það ef minnkaðar væri landskuldir manna og kvíildafjöldi, þar jarðirnar eru öngvan veginn í standi sem þær hafa verið, hverki að töðu, engjum né úthögum, svo þar sem þykkur skógur var og grænar grundir, þar er nú í staðinn komið brunahraun, urðir, melar og rótlaus feni, og þetta víðar yfir allt landið.

Í annan máta mætti það vera fátækum almúga til viðréttingar ef að sá tilskipaði tukthústollur, sem og hospítalshlutur, mætti leggjast til fátækra í þeirri sveit sem þeir tilfalla og teknir eru.

Í þriðja máta kynni það vera fátækum almúga til viðréttingar ef þeir fátæklingar sem innfæddir eru í þeirri og þeirri sveit, fengju að njóta tillags af sínum náungum[1] sem ríkari eru í öðrum sveitum og sýnast geta bjargað bæði sér og þeim, fyrr en á fátæka reppa fari! Svo sem á þessari sveit eru 11 ómagar, en tillagið fyrir þá eru ekki nema 87½! Og sýnist það horfa til stórra vandræða ef Guð ekki lagfærir á einhvern hátt!

[1] Ættingjum.

Í 4ða máta kann það þéna fátækum almúga til stórrar viðréttingar ef alls slags fémunir landsins sem metast kunna, mættu vera gjaldgengir í allar skuldir sem fátækur lúka skal.

Í 5ta máta er það satt að segja að þessari sveit (upp á landið að segja) kann ekkert til bjargar að verða utan þettað fátæklega stand sem ætíð verið hefur (þar sáðverkinu verður ekki á komið) fyrir utan það ef hingað kæmi til sveitarinnar smá skip eftir útlensku lagi á hvörjum menn gætu bjargað sér kringum landið til fiskiveiðar. En í þessari sveit er enginn í standi sökum fát[ækt]ar almúgans að taka í móti því, og ekki heila reppurinn fyrir utan það ef hans háa kóngl. náð fær uppþenkt það meðal, fyrir hvert þetta kynni að innréttast!

Þetta er þá vort andsvar upp á hans allra náðugustu forordning, daterða sem áður er sagt, hvert vér staðfestum með vorum undirskrifuðum nöfnum.

Að Álandi,	Sigurður Ívarsson
d. 16. Junji Anno 1771.	Benedikt Þorsteinsson
	Pétur Þorláksson

* * *

[Uddrag 1771]

Extract af de til Commissionen indkomne memorialer fra bönderne udi Tingöesyssel[1]

N° 6

3de bönder fra Alandstinglaug[2] erindre og forlange udi memorial af dato 16de Juny 1771.

1° At indskrænke qvildernes antal og landskylderne.

2° At hospitalslötter og tugthustold blev henlagt til de fattige i reppen.

3° At til de umyndige og gebrecklige blev gjort tillæg af sine udenrepps slægtninger, om de har midler dertil.

4° At alle landets öre, som vurderes kunde, maatte være gangbare i al slags gjæld, som den fattige bör svare.

[1] Þingeyjarsyssel.

[2] Álandstingsogn [Svalbarðsrep], Þing.

5° At hid bleve skickede hucherter,[1] som man kunde fiske paa rundt omkring landet.

Hreppstjórar í Sauðanesþingsókn senda úrbótatillögur 17.6.1771. Lit. Rr. N° 4.

Repstyrere i Sauðanestingsogn sender forslag til forbedringer 17.6.1771. Lit. Rr. N° 4.

ÞÍ. Rtk. D3/5–41 (bréfið/*brevet*); D3/5–51 (danskur útdráttur / *dansk uddrag*). Innskráð/*indskrevet* 15.7.1771; Dönsk þýðing aðeins í útdrætti. / *Dansk oversættelse kun i uddrag*.

Áritun/*påskrift*: Bréfið/*brevet*: Indkommet paa Laugtinget 15. July 1771; N° 4; Útdrátturinn/*uddraget*: Lit. Rr. N° 1 til 13 inclusive fra bönder i Nordersyssel.

Í djúpustu undirgefni er vor reppstjórnarmanna í Sauðanesþingsókn yfirlögð meining að til vorrar þingsóknar velferðar kunni að þéna þetta eftirfylgjandi, nefnilega að hingað til Langaness, á Þórshöfn, sendist árlega eitt fartöy sem kynni að handla hér við innbyggjarana til að spara þeim margfaldan kostnað og ómak sem þeir árlega verða að hafa, þar svo langt skulu reisa til kaupstaðar á Vopnafjörð.

Framar kynni það og að vera þénanlegt að hingað kæmu hið minnsta 3 til 4 pör hreindýra sem sveitinni kynni að vera til stórrar hjálpar, og sýnist og nauðsynlegt þar þessi sveit kann ei forsorga svo margar kýr sem með þarf. En sauðpeningur er hér og mjög lítill, svo fólk kann ei lifa af þess mjólk um sumardaginn. Hvar fyrir oss virðist eftir sem heyrt höfum af þessum dýrum, að þau séu svo vel hér hin nauðsynlegustu sem og kostnaðarminnstu.

Það kynni og vera fátækum og öllum til þénustu að kaupstaðarvörurnar væru nöyara en fyrri besigtaðar hér á Vopnafirði, samt lýsismælirinn aðgættur árlega.

[1] Hukkerter. Fladbundede skibe med rund agterende og op til tre master.

Og þeir mórauðu smábandssokkar sem kaupmaður hér nú tekur hið mesta á 7 og 8 fiska, mættu ganga eftir fyrri taxta á 10 og 12 f., svo almúginn fengi fullt fyrir sitt erfiði og kostnað en hefði ei skaða sem hingað til verið hefur.

Það er og vor meining að innrétting þess danska vefstaðar væri hér og harla nauðsynleg, svo lengi sem sauðpeningurinn lifir hér.

D. 17. Junii 1771.

Torfi Illugason	Halldór Benediktsson
Þorvaldur Jónsson	Sigurður Guðmundsson

* * *

[Uddrag 1771]

Extract af de til Commissionen indkomne memorialer fra bönderne udi Tingöesyssel[1]

N° 4

4re reppstiorer i Saudenæstinglaug[2] erindre og forlange udi memorial af dato 17. Juny 1771.

1° At til Langenæs, a Thorshavn, sendes aarlig et fartöj.

2° At hid indsendes 3 à 4 par reensdyre, som var störste nytte for herredet.

3° At vahrene blev i kjöbstædet paa Wopnefiord[3] bedre besigtede, og tranmaalet hver aar effterseet.

4° At smaalæs maatte tages effter gammel pris.

5° At danske vævstoele blev her nödvendige.

[1] Þingeyjarsyssel.
[2] Sauðanestingsogn, Þing.
[3] Vopnafjörður, Múl.

Rangárvallasýsla

Rangárvallasyssel

© 2003–2016 Landmælingar Íslands / Þjóðskjalasafn Íslands.

Rangárvallasýsla 1703 · *Rangárvallasyssel 1703*
Sýslumörk, hreppamörk og heiti hreppa eins og þau voru árið 1703, byggð á manntalinu 1703. / *Sysselgrænser, grænser mellem repper og reppernes navne, som de var i 1703 ifølge folketællingen fra 1703.*

Heimild · *kilde: Manntal á Íslandi árið 1703. Tekið að tilhlutun Árna Magnússonar og Páls Vídalín, ásamt manntali 1729 í þrem sýslum*. Þorsteinn Þorsteinsson sá um útg. Reykjavík 1924–1947.
Kortagerð · *kort:* Björk Ingimundardóttir, Benedikt Jónsson og Egill Baldursson.

Bjarni Högnason, bóndi á Tjörnum við Eyjafjöll, sendir tillögur til viðreisnar landinu 3.12.1770. Lit. T. N° 2.

Bjarni Högnason, bonde på Tjarnir ved Eyjafjöll, sender forslag til genrejsning af landet 3.12.1770. Lit. T. N° 2.

ÞÍ. Rtk. D3/2–2.
Innsigli/*segl*; Innskráð/*indskrevet* 12.2.1771.

Áritun/*påskrift*: Indkomet d. 12. Febr. 1771; Lit. T. N° 2; Rangarwallesyssel; Tilsendt hhhrr. Commissariis á Islandi; L. S.

Veleðla, há- og velbornir, hávísir og háttaktaðir!
Hr.hr.hr. Commissarii!

Eftir því ég hefi heyrt og séð kóngl. Maj[tse] allra náðugast útgefna, og hér sem annars staðar í landið innkomna, forordningu um Commission á Íslandi, þá eftir forordningarinnar innihaldi gef ég mig svoleiðis til kynna.

1° Þyki mér nauðsynlegt að sauðféð sé niðurdrepið og afmáð í öllum þeim pörtum landsins sem fjárpestin hefur yfirgengið, og það með svo strengilegri skikkan að þar standi ekki ein klauf eftir, svo þeir partar landsins standi í eyði með sauðfé einn vetrartíma.

2° Að hér séu til landsins innflutt reinirs- eður reinsdýr frá Norveg, því ég þenki þau kunni vel að uppfóstrast í þessu landi. En um elldsdýr[1] kann ég ekki víst að segja hvört þau mundi hér lifa, því hér vantar skóga eins og þar.

3° Tóbakssala með sínum dýrleika hér við landið er mjög skaðvæn, og þyki mér nauðsynlegt að það yrði ódýr tíð á því, þar það er til nokkra hluta nytsamlegt. En gott væri ef það gæti hér vaxið.

[1] Elgur. Danska *elsdyr*.

4° Brennivín er að sönnu ekki eins skaðvænt, því af því kaupir minna almúgafólk en embættismenn, og það er raunar ómissandi í þessu kalda, kvillasama landi. En enginn kann hér nú að búa til vín af krækiberjum, það kenndi einn maður úr Færeyjum Íslendingum í gamaldaga og er nú undir lok liðið.

5° Of mikill kvíildaþungi í ýmsum stöðum á landinu þyki mér skaðlegur. Ef þau væru færri kynnu fleiri að vera sem ættu að gjalda kóngi skatt eftir lögunum, ef kóngurinn hefði þá annars meira af þeim þar fyrir.

6° Brenniskóg[1] þyki mér nauðsynlegt að gjöra tilraun hér að planta, ef að hér fyndist meðtækileg jörð fyrir hann, því þar sjást sums staðar merki til að það hafi í gamaldaga gjört verið og hafi vaxið.

7° Sjást merki til, að til forna hafi hér vaxið kornakrar og þyki mér líklegt að hér mundu enn vaxa, sérdeilis hampur og bókhveiti sunnan undir fjöllum og hæðum þar sólin kann helst til ná að verma jörðina.

8° Járn og silfur sem hér kann að vera, þekki ég ekki vel til uppbyggingar landsins, hvar um margt mætti fleira tala. En ég læt svo búið að sinni. Þetta í stuttu máli er mín einföld og fáfróðleg undirrétting.

En ég fel svo þetta, sem allt annað ráð og áform vors góða Guðs fyrirhyggju og forblíf.

Tjörnum við Eyjafjöll,
d. 3. Decembris A° 1770.

Hhr. Commissariorum
þénustubúinn vin og þénari

Bjarni Högnason

* * *

[Oversættelse 1771]

Velædle, höy- og velbaarne!
Höyvise og höytagtede hhh^er^ Commissarier!

Eftersom jeg har hört og seet hans kongelig Maj^ts^ allernaadigst udgivne og her som paa andre stæder i Island indkomne forordning om Commission i landet, da effter forordningens indhold giver jeg mig saaledes tilkjende.

[1] Væntanlega skógur til eldiviðartöku.

1° Synes mig nödvendigt, at faarene blev nedslagtede og ödelagte i alle de landets dele, som faarepesten har overgaaet, og det med saa stræng befaling at ikke en klöv blev effter, saa at de parter af landet var öde af faar en vinterstid.

2° At her til landet blev indfört reinsdyr fra Norge, thi jeg tænker, de kunde vel opfödes i dette land. Men om ældsdyr kan jeg intet vist sige, om de kunde leve her, thi her fattes skov som der.

3° Tobakssalg, med sin dyrhed, her i landet er meget skadelig, og synes mig nödvendigt, at det var ej saa dyrt, men det var got, om det kunde voxe her.

4° Brendevin er vel ikke saa skadeligt, thi deraf kjöber almuefolk mindre end embedsmænd. Og det er i sandhed umisteligt i dette kaalde og sygelige land, men ingen kan her nu at lave vin af krækebær.[1] Det lærte en mand fra Færoe de Islandske i gamle dage, men er nu tabt.

5° For mange qvilder paa mange stæder i landet synes mig skadelige, var de færre, kunde der gives flere, som kunde betale Kongen skat effter loven, i fald Kongen da fik derfore meer af dem.

6° Brendeskov,[2] synes jeg, var nödvendigt at gjöre forsög at plante, i fald her fandtes beqvemme jord for den, thi der sees sommestæder tegn til, at det i gamle dage har været gjort, og at den har voxet.

7° Sees her tegn til, at hertil forne har været korn, og synes mig rimeligt, at det kunde endnu voxe, især hamp og boghvede, sönden til under fjælde og höyder, der solen kan helst komme til at varme jorden.

8° Jærn og sölv, som her kan være, kjender jeg ikke vel til landets opbyggelse, hvorom meget flere kunde tales. Men jeg lader herved blive denne gang. Dette er i korthed min enfoldig og simpel underrettning, men jeg befaler dette og alt andet foretagende den gode Guds forsyn og forbliver pp.[3]

Tjörn ved Öefjeld,[4] Biarne Högnason
d. 3. Decembris 1770.

L. S.

[1] Revling, sortebær. Islandsk *krækiber*.
[2] Sandsynligvis skov til brug for brændsel.
[3] Afskedshilsnen er udeladt her.
[4] Tjarnir ved Eyjafjöll, Rang.

Hreppstjórar og bændur í Landeyjum skrifa um fjárpestina, miklar skuldir og fleira sem hrjáir þá 23.5.1771. Lit. Gg. N° 5.

Repstyrere og bønder fra Landeyjar skriver om fårepesten, stor gæld og andet, der plager dem 23.5.1771. Lit. Gg. N° 5.

ÞÍ. Rtk. D3/4–37.
Innskráð/*indskrevet* 3.8.1771.

Áritun/*påskrift*: Lit. Gg. N° 5; Rangarwallesyssel.

Háeðla og velbyrðugi, hr. Andreas Holt!
Háeðla og hávísi, hr. Þorkell Fjeldsted!
Veleðla og velvísi, hr. Thomas Windekillde!
Hábetrúaðir Commissarii á Íslandi!

Eftir hans kóngl. Maj^tis^ allra náðugustu forordning af 13da Maij afliðins árs,[1] höfum vér ekki alleinasta til allrar undirdánugustu hlýðni, heldur og ef ske mætti þeim veikstadda almúga vors fátæka föðurlands til líknsamlegs léttirs og viðréttingar, fundið oss orðsakaða eftir vorrar skynsemdarmáta að leiða hlýðuglegast í ljós fyrir yðar herradóm eftirfylgjandi pósta sem vér meinum þurfa umbreytingar og lagfæringar við.

1° Hefur sauðurinn alla tíma [verið] fastastæða[2] þess íslenska bónda eftir alkunnu máltæki, *sveltur sauðlaust bú*, og þess vegna er fátækur almúgi, ekki einasta almennilega þar sem sú foreyðandi fjárpest er yfirgengin, hvað af hvörju kominn til ýtrustu neyðar af dags og nætur klæðnaðarskorti, heldur og einninn hefur töpun og missir þessrar nytsamlegustu skepnu gjört það skarð, sér í lagi í sveitarbóndans uppheldi, hans meðal til allrar skuldalúkningar og nauðsynlegrar höndllunar við innlenda og útlenda að það máski ekki verður með nokkru

[1] Rétt er 15. maí 1770.
[2] Undirstaða.

öðru meðali bætt eður tilstoppað. En því hinu sama og á meðan Guði þóknast að láta svo vera, þá mega bóndans búskaparvængir heita nærklipptir, við hvörn söknuð það er sér í lagi merkjandi, að þó kýrin sé honum stórgagnleg þá útheimtir hún þó tvöfaldan uppákostnað, erfiði og fyrirhyggju. Lítur það því svo út fyrir vorum skilningi að hinn fyrsti, besti og stæðsti grundvöllur til endurnýjungar þess mjög svo fallna Íslands búskapar og velstands, sé sá að leita þeirra líklegustu meðala fyrir hvör fjárpestinni yrði útrýmt, en sú eiginlega og innfædda sauðatíngun án spillingar innleidd. (α) Að grunneyðileggja allt fé í þeim stöðum landsins sem sjúkdómurinn er innrættur vorðinn, einkanlega fyrst í Rangárþingi hvort eð náttúran hefur á allavega svo umgirt, máski ei síður en önnur héröð, til varnar fyrir annarlegs fjár innkomu og samblandi, að ef heilbrigt fé væri fyrst innplantað í miðri sýslunni, mætti það sýnast sérdeilis andvaralaus handvömm ef ei haturleg illgirni innan- og utanhéraðsmanna ef sjúkt fé frá öðrum stöðum slengdist þar saman við. (β) Að láta fjárhús og haga hvílast á eftir í eyði um vissan tíma af fornuftugum mönnum tiltekinn, og að síðustu (γ) innfæra fé á eyðistaðina frá þeim plássum landsins sem að undangenginni grandvarri rannsökun sannprófast að vera af fjárpestinni óflekkuð.

2° Eru það sjáanleg sannindi að flestar ef ekki allar jarðir í voru héraði hafa frá þeirra manna fyrsta minni sem nú lifa, spillst og stórum af sér gengið, bæði til haga og heyskapar, allra helst fyrir veðra, vatna og sands verkana, frá því standi sem þær hafa í verið þegar svokölluð lögleiga hefur verið sett á hvörja jörð. Í þessu tilliti mætti það sýnast ein öflug stytta til landsins almennilegs besta og þreifanlegt til bóndans viðréttingar, að sérhvör jörð hvörjum helst sem tilheyrir væri besigtuð, hennar hagar, tún og engjar með hlunnendum og bágendum, kostum og ókostum, og hvör ein síðan niðursett til viss dýrleika.

3° Er þar hæðst yfirkvartandi í tilliti allra þeirra sem á annarra jörðum búa, að þeir mega auk accorderaðrar landskuldar búa undir svo mörgum leigukúgildum sem á verður komið, af hvörjum landsdrottinn hefur hinn mesta profit fyrir sig en öngvum til nota, hvar af það orðsakast að sá fátæki bóndi má svo mikils af lífsbjargarpeningi í missa sem kúgildatölum svarar, og endilega má hann eður hans þá við jörðina skilur ganga slyppur frá. Lítur því þetta svo út fyrir vorum sjónum að þessi kúgildaþungi sé þeim til straffs sem á jörðunum búa og fulla landskuld eftir gjalda. Því er það sjáanlegt almenningsgagn að

öll leigukúgildi væri hreint aftekin, en bóndinn sjálfur eigi það hann við býr. Svo fylgir þar á eftir að það verður hærri tíund til handa þeim er taka eiga, svo sem af þeim leigðu kúgildum er engin tíund goldin, hvorki af landsdrottni né leiguliða.

4° Að landskuldir megi ómótmælanlega greiðast í öllum tegundum lausra aura og fríðum peningi sem að kaupum og sölum almennt í landinu ganga. Að meðalhestur gildi við meðalkú og að hvorugt sé fellt frá því lögtekna verði, en betur eður lakara hrossategundir sé komið undir óviðkomandi skynsamra manna áliti og virðingu.

5° Þessa héraðs innbyggjendur og allur fátækur almúgi hlýtur aldeilis að vera kominn upp á framandi þjóða hjálp og viðskipti með tré og timbur til allrar nauðsynlegrar brúkunar, hvar fyrir bóndanum er það einn næsta þungur skattur að halda við makt, ef ekki byggja jarðarinnar leiguhús upp á sinn eigin kost, bæði vegna fátæktar af kaupstaðarvörum og ýmislegs ójafnaðar við kaupstaðina, hvörjum hann er altíð vanmáttugur af sér að hrinda og forordningin af 1622, sem um viðlíkt efni höndlar, nær máski ekki svo vítt sem nú tekur í venju að leiðast með tré tillagið af bóndans álfu. Þar fyrir meinum vér það vera stóran léttir og styrktarefni fyrir bóndann að sérhvör húsbóndi, hvort heldur hann sjálfur á jörðina eða hefur þann myndugleika af öðrum, leggi sjálfur timbur til leiguhúsabyggingar og viðmaktheldis, og sjálfur tíundi sína eign, eður annars láti bóndann uppbera svo mikið af landskuld jarðarinnar í hvört sinn sem nauðsyn krefur þegar byggja eður bæta þarf, svo og einninn að fátækur bóndi sem fer frá einni jörð skyldist ei til að selja þau hús er hann sjálfur á, nema tré eður timbur í móti komi.

6° Af viðvaranlegri og í vöxt farandi almúgans fátækt, samt heilsubresti, er einkum orðsakast af köldu og þeim svokallaða þunga sjúkdómi (meinast spítelska eður spítelskutegund), kemur það að sveitirnar þyngjast svo af ungum og gömlum sveitarlimum sem á fátækragótsi eiga að framfærast, að sá búandi bóndi rís ei undir. Og þó hospítalshlutir séu árlega greiddir, svo líklegt er eftir kringumstæðum að hospítalið hafi eina ásjálega peningasummu fyrirliggjandi, þá geta þó sumar sveitir aldrei notið nytsemdar þar af til framfæris fyrir einn, því síður fleiri, af soddan spítelskum limum, þar þeir eru stundum svo margir að hospítalsgarðurinn ber þá ekki, stundum svo veikir að þeir verða

ei fluttir, stundum svo langt frá að ómögulegt er að færa, svo sveitin má alltaf undir þeim búa. Viljum vér því hér um hafa gjört það forslag og innstillt til náðugrar beþenkingar, hvort hospítalshlutirnir mega ei leggjast þeim ómögum í hvörri sveit sem þeir tilfalla eður og að greindir ómagar mættu, fyrir utan tillagið er hospítalsforordningin umgetur, inntakast á hospítölin.

7° Er vor auðmjúkleg fyrirspurn hjá ykkar herradóm hvört 32 fiskar séu ei ánægilegir í þann 20 álna skatt sem sýslumenn árlega taka, í hvörn þeir heimta fulla 40 fiska.

Krossi í Eystri-Landeyjum
innan Rangárvallasýslu,
d. 23. May 1771.

Þórður Erlendsson
Þorsteinn Guðmundsson
Þorkell Grímsson
Sigurður Þorkelsson
Árni Jónsson
Jón Einarsson
Þorsteinn Helgason
Ólafur Ólafsson
Jón Ólafsson
bændur

Vér í skyldugri undirgefni
finnustum ykkar herradóms
auðmjúkir þénarar

Þorsteinn Stefánsson, prestur
í sömu sveit
Símon Jónsson
Þóroddur Magnússon
Bergþór Jónsson
Árni Jónsson
Árni Guðmundsson
Snorri Gíslason
Þórður Gíslason
hreppstjórar og meðhjálparar

Framanskrifuðum 1ta, 2um, 4ða og 5ta pósti erum vér undirskrifaðir samþykkir. Viðvíkjandi þeim 3ðja þá tökum vér í beþenking að segja að þar gjaldist engin tíund af kúgildum. Víst eru þau engin tíunduð þar sem þau eru nema landsdrottinn búi sjálfur á jörðunni. Áhrærandi þann 6tta þá með því þar eru margar sveitir í hverjum engir hospítalshlutir falla, svo mættu tilmeintir sjúklingar njóta tillags af hospítalsins kassa eftir fyrirkomandi rigtugum bevísingum. Fyrir þann 7da með því fávís almúgi veit ei á hverjum grundvelli svokallaður gjaftollur er byggður í fyrstu, svo mætti hann ekki óhaganlega þar um upplýsast, ef ekki allra náðugast fá linun eður fríun frá hér útgjalda.

Undir þá standi þetta sérhvað herra Commissariorum náðugri yfirvegan.

Forblífum í undirgefni.

Vestur-Landeyjum í Rangárþingi, d. 6tta Junii 1771.

Hjörtur Jónsson
Ormur Guðmundsson
Árni Jónsson
Jón Guðmundsson
Illugi Erlendsson
Einar Jónsson
Þorgils Jónsson
Jón Jónsson
bændur

Þeirra herradóms sameiginlega auðmjúkustu þénarar

Magnús Magnússon
Erlendur Sigurðsson
Brynjólfur Guðmundsson
Þorleifur Árnason
Runólfur Sigurðsson
Árni Þorleifsson
Þórður Diðriksson
Guðmundur Stefánsson
hreppstjórar og meðhjálparar

* * *

[Oversættelse 2015]

Højædle og velbyrdige, hr. Andreas Holt!
Højædle og højvise, hr. Þorkell Fjeldsted!
Velædle og velvise, hr. Thomas Windekilde!
Højtbetroede Commissarii i Island!

Efter hans kongelige Majestæts allernådigste forordning af den 13de maj forgangne år[1] har vi ikke alene af allerunderdanigste lydighed, men også måske til lettelse og genoprettelse for den svagt stillede almue i vort fattige fædreland efter vores fornuftsbegreber set os foranledigede til i lydighed for Deres herskaber at forklare følgende punkter, som vi mener har behov for ændringer og rettelser.

Guðmundur Ásmundsson
Oddur Sturluson

Hreppstjórar og bændur á Skeiðum skrifa um fjársýkina og bág kjör sín 22.5.1771. Lit. Ee. N° 2[a].

Repstyrere og bønder på Skeið skriver om fåresygen og deres trange kår 22.5.1771. Lit. Ee. N° 2[a].

ÞÍ. Rtk. D3/4–21 (bréfið/*brevet*); D3/4–23 og stiftamt. III. 201 (dönsk þýðing/*dansk oversættelse*).
Innsigli/*segl*; Innskráð/*indskrevet* 29.5.1771; Bréf þetta og það næsta á eftir, frá hreppstjórum og bændum í Grímsnesi, hafa verið bókuð á sama litranúmer. Hér eru þau aðgreind með lit. Ee. N° 2[a] og 2[b]. Dönsk þýðing bréfs þessa fannst ekki í skjalasafni Landsnefndarinnar og er því tekin hér eftir afriti í skjalasafni stiftamtmanns. / *Dette brev og det følgende, fra repstyrere og bønder i Grímsnes, er opført på samme litranummer. Her er de adskilt med lit. Ee. N° 2[a] og 2[b]. Den danske oversættelse af dette brev fandtes ikke i Landkomissionens arkiv og er derfor taget fra en afskrift i Stiftamtmandens arkiv.*

Áritun/*påskrift*: Lit. Ee. N° 2; Arnæsssyssel.

Eftir því vor nú ríkjandi allra náðugasti konungur hefur af háprísanlegri föðurlegri umhyggju og konunglegri náð fyrir Íslandi og þess fátækum innbúendum fyrir gott fundið hingað til landsins að senda veleðla Commissarios til að eftirgrennslast nákvæmlega hvað þéna kynni til landsins almennilega besta, og þar hjá umboðið einum og öðrum sig til kynna að gefa fyrir þessari Commission. Því framkomum við nú Skeiðahrepps innan Árnessýslutakmarka innbyggjendur, í auðmjúkri undirgefni, og látum háttnefndum Commissariis hér með í ljósi vort aumkunarvert ástand í eftirfylgjandi póstum.

1° Flestar vorar ábýlisjarðir, svo vel þær við láglendið sem fjallbyggð liggja, eru stórlega af sér gengnar til túna, engja og úthaga, sem orðsakast af vötnum, ám og skriðum, sömuleiðis sandblástri sem sums staðar gjörir stóran skaða. En jarðirnar standa þó við sama eftirgjald sem verið hefur frá aldaröðli það oss vitanlegt er. Og þar þessu jarðanna ástandi er svo varið sem sagt er, er stórlega nauðsynlegt að þær

grandgæfilega skoðaðar væru, hvar um við auðmjúklega biðjum með framtíðinni ske mætti, svo að þær eftir því sem þá fyrirfinnast mættu billega leigjast leiguliðum.

2° Af flestum Skálholtsstólsjörðum í þessari sveit eru árlega kallaðar kvaðir fyrir utan kúgildaleigur og landskuld, nefnilega 20 al. mannslán, 10 al. hestlán og 5 al. dagsverk. Til að betala mannslánið er kallaður maður af flestum stólsjörðum hér í sveit að róa á stólsskipi og má sjálfur sér tilleggja allt sem með þarf utan skipið og húsið, en tekinn allur ⅙ partur af öllum þeim bolfiski sem hann fær í sinn hlut, hvert mikill er eður lítill.

3° Fjárpestin sem nokkur ár og enn nú hefur hér svo um Suðurlandið gengið að flestir af oss eru mjög sauðlitlir orðnir, og það eftir er þar af ávaxtarlaust margoft, bæði að ull og nyt. Samt sem áður er oss af landsdrottni stólsjarðanna tilhaldið að ábyrgjast svo á sig komin ásauðarkúgildi, fyrir utan alla uppbót af stólnum og fulla leigu eftir þau sömu gjalda árlega, hvert vér getum haldið þeim lifandi eður ei á heyi eður högum, vegna nefndrar fjárpestar.

4° Fyrir hvert eitt af þeim pestdauðu ásauðarkúgildum hafa árlega heimtaðar verið 10 al. sem bætast skyldu við landskuldargjaldið á þeim stólsjörðum[1] sem ásauðarkúgildi fylgdu.

5° Og þar flestir stólslandsetar í þessari sveit eru orðnir að mestu sauðlausir, sem áður er sagt, verða menn að gjalda árlega stórgripi í sínar landskuldir, nefnilega kýr, naut og hesta, hverjir gripir þó í lagi verið hafi, hafa stundum ringra[2] teknir verið en eftir gamlri landsvenju.

6° Stólslandsetum er hér og uppálagt að leggja alla viði til leiguhúsa á sínum ábýlisjörðum og nær þeir frá þeim fara þá eru þær heimtaðar í standi. En finnist nokkuð þar út í brostfeldugt[3] má burtflytjandinn það betala af sinni formegan.[4]

7° Vegna vorra aðþrengjandi bágenda veitir mikið örðugt að útvega nauðsynjar í kaupstöðum og jafnvel þó menn hafi dugtuga kaupmannsvöru til að innleggja í höndlunina. Mega sumir fara jafnnærir til baka, en sumir með það ringasta, sérdeilis af trjávörum sem oft finnst úrvalin af þeim æðri.

[1] Biskupsstóllinn í Skálholti, Árn.
[2] Lægra verði. Danska *ringe*.
[3] Hrörlegt, úr sér gengið. Danska *brøstfældig*.
[4] Eign, eignum.

8° Fyrir utan skatt og tíund er árlega kallaður á manntalsþingum gjaftollur, af 5 hndr. tíund til 10 hndr. 10 f., af 10 hndr. tíund til 20 hndr. 12 f., af 20 hndr. tíund 20 f. Item lögmannstollur 3 f. af hverju einbýli en 2 f. af hverju hálfbýli.

Framan- og ofanskrifuðum greinum til staðfestu eru vor undirskrifuð nöfn á Skeiðum innan Árnessýslu, þann 22. Maji 1771.

Jón Hjörtsson	Lafrants Halldórsson
Jón Ólafsson	Bjarni Jónsson
Hróbjartur Hannesson	Sæmundur Ingimundsson
Ófeigur Sigmundsson	Sveinn Jónsson
Sigurður Filippusson	Bjarni Einarsson
Jón Valdason	Þorsteinn Stefánsson
Einar Guðmundsson	Brandur Pálsson
Páll Ketilsson	Vigfús Einarsson
Helgi Lafrantsson	Sigvaldi Jónsson
Þóroddur Jónsson	Hannes Valdason[1]

* * *

[Oversættelse 1771]

Da vores nu regerende allernaadigste konge af höjpriselig faderlig omhue og kongel. naade for Island har dets indbyggere for got fundet at hidskicke til landet velædle Commissarios for nöje at inqvirere om, hvad der kunde tjene til landets almindelige beste, og hos alle og eenhver befalet sig tilkjende at give for denne Commission. Thi fremstille vi os nu Skeiderepps indbyggere inden Arnessyssel i ydmige underdanighed og gjöre her medbekjendt höjtbemelte Commissariis vores ynkværdige omstændigheder i fölgende poster.

1° De fleste af vores lejejorder, saavel de som ligge paa den flade mark som oppe ved fjældene, ere storligen ruinerede, nemlig tune, enger og udmarker, som foraarsages af vand, aaer og fjældskreeder, ligeleedes sandblæst, som sommestæds gjör stor skade, men jorderne staae ved samme eftergjald, som för har været fra arrildstid af det os er kjendt. Og da jorderne ere saa beskaffen som mældt, er höjligen

[1] Nöfn í þremur dálkum í handriti. Hér sett í tvo.

nödvendigt, at de var nöje overseete, hvad vi ydmigst begære at i eftertiden skee maatte, at de da efftersom forefindes bleve nedsadte til billig lejemaal for lejlændingene.

2° Af de fleste Skalholtstolsjorder i dette sogn ere aarlig kaldede kvader foruden qvildernes leje og landskyld, nemlig 20 al. mandslaan, 10 al. hestelaan og 5 al. dagsværk. For at betale mandslaan er en mand kaldet af de fleste stolens jorder her i sognet for at roe paa stolens skibe og maae selv tillægge sig, hvis hand behöver uden skib og huus, men tagen ⅙ deel af ald den fisk han faaer i sin lött, enten den er megen eller liden.

3° Faaresygen, som nogle aar har her saa om Syderlandet grasserer og endnu vedholder, har gjort fleste af næsten faarelöse, men det som endnu er tilbage offtes frugeslöst baade ad uld og melk. Icke desto mindre er os af landsdroten tilholdet at have i aabyrd[1] saadane faareqvilder, foruden ald paaboed af stolen, og fuld leje effter dem at svare aarlig, enten vi kan holde dem levende eller ikke, af höe eller beed, formedelst bemelte faaresyge.

4° For hver et af de pestdöde faareqvilder maa man aarlig svare 10 al., som tillægges landskylden a de stolens[2] jorder, som faareqvilderne fölgede.

5° Da fleste stolens lejlendinge ere som sagt næsten faarelöse, maae de aarlig betale i sine landskylder kjör, stud og heste, hvilke, dog de havde været i sit rette værdie, somme tider har ringere været antagne end effter gammel landets sædvane.

6° Stolens lejlendinge er her paalagt at tillægge ald tömmer til sine lejehuse, og naar de tage bort, maae de svare dem i god stand og böde det bröstfældige af sine penge.

7° Formedelst nödtrængende besværligheder falder meget vanskilliget at faae sine nödvendigheder i kjöbstædet, og endskjönt man har rigtig kjöbmandsvahre at indlægge i handelen, maae somme gaae tilbage foruden at faae noget, men somme det ringeste især tömmer som offte findes væget af de store.

8° Foruden skat og tiend er aarlig kaldet paa mandtalstingene gjeftold, af 5 hndr. til 10 hndr. 10 fiske, af 10 hndr. til 20 hndr. 12 f., af

[1] Ansvar. Islandsk *ábyrgð*.
[2] Bispestolen i Skálholt, Árn.

20 hndr. 20 f. Item laugmandstold 3 f. af hver bonde, som en boer paa jorden, men 2 der 2 bor.

Ovenskrevet til bekræftelse er vores underskrevne navne a Skeidum inden Arnessyssel den 22de May 1771.

Jon Biörnson[1]
Poel Ketilsen
Hrobiört Hannesen
Ofeig Sigmundsen
Sivert Philippusen
Jon Waldesen
Einer Gudmundsen
Helge Lafrensen
Thorodder Jonsen
Lafrens Haldorsen
Biarne Jonsen
Sæmund Ingemundsen
Svend Jonsen
Biarne Einersen
Thorsten Stephensen
Brander Poelsen
Vigfus Einersen
Sigvalde Jonsen
Hannes Waldesen

Rigtige copier testr E. Jonsonius[2]
L. S.

Hreppstjórar og bændur í Grímsnesi skrifa um bágindi sveitarinnar 25.5.1771. Lit. Ee. N° 2[b].

Repstyrere og bønder i Grímsnes skriver om områdets trange kår 25.5.1771. Lit. Ee. N° 2[b].

ÞÍ. Rtk. D3/4–22 (bréfið/*brevet*); D3/4–23 og stiftamt. III. 201 (dönsk þýðing/*dansk oversættelse*).
Innsigli/*segl*; Innskráð/*indskrevet* 29.5.1771; Bréf þetta og það næsta á undan, frá hreppstjórum og bændum á Skeiðum, hafa verið bókuð á sama litranúmer.

[1] Således, men ifølge det islandske brev er navnet *Jón Hjörtsson*. Der mangler også et navn i optællingen i forhold til det islandske brev, nemlig *Jón Ólafsson*.
[2] Eyjólfur Jónsson (Johnsonius), sekretær for den islandske Landkommission 1770–1771.

Hér eru þau aðgreind með lit. Ee. N° 2[a] og 2[b]. Dönsk þýðing bréfs þessa fannst ekki í skjalasafni Landsnefndarinnar og er því tekin hér eftir afriti í skjalasafni stiftamtmanns. / *Dette brev og det forudgående, fra repstyrere og bønder på Skeið, er opført på samme litranummer. Her er de adskilt med lit. Ee. N° 2[a] og 2[b]. Den danske oversættelse af dette brev fandtes ikke i Landkomissionens arkiv og er derfor taget fra en afskrift i Stiftamtmandens arkiv.*

Áritun/*påskrift*: Arnessyssel; Kongl. Maj^{ts} höjbestalter, Commissariis á Islande, audmiúklega, a Arnarhóle; L. S.

Kóngl. Maj^{ts} höjbestalter Commissarii!
Gúnstugu góðu herrar!

Vegna yfirstandandi bágenda og fátæktar sem komin eru yfir þessa sveit og í tilliti hans kóngl. Majst allra náðugustu forordningar af dato 15. Maii 1770 dirfustum við undirskrifaðir hreppstjórnarmenn og bændur í Grímsnessveit, að gefa yður hér með til kynna það sérlegasta er vér meinum vorri sveit og hennar innbyggjurum til hinnar mestu útörmunar (sérdeilis síðan fjárpestin tók sauðinn allan að mestu í burtu, hvar fyrir nefndrar sveitar innbyggjarar eru síðan fallnir í örbirgð, hverjir þó áður til forna meðan sauðurinn lifði voru kallaðir með þeim farsælustu upp á lífsbjörg innan Árnessýslu) sem er þetta eftirfylgjandi.

1° Af sér gengnar jarðir blífa við sína sömu háu afgift sem til forna verið hefur.

2° Mikill kúgildaþungi á jörðum, er sumar lítið meir forsorga en kúgildin og það alast verður upp í landskuldina, hver á sumum jörðum er 2 hndr. og þar yfir. En á flestum jörðum hér í sveit eru óviss landamerki svo menn vita ekki fyrir víst hvað yrkja skulu. Sums staðar eru settar kýr fyrir pestdauð ásauðarkúgildi aftur, en vilji menn verjast því þá er kölluð hálf leiga eftir þau úrdauðu. Vilji bændur fá ásauðarkúgildi mega þeir ábyrgjast þau fyrir öllum skaða, sem eigi hefur til forna verið. Og gjalda þó ei að síður fulla leigu, sem altíð skal vera eftir kúgildin í smjöri, en sé það ekki til betalist 4 mk. croner fyrir hver 15 pund smjörs. En áður til forna kvittaði 4 mk. specie 20 pd. smjörs.

3° Auk landskuldar af dómkirkjunnar jörðum hér í Árnessýslu eru goldnar kvaðir til verðaura 35 álnir á landsvísu, sem er 1 mann til skipsáróðurs 20 álnir, honum ekkert tillagt af stólsins hálfu til þeirrar

þénustu utan húsið að vera í, en tekinn þó af honum 6tti hver fiskur af því er Guð gefur þá vertíð er úti, af hverri mannsláns niðurraðan fátækir hljóta oft stóran baga. Annað er hestur með járnum sem gildir 10 al. ef ekki er tillátinn, úr hverju láni hann kemur oft skemmdur, og það oftast bótalaust af stólsins hálfu. Þriðja er dagsverk um heyannir eður betalist 5 al.

4° Mega bændur upp á sinn eigin kostnað fyrir utan betaling uppbyggja og viðhalda húsum á sínum ábýlisjörðum, og bæta þó síðan fyrir það sem ei sýnist af landeiganda vera í góðu standi, nær þeir burt fara. Tilsagt er hreppstjórum að taka út stólsjarðir þá bændur burt fara en aðrir jarðirnar aftur taka og það fyrir öngvan betaling, hvað ei var til forna.

5° Hestar og hross eru ei fyrir utan eigandans skaða tekin í landskuldir, þar slíkir landaurar eru nú um stundir í litlu gildi.

6° Menn hafa og mátt gefa festipeninga til sinna ringra ábýlisjarða.

7° Bændajarðir verða menn að tíunda auk landskuldar sem sína eign, 12 fiska af hverjum 5 hndr. í allar tíundir.

8° Sá gamli bændaskattur, svokölluð biskupstíund, gjaftollar og lögmannstollar gjaldast nú um stundir í kaupmannsvöru og upp á hans reikning.

9° Manntalsfiskar eru teknir í Gullbringusýslu af þeim mönnum sem þar eru sjóróandi um vertíð úr þessari sveit, sem eru 3 fiskar af mannshlut. Og þó einn maður eigi þar fleiri mannahluti þá eru teknir 3 fiskar af hverjum hlut hvað ei var til forna.

10° Hvað almúgann áhrærir í Eyrarbakkadistricte og fram hefur komið við fólk úr þessari sveit, mega menn þar bíða 1, 2, 3 daga eður lengur og stundum fara jafnnærir til sinna heimila aftur og fá ei nauðsynjar sínar, nefnilega það helsta mjöl og tré, en það sumir fátækir fá þar af trjávið er úrval æðri manna. Líka sumir menn er þar leggja inn ekkert annað en fisk og lýsi hljóta að blífa við sauðareikning. Um töku á blautum fiski í saltið gengur ýmislega, því sumir fátækir fá þar mjög litlu innkomið í skuldir sínar en aðrir æðri sitja fyrir

11° Af tveimur þingsóknum hér í Árnessýslu, þessari og annarri til, eru til skiptis árlega kallaðir hér um 20 hestar með reipum, reiðing og járnum. Einninn 3 eða 4 menn til að flytja hr. amtmannsins góts af

Alþingi, hvert kall skeður um besta heyannatíma, hvar af bændur hafa oft stóran baga að missa sína menn um þann tíma, og það fyrir öngvan betaling, en aðrar sveitir hér í sýslu hafa verið til þessa frí frá þeim flutningi.

Þetta framan- og ofanskrifað bágendaástand sveitar vorrar af oss í undirgefni svoleiðis teiknað, innstillist til yðar, góðu og gúnstugu herrar, náðuglegs álits hvar um fullvissir forblífum.

Stóruborg,
d. 25. Maii 1771.

Hr. Commissarii, yðar skyldugir
auðmjúkir og undirgefnir þénarar

Hreppstjórar
Gunnar Högnason
Guðmundur Magnússon
Þorsteinn Erlendsson
Þórður Jónsson
Guðmundur Jónsson

Bændur
Sigurður Ásmundsson
Jón Vernharðsson
Jón Erlendsson
Jón Þorsteinson
Ketill Þorgeirsson
Eilífur Ketilsson

Bændur
Jón Grímsson
Felix Tómasson
Arnór Þórðarson
Jón Grímsson
Skíði Einarsson
Magnús Magnússon
Ingimundur Bjarnason
Narfi Jónsson
Jón Stullason
Jón Hermannsson
Sigurður Einarsson
Jón Gíslason
Jón Jónsson

* * *

[Oversættelse 1771]

Kongel. Maj^{ts} höjbestalter Commissarii!
Gunstige gode herrer!

Formedelst overværende besværligheder og fattigdom, som denne sogn er paafalden, og i henseende til deres kongel. Maj^{ts} allernaadigste anordning af 15de May 1770 fordrister vii os underskrevne bönder og reppstyrer i Grimsnessogn at give Eder her med tilkjende, det vi formeene, dette sogn særdeeles foraarsager udarmelse (især siden faaresygen bort tog qvæget, hvorfor bemelte repps indbyggere ere siden

faldne i örbyrgd,[1] hvilke dog för var holdne, de best bemidlede inden Arnessyssel), som er fölgende:

1° Ruinerede jorder forblive ved samme afgift som för.

2° Meget qvildemængde, da somme lidet meer taale end bare qvildene, men dog maae noget opelskes i landskylden, som sommestæds er over 2 hndr., men paa fleste jorder i dette repp ere uvisse landet grænsers terminer, saa man veed ikke sikkert, hvad man skal dyrke. Noglestæds ere kjör sadte i qvilde for pestdöde faar, men vil man ikke, maae man svare halv leje effter de döde, men om bönderne vil faae faareqvilder, maae de aabyrges[2] dem for ald skade, som ikke har för været, men betale dog ald leje som aldtid skal være i smör. Men om det er ikke til, maae de betale 4 mk. croner for hver 15 pd., men tilforn betalte 4 mk. specie 20 pd. smör.

3° Foruden landskyld af domkirkens jorder her i Arnessyssel ere betalte qvader til værdie 35 al. paa landsviis, som er 1 mand til skibspaaroen[3] 20 al., som intet er af stolen tillagt uden hus, men dog tagen fra ham hver 6te fisk, som han faaer, da værtid ender, som de fattige er stor skade. Det andet er skoet hest, som offt kommer igjen tilbage skemd og skadet bödelös, eller betale 10 al. Tredje dagsværk om höesletstiden eller 5 al.

4° Maae bönderne paa sin egen regning bygge og vedholde huse a sine lejejorder og betale, naar bort vige, det bröstfældige. Reppstyrerne maae foruden betaling jorderne udtage, som ikke var för.

5° Hester og ross[4] ere nu ej uden ejerens skade antagne i landskyld, da slige landöre ere nu om stund i lidet værdie.

6° Man har og maat give fæstepenge for sine ringe lejejorder.

7° Bondejorder maae man som sin ejendom tiende foruden landskyld 12 f. af hver 5 hndr. i alle tiender.

8° Den gamle bondeskatt, saakaldet biskopstiend, gjevtold og laugmandstold, ere nu betalte i kjöbstædsvahre.

9° Mandtalsfisker ere tagne i Guldbringesyssel af de mænd, som der ere söeroende om værtiden fra denne repp, som ere 3 fiske af en

[1] Armod, fattigdom. Islandsk *örbirgð*.
[2] Stå til ansvar for. Islandsk *ábyrgjast*.
[3] Hoveri på båd. Islandsk *skipsáróður*.
[4] Her er det islandske ord *hross* sandsynligvis i betydningen hoppe.

lött, og dog een mand ejer der fleere end 1 mand, saa ere dog tagen 3 f. af hver lött, som ikke var för.

10° Hvad almuen anbelanger i Örebachedistrict,[1] og frem har kommet ved folk fra denne repp, har man maat der bie 1, 2, 3 dage eller meer og undertiden gaae ærendeslös hjem igjen og faae ikke det nödvendigste mehl og tömmer. Men det tömmer, som nogle fattige faae, er kun udkast de stores.[2] Nogle, som indlade i handelen kun fisk og tran, maae blive ved faarregning. Om antagelse blödfiskens i saltet gaaer vanskellig, de rige side for,[3] saa de fattige kand ikke indkomme.

11° Af 2de tinglauge i Arnessyssel, dette og andet, ere tilskifte kaldet henved 26 hester med ald tilhörende og 3 eller 4 mænd at flötte amtmandens töj af laugtinget om beste höesletstid, hvoraf bönderne offt har stor skade at miste mændene foruden betaling, men andre i dette syssel ere derved frie.

Dette ovenskrevet indstilles i underdanighed til Eders gode herrer naadige efftersyn, hvorom forsikrede vi forblive.

Storeborg,
d. 25de May 1771.

Hr. Commissarii, Eders
pligtige ydmige og
underdanige tjener

Reppstyrer
Gunner Högneson
Gudmund Magnusen
Thorsten Erlendsen
Thorder Jonsen
Gudmund Jonsen

Bönder
Sivert Asmundsen
Jon Vernhardsen
Jon Erlendsen

Jon Grimsen
Felix Tomasen
Arnor Thordersen
Jon Grimsen
Skide Einersen
Magnus Magnusen
Ingemund Biarnesen
Ivar Jonsen[4]
Jon Stullesen
Jon Hermandsen
Sivert Einersen

[1] Eyrarbakkadistrikt, handelsområde, Árn.
[2] De rige. Her menes, at de kun kan købe, det de rige har kasseret.
[3] Have førsteprioritet. Islandsk *þeir ríku sitja fyrir*.
[4] Således, men ifølge det islandske brev er det rette navn *Narfi Jónsson*.

Jon Thorstensen
Ketil Thorgeirsen
Eilif Kietilsen[1]

Jon Gislesen
Jon Jonsen

Hreppstjórar og bændur í Biskupstungum og Hreppum skrifa um skemmdir á jörðum og jarðaafgjöld [án dags.] 1771. Lit. YY. N° 2.

Repstyrere og bønder i Biskupstungur og Hreppar skriver om ødelæggelser på jorderne og jordafgifter [uden dato] 1771. Lit. YY. N° 2.

ÞÍ. Rtk. D3/3–14.
Innsigli/*segl*; Innskráð/*indskrevet* 14.5.1771.

Áritun/*påskrift*: Indkom d. 14de Maii 1771; Lit. YY. N° 2; Arnæsssyssel; Welædla og haavysumm, hr. Andreas Holt, hans Majts ober Land Commissario, audmiuklegast, Reikiawyk; L. S.

Eftir því vor nú ríkjandi allra náðugasti konungur hefur af háprísanlegri föðurlegri umhyggju og konunglegri náð fyrir Íslandi og þess fátækum innbúendum fyrir gott fundið hingað til landsins að senda veleðla Commissarios til að eftirgrennslast nákvæmlega hvað þéna kynni til landsins almennilega besta og þar hjá umboðið einum og öðrum sig til kynna að gefa fyrir þessari Commission, því framkomum við hér núverandi Árnessýslu innbyggjendur í auðmjúkri undirgefni og látum háttnefndum Commissarios hér með í ljósi vort aumkunarvert ástand í eftirfylgjandi póstum.

1° Flestar vorar ábýlisjarðir við fjallbyggð eru svo stórlega af sér gengnar og ganga ár frá ári af blástri, skriðum, vötnum, lækjum og ám sem upp á sumra jarða tún, engjar og úthaga bera sand, grjót og mold, en standa þó við sama eftirgjald sem verið hefur frá alda öðli,

[1] Opstillingen af navne er uregelmæssig i det oprindelige dokument. Her er de opstillet i to spalter lige som den islandske udgave af brevet.

að því oss vitanlegt er, að fráteknum þeim jörðum sem Heklusandur mest yfirgekk og þá eyðilögðust en byggðust síðan með ringara eftirgjaldi en áður.

Skógar jarðanna eru og svo mjög eyddir, hvar í sýnast má að þó hafa verið þeirra herlegheit ei síst fólgin, og þar þessu jarðanna ástandi er svo varið sem sagt er. Er stórlega nauðsynlegt að þær grandgæfilega skoðaðar væru, hvar um við auðmjúklega biðjum með framtíðinni ske mætti, svo að þær eftir því sem þær þá fyrirfinnast leigjast mættu leiguliðanum.

2° Hér hefur leiguliði um langa tíma orðið sjálfur að gjalda tíundir allar af bændaeign þeirri sem hann á býr, fyrir utan betaling af landsdrottni.

3° Sumir þeir á Skálholtsstólsjörðum búa er tilsagt fyrir utan landskuld og leigur að gjalda af þeim til stólsins 20 al. mannslán, 10 al. hestlán, 5 al. dagsverk. Til að betala mannslánið er leiguliðinn kallaður til að róa á stólsins skipum og má sjálfur sér tilleggja allt sem með þarf utan sjálft skipið og húsið, en tekinn allur ⅙ partur af öllum þeim bolfiski sem hann fær í sinn hlut hvert mikill er eður lítill.

4° Fjárpestin sem nokkur ár og enn nú hefur hér um Suðurlandið gengið, svo að flestir af oss eru mjög sauðlitlir vorðnir og það eftirlifandi þar af ávaxtarlaust sumt en ávaxtarlítið þá betur fellur, sumt bæði að ull og nyt. Samt sem áður er oss af landsdrottni stólsjarðanna tilhaldið að ábyrgjast svo á sig komin ásauðarkúgildi fyrir utan alla uppbót af stólnum og fulla leigu eftir þau sömu gjalda árlega, hvört vér getum haldið þeim lifandi á högum og heyi eður ei vegna nefndrar pestar.

5° Mjög fáir bændajarðaeigendur vilja leggja oss viði til sinna eignarjarða sem vér á búum eður nokkra húsauppbót í þeirra stað.

Þessu af í stærstu auðmýkt og undirgefni framtöldu fyrir veleðla Commissarios.

Eru til staðfestu vor Biskupstungna, Ytra- og Austra-Hrepps[1] innbyggjara nöfn hér að neðan.

Datum Árnessýslu Anno 1771.

Sigurður Narfason	Magnús Símonsson
Páll Snorrason	Jón Jónsson

[1] Hrunamanna- og Gnúpverjahreppar, Árn.

Henrik Snorrason
Björn Jónsson
Guðmundur Magnússon
Jón Gissursson
Guðbrandur Auðunsson
Sigmundur Auðunsson
Guðmundur Þórðarson
Snorri Guðmundsson
Eiríkur Jónsson
Magnús Gunnhvatsson
Símon Jónsson
Helgi Gíslason
Eyjólfur Ísólfsson
Gunnar Egilsson
Hannes Jónsson
Halldór Jónsson
Sigurður Jónsson
Þórður Jónsson
Jón Jónsson
Guðmundur Bjarnarson
Snorri Jónsson
Símon Loftsson
Brynjólfur Ingimundsson
Markús Helgason
Jón Einarsson
Illugi Jónsson
Jón Jónsson
Bjarni Jónsson

* * *

[Oversættelse 1771]

Translation

Efftersom vores nu regierende allernaadigste Konge haver af höypriiselig faderlig omsorg og kongelig naade for Island og dets fattige indbyggere for got befunden her til landet at sende velædle Commissarier til at efftersöge nöye, hvad tjene kunde til landets almindelige beste, og derhos forlanget af een og anden sig tilkjende at give for denne Commission. Thi fremkomme vi her nuværende Arnesyssels indbyggere i ydmygste underdanighed og lader höystnefnde Commissarier hermed oplyse vores ynkværdige omstændigheder i efterfölgende poster.

1° Fleeste af vore paaboende jorder til fjælds ere saa storlig af sig gaaet og gange aar fra aar af blesende vinde, fjeldskreed, vande, löbende bække og aaer, som paa somme jorders græstun, enger og udmarker opbærer sand, steene og muld, end stoer dog for fulde afgifft, som været have fra alderstiid, saavidt os vitterlig er, undtagne de jorder, som Heklusand mest overgick, og de i öde lagdest og er siden bygt med ringere afgifft end tilforn.

Jordernes skouve ere ogsaa meget forödt, hvorudi synes maae, at dog have været deres herlighed ej mindst indbefatted, og der disse jor-

ders omstændigheder er saa beskaffen, som sagt er. Er det höylig fornöden, at de grandgiveligen vorder besigtet. Hvorom vii ydmygeligen beder med fremtiiden skee maatte, saa at de effter forefindende maatte lejes lejlendingen.

2° Her have lejlendingen i lang tiid maattet self betale alle tiender af bondeegnsjorder, som hand beboer, foruden betaling af landsdrotten.

3° Somme af de paa Skalholts jorder boer er tilsagt foruden landskyld og lejer at betale af dem til bispestoelen[1] 20 al. i mandslaan, 10 al. hestelaan, 5 al. dagsværk. Til at betale mandslaanet er lejlendingen tilkaldet at roe paa bispestoelens skibe og maae self sig tillegge ald fornödentligt uden baaden, hvor paa de roe, og huset, og tager ⅙ part af ald den fisk, hand faaer i sin hlött, hvad enten den er megen eller liden.

4° Faarepesten som nogle aar og endnu haver herom Syderlandet ganget, saa at fleeste af os er meget söydqvæg lidet vordne, og det efterlevende deraf afvæxtlöst, somt afvæxte liden,[2] naar best falder, somt baade til uld og andet. Alligevel som tilforn er os af landsdrotten bispestoelens jorder tilholdt at være ansvarlig for saadanne i stand værende söydekoeqvillde foruden ald opböd af stoelen og fuld leje efter de samme betale aarlig, hvad enten vii kand holde dem levende paa græsmarken og höe eller ej for denne benefnte pæst.

5° Meget faae bondeeigendesjorder[3] ville legge os træe til sine egne jorder, som vii beboe, eller nogle huuse aaboed i dens stæd.

Dette af i störste ydmyghed og underdanighed fremlagt for velædle Commissarier.

Ere til stadfæstelse vii Biskupstungna, Itra- og Austrahrepps[4] indbyggeres nafn her under.

Datum Arnesssysel Anno 1771.

Sigurdur Narveson	Magnus Symondson
Paul Snorrason	Jon Jonsson

[1] Bispestolen i Skálholt, Árn.
[2] Udbytteløst eller udbyttelidet.
[3] Bondeejendomme.
[4] Hrunamanna- og Gnúpverjahreppar, Árn.

Henrich Snorrason
Biörn Jonson
Gudmunder Magnusson
Jon Gitzurson
Gudbrandur Audunson
Sigmundur Audunson
Gudmundur Thorderson
Snorre Gudmundson
Eyrekur Jonson
Magnus Gunvatsson
Simon Jonson
Helge Gisleson

Hannes Jonsson
Haldor Jonson
Sigurdur Jonson
Thordur Jonson
Jon Jonson
Gudmundur Biarneson
Snorre Jonson
Simon Loptson
Briniolfur Ingemundson
Marcus Helgason
Jon Einarson
Illuge Jonson
Jon Jonson
Biarne Jonson
Eiolfur Isolfson
Gunnar Eigilsson

L. S.

Hreppstjórar og bændur í Ölfushreppi skýra frá hvað helst hafi orðið þeim til skaða 13.5.1771. Lit. Ee. N° 1.

Repstyrere og bønder i Ölfusrep skriver om, hvad der især er kommet dem til skade 13.5.1771. Lit. Ee. N° 1.

ÞÍ. Rtk. D3/4–20; Stiftamt. III. 201 (dönsk þýðing/*dansk oversættelse*). Innskráð/*indskrevet* 29.5.1771; Dönsk þýðing þessa bréfs fannst ekki í skjalasafni Landsnefndarinnar og er því tekin hér eftir afriti í skjalasafni stiftamtmanns. / *Den danske oversættelse af dette brev fandtes ikke i Landkomissionens arkiv og er derfor taget fra en afskrift i Stiftamtmandens arkiv.*

Áritun/*påskrift*: Lit. Ee. N° 1; Arnæsssyssel.

Háeðla, velbyrðigu, veleðla og höyfornemme!
Hr. Andreas Holt!
Hr. Þorkell Fjeldsted!
Hr. Tomas Windekilde!

Í tilliti hans kóngl. Maj^ts allra náðugustu forordningar af dato 15. Maji 1770, dirfunst vér undirskrifaðir Ölvessveitar hreppstjórnarmenn og innbúendur að gefa hér með til kynna það sérlegasta er vér þekkjum og meinum vorri sveit og hennar innbyggjurum til útörmunar, sérdeilis síðan fjárpestin tók sauðinn allan að mestu í burtu, til með sú stóra óáran er á oss hitti hér sunnanlands forliðið ár 1770 og gjörði stórt tjón á vorum kúpening. Og nú í ár fiskiríið í minna lagi hjá mörgum manni, hvar fyrir nefndrar sveitar inniverandi eru fallnir og falla hér eftir í örbirgð og fátækdóm. Er þetta sérdeilis:

1° Af sér gengnar jarðir af skriðum, vatnaágangi og foræði, einninn blásnar af vindi í vorri sveit, hvörjar þó blífa við sína afgift sem til forna í hverja bannað er (af landsdrottni) að gjalda hestapening og þó goldinn sé er tekinn vel hálfvirði, og fóstra þó sumar jarðir lítið meir en kúgildin sem þeim fylgja.

2° Eftir þau pestdauðu ásauðarkúgildi er goldin hálf leiga, 10 al. síðan féllu og þó kúgildið mjólki í fardögum 2 potta eður minna um daginn, gjalda menn eftir það 20 al. leigu í smjöri eður 40 fiska í myntuðum peningum, ef hitt annað er ei til, og nú yfirlýst forliðið ár Cammerordre að leiglendingar hér eftirdags skulu sjálfir ábyrgjast að öllu núverandi ásauðarkúgildi og aldrei framar á þeim uppbótar vænta hér eftir.

3° Menn verða upp á sinn eigin kostnað að uppbyggja sínar ábýlisjarðir, og lítist þær ei í góðu standi nær burt fara betala af sínu eigin gótsi. Og fyrir utan kóngs- og kirkjujarðir, hljóta ábúendur sjálfir að tíunda sem sitt eigið fyrir ekkert.

4° Á dómkirkjunnar jörðum fyrir utan afgiftina sjálfa kallast kvaðir, til verðaura 35 al. 1° Mannslán 20 al. fyrir hvört ei fæst að betala heldur róa á stólsins skipum, oft þar mönnum hagnast síst og tekinn svo 6^ti hvör fiskur á vorin af vertíðaraflanum í skipleigu. 2° Hestlán 10 al. 3° Dagssláttur 5 al., hvörtveggja fyrir betalað er árlega.

5° Og hvað margar hjáleigur ein jörð hefur undir sig liggjandi verða þeirra ábúendur að gjalda mannslán og sumir dagsverk með til heimabóndans.

6° Bóndaskattur 40 fiskar, lögmannstollar 3 fiskar af hverju lögbýli búi einn bóndi á, af hjáleigubónda 2 fiskar, gjaftollur eftir tíundarhæð 10 fiskar af 5 hndr. tíund, biskupstíundir, kirkju og presta, kallast árlega í gildri kaupmannsvöru sem og einninn ljóstollar, er hér innlagt blað nokkuð bevísar.[1] Fátækratíundir kvittast með landaurum til hreppstjóranna.

7° Á Eyrabakka hljóta menn að bíða einn, tvo, þrjá daga eður lengur um heyannatíma sér til stórs baga (þar til aðrir æðri eru búnir að ljúka sér af í kaupstaðnum). Og fá sér ei framkomið eður fengið nauðsynlega vöru, einkanlega mjöl og tré af hvörju svo forkort[2] í kaupstaðinn kemur, að einn fær lítið en annar þó minna, og sum vara er þar fæst keypt er úrval annarra æðri manna.

8° Sjávar- sem sveitabændur hér í Árnessýslu sem hafa fiskibáta til lífsnæringar sinnar kunna þeim sömu ei fyrir utan stæðsta erfiði og umkostnað til sjós halda fyrir þeim mikla skipafjölda sem biskup og sýslumaður, líka vel Compagníisins þénrar brúka nú um tíðir, utan bændur fái sjófólk úr öðrum sýslum, þó ei þá er hinir þykjast hafa vald yfir.

9° Festipeninga hljóta menn að gefa til sinna ábýlisjarða, jafnvel að lána þá af öðrum út í frá hafi ei betur orðið.

Þetta framanskrifað og í einfeldni af oss andregið til yfirskoðunar, er vér auðmjúklega óskum að leiðréttast mætti og forblífum með undirgefni.

Þorlákshöfn,
d. 13. Maij 1771.

Hr. Commissariis
auðmjúkir þénrar

Sæmund Ásbjörnsson
Jón Guðmundsson
Halldór Brandsson
Jón Henriksson
Oddur Gíslason

Nikulás Jónsson
Eyvindur Erlendsson
Halldór Gunnlaugsson
Tómas Einarsson
Jón Einarsson

* * *

[1] Blaðið fylgir ekki með.

[2] Ekki nægilegt, sbr. dönsku þýðinguna *forlidet*.

[Oversættelse 1771]

Til Commissionen![1]

I henseende til hans kongel. Maj^{ts} allernaadigste anordning af dato 15de May 1770 fordrister vi undertegnede os, Ölves reppstyrer og bönder, her med tilkjende at give det synderligste, vi formeene, vor repp er til udarmelse, især siden faaresyget borttog næsten alt qvæget tillige forledet sommer kjörene, og i aar fisketrang hos mange, er dette særdeeles:

1° Ruinerede jorder af fjældskreed, vandeovergang tillige blæsne af vind, hvilke dog blive ved samme afgifft som för. Landsdroten vil ikke hafe hester i landskyld, hvilke om antages, da ikke meer end med sit halve værdie, dog somme jorder foedre ikke meer end qvildene.

2° Effter de pestdöde qvilder er befalt halv leje, 10 al. Og dog qvildet malker mindre i fardage end 2 potter om dagen, gjelder man effter det 20 al. i smör eller 40 f. i penge, om smör mangler. Og forledet aar overlyst Cammerordre, at lejlendingen skal aabyrges faareqvilderne for alt paafaldende og aldrig effterdags vænte nogen paaboed paa dem.

3° Man maae paa sin egen regning oppbygge husene, samt svare dem ud forsvarlige, da de tage bort. Ligeleedes betale tiend af bondejorder.

4° Af domkirkens jorder foruden afgifften kaldes qvader til værdie 35 al. (α) Mandslaan 20 al., hvorfor man faaer ikke at betale, men roe paa stolets skibe, oft hvor det er ubeqvæmst, og siden tagen hver 6te fisk i skibleje. (β) Hestlaan 10 al. (γ) Dagværk 5 al.

5° Hvor mange hjalejer som ere, maae alle hjalejemændene svare mandslaan, og somme dagsverk til hjemmebonden.

6° Bondeskatt 40 f., laugmandstold 3 f., men 2 af hjalejemand, gjevtold effter tiendehöjden, biskopstiend, kirke og præstes svares aarlig i kjöbmandsvahre, samt lysetold, som indlagt viser.[2] Fattige betale i landöre tienden til reppstyrene.

7° Paa Örebache maae man bie 1, 2, 3 dage eller længer om höesletstiden, sig til stor skade, dertil andre rigere ere der klare, og faae

[1] Indledningshilsnen i det islandske brev er udeladt i oversættelsen.

[2] Dette indlagte findes ikke med brevet.

ikke nödvendige vahrer nemlig mehl og tömmer, da saa forlidet flöttes deraf, at een faaer lidet men anden mindre, og da kun udkast.

8° De bönder her i Arnessyssel, som eje baade, kan dem ikke uden störste omkostninger til söes at komme formedelst den mængde, som biskop, sysselmand og Compagniets tjenere nu bruge, uden bönder faae folk fra andre stæder dog ikke dem, som andre siger sig have vald[1] over.

9° Fæstepenge maae mænd give for jorderne og maaskee laane dem af andre.

Dette ovenskrevet i eenfoldighed andraget önsker vi ydmigst at maatte istandsættes paa bedre foed og forblive med underdanighed.

Thorlakshavn,
d. 13. May 1771.

Hr. Commissariorum
ydmige tjenere

Sæmund Asbiörnson
Jon Gudmundsen
Haldor Brandsen
Jon Hendrichsen
Odder Gislesen

Nicolaus Jonsen
Eivind Erlendsen
Haldor Gunnlögsen
Thomas Einersen
Jon Einersen

Ret oversat test^r E. Jonsonius[2]

[1] Magt. Islandsk *vald*.

[2] Eyjólfur Jónsson (Johnsonius), sekretær for den islandske Landkommission 1770–1771.

Ásgeir Jónsson og Beinteinn Ingimundarson, lögréttumenn í Þorlákshöfn, skýra frá hvað jörðin sé af sér gengin 15.5.1771. Lit. Ee. N° 3.

Ásgeir Jónsson og Beinteinn Ingimundarson, lovrettemænd i Þorlákshöfn, forklarer, hvordan jorden er forringet 15.5.1771. Lit. Ee. N° 3.

ÞÍ. Rtk. D3/4–24.
Innsigli/*segl*; Innskráð/*indskrevet* 28.5.1771.

Áritun/*påskrift*: Indkom d. 28de Maii 1771; Lit. Ee. N° 3; Arnæsssyssel.

Háeðla og velbyrðugu, veleðla og höyfornemme!
Hr. Andreas Holt!
Hr. Þorkell Fjeldsted!
Hr. Thomas Windekilde!
Hágúnstugu herrar!

Við undirskrifaðir gefum hér með auðmjúklega til kynna hvörsu vor ábýlisjörð Þorlákshöfn, dómkirkjunnar[1] eign, er af sér gengin að fornu og nýju og fer árlega hnignandi af sjóbroti og sandi sem á túnið gengur og gengið hefur síðan árið 1753. Hvör þó áður var kölluð landbrotajörð, sem misst hafði þá um 40 ára tíð þar fyrir einn fjórða part túnanna af sjávarágangi. Hvar fyrir í tíð sál. biskupsins magst. Jóns Árnasonar,[2] var ringuð hennar afgift um 4r vættir (sem tilskilst í fiski eður myntuðum peningum upp á fiskatal ef fiskurinn er ei til). Hvað eð viðhélst til þess hr. biskupinn Ólafur Gíslason[3] herti því á jörðunni aftur, svo nú eru eftir hana goldnar 15 vættir fiska árlega yfir allt.

Til með hefur núverandi landsdrottinn, biskupinn hr. Finnur,[4] tilskilið sér og brúkar nú og brúka lætur árlega hér á jörðunni 5 áttær-

[1] Dómkirkjan í Skálholti, Árn.
[2] Jón Árnason, biskup í Skálholti 1722–1743.
[3] Ólafur Gíslason, biskup í Skálholti 1747–1753.
[4] Finnur Jónsson, biskup í Skálholti 1754–1785.

ings skipstöður fyrir ekkert sem venjulega koma upp á 10 rixdl., bæði fyrir hús og lóð meðal íslenskra, sem ei voru þó utan 3 skip til forna með skyldu. Svo að vér kunnum þess vegna ekki að inntaka svo marga bændanna fiskibáta vegna landþrengsla utan túns, því sökum mannfjölda og fiskiafla treðst þó túnið af of mikilli umferð og brennur af fiskinum sem gefist hefur nú undanfarin nokkur ár svo seint vertíðarinnar, og endilega verður þó upp á það að leggja. Svo við erum í stæðsta ráðaleysi komnir að halda túninu óspilltu eftir uppásettum leigulandsskilmálum N° 1, af dato 6ta Novembris 1764.[1] Þess vegna leituðum vér úrskurðar á þessu af sýslumanni okkar með skrifi N° 2, af 27da Martii inniverandi árs, er sér líkast þar um hermir. En þar við þekkjum ekki einn öðrum fremur er spilli jörðinni vísvitandi af þeim mönnum er við inntökum í veiðistöðuna, kunnum því ekki einn heldur en annan burtu reka utan allir fari, því sérdeilis er (síðan óárið það í fyrra) íslenskra stæðsta lífsbjargarmeðal sjávaraflinn.

Nefndrar jarðar herlegheit, landgæði og ástand auglýsir hér meðfylgjandi memorialis N° 3 til hr. amtmannsins sál. Gíslasonar[2] (er ekki fékk framgang) af 8da Augusti 1753. Sama er að segja um nefndrar jarðar ástand utan túnsslægjur og byggingarástand og nefnt skrif til vísar, utan miður sé.

Jafnvel þó henni fylgt hafi fyrrum trjáreki til húsauppbótar og búsmíðis fyrir utan Skelklett og það út í gegn (sem er 1/3 partur fjörunnar) allt til 16 al. að lengd, og það sama endurnýjað sem þá nýr landsdrottinn, biskupinn hr. Ólafur Gíslason, með heimuglegu skrifi N° 4A, af 24da Novembris 1750. Er það nú og hefur verið nokkur ár frá henni tekið, svo við megum kaupa norskan bjálka til leiguhúsanna sem aðrir sveitabændur, þó nokkuð af trjávið á fjörurnar uppberi og ekki að frjálsu nú af þeim hirða, utan álnarlöng kefli og önnur smærri sem menn kalla leiguliðagagn eftir Jónsbók, er sýnir skrif biskupsins hr. Ólafs Gíslasonar af 17da Decembris 1750 N° 4b. Svo er nú og fráskilið í okkar byggingarbréfi það helsta og besta er leiglendingum tilheyrir sem við meinum, eftir Jónsbókar landsleigubálks 7da cap.,[3] hákarlafiskakyn vera, sem og aðrar nýjungar þar innfærðar sem ekki hafa fyrr verið í næstu 73 ár á þessari jörðu.

[1] Umrætt skjal og önnur bréf sem hér er vísað til fylgja ekki með.
[2] Magnús Gíslason (1704–1766) amtmaður.
[3] *Jónsbók. Lögbók Íslendinga*, s. 162–163.

1° Að halda bænahúsinu við hefð og makt (komist það í stand aftur) hvört biskupinn hr. Finnur Jónsson hefur nú í ár beskikkað sjófólkið hér í Þorlákshöfn upp á sinn eigin kostnað að uppbyggja, hvert bænahús biskupar í Skálholti sjálfir hafa að undanförnu uppbyggt, því það hefur eiginlega fylgt eftir biskupsstólnum, og hvað oftnefndur biskup hr. Ólafur talar um, það sýnir hans skrif N° 4A.

2° Skipalendingunni skulum við tveir viðhalda og burt ryðja öllu stórgrýti er sjórinn þangað veltir. En áður til forna var það skikkað sjófólkinu að gjöra það, en þáverandi bóndi á jörðunni að gangast fyrir verkinu, og að leggja tól og verkfæri til þess sama upp á stólsins vegna fyrir betaling. Sjá skikkun sr. Brynjólfs Sigurðssonar[1] N° 5 af dato Hjálmholti 18da Febr. 1751.

Eftir eitt úrdautt ásauðarkúgildi jarðarinnar höfum við goldið 8ta ár sameiginlega yfir allt 4r vættir fiska biskupinum hr. Finni Jónssyni. Eður er ei mögulegt (ef við höfum af goldið í þeim pósti) að við mættum fá slíkt endurbætt af landsdrottni? Báðir höfum við fest jörðina sem nú á búum, sem annar bevísar með litlu blaði N° 6 af dato Þorlákshöfn 12ta May 1764, og þó einn hafi tvenn eður þrenn býlaskipti festir hann sitt ábýli hvert sinn þó einn sé landeigandi.

Að þessu svo framan- og ofanskrifuðu, þó sannferðigu, innflýjum við til yðar náðugu úrlausnar, og biðjum hér með auðmjúklega að þessi vor ábýlisjörð skoðuð og besigtuð yrði, svo þar fyrir kynni að ringast hennar afgift, hverri oss fátækum barnamönnum er ómögulegt að svara í litlu fiskiári, fullvissir nú náðuga bænheyrslu og forblífum með undirgefni.

Þorlákshöfn,
d. 15da Maij 1771.

Hr. Commisariis
auðmjúkir þénrar

Ásgeir Jónsson
Beinteinn Ingimundsson

* * *

[1] Brynjólfur Sigurðsson (1708–1771), sýslumaður í Árnessýslu. Stytt Brynjólfs S.s. í handriti.

[Oversættelse 1771]

Copie.

Titulue![1]

Vi underskrevne give her med ydmigst tilkjende, hvorleedes vor lejejord Thorlakshavn, domkirkens[2] ejendom, er affalden og aarlig ruineres af söebrud og sand, som gaaer paa tunet og har gaaet fra aaret 1753. Hvilken dog tilforn var kaldet landbrydejord, som havde tabt 40 aar forhen ¼ deel tunene af söebrud, hvorfore i sal. biskops Arnesens[3] tid blev gjort afslag af landskylden om 4 vætter, som vedholt, indtil biskop Gislesen[4] opsadte den igjen til 15 vætter i fisk aarlig, som enda vedholder.

Desuden lader nuværende landsdrot biskop Finnur[5] til söeroen her gaae 5 otteæringsskibe[6] for intet, som sædvanlig kommer paa 10 rd. baade for huus og lod, som dog var kun 3 skibe tilforn. Saa at vi derfor ikke kan indtage saa mange böndernes fiskebaade formedelst landtrang uden tuns. Thi formedelst folkemængde og fiskeavling bederves tunet og brænder af fisken, som Gud har givet forleden aar saa sidlig[7] i vertiden. Da man maae absolut lægge der fisken, saa vi ere ret raadvilde, hvorleedes vi skal holde tunene ubedervede effter paasadte conditioner N. 1 af dato 6te Novembris 1764.[8] Hvorfore vi sögte herom vores sysselmand af N. 2, dat. 27de Marty indeværende aar, som sig viser. Men da vi kjender ikke een meer end anden, som spiller[9] jorden frivillig af dem, vi indtage, kan vi dem ikke en forend anden bort jage uden alle samtlig, da söeavlingen er Islændernes störste næringsmiddel.

Bemelte jordes herlighed viser hosfölgende memorial N° 3 til sal. amtmand Gislesen[10] (som ej fik gang) af 8de Aug. 1753. Det samme

[1] Indledningshilsnen i det islandske brev er udeladt i oversættelsen.
[2] Domkirken i Skálholt, Árn.
[3] Jón Árnason, biskop i Skálholt 1722–1743.
[4] Ólafur Gíslason, biskop i Skálholt 1747–1753.
[5] Finnur Jónsson, biskop i Skálholt 1754–1785.
[6] Henviser til en båd med otte årer, dvs. en større båd.
[7] Sidlig, sent, i den sidste del af.
[8] Det omtalte dokument og andre breve, som der her henvises til, følger ikke med brevet.
[9] Ødelægger. Islandsk *spillir*.
[10] Magnús Gíslason (1704–1766), amtmand.

er at sige om bemelte jordes udmarker, som dette skrivelse erviser, uden værre er.

Endskjönt den har i forrige tider fölger drivtömmer til husebyggning og boesmeddes[1] foruden Skelklett og derfra[2] (som er ⅓ deel af stranden) alt til 16 al. længde, og det samme igjen niet,[3] som da nir[4] landsdrot biskop Gislesen med privatbrev N° 4. A af 24. Novembris 1750. Det er nu, og været har i nogle aar, at vi maae kjöbe norske bjelker til husebyggning, skjönt noget tömmer opdriver, og intet deraf have uden 1 al. lang stykker, som effter Jonsbogen kaldes lejlendings nytte, som viser biskop Olufs skrivelse af 17de Decembris 1750 N° 4. b. Tillige er frataget i vore bigslesbreve det, vi meener det beste, som vi tænker lejlendingen tilkommer, effter Jonsbogen landslejebalk 7. cap.[5] hakallefiske[6] være samt andet nit indfört, som ikke har været paa denne jord i 73 aar forleden.

1° At holde bönnehus vedlige (om det kommer i stand igjen), hvilket biskop Finnur har befalet söefolket paa sin egen regning at opbygge her i Thorlakshavn, da dog bisperne selv have det for opbygt, thi det har fölget bispestolen,[7] hvad biskop Gisleson taler om det, viser hans skrivelse N° 4. A.

2° Skibelandinger skal vi toe vedholde og bortreense alle steene, som söen driver derpaa, men för blev det söefolket beskicket, men bonden skulde være værkstyre og skaffe instrumenter paa stolens vegne for betaling, see beskickelse sysselmand Sivertsen[8] N° 5 af dato Hjalmholt d. 18de Febr. 1751.

Effter et dödt faareqvilde har vi betalt 8te aar samtlig overalt 4 vætter fisk til biskopen hr. Finnur, eller er ej mueligt, om vi har for meget betalt at faae det igjen gotgjort af landsdroten? Begge har vi fæstet jorden, som nu boe paa den, som den eene kan bevise med N° 6 af dato

1 Redskab. Islandsk *búsmíði*.
2 Sammenligner man med den islandske tekst, må der her henvises til et område ud fra stedet Skelklettur og et stykke hen ad stranden.
3 Fornyet. Islandsk *endurnýjað*.
4 Ny. Islandsk *nýr*.
5 Den gamle lovbog, Jónsbók. *Jónsbók. Lögbók Íslendinga*, s. 162–163.
6 Haj. Islandsk *hákarl*.
7 Bispestolen i Skálholt, Árn.
8 Brynjólfur Sigurðsson (1708–1771), sysselmand i Árnessyssel.

Thorlakshavn den 12te May 1764, og skjönt en bytter 3 eller 4 gang om jorder, fæster han altid jorden, dog den samme er landsdrot.

Med fremfört sandfærdigt indflie vi til Eders naadige decision ydmigst begærende, at denne vor lejejord overseet og besigtet vorder, saa derfor kunde formindskes dens afgifft, hvilken vi fattige börnemænd umuelig kan betale i lidet fiskeaar, forsikrede om naadig bönhörelse forbliver vi med underdanighed.

Thorlakshavn,[1]
d. 15de May 1771.

Hr. Commissarioriis
ydmige tjenere

Asgeir Jonson
Bentein Ingemundson

L. S.

[1] Þorlákshöfn, Árn.

Óstaðsett bréf

Breve uden stedangivelse

„Íslands fátæklingar“ skýra frá kjörum sínum 16.4.1771. Lit. SS.

“Islands fattige” fortæller om deres kår 16.4.1771. Lit. SS.

ÞÍ. Rtk. D3/3–4.
Innsigli/*segl*; Innskráð/*indskrevet* 18.4.1771; Bréf þetta er áður prentað í: „Verkalýðsmál á Íslandi á ofanverðri 18. öld.“ *Andvari. Tímarit Hins íslenzka þjóðvinafélags*. 73 (1948), s. 87–91. / *Dette brev er tidligere trykt i: “Verkalýðsmál á Íslandi á ofanverðri 18. öld.”* Andvari. Tímarit Hins íslenzka þjóðvinafélags. *73 (1948), s. 87–91.*

Áritun/*påskrift*: Indkom 18de April 1771; Lit. SS.

Kóngl. Maystháeðla, velburðigir Commissarii!

Þeir undirokuðu og undirþrykktu Íslands innbyggjarar, nefnilega vinnumenn, vinnukonur og uppvaxandi fólk, í einu orði þeir fátæku í landinu, sem stynja undir sínu grátlegu ástandi, sem þeir verða að þola af sínum húsbændum og öðrum þeirra yfirboðurum, innsenda þessa aumkunarlega harmaraust með þessum memorial, til þeirra háu Commissions herra, sem af Guði og kónginum eru sendir nú í ár til þessa lands til að yfirvega hvers eins ásigkomulag, í eftirfylgjandi póstum.

